

# ÍSLAND

Atvinnuhættir og menning

Bók 6





---

**ÍSLAND - atvinnuhættir og menning 2020**

*Útgefandi:*

Sagaz ehf.

[www.isat.is](http://www.isat.is)

*Hönnun og umbrot:*

Ragnheiður Linda Eyjólfsdóttir,

grafískur hönnuður FÍT

*Prentun:*

Specialtrykkeriet Arco A/S, Danmörk.

Bókin er prentuð á umhverfsvænan pappír.



© 2022 Upplýsingar í þessari bók má ekki afrita með  
neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun,  
hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta  
eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Sagaz ehf. tekur ekki ábyrgð á innsendu efni.

ISBN:

978-9935-9680-0-5 (Ritröð)

978-9935-9680-6-0

ÍSLAND  
Atvinnuhættir og menning 2020

---



# Efnisyfirlit

---

|                                       |     |
|---------------------------------------|-----|
| <b>Fjármálaþjónusta</b> .....         | 8   |
| Félag kvenna í atvinnulífinu FKA..... | 10  |
| Fjármálafyrirtæki.....                | 14  |
| Fjárfestingafélög.....                | 54  |
| Landssamtök lífeyrissjóða.....        | 56  |
| Lífeyrissjóðir.....                   | 60  |
| Vátryggingastarfsemi.....             | 74  |
| <b>Verslun og þjónusta</b> .....      | 82  |
| Heild- og smásöluverslanir.....       | 84  |
| Ýmis þjónusta.....                    | 249 |
| Rafbílar.....                         | 275 |
| Bifreiðumboð.....                     | 280 |
| Bifreiðaþjónusta.....                 | 288 |
| <b>Nafnaskrá</b> .....                | 322 |
| Heildarnafnaskrá.....                 | 324 |





Fjármálaþjónusta

Fjárfestingafélög

Fjármálafyrirtæki

Lífeyrissjóðir

Vátryggingaþjónusta



Stjórn FKA 2022 til 2023. Frá vinstri: Katrín Kristjana Hjartardóttir, Edda Rún Ragnarsdóttir, Elfur Logadóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Dóra Eyland, Sigrún Jenný Barðadóttir, Sigríður Hrund Pétursdóttir, Unnur Elva Arnardóttir og Íris Ósk Ólafsdóttir. / Ljós. Silla Páls.

## Félag kvenna í atvinnulífinu FKA


Andrea Róbertsdóttir og Sigríður Hrund Pétursdóttir

### Yfirlit af sögu félags kvenna í atvinnulífinu

Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA) er öflugt tengslanet athafnakvenna og leiðtoga úr öllum greinum atvinnulífsins. Félagið hét upphaflega Félag kvenna í atvinnurekstri og var stofnað 9. apríl árið 1999. Fyrsti formaður félagsins var Jónína Bjartmarz og voru stofnfélagar 287.

Frá árinu 2012 hefur markmið félagsins verið að gæta hagsmuna, efla samstöðu og samstarf kvenna í atvinnulífinu. Samkvæmt lögum félagsins er tilgangur félagsins að styrkja enn stöðu kvenna í íslensku atvinnulífi og fjölga konum í stjórnunarstöðum og í eigin rekstri. Markmið félagsins er að styðja við vöxt og frama kvenna, auka nýsköpun meðal þeirra og annan atvinnurekstur, ásamt því að efla samstöðu og samstarf þeirra á meðal.

### Skipurit FKA



Með starfsemi FKA er stuðlað að framþróun í atvinnulífinu m.a. með hreyfiaflsverkefnum sem ætlað er að knýja fram breytinga í atvinnulífinu til að jafna stöðu kynjanna. FKA hefur staðið fyrir ýmsum verkefnum til að knýja fram breytingar. Fyrsta verkefnið hófst árið 2009 og fól í sér markmið um að fjölga konum í stjórnnum.

Fjölmiðlaverkefni FKA hófst árið 2013, sama ár og kynjakvótalögin tóku gildi, en því er ætlað að auka sýnileika kvenna í fjölmiðlum og auka um leið þátttöku þeirra til að efla framgöngu kvenna í samfélaginu. Tilgangurinn er að tryggja fjölbreytni viðmælenda í fjölmiðlum og skapa tækifæri til að koma að mikilvægum sjónarmiðum og þekkingu allra kynja. Konur í atvinnulífinu búa yfir mikilvægri reynslu sem full ástæða er til að nýta í fréttu- og þjóðfélagsmæðu. Með



*Jafnvægisvog FKA er hreyfiaflsverkefni unnið í samstarfi með forsætisráðuneytinu, Sjóvá, Deloitte, RÚV og Pipar/TBWA. Tilgangur verkefnisins er að auka á jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar í íslensku viðskiptalífi. / Ljós. Silla Páls.*

fjölbreyttum viðmælendahópi endurspegla fjölmiðlar samfélagið betur og þjóna um leið öllum sínum hlustendum.

Upphaflega var verkefnið til fimm ára, 2013-2017, en sá tími nægði ekki til að breyta hlutföllum í viðmælendahópi fjölmiðla með nægilega afgerandi hætti til að markmiðið næðist. Hefur því vinnunni verið haldið áfram með ýmsum hætti, m.a. með samstarfi við ýmsa fjölmiðla og fleiri aðila. Leitað hefur verið til sérfræðinga innan háskólasamfélagsins, Creditinfo og fjölmiðla um leiðir til að samræma kynjamælingar og tölfraði. Félagskonur FKA sem gefa sérstaklega kost á sér til að koma fram í fjölmiðlum eru einkenndar í félagatali á heimasíðu FKA til að auðvelda fréttamönnum og þáttastjórnendum að finna áhugaverða viðmælendur.

Stærsta hreyfiaflsverkefni FKA síðustu misseri er Jafnvægisvog FKA en það er unnið í samstarfi við Forsætisráðuneytið, Sjóvá, Deloitte, Pipar/TWBA og RUV.

#### **Tilgangur Jafnvægisvogar FKA er:**

- Að auka á jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi með það að markmiði að árið 2027 verði hlutfallið á milli kynja a.m.k. 40/60 í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi
- Að virkja íslenskt viðskiptalíf til að verða að fyrirmynd jafnréttis fyrir aðrar þjóðir
- Að veita viðurkenningar og draga fram í sviðljósið fyrirtæki sem hafa náð markmiðum Jafnvægisvogarinnar
- Að standa fyrir viðburðum og fræðslu og vekja samfélagið til hugsunar um virði fjölbreytileika og jafnvægis
- Að taka saman heildræna stöðu og niðurstöðu greininga á stöðu stjórnenda í íslensku atvinnulífi og birta niðurstöðu

FKA heldur árlega Viðurkenningarhátíð FKA þar sem konur úr atvinnulífinu eru heiðraðar og veitt eru þrenn verðlaun;

#### **Hvatningarverðlaun FKA, Viðurkenning FKA og Þakkarviðurkenning FKA.**

- Hvatningarverðlaun FKA eru veitt veitt konu í atvinnulífinu fyrir athyglisvert frumkvæði eða nýjungar.
- FKA Viðurkenningin er veitt fyrir vel unnin störf í þágu atvinnureksturs kvenna eða þeim sem hafa verið konum í atvinnulífinu sérstök hvatning og fyrirmynd.
- Þakkarviðurkenningin er veitt konu fyrir eftirtektarvert ævistarf sem stjórnanda í atvinnulífinu. Konur sem hafa verið heiðraðar í gegnum árin hafa fundið á eigin skinni hvernig viðurkenningar FKA eru mikið hreyfiafl og hafa umtalsvert vægi. Félagið óskar hverju sinni eftir tilnefningum af landinu öllu þar sem mikilvægt er að fá fjölbreyttan hóp kvenna á blað. Dórnafnd er skipuð fjölbreyttum einstaklingum með það að markmiði að fá sem mesta fjölbreytni í viðurkenningarvalið.



Stórglæsileg dagskrá á Opnunarviðburði FKA 2021 við Elliðaárstöð. / Ljós. FKA.

Fyrsta FKA viðurkenningin var veitt á fyrsta starfsári félagsins, en þá fékk Hillary Rodham Clinton, þáverandi forsetafrú Bandaríkjanna viðurkenninguna. Síðan þá hafa verið veittar viðurkenningar á hverju ári til að vekja athygli á konum sem eru að gera framúrskarandi góða hluti í atvinnulífinu bæði á Íslandi og utan þess.

Félagið hefur vaxið og dafnað jafnt og þétt í gegnum árin. Félagið samanstendur árið 2022 af 1.300 félagskonum sem ýmist eru með eigin atvinnurekstur eða stjórnendur og leiðtogar í íslensku atvinnulífi og stendur fyrir viðburðum, fræðslu, veitir ráðgjöf og knýr fram breytingar á lögum og venjum til að gæta jafnvægis og fjölbreytileika innan atvinnulífsins.

FKA er með þrjár sjálfstæðar megindeildir; Atvinnurekandadeild A-FKA, LeiðtogaAuði og Framtíð FKA.

- A-FKA er eingöngu fyrir konur sem eiga og reka fyrirtæki. Markmið deildarinnar er að standa vörð um hagsmuni félagskvenna sem atvinnurekenda, standa fyrir fræðslufundum sem taka mið af þörfum þeirra og áhugasviði og efla tengslanet þeirra.

- LeiðtogaAuður er skipuð konum sem hafa yfirgripsmikla stjórnunarreynslu úr atvinnulífinu, bæði einkageira og hinum opinbera, hafa gegnt ábyrgðarstöðu og vilja taka þátt í eflingu íslensks atvinnulífs.

- FKA Framtíð er deild fyrir konur sem vilja vaxa og ná lengra í íslensku atvinnulífi. Deildin leggur mikla áherslu á virka tengslanetsuppbyggingu og hagnýta fræðslu sem nýtist sem innlegg í starfsframa og þróun, bæði fag- og persónulega.

Að auki eru fjórar landsbyggðadeildir starfandi; FKA Norðurland, FKA Suðurland, FKA Suðurnes og FKA Vesturland sem og fjölmargar nefndir sem gegna ólíkum hlutverkum.

Formaður félagsins 2021-2023 er Sigríður Hrund Pétursdóttir og framkvæmdastjóri þess er Andrea Róbertsdóttir.



Ferðir Atvinnurekandadeildar FKA slá ávallt í gegn og hér má sjá félagskonur á Jarðhitasýningu ON Hellsisheiðarvirkjun í Suðurlandsferð AFKA. / Ljós. FKA.



Konur og fjármál: Hvernig verðum við hreyfiafl á fjármálamarkaði vel heppnað málþing Fræðslunefndar FKA á hóteli Natura í samstarfi við Íslandsbanka. Fyrirlestrar voru fjölmargir þar sem viðfangsefnið var meðal annars fjárfestingaumhverfið á Íslandi og hvernig konur verði öflugir fjárfestar. / Ljós. FKA.



Gjörningur og táknræn keðja á toppi gígsins í Búrfellsgjá þegar félagskonur gengu Búrfellsgjáanna og beindu kastljósinu að nýrri nefnd, New Icelanders FKA eða Nýir Íslendingar. / Dróna mynd ONNO ehf.



Árlega heiðrar FKA þrjár konur í atvinnulífinu, veittar eru viðurkenningar til þriggja kvenna sem hafa verið konum í atvinnulífinu hvatning og fyrirmynd. Anna Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur hlaut þakkarviðurkenningu FKA, Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir forstjóri Marel á Íslandi hlaut viðurkenningu FKA og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir frumkvöðull, stjórnandi og framkvæmdastjóri í nýsköpunarfyrirtækinu Kara hlaut hvatningarviðurkenningu FKA árið 2020.



Jákvæðni gagnvart vörumerki Íslandsbanka mælist mest á fjármálamarkaði. Bankinn á sér langa sögu í íslensku samfélagi og íslensku atvinnulífi en hægt er að rekja sögu bankans aftur til ársins 1875.

## Íslandsbanki



Birna Einarsdóttir var ráðin bankastjóri Íslandsbanka í lok árs 2008 og hefur hún gegnt því starfi síðan. Hún hefur leitt uppbyggingu bankans á liðnum árum, var valinn viðskiptafræðingur ársins 2013 af félagi Viðskipta- og hagfræðinga, Markaðsmaður ársins 2014 af ÍMARK og hlaut aðalverðlaun Félagskvenna í atvinnulífinu 2016.

Frá upphafi hefur Íslandsbanki og forverjar hans tekið virkan þátt í íslensku atvinnulífi og íslensku samfélagi. Sögu Íslandsbanka má rekja til stofnun Sparisjóðs Álftaness árið 1875, sem síðar sameinaðist Sparisjóði Hafnarfjarðar. Árið 2007 var nafni sjóðsins breytt í Byr Sparisjóður og árið 2009 sameinuðust Byr og Íslandsbanki undir merkjum Íslandsbanka. Íslandsbanki var stofnaður árið 1904. Hann starfaði til ársins 1930 og var endurreistur undir nafni Útvegsbanka Íslands sama ár. Tímamót urðu í fjármálalífi Íslendinga í ársbyrjun 1990 þegar stærsti einkabanki landsins leit dagsins ljós. Íslandsbanki hf. varð til við sameiningu Alþýðubanka, lðnaðarbanka, Útvegsbanka og Verzlunarbanka. Árið 2000 sameinaðist hann Fjárfestingabanka atvinnulífsins og starfaði undir nafni Glitnis frá árinu 2006. Í byrjun árs 2009 var Íslandsbanki endurreistur í núverandi mynd. Birna Einarsdóttir var ráðin bankastjóri í lok árs 2008 og hefur hún gegnt því starfi síðan. Sjö einstaklingar sitja í framkvæmdastjórn, að bankastjóra meðtöldum. Þau eru Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri Fjármála, Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs, Guðmundur Kristinn Birgisson, framkvæmdastjóri Áhættustýringar, Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptabankasviðs, Ásmundur Tryggvason, framkvæmdastjóri Fyrirtækja- og fjárfesta og Ríaan Dreyer, framkvæmdastjóri Upplýsingatækisviðs. Í stjórn bankans sitja Hallgrímur Snorrason (formaður), Anna Þórðardóttir, Árni Stefánsson, Frosti Ólafsson, Guðrún Þorgeirsdóttir, Heiðrún Jónsdóttir og Jökull H. Úlfsson.

Íslandssjóðir, elsta sjóðastýringafyrirtæki á Íslandi, er dótturfyrirtæki bankans.

### Fjölbreytt þjónusta

Íslandsbanki hefur allt frá stofnun þjónað íslensku atvinnulífi og starfsemi bankans byggir á sérþekkingu á fjölbreyttum atvinnuháttum á Íslandi. Má þar nefna sjávarútveg, nýtingu á endurnýjanlegri orku, ferðaþjónustu, innviðaupbyggingu, verslun og þjónustu o.s.frv. Bankinn býður upp á alhliða fjármálaþjónustu til fyrirtækja, lífeyrissjóða, sveitarfélaga, verðbréfasjóða og fjárfesta. Íslandsbanki veitir jafnframt alhliða einstaklingsþjónustu, allt frá almennri viðskiptabankaþjónustu til sérhæfðar ráðgjafar. Bankinn leggur sig fram um að þjóna viðskiptavinum sínum með skilvirkum og aðgengilegum hætti og á liðnum árum hafa ýmsar tækninýjungar litið dagsins ljós sem styðja enn frekar við þá þróun, svo sem bankaapp og spjallmenni sem opið er allan sólarhringinn. Þeirri þróun er hvergi nær lokið. Þá er Íslandsbanki jafnframt leiðandi í fræðslustarfsemi og frá árinu 2015 hafa um 30.000 gestir sótt fræðslufundi og fyrirlestra Íslandsbanka í eigin persónu. Til viðbótar við hagrænar greiningar um einstaka atvinnugreinar og reglulegri útgáfu þjóðhagsspáa hefur bankinn á undanföllum árum staðið fyrir opnum fræðslufundum um hin ýmsu málefni, svo sem um fjármál við starfslok, fæðingarorlof, fasteignakaup, lánatöku og sparnað. Þá eru starfsmenn Íslandsbanka reglulegir álitsgjafar um viðskipta- og hagfræðileg málefni í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi þjóðmálaumræðu.



Íslandsbanki er leiðandi í fræðslustarfsemi. Um 30.000 gestir hafa sótt fræðslufundi og fyrirlestra Íslandsbanka um ýmis málefni, svo sem um fjármál við starfslok, fæðingarorlof, fasteignakaup, lánatöku og sparnað.

Framhald á næstu síðu →

### Sjálfbærnisstefna og samfélagsábyrgð

Íslandsbanki mótaði sér sjálfbærnisstefnu árið 2019 og hefur starfað eftir henni með góðum árangri. Stefna Íslandsbanka um sjálfbærni miðar að því að rekstur bankans verði til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi út frá alþjóðlegum viðurkenndum viðmiðum um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS). Íslandsbanki er leiðandi á sviði sjálfbærrar þróunar og hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu. Bankinn á frumkvæði að viðtæku samstarfi um ábyrga viðskiptahætti sem stuðla að sjálfbærri þróun íslensks efnahagslífs og styðja við aðgerðaráætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum og um leið heimsmarkmið Sp. Bankinn tekur þátt í stórum sem smáum verkefnum þar sem fjögur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru höfð að leiðarljósi, en þau eru; menntun fyrir alla, jafnrétti kynjanna, nýsköpun og uppbygging og aðgerðir í loftslagsmálum. Íslandsbanki hefur, fyrstur íslenskra banka, skilgreint og birt sérstakan ramma utan um þau lán og fjárfestingar í eignasafni sínu sem flokkast sem sjálfbær. Birting og innleiðing rammans var stærsta framlag bankans á sviði sjálfbærni á árinu 2020. Bankinn býður viðskiptavinum sínum græn húsnæðislán, sjálfbær lán til fyrirtækja, græna bílafjármögnun auk grænna sparnaðarleiða í samstarfi við Íslandssjóði. Til viðbótar við framangreint styður Íslandsbanki við hin ýmsu verkefni sem eru til þess fallin að auka sjálfbærni eða hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Árlega er veittur styrkur úr Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka og þá er bankinn aðalstyrktaraðili Reykjavíkumarkaðsins, þar sem um tvö hundruð góðgerðarfélög safna áheimum árlega og njóta góðs af því. Loks hefur starfsfólk bankans á liðnum árum tekið þátt í Hjálparhönd, þar sem starfsmenn bankans geta varið einum vinnudegi á ári í þágu góðs málefni og velja sjálfir það málefni sem þeir vilja veita liðsinni.

### Starfsemi

Höfuðstöðvar Íslandsbanka eru í Norðurturni, Hagasmára 3 í Kópavogi, þar sem einnig er rekið útibú. Önnur útibú á höfuðborgarsvæðinu eru við Suðurlandsbraut og í Hafnafirði. Þá starfrækir bankinn níu útibú á landsbyggðinni.

Íslandsbanki hefur markað sér það hlutverk að vera hreyfiafl til góðs. Bankinn hefur sett sér og starfar eftir skýrri jafnréttisstefnu og kemur sú stefna fram á öllum sviðum bankans, hvort sem horft er til ráðninga í stjórnunartöður eða launastefnu. Bankinn hlaut jafnlaunavottun árið 2018 og innan bankans eru árlega framkvæmdar viðhaldsúttektir af viðurkenndum vottunaðilum. Þá hlaut Íslandsbanki Jafnvægisvog Félags kvenna í atvinnulífinu árið 2020, annað árið í röð. Starfsgildi bankans voru 745 í árslok 2020. Jákvæðni gagnvart vörumerki Íslandsbanka mælist mest á fjármálamarkaði.

Hagnaður Íslandsbanka árið 2020 nam 6,8 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 8,5 milljarða árið áður. Arðsemi eigin fjár var 3,7% á ársgrundvelli. Eiginfjárlutfall bankans var 23% í árslok 2020. Í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins bauð bankinn viðskiptavinum sínum, bæði fyrirtækjum og einstaklingum, ýmis tímabundin úrræði til að mæta tekjusamdrætti.



### Sjálfbærni er lykilþáttur í starfsemi Ergo

Ergo er fjármögnunarþjónusta Viðskiptabanka Íslandsbanka og er leiðandi á sínu sviði hér á landi, hvort sem horft er til einstaklinga eða fyrirtækja. Ergo byggir á nærri 40 ára reynslu, en það var stofnað árið 1985 og hét þá Glitnir.

Nafnið Ergo á hins vegar rætur að rekja til sumarsins 2011 þegar það var tekið upp í stað heitisins Íslandsbanki fjármögnun. Nafnið Ergo hafði þá þegar verið í eigu bankans frá aldamótum og var í eina tíð heiti á verðbréfavef bankans. Nafnabreytingin og nýtt merki spratt upp úr endurmörkun sem átti sér stað á þessum tíma. Orðið ergo þýðir „þar af leiðandi“ og merki fyrirtækisins er táknrænt fyrir hreyfiafl þess, sem er kjarni starfseminnar. Þannig er örinni í merkinu ætlað að leiða mann áfram, sem undirstrikar merkingu þess.

### Starfsemi og þjónusta

Ergo leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu og markmið fyrirtækisins er að hjálpa viðskiptavinum að taka upplýsta ákvörðun við margvísleg kaup og fjárfestingar. Ergo sérhæfir sig í fjármögnun atvinnutækja fyrir rekstraraðila ásamt fjármögnun bíla og ferðavagna fyrir einstaklinga. Ergo kappkostar að aðgreina sig frá keppinautum með góðri og skjótri þjónustu með þarfar viðskiptavina í fyrirrúmi. Þjónusta Ergo styður líka við sjálfbærnimarkmið Íslandsbanka, en sjálfbærni er ein af lykiláherslum bankans. Sífellt fleiri, jafnt einstaklingar sem fyrirtæki, leggja aukna áherslu á þennan mikilvæga málaflokk. Óumdeilt er að sjálfbærnimarkmiðin leiki lykilhlutverk í nýsköpun og framþróun almennt í íslensku efnahagslífi, enda Ísland að megninu til lítið og meðalstórt þegar kemur að stærð og umfangi fyrirtækja. Raunar hvetur Ergo viðskiptavini markvisst til að velja grænt þegar kemur að fjárfestingum af hvaða tagi sem þær annars eru. Með þessu vill Ergo stuðla að ábyrgri lánastarfsemi, hjálpa til við að draga úr rekstrarkostnaði og auka umhverfsvitund. Í þessum efnun stangast ekki á hagsmunir umhverfis, samfélags og efnahagslífs heldur fara þeir saman.

Græn fjármögnun Ergo hefur aukist verulega hjá einstaklingum en vaxandi eftirspurnar eftir grænni fjármögnun gætir jafnframt hjá fyrirtækjum. Bílaleigur vega þar þyngst með fjárfestingum í bílafloata sem styðja við orkuskipti. Gera má ráð fyrir að hlutur vistvænna ökutækja eigi eftir að aukast enn frekar með frekari innviðauppbýggingu í íslensku samfélagi og framþróun í tækni, hvort heldur það er tækja eða sjálfbærra og vistvænna eldsneytiskosta. Trú Ergo er sú sama og Íslandsbanka, að fyrirtæki sem veðji á sjálfbærni og leggi sitt af mörkum verði þau fyrirtæki sem komi til með að skara fram úr og tryggja sjálfbærari hagvöxt til framtíðar. Tölurnar endurspeglar þróunina, en sjá má sífellt fleiri heimili velja vistvæn ökutæki. Ergo hefur síðan um mitt ár 2020 boðið upp á hagkvæm kjör á grænni fjármögnun hjá Ergo og í lok árs 2021 voru um 27% allra bílalána og bílasamninga flokkuð sem græn fjármögnun. Ergo er þátttakandi í alþjóðlegum samtökum fjármögnunarfyrirtækja, IFLA, International Finance and Leasing Association. Samtökin eru vettvangur fyrir miðlun upplýsinga um breytingar og nýjungar á fjármögnunarstarfsemi.







Nýtt hverfi rís á Kirkjusandi: Íslandssjóðir stýra uppbyggingu á nýju miðborgarhverfi á Kirkjusandi í gegnum uppbyggingarfélagið 105 Miðborg slhf. Þar rísa nú yfir 300 nýjar íbúðir og hágæða skrifstofuhúsnæði. Framkvæmdastjóri Miðborgar er Jónas Þór Jónsson.

## Íslandssjóðir



Framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf. er Kjartan Smári Höskuldsson en hann tók við starfi framkvæmdastjóra í október 2016.



Tækifæri í grænum skuldabréfum: Haustið 2018 stofnuðu Íslandssjóðir fyrsta og eina græna skuldabréfasjóð landsins, en sjóðurinn fjármagnar verkefni sem hafa jákvæð áhrif á umhverfi okkar og samfélag. Á fyrsta starfsári sjóðsins stuðlaði græni sjóðurinn að minni kolefnislosun sem nemur ígildi 8.000 CO2 tonna. Á myndinni er Brynjólfur Stefánsson, sjóðstjóri hjá Íslandssjóðum.

Íslandssjóðir hf., dótturfélag Íslandsbanka, er elsta eignastýringarfyrtæki landsins en félagið var stofnað árið 1994 og fagnaði því 25 ára afmæli sínu sumarið 2019. Hjá félaginu starfa 21 sérfræðingur, 10 konur og 11 karlar og er skrifstofa félagsins í Norðurturninum í Kópavogi. Innan Íslandssjóða starfa þrjár viðskiptaeyningar, sjóðastýring, eignastýring og sérhæfðar fjárfestingar. Þvert á þær einingar starfar áhættustýring, viðskiptaþróun, lögmaður og framkvæmdastjóri. Íslandssjóðir stýra 23 verðbréfa- og fjárfestingasjóðum ásamt fagfjárfestingasjóðum og fjárfestingarfélögum sem fjárfesta í óskráðum hlutabréfum og fasteignum. Samtals námu eignir í stýringu 349 milljörðum króna í árslok 2020.

### Stjórn

Tanya Zharov, stjórnarformaður, Kristján Björgvinsson, varaformaður, Jensína Kristín Böðvarsdóttir og Sigurður B. Stefánsson.

Framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf. er Kjartan Smári Höskuldsson.

### Sjóðastýring

Sjóðir eru hagkvæm og góð leið fyrir sparifjáreigendur sem vilja ávaxta sitt fé í safni verðbréfa og dreifa þannig áhættu. Yfir 11.000 sparifjáreigendur og fjárfestar ávaxta eignir sínar í verðbréfa- og fjárfestingasjóðum félagsins og nam markaðshlutdeild Íslandssjóða 31,4% af eignum innlenda sjóðamarkaðarins í lok árs 2020. Íslandssjóðir bjóða breitt úrval sjóða og sjóðstjórar Íslandssjóða stýra sjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum fjármálagerningum. Nokkrir af sjóðunum eiga sögu allt frá stofnun félagsins og stærsti verðbréfasjóðurinn í stýringu Íslandssjóða, IS Ríkisskuldabréf meðallöng, var stofnaður árið 1990 og því 30 ára árið 2020. IS Hlutabréfasjóður var stofnaður árið 1998 og er því kominn með yfir 20 ára sögu. Íslandssjóðir útvíkkuðu úrvalið enn frekar á árinu 2018 þegar Íslandssjóðir hf. stofnuðu tvo nýja sjóði, IS Græn skuldabréf og IS Hrávörusjóðurinn. IS Græn skuldabréf er fyrsti græni skuldabréfasjóðurinn á Íslandi og hefur það að markmiði að fjárfesta í skuldabréfum sem ætlað er að hafa jákvæð áhrif á umhverfi okkar og samfélag, til dæmis með fjármögnun verkefna sem draga úr áhrifum loftslagsbreytinga. Með þessu vildu Íslandssjóðir bjóða fjárfestum tækifæri til að leggja áherslu á umhverfis- og samfélagsmál án þess að slaka á kröfum um góða langtíma ávöxtun. IS Hrávörusjóðurinn er fyrsti hrávörusjóðurinn á innlendum fjármálamarkaði og stendur íslenskum fagfjárfestum til boða. Markmið sjóðsins er að bjóða upp á auðvelda leið í vel dreift eignasafn af þeim hrávörum sem er mest verslað með í heiminum í dag. Íslenskt hagkerfi er næmt fyrir breytingum í verði hrávara og stór hluti af út- og innflutningi landsins verður fyrir áhrifum af gengi undirliggjandi eigna sjóðsins. Því er rík ástæða fyrir m.a. stofnanafjárfesta að beina a.m.k. hluta af eignum í stýringu í slík söfn. Hrávörur hafa í gegnum tíðina reynst vel sem vörn gegn óvæntri verðbólgu og hafa lága fylgni við aðra eignaflokka sem bætir áhættudreifingu eigna.



Konur sem stýra peningum: Kynjahlutföll eru jöfn hjá Íslandssjóðum og þar starfa nú tíu konur sem eru sérfræðingar í eignastýringu. Frá vinstri: Helga Óskarsdóttir, Hrönn Greipsdóttir, Katrín Huld Grétarsdóttir, Krístrún Auður Viðarsdóttir, Kristín Jóna Kristjánsdóttir, Halldóra Skúladóttir, Bjargey Björgvinsdóttir og Sara Margareta Fuxén. Á myndina vantar Eddu Björk Agnarsdóttur og Mariú Björgu Ágústsdóttur.

### Eignastýring

Öflugt eignastýringarteymi Íslandssjóða stýrir eignum fyrir hönd þeirra viðskiptavina sem gert hafa eignastýringarsamning við Íslandsbanka, hvort sem um ræðir einstaklinga, opinbera aðila, fagfjárfesta eða aðra lögaðila. Eignastýring Íslandssjóða fjárfestir á öllum helstu verðbréfamörkuðum heims. Teymið stýrir eignum í innlendum og erlendum skuldabréfum og innlendum og erlendum hlutabréfum auk gjaldmiðlastýringar. Stærstu ákvarðanir teymisins snúa að vali á eignaflokkum (e. asset allocation) eða hvaða eignir skuli undir- og yfirvigtu miðað við fjárfestingastefnu á hverjum tíma. Eignastýring Íslandssjóða er með skýra aðferðarfræði við val á verðbréfasjóðum og hefur sú aðferðarfræði verið í mótun í um 15 ár. Við hana hefur bæst aðferðarfræði um ábyrgar fjárfestingar en teymið beitir bæði útilokun og áhrifafjárfestingum á því sviði.

### Sérhæfðar fjárfestingar

Íslandssjóðir hafa byggt upp mikla reynslu á sviði fasteignafjárfestinga og fasteignapróunar auk framtaksfjárfestinga. Í teyminu starfa sex reyndir sérfræðingar sem stýra fagfjárfestasjóðum og fjárfestingum í gegnum sérhæfð fjárfestingarfélag. Helstu verkefni eru Eldey hf. (2015) sem er fjárfestingafélag sem fjárfestir í ferðaþjónustufyrirtækjum sem bjóða upp á afþreyingu, Akur fjárfestingar slhf. (2013) sem er fagfjárfestasjóður sem fjárfestir í óskráðum, vel reknunum félögum með skýra framtíðarsýn og tækifæri til vaxtar og/eða virðisaukandi breytinga. Að lokum stýra Íslandssjóðir fagfjárfestasjóðnum 105 Miðborg slhf. (2018) sem heldur utan um uppbyggingu 150 íbúða- auk atvinnuhúsnæðis á Kirkjusandi í Laugardalnum í Reykjavík. Alls mun félagið reisa sex nýjar byggingar á svæðinu og voru fyrstu íbúðirnar á Kirkjusandi afhentar á árinu 2020. Mikið er lagt í hönnun og frágang bygginganna en hönnun var m.a. í höndum dönsku arkitektastofunnar Schmidt Hammer Lassen sem er ein þekktasta arkitektastofa Skandinavíu og hefur unnið til fjölda alþjóðlegra verðlauna. Meðal verka SHL eru konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn, alþjóðaðómstóllinn í Haag og nýi miðbærinn í Detroit. Í hverfinu verður starfrækt ný matvöruverslun og ýmis önnur þjónusta við íbúa, meðal annars nýr leikskóli.

### Ábyrgar fjárfestingar

Íslandssjóðir undirrituðu samstarfssamning við Principles for Responsible Investment (UN PRI) í desember 2017. PRI eru sjálfstæð samtök um ábyrgar fjárfestingar sem njóta stuðnings tveggja aðildarfélaga Sameinuðu þjóðanna, United Nations Environment Programme Finance Initiative og United Nations Global Compact. Íslandssjóðir er einnig einn af stofnaðilum IcelandSIF, samtaka um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi, sem voru stofnuð í nóvember 2018. Tilgangur samtakanna er að stuðla að aukinni þekkingu og umræðu um aðferðarfræði sjálfbærra og ábygrra fjárfestinga. Jafnframt munu starfsmenn félagsins vinna að verkefnum sínum með fjögur af sautján heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi, þ.e.: Menntun fyrir alla, Jafnrétti kynjanna, Loftslagsmál og Nýsköpun og uppbygging. [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is)



Eignastýringarteymið: Eignastýringarteymið sér um að stýra eignasöfnum fyrir Einkabankaþjónustu og Fagfjárfestaþjónustu Íslandsbanka, auk þess sem séreignarsparnaðnum Framtíðarauði er stýrt af teyminu sem Halldóra Skúladóttir leiðir. Frá vinstri: Katrín Huld Grétarsdóttir, Vignir Þór Sverrisson, Kristín Jóna Kristjánsdóttir og Halldóra Skúladóttir.



Sjóðastýringarteymið: Íslandssjóðir reka bæði stærstu og elstu sjóði landsins og er leiðandi á íslenskum sjóðamarkaði. Markaðshlutdeild félagsins í verðbréfa- og fjárfestingasjóðum er um 35%. Frá vinstri: Gísli Halldórsson, Sigurður Guðjón Gíslason, Ingólfur Snorri Kristjánsson, Helga Óskarsdóttir og Mogens Mogensen.

Íslandssjóðir fluttu starfsemi sína í Norðurturm í Kópavogi vorið 2017 en þar er aðstaða til fyrirmyndar bæði fyrir starfsfólk og viðskiptavini. Matsalurinn sem nefnist Dalurinn nýttist vel þegar bjóða á viðskiptavinum eða samstarfsfólki heim.



Úr höfuðstöðvum Íslenskra verðbréfa hf. að  
Hvannavöllum 14 á Akureyri.

## Íslensk verðbréf



Jóhann M. Ólafsson forstjóri Íslenskra verðbréfa hf.

Forveri Íslenskra verðbréfa (ÍV), Kaupþing Norðurlands hf. (KN), var stofnað á Hótel KEA laugardaginn 11. apríl 1987. Hluthafar voru í upphafi: Kaupþingi hf. (55%), Kaupfélag Eyfirðinga (15%), Akureyrarbær (15%) og 7 sparisjóðir á Norðurlandi (2-3% hver). Í upphafi var lögð áhersla á ráðgjöf og miðlun verðbréfa ásamt viðskiptum fyrir eigin reikning. Sparisjóður Norðlendinga, ásamt fleiri sparisjóðum, keypti fyrirtækið 1999 og nokkru síðar var ákveðið að leggja megináherslu á sérhæfða eignastýringu fyrir hönd viðskiptavina. Árið 2015 urðu töluverðar breytingar á hluthafahóp fyrirtækisins en á þeim tíma stefndi í að fyrirtækið myndi renna inn í Kviku banka. Fjárfestahópurinn var samsettur að stærstum hluta af fyrirækjum og lífeyrissjóðum og átti enginn hluthafi virkan eignarhlut. Árið 2019 keypti ÍV Viðskiptahúsið ehf. og við þau viðskipti eignuðust eigendur Viðskiptahússins helming hlutfjár í ÍV.

### Starfsemin

Frá 2001 hefur kjarnastarfsemi ÍV verið eignastýring sérgreindra safna eða með starfrækslu verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Samhliða hefur félagið starfrækt verðbréfamiðlun og sinnt ráðgjafarverkefnum. Á þessum tíma hafa miklar breytingar átt sér stað á starfsumhverfi ÍV. Öfgakenndar sveiflur hafa orðið í efnahagslífinu, mikil vaxtarskeið, efnhagshrun og samdráttur og að endingu tímabil stöðugleika. Þessar breytingar hafa haft veruleg áhrif á starfsemi ÍV en fyrirtækið hefur þurft að laga sig að þessum breytingum í umhverfinu. Á fyrri hluta tímabilsins byggði starfsemin á stórum sérgreindum söfnum fyrir tiltölulega fá stóra viðskiptavini en hin síðari ár hefur starfsemin byggt í auknum mæli á minni söfnum, breiðari hóp viðskiptavina og auknu vægi sjóðastýringar. Árið 2001 var stofnaður fyrsti sjóður ÍV en í dag rekur dótturfélag ÍV 14 sjóði alls sem spanna bæði innlend og erlend hlutabréf og skuldabréf.

Eins og áður er getið keypti ÍV Viðskiptahúsið ehf. árið 2019 og var starfsemi félaganna sameinuð. Viðskiptahúsið hafði um langa hríð starfað á sviði fyrirtækjaráðgjafar með góðum árangri. Kaupin og sameining félaganna var liður í að treysta enn frekar rekstrargrundvöll ÍV og skapa félaginu sérstöðu sem fyrirtæki sem veitir einstaklingum, fyrirtækjum og fagfjárfestum þjónustu á sviði ávöxtunar og fjármögnunar með sterka atvinnulífssérhæfingu.

### Aðsetur

Frá stofnun hafa höfuðstöðvar ÍV verið á Akureyri. Starfsemin hefur verið verið á 5 stöðum á Akureyri en félagið flutti í núverandi húsnæði að Hvannavöllum 14 síðla árs 2018. Árið 2009 opnaði ÍV skrifstofu á höfuðborgarsvæðinu og hefur félagið starfrækt skrifstofu sunnan heiða alla tíð síðan. Nú er skrifstofa ÍV á höfuðborgarsvæðinu í Kópavogi, að Hlíðasmára 6, þar sem starfsemi Viðskiptahússins hafði verið um árabíl.



Skrifstofa ÍV sjóða hf. að Hvannavöllum 14 á Akureyri.

### Mannauður

Hjá ÍV starfa 15 starfsmenn. Starfsmannahópurinn samanstendur af fólki með fjölbætta menntun og reynslu. ÍV starfrækir 4 tekjusvið auk stöðsviða en þar til viðbótar á fyrirtækið dótturfélagið ÍV sjóði en innan þess fer stærstur hluti sjóðastarfsemi ÍV fram.

### Stjórnendur

Jóhann M. Ólafsson er forstjóri ÍV en veitir jafnframt fyrirtækjaráðgjöf ÍV forstöðu. Jón Helgi Pétursson er aðstoðarforstjóri. Forstöðumaður eignastýringar ÍV er Sveinn Torfi Pálsson, forstöðumaður markaðsviðskipta ÍV er Hjörvar Maronsson og forstöðumaður sérhæfðra fjárfestingar ÍV er Hrafn Árnason. Hreinn Þór Hauksson er framkvæmdastjóri ÍV sjóða. Harpa Samúelsdóttir er yfirlögfræðingur félagsins og Einar Már Hólmsteinsson er forstöðumaður áhættustýringar.

Stjórn ÍV skipa Sigurður Atli Jónsson, stjórnarformaður, Anna Guðmundsdóttir og Ingólfur Vignir Guðmundsson.





Marínó Örn Tryggvason, forstjóri Kviku.

## Kvika banki

Kvika banki er sérhæfður banki sem er leiðandi í eignastýringu og fjárfestingastarfsemi. Kvika banki starfar fyrir afmarkaða markhópa og leggur áherslu á að þjónusta viðskiptavini sína vel og veita þeim alhliða þjónustu. Bankinn fjármagnar fyrirtæki og fjárfestingar viðskiptavina bankans og leggur jafnframt áherslu á að veita viðskiptavinum sínum breytt þjónustuframboð til þess að fjárfesta innanlands sem og á erlendum mörkuðum. Velferð Kviku byggir á langtímahugsun þar sem traust viðskiptasambönd verða til á löngum tíma. Bankinn hefur ávallt hagsmuni viðskiptavina sinna í forgrunni og saman höfum við jákvæð langtímaáhrif á samfélagið.

[www.kvika.is](http://www.kvika.is)

### Sérstaða

*Kvika banki er eini bankinn á Íslandi sem sérhæfir sig í þjónustu við efnameiri einstaklinga*

*Kvika banki er eini íslenski bankinn með starfsemi erlendis*

*Kvika banki er eini bankinn sem ekki er með fjármagnsfrekt útibúanet*

### Sagan í stuttu máli

Rætur Kviku banka ná aftur til ársins 1986 þegar Straumur var stofnaður en saga Kviku banka er saga sameiningar og samþættingar. MP Verðbréf var stofnað 1999 en árið 2003 varð MP banki til sem árið 2015 sameinaðist Straumi fjárfestingabanka hf. og Kvika banki varð til í þeirri mynd sem við þekkjum í dag.

Kvika banki hefur byggst upp á sameiningu og samþættingu 12 fjármálafyrirtækja á Íslandi og í London. Kvika opnaði skrifstofur í London árið 2017, sama ár og bankinn tók yfir Virðingu, Öldu sjóði og fyrirtækjaráðgjöf Beringer Finance.

Árið 2019 kaupir Kvika banki GAMMA Capital Management hf. og árið 2020 sameinast einastýringastarfsemi Kviku banka og Júpíter rekstrarfélag undir merkjum Kviku eignastýringar ásamt því að Kvika Securites í London stækkar sína starfsemi og stofnað er breska félagið KKV Investment Management.

Um mitt ár 2020 hófust viðræður Kviku, TM hf. og Lykils fjármögnunar hf. um sameiningu félaganna. Sameiningin var ákveðin í lok nóvember 2020, með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins. Samkvæmt samrunasamningi, sem samþykktur var í nóvember 2020, mun TM færa váttryggingastarfsemi sína í dótturfélag sitt, TM tryggingar hf. Í kjölfarið fari fram þríhliða samruni Kviku, TM og Lykils. TM tryggingar verði í kjölfarið dótturfélag sameinaðs félags. Stjórnir félaganna töldu raunhæft að fyrirvarar samrunasamningsins verði uppfylltir og að félögin verði sameinuð á fyrsta ársfjórðungi 2021.

### Mannauður

Kvika banki leggur mikla áherslu á að hjá félaginu starfi framúrskarandi starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn, hæfni og reynslu. Kvika leggur sig fram við að skapa fyrsta flokks



Framhald á næstu opnu →

starfsumhverfi með jákvæðu viðhorfi og sveigjanleika þar sem starfsfólk nýtur sín vel og leikni þess og þekking blómstrar.

Í lok árs 2020 störfuðu 136 manns hjá Kviku samstæðunni. Forstjóri Kviku banka er Marinó Örn Tryggvason, aðstoðarforstjóri er Ármann Þorvaldsson og formaður stjórnar er Sigurður Hannesson.

### Stjórn og stjórnendur

Stjórn Kviku skipa fimm einstaklingar með víðtæka reynslu af fjármálamörkuðum. Í stjórn Kviku sitja Sigurður Hannesson, Guðmundur Þórðarson, Hrönn Sveinsdóttir, Inga Björg Hjaltadóttir og Guðjón Reynisson.

Í framkvæmdastjórn Kviku sitja Marinó Örn Tryggvason, forstjóri Kviku síðan í maí 2019 en hann hafði gegnt starfi aðstoðarforstjóra frá ágúst 2017, Ármann Þorvaldsson, Lilja Jensen, Ragnar Páll Dyer, Magnús Ingi Einarsson, Bjarni Eyvinds og Baldur Stefánsson. Hlutverk framkvæmdastjórnar er að stýra daglegum rekstri Kviku.

### Starfsemi

Starfsemi Kviku banka er ætlað að endurspegla áherslur og megin stefnu félagsins en starfsemin skiptist í þrjú tekj svið og þrjú stoðsvið. Tekj sviðin eru bankasvið, markaðsviðskipti og fyrirtækjaráðgjöf. Stoðsviðin eru áhættustýring, lögfræðisvið og fjármála- og rekstrarsvið.

### Bankasvið

Bankasvið Kviku fjármagnar fyrirtæki og fjárfestingar viðskiptavina bankans. Einnig nýtir sviðið innviði bankans til þess að miðla lánum til annarra stofnanafjórfa. Kvika býður viðskiptavinum sínum upp á hagstæða innlánsvexti auk úrvals óbundinna og bundinna innlánsreikninga, bæði verðtryggðra og óverðtryggðra. Auk þess hefur bankasvið umsjón með fjártæknilausnum Kviku, meðal annars Auði. Auður er ný fjármálaþjónusta á netinu og býður upp á innlánsreikninga sem ættu að höfða til allra þeirra sem eru að leggja fyrir og vilja fá sanngjarna vexti á sitt sparifé. Auður veitir þjónustu einungis á netinu en með því að bjóða upp á afmarkaða þjónustu nær Auður að halda kostnaði í lágmarki og þannig skapa svigrúm til að bjóða viðskiptavinum upp á betri innlánskjör en samkeppnisaðilar.

### Fyrirtækjaráðgjöf

Fyrirtækjaráðgjöf Kviku veitir ýmiss konar ráðgjöf tengda fjárfestingum og fjármögnun. Áhersla er lögð á kaup og sölu fyrirtækja og skráningu verðbréfa. Í fyrirtækjaráðgjöf starfa sérfræðingar með yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af íslensku atvinnulífi ásamt því að hafa sterkar tengingar við erlenda samstarfsaðila og gott aðgengi að starfsemi Kviku í London sem skapar aukin tækifæri fyrir viðskiptavinum Kviku.



### Markaðsviðskipti

Markaðsviðskipti Kviku veita viðskiptavinum alhliða þjónustu á sviði verðbréfa- og gjaldeyrismiðlunar. Viðskiptavinir markaðsviðskipta Kviku geta fengið faglega ráðgjöf og átt viðskipti með hluta- og skuldabréf á öllum helstu mörkuðum heims. Einnig geta viðskiptavinir átt viðskipti með alla helstu gjaldmiðla heims, hvort sem um er að ræða hefðbundin viðskipti með gjaldeyri eða varnir með framvirkum samningum.

### Stoðsvið

Stoðsvið Kviku eru þrjú, áhættustýring annast hefðbundin verkefni og metur láns-, lausafjár og markaðsáhættu. Lögfræðisvið annast skjalagerð og lögfræðileg verkefni sem þarf að sinna. Fjármála- og rekstrarsvið hefur umsjón með fjármálaeiningum bankans og almennan rekstur. Thomas Skov Jensen fer fyrir áhættustýringu, Lilja Jensen er yfirlögfræðingur bankans, fjármál og rekstur heyrir undir Ragnar Pál Dyer.

### Kvika London

Kvika opnaði skrifstofu í London árið 2017 og hefur starfsemin vaxið á hverju ári síðan þá. Starfsemi Kviku í Bretlandi miðar að því að veita framúrskarandi þjónustu við viðskiptavinum bankans með því að opna þeim aðgang að fjárfestingartækifærum erlendis og veita ráðgjöf við erlenda fjármögnun og aðra alþjóðlega viðskiptageninga.

Kvika starfrækir tvö bresk dótturfélög, Kvika Securities Ltd. og Kvika Advisory Ltd. Bæði félögin eru undir eftirliti breska fjármálaeftirlitsins og hafa starfsleyfi til reksturs sérhæfðra sjóða, eignastýringar og fyrirtækjaráðgjafar.

KKV Investment Management Ltd. er dótturfélag Kvika Securities sem sérhæfir sig í sjóðastýringu á sviði sérhæfðra lánveitinga til minni og meðalstórra fyrirtækja, einkum í Bretlandi. Félagið stýrir nú tveimur sjóðum sem skráðir eru í Kauphöllinni í London og samtals starfa 18 manns hjá félaginu.

### Framtíðarsýn

Næstu ár í starfsemi Kviku verða viðburðarík. Með væntri sameiningu við TM og Lykil skapast mikil tækifæri. Sameinað félag verður fjárhagslega sterkt fyrirtæki með breiðan tekjugrunn sem mun geta boðið viðskiptavinum sínum upp á fjölbætta þjónustu á öllum helstu sviðum fjármála- og tryggingaþjónustu. „Með sameiningu Kviku við TM og Lykil verður til eitt áhugaverðasta fyrirtæki landins. Sameinað félag yrði meðal verðmætustu fyrirtækja í Kauphöll, enda um einn stærsta samruna síðustu ára að ræða.

Undirbúningur sameiningarinnar hefur gengið vel og ég er starfsmönnum þakklátur fyrir hvað þeir hafa lagt á sig á undanförunum mánuðum í undirbúningsvinnunni.

Fjármálafyrirtæki er hluti af mikilvægum innviðum samfélagsins og eru jafnmikilvæg hagkerfinu og samgöngur fyrir ferðalanga. Sameinað félag mun geta gegnt mikilvægu





---

hlutverki í að fjármagna nauðsynlega viðspyrnu hagkerfisins sem og auka samkeppni á fjármálamarkaði.

Líklega verða varanlegar breytingar á samskiptum, vinnubrögðum og lífnaðarháttum þegar samfélagið verður eðlilegra á ný. Nýjar venjur munu verða til og jafnvel þær rótgrónustu breytast. Alls staðar í kringum okkur eru fjármálafyrirtæki að leggja aukna áherslu á einfaldari og þægilegri þjónustu. Félagið er bæði fjárhagslega sterkt og með getu til þess að ná árangri í þessu umhverfi. Það felast mikil tækifæri í því að einfalda fjármálaþjónustu og með því auka markshlutdeild félagsins. Nú er verkefnið að láta tækifærin verða að veruleika“ segir Marínó Örn Tryggvason forstjóri Kviku.



*Höfuðstöðvar Kviku eru í Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.*



## Kvika eignastýring



Hannes Frímánn Hrólfsson, framkvæmdastjóri Kviku eignastýringar.



Höfuðstöðvar Kviku eignastýringar eru í Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

Kvika eignastýring hf. er leiðandi í eigna- og sjóðastýringu á íslenskum fjármálamarkaði. Félagið veitir alhliða fjármálaþjónustu með áherslu á árangur og langtímahagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Kvika eignastýring hentar vel fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sjóði og stofnanir. Félagið leggur áherslu á að veita viðskiptavinum sínum breitt þjónustuframboð til þess að fjárfesta innanlands sem og á erlendum mörkuðum. Velferð Kviku eignastýringar byggir á langtímahugsun þar sem traust viðskiptasambönd verða til á löngum tíma. Félagið hefur ávallt hagsmuni viðskiptavina sinna í forgrunni og saman höfum við jákvæð langtímaáhrif á samfélagið.

[www.kvikaeignastýring.is](http://www.kvikaeignastýring.is)

### Sagan í stuttu máli

Kvika eignastýring, áður Júpíter rekstrarfélag, á rætur sínar að rekja aftur til ársins 2006 þegar félagið var stofnað. Félagið var keypt af MP banka árið 2011 og varð dótturfélag Kviku banka árið 2015 þegar MP banki hf. og Straumur-fjárfestingabanki hf. sameinuðust undir merkjum Kviku banka.

Árið 2017 kaupir Kvika banki Öldu sjóði og sameinast þeir sjóðir Júpíter. Þegar Kvika banki kaupir GAMMA Capital Management hf. árið 2019 færast sjóðir frá GAMMA yfir til Júpíters sem styrkti stöðu félagsins enn frekar. Þrátt fyrir mikinn ytri vöxt hefur félagið einnig sýnt góðan innri vöxt síðastliðin ár.

Í september árið 2020 sameinast Júpíter og eignastýringastarfsemi Kviku banka í eitt öflugt félag og samhliða sameiningunni var nafni félagsins breytt í Kvika eignastýring hf.

### Mannauður

Kvika eignastýring leggur mikla áherslu á að hjá félaginu starfi framúrskarandi starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn, hæfni og reynslu. Kvika eignastýring leggur sig fram við að skapa fyrsta flokks starfsumhverfi með jákvæðu viðhorfi og sveigjanleika þar sem starfsfólk nýtur sín vel og leikni þess og þekking blómstrar.

Í lok árs 2020 störfuðu 30 manns hjá Kviku eignastýringu. Meðalstarfsreynsla starfsmanna Kviku eignastýringar á fjármálamarkaði eru tæp 17 ár og er samanlögð starfsreynsla rúmlega 500 ár. Framkvæmdastjóri Kviku eignastýringar er Hannes Frímánn Hrólfsson og gegndi Guðlaug Kristbjörg Kristinsdóttir stjórnarformennsku.

### Stjórn og stjórnendur

Stjórn Kviku eignastýringar er skipuð þremur einstaklingum með víðtæka reynslu úr atvinnulífinu. Í stjórn félagsins við árslok 2020 sátu Guðlaug Kristbjörg Kristinsdóttir, stjórnarformaður, Óttar Már Ingvason og Andri Vilhjálmur Sigurðsson. Framkvæmdastjóri Kviku eignastýringar er Hannes Frímánn Hrólfsson. Forstöðumenn í félaginu eru Þorkell Magnússon, Margit Robertet, Tryggvi Tryggvason, Dóra Björg Axelsdóttir og Anna Rut Ágústsdóttir.



## Starfsemi

### Sjóðastýring

Sjóðastýring Kviku eignastýringar starfrækir fjölda verðbréfa- og fjárfestingarsjóði sem eru rafrænt skráðir og opnir almenningi til fjárfestingar. Félagið býður upp á fjölbreytt úrval skuldabréfa-, hlutabréfa- og blandaðra sjóða. Félagið starfrækir einnig fjölda sérhæfðra sjóða sem eru ætlaðir fagfjárfestum.

Fjárfestar í sjóðum félagsins eru einstaklingar, fyrirtæki, lífeyrissjóðir og aðrar stofnanir. Við stýringu sjóða eru hagsmunir sjóðsfélaga ávallt hafðir að leiðarljósi með það að markmiði að ná framúrskarandi árangri þar sem skilvirku jafnvægi ávöxtunar og áhættu er náð.

### Einkabankþjónusta

Einkabankþjónusta Kviku eignastýringar er alhliða fjármálaþjónusta fyrir efnameiri einstaklinga, fyrirtæki, sjóði og stofnanir. Félagið býður upp á persónulega, faglega og víðtæka þjónustu sem snýr fyrst og fremst að fjármálaumsýslu.

Markmið sérfræðinga einkabankans er að starfa með viðskiptavinum að traustri langtímauppbyggingu eignasafna með fjárfestingum á innlendum sem og á erlendum mörkuðum auk þess að bjóða upp á víðtæka bankþjónustu þar sem persónuleg fjármál eru í fyrirrúmi. Félagið býður bæði upp á eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf.

### Stofnanafjárfestar

Þjónusta við stofnanafjárfesta er sniðin að lífeyrissjóðum, fyrirtækjum og öðrum stofnunum. Sérfræðingar Kviku eignastýringar veita faglega ráðgjöf sem snýr að eignastýringu og greiningu á öllum helstu eignaflokkum.

### Framtakssjóðir

Framtakssjóðir Kviku eignastýringar nýta tækifæri sem felast í langtímafjárfestingu í óskráðum hlutabréfum. Félagið horfir einkum til meðalstórra íslenskra fyrirtækja sem hafa góða rekstrarsögu, sterka stöðu á markaði og búa yfir áhugaverðum vaxtartækifærum.

Kvika eignastýring er einn reynslumesti rekstraraðili framtakssjóða á Íslandi og eru framtakssjóðir félagsins áhrifafjárfestar sem leggja áherslu á að styðja við stjórnendur með markvissum hætti í að bæta rekstur og árangur félaga í eigu sjóðanna.



Landsbankinn var efstur banka í Íslensku ánægjuvuginni 2021, þriðja árið í röð.

## Landsbankinn



Lilja Björk Einarsdóttir tók til starfa sem bankastjóri Landsbankans árið 2017.

Landsbankinn hf. er stærsta fjármálfyrirtæki landsins og býður einstaklingum og fyrirtækjum um allt land alhliða fjármálaþjónustu. Við einföldum viðskiptavinum lífið með því að bjóða þeim framúrskarandi stafræna þjónustu en um leið leggjum við áherslu á persónuleg samskipti og faglega ráðgjöf. Þessi stefna bankans hefur skilað góðum árangri. Ánægja viðskiptavina með þjónustuna er mikil og vaxandi og mældist bankinn efstur á bankamarkaði í Íslensku ánægjuvuginni árið 2021, þriðja árið í röð. Samhliða hefur viðskiptavinum fjölgað jafnt og þétt. Árið 2021 var markaðshlutdeild bankans á einstaklingsmarkaði hærri en nokkru sinni fyrr, eða 39,5%. Á fyrirtækjamarkaði var hlutdeildin um 34% en rúmlega 40% ef litið er til hlutdeildar í útlánnum til fyrirtækja. Góður árangur hefur náðst í eignastýringu og miðlun og bankinn er í fararbroddi í sjálfbærum fjármálum. Rekstur bankans er traustur og arðsemin góð.

### Landsbanki nýrra tíma

Í ársbyrjun 2021 tók ný stefna bankans gildi og ber hún yfirskriftina Landsbanki nýrra tíma. Kjarni stefnunnar er hugmyndin um gagnkvæmt traust og mannlega sýn á bankaviðskipti. Við setjum ánægju viðskiptavina í fyrsta sæti, höldum áfram öflugri uppbyggingu tæknimála og framþróun stafrænna lausna og innleiðum árangursdrifnari menningu sem styrkir rekstur og skapar aukið frumkvæði. Okkar markmið er að auðvelda viðskiptavinum lífið með því að gera fjármálin aðgengilegri á sama tíma og við eflum ráðgjöf og fræðslu. Traust er lykilþáttur í starfsemi okkar, hvort sem horft er til samskipta við viðskiptavini, samstarfsfólks eða reksturs bankans og starfsemi. Viðskiptavinir eiga að geta treyst því að við séum til staðar og að rekstur bankans sé í öruggum höndum.

### Skýr markmið til ársins 2030

Í stefnumótuninni voru sett metnaðarfull lykilmarkmið til ársins 2030. Árangur bankans verður metinn reglulega á tímabilinu og skerpt á áherslum eða þeim breytt eins og þörf krefur. Unnið verður eftir mælanlegum markmiðum til að hægt sé að meta árangurinn af nýrri stefnu bankans. Lykilmarkmiðin snúast um að viðskiptavinir geti afgreitt sig sjálfir, alltaf, hvar og hvenær sem er. Við ætlum líka að auka þjónustutekjur með því að bjóða upp á nýjar, virðisaukandi lausnir fyrir viðskiptavinum bankans. Stefnan miðar að því að Landsbankinn verði leiðandi banki á Norðurlöndunum þegar horft er til fjármálaþjónustu framtíðarinnar.

### Um 99% í sjálfsafgreiðslu

Árlega kynnir bankinn fjölda nýjunga í stafrænni þjónustu, jafnt fyrir einstaklinga sem fyrirtæki. Árið 2021 framkvæmdu viðskiptavinir sjálfir um 99% af öllum algengustu aðgerðum í appinu eða netbankanum, um 80% neyslulána voru afgreidd í sjálfsafgreiðslu og í 95% tilvika breyttu viðskiptavinir sjálfir kreditkortaheimildinni, svo nokkur dæmi séu nefnd. Meirihluti viðskiptavina sinnir bankaerindum í síma eða tölvunni utan hefðbundins afgreiðslutíma og



Landsbankinn hefur verið aðalstyrktaraðili Skólahreysti frá árinu 2014.



Frá afhendingu námsstyrkja úr Samfélagssjóði bankans árið 2021.

## Framhald á næstu opnu →

var hlutfallið 63% í árslok 2021. Langflest erindi sem áður kröfðust heimsóknar í útibú má nú leysa í gegnum sjálfsafgreiðsluleiðir bankans. Þörfin fyrir vandaða fjármálaráðgjöf er á hinn bóginn óbreytt eða jafnvel meiri en áður. Við höfum brugðist við með ýmsum hætti, m.a. með því að stytta afgreiðslutíma útibúa en lengja þann tíma sem hægt er bóka fjarfundi til kl. 18. Við höfum einnig séð til þess að starfsfólk um allt land geti sinnt ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini óháð búsetu.

### Tökum ákvarðanir út frá gögnum

Stefna Landsbankans er að verða gagnadrifinn banki til að geta boðið snjallari og betri þjónustu og stuðla um leið að betri rekstri. Undanfarin ár höfum við unnið markvisst að þessu verkefni og náð miklum árangri sem birtist m.a. í aukinni sjálfvirknivæðingu og skilvirkni í starfsemi og þjónustu bankans. Ákvarðanir um framboð á nýrri þjónustu, forgangsöröðun verkefna, vinna við nýjar lausnir og fleira byggir nú í auknum mæli á enn traustari gögnum sem auðvelt er að nálgast. Þjónustan hefur aukist og batnað enn frekar sem hefur leitt til meiri ánægju viðskiptavina.

### Sjálfbær fjármál

Breytingar á bankaðjónustu snúast ekki eingöngu um tækniþróun og breytingarnar sem henni fylgja. Landsbankinn er í fararbroddi í sjálfbærum fjármálum á Íslandi og var t.a.m. meðal fyrstu banka í heimi til að reikna út og birta upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda frá útlánasafni sínu. Þá gaf bankinn út sína fyrstu sjálfbæru fjármálaumgjörð á árinu 2021 og gaf í kjölfarið út sín fyrstu grænu skuldabréf. Bankinn býður upp á sjálfbæran sparnaðarreikning og Landsbréf, dótturfélag bankans, býður upp á sjálfbæran eignadreifingarsjóð. Á árinu 2021 leit sjálfbærni merki bankans fyrir sjálfbæra fjármögnun fyrirtækja dagsins ljós og við fengum okkar bestu einkunn í UFS-áhættumati Sustainalytics til þessa en það tekur til áhættu vegna umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarháttanna.

Í sjálfbærnistefnu bankans er m.a. kveðið á um að bankinn styður sérstaklega við fjögur af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna: Markmið 5 um jafnrétti kynjanna, markmið 8 um góðan hagvöxt, markmið 9 um nýsköpun og uppbyggingu, og markmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. Við höfum einnig um árabil fylgt viðmiðum um ábyrga bankastarfsemi (PRB) sem hjálpa bönkum að vinna að heimsmarkmiðum SP og Parísarsáttmálanum.

### Styðjum uppbyggingu og framþróun

Landsbankinn tekur þátt í margvíslegum verkefnum sem stuðla að uppbyggingu og framþróun í samfélaginu. Við styðjum fjölbreytt verkefni með fjárframlögum úr Samfélagssjóði og veitum námsstyrki. Í lok árs 2021 var tekin ákvörðun um að setja á fót nýjan styrktarsjóð sem ber heitið Sjálfbærnisjóður. Á vormánuðum 2022 verður í fyrsta sinn úthlutað úr sjóðnum, alls 10 milljónum króna, og verður áhersla lögð á verkefni sem tengjast orkuskiptum.

### Nokkrar tölur úr rekstri Landsbankans 2021

- Einstaklingar í virkum viðskiptum – 115.500
- Fyrirtæki í virkum viðskiptum – 16.300
- Notendur Landsbankaappsins – 91.800
- Hlutdeild á íbúðalánamarkaði – 29,1%
- Eignir í stýringu – 726 milljarðar króna
- Innlán – 900 milljarðar króna
- Eigið fé - 282,6 milljarðar króna
- Eiginfjárlutfall - 26,6%.
- Heildararðgreiðslur á árunum 2013-2022 - 160,6 milljarðar króna\*
- Útibú og afgreiðslur - 36
- Stöðugildi í árslok 2021 – 816

\*Arðgreiðslur 2013-2021 námu 146 ma.kr. Samkvæmt tillögu bankaráðs mun bankinn greiða a.m.k. 14,4 ma.kr. í arð á árinu 2022. Arðgreiðslur hafa að langmestu leyti runnið í ríkissjóð.




Í mannauðsstefnu bankans er lögð áhersla á starfsánægju, gott starfsumhverfi og markvissa starfsþróun.



Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs Landsbankans.

### Skipulag sem styður við stefnuna



Skipulag Landsbankans miðar að því að tryggja traustan og hagkvæman rekstur um leið og sköpuð eru tækifæri til árangursríkrar samvinnu deilda og hópa. Áhersla er lögð á að starfsfólk geti sinnt sameiginlegum verkefnum, þvert á svið og deildir bankans, og deilt og notið þekkingar hvers annars. Við störfum sem ein heild með hag og ánægju viðskiptavina að leiðarljósi. Til að styðja við stefnuna var skipulagi bankans breytt í árslok 2021 með því að mynda nýtt svið þar sem eru sameinaðar mikilvægar deildir sem annast mannauðs- og markaðsmál ásamt greiningu, sjálfbærni og samskiptum. Nýja sviðið fékk nafnið Samfélag sem endurspeglar áherslu bankans á að vera mikilvægur hlekkur í íslensku samfélagi, brautryðjandi í sjálfbærni og samfélagsábyrgð og er einnig tilvísun í það samfélag sem er innan vinnustaðarins.

Framkvæmdastjórn bankans samanstendur af bankastjóra og framkvæmdastjórum sviða bankans. Lilja Björk Einarisdóttir tók til starfa sem bankastjóri Landsbankans árið 2017. Svið bankans eru sjö talsins og eru framkvæmdastjórar þeirra Sara Pálsdóttir (Samfélag), Eyrún Anna Einarisdóttir (Eignastýring og miðlun) Helgi Teitur Helgason (Einstaklingar), Árni Þór Þorbjörnsson (Fyrirtæki), Bergsteinn Ó. Einarsson (Áhættustýring), Hreiðar Bjarnason (Fjármál og rekstur) og Arinbjörn Ólafsson (Upplýsingatækni). Innri endurskoðandi bankans er Kristín Baldursdóttir og regluvörður er Þórður Örylgsson.



Nýbyggingin er hagkvæm og skipulagið sveigjanlegt. Bankinn mun nýta um 60% af húsinu en selja eða leigja frá sér um 40%.

Bankaráð Landsbankans er kjörið á aðalfundi til eins árs í senn. Kjörnir eru sjö aðalmenn og tveir varamenn. Helga Björk Eiríksdóttir hefur verið formaður bankaráðs frá árinu 2016. Berglind Svavarsdóttir er varaformaður bankaráðs en aðrir bankaráðsmenn sem kjörnir voru á aðalfundi 2021 eru: Elín H. Jónsdóttir, Guðbrandur Sigurðsson, Guðrún Ó. Blöndal, Helgi Friðjón Arnarson og Þorvaldur Jacobsen. Varamenn eru Sigríður Olgeirsdóttir og Sigurður Jón Björnsson.

### Áhugaverður vinnustaður og áhersla á jafnrétti

Landsbankinn leggur áherslu á að skapa skemmtilegan og áhugaverðan vinnustað þar sem tækjabúnaður og aðstaða er eins og best verður á kosið. Í bankanum er lögð mikil áhersla á að skapa starfsumhverfi með gagnkvæmum sveigjanleika þar sem þarfir fjölskyldu og starfs fara saman.

Bankinn hefur um árabíl sett jafnréttismál á oddinn út frá ólíkum nálgunum. Undanfarin ár hafa þau verið tekin enn fastari tókum, m.a. með þátttöku í Jafnréttisvísi, og við unnið markvisst að því að skapa góða og heilbrigða fyrirtækjameningu. Hugað er að jafnréttismálum, mannréttindum og fjölbreytileika samfélagsins á mismundandi stigum starfseminnar, s.s. í ráðningum, jöfnum starfstækifærum, samstarfsverkefnum og þegar ákveðið er hverjir koma fram fyrir hönd bankans.

### Í nýtt húsnæði

Landsbankinn byggir nú fjölbreytt atvinnu- og verslunarhúsnæði í miðborg Reykjavíkur og mun flytja höfuðstöðvar sínar þangað á árinu 2022. Húsið verður hagkvæmt og skipulag þess sveigjanlegt. Vinnuumhverfið verður skapandi og örvandi, vel uppbyggt og hvetur til samstarfs og góðra samskipta. Húsið verður umhverfsvottað samkvæmt alþjóðlega BREEAM-staðlinum sem snýr m.a. að umhverfisstjórnun á byggingar- og rekstrartíma, góðri orkunýtingu og vatnssparnaði, vali á umhverfsvænum byggingarefnum og lágmörkun ýmiskonar mengunar frá byggingunni. Nýja húsið er alls 16.500 fermetrar að stærð, auk tæknirýma og bílakjallara sem nýtist öllu svæðinu. Bankinn mun nýta um 10.000 fermetra en selja eða leigja út 6.500 fermetra. Bankinn mun flytja starfsemi úr 12 húsum í miðborginni, ásamt stærstum hluta Borgartúns 33, yfir í nýja húsið.

### Um eignarhald og sögu

Landsbankinn hf. var stofnaður árið 2008 en saga forvera hans nær aftur til ársins 1886. Bankinn tók við rekstri SpKef árið 2011 og árið 2015 var samruni við Sparisjóð Vestmannaeyja og Sparisjóð Norðurlands staðfestur. Í árslok 2021 voru hluthafar Landsbankans 855 talsins. Ríkissjóður Íslands átti 98,2% hlut og bankinn hélt sjálfur á tæplega 1,6% hlut. Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut ríkissjóðs í bankanum.



Dr. Daniel Svavarsson, forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans, kynnið hagspá Landsbankans 2021-2024.

### Arðsemi eigin fjár

|      |         |
|------|---------|
| 2017 | - 8,2%  |
| 2018 | - 8,2%  |
| 2019 | - 7,5%  |
| 2020 | - 4,3%  |
| 2021 | - 10,8% |

Meiri upplýsingar eru á vef bankans [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is).



Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri.

Landsbréf hf. er rekstrarfélag verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða, auk þess sem félagið hefur starfsleyfi til eignastýringar og fjárfestingaráðgjafar. Landsbréf er dótturfélag Landsbankans hf. og sem fjármálastofnun lýtur fyrirtækið eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Skrifstofur félagsins eru í Borgartúni 33 í Reykjavík.

### Landsbréf

Landsbréf hf. hóf starfsemi í núverandi mynd á árinu 2012, en þá var starfsemi Landsvaka hf. sem var annað rekstrarfélag sjóða í eigu Landsbankans færð yfir í Landsbréf auk þess sem Landsbréfum var falið að vinna úr eignasafni annars dótturfélags bankans, Horns fjárfestingarfélags hf. Landsbréfanafnið á sér langa sögu á íslenskum fjármálamarkaði enda voru Landsbréf eitt þekktasta verðbréfafyrirtæki landsins undir lok síðustu aldar en var síðar sameinað Landsbanka Íslands hf. Landsbréfanafnið var síðan endurvakið af Landsbankanum hf. þegar sjóðarekstur Landsvaka hf. var færður undir Landsbréfanafnið á árinu 2012.

### Stjórnendur og starfsfólk

Í stjórn Landsbréfa sitja Þórána Jónsdóttir sem er formaður stjórnar, en hún starfar sem sjálfstætt starfandi stjórnendaráðgjafi og lektor við HR. Aðrir í stjórn eru Magnús Magnússon, sem starfar sem sérfræðingur á fyrirtækjasviði Landsbankans hf., Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, sérfræðingur á fyrirtækjasviði Landsbankans, Haraldur Flosi Tryggvason, lögmaður og eigandi á LMB Mandat og Erna Eiríksdóttir, fjármálastjóri Borgarplasts. Helgi Þór Arason er framkvæmdastjóri Landsbréfa og hefur gegnt því starfi síðan 2014. Hjá Landsbréfum eru 21 háskólamenntaðir starfsmenn með breiðan menntunarlegan bakgrunn og fjölbreytta reynslu, einkum af störfum á fjármálamörkuðum.

### Eignastýring og sjóðamarkaður

Landsbréf reka þannig 25 sjóði sem markaðssettir eru til almennings og 14 sérhæfðra sjóði sem ekki eru markaðssettir til almennra fjárfesta. Í sjóðum Landsbréfa eru nú alls um 15.000 hlutdeildarskírteinishafar og hefur þeim fjölgað ár frá ári. Markmiðið sjóðaframboðs Landsbréfa er að, jafnt almenningur og fagfjárfestar, geti fundið hjá Landsbréfum fjárfestingakost sem hentar, hvort heldur hugsað er til langs eða skamms tíma, hvort heldur fjárfestir er ungur eða gamall, reyndur eða óreyndur og hvort heldur um er að ræða langtímasparnað eða skammtímafjárfestingu.


Í allri stýringu eigna er mikil áhersla á sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar og gildir það raunar um alla starfsemi Landsbréfa og er með því stefnt að því markmiði að skila sjálfbærri ávöxtun til langs tíma en samhliða að draga úr áhættu.

Landsbréf hafa vaxið gríðarlega mælt á fjárhæð eigna í stýringu og er félagið leiðandi á íslenskum eignastýringar- og sjóðamarkaði og endurspeglar velgengni félagsins það traust sem viðskiptavinir Landsbréfa sýna félaginu.



### Skipurit

Skipurit félagsins endurspeglar rekstrareiningar félagsins þar sem grunneiningar eru stýring sjóða (teymi hlutabréfa, teymi skuldabréfa og teymi blandaðra sjóða), sérhæfðar fjárfestingar (stýring framtakssjóða, vísisjóða og fjármögnunarsjóða) og teymi eignastýringar og fjárfestingaráðgjafar. Þvert á stýringareiningarnar eru lögfræðipjónusta og áhættustýring.



## Nasdaq Iceland - Kauphöllin



Magnús Harðarson, er forstjóri Nasdaq Iceland síðan 2019.

Nasdaq Iceland eða Kauphöllin var stofnuð árið 1985 undir nafninu Verðbréfabíng Íslands að frumkvæði Seðlabanka Íslands, til að byggja upp samkeppnishæfan og alþjóðlegan vettvang fyrir fyrirtæki til vaxtar. Í árdaga þess voru eingöngu viðskipti með ríkistryggð skuldabréf, en fyrstu hlutabréfin voru skráð 1991 og fjölgaði nýskráningum síðan hratt. Árið 1999 fékk Verðbréfabíng Íslands leyfi til að starfa sem kauphöll og starfar Kauphöllin í dag undir nafninu Nasdaq Iceland við hlið systurfyrirtækisins Nasdaq verðbréfamiðstöð sem er hluti af Nasdaq CSD SE, alþjóðlegri verðbréfamiðstöð með höfuðstöðvar í Lettlandi. Kauphöllin rekur skipulegan verðbréfamarkað sem er hlutlaus og faglegur vettvangur fyrir skráningu og viðskipti með fjármálagerninga, þar sem jafnræði og aðgengi fjárfesta að upplýsingum er lykilatriði.

### Samstarf

Árið 2000 varð Kauphöllin aðili að NOREX, samstarfi norræna kauphalla og gat þar með boðið upp á viðskipta- og eftirlitskerfi til samræmis við kauphallir á Norðurlöndum. Í gegnum tíðina hafa viðskipti verið töluvert meiri með skuldabréf en hlutabréf. Á árunum 2005 til 2007 voru viðskipti þó tiltölulega jöfnum höndum á hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði. Árið 2006 rann Kauphöllin saman við OMX, norrænu kauphallarsamstæðuna og 2008 tók bandaríska Nasdaq kauphallarfyrirtækið OMX yfir. Þar með varð íslenska kauphöllin hluti af alþjóðlegu tæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í þjónustu fyrir verðbréfamarkaði um allan heim. Með yfirtöku Nasdaq hefur framboð vöru og þjónustu fyrir skráð fyrirtæki og fjárfesta stórukist, en Nasdaq veitir viðskipta- og kauphallarþjónustu sem og almenna fyrirtækþjónustu í sex heimsálfum. Nasdaq býður félögum um allan heim upp á fjölda fjármögnunarkosta, en hér á landi rekur Nasdaq Kauphöllina (Aðalmarkaður hlutabréfa og skuldabréfa, markaður fyrir sjálfbær skuldabréf og First North markaður fyrir vaxtarfyrirtæki) og Nasdaq verðbréfamiðstöð. Skráð fyrirtæki á íslenska markaðnum urðu flest 75 árið 2000 en samrunar og afskráningar urðu til þess að fyrirtækjum fækkaði mikið á árunum eftir. Samhliða jókst markaðsvirði fyrirtækja á markaði, en stærð markaðarins fór úr því að vera um tveir þriðju af vergri landsframleiðslu (VLF) í yfir tvöfalda VLF á árunum 2002-2007. Fyrsta erlenda (færeyskt) fyrirtækið var skráð árið 2005 og urðu þau alls 4 talsins. Engin erlend fyrirtæki eru skráð í Kauphöllinni í dag. Fjöldi skráðra fyrirtækja fór niður í 11 í kjölfar fjármálahrunsins, en í dag eru 23 fyrirtæki skráð á markað, þar af 4 á First North, og er markaðsvirði þeirra rúmlega 40% af (VLF). Framtíðarsýnin er að byggja upp traustan og öflugan markað sem styður við efnahags- og atvinnulíf með yfir 50 fyrirtækjum á markaði að markaðsvirði a.m.k. um 100% af VLF.



Flutt inn í nýtt húsnæði að Laugavegi 182, árið 2002. Þórður Friðjónsson, fyrrv. forstjóri Nasdaq Iceland, Valgerður Sverrisdóttir, fyrrv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrv. forseti Íslands og Bjarni Ármannsson, fyrrv. stjórnarformaður Eignarhaldsfélagsins Verðbréfabings (Kauphöllin).

Framhald á næstu opnu →





Nasdaq Iceland fagnaði Alþjóðadegi kvenna í samstarfi við UN Women með bjölluhringingu 8. mars 2019. Sigríður Snævarr, fyrsti kvensendiherra Íslands og Sígyn Jónsdóttir, formaður ungra athafnakvenna standa við bjöllu.

Gjaldeyrishöft sem sett voru á í kjölfar hruns voru afnumin að langmestu leyti í mars 2017 sem nauðsynlegur liður í uppbyggingu efnahagslífsins. Enn standa eftir varúðarreglur vegna vaxtamunaviðskipta og afleiðuviðskipti með íslenskar krónur. Nasdaq Iceland hefur unnið ótulllega að endurreisn verðbréfamarkaðarins í samstarfi við viðskiptavinum sína. Sem lið í að efla innviði markaðarins var árið 2013 sett á stofn viðurlaganefnd Nasdaq Iceland, sem skipuð er þremur óháðum sérfræðingum, í líkingu við fyrirkomulag sem þekkt er hjá systurkauphöllum Nasdaq á Norðurlöndunum. Hlutverk viðurlaganefndar er að taka til meðferðar og ákvarðar um viss mál vegna brota á reglum eins og skilgreint er í reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga í Kauphöllinni

#### Úrvalsvísitalan

Úrvalsvísitalan OMXI15 féll um 95% í fjármálahruninu. Vegna fækkunar fyrirtækja var í byrjun árs 2009 ný úrvalsvísitala sett á laggirnar, OMXI6 sem samanstóð af 6 veltumestu hlutabréfunum á markaðnum. Hlutabréfamarkaðurinn hefur vaxið hægt en örugglega undanfarin áratug og í dag samanstendur Úrvalsvísitalan af 10 veltumestu hlutabréfunum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland (OMXI10).

#### Skuldabréf

Viðskipti á skuldabréfamarkaði komust fljótt á skrið aftur eftir fjármálahrunið, en viðskipti með ríkisskuldabréf og íbúðabréf vógu þar mest. Viðskipti með sértryggð skuldabréf banka hafa einnig vaxið jafnt og þétt. Markaður með fyrirtækjaskuldabréf önnur en skuldabréf fjármálafyrirtækja hefur hins vegar byggst hægar upp á ný. Sex nýjar skuldabréfavísitölur voru gefnar út árið 2013, sem byggðar eru á óverðtryggðum og verðtryggðum markflokkum ríkistryggðra skuldabréfa sem skráðir eru á markaðnum. Nýju vísitölurnar veita innsýn í verðþróun markflokkanna, sem eru seljanlegustu ríkistryggðu skuldabréfin.

#### Markaðurinn

Mikilvægur hluti þess að efla markaðinn er að gera hann sýnilegri og trúverðugri gagnvart erlendum fjárfestum og komast inn í alþjóðlegar vísitölur. Íslenskur hlutabréfamarkaður komst inn í vaxtarvísitölu („frontier markets“) FTSE í september árið 2019 og þá hefur alþjóðlega vísitölufyrirtækið MSCI ákveðið að taka íslensk hlutabréf inn í vaxtarvísitölu sína í maí 2021.

Framhald á næstu opnu →



*Marel fagnar 20 ára skráningarfærni með því að opna bandaríska Nasdaq markaðinn að Marketsite, Times Square í New York árið 2012. Starfsmenn og viðskiptavinir Marel, ásamt starfsfólki Nasdaq.*



Reykjavíkurborg skráir fyrstu grænu skuldabréfin á markað  
Nasdaq Iceland fyrir sjálfbær skuldabréf 2019. Dagur B.  
Eggertsson, borgarstjóri, Páll Harðarson fyrrv. forstjóri  
Nasdaq Iceland og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi.

### Sjálfbær skuldabréf

Árið 2019 var settur á laggirnar markaður fyrir sjálfbær skuldabréf sem hefur vaxið í takt við auknar áherslur í atvinnulífinu og samfélaginu á samfélagsábyrgð fyrirtækja og opinberra aðila og mælingar á frammistöðu þeirra á ýmsa UFS mælikvarða (umhverfisþættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir). Nasdaq gaf út alþjóðlegar leiðbeiningar um UFS mælikvarða árið 2017 sem íslensk fyrirtæki, bæði skráð og óskráð hafa verið ötul við að nota sem viðmið í birtingu UFS upplýsinga. Leiðbeiningarnar voru uppfærðar 2019. Að auki hefur Nasdaq boðið upp á fjölda nýrra vara sem tengjast UFS málefnum, fyrir bæði félög og fjárfesta, sem og reglulega staðið fyrir vitundarvakningu í atvinnulífinu um jafnréttis- og mannréttindamál ásamt ýmsum hagsmunaaðilum. Nasdaq á Íslandi (Nasdaq Iceland og Nasdaq verðbréfamiðstöð) leggur áherslu á að vera mikilvægur hlekkur til fjármögnunar fyrir fyrirtæki og opinbera aðila og fyrir fjárfesta að ávaxta fé sitt. Nasdaq vinnur því að því að efla traust á markaði, fjölga nýskráningum og þar með fjárfestingarkostum og stuðla að fleiri valkostum fyrir fjármögnun fyrirtækja, m.a. með því að greiða leið einstaklinga og erlendra fjárfesta að markaðnum.

### Mannauður

Hjá Nasdaq á Íslandi starfa nú 20 manns, 14 hjá Kauphöllinni og 6 hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð.



*Icelandair lokar bandaríska Nasdaq markaðnum árið 2009 sem lið í kynningu á ferðaleiðum félagsins. Fremstir Gylfi Magnússon, fyrrv. viðskiptaráðherra og Birkir Hólm Guðnason, fyrrv. framkvæmdastjóri Icelandair.*



*Frá því þegar Kauphöllin fagnaði 30 ára afmæli árið 2016.*



Ali Mazanderani, stofnandi og stjórnarformaður.



Ólöf Helga Jónsdóttir og Jónína Gunnarsdóttir, rekstrarstjórar.

## SaltPay



Reynir Finnald Grétarsson, forstjóri SaltPay IIB hf.



Arnar Sveinn Geirsson, mannauðsstjóri SaltPay.

SaltPay var stofnað árið 2019 í Bretlandi með það meginmarkmið að skapa greiðslu- og hugbúnaðarlausnir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Stofnendur félagsins eru Ali Mazanderani, núverandi stjórnarformaður og Eduardo Pontes. Starfsemin á Íslandi er byggð á grunni fyrsta greiðslukortafyrirtækis á Íslandi, Kreditkorta hf. sem var rekið undir nafninu Borgun frá 2007, áður en SaltPay keypti 96% hlut í félaginu í júlí 2020.

Forstjóri SaltPay á Íslandi er Reynir Finnald Grétarsson, en hann tók við stöðunni á haustmánuðum 2021. SaltPay er til húsa í Katrínartúni 4 og er starfsfólk félagsins á Íslandi um 90 talsins. SaltPay er staðsett víðsvegar um Evrópu sem og Suður-Afríku. Í Evrópu starfa yfir 1300 starfsmenn á 14 skrifstofum í 12 löndum og fer ört stækkandi.

Dótturfélög SaltPay, sem fyrirtækið hefur keypt frá stofnun, spila öll mikilvægan þátt í því að byggja staðbundnar heildarlausnir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki um alla Evrópu og síðar heiminum öllum. Frá stofnun SaltPay hefur félagið stækkað með því að fjárfesta í félögum sem deila sömu sýn og markmiðum. Má þar nefna félög eins og Paymentology, Storyous og Yoyo, sem öll stuðla að virðisaukningu og tímasparnaði hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

SaltPay leggur mikla áherslu á góða og persónulega þjónustu sem fyrirtækið fylgir eftir með mjög öflugri þjónustuveri sem og sölufulltrúum sem hver þjónustar tiltekið svæði. Mjög reglulega heimsækja sölufulltrúarnir viðskiptavinum SaltPay víðs vegar um landið og leggja áherslu á að finna lausnir sem hjálpa þeim að hámarka rekstur sinn. Starfsólk SaltPay leggur sig fram við að vera lausnamiðað og einsetur sér hugarfar frumkvöðuls svo að það geti sett sig í spor lítilla og meðalstórra fyrirtækja og hjálpað þeim að vaxa.

### Helstu vörur og þjónustur SaltPay

#### Færsluhirðing

SaltPay býður greiðslulausnir fyrir viðskiptavinum sína, hvort sem er vegna sölu á sölustað eða á netinu, greiðslu með korti, síma, úri eða öðrum greiðslumiðli. SaltPay býður einnig viðskiptavinum sínum færsluhirðingu vegna Mastercard, Visa, UnionPay, JCB, Diners, Discover og American Express.

#### Greiðslulausnir - Posar

SaltPay býður viðskiptavinum sínum posa til leigu, allt eftir þörfum hvers og eins. Hægt er að fá netposa, þráðlausa posa (Wi-Fi og 4G) og posa til að tengja við kassakerfi.

#### Veflausnir

Viðskiptavinir SaltPay sem selja vörur eða þjónustu á netinu geta tengst greiðslusíðu SaltPay sem er fljótleg og einföld lausn.

Viðskiptavinir geta líka byggt upp öruggar greiðsluleiðir í eigin kerfum og þá tengst greiðslugátt SaltPay. Þar eru ýmis konar vefþjónustur sem viðskiptavinir geta valið úr eftir þörfum.





### **Þjónustuvefir**

#### **Þjónustuvefur**

Gefur forsvarsmönnum fyrirtækja greinagóðar upplýsingar um öll greiðslukortaviðskipti. Vefurinn veitir góða yfirsýn yfir uppgjör, viðskiptayfirlit og einstaka kortafærslur.

#### **Lánavefur**

Gerir fyrirtækjum kleift að gera raðgreiðslusamninga og bjóða viðskiptavinum sínum að greiða með raðgreiðslum SaltPay. Hægt er að ganga frá raðgreiðslusamningi á vefnum og senda rafrænt til SaltPay.

#### **Mínar síður**

Vefur fyrir lántakendur þar sem þeir hafa yfirlit yfir raðgreiðslusamninga sem þeir hafa gert við SaltPay ásamt því að geta séð hver raðgreiðsluheimild þeirra er. Lántakendur geta einnig fylgst með stöðu einstakra raðgreiðslusamninga, hvort sem þeir eru gildandi eða uppgreiddir.

### **Uppgjör SaltPay**

SaltPay gerir upp öll kortaviðskipti daglega til að lágmarka þann tíma sem viðskiptavinir bíða eftir sínum tekjum. Þetta getur reynst mjög dýrmætt fyrir fyrirtæki, sér í lagi minni fyrirtæki sem reiða sig á reglulegt fjárstreymi.

### **Útgáfa**

SaltPay annast þjónustu og ráðgjöf við útgefendur varðandi kortaútgáfu. SaltPay þjónustar banka og fyrirtæki landsins við útgáfu sinna korta og eining sér starfsfólk útgáfuþjónustunnar um fræðslu til útgefenda.

### **Vildarkerfi**

Fyrirtækjum býðst að nýta sér sjálfvirka vildarkerfið Yoyo fyrir viðskiptavini sína. Vildarkerfið er í formi rafræns klippikorts eða punktasöfnunar sem fyrirtæki geta sjálf skapað á þjónustuvef Yoyo. Vildarkerfið stuðlar að endurkomu og tryggðar viðskiptavina við fyrirtækin, sem og meiri ánægju með þjónustuna sem er veitt.

### **Vottun**

SaltPay hefur hefur vottun samkvæmt ISO/IEC 27001 staðli um upplýsingaöryggi. Með vottuninni er tryggt að hjá félaginu sé farið að ítarlegum kröfum um öryggi upplýsinga, aðgangsstjórnun og meðhöndlun gagna og að unnið sé eftir skráðum ferlum.

SaltPay er PCI SSC Participating Organization, sem þýðir að SaltPay tekur beinan þátt í starfi alþjóðlega PCI ráðsins við mótun PCI DSS staðalsins. Öryggisstjóri SaltPay er alþjóðlega vottaður PCI Internal Security Assessor.



*Halla Guðrún Jónsdóttir og Guðriður Linda Karlsdóttir, þjónustufulltrúar, Halla hefur starfað hjá félaginu í 35 ár.*



*Jóhann Torfi Ólafsson, sölustjóri.*



Ásamt seðlabankastjóra sitja þrjár varaseðlabankastjórar í stjórn bankans. Frá vinstri: Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu, Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits og Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika.

## Seðlabanki Íslands

*Ásgeir Jónsson, ársfundur Seðlabankans 25. mars 2020: „Nýr Seðlabanki varð til með sameiningu við Fjármálaeftirlitið 1. janúar 2020 – Seðlabanki sem hefur skýrt umboð og ótal tæki til þess að tryggja bæði verðstöðugleika og fjármálastöðugleika með aðgerðum sem snúa að peningastefnu, þjóðhagsvarúð og fjármálaeftirliti. Beiting stjórnþækja bankans er í höndum þriggja nefnda sem eru skipaðar bæði innri og ytri meðlimum sem taka sameiginlegar ákvarðanir með kosningu. Þessar þrjár nefndir hafa skýrt skilgreind markmið og tæki til að ná þeim. Þær taka sjálfstæðar ákvarðanir sem þær verða að rökstyðja opinberlega. Með þessu móti er hvort tveggja tryggt, valddreifing og gagnsæi. Sameiningin auðveldar okkur að takast á við áföll af því tagi sem nú dynur yfir. Ég er sannfærður um að hið hefðbundna reikningslögmál að 1+1 séu 2 gildi ekki í þessu tilviki. Styrkur þessara stofnana sameinaðra verður mun meiri en samlagning á þeim sitt í hvoru lagi.“*

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra. Bankinn var stofnaður árið 1961 en fyrir það hafði seðlabankastarfsemi m.a. verið í höndum Landsbanka Íslands og Íslandsbanka. Starfsmenn bankans voru tæplega 300 í ársbyrjun 2020 eftir sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt lögum skal Seðlabankinn stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Árið 2001 var verðbólgu markmið tekið upp sem skilgreinir stöðugt verðlag sem 2½% verðbólgu á tólf mánuðum. Seðlabankinn hefur fullt sjálfstæði til að beita stýritækjum sínum til að ná lögbundnum markmiðum. Á árinu 2013 var fjármálastöðugleiki fyrst sérstaklega tilgreindur í lögum sem markmið í starfi bankans, til viðbótar við að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Með lagabreytingum í ársbyrjun 2020 og tilfærslu verkefna Fjármálaeftirlitsins til Seðlabankans bættist við markmið um trausta og örugga fjármálastarfsemi.

### Skipulag

Til ársins 2009 fór þriggja manna bankastjórn með ákvörðunarvald í öllum helstu málum Seðlabankans. Það ár var peningastefnunefnd sett á fót til þess að taka ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum. Ákvarðanir aðrar en þær sem heyrðu undir nefndina voru eftir það í höndum eins seðlabankastjóra auk þess sem skipaður var aðstoðarseðlabankastjóri. Með tilkomu fjármálastöðugleika sem markmiðs fyrir bankann árið 2014 voru fjármálastöðugleikaráð og kerfisáhættunefnd sett á fót með þátttöku Seðlabankans og fleiri aðila, og með sameiningu við Fjármálaeftirlitið í upphafi árs 2020 færðist eftirlit með fjármálastarfsemi einnig til Seðlabankans. Með gildistöku nýrra laga um bankann í ársbyrjun 2020 var fyrirkomulagi ákvörðunartöku og skipulagi bankans breytt. Tvær nefndir til viðbótar við peningastefnunefnd voru settar á fót. Þessar þrjár nefndir, peningastefnunefnd, fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd taka ákvarðanir um beitingu valdheimilda Seðlabankans varðandi peningastefnu og fjármálastöðugleika og á sviði fjármálaeftirlits. Þá eru tiltekna ákvarðanir teknar sameiginlega af seðlabankastjóra og varaseðlabankastjórum svo sem varðandi skipulag bankans og varðveislu gjaldeyrisforða. Að öðru leyti stýrir seðlabankastjóri og ber ábyrgð á starfsemi og rekstri Seðlabanka Íslands og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum bankans sem ekki eru falin öðrum með lögum. Varaseðlabankastjórar leiða málefni bankans á sviðum peningastefnu, fjármálastöðugleika og fjármálaeftirlits. Þessu til viðbótar sinnir Seðlabankinn einnig öðrum viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Bankaráð Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með því að bankinn starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda og er það skipað sjö fulltrúum sem kosnir eru hlutfallskosningu af Alþingi að loknum þingkosningum.



Framhald á næstu opnu

### Peningastefna

Eitt af markmiðum Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi. Það er nánar skilgreint sem 2½% hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum og er það meginviðfangsefni peningastefnunnar. Ákvarðanir um beitingu stjórnætkja Seðlabanka Íslands í peningamálum til að ná þessu markmiði eru teknar af peningastefnunefnd bankans. Peningastefnunefnd tekur ákvarðanir um vexti til að framfylgja peningastefnu bankans. Einnig tekur nefndin ákvarðanir um viðskipti við lánastofnanir, önnur en um lán til þrautavara, um bindiskyldu, viðskipti á gjaldeyrismarkaði og viðskipti með verðbréf sem ætlað er að stuðla að því að markmiðum bankans um stöðugt verðlag verði náð. Ákvarðanir peningastefnunefndar byggjast á vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahagsmálum. Í peningastefnunefnd situr seðlabankastjóri (formaður), varaseðlabankastjóri peningastefnu, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika og tveir ytri sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Peningastefnunefnd fundar a.m.k. sex sinnum á ári og birtir fundargerðir sínar opinberlega og gerir grein fyrir ákvörðunum sínum og forsendum þeirra. Peningastefnunefnd skilar Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar sinnum á ári. Varaseðlabankastjóri peningastefnu leiðir og hefur faglega umsjón með vinnu bankans á sviði peningastefnu og ber ábyrgð á undirbúningi vinnu fyrir peningastefnunefnd. Hagfræði- og peningastefnusvið sér um greiningar á efnahagsmálum, þjóðhags- og verðbólguþá Seðlabankans og áhættumat sem liggja til grundvallar við mótun peningastefnunnar. Einnig er útgáfa ritsins Peningamál í höndum sviðsins og er ritið gefið út fjórum sinnum á ári þar sem mat bankans á stöðu og horfum í efnahagsmálum kemur fram. Framkvæmd peningastefnu Seðlabankans er í höndum markaðsviðskiptasviðs.

*Peningastefnunefnd tekur ákvarðanir um vexti til að framfylgja peningastefnu bankans. Einnig tekur nefndin ákvarðanir um viðskipti við lánastofnanir, önnur en um lán til þrautavara, um bindiskyldu, viðskipti á gjaldeyrismarkaði og viðskipti með verðbréf sem ætlað er að stuðla að því að markmiðum bankans um stöðugt verðlag verði náð.*

*Vaxtaákvarðanir Seðlabankans hafa áhrif á skammtíma- og langtíma vexti, laust fé í fjármálakerfinu, peningamagn í umferð og bankaútlán, gengi gjaldmiðla, eignaverð og síðast en ekki síst væntingar markaðsaðila um framtíðarþróun allra þessara þátta. Allt þetta hefur síðan áhrif á neyslu- og fjárfestingaákvarðanir einstaklinga og fyrirtækja og þar með á heildareftirspurn og svo að lokum á verðbólgu.*



*Bankaráð Seðlabanka Íslands. Efri röð frá vinstri: Una María Óskarsdóttir, Frosti Sigurjónsson, Bolli Héðinsson og Jacqueline Clare Mallett. Neðri röð frá vinstri: Sigurður Kári Kristjánsson, Gylfi Magnússon formaður og Þórunn Guðmundsdóttir.*



Asgeir Jónsson seðlabankastjóri ásamt starfsfólki bankans.

*Undir fjármálastöðugleikasvið heyrir yfirsýn fjármálainnviða. Á sviði greiðslumiðlunar er það hlutverk Seðlabankans að stuðla að öryggi, virkni og hagkvæmni kjarnainnviða íslensks fjármálakerfis, eða kerfislega mikilvægra fjármálainnviða og þar með fjármálastöðugleika. Fjármálainnviði má kalla „pípulagnir“ eða „vegakerfi“ markaðanna og undir það falla m.a. kerfi greiðslujöfnunar, uppgjörs eða skráningar greiðslna, verðbréfa-, afleiðu- og/eða annarra fjármálaviðskipta.*

*Þjóðhagsvarúð miðar að því að viðhalda fjármálastöðugleika sem ólíkt verðstöðugleika er ekki auðmælanlegur þótt augljóst verði um leið og hans nýtur ekki við. Fjármálastöðugleiki felst í að fjármálakerfið búi yfir nægjanlegum viðnámsþrótti til að standa af sér áföll sem verða í efnahagslífinu eða á fjármálamörkuðum.*

### Fjármálastöðugleiki

Annað markmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að fjármálastöðugleika, að fjármálakerfið búi yfir slíkum viðnámsþrótti að það geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Þjóðhagsvarúð tekur til eftirlits með fjármálakerfinu í heild til þess að tryggja fjármálastöðugleika og beitingu tækja til að stemma stigu við kerfisáhættu fremur en áhættu einstakra fyrirtækja. Ákvarðanir um beitingu stjórnækja Seðlabanka Íslands varðandi fjármálastöðugleika eru teknar af fjármálastöðugleikanefnd. Stjórnækki bankans teljast í þessu sambandi meðal annars takmarkanir á fjármálafyrirtæki, s.s. eiginfjárukar umfram kröfur um lágmark eiginfjár sem ætlað er að mæta sértækri áhættu til að mynda vegna stærðar fjármálafyrirtækja eða vegna aðstæðna í hagkerfinu, auk reglna um gjalddeyrisjöfnuð, laust fé og stöðuga fjármögnun. Einnig er hægt að beita almennum takmörkunum á einstaka hópa lánþega, s.s. takmörkunum á leyfilegt veðsetningarhlutfall húsnæðislána, lán í erlendum gjaldmiðlum o.fl. Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar byggjast á mati á ástandi og horfum í fjármálakerfinu og á fjármálamörkuðum, hagkerfinu í heild, kerfisáhættu og viðnámsþrótti gagnvart mögulegum áföllum. Í fjármálastöðugleikanefnd situr seðlabankastjóri (formaður), varaseðlabankastjórnarnir þrír og þrír ytri sérfræðingar í málefnum fjármálamarkaðar eða hagfræði. Ráðherra sem fer með málefni fjármálastöðugleika skipar ytri nefndarmenn til fimm ára í senn. Tilnefndur embættismaður ráðuneytis sem fer með málefni fjármálastöðugleika, skal einnig eiga sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Nefndin fundar að minnsta kosti fjórum sinnum á ári og gerir opinberlega grein fyrir ákvörðunum sínum um beitingu tækja nema ef ætla má að opinber birting geti haft neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika. Fjármálastöðugleikanefnd skilar Alþingi skýrslu um störf sín einu sinni á ári. Varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika leiðir og hefur faglega umsjón með vinnu bankans á sviði fjármálastöðugleika og ber ábyrgð á undirbúningi vinnu fyrir nefndina. Fjármálastöðugleikasvið sér um greiningar, álagspróf Seðlabankans, og mat á kerfisáhættu sem liggja til grundvallar við fundi fjármálastöðugleikanefndar og gefur út ritið Fjármálastöðugleika tvisvar á ári þar sem fram kemur ítarleg úttekt á þjóðhagslegu umhverfi, fjármálamörkuðum og fjármálastofnunum.

### Fjármálaeftirlit

Priðja markmið bankans er traust og örugg fjármálastarfsemi. Það felur m.a. í sér að hafa eftirlit með og framfylgja lögum og reglum um fjármálastarfsemi, meta áhættu í rekstri eftirlitsskyldra aðila og meta hæfi stjórnenda með það að markmiði að fjármálamarkaðurinn sé skilvirkur og njóti trausts til að gegna þjóðhagslegu hlutverki sínu. Fjármálaeftirlitsnefnd tekur ákvarðanir sem Fjármálaeftirlitinu eru faldar samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Meðal ákvarðana sem teknar eru af fjármálaeftirlitsnefnd má nefna ákvörðun um eiginfjárbörð kerfislega mikilvægra banka (stoð II-R), veitingu starfsleyfa til fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga, álagningu stjórnvaldssekta og ákvörðun um kæru til lögreglu vegna brota á lögum þar



Seðlabanki Íslands.


Framhald á næstu opnu →

sem Fjármálaeftirliti er falið að hafa eftirlit með framkvæmd, mat á hæfi aðila til að fara með virkan eignarhlut í kerfislega mikilvægu fjármálafyrirtæki og brottvikningu stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra eftirlitsskylds aðila sem ekki er talinn uppfylla hæfisskilyrði laga. Fjármálaeftirlitsnefnd er skipuð seðlabankastjóra, varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika og þremur sérfræðingum í málefnum fjármála- markaðar sem ráðherra skipar. Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits gegna báðir formennsku í nefndinni en við miðsmunandi kringumstæður. Fjármálaeftirlitsnefnd heldur fundi að jafnaði tíu sinnum á ári. Fjármálaeftirlitsnefnd er heimilt að birta ákvarðanir sínar, í samræmi við gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlits Seðlabankans. Nefndin skal skila Alþingi skýrslu um störf sín einu sinni á ári. Varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits leiðir og hefur faglega umsjón með vinnu bankans á sviði fjármálaeftirlits og ber ábyrgð á undirbúningi vinnu fyrir fjármálaeftirlitsnefnd bankans. Fjármálaeftirlit fer fram á fjórum sviðum; banka, lífeyris og váttrygginga, markaða og viðskiptahátta og lagalegs eftirlits og vettvangsathugana. Framkvæmdastjórar sviðanna bera ábyrgð á faglegri vinnu og koma að undirbúningi ákvarðana sem lagðar eru fyrir fjármálaeftirlitsnefnd. Í ritinu Fjármálaeftirlit er skýrt frá því hvernig Seðlabankinn vinnur að þeim verkefnum sem honum eru falin á sviði fjármálaeftirlits.



#### Markmið Seðlabanka Íslands

| Stöðugt verðlag  | Fjármálastöðugleiki                                   | Traust og örugg fjármálastarfsemi   |
|--|---|---|
| Seðlabanki Íslands skal stuðla að stöðugu verðlagi skilgreint sem 2½% verðbólga á 12 mánuðum | Seðlabanki Íslands skal stuðla að fjármálastöðugleika | Seðlabankinn skal fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög |



### Starfsemi Seðlabankans

Starfsemi Seðlabankans skiptist í sjö fagsvið auk fjögurra stoðsviða og skrifstofu bankastjóra sem sér m.a. um stefnumótun, alþjóðasamskipti, upplýsingamiðlun, reglusetningu og lögfræðiráðgjöf. Fagsvið bankans eru hagfræði og peningastefna, markaðsviðskipti, fjármálastöðugleiki, bankar, lífeyrir og váttryggingar, markaðir og viðskiptahættir og lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir. Stoðsvið bankans eru rekstur, upplýsingatækni og gagnasöfnun, fjárhagur og mannauður. Auk þess starfar í bankanum innri endurskoðandi sem ráðinn er af bankaráði.

### Mannauður

Starfsmenn Seðlabankans voru í lok árs 2020 ríflega 300, 163 karlar og 141 kona. Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna var um 88% og eru flestir þeirra menntaðir á sviði viðskipta- og hagfræði, lögfræði, verkfræði og upplýsingatækni. Seðlabankinn hefur sett sér að fylgja jafnlaunastefnu, að allir starfsmenn njóti jafna launa og sömu kjara og réttinda fyrir sömu störf, og hlaut formlega jafnlaunavottun í janúar 2019. Seðlabankinn leggur áherslu á að starfsmenn hafi tækifæri til að sinna endurmenntun og sækja námskeið, fjölbreytta fræðslu og ráðstefnur á sínu sviði. Þá er það stefna bankans að starfsmenn geti vænst starfsþróunar innan bankans, m.a. með tækifærum til að flytjast milli verkefna.

### Húsnæði

Starfsemi Seðlabanka Íslands flutti í húsnæði við Kalkofnsveg árið 1987 en hornsteinn hafði verið lagður að byggingunni árið áður. Fyrir flutninga hafði Seðlabankinn m.a. deilt rými með Landsbanka Íslands í þremur byggingum við Austurstræti og Hafnarstræti. Byggingin er hönnuð með starfsemi Seðlabankans í huga. Með veggjum sem snúa að Kalkofnsvegi kalla arkitektarnir fram ímynd virkis en húsið stendur á þeim stað þar sem „Batterið“, fallbyssuvirki Jörundar hundadagakonungs, stóð áður. Lögð var áhersla á að byggt væri til langs tíma og er því um að ræða trausta og viðhaldslitla nútímabyggingu. Hún er að hluta klædd með áli og er ein fyrsta bygging af því tagi hér á landi. Á útveggjum lágbyggingar og súlum hábyggingar er gabbrósteinn úr Hoffelli í Hornafirði sem gefur henni sterkt svipmót.



Peningastefnunefnd á árinu 2020. Frá vinstri: Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu, staðgengill formanns, Gylfi Zoëga, prófessor í Háskóla Íslands, Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, formaður, Katrín Ólafsdóttir, dósent í Háskólanum í Reykjavík og Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika.



Fjármálastöðugleikanefnd á árinu 2020. Fremri röð frá vinstri: Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu, Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, formaður, Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, staðgengill formanns og Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits. Standandi frá vinstri eru Tómas Brynjólfsson, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneyti, með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar, Bryndís Ásbjarnardóttir, hagfræðingur hjá Hagstofu Íslands, Guðmundur Kristján Tómasson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fjármálainniðla hjá Seðlabanka Íslands og Axel Hall, lektor í Háskólanum í Reykjavík.



Fjármálaeftirlitsnefnd á árinu 2020: Sitjandi frá vinstri: Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika. Standandi frá vinstri: Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Andri Fannar Bergþórsson, lektor í Háskólanum í Reykjavík og Ásta Þórarinsdóttir hagfræðingur. Seðlabankastjóri tekur sæti í fjármálaeftirlitsnefnd sem formaður nefndarinnar þegar tilteknar ákvarðanir eru til umfjöllunar og er varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits þá staðgengill formanns. Í tilvikum annarra ákvarðana nefndarinnar er varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits formaður hennar og varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika staðgengill hans.



Starfsmenn fyrir jólin 2018. Frá vinstri: Katrín Ýr Pétursdóttir, Sigurbjörg Jóhannsdóttir, Rakel Ósk Jensdóttir, Gunnar Þórir Björnsson, Daði Freyr Einarsson, Fannar Jens Ragnarsson, Jón Fannar Ólafsson, Helgi Barðason, Júlía Sjörup Eiríksdóttir, Pálmi Geir Jónsson, Erla Dögg Ólafsdóttir, Írena Elinbjört Sæðisardóttir, Eyrún Ásgeirsdóttir og Þórleifur Stefán Björnsson.

Allar ljósm. Auðunn Nielsson

## T Plús



Framkvæmdastjóri T Plús er Þórleifur Stefán Björnsson.

### Starfsemi og rekstur

T Plús hf. veitir minni og meðalstórum fjármálafyrirtækjum úrvalspjónustu og góð kjör á bakvinnslulausnum. T Plús er innviðafjármálafyrirtæki sem veitir verðbréfafyrirtækjum, lífeyrissjóðum, tryggingafélögum, sparisjóðum og bönkum þjónustu á sviði verðbréfauppgjör, bókhalds, lífeyrisþjónustu, vörslu verðbréfa og innheimtu skuldabréfa. Velferð T Plús byggir á traustu sambandi við viðskiptavini og þekkingu og færni T Plús til að stuðla að öruggum vexti og viðgangi þeirra. Aðsetur T Plús er í Skipagötu 9 á Akureyri.

### Sérstaða

- T Plús er eina verðbréfafyrirtæki landsins sem sérhæfir sig í þjónustu á sviði bakvinnslu
- T Plús er með aðsetur utan höfuðborgarsvæðisins
- T Plús hefur á að skipta öflugum hópi sérfræðinga – skjót og örugg þjónusta
- Þjónustan skilar sér í fjárhagslegu og rekstrarhagræði fyrir viðskiptavini

### Sagan í stuttu máli

T Plús hf. var stofnað árið 9. október 2009 af Saga Fjárfestingarbanka, Íslenskum verðbréfum og Stapa lífeyrissjóði með það að sjónarmiði að hefja starfsemi á sviði verðbréfauppgjör, þjónustu sem félögin höfðu áður útvistað eða rekið innanhúss. T Plús fékk starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki skv. 5. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 þann 9. desember 2010. Fyrsti starfsdagur félagsins var 1. janúar 2011 og voru viðskiptavinir félagsins þá tveir, Saga Fjárfestingarbanki og Íslensk verðbréf. Í upphafi var aðeins veitt þjónusta sem sneri að því að reka og viðhalda verðbréfakerfum viðskiptavina. Katrín Ýr Pétursdóttir var fyrsti framkvæmdastjóri félagsins og undirbjó stofnun félagsins.

### Starfsfólk og stjórnendur

Verðmæti T Plús felst í þekkingu starfsmanna. Um áramótin 2020/2021 störfuðu 16 manns hjá T Plús hf. Meðalaldur starfsmanna árið 2020 er 36 ár og meðalstarfsreynsla 5 ár. Starfsmenn eru, með einstaka undantekningum, viðskiptafræðingar. Framkvæmdastjóri er Þórleifur Stefán Björnsson og formaður stjórnar er Andri Teitsson.

### Starfsemi félagsins er á tveimur sviðum

#### Vörslu- og uppgjörssvið

Katrín Ýr Pétursdóttir stýrir sviðinu en þar starfa 9 manns.

#### Rekstur verðbréfakerfa

Á vörslu- og uppgjörssviði eru starfrækt fimm verðbréfakerfi (Libra Vog), bæði í eigu viðskiptavina og T Plús. Eigendur kerfanna sem útvistað er til T Plús eru Íslensk verðbréf, Arctica Finance, Íslenskir fjárfestar og Fossar markaðir. Í lok árs 2020 bar T Plús, fyrir hönd sinna

### Hluthafar

Í lok árs 2020 voru hluthafar T Plús hf. orðnir átta.

|                              |        |
|------------------------------|--------|
| Umsýslufélagið Verðandi ehf. | 35,60% |
| Vátryggingafélag Íslands hf. | 15,0%  |
| Festa lífeyrissjóður         | 9,99%  |
| Fossar markaðir hf.          | 9,99%  |
| Reviva Capital S.A.          | 9,99%  |
| Arctica Finance hf.          | 9,85%  |
| Stapi lífeyrissjóður         | 9,09%  |
| Íslensk verðbréf hf.         | 0,45%  |





Starfsemin er háð upplýsingatækni.

viðskiptavina, ábyrgð á uppgjöri 35,85% af veltu hlutabréfa í Kauphöllinni og 34,5% af veltu skuldabréfa. Á árinu 2020 framkvæmdi T Plús að jafnaði um 9.100 færslur í verðbréfakerfunum á mánuði.

### Vörsluþjónusta

T Plús hefur frá árinu 2012 annast vörslu verðbréfa fyrir viðskiptavinum sínum, aðallega lífeyrissjóði og verðbréfasjóði. Í lok árs 2020 nam heildarfjárhæð eigna viðskiptamanna í vörslu 480 milljörðum kr. og hafði þá aukist um 13,2% frá árinu áður.

### Innheimtuþjónusta

T Plús hefur frá árinu 2019 sérhæft sig í frum- og milliinnheimtu fyrir lífeyrissjóði. Í lok árs 2020 var heildar virði lánasafns í innheimtu að upphæð 10-11 milljarða króna. T Plús notast við lánakerfið Libra Loan.

### Sjóða- og lífeyrissþjónusta

Gunnar Þórir Björnsson stýrir sviðinu en þar starfa 6 manns.

### Sjóðþjónusta

Á sviðinu er unnið skv. þjónustusamningum við rekstrarfélög verðbréfasjóða og sjóði sem reknir eru skv. lögum nr. 45/2020. Þjónustan felst í vörslu og uppgjöri eigna sjóða auk afgreiðslu á viðskiptum með hlutdeildarskírteini, en þessi hluti þjónustunnar fer fram á Vörslu- og uppgjörssviði. Í sjóðþjónustu er unnið að uppreikningi efnahags sjóða og að birta gengi þeirra til eigenda hlutdeildarskírteina. Jafnframt heldur sviðið bókhald fyrir sjóðina ásamt því að skila lögbundnum skýrslum til eftirlitsaðila.

### Bókhald

Árið 2020 hóf T Plús að veita stærstu viðskiptavinum sínum þjónustu á sviði bókhalds. Með upp færðum rafrænum lausnum hóf félagið að færa bókhald fyrir verðbréfafyrirtæki og dótturfélög þeirra. Fyrsta árið keyptu fjögur fyrirtæki þessa þjónustu. T Plús skuldbindur sig til að skila fullbúnum ársreikningum til endurskoðenda.

### Lífeyrisþjónusta

Lífeyrisþjónusta hefur verið starfrækt frá árinu 2011 þegar Lífsval sparissjóðanna samdi við T Plús um iðgjaldaskráningu og réttindabókhald fyrir afurðir sínar á sviði viðbótarlífeyrissparnaðar. Síðan þá hefur umfangið aukist nokkuð með tilkomu Kviku banka (áður MP banki) í þjónustu. Starfsemin fer fram að mestu í iðgjaldakerfinu Jóakim.

Gildi T Plús hf. eru frumkvæði, fagmennska og liðsheild



Starfið krefst nákvæmni og mikillar samvinnu starfsmanna.



Herdís Dröfn Fjeldsted, forstjóri.

Meginhlutverk Valitor er að gera kaup og sölu á vöru og þjónustu einfalda, fljótvirka og örugga í senn til þess að söluaðilar geti einbeitt sér áhyggjulaust að þeim hluta viðskiptanna sem þeir þekkja best. Valitor er alþjóðlegt greiðslulausnafyrirtæki sem veitir fjölbreytta þjónustu á sviði færsluhirðingar, greiðslugátta og kortaútgáfu. Höfuðstöðvar Valitor eru á Íslandi en einnig er félagið með starfsstöð í Bretlandi. Starfsemin nær til 28 Evrópulanda með sterkri stöðu á mörkuðum í Bretlandi, á Írlandi, Norðurlöndum og í samevrópskri (e. pan-European) smásöluverslun.

#### Visa Ísland

Visa Ísland var stofnað árið 1983. Stofnfélagar félagsins voru Landsbanki Íslands, Búnaðarbankinn, Samvinnubankinn, Alþýðubankinn og lðnaðarbankinn, auk 13 sparisjóða. Starfsemi félagsins náði upphaflega til færsluhirðingþjónustu fyrir kaupmenn og útgáfu Visa greiðslukorta. Visa Ísland fékk leyfi til að hefja færsluhirðinugu í netviðskiptum í Evrópu (e. Cross Border Acquiring) árið 2003 og hófst þar með alþjóðleg starfsemi félagsins. Árið 2007 urðu breytingar á rekstri félagsins þegar það fékk einnig aðild að MasterCard og hóf þar með færsluhirðingu á MasterCard greiðslukortum. Í kjölfarið á þessum umbreytingum í rekstrinum var nafni félagsins breytt í Valitor.

#### Viðskiptasvið

Valitor færsluhirðir Visa, MasterCard og AMEX greiðslukort og veitir kaupmönnum á Íslandi og Bretlandi greiðsluþjónustu beint, en þjónustar einnig alþjóðlega færslumiðlara sem veita og miðla greiðsluþjónustu áfram til kaupmanna víða um Evrópu. Þá taka útgáfulausnir Valitor til þjónustu og samstarfs við íslenska banka um útgáfu Visa greiðslukorta. Einnig veitir Valitor erlendum samstarfsaðilum útgáfuþjónustu og vinnsluþjónustu á útgáfusviði í Evrópu.


#### Eigendur og stjórnendur

Núverandi eigandi Valitor er Arion banki sem ræður yfir 100% hlutafjár. Forstjóri félagsins er Herdís Dröfn Fjeldsted og stjórnina skipa þau Þór Hauksson, stjórnarformaður, Guðfinna Helgadóttir og Roger Alexander.

#### Valitor og samfélagið

Í upphafi ársins 2021 voru starfsmenn félagsins af u.þ.b. 214 á starfsstöðvum félagsins á Íslandi og í Bretlandi.

Lögð er áhersla á jafnréttismál en kynjahlutfall starfsmanna er nú 53% karlar og 47% konur. Valitor hefur hlotið viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar og gengist undir jafnlaunavottun árlega síðan 2019. Meðalaldur starfsmanna Valitor er 43 ár en meðalstarfsaldur 7,4 ár. Menntun og reynslu hefur starfsfólk sótt víða og hafa 75% háskólapróf.



Valitor skipurit desember 2021.



Lykiltölur í lok árs 2020.



### Gildi Valitor

Valitor leggur mikla áherslu á að starfsfólk þess geti samsamað sig og fylgt gildum fyrirtækisins. Gildi Valitor eru þrjú: **traust, samvinna og framúrskörun**. Dýrmætasta eign fjármálafyrirtækis er traust og trúverðugleiki sem markast ekki síst af jákvæðum siðferðisgildum sem höfð eru í heiðri af öllum starfsmönnum þess. Þannig vill Valitor starfa.





Jafnvægisvogin 2021, Harpa Vífilsdóttir, fjármálastjóri Valitor tók á móti viðurkenningunni úr höndum Elizu Reid.



### Umhverfismál

Á árinu 2020 var samþykkt ný fjarvinnustefna Valitor. Eitt af markmiðum hennar er að draga úr mengun með færri ferðum starfsfólks til og frá vinnu, auk þess að fækka þeim ferðalögum erlendis sem ekki eru talin nauðsynleg.

Það er stefna Valitor að sýna gott fordæmi í umhverfismálum. Markmiðið er að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif rekstrarins með því að leggja rækt við sjálfbærni, hvort heldur sem er í innri og ytri starfsemi. Frá því í nóvember 2015 hefur Valitor verið aðili að loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar. Síðan árið 2017 hefur Valitor unnið með markvissum hætti að því að draga úr kolefnisspori félagsins.





Höfuðstöðvar KEA, Glerárgötu 36.

KEA



Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA.

Þann 19. júní 1886 var boðað til fundar um verslunarmál að bænum Grund í Eyjafirði. Árferði hafði verið skaplegt og bændur sem riðu til fundarins voru hvorki hlekkjaðir í klafa skulda né óslítandi verslunarsambanda. Þeir höfðu töluverða reynslu af því að leita eftir bestu kjörum og fullan hug á að taka málin í sínar hendur til að fá sanngjarnt verð fyrir afurðir sínar og viðunandi verð á innfluttri vöru. Einokunarverslun hafði verið afnumin í landinu árið 1854 og í framhaldi af því höfðu víða verið þreifingar um breytta viðskiptahætti og kjör. Niðurstaða fundarins á Grund var sú að stofna pöntunarfélag og skipa fyrir það bráðabirgðastjórn sem í sátu valinkunnir góðbændur. Þegar um haustið kom fyrsti vörfarmur pöntunarfélagsins til Akureyrar frá Englandi og með skipinu fór aftur talsvert af sauðfé á fæti. Saga KEA var hafin.

Félagið styrktist verulega á fyrstu áratugum starfseinnar, með 24 félagsdeildir sem náðu yfir allar byggðir í Eyjafirði, uppsveitir Þingeyjarsýslu og ein deild var í Skagafirði. Það rak verslun á Akureyri, Dalvík, Grenivík, Hrísey og Ólafsvirði. Átti sláturhúsi á öllum þessum stöðum nema í Hrísey og rak ýmiskonar iðnaðar- og framleiðslustarfsemi á Akureyri og víðar.

### Starfsemin

Miklar breytingar hafa orðið í starfsmannafjölda kaupfélagsins í gegnum tíðina. Í lok þriðja áratugar síðustu aldar voru þeir um 20 talsins en þegar flest var á níunda áratugnum voru þeir orðnir talsvert á annað þúsund. Í langri sögu kaupfélagsins er að finna starfsemi af ýmsum toga sem í sumum tilvikum fylgdi félaginu um margra áratuga skeið. Auk þess að vera með stóra aðalskrifstofu við Hafnarstræti á Akureyri tengdist félagið eða hafði sjálf með höndum rekstur á blómabúð, bifreiðadeild, brauðgerð, byggingavörudeild, efnagerðinni Flóru, efnaverksmiðjunni Sjöfn, fóðurvörudeild, garðræktarfélagi, versluninni Gránu, verslun á Hjalteyri, Hótel KEA, Kaffibrennslu Akureyrar, kaffibætisgerðinni Freyju, kjötiðnaðarstöð, lífeyrissjóði, matvörudeild, mjólkursamlagi, fiskvinnslufélaginu Nyrði, olíusöludeild, plasteinangrun, raflagnadeild, skipaafgreiðslu, skipasmíðastöð, sláturhúsi, smjörlíkisgerð, apóteki, Söltunarfélagi Dalvíkur, Útgerðarfélagi KEA, Útgerðarfélagi KEA í Hrísey, váttryggingadeild, véladeild, Vélsmiðjunni Odda, Vöruhúsi KEA, bifreiðaverkstæðinu Þórshamri, þvottahúsinu Mjöll og útibú var félagið með á Dalvík, Grenivík, í Grímsey, á Hauganesi, í Hrísey, á Ólafsvirði og Siglufirði. Um árabíl var öflugt starfsmannafélag innan kaupfélagsins sem m.a. átti og rak sumarbústaði og sérstakur lífeyrissjóður KEA starfaði í rúma sex áratugi.

### Reksturinn

Í lok síðustu aldar tók að bera á verulegum rekstrarerfiðleikum fyrirtækja í landinu og setti það mark sitt á rekstur Kaupfélags Eyfirðinga. Árið 2001 var stofnað fjárfestingafélagið Kaldbakur um eignir og skuldbindingar KEA og samhliða var samvinnufélaginu KEA mörkuð stefna um að vinna sérstaklega að hagsmunum félagsmanna. Árið 2004 var fjárfestingarfélagið



Miðbæjarsvæðið eftir miðja síðustu öld.



Samgöngumáti fyrir tíma í Gilinu.

Kaldbakur selt og við það losaði KEA fjármuni til nýrra framtíðarverkefna á félagssvæðinu; var orðið skuldlaust samvinnufélag með mikinn fjárhagslegan styrk sem hafði ekki lengur með höndum fjölpættan atvinnurekstur.

### Hlutverk

Á 120 ára afmæli félagsins árið 2006 var nafni þess formlega breytt úr Kaupfélag Eyfirðinga í KEA til að undirstrika breytt hlutverk félagsins, sem nú var orðið fjárfestingafélag. Á næstu árum fjárfesti KEA í mörgum fyrirtækjum sem flest voru með atvinnustarfsemi á félagssvæðinu. Þótt starfsmenn fjárfestingafélagsins væru aðeins fjórir, voru starfsmenn þeirra atvinnufyrirtækja sem KEA átti nú eignarhluti, í nokkur hundruð. Auk þess kom KEA að ýmsum samfélagslegum verkefnum. Á árinu 2006 var gefið út sérstakt KEA-kort fyrir félagsmenn sem veitir afslætti hjá fjölmörgum fyrirtækjum á starfssvæðinu.

### Félagsmenn

Félagsmenn eru nú 22 þúsund í fimm félagsdeildum og er það langmesti fjöldi félagsmanna í sögu félagsins sem er nú jafnframt fjölmennasta samvinnufélag á Íslandi. Heildareignir félagsins í ársbyrjun 2020 voru rúmir 8 milljarðar króna og eiginfjárlutfall 97%, félagið var nánast skuldlaust og með tæplega 3 milljarða króna í lausu fé. KEA er fjárfestingafyrirtæki sem veitir eigendum sínum ávinning í formi betri viðskiptakjara og ávöxtunar eigna fyrirtækisins með arðbærum fjárfestingum sem nýtast til að efla atvinnulíf og samfélag á félagssvæði sínu. Því má með sanni segja að KEA haldi fullum trúnaði við uppruna sinn og meginstef í starfsemi félagsins frá stofndeggi og til þessa dags.



Fyrrum höfuðstövar Kaupfélags Eyfirðinga við Hafnarstræti.



Hvað getum við lært um mótun lífeyriskerfa af alþjóðasamfélaginu? Málþing 2018. Frá vinstri: Þórey S. Þórðardóttir, Ásdís Eva Hannesdóttir, Elin Björg Jónsdóttir, Gylfi Arnbjörnsson, Hannes G. Sigurðsson, Ólafur Sigurðsson og Tómas Njáll Möller.

## Landssamtök lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa innan vébanda sinna alla lífeyrissjóði á Íslandi, alls 21 sjóð. Greiðandi sjóðfélagar voru um 223.000 í árslok 2021 og um 51.000 manns fengu þá greidd eftirlaun úr sjóðunum.

Eignir lífeyrissjóða námu alls um 6,7 milljörðum króna í lok árs 2021. Raunávöxtun eigna var að jafnaði 6,6% á áratugnum 2012-2021, vel yfir 3,5% viðmiði sjóðanna.

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð undir lok árs 1998 þegar lífeyrissjóðir í Landssambandi lífeyrissjóða (stofnað 1964) annars vegar og Sambandi almennra lífeyrissjóða – SAL (stofnað 1973) sameinuðust í ein heildarsamtök.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri SAL, var fyrsti framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða og Þórey S. Þórðardóttir tók við af honum árið 2011.

### Lífeyrissjóðum fjölgaði mjög og fækkaði svo hratt

Lífeyrissjóðir landsmanna voru hátt í hundrað talsins þegar flestir voru á síðasta fjórðungi 20. aldar. Þeim fækkaði síðan mjög á fáum áratugum og voru alls um fimmtíu þegar Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 1998. Lífeyrissjóðum fækkaði fyrst og fremst með sameiningum sem ákveðnar voru í ranni sjóðanna sjálfra en ekki með „valdboði að ofan“.

Síðasta sameiningin af þessu tagi (þegar þetta er skrifað 2022) átti sér stað árið 2016 þegar Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Stafir lífeyrissjóður voru lagðir niður og til varð Birta lífeyrissjóður, fjórði stærsti lífeyrissjóður landsmanna í eignum talið.

Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða eru vissulega 21 talsins en þá ber þess að geta að þar af eru 3 sjóðir „lokaðir“. Það þýðir að þessir sjóðir taka ekki við inngreiðslum heldur greiða aðeins út þar til hlutverki þeirra lýkur. „Virkir“ lífeyrissjóðir á Íslandi eru því alls 18 á árinu 2022.

### Sögubrot

Þess var minnst á árinu 2019 að 50 ár voru þá liðin frá því skylduaðild að lífeyrissjóðum var samþykkt í kjarasamningum heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði.

Svo vildi til að hægt var að halda upp á það í leiðinni að ein öld var liðin frá því grunnur var lagður að lífeyrissjóðakerfinu á Íslandi því árið 1919 var lífeyrissjóður embættismanna settur á laggir, fyrsti eiginlegi lífeyrissjóður Íslendinga. Á eftir komu lífeyrissjóðir barnakennara og ekkjutryggingar embættismanna. Síðan fylgdu lífeyrissjóðir Landsbankans, Útvegsbankans, ljósmæðra og hjúkrunarkvenna.



Ásgeir Jónsson og Hersir Sigurgeirsson, höfundar bókar um tengsl lífeyrissparnaðar, greiðsludreifinga og erlenda fjárfestinga sem Landssamtök lífeyrissjóða gáfu út 2014.





Verða lífeyrissjóðir of stórir fyrir Ísland? Málstofa 2018.  
Frá vinstri: Már Guðmundsson, Gylfi Magnússon,  
Jón Þór Sturluson, Þorbjörn Guðmundsson og  
Fanney Birna Jónsdóttir.

Framhald á næstu opnu →



Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða 2021-2022.  
Efsti röð: Hilmar Harðarson, Gylfi Jónasson, Arnaldur  
Loftsson og Erla Jónsdóttir.  
Miðri röð: Halldóra Káradóttir, Harpa Jónsdóttir, Ingibjörg  
Ólafsdóttir og Jón Ólafur Halldórsson.  
Neðsti röð: Valmundur Valmundsson, Erla Ósk Ásgeirsdóttir,  
Hulda Rós Rúnisdóttir og Sigurbjörn Sigurbjörnsson.



Lífeyrissjóðir stofna Framtakssjóð Íslands á jólaþósti 2009.

Skylduáðild að lífeyrissjóðum varð að lögum 1974 og 1980 náði hún líka til sjálfstætt starfandi fólks og til stjórnenda í atvinnulífínu eða með öðrum orðum til allra á íslenskum vinnumarkaði.

Tekist var á um stjórnaryfirkomulag lífeyrissjóða í kjarasamningunum 1969. Niðurstaðan varð sú að í stjórnum sjóðanna skyldu vera jafnmargir fulltrúar launafólks annars vegar og atvinnurekenda hins vegar. Þetta fyrirkomulag hefur haldist alla tíð síðan þá og reynst farsælt.

Landssamtök lífeyrissjóða eru sameiningartákn lífeyrissjóðakerfisins og málsvari þess út á við. Á vettvangi þeirra er umfangsmikil starfsemi sem varðar sameiginleg hagsmunamál sjóðfélaga og sjóðanna sjálfra.

Forystufólk í lífeyrissjóðakerfisins skynjar vel að mjög er horft til þess og margt í skipulagi og starfsemi íslenskra lífeyrissjóða þykir vera til eftirbreytni annars staðar í veröldinni. Þetta fékkst staðfest í alþjóðlegri könnun sem Ísland tók í fyrsta sinn þátt í árið 2021 og kennd er við Mercer lífskjaravísitöluna. Þar voru borin saman lífeyriskerfi í 43 ríkjum og íslenska kerfið varð í efsta sæti í þeim samanburði.

### Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða 2022

| Lífeyrissjóður                                  | Hrein eign 31.12.2020 | % af heildareignum |
|---|-----------------------|--------------------|
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins             | 1.167.885.627         | 20,4%              |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna                   | 1.013.229.024         | 17,7%              |
| Gildi - lífeyrissjóður                          | 764.133.360           | 13,4%              |
| Birta lífeyrissjóður                            | 491.394.054           | 8,6%               |
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn                       | 334.610.746           | 5,8%               |
| Almennir lífeyrissjóðurinn                      | 309.560.381           | 5,4%               |
| Stapi lífeyrissjóður                            | 295.868.100           | 5,2%               |
| Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga    | 287.840.856           | 5,0%               |
| SL lífeyrissjóður                               | 208.365.451           | 3,6%               |
| Festa - lífeyrissjóður                          | 206.572.972           | 3,6%               |
| Lífsvær lífeyrissjóður                          | 123.035.136           | 2,2%               |
| Íslenski lífeyrissjóðurinn                      | 117.583.456           | 2,1%               |
| Lífeyrissjóður bankamanna                       | 91.089.848            | 1,6%               |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar    | 87.082.961            | 1,5%               |
| Lífeyrissjóður Vestmannaeyja                    | 70.384.067            | 1,2%               |
| Eftirlaunasjóður atvinnuflugmanna EFÍA          | 49.869.005            | 0,9%               |
| Lífeyrissjóður bænda                            | 40.377.896            | 0,7%               |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands | 26.035.323            | 0,5%               |
| Lífeyrissjóður Rangæinga                        | 16.268.547            | 0,3%               |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar       | 13.490.104            | 0,2%               |
| Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands          | 7.869.303             | 0,1%               |
|   | <b>5.722.546.216</b>  | <b>100%</b>        |



Lífeyrissjóðafólk í þungum þönkum í efnahagshruninu í október 2008.



Fundarhlé í höfuðstöðvum Landssamtaka lífeyrissjóða til að hlýða á boðskap Geirs H. Haarde forsætisráðherra í efnahagshruninu 2008.



Lífeyrissjóðir stofna Framtakssjóð Íslands á jólafestu 2009.



Á ársfundi Landssamtaka lífeyrissjóða 2009.



Starfsmenn Brúar árið 2019.

## Brú - Lífeyrissjóður



Stjórn LSS, 1998-2002.

### Stofnendur og stjórnendur

Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga er lífeyrissjóður fyrir fólk sem starfar hjá sveitarfélögunum. Hann hét áður Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga en skipt var um heiti sjóðsins í júní 2016. Sjóðurinn var stofnaður 28. júlí 1998 með samningi á milli BHM, BSRB og Kennarasambands Íslands fyrir hönd hlutaðeigandi stéttarfélaga annars vegar og hins vegar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Eldri lífeyrissjóðum sveitarfélaga var lokað á sama tíma fyrir nýja sjóðfélaga.

Starfsmenn sveitarfélaga sem eru í BSRB, BHM og KÍ eiga kjarasamningsbundna aðild að sjóðnum. Þeir geta valið um að vera í annað hvort A deild eða V deild. Fulltrúar stofnaðila eiga sæti í stjórn sjóðsins og allir sjóðfélagar eiga rétt á setu á ársfundum lífeyrissjóðsins með málfrelsi og tillögurétt um hvaðeina er varðar starfsemi sjóðsins.

Í kjölfar stofnunarinnar var ráðinn til sjóðsins framkvæmdastjóri, til að annast undirbúningsvinnu við starfsemi hans og hófst eiginleg starfsemi um miðjan desember 1998 en sjóðurinn tók við framlögum launagreiðenda frá 1. júlí 1998.

Samkvæmt samþykktum sjóðsins er stjórn sjóðsins skipuð sex einstaklingum og hefur svo verið frá upphafi. Samband íslenskra sveitarfélaga skipar þrjá stjórnarmenn, BSRB skipar tvo og Bandalag háskólamanna skipar einn. Sömu aðilar skipa jafnframt jafnmarga einstaklinga til vara. Skipunartími stjórnarmanna er fjögur ár og stjórnin kýs formann úr sínum hópi til tveggja ára í senn.

Fyrsta stjórn sjóðsins var þannig skipuð að stjórnarformaður var Karl Björnsson, aðrir stjórnarmenn voru Elín Björg Jónsdóttir, Helga Jónsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir, Gunnar Rafn Sigurbjörnsson og Sjöfn Ingólfssdóttir.

Fyrsti framkvæmdastjóri sjóðsins var Jón G. Kristjánsson og var hann framkvæmdastjóri sjóðsins til júní loka 2014 en þá lét hann af störfum sökum aldurs. Þann 1. júlí 2014 tók Gerður Guðjónsdóttir við sem framkvæmdastjóri sjóðsins en hún var áður í stjórn sjóðsins og formaður endurskoðunarnefndar.

Núverandi stjórn tók til starfa í lok árs 2018. Hana skipa Garðar Hilmarsson stjórnarformaður, Benedikt Þór Valsson varaformaður, Auður Kjartansdóttir, Halldóra Káradóttir, Sonja Ýr Þorbergsdóttir og Þorkell Heiðarsson.

### Sameiningar og rekstur annarra lífeyrissjóða

Allt frá árinu 1999 hefur sjóðurinn annaðist rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og frá árinu 2000 sá sjóðurinn um rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurborgar og Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar. Á árinu 2004 var Eftirlaunasjóður slökkviliðsmanna á Keflavíkurlflugvelli sameinaður inn í A deild sjóðsins. Í ársbyrjun 2007 tók sjóðurinn við rekstri Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar og árinu 2010 var gengið frá samningi við Kópavogsbæ um rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar. Í ársbyrjun 2012 tók sjóðurinn við rekstri Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar.



Stjórn Brúar. Efri röð frá hægri: Benedikt Valsson, varaformaður, Þorkell Heiðarsson, Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri  
Neðri röð frá hægri: Auður Kjartansdóttir, Halldóra Káradóttir, Sonja Ýr Þorbergsdóttir, Garðar Hilmarsson, formaður stjórnar,  
Birna Bjarnþórsdóttir, ritari stjórnar.

Framhald á næstu opnu →

Á miðju ári 2013 náðist mikill áfangi þegar fimm lokaðir lífeyrissjóðir með bakábyrgð sveitarfélaga sameinuðust inn nýja deild hjá sjóðnum sem heitir B deild. Fjórir þessara sjóða voru reknir af sjóðnum fyrir sameiningu þ.e.: Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkur og Lífeyrissjóður Neskaupstaðar en fimmti sjóðurinn í sameiningunni var Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar. Lykilforsenda sameiningar var að öll réttindi sjóðfélaga héldust óbreytt og bakábyrgð sveitarfélagana aðskilin. Ávinningurinn við sameiningu var mikill bæði ef horft er til kostnaðar og framlegðar stjórnar- og starfsmanna. Sameiningar inn í B deild hafa haldið áfram en á árinu 2017 sameinaðist Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar inn í deildina og Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar ári síðar.

### Starfsemi sjóðsins, skipulag og sérstaða

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Í upphafi fólst meginstarfsemi sjóðsins í rekstri þriggja deilda, tveggja samtryggingadeilda annars vegar A deildar sem veitti föst réttindi óháð aldri og V deildar sem veitti aldurstengd réttindi og bauð sjóðfélögum sínum ýmsa valmöguleika í samtryggingu og hins vegar séreignardeildar þ.e. S deildar sem bauð sjóðfélögum sínum upp á þrjár leiðir í séreignasparnaði.

Frá upphafi var séreignadeild sjóðsins útvistuð hjá Arion banka (áður Kaupþings banka) en í kjölfar stefnumótunarvinnu stjórnar á árinu 2015 var tekin ákvörðun að leggja áherslu á rekstur samtryggingardeildanna og loka séreignadeildinni og voru eignir sjóðfélagar færðar yfir til annarra séreignasjóða eftir eigin vali sjóðfélaga.

Segja má að Brú lífeyrissjóður sé einn flóknasti lífeyrissjóður landsins sem má skýra af samsetningu hans en núna starfrækir Brú lífeyrissjóður þrjár samtryggingardeildir og hjá sjóðnum eru rekin alls 10 réttindasöfn, þ.e. A deild, V deild og B deild. Innan B deildar eru 7 réttindasöfn. Þá er Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar einnig í rekstrarumsjón hjá sjóðnum.

Með greiðslu iðgjalda afla sjóðfélagar sér réttinda til eftirlauna, makalífeyris, barnalífeyris og örorkulífeyris en réttindaávinnslan er mismunandi eftir deildum.

#### A deild

Aðild að A deild sjóðsins hafa starfsmenn sveitarfélaga og stofnana þeirra sem eru félagsmenn í BSRB, Bandalagi háskólamanna og Kennarasambandi Íslands. Réttindaöflun A deildar var jöfn ávinnsla eða 1,9% á ári yfir starfsævina og óháð aldri en breyting varð á réttindaöflun eftir 1. júní 2017 vegna breytinga á lögum. Réttindaávinnslan er nú aldurstengd sem þýðir að sjóðfélagar njóta ávinnings eftir því hversu lengi iðgjöld þeirra ávaxtast. Góð ávöxtun eigna skilar sér í auknum réttindum en eins ber sjóðnum að skerða réttindi ef eignir duga ekki fyrir skuldbindingum. Áhrif breytinganna hafa mismunandi áhrif á réttindi sjóðfélaga þ.e. hvort þeir voru í sjóðnum fyrir breytingarnar, byrjuðu í sjóðnum eftir breytingar eða



Starfsfólk á námskeiði.

voru orðnir sextíu ára eða komnir á lífeyri fyrir breytingarnar. Iðgjald í A deild er nú 15,5%, sjóðfélagi greiðir 4% og launagreiðandi greiðir mótframlag 11,5%.

#### V deild

V deild er öllum opin og veitir sambærileg réttindi og lífeyrissjóðir í almenna lífeyrissjóðskerfinu. Þeir sem eru í A deild geta valið að fara í V deild, en ekki er hægt að fara úr V deild í A deild. Réttindaávinnsla V deildar er aldurstengd og eru réttindin því háð aldri, iðgjaldi og ávöxtun. Góð ávöxtun eigna skilar sér í auknum réttindum en eins ber sjóðnum að skerða réttindi ef eignir duga ekki fyrir skuldbindingum. Meginreglan er að iðgjald nemi 12% af greiddum launum, sjóðfélagi greiðir 4% og launagreiðandi greiðir mótframlag 8%, sem tryggir grunnréttindi en iðgjald umfram það telst viðbótariðgjald sem sjóðfélagi getur ráðstafað í séreignarsparnað.

#### B deild

Eins og fram hafa komið hafa sjö sveitarfélagsjóðir sameinast í B deild sjóðsins. Allir þessir sjóðir voru lokaðir sjóðir, þ.e. þeir hættu að taka við nýjum sjóðfélögum þegar lífeyriskerfinu var breytt með lagasetningu árið 1998. Virkum sjóðfélögum sem greiða iðgjöld til sjóðsins fækkar því með tímanum en að sama skapi fjölga þeim sem fá greiddan lífeyri.

Almennt er réttindaávinnsla í B deild 2% á ári af dagvinnulaunum fyrir fullt starf. Hlutastarf skilar hlutfallslegum réttindum. Þeir sem vinna minna en 50% starf eiga ekki aðild að B deild. Réttindi eru tryggð með bakábyrgð launagreiðenda.

#### Breytingar og framtíðarsýn

Á undanförunum árum hafa orðið miklar breytingar hjá sjóðnum. Lögð hefur verið áhersla á þróun og innleiðingu stafræna lausna í starfsemi sjóðsins sem hefur gert góða þjónustu við sjóðfélaga enn betri og aukið hagkvæmni í rekstri. Sjóðurinn mun leggja enn frekari áherslu á slíkar lausnir, bæði í lánamálum og lífeyri. Allar umsóknir sjóðsins eru eingöngu rafrænar og hafa verið þannig frá árinu 2017. Þá hefur sjóðurinn tekið í notkun ný upplýsingakerfi og þróað líkön til að bæta upplýsingagjöf til sjóðfélaga, stjórnar og stjórnenda. Markmið sjóðsins er að vera í forystu með fagleg vinnubrögð og góðri upplýsingamiðlun til sjóðfélaga og annarra hagaðila. Samfélagsleg ábyrgð er höfð að leiðarljósi í rekstri sjóðsins og fjárfestingum. Sjóðurinn er einnig vakandi fyrir umhverfi sínu og þeim þáttum sem hafa áhrif á skuldbindingar sjóðsins.

#### Aðsetur

Á árunum 1999 til 2009 var sjóðurinn til húsa að Vegmúla 2. Á árinu 2009 keypti sjóðurinn skrifstofuhúsnæði að Sigtúni 42 og hefur skrifstofa sjóðsins verið þar síðan.



Áfram Ísland.



Jólapeysudagur árið 2017.

### Mannauður og starfsmannafjöldi

Sjóðurinn hefur á að skipa afar hæfu starfsfólki en hjá sjóðnum starfa 29 manns. Starfsfólkið býr yfir góðri reynslu og þekkingu sem gagnast vel þegar sinna þarf krefjandi verkefnum. Þá er starfsfólk sjóðsins afar frjósamt en á árinu 2019 eignaðist fimmti hver starfsmaður sjóðsins barn. Vel að verki staðið að, á innan við 30 manna vinnustað var Íslandi séð fyrir 6 nýjum þegnum á sama árinu.



Bleikur dagur.



Skrifstofur Gildis-Lífeyrissjóðs eru í Guðrúnartúni 1 í Reykjavík.  
Ljós. Lárus Karl Ingason.

## Gildi - Lífeyrissjóður



Árni Guðmundsson hefur verið framkvæmdastjóri Gildis frá stofnun sjóðsins. / Ljós. RAX.

Gildi-Lífeyrissjóður varð til árið 2005 við sameiningu Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna. Aðdragandi sameiningarinnar var skammur, eða rúmt ár, því að í apríl 2004 gerðu stjórnir sjóðanna tveggja með sér samkomulag um að láta kanna hagkvæmni sameiningar. Skipuð var viðræðunefnd og í kjölfar vinnu hennar var sameining samþykkt á ársfundum Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna, sem haldnir voru 27. apríl 2005. Að ársfundunum loknum var haldinn stofnfundur þar sem samþykkt var að nýr sjóður fengi nafnið Gildi-Lífeyrissjóður og að hann tæki formlega til starfa 1. júní 2005. Árni Guðmundsson var í framhaldi ráðinn framkvæmdastjóri.

Fyrsti stjórnarformaður Gildis var Ari Edwald, og í ávarpi hans til sjóðfélaga í ársskýrslu sjóðsins að loknu fyrsta starfsári sagði um sameininguna. „Ég ætla að það sé nú þegar mat flestra að sameining sjóðanna hafi verið mikið gæfuspor.“ Ari talaði í ávarpi sínum um mikilvægi þess að styrkja hæfni sjóðsins til eignastýringar í flóknu umhverfi þar sem stærri hluti eigna sjóðsins muni þurfa að ávaxtast erlendis og þróuðum áhættuvörnum þurfi að beita. „Síðast en ekki síst er stefnt að því að sjóðurinn veiti góða þjónustu og að rekstur hans sé eins hagkvæmur og frekast er kostur.“ Sagði hann einnig.

Eins og áður sagði var Ari Edwald fyrsti stjórnarformaður hins nýja sjóðs en. Auk hans sátu eftirtaldir fulltrúar í fyrstu stjórn Gildis:

*Helgi Laxdal, varaformaður, Friðrik J. Arngrímsson, Höskuldur H. Ólafsson, Konráð Alfreðsson, Sigurður Bessason, Sveinn Hannesson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir.*

Í lok maímánaðar árið 2014 leitaði stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga til stjórnar Gildis og óskaði eftir formlegum viðræðum um samruna sjóðanna. Stjórn Gildis varð við beiðninni og eftir viðræður sem fóru fram síðsumars var samrunasamningur samþykktur í stjórnnum beggja sjóða 19. september. Sameining sjóðanna öðlaðist gildi 1. janúar 2015. Í ávarpi Þorsteins Víglundssonar, þáverandi stjórnarformanns, í ársskýrslu sjóðsins fyrir árið 2015 sagði m.a.: „Sameiningin hefur gengið vel fyrir sig og er það trú mín að hún verði til hagsbóta fyrir sjóðfélaga. Ljóst er að rekstur smærri lífeyrissjóða er hlutfallslega nokkuð dýrari en stærri sjóða á borð við Gildi og munu fyrrum sjóðfélagar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga njóta nokkurs hagræðis af sameiningunni. Sameinaður sjóður stendur sterkari á eftir.“

### Traustur grunnur

Ef horft er ennþá lengra aftur í tímann má sjá að Gildi-Lífeyrissjóður byggir á gömlum en traustum grunni. Lífeyrissjóður sjómanna var stofnaður með lögum í júní 1958 og hóf starfsemi sama ár. Aðdragandinn að stofnun sjóðsins var sá að árið 1957 kom til mikillar kjaradeilu milli togarasjómannna og útvegsmanna. Til þess að miðla málum í deilunni og koma í veg fyrir beina kauphækkun eða verkfall komst ríkisstjórnin að samkomulagi við Sjómannafélag Reykjavíkur og hét að beita sér fyrir því að stofnaður yrði sérstakur lífeyrissjóður fyrir togarasjómenn gegn því að þeir segðu ekki upp kaup- og kjarasamningum.





Fyrsta stjórn Gildis sem starfaði frá ársfundi 2005 til ársfundar 2006. / Ljósmynd: Jóhannes Long.

Lífeyrissjóðurinn Framsýn hóf starfsemi sína þann 1. janúar árið 1996 en hann varð til við sameiningu Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar og Framsóknar, Lífeyrissjóðs Hlífar og Framtíðarinnar, Lífeyrissjóðs Sóknar, Lífeyrissjóðs verksmiðjufólks, Lífeyrissjóðs Félags starfsfólks í veitingahúsum og Almenns lífeyrissjóðs iðnaðarmanna. Allir þessir sjóðir áttu sér langa og áhugaverða sögu.


Framhald á næstu opnu →

### Gildi í tölum

Heildareignir Gildis hafa aukist hratt frá stofnun sjóðsins árið 2005. Við lok fyrsta starfsárs námu þær rúmlega 181 milljarði króna en þær námu við lok ársins 2019 ríflega 661 milljarði króna. Ástæðan fyrir þessum mikla vexti liggur ekki síst í góðri ávöxtun en hrein nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2019 nam til að mynda 15,1% á meðan hrein raunávöxtun nam 12,1%. Í lok árs 2019 nam hrein raunávöxtun að meðaltali tíu árin þar á undan 5,3% og 3,6% ef tuttugu ára tímabil var skoðað. Ávöxtun skiptir sjóðfélaga augljóslega miklu máli en ávöxtun og sterkir innviðir gera Gildi að öflugum bakhjarli sjóðfélaga sinna.

### Stærð og umfang

Þegar stærð lífeyrissjóða er metin er yfirleitt horft á hreinar eignir þeirra. Út frá þeim mælikvarða er Gildi þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins með, eins og áður hefur komið fram, ríflega 661 milljarða króna eignir í árslok 2019. Aðeins LSR og Lífeyrissjóður verzlunarmanna voru stærri í eignum talið á þessum tíma. En eignasafnið segir aðeins hluta sögunnar. Fjöldi sjóðfélaga hefur einnig talsvert að segja, enda þarf að halda utan um réttindi allra þeirra sem eiga réttindi hjá sjóðnum, innheimta iðgjöld virkra sjóðfélaga, afgreiða umsóknir þeirra sem vilja hefja töku lífeyris, veita lán og margt fleira. Fjöldi þeirra sem eiga einhver réttindi hjá sjóðnum var 242.048 í árslok 2019. Enginn lífeyrissjóður kemst þarna nálægt Gildi en næst stærstur í þessu samhengi er Lífeyrissjóður verzlunarmanna þar sem rétt tæplega 175 þúsund sjóðfélagar eiga réttindi. Ef starfsemin er skoðuð út frá fjölda virkra sjóðfélaga annars vegar og hins vegar þeirra sem fá greiddan lífeyri frá sjóðnum er Gildi næst stærsti lífeyrissjóður landsins. Virkir sjóðfélagar, þ.e. þeir sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2019, voru alls um 35.200 talsins og um 24.500 fengu greiddan lífeyri frá sjóðnum sama ár.





Stjórn Gildis í lok árs 2020. / Ljósni. Lárus Karl Ingason.

### Stjórn og aðildarfélög

Átta skipa stjórn Gildis-Lífeyrissjóðs, fjórir eru kjörnir fyrir hönd sjóðfélaga og fjórir tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins. Varamenn í stjórn eru fjórir og eru þeir kosnir eða skipaðir í sömu hlutföllum af sjóðfélögum eða Samtökum atvinnulífsins. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og er helmingur sæta stjórnarmanna og varamanna undir árlega.

Fulltrúar sjóðfélaga og vinnuveitanda gegna formensku stjórnar til skiptis í eitt ár í senn. Stjórnin fer með yfirstjórn sjóðsins og fjallar hún um allar meiriháttar ákvarðanir er varða stefnumótun og starfsemi Gildis.

Eftirtaldir áttu sæti í stjórn Gildis í byrjun árs 2020:

*Gylfi Gíslason, stjórnarformaður, Stefán Ólafsson, varaformaður, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Freyja Önundardóttir, Guðmundur Ragnarsson, Ingibjörg Ólafsdóttir, Margrét Birkisdóttir og Sverrir Sverrisson*

Tíu stéttarfélög eiga aðild að sjóðnum og er öllum atvinnurekendum með rekstur í þeim starfsgreinum sem félögin hafa gert kjarasamning um skylt að greiða lífeyrisiðgjöld starfsmanna sinna til Gildis.

Félögin sem eiga aðild að Gildi eru:

*Bifreiðastjórafélagið Sleipnir*

*Efling stéttarfélag*

*Félag hársnyrtisveina*

*Félag járníðnaðarmanna á Ísafirði*

*Félag skipstjórnarmanna*

*Sjómannafélag Íslands*

*Sjómannasamband Íslands*

*VM Félag vélstjóra og málmæknimanna*

*Verkalýðsfélagið Hlíf*

*Verkalýðsfélag Vestfirðinga*

*Ásamt stéttarfélagunum tíu eiga Samtök atvinnulífsins aðild að Gildi.*

### Starfsemin

Gildi er í grunninn hefðbundinn lífeyrissjóður sem hefur þrjú meginhlutverk að taka við iðgjöldum, ávaxta fjármuni sjóðfélaga og greiða þeim síðan út lífeyri.

Yfirstjórn Gildis samanstendur af framkvæmdastjóra, forstöðumanni eignastýringar sem einnig er staðgengill framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra. Yfirstjórn stýrir daglegum rekstri sjóðsins í umboði stjórnar. Rekstur sjóðsins skiptist til viðbótar í fjórar megindeildir auk stoðdeilda. Iðgjaldadeild sér um að taka á móti og innheimta iðgjöld sjóðfélaga. Einnig sér deildin um að innheimta iðgjöld nokkurra stéttarfélaga sem eiga aðild að sjóðnum. Í iðgjaldadeild störfuðu í byrjun árs 2020 fimm starfsmenn. Fimm starfsmenn auk forstöðumanns vinna við eignastýringu sem sér um að ávaxta eignir sjóðsins. Lífeyrisdeild, þar sem fimm starfa,



Starfsfólk Gildis í febrúar 2020. Á myndina vantar 10 starfsmenn. / Ljós. Lárus Karl Ingason.

tekur á móti lífeyrisumsóknum sjóðfélaga, reiknar út réttindi þeirra og tryggir að þeir fái greitt hvort sem um er að ræða elli-, örorku-, maka- eða barnalífeyri. Gildi starfrækir enn fremur séreignardeild og hafa sjóðfélagar val um þrjár mismunandi fjárfestingarleiðir innan deildarinnar. Einn starfsmaður sinnir verkefnum deildarinnar í fullu starfi en aðrir starfsmenn koma að verkefnum hennar að hluta.

### Mannauður

Umhverfið sem lífeyrissjóðir landsins starfa í verður sífellt flóknara og starfsemin umfangsmeiri og er reksturinn því talsvert flóknari en þessi einfalda sviðsmynd hér fyrir ofan gefur til kynna. Hjá Gildi starfa fjölmargir sérfræðingar sem sinna margskonar verkefnum í nokkrum undirdeildum. Sá þáttur í starfseminni sem vaxið hefur hvað hraðast undanfarin ár eru lánveitingar til sjóðfélaga. Fyrsta árið sem Gildi var starfandi veitti sjóðurinn alls 435 lán, og var samtals fjárhæð þeirra ríflega 1,5 milljarður króna. Árið 2019 veitti sjóðurinn hins vegar alls 1.272 lán, samtals að fjárhæð ríflega 20,5 milljarða króna. Mikil vinna getur legið að baki hverri lánveitingu og í lok árs 2020 voru starfsmenn lánadeildar því sex talsins. Í tengslum við sífellt flóknara ytra umhverfi hefur áhættueftirlit innan sjóðsins verið vaxandi þáttur í starfseminni og sinnu tveir starfsmenn því í byrjun árs 2020. Tveir starfsmenn sjá um að tryggja rekstur og öryggi tölvukerfa sjóðsins og þrír starfsmenn sinna bókhaldi. Tveir starfsmenn vinna við móttöku viðskiptavina og tveir starfsmenn starfa á skrifstofu sjóðsins á Ísafirði þar sem þeir sinna almennri afgreiðslu og ráðgjöf. Öllu þessu til viðbótar starfar hjá Gildi lögfræðingur, gjaldkeri og forstöðumaður upplýsingamála. Starfsmenn í byrjun árs 2020 voru alls 41.



Ársfundur hefur æðsta vald í málefnum Gildis-lífeyrissjóðs og er haldinn að vori ár hvert.




Miðjan á Hellu, byggingin hægra megin við miðbygginguna er Verkalýðshúsið.

## Lífeyrissjóður Rangæinga



Hilmar Jónasson, fyrsti formaður stjórnar sjóðsins og einn af frumherjunum við stofnun hans.



Filippus Björgvinsson fyrrv. framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga.

Lífeyrissjóður Rangæinga er samtryggingarsjóður og lögformlegur vörslu- og innheimtu-aðili lífeyrissjóðsiðgjalda. Starfar hann samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hann starfar sömuleiðis á samnings sviði Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands og samkvæmt samkomulagi stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 ásamt síðari breytingum. Helsta markmið er að tryggja þau lágmarksréttindi sem þar er kveðið á um og hlutverkið er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykka sjóðsins hverju sinni.

### Sagan

Í kjölfar áðurnefnds samkomulags frá 19. maí 1969 hófst undirbúningur að stofnun Lífeyrissjóða fyrir þá launþega sem ekki voru í lífeyrissjóði fyrir. Lífeyrissjóður Rangæinga var stofnaður 12. janúar 1971 og voru stofnaðilar samtök vinnuveitenda í Rangárvallasýslu, iðnaðar- og verkamannadeild Verkalýðsfélagsins Rangæings og Bílstjórafélag Rangæinga. Félagssvæði sjóðsins er því í upphafi Rangárvallasýsla.

Fyrsti formaður stjórnar var kjörinn Hilmar Jónasson en aðrir í stjórn voru Garðar Björnsson, Hilmar Jónsson og Páll Björnsson. Fyrsti starfsmaður sjóðsins til nokkurra mánaða var Hilmar Jónasson. Sigurður Þorgilsson, starfsmaður Verkalýðsfélagsins, starfaði einnig fyrir sjóðinn við innheimtumál allt fram til loka árs 1972. Í byrjun árs 1973 var fyrsti framkvæmdastjóri sjóðsins ráðinn til starfa en það var Filippus Björgvinsson. Hann lét af störfum í árslok 2001 eftir gifturíkt starf fyrir sjóðinn. Frá sama tíma er Pröstur Sigurðsson ráðinn framkvæmdastjóri og er enn starfandi.

### Starfsemin

Rétt eftir stofnun sjóðsins fóru í hönd miklir uppgangstímar hvað varðar atvinnu hér í Rangárvallasýslu. Stórfelldar virkjanaf framkvæmdir fóru af stað hér á hálendinu og á félagssvæði sjóðsins. Sigölduvirkjun og síðar Hrauneyjafossvirkjun auk annarra framkvæmda sem fylgdu því að virkja fallvötnin. Af harðfylgi tókst forsvarsmönnum verkalýðsfélagsins að tryggja forgang sinna félagsmanna að atvinnu á virkjanasvæðinu sem og innheimtu félagsgjalda og lífeyrisiðgjalda þeirra starfsmanna sem unnu á svæðinu hvort sem um var að ræða heimamenn eða aðkomumenn. Fjölmargir aðilar, sem unnu á virkjanasvæðinu á þessum árum frá 1973 og vel fram yfir 1980, eiga því lífeyrisréttindi hjá Lífeyrissjóði Rangæinga. Svo mikill var atgangurinn á hálendinu að erfitt var að manna ýmis störf í byggð.

Þessum uppgangi fylgdi að uppbygging þéttbýliskjarnanna í sýslunni tók kipp og fjölmörg hús voru byggð. Sjóðurinn fylgdi á eftir og hóf að veita sjóðsfélagalán. Fyrstu umsóknir um sjóðsfélagalán bárust í árslok 1974 og fyrstu sjóðsfélagalánin afgreidd í byrjun árs 1975. Á þessum árum var líka töluvert um lánveitingar til atvinnurekenda á svæðinu. Það þótti umdeilt og var gagnrýnt af hálfu annarra lífeyrissjóða og æðstu manna innan verkalýðshreyfingarinnar.



Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins árið 2021. Frá vinstri: Þröstur Sigurðsson, framkvæmdastjóri, Heimir Hafsteinsson, Margrét Jóna Ísólfsdóttir, Guðrún Elín Pálsdóttir og Guðmundur Svavarsson.

Töluverð eftirspurn var eftir lánum sjóðsins fyrsta rúma áratug starfseminnar. Draga fór verulega úr eftirspurn 1995 og hætti sjóðurinn að lána til sjóðfélaga um það leyti, enda var almennt aðgengi að lánsfjármagni orðið mun betra en áður.

Sjóðurinn hefur í seinni tíð komið að fjármögnun ýmissa húsnæðisverkefna á félagssvæði sínu og hefur því tekið þátt í uppbyggingu á svæðinu líkt og á upphafsárunum.

### Verkalýðshús

Snemma árs 1974 höfðu deildir innan Verkalýðsfélagsins Rangæings ákveðið að hefja byggingu húss fyrir aðstöðu sína og annarra áhugasamra. Lífeyrissjóði Rangæinga var boðið að gerast þátttakandi í þessari framkvæmd og var það samþykkt af stjórn sjóðsins.

13. janúar 1975. Fyrsta skóflustunga að byggingu Verkalýðshússins á Hellu, að Suðurlandsvegi 3, var tekin 24. maí 1975 og hófust framkvæmdir fljótlega eftir það. Frá miðju ári 1978 hefur sjóðurinn haft starfsstöð sína og aðstöðu í Verkalýðshúsinu, Suðurlandsvegi, Hellu og er svo enn í dag. Þess má geta að Verkalýðshúsið er í dag hluti af Miðjunni svokölluðu á Hellu en það er samstæða Suðurlandsvegur 1, Suðurlandsvegur 3 og nýbyggingar á milli hinna eldri húsa sem mynda þannig eina heild við Suðurlandsveginn sem blasir við öllum sem leið eiga um. Starfsemi Lífeyrissjóðs Rangæinga hefur verið í föstum skorðum um langt skeið. Sjóðurinn var í upphafi lengi í samstarfi við Búnaðarbanka Íslands, Landsbanka Íslands og Iðnaðarbankann og naut þjónustu þeirra við fjárvörslu. Síðar komu við sögu Kaupþing, til skamms tíma, Íslensk Verðbréf, Íslandsbanki og fleirri minni aðilar. Sterkust hafa þó verið tengslin við Búnaðarbanka Íslands og þá sem á eftir honum hafa komið.

### Rekstur

Kröfur til lífeyrissjóða hafa stigvaxið hin seinni ár. Sjóðirnir lúta opinberu eftirliti og ýtarlegar kröfur eru gerðar um innra eftirlit, áhættustýringu og vörslu og ávöxtun fjármuna. Rekstur minni sjóða hefur því þyngst verulega vegna aukinna krafna og því hefur þurft að leita leiða til að uppfylla þær kröfur sem uppi eru. Eftir miklar umræður og skoðun valkosta ákvað stjórn sjóðsins, haustið 2012, að ganga til samninga við Arion banka um rekstur og eignastýringu sjóðsins. Lífeyrissjóður Rangæinga hefur því frá 12. september 2012 verið í rekstri og umsjón bankans. Eins og áður er það þó ársfundur sjóðsins sem fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans á milli ársfunda.

Rekstur sjóðsins hefur alla tíð gengið vel. Sjóðurinn hefur verið heppinn með samstarfsaðila og þá sem hafa þjónustað hann á margan hátt. Á þessu ári 2021 eiga yfir 11.000 einstaklingar réttindi hjá sjóðnum, um 1.100 einstaklingar eru virkir sjóðfélagar og um 900 manns þiggja lífeyri hjá sjóðnum. Heildareignir sjóðsins nú eru rúmlega 18 milljarðar króna.

#### Aðilarfélög:

Verkalýðsfélag Suðurlands (VÍfs)  
FIT, Félag iðn- og tæknigreina  
Samtök atvinnulífsins

#### Núverandi stjórn:

##### Aðalmenn í stjórn

##### Lífeyrissjóðs Rangæinga

##### að loknum ársfundi 2021.

Formaður: Guðrún Elín Pálsdóttir  
tilnefnd af VÍfs.

Ritari: Margrét Jóna Ísólfsdóttir,  
tilnefnd af SA.

Meðstj.: Heimir Hafsteinsson,  
tilnefndur af FIT.

Meðstj.: Guðmundur Svavarsson,  
tilnefndur af SA.

#### Varamenn í stjórn:

Pétur Magnússon, tilnefndur af VÍfs.

Drífa Hjartardóttir, tilnefnd af SA.

**Framkvæmdastjóri:** Þröstur Sigurðsson



Starfsmenn Lífsverks 2018. Frá vinstri:  
Svanhildur Sigurðardóttir, Þórhallur Sölvi Barðason, Árni  
Grétarsson, Jón L. Árnason, Elísabet Katrín Jósepsdóttir.  
Í fremri röð eru: Hreggviður Ingason og Herdís Óskarsdóttir.

## Lífsverk - lífeyrissjóður



Stjórn Lífsverks 2018. Frá vinstri: Agnar Koefed Hansen,  
Eva Hlín Dereksdóttir, Unnar Már Hermannsson, Margrét  
Arnardóttir og Björn Ágúst Björnsson formaður.

### Lífsverk lífeyrissjóður, úr sögu VFÍ:

„Á félagsfundi 9. nóvember 1953 drap Hinrik Guðmundsson á það nýmæli, að verkfræðingar ættu að stefna að því að mynda eigin lífeyrissjóð, sem gæti orðið þeim margvísleg stoð. Þegar Stéttarfélagi verkfræðinga var komið á fót, var skipuð lífeyrissjóðsnefnd og áttu í henni sæti Rögnvaldur Þorláksson, Hinrik Guðmundsson og Skúli Guðmundsson. Neftindin undirbjó stofnun lífeyrissjóðs og var ákveðið að tekjur hans skyldu vera 6% af fastalaunum verkfræðinga og jafnhá upphæð á móti frá atvinnurekendum. Lífeyrissjóður VFÍ var stofnaður á félagsfundi 28. september 1954 og var reglugerð sjóðsins samþykkt á framhaldsaðalfundi VFÍ 29. mars 1955 og staðfest af fjármálaráðuneytinu rétt um mánuði síðar. Þá voru sjóðfélagar 76 að tölu. Síðan sjóðurinn var stofnaður hafa verið veitt úr honum húsbýggingalán til félaga þannig hefur hann orðið hin mesta hjálparhella. Í árslok 1961 var skuldabréfaeign lífeyrissjóðs VFÍ rúmar 12,3 milljónir króna, en á því ári var 23 félagsmönnum veitt lán að upphæð 2.878.000 krónur.“

### Fyrsti sjóðurinn sem byggði á aldurstengdum réttindum

Lífsverk lífeyrissjóður var stofnaður 1954 af Verkfræðingafélagi Íslands og hét sjóðurinn þá Lífeyrissjóður verkfræðingafélags Íslands og síðar Lífeyrissjóður verkfræðinga. Sjóðurinn var fyrsti lífeyrissjóðurinn sem byggði á aldurstengdum réttindum og tók upp sjóðfélagalýðræði. Stjórn sjóðsins er öll skipuð sjóðfélögum sem kosnir eru í rafrænu stjórnarkjöri, þar sem allir sjóðfélagar hafa kosningarétt.


### Val um ávöxtunarleið

Lífsverk er blandaður lífeyrissjóður sem starfrækir samtryggingardeild og séreingar- og tilgreinda séreignardeild. Sjóðurinn tekur bæði við skylduiðgjaldi í lífeyrissjóð og viðbótarlífeyrissparnaði. Í séreignardeild og tilgreindri séreignardeild býður sjóðurinn þrjár ávöxtunarleiðir með mismunandi áhættustigi, Lífsverk 1, Lífsverk 2 og Lífsverk 3. Í samtryggingardeild stendur sjóðfélögum til boða að velja milli þess að allt iðgjaldið renni í samtryggingarsjóð (samtryggingarleiðin), eða að 10% iðgjald renni í samtryggingarsjóð, en það sem umfram er í séreignarsjóð (blandaða leiðin). Leiðirnar eru ólíkar með tilliti til erfanleika og útgreiðslna.

### Samtryggingarleiðin og góð tryggingavernd

Samtryggingarleiðin felur í sér að allt skylduiðgjaldið rennur til samtryggingardeildar, sem veitir sjóðfélögum aukna tryggingavernd og hærri ævilangan lífeyri. Réttindaávinnslan fyrir greidd iðgjöld er afar góð hjá sjóðnum. Réttindin felast í greiðslum ævilangs lífeyris, auk tryggingaverndar við starfsorkumissi, þ.e. örorku og barnalífeyri og greiðslu til eftirlifandi maka og barna við fráfall. Tryggingaverndin hefur verið ríkari en hjá mörgum öðrum lífeyrissjóðum. Þá eykst mikilvægi þess að njóta ævilangs lífeyris stöðugt með hækkanði lífslíkum.

Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar



### Blandaða leiðin og góð réttindaávinnsla

Blandaða leiðin er leið þar sem hluti skylduiðgjalds rennur í séreignardeild. Lífsverk er einn fárra lífeyrissjóða sem býður þennan valkost, sem veitir sjóðfélögum aukinn sveigjanleiga þegar kemur að útgreiðslu lífeyris. Grunnur þessarar leiðar er sá að vegna góðrar réttindaávinnslu í sjóðnum nægir 10% iðgjald til samtryggingardeildar til þess að standa undir lágmarkstryggingavernd samkvæmt lögum, sem miðast við að á 40 ára inngreiðslutíma ávinni sjóðfélagi sér 56% af meðallaunum í ævilangan lífeyri. Sjóðfélagi hefur því val um að ráðstafa því sem umfram er 10% iðgjalds til samtryggingar eða séreignar. Sá hluti sem rennur til séreignar erfist við andlát og enginn erfðafjárskattur er greiddur ef erfingjar eru maki eða börn. Hægt er að velja milli þriggja ávöxtunarleiða og þannig geta yngri sjóðfélagar og þeir sem hafa meira áhættuþol, valið áhættumeiri leiðir og þeir sem eldri eru dregið úr áhættunni. Sjóðfélagar geta flutt séreign sína milli leiða sér að kostnaðarlausu.

### Lífeyrissjóður verkfræðinga verður að Lífsverki

Árið 2014 var nafni sjóðsins breytt í Lífsverk lífeyrissjóður. Samþykktum sjóðsins var breytt á árinu 2015 og inngönguskilyrði rýmkuð, þannig að nú geta allir orðið sjóðfélagar sem lokið hafa grunnnámi frá viðurkenndum háskóla. Lífsverk er eini lífeyrissjóðurinn á Íslandi sem eingöngu er opinn háskólamenntuðum. Öllum er heimilt að greiða viðbótarlífeyrissparnað til séreignardeildar Lífsverks með gerð samnings þar um. Lánareglur sjóðsins hafa verið útvíkkaðar þannig að nú geta þeir sem eingöngu greiða viðbótarsparnað til sjóðsins sótt um lán með sömu kjörum og almennir sjóðfélagar.

### Hagstæð sjóðfélagalán

Frá stofnun hefur sjóðurinn lagt sig fram um að bjóða hagstæð sjóðfélagalán, í upphafi voru það byggingarlán þar sem minna var um húsnæði í borginni en í seinni tíð hafa það verið sjóðfélagalán til fasteignakaupa, þá sérstaklega við fyrstu íbúðarkaup sjóðafélaga. Því var í apríl 2018 lánareglum Lífsverks breytt á þann hátt að styðja betur við fyrstu kaupendur með því að hækka lánslutfall fyrir fyrstu kaupendur í 85% af söluverði samkvæmt kaupsamningi.

### Samfélagsábyrgð

Lífsverk hefur gerst aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (Principles for Responsible Investment - UN PRI). Með aðild sinni skuldbindur Lífsverk sig til að leggja áherslu á samfélagsleg og umhverfisleg sjónarmið við ákvarðanir um fjárfestingar, auk góðra stjórnarháttanna þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í. Aðild Lífsverks er liður í aukinni áherslu sjóðsins á þessi málafni, sem skipa sífellt mikilvægari sess í augum fjárfesta. Þá er Lífsverk einn af stofnaðilum IcelandSIF, sem er íslenskur umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Lífsverk hefur leitast við að taka í auknum mæli þátt í fjárfestingum sem hafa sterka stefnu í samfélagslegri ábyrgð. Markmið sjóðsins er einnig að stuðla að bættum stjórnarháttum og auka gegnsæi.

### Mörkin

Sem dæmi um fjárfestingu sem hefur sterka stefnu í samfélagslegri ábyrgð þá gerðu Lífsverk og Íbúðir eldri borgara í Mörk ehf., samkomulag um langtíma fjármögnun á íbúðum eldri borgara við Suðurlandsbraut 68 – 70. Í samkomulaginu felst að sjóðfélagar Lífsverks njóta ákveðins forgangs við úthlutun á íbúðunum. Lífsverk var þannig fyrsti lífeyrissjóðurinn sem tryggði sjóðsfélögum sínum forgang að íbúðum fyrir eldri borgara. Að sama skapi hafði sjóðurinn áður rétt yngri félagsmönnum hjálparhönd með því að bjóða þeim 85% fjármögnun vegna fyrstu íbúðakaupa. Forgangur að íbúðum eldri borgara að Suðurlandsbraut var því eðlilegt næsta skref.

#### Sérstaða Lífsverks:

*Sjóðafélagalýðræði*

*Meiri ávinningur réttinda*

*Samfélagsábyrgð*

*Hagstæð sjóðfélagalán*

*Ábyrg fjárfestingastefna*

*Val um sparnaðarleiðir*

#### Gildi sjóðsins eru:

*Heilindi*

*Jákvæðni*

*Ábyrgð*



Unnur Pétursdóttir, stjórnarformaður LSR 2019,  
Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Harpa Jónsdóttir,  
framkvæmdastjóri LSR.

## LSR - lífeyrissjóður

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) var stofnaður árið 1919 og er elsti lífeyrissjóður landsins en hann fagnaði 100 ára afmæli sínu í nóvember 2019. Við stofnun hét hann Lífeyrissjóður embættismanna og var ætlað að tryggja embættismönnum og síðar ekkjum þeirra ævilöng eftirlaun. Tuttugu og fimm árum síðar, árið 1944, var öllum ríkisstarfsmönnum veittur aðgangur að sjóðnum og fékk sjóðurinn það nafn sem hann ber í dag. Lífeyrismál voru stórt baráttumál í kjaraviðræðum árið 1969 þar sem lögð var áhersla á sjóðsöfnun, skylduaðild og samtryggingu og þeir kjarasamningar sem undirritaðir voru í kjölfarið urðu upphafið að almennu lífeyrissjóðakerfi. Árið 1997 voru gerðar veigamiklar breytingar á starfsemi LSR þegar A-deild sjóðsins var stofnuð en hún byggir alfarið á sjóðsöfnun líkt og lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði.

### Skipulag og starfsemi

Sjóðurinn er með aðsetur í Reykjavík og starfa 56 starfsmenn hjá honum í 55 stöðugildum. Starfsemin fer fram á þremur sviðum, eignastýringu, lífeyris- og lánasviði, auk þess sem stoðsviðin eru tvö, annars vegar fjármálasvið og hins vegar stafræn þróun og rekstur. Stjórn LSR er skipuð átta manns. Formaður stjórnar árið 2021 er Árni Stefán Jónsson, skipaður af stjórn BSRB og varaformaður er Guðrún Ögmundsdóttir (látin), skipuð af fjármála- og efnahagsráðherra. Aðrir stjórnarmenn eru Áslaug María Friðriksdóttir, Guðmundur Árnason og Viðar Helgason, öll skipuð af fjármála- og efnahagsráðherra, Ragnar Þór Pétursson, skipaður af stjórn KÍ, Unnur Pétursdóttir, skipuð af stjórn BHM og Þórveig Þormóðsdóttir, skipuð af stjórn BSRB. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Harpa Jónsdóttir.

### Stærsti sjóður landsins

LSR er stærsti lífeyrissjóður landsins í eignum talið en í lok árs 2020 var eignasafn hans um 1.168 ma.kr. Hann starfar í þremur fjárhagslega aðskildum deildum; A- og B-deild, sem báðar eru samtryggingardeildir, og sérstakri séreignardeild. Hrein raunávöxtun sjóðsins var 10,9% árið 2020 og síðustu tíu ár var hún 6,5%. Í árslok 2020 námu eignir A-deildar um 862 ma.kr. og hrein raunávöxtun ársins var 10,6%. Eignir B-deildar á sama tíma voru 284 ma.kr. og var hrein raunávöxtun 12%. Þar sem deildin tekur ekki við nýjum sjóðfélögum hækkar meðalaldur deildarinnar með hverju árinu. Þannig streymir meira fjármagn út en inn og deildin dregst saman. B-deild er einungis að hluta fjármögnuð með iðgjöldum en er að stórum hluta gegnumstreymissjóður með bakabyrgð frá ríkissjóði sem leggur sjóðnum til fjármagn á hverju ári til að mæta framtíðarlífeyrisgreiðslum. Á hinn bóginn fer A-deildin vaxandi. Deildin var stofnuð fyrir 24 árum og er þar af leiðandi töluvert frá því að vera fullprosa, sem kemur m.a. fram í því að tiltölulega fáir sjóðfélagar fá lífeyrisgreiðslur úr henni samanborið við þá sem greiða inn og því stækkar hún ört. Séreignardeildin er ekki stór í eignum talið samanborið við samtryggingardeildirnar en eignir hennar námu um 22,1 ma.kr. í árslok 2020.


### Stórt hlutfall þjóðarinnar hefur greitt til LSR

Á árinu 2020 greiddu að jafnaði 32.837 sjóðfélagar mánaðarlega iðgjald til LSR. Mikill meirihluti þeirra, að meðaltali 28.330, greiddi iðgjald til A-deildar en 1.493 sjóðfélagar greiddu til B-deildar. Þá greiddu 3.014 sjóðfélagar til séreignardeildar. Samtals greiddu því um 13,6% allra landsmanna á aldrinum 18-67 ára iðgjöld til sjóðsins. Lífeyrisgreiðslur hafa farið stigvaxandi og fjöldi lífeyrisþega aukist hratt á síðustu árum. Á árinu 2020 greiddi LSR alls rúma 68,7 ma.kr. í lífeyrisgreiðslur eða að jafnaði 5,7 ma.kr. á mánuði. Að meðaltali fengu 27.093 lífeyrisþegar greiðslur í hverjum mánuði frá sjóðnum eða um 60% allra landsmanna 67 ára og eldri.

### Framtíðarsýn

Megintilgangur lífeyrissjóða er að tryggja sjóðfélögum áhyggjulaust ævikvöld með því að taka við iðgjöldum, ávaxta þau og greiða lífeyri til sjóðfélaga þegar þeir láta af störfum. Í stærra samhengi felast lífsgæði á efri árum þó ekki eingöngu í öruggum lífeyrisgreiðslum heldur skiptir jafnframt máli að hagsæld í dag sé ekki á kostnað þess heims sem unga fólkið mun búa við í framtíðinni. Þessa sýn hefur LSR að leiðarljósi meðal annars með því að setja sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar og tekur þannig þátt í að axla samfélagslega ábyrgð.







Frá 2019 hefur Sjóvá eingöngu notað sína eigin viðskiptavinir í auglýsingum, sama hvort um er að ræða einstaklinga eða fyrirtæki í viðskiptum. Fólkið sem þú sérð í markaðsefni frá Sjóvá hefur því allt reynslu af þjónustunni sem verið er að auglýsa og kemur stolt fram sem ánægðir viðskiptavinir fyrirtækisins. Hér sjáum við fjölskylduna Björk, Blaine og Ronju.

## Sjóvá - Almennar tryggingar



Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvá og Ágústa Björg Bjarnadóttir, mannaútsjóri, taka við hvatningarverðlaunum jafnréttismála 2020 frá Þórisi Kolbrúnu R. Gylfadóttur, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Að verðlaununum standa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, landsnefnd UN Women á Íslandi, Samtök atvinnulífsins, Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð og Háskóli Íslands.

Sjóvá er tryggingafélag sem býður upp á alhliða tryggingaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki í landinu. Hlutverk Sjóvá er að tryggja verðmætin í lífi fólks og er lögd áhersla á að sinna því hlutverki af sanngirni og umhyggju. Starfsfólk leggur sig fram við að mæta ólíkum þörfum viðskiptavina og veita þjónustu og ráðgjöf sem skapar traust og hugarró í lífi þeirra.

Starfsemi Sjóvá á rætur sínar að rekja til ársins 1918 þegar Sjóvátryggingarfélag Íslands var stofnað en með því var stigið fyrsta skrefið til að starfrækja hér á landi sjálfstætt innlent tryggingafélag. Árið 1943 voru Almennar tryggingar stofnaðar en þessi tvö félög sameinuðust síðan í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. árið 1989. Samnefnt félag var stofnað á grunni þess fyrrnefnda árið 2009 en það er í daglegu tali kallað Sjóvá. Félagið hefur verið skráð á hlutabréfamarkað Kauphallarinnar frá því í apríl 2014.

Yfir 180 starfsmenn starfa hjá Sjóvá og er kynjahlutfall jafnt. Forstjóri er Hermann Björnsson en hann hefur gegnt starfinu frá 2011. Framkvæmastjórn skipa ásamt honum Auður Daníelsdóttir, framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar, Elín Þórunn Eiríksdóttir, framkvæmdastjóri tjóna og Ólafur Njáll Sigurðsson, framkvæmdastjóri fjármála og þróunar.

### Þjónusta þar sem þú ert

Höfuðstöðvar Sjóvá eru í Kringlunni 5 en að auki eru starfrækt útibú og þjónustuskrifstofur á 22 stöðum vítt og breitt um landið. Undanfarin ár hefur verið lögd rík áhersla á að þróa notendavænar rafrænar lausnir og samskiptaleiðir í takt við þarfir viðskiptavina. Sem dæmi var Sjóvá fyrsta tryggingafélagið á Íslandi til að selja líf- og sjúkdómategyggingar á netinu. Þá er lagt mikið upp úr því að tala um tryggingar á mannamáli. Sem dæmi var vefurinn sjova.is allur skrifaður með það að leiðarljósi og hlaut hann meðal annars Íslensku vefverðlaunin fyrir einfalda og aðgengilega framsetningu.

### Ánægja viðskiptavina í forgrunni

Framtíðarsýn Sjóvá er að vera tryggingafélag sem þér líður vel hjá. Ánægja viðskiptavina hefur verið sett í forgrunn allra aðgerða síðustu ár og leggur starfsfólk sig alltaf fram um að veita framúrskarandi þjónustu, sama hvort það er við sölu, ráðgjöf eða afgreiðslu tjóna. Árangurinn af þessari markvissu vinnu hefur ekki látið á sér standa og hefur Sjóvá verið efst tryggingafélagi í Íslensku ánægjuvuginni þrjú síðustu ár; 2017, 2018 og 2019.

Við hjá Sjóvá trúum því að ánægja starfsfólks og ánægja viðskiptavina haldist þétt í hendur. Á undanförunum árum hefur starfsánægja hjá okkur verið með því hæsta sem mælist hjá íslenskum fyrirtækjum og höfum við sömuleiðis hlotið nafnbótina Fyrirtæki ársins í flokki stærri fyrirtækja síðustu árin.



Höfuðstöðvar Sjóvá eru í Kringlunni 5 í Reykjavík en að auki býr fyrirtækið yfir öflugum neti útibúa og þjónustuskrifstofa um allt land.

### Jafnrétti skilar árangri

Hjá Sjóvá er lögð rík áhersla á jafnréttismál og er unnið eftir skýrri stefnu í þeim efnum. Sjóvá hefur verið með jafnlaunavottun frá 2014 og árið 2019 fékk Sjóvá fyrst fyrirtækja hæstu einkunn á GEMMAQ-kvarða Keldunnar, sem veitir upplýsingar um stöðu kynjajafnréttis í leiðtogastöðum skráðra félaga á Íslandi. Haustið 2020 hlaut Sjóvá einnig hvatningarverðlaun jafnréttismála sem veitt eru fyrirtæki sem hefur stuðlað að jafnrétti á markvissan hátt í starfsemi sinni.

Stjórnendur Sjóvá líta á það sem skyldu fyrirtækisins að vera í fararbroddi í þessum málaflokki og munu halda áfram að sinna honum af krafti. Þeir eru að sama skapi sannfærðir um að þær markvissu aðgerðir sem ráðist hefur verið í til að tryggja jafnrétti kynjanna hafi skilað margþættum árangri, bæði hvað varðar ánægju starfsfólks og viðskiptavina, og eins í rekstrinum.

### Samfélagslega ábyrg starfsemi

Hjá Sjóvá er lagður metnaður í að starfa í sátt við samfélagið og umhverfið og byggist sú vinna m.a. á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Með því að haga starfseminni á samfélagslega ábyrgan hátt er hægt að stuðla að arðsemi og vexti til framtíðar, til hagsbótar fyrir samfélagið allt. Rekstur Sjóvá samanstendur af váttryggingarekstri annars vegar og fjárfestingastarfsemi hins vegar. Markmið félagsins er að byggja afkomu félagsins ekki um of á fjárfestingatekjum, heldur að váttryggingareksturinn sé sjálfbær og það hefur tekist á undanförunum árum. Þennan árangur hafa stjórnendur fyrst og fremst þakkað þeim öflugum mannauði og þeirri einstöku fyrirtækjamenningu sem Sjóvá býr yfir.

Sjóvá hefur alla tíð styrkt við fjölmörg samfélagsleg málefni og er litið sérstaklega til þess að verkefni sem eru styrkt stuðli að öruggara samfélagi, auknum lífsgæðum og að þau hafi forvarnargildi. Sjóvá hefur verið aðalstyrktaraðili Slysavarnarfélagssins Landsbjargar allt frá stofnun þess og hefur átt afar farsælt samstarf við félagið um tryggingar, forvarnir og öryggismál. Sjóvá hefur einnig verið hluti af Ólympíufjölskyldunni frá upphafi. Í samræmi við áherslur Sjóvá á jafnréttismál er fyrirtækið einnig stoltur styrktaraðili Jafnvægisvogarinnar, hreyfiasverkefnis FKA og forsætisráðuneytisins. Þá hefur Sjóvá einnig verið stuðningsaðili Sjóvá Kvinnahlaups ÍSÍ frá því að hlaupið var fyrst haldið árið 1990.

Starfsfólk Sjóvá býr að áratugalangri reynslu af forvarnarstarfi og leggur sig fram um að miðla þessari þekkingu til að koma í veg fyrir tjón. Á undanförunum árum hefur m.a. verið unnið að öflugum forvarnarverkefnum í umferðinni með ýmsum samstarfsaðilum, með þetta að leiðarljósi. Sem dæmi má nefna átaksverkefni til að sporna við notkun farsíma undir stýri, verkefni sem bæta aðgengi að upplýsingum um færð og veður og auka þekkingu erlendra ferðamanna á aðstæðum á íslenskum vegum og margt fleira.



Útibú Sjóvá eru starfrækt vítt og breitt um landið. Útibú Sjóvá á Akureyri er til húsa á Strandgötu 3 og þar starfa meðal annarra þau Valgeir Páll Guðmundsson, Helga Þóra Helgadóttir og Baldvin Ólafsson.



Starfsfólk TM.

TM



Sigurður Viðarsson, forstjóri TM.

Saga TM er samofin miklum samfélagsbreytingum og atvinnuþróun á Íslandi frá stofnun til dagsins í dag. Rætur félagsins liggja í íslenskum sjávarútvegi, en félagið var stofnað árið 1956 af útgerðarfyrirtækjum sem töldu hag sínum best borgið í eigin váttryggingarfélagi. TM byrjaði smátt og á upphafsárunum þjónaði félagið eingöngu frystihúsum og útgerðum. Starfsmenn fyrstu árin voru einungis innan við tíu talsins. Smám saman óx starfseminni fiskur um hrygg og á sjöunda áratug síðustu aldar hóf félagið sölu bifreiðatrygginga og síðan alhliða trygginga. Með tímanum hefur vöru- og þjónustuframboð TM breikkað og félagið hefur lagað sig að síbreytilegum þörfum einstaklinga og fyrirtækja fyrir váttryggingavernd og -þjónustu. Félagið hefur vaxið jafnt og þétt frá stofnun og þrátt fyrir sterkar rætur í miðbænum og sjarma við þá staðsetningu náði félagið á endanum slíkri stærð í upphafi aldarinnar að flutningar voru óhjákvæmilegir. Árið 2009 flutti TM úr Aðalstræti 6-8 í nýtt húsnæði við Síðumúla 24 sem gjörbreytti aðstöðunni fyrir starfsmenn og aðgengi fyrir viðskiptavinum til hins betra. Þann 8. maí 2013 var TM skráð í Kauphöll Nasdaq OMX á Íslandi og í árslok 2018 voru hluthafar í TM 802 talsins, allt í senn lífeyrissjóðir, fjárfestingasjóðir, fagfjárfestar og almennir fjárfestar. Forstjóri TM er Sigurður Viðarsson, en hann hefur stýrt félaginu frá árinu 2007. Framkvæmdastjórar eru sex talsins, Garðar Þ. Guðgeirsson framkvæmdastjóri þróunar, Hjálmar Sigurbórsson framkvæmdastjóri tryggingar, Kjartan Vilhjálmsson framkvæmdastjóri samskipta, Markús H. Árnason framkvæmdastjóri fjárfestinga, Ólöf Jónsdóttir framkvæmdastjóri fjármögnunar, Óskar B. Hauksson framkvæmdastjóri fjármála og reksturs. Stjórnarformaður TM er Örvar Kærnested.

### Mannauður

Starfsfólk TM er lykillinn að árangri og velgengni fyrirtækisins. Það er TM því sérstakt kappsmál að skapa lífandi og kraftmikið starfsumhverfi og vera aðlaðandi vinnustaður fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk. Aðeins þannig getur félagið þróast og eflst með það að markmiði að mæta kröfum framtíðarinnar. Fastráðnir starfsmenn TM eru 128 talsins, 69 karlar og 59 konur og er starfsfólk TM samhentur hópur með ólíka menntun og reynslu sem skapar jarðveg fyrir fjölbreytt sjónarmið og hugmyndir. Auk höfuðstöðva félagsins í Síðumúla starfrækir TM þrjú útibú, í Reykjanesbæ, í Vestmannaeyjum og á Akureyri. Því til viðbótar eru 6 umboðsskrifstofur TM víðs vegar á landinu. Þá hefur félagið starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu og í Færeyjum. Á undanförunum árum hefur TM lagt sérstaka áherslu á jafnréttismál og frá árinu 2017 hefur verið unnið að sérstöku verkefni til að styrkja stöðu jafnréttismála enn frekar. TM var með fyrstu fyrirtækjum til að fá viðurkenningu Jafnréttisvísis Capacent, en við veitingu hennar var meðal annars horft til menningar, samskipta og vinnuumhverfis, stefnu og skipulags, launa og fyrirmýnda innan TM. TM hefur verið með jafnlaunavottun samfelt frá árinu 2014 og til að halda jafnlaunavottun verður óútskýrður kynbundinn launamunur innan félagsins að mælast undir 5%.



Skrifstofur TM.

Framhald á næstu opnu →

Helgun starfsfólks er mæld samkvæmt svörum þess á kjarnaspurningum Gallup í vinnustaðagreiningu. Helgun er einn af fimm lykilmælikvörðum TM og hefur félagið sett sér markmið um að helgun mælist 4,2 eða hærrí og það markmið hefur náðst sl. þrjú ár. TM hefur undirritað yfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar um loftslagsmál og sett sér markmið í þeim efnum til ársins 2030. Markmið félagsins er að minnka kolefnisfótspor sitt um um a.m.k. 34% og auka flokkun úrgangs í 98% á tímabilinu. TM er enn fremur ábyrgur fjárfestir og tekur þannig mið af umhverfislegum og félagslegum þáttum og stjórnarháttum við fjárfestingarákvarðanir með það að markmiði að draga úr áhættu og skila sjálfbærri ávöxtun til langs tíma. TM var stofnaðili að samtökunum IcelandSIF árið 2017, en tilgangur samtakanna er m.a. að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábygrra fjárfestinga. Starfsmenn TM og stjórn telja að með því að hafa samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi í störfum sínum minnki verulega líkur á því að félagið verði fyrir áföllum sem hafi skaðleg áhrif á ímynd þess og orðspor. Samfélagsleg ábyrgð er leiðarljós í daglegri ákvarðanatöku og þannig má hafa jákvæð áhrif á samfélagið, bæta nýtingu auðlinda, auka þekkingu og lækka kostnað. Skýrt leiðarljós um samfélagsábyrgð styður jafnframt við gildi félagsins um heiðarleika og sanngirni.

TM er virkur þátttakandi í íslensku samfélagi og hefur í gegnum árin stutt sérstaklega við unga íþróttamenn og kvennaíþróttir. Á ári hverju taka hundruð barna þátt í TM-mótum, t.d. í Vestmannaeyjum þar sem um 1000 stúlkur af öllu landinu keppa í knattspyrnu.

### Framtíðarsýn og þróun

Í byrjun árs 2018 kynnti TM uppfærða sýn á framtíðina þar sem félagið setti fram þann ásetning sinn að vera það félag sem er leiðandi í nýsköpun á íslenskum váttryggingamarkaði og í forystu þegar kemur að nýjungum í vöruframboði og þjónustu. Skilaboð félagsins til viðskiptavina TM eru: „Hugsum í framtíð“ og í því felst bæði hvatning til að huga að framtíðinni þegar ákvarðanir eru teknar í dag, sem er á margan hátt kjarninn í váttryggingastarfsemi, og sömuleiðis brýning til að festast ekki farinu og fyrirkomulagi dagsins heldur taka breytingum og þróun opnum örmum. Það er óþarfi að tíunda hvernig tækni framfarir hafa gjörbreytt því hvernig þjónusta og viðskipti fara fram og það á undraverðum tíma. Netverslun Íslendinga hefur t.a.m. vaxið ár frá ári og 2018 keyptu 74% Íslendinga vörur eða þjónustu á netinu skv. könnun Gallup. Í aldursþópnum 18-44 ára var þetta hlutfall yfir 90%. Sá tími þegar landsmenn fóru á söluskrifstofu til að kaupa flugfarseðil og í banka til að greiða reikninga er órafjarri og um þessar mundir eru t.d. matarinnkaup heimila að færast hröðum skrefum inn á netið því neytendur kjósa að nýta verðmætan tíma sinn annars staðar en í matvöruverslunum. Þessari þróun hefur TM tekið fagnandi og á árinu 2018 hleypti félagið af stokkunum margvíslegum nýjungum sem hafa það að markmiði að auka þægindi viðskiptavina, aðgengi þeirra að upplýsingum og möguleika á þjónustu á þeim tíma sem þeim hentar.

Í upphafi ársins 2018 kynnti félagið TM appið og var þar með fyrst íslenskra tryggingafélaga



Móttaka viðskiptavina.



TM býður váttryggingar á netinu.



TM-appið.

til að bjóða viðskiptavininum sínum slíka þjónustu. Í appinu hafa viðskiptavinir TM skýra og einfalda framsetningu á öllum upplýsingum sem varða sín viðskipti við félagið, útskýringar á mannamáli á því hvað tryggingarnar þeirra innifela, hvað er bætt, hvað ekki og síðast en ekki síst hvað þær kosta.

Þessu til viðbótar er í gegnum appið hægt að tilkynna til TM öll algengustu tjón á heimilismunum, t.d. sínum, tölvum og sjónvörpum og fá bætur greiddar á hraða sem á sér fáar, ef nokkrar, hliðstæður í heiminum. Um fjórðungur allra viðskiptavina sem hafa tilkynnt slík tjón á heimilismunum sl. 12 mánuði hefur valið að nýta sér appið og hlutfall þeirra sem nota það fer stöðugt vaxandi.

Það er markmið TM að viðskiptavinir séu rétt tryggðir á hverjum tíma og í því skyni var Launavernd TM hleypt af stokkunum haustið 2018. Með Launavernd TM gefst viðskiptavinum nú kostur á einstaklingsmiðaðri greiningu sem sýnir á einfaldan hátt hvernig fjárhagsleg afkoma fjölskyldu eða einstaklings breytist við fráfall, alvarleg veikindi eða örorku. Launavernd TM reiknar út réttindi hjá almannatryggingum, lífeyrissjóðum og stéttarfélögum og ráðleggur þá váttryggingavernd sem þarf til að mæta óskum viðskiptavinar um fjárhagslega stöðu sína eða fjölskyldu sinnar komi til andláts, veikinda eða slyss. Launavernd TM hefur hjálpað viðskiptavinum að gera sér raunverulega grein fyrir sinni stöðu, samspili bótakerfa og gert þeim kleift að vera rétt tryggðir í samræmi við sínar aðstæður.

Í lok ársins 2018 hóf TM svo sölu á tryggingum á netinu. Einstaklingar geta keypt helstu tryggingar heimilisins á netinu hjá TM, fengið samstundis verð og klárað málið til enda með rafrænni uppsögn til annars váttryggingafélags, allt á nokkrum mínútum. Með þægilegu ferli og hnitmiðuðum spurningum eru þarfir viðskiptavinarins greindar og honum gert tilboð í þá vernd sem félagið ráðleggur. Viðskiptavinur getur síðan breytt, bætt við og tekið út valkæða þætti allt eftir því sem honum hentar. Við kaup á ökutækjatrýggingum virkjar viðskiptavinur svo kaskótrygginguna með því að taka myndir af bílnum í gegnum TM appið og sparar sér þannig sporin við að koma með bílinn í skoðun. TM er eina tryggingafélagið á Íslandi sem býður upp á stafræna þjónustu af þessu tagi og hún hefur fengið góðar viðtökur hjá neytendum. Árið 2020 var viðburðaríkt fyrir margar sakir. TM hélt áfram vegferð sinni í þróun nýrra og þægilegra lausna fyrir viðskiptavini. Félagið bjó vel að þróunarstarfi undanfarinna ára þegar óvenjulegar aðstæður sköpuðust vegna kórónuveirufaraldursins og lokunar þjónustuskrifstofa í kjölfarið. Starfsmenn og viðskiptavinir þurftu að tileinka sér nýjar lausnir á stuttum tíma og það er óhætt að segja að röskun á daglegri þjónustu hafi verið óveruleg þökk sé góðum samskiptaleiðum og lausnum. Þá leiddi ástandið ótvírætt til þess að mörgum þróunarverkefnum var hraðað og gerði það starfsmenn og starfsemi í stakk búna að taka stærri og ákveðnari skref í átt til framtíðar í þessum efnum. Þá fór í hönd það krefjandi og spennandi verkefni að sameina Lykil að starfsemi félagsins en gengið var frá kaupum á fjármögnunarfyrirtækinu í upphafi árs 2020. Húsnæði TM við Síðumúla var breytt til að rúma nýja og fjölbreyttari starfsemi og drög lögð að öllu sem ráðast þarf í við sameiningu tveggja



Vátryggingaráðgjafar TM að störfum.

stórra og öflugra fyrirtækja. Fram undan var sókn með heildstæða lausn í fjármögnun og tryggingum fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Á haustdögum samdist um sameiningu TM, Lykils og Kviku banka sem opnar á nýja og spennandi möguleika við að veita viðskiptavinum sérmiðaðar heildarlausnir í fjármála- og tryggingaþjónustu. Í hönd fer vinna við sameininguna, lík þeirri sem fram fór fyrir ári, en enn meiri að umfangi og vöxtum. Til verður mjög öflugt fyrirtæki með djúpar rætur og þekkingu á íslensku samfélagi, viðskiptavinum og hluthöfum til hagsbóta. Starfsfólk TM er stolt af þeim nýjungum sem kynntar hafa verið undanfarin misseri en þetta er rétt að byrja. Tækniþróun og kröfur viðskiptavina knýja starfsmenn áfram til að leita bestu leiða til að veita þjónustu og lausnir sem eru í takt við þarfir þeirra, þegar viðskiptavininum hentar. Það bendir margoð til þess að breytingar á starfsemi vátryggingafélaga verði meiri á næstu 10 árum heldur en hafa orðið á síðustu 50 árum samtals og það er stefna TM að vera fremst í flokki í þeirri þróun.



Höfuðstöðvar TM, Síðumúla 24.



## Vörður tryggingar

Vörður tryggingar á rætur að rekja til ársins 1926 þegar Vélbátasamtrygging Eyjafjarðar var stofnuð. Félagið var síðar nefnt Vélbátatrygging Eyjafjarðar GT en Vörður váttryggingafélag hf. frá árinu 1996. Árið 2004 sameinuðust Vörður og Íslandstrygging hf. og tók sameinað félag til starfa í ársbyrjun 2005 undir nafninu Vörður Íslandstrygging. Árið 2006 keyptu SP-Fjármögnun, Landsbankinn og BYR sparisjóður allt hlutafélagins og í kjölfarið var núverandi nafn tekið upp. Haustið 2009 keypti færeyski bankinn BankNordik ráðandi hlut í Verði og eignaðist félagið að fullu árið 2012. Haustið 2016 varð eignarhaldið að nýju íslenskt, þegar Arion banki varð nýr eigandi Varðar. Í ársbyrjun 2017 eflidist Vörður til muna þegar félagið keypti OKKAR líftryggingar, sem var elsta starfandi líftryggingafélag landsins, og sameinaði við sinn rekstur. Úr varð Vörður líftryggingar sem er eitt stærsta félag sinnar tegundar á Íslandi.

### Framsækið alhliða tryggingafélag

Vörður er alhliða tryggingafélag sem býður hagkvæmar tryggingalausnir á samkeppnishæfu verði fyrir einstaklinga, fjölskyldur og fyrirtæki. Félagið, sem leitast við að þjóna viðskiptavinum sínum á einfaldan, þægilegan og ekki síst persónulegan máta, býður allar tryggingar sem heimilin og fyrirtækin í landinu þurfa á að halda. Í starfsemi Varðar er lögð áhersla á hagkvæman rekstur sem byggir á nútímalegum þjónustu- og samskiptaleiðum. Tæknin er notuð til samskipta þegar það á við en þess er þó gætt að tækifæri til persónulegra samskipta séu ávallt til staðar.

Vörður einsetur sér að vera til fyrirmyndar í atvinnulífinu og tekur virkan þátt í að efla umhverfismál, félagslega þætti og ábyrgja stjórnarhætti. Félagið hefur sett sér skýra stefnu um samfélagsábyrgð og sjálfbærni og styður við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Markvisst er unnið að því að auka umhverfissvæna þætti í allri starfsemi og draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið.

Vörður hefur jafnt og þétt styrkt stöðu sína á markaðnum en metnaður eigenda og starfsfólks er mikill og undirbýr félagið áframhaldandi sókn þar sem viðskiptavinurinn verður ávallt í öndvegi og hagsmunir hans hafðir að leiðarljósi. Viðskiptavinir Varðar eru liðlega 62.000 talsins.

### Starfsfólk í fremstu röð

Hjá Verði starfar um 100 manna öflugur hópur fólks með fjölbreyttan bakgrunn og margskonar menntun, reynslu og hæfni. Félagið leggur mikla áherslu á vinnuumhverfið og menninguna og kappkostar að stuðla að almenntri vellíðan, starfsánægju og góðum starfsanda sem skilar sér í úrvalþjónustu til viðskiptavina. Vörður er líflægur og skemmtilegur vinnustaður með fjölskylduvæna og heilsuefandi mannauðsstefnu þar sem unnið er í anda jafnréttis og fjölbreytileika.







Móttaka Varðar í Borgartúni 25.

### Stjórn, stjórnendur og starfsstöðvar

Stjórnarformaður Varðar trygginga hf. er Benedikt Olgeirsson. Aðrir í stjórn eru Guðný Benediktsdóttir og Ólafur Hrafn Höskuldsson.

Í stjórn Varðar líftrygginga er Benedikt Olgeirsson einnig formaður stjórnar en auk hans sitja í stjórninni Iðna Brá Benediktsdóttir og Ingibjörg Arnarsdóttir.

Guðmundur Jóhann Jónsson er forstjóri Varðar. Aðrir helstu stjórnendur eru: Steinunn Hlíf Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri ráðgjafar og þjónustu, Sigurður Óli Kolbeinsson, framkvæmdastjóri tjóna og stofnstýringar, Helena Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála og tækni og Harpa Víðisdóttir mannauðsstjóri.

Aðsetur Varðar er í Borgartúni 25 í Reykjavík en félagið rekur jafnframt starfsstöðvar að Krossmóum 4 í Reykjanesbæ og á Glerártorgi á Akureyri.

[www.vordur.is](http://www.vordur.is)





## Verzlun og Þjónusta

Bifreiðaumboð

Bifreiðaþjónusta

Heildsöluverslanir

Smásöluverslanir

Ýmis þjónusta



Starfsfólk Kringlunnar. Frá vinstri: Erik Pálsson, Árni Árnason, Zophanias Sigurðsson, Sigurjón Örn Þórsson, Karen Eva Kristjánsdóttir, Camilla Þóra Þórsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir, Sigríður Björk Sævarsdóttir og Halldór Gunnar Pálsson.

## Kringlan



Árið 1985 hófust framkvæmdir við að reisa Kringluna og var henni valinn staður á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Það þótti heppileg staðsetning fyrir verslunarmiðstöð við þessi fjölmennustu gatnamót í hjarta borgarinnar.

Þorkell Erlingsson hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen var hönnunarstjóri hússins. Richard Abrams, arkitekt hjá Bernard Eagle Architects & Planners Ltd í Englandi, átti grunnhugmyndina að húsinu en hún var síðan útfærð og aðlöguð í samvinnu við Hrafnkel Thorlacius arkitekt á samnefndri teiknistofu. Fyrirtækið Bygðaverk var aðalverktaki á meðan byggingu stóð. Í dag eru THG arkitektar, arkitektar Kringlunnar.

### Sagan

13. ágúst 1987 var Kringlan opnuð í 28.000 fm útleigjanlegu rými á þremur hæðum. Þar voru samtals 85 verslanir, veitinga- og þjónustuaðilar undir sama þaki. Veitingarýmið Kvikk var nýlunda á Íslandi þar sem svo þétt klasamyndun veitingastaða hafði ekki áður verið í boði. Kringlan hefur tekið miklum breytingum í gegnum tíðina. Stærsta einstaka framkvæmd var bygging tengibyggingar sem tengdi saman Kringluna og gömlu Borgarkringluna árið 1999. Stækkunin tókst einstaklega vel og hlaut Evrópuverðlaun alþjóðasamtakasamtaka verslunarmiðstöðva ICSC árið 2001 fyrir best heppnaðar endurbætur á verslunarmiðstöð það árið. Í dag er Kringlan 53.000 fm og 150 verslanir og veitingastaðir eru starfrækt í Kringlunni auk sjúkraþjálfunarmiðstöðvar, læknastofa, skrifstofu og annarar þjónustu. Stór nýjunig í þjónustuframboði hússins er opnun líkamsræktarstöðvar í stóru verslunarrými á 2 hæðum og teygir sú framkvæmd sig á útisvæði Kringlunnar þar sem heitir pottar eru í boði fyrir viðskiptavinum.

Að jafnaði vinna um 5-600 manns innan veggja Kringlunnar. Kringlan hefur frá upphafi notið mikilla vinsælda meðal Íslendinga og erlendra ferðamanna. Fjöldi gesta hefur margfaldast frá opnun hennar. Í dag heimsækja um fimm milljónir viðskiptavina Kringluna ár hvert.

Upphafsmáður Kringlunnar var Pálmi Jónsson sem stofnaði verslunina Hagkaup árið 1959. Nokkrir öflugir fjárfestar fylktu lið með Pálma og deildu þeir allir áhuga hans og draumi um byggingu stórrar verslunarmiðstöðvar. Eignarhald Kringlunnar er talsvert frábrugðið eignarhaldi annarra verslunarmiðstöðva sem alla jafna eru í eigu eins aðila. Eigendahópur Kringlunnar telur um fjórutíu og fjóra en þar er lang stærstur hlutur Reita hf. sem nemur um 83%.

Verslunarmiðstöðin Kringlan er rekin af Rekstrarfélagi Kringlunnar sem er félag í eigu allra eigenda Kringlunnar. Hjá félaginu starfa 13 starfsmenn auk aðkeyprar þjónustu. Hlutverk félagsins er að sjá um sameiginlegan rekstur og viðhald verslunarmiðstöðvarinnar, markaðssetningu, samsetningu verslana og þjónustuaðila í húsinu. Framkvæmdastjóri Kringlunnar er Sigurjón Örn Þórsson og markaðsstjóri er Baldvina Snælaugsdóttir. Stjórn félagsins er skipuð Margréti Kristmannsdóttur, Magneu Hjálmarsdóttur og Guðjóni Auðunssyni sem jafnframt er formaður stjórnar.






### Nútíminn, framtíðin, samfélagsleg ábyrgð, breyttir tímar

Kringlan var til margra ára eina stóra verslunarmiðstöðin á Íslandi og hefur frá upphafi verið leiðandi á sviði verslunar og þjónustu. Árið 2001 var opnuð verslunarmiðstöð í Kópavogi en þar áður höfðu minni verslunarkjarnar verið opnaðir. Árið 2009 steig Kringlan fyrst íslenskra verslunarmiðstöðva það skref að flokka sorp. 2021 er flokkun Kringlunnar komin í 55% en Kringlan vill með flokkun sinni sýna samfélagslega ábyrgð á þessu sviði sem og öðrum. Að auki eru nú í boði fjöldi hleðslustöðva á bílastæðum Kringlunnar samfara þróun í fjölda rafbíla. Fastur liður á aðventunni er jólagjafasöfnun fyrir börn í samstarf við Mæðrastyksnefnd og Fjölskylduhjálpi Íslands. Árlega gefa viðskiptavinir um 5000 gjafir í söfnunina sem á sér fastan sess hjá fjölmörgum fjölskyldum. Jólagjafasöfnun er eitt af fjölmörgum samfélagslegum verkefnum sem Kringlan er þáttakandi í.

Verslun á Íslandi stendur fyrir einum mestu umbreytingum frá upphafi. Með örri tækniþróun er kauphegðun að taka miklum breytingum og verslun og þjónusta í miklum mæli að þróast á netið. Kringlan setti fram árið 2018 metnaðarfullt loforð um að Kringlan verði stafræn verslunarmiðstöð. Stærsta einstaka verkefnið í þeirri vegferð er nýr vefur, **kringlan.is**. Hann fór í loftið 2019 með öflugri vöruleit þar sem í raun er hægt að heimsækja verslunarmiðstöðin á netinu og undirbúa og jafnvel klára kaup. Samhliða stafrænni þróun er samsetning verslana og þjónustu einnig í breytingafasa þar sem hlutverk verslunarmiðstöðva er að þróast í átt að afþreyingu og upplifun til viðbótar fjölbreyttu úrvali verslana sem áfram verður lykilaþáttur starfseminnar.

Þegar horft er til framtíðar er ráðgert að Kringlan muni taka enn meiri breytingum. Í samráði við skipulagsyfyrirvöld er unnið að útfærslu á möguleikum Kringlunnar til stækkunar á nærliggjandi lóðum sem flestar eru í eigu Reita hf. Ásókn í að opna verslanir í Kringlunni er stöðugt mikil og vaxandi þörf á að stækka húsið til að mæta eftirspurn sem og aðlaga verslunarmiðstöðina að breyttu hlutverki Kringlunnar.





## Smáralind



Baldur Már Helgason, framkvæmdastjóri verslunar og þjónustu hjá Reginn.



Tinna Jóhannsdóttir, forstöðumaður markaðsmála.



BREEAM In-Use vottunin veitir yfirsýn yfir frammistöðu Smáralindar í umhverfismálum og sjálfbærni.

Smáralind er stærsta verslunarmiðstöð á Íslandi og þar eru starfandi um 100 rekstraraðilar sem bjóða upp á margvíslega þjónustu. Í Smáralind er að finna stórmarkað, deildaskiptar verslanir, sérverslanir, kvikmyndahús, líkamsræktarstöð, apótek, vínbúð, fjölmarga veitingastaði og margt fleira. Hátt í fimm milljónir manna leggja leið sína í Smáralind árlega og útleiguhlutfall er hátt eða um 97%. Byggingin er í eigu Eignarhaldsfélagsins Smáralindar ehf. sem er dótturfélag fasteignafélagsins Regins.

Eignarhaldsfélagið Smáralind var stofnað árið 1996 í þeim tilgangi að fjármagna, byggja upp og reka verslunarmiðstöðina Smáralind. Dótturfélagið Smáralind ehf. hefur umsjón með sameign og markaðsmálum verslunarmiðstöðvarinnar. Í upphafi stóð til að reisa 2.500 fermetra byggingu sem átti að hýsa stóra matvöruverslun ásamt nokkrum smærri verslunum. Hugmyndin þróaðist og þegar Smáralind var opnuð 10. október 2001 var hún 61.500 fermetrar að stærð, á þeim tíma stærsta hús á Íslandi sem var opið almenningi.

### Helstu stjórnendur

Helstu stjórnendur Smáralindar eru Baldur Már Helgason framkvæmdastjóri Verslunar og þjónustu hjá Reginn og Tinna Jóhannsdóttir, forstöðumaður markaðsmála. Þau stýra sérhæfðu sviði innan Regins sem sér um rekstur, útleigu og markaðsmál í Smáralind sem og öðrum verslunar- og þjónustueiningum í öllum kjarnasvæðum Regins. Starfsfólk sviðsins hefur yfir að skipa sérþekkingu á smásölu á Íslandi.

### Smáralind 20 ára árið 2021

Smáralind var opnuð 2001 og er árið 2021 því 20 ára afmælisár hennar og má með sanni segja að hún sé á hátindi ferils síns. Íslendingar tóku frá upphafi vel á móti Smáralind og hefur hún alla tíð verið vinsæl meðal landsmanna, sem hafa heimsótt hana í milljónatali ár hvert. Á 20 árum hefur byggingin þróast og breyst í takt við tímann. Við opnun var stór Debenhams verslun á tveimur hæðum í vesturenda og Hagkaup sömuleiðis í austurenda. Árið 2017 opnaði H&M stóra verslun á tveimur hæðum í gjörbreyttu rými á sama stað og Debenhams var áður. Í Smáralind er að finna nokkrar vinsælar verslanir sem hvergi má finna annars staðar eins og Zöru, Monki, Weekday, Líf og list, Extraloppuna, Karakter og fleiri. Á tuttugasta afmælisárinu verður ýmislegt gert til að fagna tímamótunum með viðskiptavinum og rekstraraðilum. Nokkrir leigutakar vinna að stækkun sinna verslana auk þess sem nýjar verslanir munu opna í húsinu á árinu.

### Fyrsta BREEAM vottaða byggingin

Smáralind hlaut BREEAM In-Use vottun í janúar 2020, fyrst bygginga á Íslandi. Þegar byggingar eru vottaðar er farið ítarlega yfir fjölda þátta varðandi starfsemina og þeim gefin einkunn. Við vottun fékk Smáralind einkunnina „Very good“. BREEAM vottunarkerfið er alþjóðlegur staðall og vottunarkerfi fyrir byggingar á rekstrartíma



Smáralind hefur þróast og vöruúrval breyst í takt við tímann síðastliðin 20 ár.

þeirra. Vottunin, sem gefin er út af óháðum aðila, veitir yfirgripsmikla yfirsýn yfir frammistöðu Smáralindar í umhverfismálum og sjálfbærni.

Vottun á þessu stóra og flókna mannvirki er mikilvægt skref fram á við fyrir móðurfélagið, Reginn, og gefur félaginu svigrúm til útgáfu grænna skuldabréfa. Reginn hefur sett sér metnaðarfulla sjálfbærnistefnu sem felur meðal annars í sér að félagið ætlar að vera leiðandi í umhverfisstærni fasteigna, þar sem fylgt er alþjóðlegum kröfum um umhverfispætti, áhættustýringu og rekstur. Þessi vottun er því í fullu samræmi við þá stefnu.

### Krefjandi en gjöfult ár

Þrátt fyrir fordæmalaust og krefjandi ár í verslun og þjónustu er óhætt að segja að Smáralind hafi styrkt sig verulega í sessi árið 2020. Verslun í Smáralind jókst um 8,2% á árinu miðað við fyrra ár og var útleiguhlutfallið yfir 97%. Smáralind fékk tvönn ÍMARK verðlaun fyrir markaðsefni sitt auk þess að vera tilnefnd sem markaðsfyrirtæki ársins. Í janúar 2021 fékk Smáralind viðurkenningu frá Íslensku ánægjuvuginni fyrir að mælast efst í flokki verslunarmiðstöðva. Í rekstri Smáralindar var brugðist hratt við kórónuveirufaraldrinum með auknum þrifum, sóttvörnum, merkingum og fræðslu til rekstraraðila. Opnunartími hússins hélst óbreyttur þrátt fyrir samkomutakmarkanir þó að einstaka rekstraraðilar hafi ákveðið að aðlaga opnunartíma að tímabundnum aðstæðum. Áfram var hugað að umhverfismálum í rekstri og í desember 2020 var opnuð í húsinu glæsileg hjólageymsla fyrir viðskiptavinum og starfsfólki sem tekur yfir 100 reiðhjól auk þess sem þar er aðstaða til léttra viðgerða.

Undir lok árs opnuðu Sætar syndir og Maika í veitingastaði við hliðina á útibúi Íslandsbanka og yfir jólin var Bláa Lónið með glæsilega pop-up verslun í húsinu. Auk þess var utan-kjörfundaratkvæðagreiðsla vegna forsetakosninganna í húsinu í júní 2020.

### Áhersla á að hafa jákvæð áhrif á umhverfið

Starfsfólk Smáralindar hefur metnað til þess að reka framúrskarandi miðstöð verslunar og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu og einnig að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt. Félagið hefur sett sér skýr markmið hvað varðar umhverfismál og sjálfbærni og hefur þegar tekið mikilvæg skref í þá átt. Smáralind dregur að sér fjölda fyrirtækja, ekki aðeins inn í bygginguna sjálfa heldur einnig að nálægum svæðum og á síðustu 20 árum hefur byggst upp á svæðinu eitt öflugasta verslunar- og þjónustusvæðið á höfuðborgarsvæðinu. Framtíðarmarkmið Smáralindar og móðurfélagsins Regins, eru að stefna að aukinni sjálfbærni og halda áfram að byggja upp svæði sem dregur að sér mannlíf og menningu og er Smáralindarsvæðið eitt af kjarnasvæðum félagsins sem mikill fókus verður settur á, á komandi árum.



Smáralind hlaut tvönn auglýsingaverðlaun og Íslensku ánægjuvuginna árið 2020.



Byggingin er í eigu Eignarhaldsfélagsins Smáralindar ehf. sem er dótturfélag fasteignafélagsins Regins.



John Fenger.

### Framsækið fjölskyldufyrirtæki á traustum grunni

Árið 2012 fagnaði 1912, móðurfélag Nathan & Olsen, aldarafmæli, áfanga sem örfá íslensk fyrirtæki hafa náð. Félagið hefur staðið af sér tvö stríð, efnahagshrun og heimsfaraldur en styrkur þess í gegnum tíðina byggir á frábæru starfsfólki og sterkum vörumerkjum.

### Sagan

Sögu 1912 má rekja aftur til ársins 1912, nánar tiltekið 1. janúar, þegar dönsku athafnamennirnir, Fritz Nathan og Carl Olsen, stofnuðu Nathan & Olsen. Reksturinn byggðu þeir á innflutningi ýmissa nauðsynjavara til Íslands og útflutningi landbúnaðar- og fiskafurða til annarra landa. Höfuðstöðvar Nathan & Olsen voru upphaflega í Hafnarstræti 21 og útibú á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Starfsemin var blómleg á þessum upphafsárum fyrirtækisins.

Árið 1914 gekk John Fenger, danskur kaupmaður af skoskum ættum í móðurætt, til liðs við Fritz Nathan og Carl Olsen og er stjórn fyrirtækisins enn í höndum afkomenda hans. Í Evrópu ríkti stríðsástand en á Íslandi átti mikil uppbygging sér stað. Forsvarsmenn Nathan & Olsen voru stórhuga, keyptu eigið skip til millilandaflutninga og létu reisa fyrsta stórhýsið í Reykjavík, sem Guðjón Samúelsson teiknaði, að Austurstræti 16. Þeir létu einnig reisa fyrstu rafstöðina í Reykjavík.

### Ný tækifæri í Vesturheimi

Þrátt fyrir erfiðleika, bruna, sjóslys og hömlur á útflutningi, lifði fyrirtækið af. Í seinni heimsstyrjöldinni flutti Hilmar Fenger, sonur John sem hafði þá tekið við rekstrinum, vestur um haf til Bandaríkjanna í leit að nýjum tækifærum. Hann uppgötvaði vörumerki sem slógu rækilega í gegn á Íslandi og má enn finna á flestum heimilum, t.d. Cheerios. Hann stofnaði til arðsamra viðskiptasambanda og ákvað að einskorða starfsemi Nathan & Olsen við innflutning. Reyndist það heillaskref.

Önnur tímamót í sögu félagsins urðu árið 1988. Þá var tekin ákvörðun um að leggja áherslu á dagvörumarkað, iðnað og stóreldhús og einfalda starfsemina.

### Hagkvæmni að leiðarljósi

Á árunum eftir 1988 voru forsvarsmenn Nathan & Olsen vakandi fyrir tækifærum sem fólust í samþjöppun á smásölumarkaði. Þeir keyptu eða sameinuðust öðrum heildsölum og náðu þannig að byggja upp það fyrirtæki sem við þekkjum í dag. Fyrirtækið stækkaði ört á þessum tíma. Árið 1999 keypti Nathan & Olsen, Ekruna til að leggja aukna áherslu á stóreldhúsamarkaðinn. Í kjölfarið var tekin ákvörðun um að stofna móðurfélagið 1912 til að gera reksturinn enn hagkvæmari.





Framhald á næstu opnu →

Anddyri verslunarinnar, Austurstræti 16.



Höfuðstöðvar 1912.



Ari Fenger, forstjóri.



Vilhjálmur Fenger.



Hilmar Fenger.

Bygging nýrra höfuðstöðva árið 2008, að Klettagörðum 19, var meginþáttur í þeirri vegferð. Til að ná fram stærðarhagkvæmni í rekstrinum var öll starfsemin, sem fór áður fram á fimm stöðum, komin undir eitt þak. Árið 2019 festi 1912 kaup á framleiðslufélaginu Emmessís sem hefur aðsetur á Bitruhálsi. Dótturfélagið Ekran rekur auk þess útibú á Akureyri. Í dag er 1912 leiðandi fyrirtæki á sínu sviði í gegnum dótturfélagin Nathan & Olsen, Ekruna og Emmessís.

#### Áhættudreifing er styrkur samstæðunnar

Styrkur 1912 byggir á því að dreifa áhættu á mismunandi viðskiptavinahópa og vörumerki en fyrirtækið selur og markaðssetur mörg af stærstu vörumerkjum heims. Í gegnum dótturfélag sín selur fyrirtækið vörur fyrir smásölu, iðnað, fríverslun og stóreldhús.

**Nathan & Olsen** sérhæfir sig í sölu og markaðssetningu á vörumerkjum á snyrti- og dagvörumarkaði og nýtir sérþekkingu, tengsl við birgja og viðskiptavini til að tryggja aðgengi að vörum með skilvirkum dreifileiðum.

**Ekran** útvegar stóreldhúsum og fyrirtækjum í matvælaíðnaði hráefni og annað sem þarf fyrir daglegan rekstur. Þannig býður Ekran upp á heildarlausn þar sem breitt vöruúrval, traust afgreiðsla, sérþekking og persónuleg þjónusta er í fyrirrúmi. Ekran stuðlar að árangri viðskiptavina sinna með því að einfalda aðfangakeðju þeirra.

**Emmessís** hefur frá upphafi markað spor í sögu ísframleiðslu á Íslandi. Gæði og fagmennska hafa ávallt einkennt rekstur félagsins og nýverið hafa verið tekin stór skref í framleiðslu og nýsköpun. Mikil framþróun hefur orðið í verkferlum 1912 frá upphafi en stöðugt er reynt að ná fram meiri hagkvæmni og einfaldleika í rekstri.

#### Þröngt eignarhald lykillinn að skjótri ákvarðanatöku

Ari Fenger er forstjóri 1912 en hann er fulltrúi fjórðu kynslóðarinnar sem rekur félagið. Hann hefur stýrt félaginu frá 2008 þegar faðir hans, Vilhjálmur, féll frá. Hluthafar fyrirtækisins í dag eru Ari, ásamt Björgu Fenger, systur hans, og Kristínu Fenger, móður þeirra. Ari og Björg eru langafabörn John Fenger sem keypti sig inn í Nathan & Olsen árið 1914 og er 1912 því með elstu fjölskyldufyrirtækjum landsins. Í stjórn félagsins sitja systkinin Ari og Björg ásamt Óttari Pálssyni sem er stjórnarformaður.

#### Starfsfólk

Hjá 1912 starfa um 150 manns í dag en þetta er fjölbreyttur starfsmannahópur. Fyrirtækið er stolt af þeim mikla mannauði sem það býr yfir sem byggir að miklu leyti á reynslumiklu starfsfólki með langan starfsaldur. Einnig hefur verið lögð áhersla á að laða ungt, efnilegt fólk að félaginu sem styrkir reksturinn með nýrri þekkingu. Samstaða einkennir fyrirtækið og má í raun segja að félagið sé ein stór fjölskylda. Gildi fyrirtækisins, ástríða, frumkvæði, liðsheild og áreiðanleiki, eru samofin ráðningum, þjálfun og innri markaðssetningu. Gildin eru auk þess leiðarljós að því hvernig hægt er að ná fram settum markmiðum í rekstri.

---

### Framtíðarsýn

Stjórnendur 1912 líta björtum augum til framtíðar. Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað á undanförunum árum og framundan leynast enn fleiri tækifæri.



*Austurstræti 16 í byrjun 20. aldar.*



Mynd úr verslun A. Wendel, Tangarhöfða 1, í febrúar 2021.



Sand og saltdreifarar sem notaðir eru við hálkuvörn á vegum landsins er eitt af höfuðeinkennum fyrirtækisins.

## A. Wendel



Jón Wendel, eigandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

A. Wendel ehf. er fjölskyldufyrirtæki sem hefur í rúmlega 60 ár, byggt rekstur sinn í kringum innflutning og sölu á vélum og tækjum til verklegra framkvæmda. Sérstök áhersla er lögð á að þjónusta fyrirtæki sem sinna vegalagningu, jarðvinnuverktöku, mannvirkjagerð, gatnahreinsun og vetrarþjónustu. Viðskiptavinirnir koma úr röðum ríkis, borgar og sveitarfélaga ásamt ýmsum iðnaðarmönnum, verktakafyrirtækjum og byggingavöruverslana. Núverandi aðsetur starfseminnar er að Tangarhöfða 1 í Reykjavík en þar starfa 6 manns. Stjórnendur eru Jón Sverrir Wendel og Haraldur Friðrik Wendel.

### Wendel fjölskyldan

Fyrirtækið dregur nafn sitt af stofnandanum Adolf Wendel (1920-2004). Móðir hans Luise Wendel var þýsk en fjölskylda hennar kom frá Mecklenburg-héraðinu í austurhluta Þýskalands. Faðir Adolfs, Harald Wendel, var þýsk-íslenskur og rakti jöfnum höndum ættir sínar til Dýrafjarðar og sambandsríkis Slésvíkur-Holtsetalands norðan við Hamborg. Árið 1945 byggði Wendel fjölskyldan sér þrjúbýlishús að Sörlaskjólí 26, þar átti stórfjölskylda Wendels eftir að byggja sér myndarlegt og líflegt heimili þriggja ættliða. Afri Harald og amma Luise bjuggu á miðhæðinni og fjölskylda Adolfs á þeirri efstu. Árið 1957 varð heimilið einnig að aðsetri nýs fyrirtækis sem Adolf stofnaði ásamt eiginkonu sinni Matthildi Jónsdóttur.

### Upphaf starfseminnar


Um miðbik sjötta áratugarins starfaði Adolf hjá nýstofnuðum íslenskum aðalverktökum á Keflavíkurflugvelli. Þar innleiddi Bandaríski herinn alls kyns nýjungar og tækjabúnað til verklegra framkvæmda. Þarna sá Adolf fyrir sér óplægðan akur sem átti eftir að leggja grunninn nýju fyrirtæki, A.Wendel hf. sem hóf starfsemi árið 1957. Í upphafi fólst starfsemin einungis í innflutningi og sölu á beygjúvélum og klippum fyrir steypustyrktarjárn og í kjölfarið sigldu síðan stærri tæki til veglagninga og jarðvinnu eins og þjöppur, valtarar og malbikunarvélar. Alveg fram til 1993 stýrði Adolf rekstri A. Wendel frá Sörlaskjólí 26 þar sem synir hans, Jón og Friðrik hófu störf sín við hlið föður síns. Þetta sama ár fluttist starfsemin í eigið húsnæði að Sóltúni 1. Á fimmtíu ára afmæli fyrirtækisins árið 2007 fluttist það í stærra og hentugra húsnæði að Tangarhöfða 1 þar sem það er enn til húsa.

### Brautryðjendurnir

Fyrirtækið A. Wendel varð að sannkölluðum brautryðjanda nýjunga í orðsins fyllstu merkingu og innleiddi t.d. á sínum tíma sérhæfða vélasamstæðu sem nýtt var m.a. til að steypa Keflavíkurvegin og Vesturlandsveg um Kollafjörð. Adolf var ötull við að heimsækja vörusýningar og vegtækniráðstefnur erlendis einkum í Þýskalandi og fór þá oft fyrir hópi íslenskra verkfræðinga og verktaka. Með tímanum bættust við fleiri og stærri tæki til að mynda kranabílar, byggingakranar, gatnahreinsibílar og tæki til jarðvinnu eins og jarðborar og lofþjöppur svo eitthvað sé nefnt.



Friðrik Wendel, eigandi og sölustjóri fyrirtækisins.



A. Wendel ehf hefur verið í flokki Framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi og fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri í mörg ár.

Tæki frá A. Wendel við lagningu Keflavíkurvegjar árið 1963. Ljós. Sveinn Þormósson.

Innflutningur á búnaði til vetrarþjónustu hófst árið 1964 en sá þáttur starfseminnar hefur verið mjög öflugur upp frá því. Þar er helst um að ræða salt- og sanddreifara til hálkueyðingar á vegum og flugvöllum ásamt snjóruðningstækjum og öflugum snjóblásurum af ýmsum stærðum. Miklar framfarir hafa átt sér stað við hálkueyðingu á vegum á þessum tíma og hafa starfsmenn A. Wendel verið duglegir að kynna þessar nýjungar. Starfsmenn A. Wendel hafa ávallt tamið sér að hlúa vel að sinni sérþekkingu og reynt að efla hana í formi hentugra heildarlausna. Þannig hafa tæki til vegalagninga og vetrarþjónustu einnig skapað þörfina fyrir alls kyns umferðaröryggisbúnað eins og öryggiskeilur, blikkljós og vinnusæðamerkingar. Sala á tækjum til niðurlagningar og yfirborðsmeðferðar á steinsteypu er snar þáttur í starfsemi fyrirtækisins. Einnig búnaður til framleiðslu og niðurlagningar á malbiki svo sem malbiksstöðvar, malbikunarvélar, valtarar og búnaður til viðgerða á yfirborði vega.

### Á tímum COVID-19

Árið 2020 hefur verið að mörgu leyti óvanalegt rekstrarlega með tilkomu COVID-19 farsóttarinnar hér á landi. Ástandið virtist heldur dökkt og allt útlit fyrir að öll uppbygging legðist á hliðina. Þá gerist það með tilkomu aðgerða stjórnvalda að spýta fjármagni út í atvinnulífið, auka opinberar framkvæmdir og endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu til einstaklinga að það varð til aukinn hvati til fjárfestinga hjá almenningi og hinu opinbera. Þetta gerði það að verkum að fólk fór í framkvæmdir heima fyrir sem höfðu jafnvel setið á hakanum í fjölda ára. Það var jú ekki hægt að ferðast að neinu viti milli landa og þá var eins gott að fara í breytingar og viðhald heima fyrir. Það þurfti að kalla til verktaka og iðnaðarmenn og þeir að fjárfesta í vélum og tækjum til framkvæmdanna.

Vegna farsóttarinnar var farið út í það að skipta starfsmönnum A. Wendel í tvo hópa stóran part af árinu. Annar hlutinn vann að heiman og hinn frá aðsetri fyrirtækisins að Tangarhöfða þannig að skipst var á. Þetta hefur gengið vonum framar þökk sé frábæru starfsfólki sem hefur unnið sitt starf af mikilli elju og samviskusemi og ekki síður góðum móttökum hjá viðskiptavinum.

Nánari upplýsingar um vörur félagsins má nálgast á vefsíðu [www.wendel.is](http://www.wendel.is)



Tekið á móti vörum.



Fyrirtækið er til húsa að Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík.



Starfsfólk Apóteks Vesturlands.

## Apótek Vesturlands



Ólafur Adólfsson, lyfsali.

Miklar sviptingar höfðu verið í umhverfi lyfsölu frá því rekstur apóteka var gefinn frjálst árið 1996. Í kjölfar frelsisins fjölgaði apótekum mikið og hringamyndun apóteka hófst. Á markaðnum urðu til tvær stórar lyfjakeðjur sem voru skilgreindar af samkeppnisyfirvöldum með markaðsráðandi stöðu á lyfjamarkaði. Í þessu rekstrarumhverfi hófst undirbúningur að stofnun Apóteks Vesturlands á vordögum árið 2006. Fyrirtækið var stofnað á Akranesi í ágústmánuði 2006. Tilgangur félagsins var að setja á stofn og reka apótek á Akranesi í samkeppni við apótek lyfsólukæðjunnar Lyfja og heilsu. Ákveðið var að staðsetja lyfjabúðina í verslunarmiðstöðinni Smiðjutorgi, sem var að rísa á Smiðjuvöllum 32 á Akranesi. Heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þórðarson, opnaði Apótek Vesturlands með formlegum hætti laugardaginn 30. júní 2007 og hefur lyfjabúðin verið opin alla daga síðan eða í rúm 13 ár samfleytt. Árið 2020 keypti Apótek Vesturlands, Apótek Ólafsvíkur að Ólafsbraut 24 í Snæfellsbæ, af Óla Sverri Sigurjónssyni lyfsala sem rekið hafði lyfjabúðina í rúm 35 ár af miklum myndarskap og voru íbúar ánægðir með þjónustuna.

### Starfsemin

Apótek Vesturlands þjónar einkum íbúum á Akranesi og í Snæfellsbæ en einnig er nokkuð um viðskiptavinum á Vesturlandi, Snæfellsnesi og Dölum sem leita sér lækninga á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi. Apótekið sinnir allri almennri lyfsölu og lyfjatengdri þjónustu, s.s. lyfjaskömmtnun, skoðun lyfjabúnaðar skipa, yfirferð og viðhaldi sjúkrakassa fyrirtækja og stofnana. Auk þess er í Apóteki Vesturlands mikið úrval af heilsuvörum, vítamínum, bætiefnum, líkamshirðuvörum og snyrtivörum. Apótek Vesturlands hefur lagt ríka áherslu á góða þjónustu og hagstætt verð allt frá upphafi auk þess sem öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara. Einnig er boðið upp á fría heimsendingarþjónustu á Akranesi. Lyfjabúðir Apóteks Vesturlands eru björtu og rúmgöðu húsnæði að Smiðjuvöllum 32 á Akranesi og Ólafsbraut 24 í Snæfellsbæ.

### Starfsfólk

Þegar Apótek Vesturlands tók til starfa árið 2007 unnu 5 starfsmenn hjá fyrirtækinu í rúmum þrem stöðugildum en í dag telur starfsmannahópurinn 13 manns í 8 stöðugildum, þrjú karlmenn og tíu konur. Hjá fyrirtækinu starfa fjórir lyfjafræðingar í þrem stöðugildum, tveir lyfjateknar í nær tveim stöðugildum, verslunarstjóri í fullu starfi og sjö sérþjálfaðir starfsmenn í hlutastörfum. Góður andi og samheldni einkennir starfsemina í Apóteki Vesturlands og ríkuleg þjónustulund.

### Vöxtur og viðgangur

Vöxtur Apóteks Vesturlands hefur verið samfelldur frá því fyrirtækið hóf rekstur. Fyrsta hálfá árið voru afgreiddir lyfseðlar rúmir ellefu þúsund og árið 2020 eru þeir nær fimmtíu og sex þúsund. Nú eru apótekin orðin tvö, Apótek Vesturlands Akranesi og Apótek Vesturlands Snæfellsbæ og væntingar um að þriðja apótekið bætist í hópinn á næstu misserum.







Eigendur fyrirtækisins, Guðmundur Tómas Axelsson, Arna Axelsdóttir, Guðbjörg Tómasdóttir og Magnús Axelsson.

## Áman



Hjónin Guðbjörg Tómasdóttir og Axel Guðmundsson, aðaleigendur Ámunnar.



Apríl 2010, Axel Guðmundsson einbeittur við bókhald Ámunnar.

Áman ehf. er elsta og stærsta víngerðarverslun landsins. Sögu fyrirtækisins má rekja allt aftur til ársins 1969 þegar Guttormur P. Einarsson fékk fregnir af nýju ölgerðarefni í Englandi. Guttormur setti sig í samband við framleiðandann og fékk sendar prufur til landsins. Erfiðlega gekk að tollafgreiða varninginn en eftir staðfestingu á að ekkert ólöglegt væri á ferðinni og engin lagaleg forsenda væri fyrir því að stöðva sendinguna fóru vörurnar að lokum í gegn og voru tollaðar í hæsta flokk. Í sendingunni reyndust vera maltduft, humlar, ger og næring ásamt leiðbeiningum um hvernig ætti að meðhöndla þurrefnin til bjór- og víngerðar. Leiðbeiningarnar þýddi Guttormur síðan yfir á íslensku og í kjölfarið var hafist handa við að afla allra leyfa og undirbúa innflutning á víngerðarefni til smásölu. Þann 31. mars árið 1969 fékk Hafplast s.f. smásöluleyfið en fyrirtækið var í eigu Guttorms. Fyrstu þrjú mánuðina fór smásalan fram á heimili Guttorms í Hraunbæ 178. Í kjölfar aukinnar ásóknar fluttist salan yfir í verslunar- og iðnaðarhúsnæði við Hraunbæ 102 og var versluninni þá gefið nafnið Áman.

Áhugi og eftirspurn jókst á ölgerðarefninu og því var ákveðið að sækja um heildsöluleyfi, sem síðar var veitt þann 6. nóvember 1972. Í kjölfarið voru sérverslanir með ölgerðarefni settar á laggirnar bæði í Keflavík og Vestmannaeyjum, auk sérstakrar deildar innan matvöruverslunar á Akureyri. Ölgerðarefnin voru einnig fánleg í matvöruverslunum um land allt. Iðnaður Hafplasts s.f. fluttist síðar í Ármúla 21 en verslunin Áman fór þá í kjallara á Grensásvegi 13. Í framhaldi var merki Ámunnar hannað og verslun og vörur merktar með auðkenni hennar. Keyptar voru iðnaðarvélur til að vinna ölgerðarefnið ásamt því að hafin var framleiðsla á líkjör, sýrópi og seinna meir bjórblendi. Guttormur hafði samið við byrgjann í Englandi um að senda sér ölgerðarefnið ósamsett og var það þá tollflokkað sem hrávara en ekki fullgild verslunarvara. Áman sá svo um að vinna hráefnin í einingar fyrir sölu. Ekki voru allir á eitt sáttir með þessa aðferð og eftir afskipti verðlagseftirlitsins var gripið til þess ráðs að leyfa einungis lægstu álagningu á iðnað Ámunnar. Í framhaldinu fór að þrengja að rekstri Ámunnar svo verslunin fluttist í húsnæði Hafplasts s.f. í Ármúla 21.

Árið 1992, stuttu eftir að bjórinn var leyfður á Íslandi lagði Guttormur niður reksturinn og seldi Ámuna til Werners I. Rasmussenar apótekara í Ingólfsapóteki. Síðar eignaðist sonur hans, Karl Wernersson, fyrirtækið og úr varð fyrirtækið Áman-Deiglan ehf. sem seldi bæði víngerðarefni og rannsóknarvörur.

### Eigendur og stjórnendur

16. nóvember 2006 keyptu Axel Guðmundsson, Magnús Axelsson, Arna Axelsdóttir og Guðmundur Tómas Axelsson Ámuhlutann út úr fyrirtækinu Áman-Deiglan ehf. og stofnuðu fyrirtækið Áman ehf. Til varð verslun sem einungis flutti inn og seldi efni og vörur til eigin vín- og bjórgerðar, ásamt tengdri gjafavöru. Axel starfaði sem framkvæmdastjóri Ámunnar til vorsins 2016 og Magnús sem rekstrarstjóri en hann tók við sem framkvæmdastjóri haustið





Aman í dag að Tangarhöfða 2, 110 Reykjavík.

Verslunar- og sölustjóri Ámunnar, Kristmann Þór Gunnarsson, að afgreiða pöntun í gegnum símann.

2016. Guðmundur Tómas og Arna hafa setið í stjórn fyrirtækisins og Guðmundur Tómas verið stjórnarformaður þess frá stofnun. Vorið 2007 var Kristmann Þór Gunnarsson ráðinn til starfa hjá Ámunni ehf. og hefur hann starfað sem verslunarstjóri og sölumaður hjá fyrirtækinu síðan.

### Aðsetur

Áman ehf. var fyrst til húsa að Háteigsvegi 1, 105 Reykjavík, í húsi sem var þekkt sem „rauða húsið“ eða Austurbæjar apótek. Húsið stendur á horni Háteigsvegar og Rauðarárstígs. Í byrjun febrúar 2016 fluttist verslunin að Tangarhöfða 2, 110 Reykjavík, en þar er hún enn til húsa í dag.

### Starfsemi og sérstaða

Áman rekur verslun auk þess að selja til endursöluaðila um land allt. Engin framleiðsla á sér stað í fyrirtækinu í dag. Kjarnastarfsemi Ámunnar byggist á því að flytja inn og selja vín- og bjórgerðarefni. Stoðstarfsemin byggist síðan á því að selja ýmsa gjafavöru og búnað tengt víni og framleiðslu þess, ásamt því að selja ýmsar umbúðir til endursöluaðila. Lögð er áhersla á að styrkja starfseminna með reglulegum auglýsingum og góðum tengslum við endursöluaðila. Það er metnaður fyrirtækisins að sinna þörfum viðskiptavina, vítt og breytt um landið, á sem bestan hátt. Hjá Ámunni er viðskiptavinurinn númer eitt.

Sérstaða Ámunnar er sú að fyrirtækið er sérvöruverslun sem gerir út á lágt vöruverð, því það þarf að borga sig að gera sitt eigið gæðavín eða bjór. Það er stefna Ámunnar að vera fyrsti kostur þeirra sem stunda vín- og bjórgerð eða selja vín- og bjórgerðarefni til viðskiptavina. Áherlsa er lögð á gæðavörur og góða þjónustu.



Áman ehf. að Háteigsvegi 1, 105 Reykjavík „Rauða húsið“ sem áður var gamla Austurbæjar Apótek og en merkt sem slíkt.



Fyrsti gámurinn frá Kanada í júlí 2007.



Opnunarveisla í tilefni stofnunar Ámunnar. Frá vinstri: Magnús Axelsson núverandi framkvæmdastjóri, Guðmundur Tómas Axelsson stjórnarformaður, hjónin Guðbjörg Tómasdóttir og Axel Guðmundsson, aðaleigendur Ámunnar.



Fyrsta Doosan bátavélin afhent 28.11. 2007. Frá vinstri: David Dagleish, Hörður Harðarson Jónatan Guðjónsson og Jóhann Ólafur Ársælsson.



Völuteigur 4, Mosfellsbæ.

## Ásafl



Salka hvalaskoðunarbátur á Húsavík með Doosan vél.

Ásafl var stofnað 31. október 2007. Stofnfélagar voru þeir Auðun Óskarsson, Högni Bergþórsson, Hörður Harðarson, Jóhann Ólafur Ársælsson, Jónatan Guðjónsson og Þróstur Auðunsson. Þessi eigendahópur hefur að mestu haldið sér, utan þess að Jónatan Guðjónsson yfirgaf fyrirtækið 2011, en hann var framkvæmdastjóri fyrstu árin, við starfi hans tók Jóhann Ólafur Ársælsson, og gengdi hann því starfi þar til Helgi Axel Svavarsson var ráðinn 2014. Síðar bættist í eigendahópinn Óskar Hafnfjörð Auðunsson árið 2018, og þá sem stjórnarformaður. Frá 2017 hefur Örn Magnússon verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Tilgangur félagsins var í upphafi að selja aðalvélar, rafstöðvar, dælur, öxla, skrúfur og fleira til smærri báta auk þess að þjónusta bátaeigendur. Sérstaklega var verið að horfa til samstarfs við bátasmiðjuna Trefjar enda voru eigendur og starfsmenn Trefja hluti af stofnfélögum og hluthöfum Ásafls ehf. Fyrstu árin var ofangreint eini starfsvettvangur félagsins, en á þeim tíma hafði verið gengið frá fyrsta vörumerkinu sem eru Doosan aðalvélar og ljósavélar frá Suður Kóreu.



Helac snýr og hallar suðuplani.

### Starfsemin

Fljótlega var tekin ákvörðun um að auka umfang starfseminar og var þá hafin innflutningur og sala á ýmsum vörum tengdum verktakastarfsemi svo sem hjólaskóflum, smágröfum, kerrum og fleiru sem aðallega hentaði jarðvinnuverktökum. Einnig var farið af stað með vöru fyrir heimagarðinn, svo sem slátturvélar, hekkklippur og fleira, þetta reyndist ekki arðbært og var síðan hætt. Þá ber að greina frá því að líka var farið af stað með sölu á vörum tengdu vatnasporti og var þá aðallega verið að horfa á utanborðsmótora og uppblásna gúmmibáta. Þessum hluta starfseminar var einnig hætt og tók fyrirtækið Hafsport ehf. yfir sölu á þessum vörum.

### Birgjar

Erlendir birgjar hafa verið margir og hefur Ásafl ehf. starfað með birgjum frá hinum ýmsu löndum og ber þar helst að nefna Ítalíu, Bretlandi, Danmörku, Frakkland, Suður Kóreu, USA, Japan og fleiri löndum. Í gegnum árin hefur mikil fjöldi véla af gerðinni Doosan, Isuzu og FPT verið settar í nýsmíðar hjá Trefjum í hina rómuðu báta af gerðinni Cleópatra, einnig í hina ýmsu báta víða um land.

### Verkefni

Ásafl hefur tekið þátt í mörgum skemmtilegum verkefnum, eitt þeirra var sumarið 2009, þegar nýjum Cleopötru 31 báti, Ólafi HF 51 með Isuzu vél frá Ásafl, var siglt hringinn í kringum landið í kynningarferð fyrir bátinn og vélbúnaðinn. Ekki var þessi hringferð látin duga heldur einnig siglt til Færeyja, skipstjóri í þessu verkefni var Karel Karelsson og vélstjórar Jónatan og Jóhann Ólafur. Þetta verkefni skilaði smíði á nokkrum bátum af sömu gerð árin á eftir.



Sterna kerra, Compair loftpressa og Hanix grafa.



ARG 250 Anty rolling gyro, einn sá mest seldi frá Ásafli.



Helac á lúgu um borð í stálskipi.



Helac á lúgu í plastbáti.

### Snjallar lausnir

Margar snjallar lausnir, hefur Ásafli tekið þátt í að kynna og koma á markaðinn, má þar nefna moldvörpuna frá Hammerhead Mole í Bandaríkjunum. Búnaðurinn er hannaður til að koma lögnum í jörðu án þess að grafa langa skurði, aðeins holur þar sem byrjað er og endað. Búnaðinum má líkja við tundurskeyti þar sem miða þarf á milli punkta og draga síðan nýjar leiðslur eða rör á eftir sér. Til að knýja búnaðinn er notað loft frá pressu. Önnur snjöll lausn er frá Helac í Bandaríkjunum en það er Helac vökva-liðurinn sem getur hallað eða snúið þungum hlutum í 360gr, borð í borð. Þennan búnað má nota í stað vökvatjakkka sem oft taka mikið pláss og stangir vilja skemmast ef sjór eða ennað lendir á stöngunum.

Stöðugleikabúnaður er ótrúlega snjöll lausn til að minnka velting minni báta ag skipa. Ásafli hóf fyrir nokkrum árum að kynna þennan búnað sem nær að minnka velting ótrúlega mikið. Búnaðurinn er tæki með öflugt og þungt svinghjól sem byggir upp öflugan miðflóttaaflskraft með miklum snúningi sem síðan vinnur gegn veltingi.

### Mannauður

Í upphafi var aðeins einn starfsmaður hjá félaginu en eftir því sem félaginu óx fiskur um hrygg fjölgaði starfsmönnum og náði starfsmannafjöldi hámarki árið 2016 þegar fastráðnir starfsmenn voru 8 talsins. Um leið og meiri fókus var settur á færri vörutegundir fækkaði starfsmönnum og árið 2020 var starfsmannafjöldi kominn niður í 5.

### Aðsetur

Seinustu 10 árin hefur félagið verið með aðsetur að Hjallahrauni 2 í Hafnarfirði.

Í maí 2021 var rekstur Ásafls ehf. sameinaður rekstri fyrirtækisins Vinnuvélar og Landbúnaður og eru fyrirtækin núna rekin sameiginlega undir heitinu Vinnuvélar og Ásafli ehf. og eru til heimilis að Völuteigi 4 í Mosfellsbæ.



Ólafur HF 51, með Isuzu vél.



Moldvörpu miðað.



Sníld að ekki þarf að stöðva umferð meðan unnið er.



Eigendur Ásbjörns Ólafssonar ehf. Aftari röð, frá vinstri: Ólafur Björn, Guðmundur Karl og Gunnlaugur Rafn. Fremri röð: Ásta Friðrika og Ásbjörn.

## Ásbjörn Ólafsson



Ásbjörn Ólafsson stórkaupmaður.

Ásbjörn Ólafsson ehf. var stofnað af Ásbirni Ólafssyni, stórkaupmanni, þann 25. september árið 1937. Í fyrstu var fyrirtækið á Laugavegi 11, en flutti svo árið 1940 á Grettisgötu 2a. Á þessum fyrstu árum var meginstarfsemin innflutningur og sala á ýmsum varningi, svo sem vefnaðarvöru, skófatnaði og smávörum. Fljótlega bættust svo við matvörur, byggingavörur, húsgögn, fatnaður og ýmislegt fleira. Árið 1967 flyst heildverslunin að Borgartúni 33 en þar bjó Ásbjörn á efstu hæð hússins til æviloka. Gaman er að geta þess að þegar það var byggt var það „stórhýsið“ í Borgartúninu. Þar opnaði Ásbjörn einnig Véla- og raftækjaverslunina, en auk hennar rak hann ýmis önnur fyrirtæki í innflutningi og sölu. Má þar nefna Kjólábúðina Mær í Lækjargötunni, Húsgagnaverslun Austurbæjar á Skólavörðustígnum og Timburverslun í Skeifunni, en um tíma var innflutningur og sala á byggingavörum stór hluti viðskiptanna. Árið 1992 byggði fyrirtækið nýtt húsnæði að Skútuvogi 11a undir rekstur sinn. Þá var kjarnastarfsemi fyrirtækisins orðin sú sama og er enn í dag, en það er innflutningur, markaðssetning, sala og dreifing á ýmsum vörum fyrir neytenda- sem og stórnotendamarkað. Árið 2006 byggði fyrirtækið núverandi húsnæði sitt að Köllunarklettsvegi 6.

### Eigendur og stjórnendur

Ásbjörn Ólafsson ehf. er fjölskyldufyrirtæki og hefur það alla tíð verið í eigu sömu fjölskyldunnar. Ásbjörn eignaðist tvær dætur, Ólafíu (Lolly) og Unni Grétu (Lömbu). Í dag er fyrirtækið í eigu barna Ólafíu og Björns Guðmundssonar en þau eru fimm talsins. Tvö af þeim starfa í fyrirtækinu en öll sitja þau í stjórn þess.

Framkvæmdastjórar:

Ásbjörn Ólafsson 1937 - 1977

Björn Guðmundsson 1978 - 1996

Guðmundur Björnsson 1996 -

### Starfsemin

Síðustu ár skiptist starfsemi fyrirtækisins í 3 sölusvið; **Neytendavöru-, stóreldhúsa- og sérvörusvið**. Hvert svið hafði skýrt afmarkað hlutverk í heildarstarfseminni.

Þann 1. september 2021 voru tvær söludeildir; neytendavara og stóreldhúsavara sameinaðar rekstri heildverslunarinnar Danól ehf. Eftir samrunann þá eru starfsmenn fyrirtækisins um 30 talsins. Starfsmenn og stjórnendur fyrirtækisins hafa margþætta menntun og reynslu sem nýtist þeim og fyrirtækinu hver á sínu sviði. Hjá fyrirtækinu starfa sérhæfðir sölumenn sem hafa áralanga reynslu í að selja og þjónusta viðskiptavinum fyrirtækisins um allt land.

Ásbjörn Ólafsson ehf. er með mjög notendavæna og góða vefverslun sem er í stöðugri þróun og tekur breytingum með tilliti til tækninýjunga og þarfa viðskiptavina sinna hverju sinni.



Systkinin, núverandi eigendur fyrirtækisins, ásamt Ásbirni afa.

### Hlutverk og stefna

Hlutverk og stefna Ásbjörns Ólafssonar ehf. er að bjóða íslenskum markaði úrvals vörur og gæta þess að sérhvert vörumerki sem fyrirtækið hefur umboð fyrir njóti sterkrar stöðu hjá neytendum. Það er meðal annars gert með því að þjónusta viðskiptavini á besta mögulegan hátt með góðum vörum, góðri og persónulegri þjónustu.

### Starfsfólk

Starfsmenn Ásbjörns Ólafssonar ehf. leggja sig fram um að eiga góð samskipti við alla sína viðskiptavini. Hver og einn viðskiptavinur á sérstakan sölumanni hjá fyrirtækinu sem þjónustar með beinum og persónulegum samskiptum þar sem hagsmunir beggja eru hafðir að leiðarljósi. Með þessum hætti hefur fyrirtækið áunnið sér traust viðskiptavina og hefur það orð á sér að vera öflugur og eftirsóknarverður samstarfsaðili.

### Gildi

**Traust** - Viðskiptavinir Ásbjörns geta treyst því sem sagt er og á þann hátt er fyrirtækið áreiðanlegt í öllum samskiptum. Ekki síst byggir traustið á heiðarleika í viðskiptum þar sem lögð er áhersla á hagsmuni allra aðila. Virðing er borin fyrir einstaklingum og viðhorfum hans, hvort sem um er að ræða samstarfsmann eða viðskiptavin.

**Fagmennska** - Ásbjörn sýnir fagmennsku í öllum samskiptum við viðskiptavini sem byggir á þekkingu á þörfum þeirra og óskum. Á þann hátt leggur fyrirtækið sig fram um að veita góða þjónustu sem skapar jákvæða upplifun og styrkir viðskiptasambandið.

**Gleði** - Ásbjörn er fjölskyldufyrirtæki og er annst um að viðhalda heimilislegum brag og umfram allt að það ríki gleði og samheldni í hópnum. Gleðin er dýrmæt í samskiptum starfsmanna og smitar út frá sér til viðskiptavina.

**Árangur** - Starfsmenn Ásbjörns hafa metnað til að ná árangri í starfi ekki síst út frá hlutverki fyrirtækisins. Þeir vilja ná árangri í sókn sem felst meðal annars í aukinni markaðshlutdeild, arðsemi og sterka tengsla við viðskiptavini og birgja.

### Framúrskarandi fyrirmyndarfyrirtæki

Ásbjörn Ólafsson ehf. hefur í gegnum tíðina verið ofarlega á lista yfir Fyrirmyndarfyrirtæki VR en það er ákveðinn mælikvarði á líðan starfsmanna sem fyrirtækinu er annst um. Fyrirtækið hefur einnig verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi samkvæmt Creditinfo, en aðeins um 2,2% íslenskra fyrirtækja standast þau skilyrði um styrk og stöðugleika sem sett eru.

### Styrkleikar Ásbjörns Ólafssonar ehf.

*Áratuga reynsla á íslenskum markaði*

*Traust og jákvæð ímynd fyrirtækisins*

*Faglegt og reynslumikið starfsfólk*

*Góð tengsl við viðskiptavini*

*Sterk vörumerki*

*Sveigjanleiki og aðlögunarhæfni*

*Traust sölunet og dreifing*

*Glæsileg vefverslun með ítarlegum upplýsingum um allar vörur*

[www.asbjorn.is](http://www.asbjorn.is)

[www.fallegogfreistandi.is](http://www.fallegogfreistandi.is)



Glæsileg heimasíða og vefverslun [www.asbjorn.is](http://www.asbjorn.is)



Nýja húsnæði Bernharðs Laxdals, Skiphóli 29.

## Bernharð Laxdal



Guðrún R. Axelsdóttir, eigandi.



Þekktasti viðskiptavinurinn, Hillary Clinton, verslaði sér kápu hjá B. Laxdal janúar 1999.

Bernharð Laxdal er elsta starfandi kvenfataverslun landsins, en fyrirtækið var stofnað á Akureyri af klæðskeranum Bernharð Laxdal árið 1938. Fyrirtækið flutti til Reykjavíkur þegar fyrsti stórmarkaður landsins tók til starfa haustið 1960, í Kjörgarði við Laugavegi 59 í Reykjavík, með rúllustigum og hvaðeina, opnaði Bernharð Laxdal þar glæsilega verslun á annarri hæð. Margir tryggir viðskiptavinir verslunarinnar, eiga hlýjar minningar frá þeim tíma, þegar fermingarkápan var keypt hjá Bernharð Laxdal í Kjörgarði. Árið 1982 flutti verslunin í þá nýbyggt glæsilegt húsnæði á götuhæð við Laugavegi 63. Í maí 2001 tóku núverandi eigendur, Guðrún R. Axelsdóttir og Einar Eiríksson við rekstrinum, en fram að þeim tíma hafði fyrirtækið verið í eigu sömu fjölskyldu.

Vegna mikilla breytinga á rekstrarumhverfi miðborgarinnar flutti verslunin í mun stærra, stórglæsilegt húsnæði að Skiphóli 29, 17. mars 2017. Hefur flutningur verslunarinnar reynst gæfuspor og fagna viðskiptavinirnir stórbættu aðgengi.

### Vörumerki

Eftir eigendaskiptin var verslunin innréttuð frá grunni, með nýjum glæsilegum innréttingum, frá einum helsta birgja fyrirtækisins, hinum þekktu þýska kvenfata hönnuði, Gerry Weber. Hinar vel hönnuðu og hagkvæmu innréttingar, hafa gert það mögulegt að auka vöruúrvalið, og bæta nýjum birgjum í hópinn. Auk Gerry Weber, Taifun hafa bæst við Betty Barclay og í yfirhöfnum hið vel þekktu Cinzia-Rocca, sem framleiðir hágæða ítalskar ullarkápur, 100% ull, Kasmír ull og stórglæsilegar Alpacha kápur, faguð ítölsk hönnun, þar sem hverju smáatriði er fylgt eftir. Einnig selur verslunin Creenstone kápur, sem eru gríðarlega vandaðar og eru allt í senn kápa og úlpa, og eru bæði vind- og vatnsvarðar og henta því einstaklega vel fyrir íslenska veðráttu. Fuch/Shmitt, er mjög vandað þýskt vörumerki sem er þrautreynt í útvistaryfirhöfnum og njótum við góðs af því í framleiðslu þeirra á vönduðum yfirhöfnum til allra venjulegra nota. JUNGE er danskt, líka vandað og einstaklega framsækið og fylgist vel með nýjustu tískunni í framleiðslu sinni. Glæsilegar dúnúlpur m/ekta skinni, fisléttir dúnjakkar og kápur m/hettu, og margt fleira, sem er alltaf nýjasta tískan og glæsilegt.

### Vörur

Í Laxdal er áherslan enn sem fyrr á klassískan gæðafatnað. Frá ábyrgum aðilum með sterka samfélagsvitund sem talar inn í tíðarandann. Okkar metnaður er að veita persónulega og faglega þjónustu og það hefur reynst vera lykillinn að velgengni verslunarinnar, sem á fjölmarga tryggja viðskiptavini til áratuga, sem kunna að meta og njóta vandaðrar vöru sem endist. Bernharð Laxdal talar sterkt inn í samtímann og býður vandaðar vörur á sanngjörnu verði. Verslunin er í alfaraleið, með næg bílastæði, marga mátunarklefa og þjónustu sem er markviss og gengur greiðlega – og núna líka netverslun og allt vinnur svo vel saman. Í árána rás hefur Bernharð Laxdal verið leiðandi í verslun á yfirhöfnum á íslenskum markaði og svo mun verða áfram. Á seinni árum hefur áherslan aukist á allan almennan kvenfatnað

*Ekta Laxdal glæsikápa.*

og sérstaklega á buxur og fullyrðum við að í Laxdal er mesta úrvalið af allskonar síðbuxum fyrir kvenfólk frá hinum heimspektu framleiðendum Gardeur, Gerry Weber og Betty Barclay. Einnig hefur Laxdal boðið fallegar Baisc dragtir, svartar og dökkbláar, þrjú snið af jökkum, þrjú snið af buxum, pilsum og kjólum, þar sem allt passar saman. Þessar dragtir eru mjög vinsælar sem vinnudragtir og fyrir ýmsan félagsskap, en einnig eru þær góður grunnur í fataskápinn, sem kemur sér vel við flestar aðstæður. Frank Lyman glæsikjólarnir eru mjög fallegir, fyrir allar veislur og viðburði. Í Laxdal er andrúmsloftið ljúft og þægilegt og þér veitt sú þjónusta sem þú óskar eftir. Finndu endanlegar lausnir fyrir fataskápinn og þá fjölbreytni sem gæðir líf þitt og bætur.



*Laugavegsárin 1960-2017, fyrst í Kjörgarði, síðan frá 1986 Laugavegi 63.*



*Laxdalkonur á góðri stund.*





## Bestseller



Grímur Garðarsson, eigandi.

### Bestseller í 46 ár

Árið 1975 var danska fyrirtækið Bestseller stofnað af hjónunum Merete Bech og Troels Holch Povlsen. Þau ráku fyrirtækið við góðan orðstír til ársins 2005 en þá tók sonur þeirra, Anders Holch Povlsen, við keflinu. Í dag er hann eini eigandi Bestseller og sjá foreldrar hans líklega ekki eftir að hafa hleypt syni sínum að enda tókst Anders á fyrstu 10 árum sínum sem forstjóri fyrirtækisins að þrettánfalda stærð félagsins. Bestseller sérhæfir sig í tísku og rekur u.þ.b. 10.000 verslanir um allan heim, en frá árinu 1996 hefur félagið opnað fleiri en eina búð á hverjum degi. Undir regnhlíf Bestseller eru merkin Jack & Jones, Vero Moda, Only, Noisy May, Vila, Object, Name It, Junarose, Pieces, Only & Sons, Yas, Mamalicious, Jacqueline de Yong, Produkt, LMTD og Postyr. Þá á félagið stóran hlut í Asos, sem margir Íslendingar þekkja vel, en Asos er stærsta tískunetverslun Bretlands. Bestseller á líka stóran hlut í þýsku tískunetversluninni Zalando og hefur velgengni fyrirtækisins skilað Anders í efsta sæti Forbes listans í Danmörku.

### Bestseller Ísland

Við höldum hingað til lands þegar einn frumkvöðullinn í íslenskrri smásölu, Margrét Þóra Jónsdóttir, stofnaði Bestseller Ísland árið 1987. Þá hafði hún í mörg ár keypt gallabuxur og peysur af hjónunum Merete og Troels en þau höfðu á þessum árum verið með lítinn sölubás á sýningum í Danmörku. Margrét opnaði svo fyrstu Vero Moda verslunina á Íslandi árið 1993 og var sú verslun staðsett á Laugavegi. Dætur Margrétar, Helga og Marta Árnadætur, komu svo inn í rekstur Bestseller Ísland um svipað leyti og verslunin var opnuð og leiddu systurnar félagið allt til ársins 2016. Það ár áttu og ráku þær, ásamt núverandi eiganda Bestseller Ísland, Grími Garðarssyni, verslanir hér heima og einnig fjölda Vero Moda verslana í Kanada.

### Verslanir Bestseller

Í dag rekur Bestseller Ísland ellefu verslanir undir merkjum Vero Moda, Jack & Jones, Selected, Vila, Name it og bestseller.is sem er netverslun. Verslanirnar eru áberandi og vinsælar í báðum stóru verslunarmiðstöðvunum á höfuðborgarsvæðinu, Kringlunni og Smáralind. Verslanirnar bjóða einnig upp á önnur vinsæl undirmerki undir Bestseller regnhlífinni og eru Íslendingum að góðu kunn.

### Mannauður

Yfir 100 manns starfa hjá Bestseller á Íslandi og rekur félagið skrifstofur og vörlager í Gilsbúð 5 í Garðabæ. Stjórnendur leggja ríka áherslu á jákvætt og uppbyggilegt umhverfi fyrir starfsfólk og er markmið félagsins að veita Íslendingum tækifæri til að versla hágæða tískufatnað á hagstæðu verði og veita viðskiptavinum sínum góða og tryggja þjónustu. Frekari upplýsingar um Bestseller á Íslandi er að finna inni á vefsíðunni [bestseller.is](http://bestseller.is).









Úr sýningarsal okkar.

## Birgisson



Birgir Þórarinnsson, forstjóri.



Þórarinn Gunnar Birgisson, framkvæmdastjóri.

Í yfir 35 ár hefur Birgir Þórarinnsson og fjölskylda rekið fyrirtæki í innflutningi á parketi, innihurðum, flísum, loftaklæðningum, utanhússklæðningum og ýmsum öðrum byggingavörum. Birgir hóf störf á gólfefnamarkaðnum í Teppalandi við Grensásveg, þar sem hann varð um síðir sölustjóri. Árið 1986 þá 31 árs réðst hann svo í sjálfstæðan rekstur þegar hann og fjölskylda hans keypti heildverslunina Egil Árnason hf. Fyrirtækið var á meðal fyrstu innflytjenda á parketi á Íslandi. Var eftir nokkru að slægjast því að með í kaupunum fylgdu umboð fyrir Kährs parket frá Svíþjóð og Junckers parket frá Danmörku. Allt fram til þessa tíma höfðu gólfteppi verið aðal gólfefnið á íslenskum heimilismarkaði sem og fyrir skrifstofur og stofnanir. Nú urðu þáttaskil og parket varð smám saman vinsælasta gólfefnið hjá íslenskum neytendum. Fyrirtæki Birgis, undir nafni Egils Árnasonar, óx hratt og naut síaukinna vinsælda, ekki síst hjá arkitektum. Starfsemin krafðist aukins rýmis og fjölgunar starfsmanna er frá leið. Verslunin var flutt úr Skeifunni í húsnæði að Ármúla 8 þar sem hún er enn í dag en nú undir nafninu Birgisson ehf. Vöruhús fyrirtækisins er að Holtavegi 8. Birgisson ehf. var stofnað 5. febrúar 2011 og er fjölskyldufyrirtæki í eigu Birgis, eiginkonu hans og Þórarins Gunnars, sonar þeirra. Eins og mörg önnur fyrirtæki varð Egill Árnason hf. illa úti í bankakreppunni og þurfti endurreisnar við. Ráðist hafði verið í byggingu 9000 fm vöruhúss sem reyndist of þungur baggi þegar að kreppti með hrúni bankanna. En endurreisnin gekk vonum frammar. Fastir viðskiptavinir héldu tryggð við Birgi og fjölskyldu undir nýju nafni. Vöruframboð Birgisson ehf. byggir á gæðum og góðu verði og á sannarlega upp á pallborðið hjá íslenskum neytendum. Hjá Birgisson ehf. er reksturinn byggður á reynslu, þekkingu, úrvals starfsfólki og góðu framboði af gæðavörum frá virtum og þekktum framleiðendum. Vörum sem reynst hafa vel við íslenskar aðstæður.

### Reksturinn

Í glæsilegum sýningarsal Birgisson ehf. að Ármúla 8 getur að líta eitt mesta úrval landsins af viðarparketi, harðparketi, flísum og innihurðum ásamt úrvali af fylgihlutum. Lögð er áhersla á að allar vörur sem eru á boðstólum séu umhverfsvottaðar. Stór hluti veltunnar hjá Birgisson byggir á smásölu til almennra neytenda en stórir verktakar á íslenskum markaði hafa einnig verið fastir viðskiptavinir fyrirtækisins í áraðir og halda tryggð við sinn birgja. Birgisson ehf. státar því af mörgum stórum og glæsilegum verkefnum. Meðal þeirra eru til dæmis innhurðir frá Ringo í nýja fangelsið á Hólmsheiði. Ringo innihurðirnar hafa verið á boðstólum frá 1989 og prýða mörg íslensk heimili og fyrirtæki. Birgisson ehf. hefur einnig mjög sterka markaðsstöðu hvað varðar sundlaugaflísar. Þar koma sterkt inn flísarnar frá Agrob-Buchtal í Þýskalandi. Flísar frá Agrob-Buchtal má t.d. finna í Sundhöll Reykjavíkur og Árbjærjarlaug. Þá hefur harðparketið frá þýska fyrirtækinu Swiss Krono notið síaukinna vinsælda síðasta ártuginn. Þá má ekki gleyma vinsælasta viðarparketinu á Íslandi, en síðustu áratugi eða allt frá 1954 hefur Kährs parketið frá Svíþjóð verið mest selda viðarparketið á Íslandi.



Birgisson í Ármúla 8.



### COVID-19

Árið 2020/2021 hefur einkenst af COVID-19 faraldri. Birgisson ehf. hefur lagt áherslu á að fylgja öllum sóttvarnarreglum með breyttu starfaskipulagi auk annarra sóttvarna sem sóttvarnaryfirvöld hafa krafist. Hefur þar vel til tekið. Margir hafa nýtt sér þetta furðulega ár 2020/2021 til framkvæmda heima og verður segjast að salan hjá Birgisson hafi farið langt fram úr björtustu vonum.

### Samkeppni

Mikil samkeppni ríkir á gólfefnamarkaði sem og í öðrum byggingavörum. Í þessari miklu samkeppni leggja eigendur Birgisson ehf. áherslu á að starfsmenn fyrirtækisins hafi góða þekkingu og reynslu, veiti gæðþjónustu, og að vöruframboðið sé glæsilegt, vandað og frá virtum og þekktum framleiðendum. Einnig fylgjast eigendur vel með nýjungum á gólfefnamarkaði og reyna að vera fyrstir til að kynna þær fyrir íslenskum neytendum.

### Starsfólk

Hjá Birgisson ehf. starfa nú 18 manns og hefur fjölgað jafnt og þétt frá upphafi og í takt við aukin umsvif. Birgir Þórarinsson er forstjóri en sonur hans Þórarinn Gunnar er framkvæmdastjóri. Það má því segja að önnur kynslóð hafi nú tekið við stjórnartaumunum hjá Birgisson ehf.

### Samfélagsmál

Birgisson ehf. lætur einnig til sín taka þegar kemur að samfélagsmálum og styrkir mörg góð málefni, tekur virkan þátt í kolefnisjöfnun og umhverfismálum.

### Framúrskarandi fyrirtæki

Birgisson ehf. hefur verið í hópi Framúrskarandi fyrirtækja á lista Creditinfo samfelld frá 2016-2021 og Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri frá 2017-2021 hjá Keldunni og Viðskiptablaðinu.



Úr sýningarsal okkar.





## BYKO

### Saga BYKO

Árið 1962 opnuðu Guðmundur H. Jónsson og Hjalti Bjarnason 135 fm byggingavöruverslun við Kársnesbraut í Kópavogi. Þar með var grunnurinn lagður að BYKO.

Í upphafi var einungis verslað með grófa vöru en innan árs var opnuð þar smávöruverslun. Þó Guðmundur og Hjalti hafi verið framsýnir hefði þá trúlega aldrei rennt grun í hvernig byggingavöruverslunin 135 fm ætti eftir að vaxa og dafna á næstu áratugum. Í dag er starfsemin rekin í 55.000 fm. Frá fyrsta degi hefur stefna BYKO snúist um viðskiptavininn, þ.e. að veita fagmönnum og húsbyggjendum framúrskarandi þjónustu. Gera betur en aðrir á þessum markaði. BYKO hefur þá má segja verið leiðandi byggingavöruverslun á íslenskum byggingavörumarkaði í 58 ár.

### Uppbygging BYKO

Eins og fram hefur komið hófst starfsemi BYKO 13.6 1962 í 135m<sup>2</sup> húsnæði. Árið 1972 var verslunin flutt að Nýbýlavegi 6 og varð hún strax leiðandi verslun í byggingavörum þar sem seldar voru allar helstu byggingavörurnar á einum stað. Árið 1980 var stórt athafnarsvæði fyrir timbursölu tekið í notkun við Skemmuveg í Kópavogi þar sem nú er Timburverslun BYKO í Breiddinni og árið 1988 flutti verslunin síðan af Nýbýlaveginum í nýtt og rúmbetra húsnæði í Breiddinni. Verslunum fjölgaði hratt en í Hafnarfirði var opnuð BYKO verslun árið 1984.



Til vinstri, Jón Helgi Guðmundsson, til hægri Guðmundur Halldór Jónsson stofnandi BYKO.



Jón Helgi Guðmundsson, til hægri og Kristján Guðmundsson, til vinstri, þáverandi bæjarstjóri Kópavogs. Myndin var tekin 1987 á 25 ára afmæli BYKO við gróðusetningu nokkurra aspa.





Starfsmaður BYKO Gunnar Bjarki Rúnarsson ásamt viðskiptavini. Mynd frá athafnasvæði BYKO á Skemmuvegi.

Framhald á næstu opnu →

Önnur verslun var opnuð við Hringbraut í Reykjavík árið 1991. Árið 1995 urðu þau tímamót að aðalskrifstofa BYKO flutti af Nýbýlaveginum inn í Breidd, þar sem hún er staðsett enn þann dag í dag. Áfram hélt fyrirtækið að vaxa. Árið 1996 keypti BYKO rekstur verslunarinnar Járn og Skip í Keflavík og hefur síðan rekið þar verslun undir nafninu BYKO Suðurnes. Árið 1997 keypti BYKO svo rekstur verslunarinnar Metró að Furuvöllum á Akureyri. Þar var rekin timbursala, lagnadeild og leigumarkaður en ný smásöluverslun var opnuð í nóvember árið 2000 sem stendur við Óðinsnes og sameinaðist þar bæði timbursalan og verslunin undir einu þaki. Ný og endurbætt verslun í Breidd var opnuð í September árið 2002 og var stærsta verslun sinnar tegundar á Íslandi. Í apríl árið 2003 var ný verslun BYKO opnuð á Reyðarfirði og sama ár í júlí opnaði BYKO verslun á Akranesi sem áður var verslun trésmiðjunnar Akurs. Árið 2004 opnaði BYKO glæsilega verslun á Selfossi. BYKO opnaði síðan verslun í Kaupúni Garðabæ árið 2007 en henni var lokað aftur árið 2011 í kjölfar efnahagsþrenginga á Íslandi og samdráttar í byggingariðnaði. Árið 2008 opnaði BYKO síðan á Grandanum í Reykjavík og er sú verslun sérstaklega hönnuð með sitt markaðssvæði í huga til þess að þjóna fyrst og fremst viðhaldsmarkaði. Árið 2016 var ákvörðun tekin um að loka verslun BYKO á Reyðarfirði, rekstrargrundvöllur ekki lengur fyrir hendi. Sama ár voru gerðar endurbætur á skrifstofuaðstöðu á aðalskrifstofum BYKO í Breidd með það að markmiði að sameina allar stoðdeildir undir einu þaki. Janúar árið 2020 var innleitt nýtt upplýsingatæknikerfi frá Microsoft sem ber heitið Dynamic AX sem leysti af hólmi eldra kerfi AS/400 sem tekið var upp árið 1998. Með innleiðingu á Dynamic AX var lagður grunnur að stafrænni þróun félagsins.

### Lykiláherslur BYKO

Fólk - Eftirsóttur vinnustaður, sem byggir á starfsánægju þar sem starfsfólk finnur tilgang með störfum sínum

Viðskiptavinurinn - Við viljum skilja hann betur en aðrir

Upplýsingatækni - Stafræn þróun

Samfélagsleg ábyrgð - Við gerum okkur grein fyrir okkar ábyrgð þegar kemur að fólki og umhverfi

Traustur rekstur - Arðsemi til þróunar og frekari vaxtar

### Stefna og hlutverk

Okkar hlutverk snýst um að eiga í góðum samskiptum við fólk sem er í framkvæmdum eða í framkvæmdahug. Stefna BYKO hefur í grunninn verið óbreytt frá fyrsta degi félagsins. BYKO vinnur eftir þeirri stefnu að vera fyrsti valkostur fólks sem hyggur á framkvæmdir eða stendur í framkvæmdum. Hvort sem um er að ræða fegra garðinn, heimilið, nýbyggingu eða flóknari framkvæmdir sem útheimtir tæknilegar sérlasunir. Við höfum verið leiðandi og ætlum okkur að vera leiðandi á íslenska byggingavörumarkaði um ókomna tíð. Traust er grunnur alls sem við gerum og sköpum.



Port í timburverslun BYKO.



Verkefni í Vestmannaeyjum.

# VELKOMIN Í BYKO



Afhending styrkja úr samfélagsjóði BYKO um áramót.



BYKO Akureyri um vetur.



Jól á Akureyri.

## Framtíðarsýn verslun og þjónustu

Spennandi tímar eru uppi sem ógnar núverandi fyrirkomulagi verslunar og þjónustu í landinu. Margir hafa tekið svo stórt til orða að þau fyrirtæki sem taka ekki mið af þeim fjárfislegum breytingum sem steðjar að greininni munu helta úr lestinni. Drifkraftur breytinga eru drifnar áfram af tækniframförum sem birtist m.a. í breyttri neytendahegðun, kauphegðun, aðgengi að upplýsingum sem framkallar þá stöðu að valdið er komið til viðskiptavinarins. Af þessum fjárfislegu breytingum höfum við tekið mið af í okkar framtíðarsýn. Stafræn þróun í verslun og þjónustu er framundan. Viðskiptavinur framtíðarinnar kallar eftir aukinni þjónustu í formi starfæna möguleika, að viðhalda tryggð verður aukin áskorun, landmæri verslunar horfin, samkeppnisumhverfið verður allur heimurinn.

## Framtíðarsýn - umhverfismál

Við hjá BYKO gerum okkur grein fyrir þeirri ábyrgð sem hvílir á okkur þegar kemur að loftslagsmálum og þess vegna er vistvænt BYKO komið til að vera. Við berum ábyrgð á umhverfisáhrifum fyrirtækisins og höfum þess vegna mótað metnaðarfulla og skýra stefnu sem við tökum mið af í okkar daglegri starfsemi og í okkar framtíðarsýn.

Við lítum svo á að ábyrgð okkar sé tvöföld:

### Eigin starfsemi

Tryggja gott aðgengi viðskiptavina að vistvænum lausnum

Umhverfisstefnan ber yfirskriftina Vistvæn saman og tekur á eftirfarandi þáttum:

Við auðveldum vistvænar framkvæmdir

Við erum fagleg og framsækin

Við setjum okkur markmið

Við gerum betur

Við berum ábyrgð

Umhverfismál munu án efa verða eitt af lykilmálum í rekstri fyrirtækja til framtíðar.

## Mannauður

Á bakvið árangur er fólk. Hár starfsaldur og um lág starsmannavelta hefur einkennt BYKO til langs tíma. Við gerum okkur grein fyrir mikilvægi þess að starfsfólki líði, vel en þannig eru auknir möguleikar að draga fram það besta hjá hverjum og einum. Jafnrétti á vinnustað býr til betri vinnustað, fjölbreyttari sjónarmið sem gerir það að verkum að við fáum betri ákvarðanir sem leiðir til aukinnar arðsemi. Hjá BYKO starfa að meðaltali 410 starfsmenn í 330 stöðugildum.

Stjórn BYKO samanstendur af þremur konum og tveimur karlmönnum

Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun innleiddar

Jafnlaunastefna hefur verið innleidd

Jafnlaunavottun fékkst janúar 2020



Íris Sigtryggsdóttir rekstrarstjóri verslunar í Breidd.



Sigurður Pálsson forstjóri á timburlager BYKO.



Renzo G. Passaro verslunarstjóri timburverslunar BYKO.


Samgöngusamningur um vistvæna samgöngumáta  
Hjólavottun frá Hjólafærni, læst aðgengi að hjólum, búningaaðstaða, hjólagrindur fyrir viðskiptavinum, hjólað í vinnuna, Lífshlaupið.

### Viðurkenningar og helstu stærðir

Ánægjuvinnin 1. sæti þrjú ár í röð  
Framúrskarandi fyrirtæki Creditinfo 2017, 2018, 2019  
Fyrirmyndarfyrirtæki Viðskiptablaðið / Keldan  
Tilnefning til framúrskarandi samfélagsábyrgðar

### Verslanir

Velta 19,2 mkr.  
Norvik móðurfélag BYKO 9. sæti yfir fyrirmyndarfyrirtæki að mati Viðskiptablaðið / Keldan.  
BYKO er í flokki með stærstu fyrirtækjum landsins.  
5 Byggingavöruverslanir, ásamt sérverslunum.  
Lagnaverslun.  
Leigumarkaður.  
Timburverslun.



Skipurit BYKO.



## Dún og fiður



Anna Bára Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri.

Dún og fiður er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu, endurnýjun og hreinsun á sængum, koddum, púðum, pullum og skyldum vörum úr náttúrlegum dún og fiðri.

Dún og fiður byggir á um 60 ára gömlum merg og hefur verið í eigu sömu fjölskyldu allan tímann. Á þessum tíma hefur safnast saman mjög mikilvæg þekking og reynsla á öllu sem lýtur að dún og fiðri, efnum því tengdu og meðhöndlun sængurfatnaðar.

### Sagan

Dún og fiður var stofnað þann 1. febrúar 1959 af Benedikti Ólafssyni og Svövu Árnadóttur og var fyrst til húsa að Kirkjuteig 29 í Reykjavík, en 3. ágúst 1963 flutti fyrirtækið í eigið húsnæði að Vatnsstíg 3, Reykjavík. Dún og fiður er nú til húsa á Laugavegi 86.

Fyrirtækinu er í dag stýrt af Önnu Báru en hún er þriðji ættliðurinn sem stýrir fyrirtækinu.

### Orðspor

Dún og fiður hefur með áratuga starfsemi skapað sér fastan sess í hugum borgarbúa og annarra landsmanna. Því hefur það verið stefna fyrirtækisins að breyta engu þar um né að vera með útsölur eða útibú á öðrum stöðum.

### Framleiðsla

Dún og fiður ehf. framleiðir sjálfst flestar dúnsængur og kotta. Öll framleiðslan er merkt Dún og fiður og ársstimpluð þannig að sjá megi framleiðsluárið þegar komið er með vöruna í hreinsun eða endurnýjun. Við endurnýjun á framleiðsluvöru Dún- og fiðurhreinsunarinnar er vörunni gefinn nýr ársstimpill. Dún og fiður framleiðir flestar vörur sínar úr mismunandi dún og fiðri, þ.e. æðardún, gæsadún í tveimur flokkum og andardún. Og eru gæðin í þeirri röð sem hér er talið. Þannig fer í sæng sem er með 1 kg. af æðardún, snjógæsadún eða svanaðún og 1.1 kg. af andardún.

### Dúnhreinsun

Dún og fiður tekur að sér að hreinsa og endurnýja sængur og kotta óháð því hvar varan er framleidd. Meginmarkmiðið með hreinsun á dúnsængum er að ná öllu ryki ásamt húðfitu, svita og utanaðkomandi raka úr dúninum. Dúnninn lyftist upp inni sænginni og ef þetta er gert á um það bil 3 ára fresti þá lengist endingartími sængurinnar um mörg ár.

Einfaldasta hreinsunin á sængum er þvottur og þurrkun í öflugum þurrkara. Hún er fullnægjandi ef dúnninn er óskemmdur og ver heilt og lítið slitið. Sé dúnninn hins vegar farinn að rýrna og/eða ver orðið slitið er boðið uppá að skipta um ver og bæta í dún í anda-, svana-, snjógæsa- og æðardúnsængur eftir þörfum.

Efnið sem notað er við hreinsunina er vistvænt og brotnar niður í náttúrunni á innan við einum sólarhring. Þetta er auðvitað undirstaða heilbrigðis og þess að þú sofir betur.



Dún & fiður, Laugavegi 86.









Eigendur Dýrheima. Frá vinstri: Ingibjörg Björnsdóttir, Halldór Jóhannsson, Soffía K. Kwaszenko og Jóhann I. Halldórsson.

Hluti fræðslurýmis Dýrheima.

## Dýrheimar



Húsnæði Dýrheima er að Ögurhvarfi 8.



Sýningarsalur og afgreiðsla Dýrheima.



Lillian Bourras, viðskiptastjóri hjá Royal Canin og Halldór Valek Jóhannsson, einn eigenda.

Árið 1993 ákváðu hjónin Soffía Kristín Kwaszenko og Jóhann Ingólfur Halldórsson, ásamt móður Soffíu, Elísu Magnúsdóttur Kwaszenko að stofna fyrirtæki á gæludýramarkaði. Það sumar voru gerð drög að stofnun fyrirtækis með heiðarleika í viðskiptum og virðingu fyrir dýrum sem grunnildi. Þann 21. febrúar 1995 var Dýrheimar sf. formlega stofnað og í maí sama ár ferðaðist Soffía til Frakklands þar sem undirritaður var dreifingarsamningur við fóðurframleiðandann Royal Canin. Markmið fyrirtækisins var að efla samfélag gæludýraeigenda og stuðla að bættri heilsu hunda og katta með því að bjóða upp á sérsniðið hunda- og kattafóður þar sem vísindi og rannsóknir lágu að baki. Fljótlega bættist í vöruúrvalið, m.a. hársnyrtivörur fyrir hunda og ketti frá Bio Groom sem og ýmsar sérvörur frá Ancol. Fyrirtækið gerði þá samning við félag kattaeigenda, Kynjaketti, um að styrkja eigendur katta ekki bara í að auka næringu katta sinna heldur einnig feldhirðu. Til að undirstrika mikilvægi feldhirðu katta var ákveðið að veita verðlaun, á sýningum Kynjakatta, fyrir best snyrtu kettina. Einnig var gerður samningur við Hundaræktarfélag Íslands um að styrkja hundasýningar félagsins. Fyrst barnastarfið með því styrkja för stigahæstu ungmenna til að sýna erlendis. Svo öldunga og hvolpa á öllum sýningum félagsins. Síðar bættust við útisýningar sem fyrirtækið styrkir með stolti.

### Starfsemin

Fyrirtækið hefur líka verið öflugt í að styrkja dýralækna við að auka þekkingu sína á sjúkdómum í hundum og köttum og jafnframt fengið til landsins sérfræðinga í ýmsum greinum til að fræða bæði dýralækna og ræktendur hunda og katta. Á upphafsárunum var erfitt að koma hunda- og kattavörum á framfæri þar sem hundahald var bannað á höfuðborgarsvæðinu sem og lítil áhersla lögð á næringarinnihald fóðurs fyrir hunda og ketti. Til að vekja athygli á vörum á gæludýramarkaði var lögð áhersla á fræðslu á sölubásnum hunda- og kattasýninga. Til aðstoðar á sýningum var sonur þeirra hjóna, Halldór Jóhannsson og tengdadóttir, Ingibjörg Björnsdóttir sem sá einnig um færslu bókhalds. Öll unnu þau saman að því að koma vörum fyrirtækisins á framfæri til að stuðla að bættri heilsu dýranna. Á þriðja starfsári urðu breytingar í eigendahópi fyrirtækisins þegar Elísa fór út og Halldór kom í hennar stað inn í fyrirtækið sem eigandi við hlið foreldra sinna. Eigendur unnu öll önnur störf samhliða fyrirtækjarekstrinum þar til fyrirtækið varð sjálfbært. Jóhann starfaði við trésmíði á daginn og hjá fyrirtækinu á kvöldin og um helgar. Soffía starfaði hjá fyrirtækinu á daginn en við ræstingar á kvöldin og Halldór starfaði sem sölumaður á daginn en hjá fyrirtækinu á kvöldin og um helgar. Þannig gátu eigendur unnið að uppbyggingu fyrirtækisins og reksturinn vaxið með sjálfbærum hætti.

### Aðsetur

Fyrstu árin var fyrirtækið starfrækt í bílskúr á heimili Soffíu og Jóhanns og vorur keyrðar út á heimilisbílnum en fljótlega var starfsemin farin að springa út og ljóst að fara þurfti í fjárfestingar á húsnæði og fyrirtækjabíl. Fyrsta lagerhúsnæðið var keypt á Höfðabakka 9 og var



Starfsmenn skrifstofu. Frá vinstri: Auðunn Ragnarsson, Steinar B. Aðalbjörnsson og Guðlaug Þóra Marinósdóttir.



Starfsmaður afgreiðslu, Guðrún Birna Kristmundsdóttir.

fyrirtækið rekið þar í um 3 ár. Vöxtur fyrirtækisins var þá orðinn nokkur og þörf á frekari stækkun húsnæðis nauðsynleg. Árið 2003 flutti fyrirtækið að Bæjarflöt 5 þar sem fyrirtækið starfaði allt til ársins 2011 þegar aftur var komin þörf á stækkun. Fyrirtækið keypti þá nýtt húsnæði að Ögurhvarfi 8 þar sem skrifstofa og vöruhús fyrirtækisins er staðsett í dag. Fram til ársins 2017 hafði fyrirtækið einbeitt sér að heilðsölumarkaði en með kaupum á fyrirtækinu Dýralandi ehf. útvíkkaði það starfsemi sína til smásölu en fyrirtækið rak nokkrar gæludýraverðslanir á höfuðborgarsvæðinu. Fljótlega eftir kaupin var verslunum Dýralands lokað í þeirri mynd sem þær voru og smásölu starfsemin færð inn í vefverslun með þjónustu um land allt.

### Þjónusta

Hjá fyrirtækinu starfar nú öflugur hópur starfsmanna sem hver um sig er sérfræðingur á sínu sviði, í næringu og velferð hunda og katta. Nú sem fyrr snýst starfsemin um að auka velferð gæludýra með því að uppfylla þarfir eigenda þeirra svo dýrunum líði sem best, vaxi og dafni. Við þessar breytingar var áhersla aukin á þjónustu við viðskiptavinum og samfélagið sett á laggirnar. Samfélagið er staður þar sem hunda- og kattaunnendur geta sótt þær vörur og þjónustu sem þeir þurfa til að annast dýrið sitt með öruggum hætti, tryggt velferð þeirra og heilsu, bæði andlega og líkamlega. Samfélagið er einnig félagskapur sérfræðinga og hunda- og kattaunnenda er hjálpast að við ýmsa þætti tengdum hundum og köttum.

### Royal Canin

Aukin áhersla hefur verið sett á að kynna vísindin á bakvið Royal Canin vörurnar og sér næringarfræðingur um fræðslu því tengdu. Glæsileg aðstaða til kynninga er nú til staðar hjá fyrirtækinu þar sem hægt er að bjóða hinum ýmsum hópum til fræðslu eins og nýjum hvolpa og kettlingaeigendum, ræktendum, dýralæknum sem og starfsmönnum dýralæknastofa. Til að tryggja sýnileika og aðgengi að heildarvörulínu Royal Canin hefur verið opnaður sýningarsalur í afgreiðslu fyrirtækisins. Það hefur reynt vel að geta sýnt vörurnar og rætt samtímis um kosti hvernar tegundar og hvað hentar hverju dýri fyrir sig.

### Markmið

Þrátt fyrir krefjandi rekstrarumhverfi í gegnum árin hefur reksturinn gengið vel enda hafa eigendur ávallt lagt áherslu á ábyrgan rekstur sem og einbeitt sér að verkefninu, að gera heiminn betri fyrir gæludýr, fremur en hagnað. Alla tíð hefur virðing og ást á hundum og köttum stýrt ferðinni og fyrirtækið vaxið ár frá ári. Auk heiðarleika og virðingar eru gildi fyrirtækisins liðsheid og þekking.



Starfsmenn vöruhúss. Frá vinstri: Sigursteinn Norðfjörð Kristjánsson og Guðmundur Óskar Hjaltalin.



Starfsmaður sölu- og greininga, Jóhanna Líf Halldórsdóttir.



## Egilsson



Fyrirtækið Egilsson ehf. er sölu- og þjónustufyrirtæki sem rekur sögu sína allt aftur til ársins 1939 þegar forveri þess hóf starfsemi sína með innflutningi á Parker pennum, en starfar í dag undir merkjum A4. Nafnið endurspeglar vel rætur félagsins í þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga varðandi skrifstofuvörur og ritföng. Í dag starfar fyrirtækið á einstaklings-, fyrirtækja- og heildsölumarkaði hér á landi. A4 leggur metnað sinn í að veita afburða þjónustu með djúpri þekkingu á vöruframboði sinna helstu birgja og metnaðarfullum stafrænum lausnum. Forstjóri Egilsson er Egill Þór Sigurðsson og er fyrirtækinu skipt upp í sölusvið verslana og fyrirtækjasviðs sem stýrt er af Vilhjálmi Sturlu Eiríkssyni, fjármálasvið sem stýrt er af Jónasi Birgissyni, mannauðssvið sem Alfa Lára Guðmundsdóttir stýrir og vöru- og markaðssvið sem Sigrún Ásta Einarsdóttir stýrir.

### Vörur og þjónusta

A4 leggur áherslu á að vera í fararbroddi þegar kemur að vörum fyrir skapandi stundir, auk þess að styðja vel við sína hefðbundnu markaði varðandi rekstrarvörur fyrir skrifstofuna. Slagorð A4 „Fyrir skapandi líf“ endurspeglar þannig áherslu A4 að bjóða lausnir fyrir allt það sem snýr að sköpun. Skapandi lausnir, skapandi hugsun, skapandi vinnustaði og skapandi umhverfi. Sköpun er mikilvæg á vinnustöðum, þar sem A4 býður lausnir til þess að ýta undir og styðja skapandi hugsun og starfsemi. Meðal annars með gæða húsgögnum sem aðlaga sig að nútíma vinnustöðum, þar sem sveigjanleiki, samskipti og sköpun skipta miklu máli.

Að eiga skapandi stundir innan heimilisins er ekki síður mikilvægt, þar sem áherslan er á að bjóða skapandi vörur fyrir skemmtilegar og gefandi samverustundir. Legobúðin sérhæfir sig í vörum frá LEGO, á meðan A4 býður úrval af skapandi vörum frá leiðandi framleiðendum á því sviði. Markmið og metnaður A4 er að skapa tækifæri fyrir viðskiptavinum sína að eiga betri stundir með börnunum, maka og sjálfum sér.

### Markmið

Egilsson leggur metnað sinn í að bjóða gæðavörur þar sem áhersla er á að hugað sé að umhverfisþáttum og samfélagslegri ábyrgð. Egilsson hefur í sinni starfsemi lagt áherslu á leggja sitt af mörkum varðandi samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið er jafnlaunavottað og leggur áherslu á að lágmarka umhverfisfótsporið af starfsemi sinni. Fyrirtækið er stolt af framúrskarandi starfsfólki sínu sem endurspeglast í ánægðum viðskiptavinum og góðum starfsanda.

### Aðsetur

A4 er með starfsemi á átta stöðum á landinu. Skrifstofur og vöruhús er staðsett að Köllunarklettsvegi 10 í Reykjavík. Undir merkjum A4 eru fjórar verslanir á höfuðborgarsvæðinu; í Skeifunni, Kringlunni, Smáralind og Hafnarfirði. Jafnframt eru reknar verslanir á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi undir merkjum A4. Legobúðin er staðsett í Smáralind.

Egilsson ehf. / A4 og Legobúðin / [www.a4.is](http://www.a4.is) [www.legobudin.is](http://www.legobudin.is)





Eigendurnir Lýður B. Skarphéðinsson og Elva Björk Sveinsdóttir fyrir utan Fætur toga, Höfðabakka.

## Eins og fætur toga

Lýður B. Skarphéðinsson og Elva Björk Sveinsdóttir sérfræðingar í göngugreiningum stofnuðu Eins og fætur toga ehf. í október 2010. Markmiðið var að bæta fótheilsu landsmanna, fyrirbyggja og fækka stoðkerfisvandamálum. Fyrirtækið rekur nú tvær verslanir/þjónustumiðstöðvar undir nafninu Fætur toga, önnur á Heilsuhæð Kringlunnar (þriðju hæð) og ný verslun/þjónustumiðstöð að Höfðabakka 3.

### Starfsemin

Frá stofnun hefur EOFT verið leiðandi fyrirtæki í göngu- og hlaupagreiningu. Hjá fyrirtækinu starfar reynslumikið fagfólk sem hefur síðastliðin 10 ár tekið yfir 60.000 Íslendinga í göngugreiningu og hefur 60-70% markaðshlutdeild. Fætur toga vinnur náð með íþróttahreyfingunni og fagaðilum í heilbrigðisstétt. Fætur toga ferðast um landið með göngugreiningar, kynningar og sölu á tengdum vörum.

Í verslunum okkar sér fagfólk um göngugreiningar, fótskoðun, skóráðgjöf, skósölu og sölu fylgihluta. Einnig ráðleggur starfsfólk um val á hlaupafatnaði og íþróttatoppum í sérstöku toppa herbergi. Hjá EOFT starfa sérfræðingar í sölu á þrýstivörum (Compression) og á vörum fyrir endurheimt (Recovery). Við sérhæfum okkur í sölu á gæðavörum og leggjum metnað í góða þjónustu og sanngjörn verð.

Í byrjun árs 2012 var stofnað heildsölufyrirtækið Run2 ehf. sem hefur undanfarin ár flutt inn hágæða vörur frá flestum heimshornum. Allar vörurnar eiga það sameiginlegt að koma beint frá framleiðendum og vera þannig samkeppnishæfar í verði við hin Norðurlöndin og á betra verði en á íslenskum samkeppnismarkaði.

### Vörumerki

Brooks hlaupaskór, Compressport þrýstifatnaður, Crampfix lagar crampa, Feetures sokkar, Footbalance innlegg, Fusion keppnisfatnaður fyrir hlaup og hjól, Gipron göngu og hlaupastafir, Hyperice víbrandi nuddvörur, Icespike hálkuskrúfur, Maurten orkuefni, McDavid hitahlífar og spelkur, Nathan fylgihlutir fyrir hlauparann, Oofos heilsusandalar, Runderwear undirfatnaður fyrir íþróttafólk, Ryders gleraugu, Smell Well minnkar fylu, Tifosi sólgleraugu.





## Eirberg



Eirberg ehf. byggir vöruframboð á faglegum grunni þar sem starfsfólk kappkostar að veita afbragðs þjónustu. Verslanir Eirbergs njóta sérstöðu hvað vöruval og gæði snertir þar sem góð upplifun viðskiptavina er mikilvæg. Lögð er áhersla á innflutning og sölu vandaðra vara til að efla heilsu og almenn lífsgæði; vörur fyrir útivist og umhverfsvænan lífsstíl; ásamt snjall-tengdum búnaði og stuðningsvörum sem auðvelda daglegt líf og styðja heilsumarkmið einstaklinga.

### Starfsemi og stjórnendur

**Eirberg Stórhöfða** býður fjölbreytt vöruval í glæsilegri verslun með góðu aðgengi. Heilbrigðismenntaður starfskraftur er til staðar sem veitir faglega ráðgjöf.

**Eirberg Kringlunni** býður vinsælustu vörunar okkar á hverjum tíma. Verslunin er staðsett á fyrstu hæð við opið torg þar sem hægt er að slaka á með fjölskyldunni.

**Vefverslunin eirberg.is** er vaxandi og með fjölskrúðugt vöruframboð. Verslunin nýtur þeirrar sérstöðu hér á landi að bjóða 365 daga skilarétt þegar verslað er á vefnum.

Eirberg er rötgróið fjölskyldufyrirtæki sem á rætur að rekja til Ó. Johnson og Kaaber hf. sem stofnað var 1906 og Hjálpartækjabankans. ÓJ&K og Össur hf. stofnuðu Eirberg í lok árs 2000 þegar Heilbrigðisvörudeild ÓJ&K og Hjálpartækjabanki Össurar runnu saman í eitt fyrirtæki sem ætlað var að sækja fram á heilbrigðismarkaði og útvíkka sameinaða starfsemi með auknu vöruframboði. Starfsemi þessara tveggja rekstrareininga sameinaðist undir merkjum Eirbergs ehf. fyrsta janúar 2001. Agnar H. Johnson gegndi stöðu stjórnarformanns frá stofnun og tók nokkru síðar einnig við starfi framkvæmdastjóra. Hann er nú eigandi og starfandi stjórnarformaður, Kristinn A. Johnson er framkvæmdastjóri og Rannveig Guðmundsdóttir er fjármálastjóri.

Hinn 1. janúar 2018 flutti heilbrigðisvið Eirbergs yfir í nýtt systurfélag, Stuðlaberg heilbrigðis-tækni ehf. Eirberg hafði vaxið og þróast frá því að vera miðstöð hjálpartækja yfir í að bjóða einnig vörur til heilsueflingar og bættra lífsgæða. Við stofnun Eirbergs var fjöldi starfsmanna 10 en 20 árum síðar var fjöldinn kominn í 40 hjá fyrirtækjunum tveimur.

### Eirberg

Nafnið Eirberg er samsett orð sem kemur úr norrænni goðafræði en þar segir frá lækningagyðjunni Eir sem var ein af meyjum Menglaðar. Menglöð, sú hin sólbjarta, hefst við á Lyfjabergi með meyjum sínum þar sem sárir og sjúkir fengu lækningu meina sinna. Til gamans má benda á að Lyfjaberg er yfirleitt sýnt sem stuðlaberg.

Markmið okkar eru að efla heilsu, auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf.



## Stuðlaberg heilbrigðistækni

Stuðlaberg heilbrigðistækni ehf. er framsækið innflutnings- og þjónustufyrirtæki sem byggir á traustum grunni og áratuga faglegri reynslu en starfsemin tilheyrði áður heilbrigðissviði Eirbergs ehf. Stoðsvið félaganna og yfirstjórn eru sameiginleg. Agnar H. Johnson er starfandi stjórnarformaður og Kristinn A. Johnson er framkvæmdastjóri.

### Starfsemi og saga

Stuðlaberg heilbrigðistækni ehf. býður fagaðilum og almenningi vandaðar vörur og faglega ráðgjöf. Þar starfa hjúkrunarfræðingar, iðjubjálfar og aðrir sérfræðingar í velferðartækni. Sölu ráðgjöf Stuðlabergs á sviði stóma- og þvagleggja er sú víðamesta hér á landi og er í höndum hjúkrunarfræðinga sem hlotið hafa sérþjálfun framleiðenda. Veitt er persónuleg aðstoð við að finna hentugar vörur sem eru í rammasamningum Sjúkratrygginga Íslands.

Stuðlaberg selur hjálpartæki, sjúkrahúsbúnað og rekstrarvörur til heilbrigðisstofnana víðs vegar um landið, ásamt vörum sem einnig eru í rammasamningum Sjúkratrygginga Íslands, má þar nefna: bað- og salernishjálpartæki; barna- og hjúkrunarrúm; gönguhjálpartæki; fólkslyftara; hjólastóla og hjálparmótora. Allt vörur sem einnig eru seldar beint til stofnana og einstaklinga. Auk þess er Stuðlaberg með samning við Sjúkratryggingar um þjónustu á hjálpartækjum. Stuðlaberg er einnig með rammasamninga við Landspítala um rekstrarvörur og ýmsan búnað.

Systurfélögin Eirberg ehf. og Stuðlaberg heilbrigðistækni ehf. eiga rætur að rekja til Ó. Johnson og Kaaber hf. og Hjálpartækjabankans, en ÓJ&K og Össur hf. stofnuðu Eirberg í lok árs 2000 þegar Heilbrigðisvörudeild ÓJ&K og Hjálpartækjabanki Össurar runnu saman í eitt fyrirtæki. Heilbrigðisvörudeild ÓJ&K sérhæfði sig í sölu á ýmsum vörum til heilbrigðisstofnana, allt frá hjúkrunarvörum til sjúkrarúma og lækningatækja. Hjálpartækjabankinn var stofnaður af Sjálfsbjörgu og Rauða krossi Íslands 1975. Hann var miðstöð hjálpartækja í landinu með göngugrindur, fólkslyftara, hjólastóla og önnur hjálpartæki. Í upphafi árs 2018 flutti starfsemi heilbrigðissviðs Eirbergs yfir í Stuðlaberg heilbrigðistækni ehf. Verslanir Eirbergs nutu aukinna vinsælda með vandaðar vörur til heilsueflingar og bættra lífsgæða, því var aðskilnaður rekstrar rökrétt skref til að efla vöxt bæði heilbrigðissviðs og verslunarsviðs í sjálfstæðum félögum.

Í sýningarsal Stuðlabergs eru hin ýmsu hjálpartæki, búnaður og stuðningsvörur til sýnis og prófunar. Hópar heilbrigðisstarfsfólks og nemenda koma reglulega í heimsókn til fræðslu og vörुकynninga á vegum Stuðlabergs og erlendra framleiðenda. Upplýsingavefur Stuðlabergs (stb.is) býður fjölbreytt vöruval og fróðleik. Þar er unnt að afla sér fræðslu um heilbrigðisvörur og ganga frá pöntunum.

Markmiðin okkar eru að auðvelda fólki daglegt líf; styðja einstaklinga til sjálfshjálpar; auka vinnuvernd og hagræði.





Eggert Þór Kristófersson, forstjóri.



Ásta Sigríður Fjeldsted, framkvæmdastjóri Krónunnar.



Hinrik Bjarnason, framkvæmdastjóri N1.

Festi hf. er eignarhaldsfélag sem sérhæfir sig í rekstri félaga sem eru leiðandi í smásölu á dagvörum, raftækjum og sölu á eldsneyti og rafmagni á Íslandi í gegnum rekstrarfélögin Krónuna, ELKO, N1, Festi fasteignir og Bakkann vöruhótel. Festi er skráð á aðallista NASDAQ OMX Iceland og er eignarhald dreift.

### Sagan

Árið 1889 var Det Danske Petroleum Aktieselskab (DDPA) stofnað í Danmörku. Þar sem Ísland var á þessum tíma mjög háð innflutningi frá Danmörku hóf DDPA innflutning á steinolíu. DDPA opnaði skrifstofu á Íslandi 1908 og stofnaði dótturfélag árið 1913. Sama ár var Hið íslenska steinolíufélag stofnað og tók það yfir starfsemi DDPA á Íslandi. Árið 1920 var fyrsta bensínstöð þess félags opnuð. Skömmu eftir seinni heimstyrjöldina var Hið íslenska steinolíufélag í nokkrum kröggum og var þá ákveðið að nokkur samvinnufélög ásamt öðrum tækju yfir starfsemi þess. Í þeim tilgangi var Olíufélagið hf. stofnað árið 1946. Helstu stofnendur Olíufélagsins hf. voru SÍS (Samband íslenskra samvinnufélaga), Skúli Thorarensen, Olíusamlag Keflavíkur, Olíusamlag Vestmannaeyja, önnur samvinnufélög og útgerðaraðilar. Árið 1994 voru hlutabréf Olíufélagsins hf. tekin til viðskipta á Verðbréfaþingi Íslands sem síðar varð Kauphöll Íslands og ber nú jafnframt heitið Nasdaq Iceland hf.

Árið 2002 var nafni Olíufélagsins hf. breytt í Ker hf. og Olíufélagið ehf. stofnað í lok árs 2001 um rekstur félagsins er tók til sölu á fljótandi eldsneyti, en Ker hf. stóð eftir sem eignarhaldsfélag um hluti í Olíufélaginu ehf. og öðrum félögum ásamt fasteignum sem færðar voru í sérstakt félag með skiptingu Kers hf. sama ár. Ker hf. var afskráð úr Kauphöll Íslands árið 2003 í kjölfar yfirtökutilboðs Vörðubergs hf. Árið 2006 var Olíufélagið ehf. selt BNB ehf. sem var stofnað 13. febrúar 2006 en nafni og félagsformi þess síðarnefnda var breytt í N1 hf. árið 2007, samhliða samruna nokkurra félaga innan samstæðunnar. Bílanaust hf., Funahöfði 13 ehf., Hjólbarðahöllin ehf., Hjólbarðaviðgerðin ehf., Hjólvest ehf., Ísdekk ehf., Kúlulegusalan ehf. og Radíóþjónusta Sigga Harðar ehf. voru sameinuð N1 hf. frá 1. janúar 2007. N1 hf. og Umtak fasteignafélag ehf., félag utan um fasteignir N1 hf., voru í fyrstu bæði í eigu BNT ehf., en 2007 fór Umtak fasteignafélag ehf., í eigu Olíufélagsins ehf. sem N1 hf. átti 49% í og Hafsilfur ehf. og Hrómundur ehf. samtals 51%, en við fjárhagslega endurskipulagningu 2011 keypti N1 hf. allar fasteignir af Umtaki fasteignafélagi ehf. Samhliða fjárhagslegri endurskipulagningu eftir svokallaðan frjálstan nauðasamning 2011 yfirtóku kröfuhafar eignarhald á félaginu. Í árslok 2012 var rekstur N1 á sjö sérverslunum með varahluti, aukahluti í bíla, verkfæri, rekstrar- og iðnaðarvörur ásamt söludeild og tækniþjónustuverkstæði færður í nýstofnað dótturfélag, Bílanaust ehf., og var það selt í maí 2013. Þann 3. október 2017 tilkynnti N1 um kaup félagsins á öllu hlutafé í Festi hf. Kaupin voru m.a. háð samþykki Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitið veitti samþykki sitt fyrir kaupunum þann 30. júlí 2018 með skilyrðum sem fram koma í sátt sem undirrituð var á milli N1 og Samkeppniseftirlitsins. Festi hf. var stofnað þann 3. september 2013. Var félagið stofnað í þeim tilgangi að kaupa hluta af innlendri





Festi, Dalvegji, Kópavogi.

Framhald á næstu opnu →

starfsemi Norvik ásamt hluta af fasteignasafni Smáragarðs ehf. Með kaupunum eignaðist Festi hf. allt hlutafé í Krónunni ehf. (áður Kaupás ehf.), ELKO ehf., Festi fasteignum ehf. (áður SMG 1 ehf.), Höfðaeignum ehf. (áður SMG 2 ehf.), EXPO Kópavogi ehf. og ISP á Íslandi ehf. Krónan sem er stærsta rekstrarfélag samstæðunnar varð til í maí 1999 með samruna verslana Nóatúns, Kaupfélags Árnesinga og klukkubúðanna 11-11. Krónan rekur jafnframt verslanir undir vörumerkjnum Kjarval og KR en rekstur verslunarinnar Nóatún hefur verið færður yfir í félagið Nóatún ehf. Rekstri EXPO Kópavogi var hætt á árinu 2016 og félaginu slitið. Þá var hlutafé félagsins ISP á Íslandi selt í upphafi ársins 2018.

### Hluthafar

Hluthafar félagsins í lok ársins voru 880 en þeir voru 795 í upphafi ársins og fjölgaði því um 85 á árinu. Stærstu hluthafar félagsins í árslok eru Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-, B- og S – deild, Gildi – lífeyrissjóður, Stefnir – ÍS 5, ÍS 15, Stapi lífeyrissjóður, Birta lífeyrissjóður og Almenni lífeyrissjóðurinn. Í stjórn Festi sitja; Þórður Már Jóhannesson, formaður, Guðjón Karl Reynisson, varaformaður, Margrét Guðmundsdóttir, Kristín Guðmundsdóttir og Þórey G. Guðmundsdóttir. Forstjóri er Eggert Þór Kristófersson. Framkvæmdastjóri er skipuð forstjóra og fimm framkvæmdastjórum félagsins þar sem hver framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra. Magnús Kristinn Ingason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, Kolbeinn Finnsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs, Gestur Hjaltason, framkvæmdastjóri ELKO, Ásta Sigríður Fjeldsted, framkvæmdastjóri Krónunnar, Hinrik Bjarnason, framkvæmdastjóri N1.

### Markmið, hlutverk og gildi

Festi hf. á að stýra fjárfestingum samstæðunnar með virðisaukandi hætti og styðja við virðisinnlausn rekstrarfélaga samstæðunnar með framúrskarandi og hagkvæmri stoðþjónustu. Hlutverk Festi er að stýra fjárfestingum, styðja við verðmætasköpun og skapa ný tækifæri. Styðja rekstarfélög til vaxtar og leita nýrra tækifæra með hagkvæmari stoðþjónustu á sviði rekstrar, fjármögnunar, mannauðsmála, stafrænna lausna og sjálfbærni. Gildi Festi eru: Virði, samvinna og traust og endurspeglast þau í markmiðum félagsins.

### Dagleg starfsemi

Dagleg starfsemi Festi skiptist annars vegar í rekstur stoðþjónustu fyrir rekstrarfélögin og hins vegar í fjárfestingarstarfsemi. Þau verkefni sem falla þar undir snúa að upplýsingatækni, fjármálum, þ.m.t. daglegri fjárfstýringu og fjármögnun, mannauði, umsjón og rekstri fasteigna og gæða- og öryggismálum. Framkvæmdastjórn Festi er hluti af yfirstjórn rekstrarfélaga og tekur þátt í mánaðarlegum framkvæmdastjórafundum rekstrarfélaga og fulltrúar Festi skipa stjórnir rekstrarfélaganna.

Festi og rekstarfélög reka 200 stafrstöðvar víðsvegar um landið, auk fasteigna í útleigu.



Gestur Hjaltason, framkvæmdastjóri ELKO.



Magnús Kristinn Ingason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs.



Kolbeinn Finnsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs.



Þórður Már Jóhannesson, formaður stjórnar.



Guðjón Karl Reynisson, varaformaður.

## Stjórn



Margrét Guðmundsdóttir.



Þórey G. Guðmundsdóttir.



Kristín Guðmundsdóttir.

Starfsemi félagsins er þess eðlis að nauðsynlegt er að afla ýmissa leyfa og heimilda frá yfirvöldum. Starfsstöðvar rekstrarfélaga Festi eru flest allar starfsleyfisskyldar og lúta fjölmörgum lögum, reglugerðum og reglum og heyra undir eftirlit fjölmargra stofnana. Á hverju ári eru gerðar úttektir á starfsleyfisskyldri starfsemi rekstrarfélaga Festi hjá viðkomandi eftirlitsaðilum sveitarfélaga og úr þeim er unnið í samráði við þá.

### Mannauður

Stöðugildi hjá Festi og dótturfélögum eru að meðaltali umreiknuð í heilsárstörf, 1.145 árið 2020. Festi leggur mikla áherslu á velferð starfsmanna sinna, stuðlar að heilbrigðu lífverni og jöfnum tækifærum. Stefna Festi og rekstrarfélaga er að laða að og halda í hæft og traust starfsfólk. Það er gert með því að skapa því gott og hvetjandi starfsumhverfi, efla það og styrkja með markvissri þjálfun og starfsþróun. Lögð er áhersla á að starfsfólk þekki hlutverk, stefnu og gildi félagsins í því skyni að ná betri árangri. Öll rekstrarfélög Festi hafa markað sér starfsmanna-, jafnlauna- og jafnréttisstefnu sem endurspeglar þá staðreynd að einn mikilvægasti auður félagsins er fólgin í starfsfólkinu, þekkingu þess og færni. Á árinu var unnið að samræmingu jafnlaunakerfis Festi og rekstrarfélaga í samræmi við staðalinn IST 85:2012. Vinnunni lauk í desember og fóru félögin í vottunaráttækt hjá iCert í janúar 2021. Úttektin var frávíkalaus og hefur iCert gefið út nýtt vottunarskírteini. Eldri vottorð um Jafnlaunavottun voru gefin út af BSI á Íslandi fyrir N1 en Vottun gaf út vottorð númer 85-3 fyrir Krónuna, ELKO og Bakkann, þau hafa verið felld niður. Festi leggur mikla áherslu á að starfsfólki sem vinnur sömu eða jafnverðmæt störf sé ekki mismunað í launum og styður þannig heimsmarkmið 5 um jafnrétti kynjanna og heimsmarkmið 10 um aukinn jöfnuð. Rekstrarfélög Festi eru öll með jafnlauna-, jafnréttis- og mannauðsstefnur í samræmi við Jafnlaunakerfi ÍST 85:2015. Starfsmannavelta hjá Festi og rekstrarfélögum endurspeglar fjölbreytta starfsemi félaganna auk þess sem starfsstöðvar Festi eru oft fyrsti starfsvettvangur margra starfsmanna. Einnig spilar inn í árstímabundið álag í verslunum, á þjónustustöðvum, í bílaþjónustu og vöruhúsi. Hjá Festi er rekin „núll“ slyasstefna. Árlega eru haldin öryggis- og vinnuverndarnámskeið en þá er efst á baugi að efla öryggis- og heilsuvitund starfsmanna. Áhersla er lögð á öryggi í starfsumhverfinu og athygli vakin á heilbrigði og hreyfingu. Námskeið og fræðslufyrirlestrar eru m.a. tengdir skyndihjálp, eldvörnum, efnnum og efnavörum, gæða-, umhverfis- og öryggismálum, viðbrögðum við ráni og þjófnaði, ógnandi hegðun og rýrnun ásamt fyrirlestrum um heilsu, mismunun, einelti og áreiti. Markmið mannauðsdeildar Festi er að efla rafræna þjálfun til að auka aðgengi starfsmanna um land allt að fræðslustarfsemi Festi og rekstrarfélaganna, það er lykilatriði í móttöku og þjálfun nýliða. Með því móti verður starfsfólk samsteypunnar öflugra og teljum við það vera lið í að minnka starfsmannaveltu. Verið er að ljúka uppsetningu á tveimur rafrænum námskeiðum hjá Krónunni til að hefja þessa vegferð.



Starfsfólk í Elko.

Framhald á næstu opnu →

### ELKO

ELKO er stærsta raftækjaverslun landsins og rekur sex verslanir, þar af eina vefverslun. Á árinu var opnuð glæsileg raftækjaverslun ELKO á Akureyri. Markmiðið er að bjóða þekkt vörumerki raftækja á lágu verði og hjálpa öllum að njóta ótrúlegrar tækni.

ELKO opnaði fyrstu verslun sína í febrúar 1998 og varð strax frá upphafi leiðandi í sölu raftækja á Íslandi. ELKO kappkostar að bjóða þekkt vörumerki á lágu verði þar sem rík áhersla er lögð á framúrskarandi þjónustu ásamt eftirkaupþjónustu. Í stefnu fyrirtækisins eru neytendur hafðir í fyrirrúmi og til marks um það má nefna 30 daga skilarétt, verðöryggi, viðbótartryggingu og inneignarnótur án gildistíma sem og verulega lengdan skilarétt í kringum jól og fermingar. Allt eru þetta aðgreinandi þjónustuþættir frá samkeppnisaðilum sem sýna að það sem skiptir viðskiptavinum máli, skiptir okkur máli. Þetta er gegnumgangandi loforð sem á bæði við innávið og útávið þar sem markmiðið er að byggja gott langtímasamband við viðskiptavininn. ELKO er með sérleyfissamning við norska fyrirtækið ELKJÖP sem rekur um 400 verslanir á Norðurlöndunum. ELKJÖP er í eigu breska raftækjarisans Dixons Carphone sem rekur samtals um 1600 verslanir í Bretlandi, Írlandi og Norður-Evrópu. Með sameiginlegum innkaupum fyrirtækjanna nást einstök kjör á þekktum vörumerkjum raftækja og nýtur ELKO þar góðs af.

### Stefna

Stefna ELKO er að miklu leyti þjónustudrífni þar sem markmiðið er að eiga ánægðustu viðskiptavinina á raftækjamarkaði. Á árinu var mikil áhersla lögð á stafræna þróun og var fjárfestingarþörf ársins að stórum hluta óefnisleg. Verulegar breytingar voru gerðar á vefverslun ELKO.is þar sem hraðvirkari vefur ásamt nýrri og öflugri leitarvél komu fyrirtækinu í gegnum árið þrátt fyrir þær samkomutakmarkanir sem ríktu í verslunum. Verslun ELKO í Flugstöð Leifs Eiríkssonar var breytt, algerlega endurnýjuð og opnuð formlega aftur í júní. ELKO opnaði nýja glæsilega verslun á Akureyri í desember 2020. ELKO vinnur eftir fjórum af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og eru ábyrgir viðskiptahættir sem og umhverfis- og loftslagsmál þar í forgrunni.

ELKO leggur áherslu á jafnrétti kynjanna með jafnlaunavottun, jafnlaunastefnu og markvissum aðgerðum til að jafna stöðu allra kynja á vinnustaðnum.

ELKO leggur mikið upp úr sjálfbærni og hefur fyrirtækið sett sér skýr markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka úrgang frá starfsemi og auka endurvinnslu. Í dag er tekið á móti notuðum raftækjum, ljósaperum, tölvum og síum til endurvinnslu. Fyrirtækið kaupir einnig notuð raftæki í vissum vöruflokkum og kemur þeim í réttan farveg. eru þau ýmist endurunnið eða yfirfarin af viðurkenndum erlendum aðilum og seld aftur sem notuð vara. Þannig er líftími vörunnar lengdur og dregið úr sóun til að fleiri njóti góðs af.

ELKO leggur áherslu á að draga úr neyslu og framleiðslu með því að tryggja að viðskiptavinir kaupir aðeins þær vörur sem henta þeim. 30 daga skilaréttur tryggir að neytendur geta auðveldlega skilað vörum sem ekki henta, en þær eru svo seldar með afslætti til að lágmarka



Krónuverslun, Hafnarfirði.

sóun. ELKO leggur áherslu á að styðja við loftslagsmarkmið með því að draga úr losun og kolefnisjafna alla starfsemi fyrirtækisins. ELKO stuðlar að umhverfisvernd með margvíslegum hætti svo sem að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka úrgang frá starfsemi og auka endurvinnslu auk þess að koma eldri raftækjum í endurvinnslu fyrir viðskiptavinum. Viðskiptavinir geta skilað inn gömlum sínum og tölum og sé tækið metið hæft til endurnýtingar fær viðskiptavinurinn inneign. Með þessum hætti hafa 2.000 notuð raftæki frá íslenskum neytendum farið í hringrásarhagkerfið og endursölu hjá Replace.

### **Krónan**

Krónan er lágvöruverslun sem leggur áherslu á ferskvöru, hún rekur 26 verslanir undir merkjum Krónunnar, Kr. og vefverslun Krónunnar. Á árinu voru opnaðar 3 nýjar Krónubúðir og vefverslun Krónunnar. Markmið Krónunnar er að koma réttu vöruúrvali í hendur neytenda á eins ódýran hátt og mögulegt er. Allar verslanir Krónunnar eru Svansvottaðar, fyrstar dagvöruverslana á Íslandi.

Loforð Krónunnar er fyrst og fremst að koma réttu vöruúrvali í hendur viðskiptavina á eins ódýran hátt og mögulegt er. Krónuverslanir hafa verið starfræktar á Íslandi frá árinu 2000. Krónuverslanir má finna í flestum hverfum höfuðborgarsvæðisins og í ýmsum bæjum um landið.

Kr. er smærri Krónuverslun aðlöguð að bæjarfélaginu og stendur Kr. fyrir Krónu. Á sama hátt og tilgangur skammstöfunar er að einfalda og spara tíma er hlutverk Kr. að færa viðskiptavinum fjölbreytt vöruúrval á lægra vöruverði. Krónan elskar hollar og ferskar vörur. Þrátt fyrir lágt vöruverð gefur Krónan engan afslátt af ferskleikanum og leitar á hverjum degi leiða til þess að gera úrvalið ferskara, hollara og heilnæmara.

### **Mannauður**

Hjá Krónunni starfa um 960 einstaklingar og eru margir þeirra að stíga sín fyrstu skref á atvinnumarkaði. Það er því mikilvægt að standa vel að fræðslu starfsfólks og á árinu hóf göngu sína Krónuskólinn - fræðsluapp fyrir starfsmenn. Í appinu eru stutt og hnitmiðuð myndbönd sem hjálpa nýju starfsfólki að taka sín fyrstu skref í Krónunni sem og öllu starfsfólki að auka við og sækja sér þekkingu.

### **Nýsköpun og umhverfismál**

Nýsköpun og efling íslenskrar matvælaframleiðslu skiptir Krónuna miklu máli. Á árinu var farið í samstarf við Samtök smáframleiðenda matvæla en innan þeirra eru um 75 framleiðendur. Hafist var handa við að hanna sérstaka innréttingu til að stilla fram vörum smáframleiðenda og byrjaði verkefnið í Krónuverslunum á Granda, í Lindum og á Selfossi en flakkar nú á milli Krónuverslana. Hvert sölutímabil er 2 mánuðir og taka um 20 smáframleiðendur þátt hverju sinni. Krónan leikur stórt hlutverk í samfélaginu. Við gerum okkur grein fyrir að í krafti stærðar



Mikil áhersla er á ávexti og grænmeti í Krónunni.

Framhald á næstu opnu →

okkar getum við haft áhrif til góðs og þess vegna erum við sífelld að leita leiða til að sýna samfélagslega ábyrgð í verki.

Við reynum líka að draga úr umhverfisáhrifum, bjóða upp á heilsusamari valkosti og efla lýðheilsu, í samstarfi við viðskiptavini okkar. Þannig leggjum við okkar lóð á vogaskálarnar í baráttunni um betri heim. Við leggjum áherslu á að minnka matarsóun, draga úr umbúðum, gefa hollustunni besta plássið og auka úrvalið af grænkeravörum og annarri matvöru sem hefur minni áhrif á umhverfi og náttúru en aðrir valkostir.

#### Umhverfismál, lýðheilsa og upplýst val skipta okkur máli

Allar verslanir Krónunnar hafa hlotið Svansvottun. Kröfur Svansins fyrir dagvöruverslanir ná yfir umhverfispætti í rekstri verslana, svo sem matarsóun og flokkun úrgangs, orkunotkun, og framboð lífræna og umhverfsvottaðra vara.

Í lok árs 2019 hlaut Krónan Svansvottun á verslanir sínar við Akrabraut og Rofabæ og voru það fyrstu verslanirnar á Íslandi sem hlotið hafa Svansvottun. Ári síðar var lokamarkmiðinu náð með vottun allrar keðjunnar.

#### Framtíðarsýn

Með nýjum verslunum og aukningu á sölu í gegnum Snjallverslun Krónunnar höfum við fram á enn eitt spennandi árið hjá Krónunni. Lögð verður enn meiri áhersla á ferskvöru, ávexti og grænmeti sem og fljótlegar en hollar lausnir sem einfalda líf viðskiptavina okkar. Við munum setja lýðheilsu á dagskrá sem aldrei fyrr, prófa okkur áfram með umbúðalausar vörur í samtali og samstarfi við birgja og viðskiptavini, og minnka matarsóun enn frekar. Við vitum og höfum reynslu af því að með samtali koma bestu hugmyndirnar fram. Því munum við efla enn frekar samtali okkar við viðskiptavini um allt sem snýr að starfsemi okkar og leita leiða til að gera enn betur í að mæta þeirra þörfum.



N1 Fossvogi.

## N1

N1 er orkusali Festi samstæðunnar og sér fólki og fyrirtækjum fyrir eldsneyti, raforku, rekstrarvörum, veitingum og afþreyingu á þjónustustöðvum félagsins um allt land. Hlutverk N1 er að halda samfélaginu á hreyfingu með persónulegri þjónustu og markvissu vöruúrvali sem uppfyllir kröfur viðskiptavina hvert sem ferð þeirra er heitið.

N1 sparar viðskiptavinum bæði tíma og fyrirhöfn með þéttu neti þjónustustöðva og umbunar þeim með margvíslegum ávinningi af viðskiptunum, m.a. með N1 kortinu sem safnar punktum er nýttast á N1 stöðvum um land allt. N1 starfar út frá þremur grunngildum sem eru: Virðing, einfaldleiki og kraftur. Við sýnum hvert öðru virðingu, veitum þjónustu sem við getum verið stolt af og berum virðingu fyrir umhverfinu. Við leggjum okkur fram við að einfalda líf viðskiptavina okkar og liðsinna með góðu aðgengi að vörum okkar og þjónustu. Við hleyfum krafti í samfélagið með öflugri dreifingu og afgreiðslu eldsneytis en einnig með stuðningi við hreyfingu, heilsubót og góð málefni sem auðga mannlífið.

## Starfsemin

Vel staðsettar þjónustustöðvar og verslanir um land allt, fyrsta flokks dekkja- og smurþjónusta og öflug fyrirtækjaþjónusta gera N1 að sterkri heild sem er mikilvægur hluti af íslensku samfélagi. Kaup N1 á rekstri Íseyjar Skyrbara styrkir stöðu félagsins í hollari valkostum í veitingum fyrir fólk á ferðinni. Hefur þessi viðbót við vöruframboð N1 mælst virkilega vel fyrir hjá viðskiptavinum félagsins.

Bílaþjónusta N1 er einnig gríðarlega öflug og gekk vel þrátt fyrir áföll hjá stórum viðskiptavinum í ferðaþjónustunni. Frábær þjónusta og gott vöruval hefur styrkt stöðu N1 enn frekar á hjólarbámarkaðinum á Íslandi og sífellt fleiri viðskiptavinir kjósa að eiga viðskipti við N1.

Íslensk Orkumiðlun varð að dótturfélagi N1 árið 2020 og styrkir það félagið verulega til framtíðar og undirstrikar þá umbreytingu N1 að verða orkufélag. Á síðastliðnu ári voru um 17% af allri orku sem N1 seldi raforka og mun það hlutfall aukast verulega á komandi árum. Þann 1. mars 2020 undirritaði Festi samning um kaup á öllu hlutafé í Íslenskri orkumiðlun ehf. (ÍOM). Íslensk orkumiðlun ehf. var stofnuð í janúar 2017 og fékk leyfi til að stunda raforkuviðskipti 16. febrúar. Raforkusala hófst síðan 1. júlí 2017.

Allt rafmagn sem ÍOM selur kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum, annaðhvort vatnsafla eða jarðvarma. Markaðshlutdeild félagsins er tæplega 7% þó að það hafi aðeins verið með starfsemi í þrjú ár og sýnir það sterka stöðu fyrirtækisins. Af því rafmagnsmagni sem skipti um orkusala á árinu 2018 fóru 42% til ÍOM og 75% af því orkumagni sem flutti sig árið 2019. Félagið hafði rekstrartekjur upp á tæplega 1,4 milljarða á síðasta ári og jukust rekstrartekjur um ríflega 45% á milli ára. Viðskiptavinir í sjávarútvegi eru stærstu viðskiptavinir félagsins. N1 bætti þannig við þá sölu sem fyrir var, annars vegar jarðefnaeldsneytis og hins vegar endurnýjanlegra orkugjafa, bæði til fyrirtækja og almennings. N1 ætlar sér að vera leiðandi í

---

orkuskiptum í samgöngum á Íslandi. N1 keypti Hlöðu á árinu 2019 og með kaupum á ÍOM er N1 með alla innviði til að taka fullan þátt í raforkusölu og geta t.a.m. þjónustað rafbílaeigendur bæði með búnað og raforku.

### Markmið

N1 vinnur eftir sex heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem snerta starfsemi félagsins mest til þess að auka enn frekar áherslur á ábyrga viðskiptahætti og umhverfis- og loftslagsmál. N1 leggur áherslu á jafnrétti kynjanna með jafnlaunavottun og jafnlaunastefnu.

Samfélagsleg ábyrgð skiptir miklu máli í starfsemi N1. Fyrirtækið hefur unnið að því að auka samfélagslega ábyrgð í aðfangakeðjunni með margvíslegum hætti á undanförmum árum. Það er sjálfsagður hluti af samfélagslegri ábyrgð N1 að umhverfið beri ekki skaða af starfseminni en auk þess að vera leiðandi í þjónustu hefur fyrirtækið verið leiðandi í umhverfisvænum lausnum á eldsneytismarkaði með sölu á metani og rafmagni. Það er áskorun að finna og bjóða upp á umhverfisvænni valmöguleika í margbreytilegu vöruúrvali N1 og að þjóna með þeim hætti þörfum viðskiptavina ekki síður en umhverfisins.

Átján þjónustustöðvar N1 eru vottaðar samkvæmt umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001 og öll hjólbarðaverkstæði N1 eru vottuð Michelin Quality dealer. Frá árinu 2014 hefur N1 unnið samfélagskýrslur um starfsemi sína.

### Þjónustustöðvar

Fyrirtækið býr yfir gríðarlega öflugu þjónustu- og dreifineti fyrir sínar vörur og þjónustu. Þjónustunetið mun nýtast félaginu vel þrátt fyrir orkuskipti í samgöngum sem verða á næstu árum. Með kaupunum á Íslenskri Orkumiðlun er N1 orðinn virkur þátttakandi á raforkumarkaði og ætla sér stóra hluti þar til framtíðar. Með kaupunum hefur enn styrkari stoðum verið skotið undir rekstur félagsins til framtíðar. N1 vinnur að uppsetningu rafhleðslustöðva um landið og munu þær ásamt fjölbreyttu vöruúrvali enn frekar gera þjónustustöðvar N1 að fyrsta valkosti fólks á ferð um landið. Á þjónustustöðvum félagsins er boðið upp á fjölbreytta valkosti í veitingum og aukin áhersla lögð á hollari valkosti. Kaup félagsins á rekstri Íseyjar Skyrbara á stöðvum N1 hefur mælst vel fyrir meðal viðskiptavina félagsins og undirstrika þá stefnu N1 að bjóða upp á hollari valkosti. Fyrirtækjaþjónusta N1 er mjög öflug og er sífellt verið að leita leiða til að styrkja þá þjónustu enn frekar. Nýverið var vefverslun opnuð sem miðar að því að þjónusta fyrirtæki enn betur en gert er í dag. Mörg þúsund fyrirtæki vítt og breitt um landið kjósa að eiga viðskipti við N1 í hverjum mánuði og er það markmið félagsins að þjónusta viðskiptavini vel og einfalda þeim lífið.



Vöruhúsið Bakkinn.

### Bakkinn

Bakkinn vöruhótel rekur tvö vöruhús sem sérhæfa sig í vöruhúsaþjónustu og dreifingu á vörum fyrir viðskiptavinum sem kjósa að úthýsa vöruhúsastarfsemi sinni að einhverju eða öllu leyti. Starfsemi Bakkans er mikilvægur hlekkur í aðfangakeðju samsteypunnar með dreifingu og afhendingu á vörum fyrir rekstrarfélög Festi. Bakkinn leggur áherslu á skilvirkni á þjónustu og hagkvæmni í öllum ferlum. Á árinu var nýtt vöruhúsakerfi tekið í notkun til að efla öryggi pantana og tryggja rauntíma afhendingu. Bakkinn gefur á árinu 2021 út sína fyrstu samfélagskýrslu í samræmi við ESG viðmið Nasdaq.

### Þjónustan

Boðið er upp á hágæða þjónustu til þeirra sem vilja úthýsa vöruhúsaþjónustu og dreifingu að hluta eða öllu leyti. Lögð er mikil áhersla á skilvirkni í þjónustu og hagkvæmni í ferlum. Vandað gæða- og öryggiseftirlit er fyrir hendi sem endurspeglar gildi Bakkans;

#### Þjónusta - Gæði - Öryggi.

Á árinu 2020 var unnið að innleiðingu nýs vöruhúsakerfis sem mun bæta þjónustu og lækka einingakostnað. Innleiðingunni mun ljúka á árinu 2021. Félagið hefur til fjölda ára leitast við að sýna samfélagslega ábyrgð í verki og minnka sóun í allri sinni starfsemi. Á árinu 2020 hóf Bakkinn að móta sérstök markmið í samfélagslegri ábyrgð og samræma þau við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í samræmi við kjarnastarfsemi sína: Í framhaldinu var ákveðið að gefa út sérstaka samfélagskýrslu fyrir Bakkann þar sem sett eru fram skilmerkileg markmið til framtíðar. Bakkinn hefur valið að einbeita sér að heimsmarkmiðum númer 5, 10, 12 og 13, en þau standa fyrir jafnrétti kynja, aukinn jöfnuð, ábyrga neyslu og framleiðslu og aðgerðir í loftlagsmálum. Umhverfismál eru gríðarlega mikilvæg í starfsemi Bakkans en lögð hefur verið áhersla á að minnka kolefnissporin. Beinni losun hefur verið kolefnisjafnað frá kjarnastarfseminni til nokkurra ára í gegnum móðurfélagið Festi.

Með innleiðingu nýs vöruhúsakerfis og frekari fjárfestingu í sjálfvirkni mun Bakkinn geta boðið viðskiptavinum sínum lausnir á góðu verði sem ráða betur við slík tilvik og tryggja þannig samkeppnishæfni félagsins til framtíðar þar sem gæði, þjónusta og öryggi gegna lykilhlutverki.

### Festi fasteignir

Fasteignarekstur samstæðunnar fer fram í tveimur félögum. Annars vegar í Festi hf. sem á og rekur fasteignir sem tilheyra starfsemi N1 og hins vegar í dótturfélaginu Festi fasteignum ehf. sem á og rekur allar aðrar fasteignir samstæðunnar. Festi fasteignir sérhæfir sig í útleigu atvinnuhúsnæðis til félaga í verslunarrekstri og eru fasteignirnar að mestu leyti í útleigu til dótturfélaga Festi. Starfsmenn halda utan um allar framkvæmdir á fasteignum og lóðum samstæðunnar hvort sem er í viðhaldsverkefnum eða nýfjárfestingum. Fasteignastarfsemi er rekin með það að markmiði að fjárfesting í fasteignum sé arðbær og styðji við kjarnastarfsemi



---

samstæðunnar. Heildarfjöldi fasteigna í eigu samstæðunnar í árslok 2020 var 93 og eru þær samtals um 106 þúsund fermetrar.

### **Endurbætur og nýfjárfestingar**

Unnið var að fjölmörgum endurbótum og nýfjárfestingum á árinu en þessar voru helstar: Í byrjun árs var lokið við gagngerar endurbætur á þjónustustöð N1 á Höfn í Hornafirði. Endurbæturnar fólu meðal annars í sér að bæta aðstöðu viðskiptavina og starfsfólks. Í mars var lokið við að setja upp nýjar verslanir ELKO í komu- og brottfarasal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Um sumarið var lokið við byggingu á nýju 1.500 fm atvinnuhúsnæði við Norðurhelli í Hafnarfirði. Við hönnun og byggingu húsnæðisins var haft í huga að lágmarka rekstrarkostnað og kolefnisspor starfseminnar í fasteigninni. Krónan opnaði verslun í húsnæðinu í október og N1 opnaði fjölkustöð á lóðinni á svipuðum tíma. Hluti húsnæðisins er síðan í útleigu til þriðja aðila.

Lokið var við uppsetningu á tveimur nýjum verslunum Krónunnar í Reykjavík. Verslun Nóatúns í Austurveri var breytt í Krónuverslun og voru allsherjar endurbætur gerðar á húsnæðinu. Þá var Super1 verslun á Hallveigarstíg breytt í Krónubúð. Endurbæturnar á báðum verslunum voru framkvæmdar með vörumerki og markmið Krónunnar í huga. Það felur meðal annars í sér að verslanir Krónunnar eru Svansvottaðar og er einn þáttur þess að lágmarka orkunotkun í rekstri. Öll hönnun og uppsetning verslana tekur mið af því.

Ný fyrirtækjaverslun N1 var opnuð í endurbættu húsnæði við Glerárgötu á Akureyri í lok sumars. Í framhaldinu voru gerðar stórfelldar endurbætur á húsnæðinu við Tryggvabraut sem áður hýsti verslun N1 og var þar opnuð ný verslun ELKO í byrjun desember s.l.



## Fiskbúðin Hafberg

Í tuttugu og tvö ár samfleytt hefur Geir Vilhjálmsson staðið vaktina á bak við afgreiðsluborðið hjá Fiskbúðinni Hafbergi í Gnoðarvogi 44 eða frá því að hann var aðins 25 ára. Geir tók árið 2015 við rekstrinum en það var faðir hans, Vilhjálmur Hafberg, matreiðslumeistari og eiginkona hans Svala Geirsdóttir, sem stofnuðu og opnuðu fiskbúðina 12. nóvember árið 1995 eða fyrir 25 árum. Geir er í dag 47 ára gamall og kvartar ekki yfir því að hafa selt fisk hálfra ævina. „Starfið er oft erfitt og vinnudagarnir langir, en á móti kemur að hér er gaman í vinnunni og góður félagsskapur af skemmtilegum viðskiptavinum,“ segir Geir. Það voru sem sagt foreldrar Geirs sem stofnaðu fiskbúðina og ávann hún sér fljótt hylli viðskiptavina. Vilhjálmur, faðir Geirs, er fæddur árið 1953 og ólst upp á Hellissandi. Hann er matreiðslumaður að mennt eins og Geir og kemur sú menntun feðganna sér vel í rekstrinum. Umtalsverð breyting hefur orðið á versluninni á þessum rúmlega tveimur áratugum sem Geir hefur verið að störfum í Hafbergi. Gamla soðningin heyrir sögunni til. Vöruúrvalið í fiskborðinu er glæsilegt og fjölbreytt. Tilbúnir fiskréttir eiga nú orðið miklum vinsældum að fagna. Þar kennir margra grasa og allir finna eitthvað við sitt hæfi í fjölbreyttu úrvali fiskrétta.

Árið 2008 bættist svo við veitingastaðurinn vinsæli framan við fiskborðið. Þar er þægilegt að setjast niður með heitan og hollan fiskrétt og geta fengið sér kaffibolla á eftir. En það að reka fiskbúð felst ekki bara í því að afgreiða fiskinn yfir borðið. Það þarf að afla aðfanga, kaupa inn ferskan fisk fyrir dag hvern. Áður fyrr þurftu menn að fara á markaðinn og velja inn magn og tegundir fyrir komandi dag. Nú orðið er tæknin notuð og innkaupin gerð rafrænt. Þá er eftir öll vinnan við bókahald og launagreiðslur um hver mánaðamót. Starfið er því fjölbætt hjá þeim sem rekur fiskbúð.

### Mannauður

Því er nauðsynlegt að dreifa álaginu og hafa gott starfsfólk í afgreiðslunni. Starfsmenn Hafbergs eru nú 6 talsins. Einn þeirra, Óskar Guðmundsson hefur starfað í búðinni í alls 11 ár. Á hann marga fasta viðskiptavini til margra ára. Guðmundur Óskar Reynisson hefur verið hjá Hafbergi í 10 ár. Margir aðrir góðir starfsmenn hafa komið við sögu. Á árum áður voru allt að 15 manns að störfum hjá Hafbergi en þá var allur fiskur unnin á staðnum, sem kallaði á aukinn starfskraft. Svo reyndist auðveldara og einfaldara að fá fiskinn frá örðum fiskvinnslum og markaði í bland. Þá fækkaði og nú eru starfsmenn alls 6 talsins og hefur reksturinn aldrei gengið betur.

### COVID-19

Þegar COVID-19 lét á sér kræla varð að breyta ýmsum háttum í búðinni til að halda fyrirmæli og reglur Almannaþingis. Meðal annars hefur verið gripið til heimsendingarþjónustu. Mikið var um símapantanir á þessum óvissutíma og kom fólk og sótti sína pöntun um leið og 2ja metra reglan var í hávegum höfð. Fólk hættir aldrei að borða fisk og því er sjálfsagt að færa



---

hann heim ef fólk kemst ekki í fiskbúðina. Að mati Geirs hafa áhrif COVID-19 faraldursins haft frekar jákvæð áhrif á rekstur fiskbúðarinnar, þar eð fólk lagði aukna áherslu á að borða hollan og næringarríkan mat eins og alls konar fisk. „Fólki leið líka betur að versla í sérverslun en fjölmennum stórmarkaði. Segja má að nýr viðskiptamannahópur hafi orðið til, sem sagt yngra fólk og ungar barnafjölskyldur sem annt er um heilsu sína og sinna. Það fólk hefur áttað sig á að fiskur er fyrir ALLA. Þeim sem borða hreina fæðu, fisk eða kjöt, líður yfirleitt mun betur og eru ekki í vandamálum með aukakílóin,“ segir Geir.

### **Rekstur**

Velta Hafbergs hefur aukist um 10 til 15% ár eftir ár og framtíðin er björt í augum eigenda ekki síst vegna þess að framboð og úrval fiskjar og fiskrétta er glæsilegt og fólk hefur í sívaxandi mæli áttað sig á hollustu þess að neyta fiskjar.

Í dag er laxa- og bleikjusala orðin meiri en sala á þorski og ýsu. Yfir 20 rétti er að finna í fiskborðinu. Þar má til dæmis nefna þorskhnakka, bleikju, lax úr landeldi, íslenskan humar og lúðu sem allt á miklum vinsældum að fagna.

Mikil samkeppni ríkir á markaði fiskbúða en sérstaða Hafbergs felst í því að allir réttir eru heimalagaðir, starfsfólkið er frábært, þjónustustig og þjónustulund með besta móti, mikil vörupækking starfsfólks og vörugæðin mikil.

Þá hefur hagkvæmnin í eldhúsi veitingahússins, sem er undir stjórn Sigfúsar Jónssonar og Örnú Sifjar Gunnarsdóttur, sannað sig og staðfest að menn eiga að einbeita sér að því sem þeir eru bestir í. Undir þeirra stjórn hefur velta veitingahússins þrefaldast á skömmum tíma. Markmið eigenda Hafbergs er að reka „lúxus“ fiskbúð með hágæðahráefni og fyrirmyndarþjónustu. Hafberg var í flokki fyrirmyndafyrirtækja árið 2018 og er meðlimur Samtaka fiskvinnslu án útgerðar.

Hafberg er til húsa í eigin húsnæði að Gnoðarvogi 44. Heimasíða: [www.hafberg.is](http://www.hafberg.is)

### **Framtíð**

„Við lítum til baka yfir 25 ára feril og erum sátt með árangurinn og höldum í það sem virkar og horfum fram á veginn,“ segir Geir.



Sölueldi Flügger 2022.



Verslun Flügger Stórhöfða, rúmgóð verslun, fagleg þjónusta. / Ljós. Odd Stefán.



Halldór, Elin og Vigfús, stjórnendur Flügger 2021. Ljós. Odd Stefán.



Höfuðstöðvar Flügger Stórhöfða 44, verslun, skrifstofur og lager. / Ljós. Odd Stefán.



Þægileg þjónusta innandyra hjá Flügger, vörurnar beint í bílinn. / Ljós. Odd Stefán.

## Flügger

Flügger er eitt af leiðandi fyrirtækjum í sölu málningar á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa 30 manns í verslunum, sölueldi, lager og skrifstofu. Flügger á og rekur 6 sérverslanir með málningu. Það er í Reykjavík, Hafnarfirði, Selfossi, Keflavík og Akureyri. Auk þess á fyrirtækið í samstarfi við endurseljendur víða um land sem bjóða viðskiptavinum vörur frá Flügger. Í sölueldi Flügger starfa sérfræðingar í málningu sem miðla faglegum upplýsingum til viðskiptavina fyrirtækisins. Höfuðstöðvar Flügger eru að Stórhöfða 44 í Reykjavík. Þar er auk lykilverslunar lager og skrifstofur.

Viðskiptavinir Flügger koma úr öllum geirum þjóðfélagsins. Það er þó fagmannamarkaðurinn sem er stærsta svið fyrirtækisins. Enda Flügger þekkt víða um lönd fyrir faglega þjónustu og hágæða málningavörur.

### Starfsemin

Flügger er með samning við HEMPEL A/S um sölu og dreifingu á HEMPEL vörum á Íslandi. HEMPEL hefur um áratugaskeið verið þekktasta skipamálingin hér á Íslandi og víðar um heim. Hjá Flügger starfar fólk með efnafærni og málaramenntun sem hefur áratuga reynslu í faginu. Stór þáttur í starfseminni er því ráðgjöf um réttu efnin og litina fyrir mismunandi aðstæður. Í verslunum Flügger er að finna allt sem viðskiptavinurinn þarfnast fyrir málningavinnuna. Það er inni og útmáling af mörgum gerðum fyrir tré, stein og járn. Auk þess fylli og þéttiefni, verkfæri, fatnaður og öryggisvörur.

Flügger er íslenskt félag sem hét áður Harpa Sjöfn. Það félag varð til við samruna tveggja gamalgróina málningarfyrirtækja, Hörpu og Sjafnar sem hófu starfsemi á fjórða áratug síðust aldar. Flügger A/S í Danmörku keypti Hörpu Sjöfn árið 2004, breytti nafninu í Flügger og hefur rekið fyrirtækið síðan. Rolf Gjølberg er framkvæmdastjóri Flügger á Íslandi.

Flügger á að baki sögu frá 1783 þegar fyrirtækið var stofnað í Þýskalandi. Það er nú með starfsemi í mörgum löndum, en Norðurlöndin er helsta markaðsvæðið. Uppistaðan í veltu Flügger kemur í gegnum eigin verslanir, en Flügger rekur nú yfir 500 málningaverslanir í mörgum löndum.

### Vörupróun

Fyrirtækið er með verksmiðjur í þremur löndum þar sem framleiddar eru vörur fyrir málningariðnaðinn. Á rannsóknarstofum Flügger starfa efnaverkfræðingar og málara þar fer fram vörupróun í samvinnu við fagfólk og hráefnaframleiðendur. Þar er byggt á aldagamalli reynslu í bland við nýjust kröfur um gæði og umhverfisvernd. Liður í vörupróun er samstarf við arkitekta og hönnuði um val á tiskulitum. Í litakerfum Flügger er að finna þúsundir lita, frá klassískum til nýttiskulegra lita úr smiðju Skandinavískra hönnuða.

Framtíðarsýn Flügger er áframhaldandi sambærilegur rekstur og vöxtur í sölu og þjónustu á hágæða málningavörum í samræmi við leikreglur markaðarins, umhverfismál o.fl.



## Gólfefnaval

Árið 1998 stofnuðu hjónin Gunnar Þór Jóhannesson og Sigurborg Íris Vilhjámsdóttir Gólfefnaval. Frá því hefur okkar markmið verið að veita persónulega og einlæga þjónustu í hæsta gæðaflokki. Við höfum mikla þjónustulund, reynslu og þekkingu á gólfefnum. Gólfefnaval skartar í dag nokkrum af sterkustu gólfefnaframleiðendum sem hafa mikla umhverfisvitund og gæði í sinni framleiðslu. Þar má nefna merki á borð við 2tec2, Bona, F.Ball, Gradus, Kabe-mattan, LI&CO, Tarkett, Moduleo, Object Carpet, Polyflor, Stile, og Zilenzio. Starfsfólk Gólfefnavals hefur yfir 60 ára reynslu í að leiðbeina einstaklingum og fagaðilum. Við ábyrgjumst að vörubekking og reynsla okkar nýtist þegar valið er gólfefni. Jafnframt búum við yfir mikilli þekkingu á viðhaldsefnum til umhirðu fyrir gólfefni. Hvort sem um er að ræða parket, lakkað eða oliuborið, teppi og teppaflísar, lúxus vinyflísar eða önnur vinylgólfefni.

Stefna okkar og hugsun til umhverfismála er einlæg. Árið 2016 gerðum við samning við Recofloor í Englandi til að tryggja að afskurður af þeim vinylgólfefnum sem við seljum fari ekki í landfyllingar hér á Íslandi.

### Vöruval

#### Bona

Bona framleiðir ein bestu og umhverfsvænustu parketlökk og viðarolíur sem til eru. Bona er sænskt fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 1919. Hvort sem um ræðir lökk, olíur, sandpappír, vélbúnað til að slípa parketið eða vörur til að viðhalda fallegu viðargólfi er Bona í sérflokki.

#### Tarkett Desso

Tarkett Desso var stofnað í Hollandi árið 1933 og hefur staðið fyrir framleiðslu úrvals teppa og teppaflísa síðan. Þau hafa haft notagildi, gæði, fallega hönnun, sem og heilsufar notandans að leiðarljósi. Bestu dæmin um það eru Airmaster vörulínur þeirra. Airmaster teppin eru þau einu sem hafa fengið gull vottun fyrir loftgæði.

#### Polyflor

Fyrirtækið James Halstead var stofnað árið 1915 og var upprunalega stofnað sem vefnaðarvinnsla en árið 1934 fann James Halstead upp leið til að vinna saman klæði og gúmmiblöndu sem var uppruni vinylgólfefnisins. Stuttu eftir það var nafni fyrirtækisins breytt í Polyflor. Vinylgólfefni frá Polyflor eru þau umhverfsvænustu sinnar tegundar og eiga sér fáar hliðstæður þegar kemur að gæðum, miklu úrvali lita og tegunda. Polyflor hefur ávallt haft ríka umhverfisstefnu og eru stofnendur að endurvinnslufyrirtækinu Recofloor sem sérhæfir sig í endurvinnslu vinylgólfefna.

#### Moduleo

Þegar kemur að lúxus vinyflísum þá eru fáir eins framúrskarandi eins og Moduleo frá Belgíu. Einstakt útlit og hönnun á frábæru gólfefni einkenna þennan hágæða gólfefnaframleiðanda sem við erum stolt að vera í samstarfi við.



*Sigurborg Íris Vilhjámsdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson, eigendur.*





Hægindastóllinn Kiwi, sem Grétar Arnason hannaði 1975 og er hann grunnurinn að G.Á. Húsgögnum.



Geitir, sófi sem er hannaður 2012.

## G.Á. Húsgögn



Grétar Arnason, framkvæmdastjóri.

Fyrirtækið G.Á. húsgögn var stofnað af Grétari Árnasyni bólstrameistara sumarið 1975. Hann var ákveðinn í því þegar hann lauk sveinsprófi 1974 að hann skyldi verða sjálfstæður og sinn eigin herra. Hann var stórhuga og er enn, en byrjaði engu að síður smátt. Starfsemin hófst með því að hann var einn í bílskúr að sýsla við sitt fag og í byrjun vann hann mest fyrir TM-húsgögn sem reyndist happadrjúgt; en strax ári síðar flutti hann með starfseminu í Stórholt þar sem hann hóf framleiðslu m.a. á eigin húsgögnum sem hann hafði teiknað, enda með mikinn áhuga á húsgagnahönnun. Hann hannaði og framleiddi t.d. hægindastól sem kallaður var Kiwi og ekki leið á löngu áður en hann sló svo vel í gegn að vart hafðist undan að framleiða fyrir þær verslanir í Reykjavík sem höfðu stólinn til sölu. Auk þess hannaði hann raðsófasett sem varð álíka vinsælt svo hann við annan mann var að hamast við að framleiða til að anna eftirspurn.

Má segja að þarna hafi orðið til sá grunnur sem skapaði G.Á. húsgögn til framtíðar. Grétar vildi víkka út sjóndeildarhring sinn og bæta húsgagnaúrvalið Íslandi. Hann brá sér á nokkrar húsgagnasýningar erlendis og í kjölfarið hóf hann innflutning á húsgögnum, leðri og öðru efni í áklæði samhliða þeirri framleiðslu sem þegar átti sér stað. Svo það var aðeins tímaspursmál hvernær yrði farið út í verslunarrekstur.

### Sagan

Árið 1980 var opnuð verslun í Skeifunni 8 sem hét G.Á. húsgögn og gekk vel fyrstu tvö árin; allt fram til ársins 1986 þegar Grétar ákvað að hætta verslunarrekstri þar sem aðstæður í efnhagsmálum á Íslandi höfðu verið of sveiflukennndar sbr. myntbreyting, óðaverðbólga, samdráttur o.s.frv. Þannig að hann tók ákvörðun um flytja sig inn í Brautarholt þar sem hann hugðist einbeita sér að bólstrun, viðgerðum og viðhaldi á húsgögnum. Með öðrum orðum, að hafa það fremur rólegt. En mikil vatnaskil voru í nánd. Til Grétars var leitað eftir því að smíða og klæða nýja stóla fyrir Alþingi. Arkitektinn hafði gengið á milli bólstrara en enginn treysti sér til að vinna með leðrið sem átti að nota í stólana; en það var einmitt Grétar sjálfur sem hafði flutt leðrið inn og selt það í stólana. Eftir nokkurra daga umhugsun eftir að hafa vegið og metið umfang og tilhögun verksins ákvað hann að taka það að sér. Svo fyrirtækið í samvinnu við GKS smíðaði og klæddi alla stóla og borð í þingsalnum. Fleiri ámóta stór verk áttu eftir að koma inn á borð hjá G.Á. húsgögnum og næsta stóra verkefni var hin nýja Flugstöð Leifs Eiríkssonar, en allt leður sem fór á stóla og sófa þar var unnið og klætt af þeim. Gott orðspor fyrirtækisins fór vaxandi og Grétar vildi leita leiða til að byggja upp fyrirtækið. Hann fór að velta því fyrir sér hvernig hann gæti tryggt sér fasta viðskiptavini og skundaði á fund með framkvæmdastjóra Hótel Loftleiða sem þá var og bauð fram þjónustu sína. Því boði var tekið og þannig hófst langt og farsælt samstarf við Icelandair en G.Á. húsgögn hafa séð um klæðningu og viðhald á húsgögnum á hótelum þess í Reykjavík og út um land. Enn voru einungis Grétar og félagi hans á verkstæðinu að vinna svo fyrir utan að sinna utanaðkomandi verkefnum var framleiðslunni haldið áfram. Stuttu seinna náðust



Sýningarsalur verslunarinnar í Ármúla.



Slippbarinn á Hótel Marina í Reykjavík.



Harpan í Reykjavík.

samningar við Landspítalann um klæðningu og viðhald á stólum og öðrum húsgögnum svo næg urðu verkefni. Veitingahús urðu næsta viðfangsefni Grétars og félaga. Þrátt fyrir hrakspár reyndust þau þrýðis sóknarfæri og hafa G.Á. húsgögn tekið þátt í hönnun og bólstrað fjöldann allan af innréttingum fyrir veitingastaði í Reykjavík og víðar. Má nefna stærstan hluta af veitingahúsum og krám í miðbænum. Má nefna t.d. Kjarvalsstofu, Lækjarbrekku, Monkey's, Kol, Bastard, Irishman, Sæta svínid, Fjallakonuna, Ameríska barinn og svona mætti lengi telja. Í lok níunda áratugarins var Grétar hugsi yfir skorti á fjölbreytileika á íslenskum húsgagnamarkaði. Þá fór hann í kringum 1990 ásamt félögum sínum að gæla við þá hugmynd að fara út í verslunarrekstur eina ferðina enn og bjóða upp á eitthvað annað en það sem aðrir voru með. Í þeim tilgangi fóru þeir á húsgagnasýningar erlendis sem ekki endilega allir fóru til að skoða. Þeir voru að leita að einhverju alveg sérstöku. Þeim leist vel á eitt og annað og ákváðu að láta til skarar skriða. Stefnt var að því að opna verslunina í maí 1991 og eitt kvöldið voru þeir saman að brjóta heilan um nafnið á nýju búðinni. Þeir skáluðu í XO koniaki en ekki vildi nafnið vitrast þeim fyrr en komið var að kveðjustund, en þá rak Grétar augun kassann utan af koniaksflöskunni og slær því fram hvort búðin gæti heitið EXO. Það var gripið á lofti og merkið var teiknað á staðnum. Þessa verslun ráku þeir félagar saman til ársins 1997 en þá skildi leiðir og Grétar einhenti sér í að gera það sem hann var bestur í að gera og hafði verið að byggja upp fimm árum fyrr. 2001 flutti hann með starfsseminu í Ármúla 19, þar sem það er enn í dag í 900 fermetrum og sinnir framleiðslu og þjónustu við þau fyrirtæki sem G.Á. er í viðskiptum við. Styrkur fyrirtækisins liggur fyrst og fremst í sérsmíði á húsgögnum og innréttingum eftir pöntun. Grétar er með lærða bólstrara í vinnu hjá sér og telur það mikilvægt fyrir fagið og það sem fyrirtækið er að fást við. Fyrir utan öll verkefni hér heima við þá hafa G.Á. húsgögn tekið að sér verkefni erlendis, t.d. í Svíþjóð.

### Starfsfólk og stjórnendur

Á bilinu 10-15 manns starfa með einum eða öðrum hætti hjá fyrirtækinu. Flestir sem starfa við bólstrun í dag eru að vinna við endurbólstrun. G.Á. húsgögn er öflugasta bólstrunarfyrirtæki í framleiðslu hér á landi þótt fyrirtækið taki að sér klæðningu endrum og sinnum. Fjölskyldan hefur komið sterk inn í fyrirtækið. Eiginkonan hefur séð um fjármálastjórn og bókhald, og sonurinn hefur starfað í bólstuninni og er vöruhönnuður að mennt.

### Framtíðarsýn

Grétar telur framtíðarhorfur góðar og er stöðugt á höttunum eftir nýjum hugmyndum og aðferðum til að vinna efni í áklæði eins t.d. gærur. Samkeppnin er fyrst og síðast við innflutning þar sem framleiðslukostnaður er meiri innanlands, en gæði og ending er eitthvað sem G.Á. húsgögn horfir til þegar ráðist er í framleiðslu og framkvæmdir. Þar kemur til áratuga reynsla og þekking, enda fyrirtækið orðið 47 ára gamalt og starfar enn á sömu kennitölu.



Sindra stóllinn sem hannaður var af Ásgeiri Einarssyni 1962, G.Á. húsgögn hóf að framleiða hann 2012 á 50 ára afmæli stólsins.



Leðursófi hannaður fyrir Apótek kokteilbar.



JS Watch Co, Team. / Ljós. Jón Páll Vilhelmsson.

## Gilbert úrsmiður



Gilbert Ó. Guðjónsson, úrsmiðameistari og gæðastjóri.  
Ljós. Sigurður Gilbertsson.

### Gilbert úrsmiður - Fagmaður í yfir 50 ár

JS Watch Co. Reykjavík úrin eru íslensk frá grunni. Þau eru hönnuð hér heima á Íslandi. Allir íhlutir úrsins eru síðan sérframleiddir í sérhæfðum verksmiðjum í Þýskalandi og Sviss og settir saman hér á landi undir ströngu gæðaeftirliti Gilberts Ó. Guðjónssonar úrsmiðameistara sem nýtir áralanga þekkingu og reynslu sína af úrsmíði til að tryggja að hvert og eitt úr standist ströngustu kröfur.

Frá upphafi framleiðslunnar var leitast við að sameina, glæsilega hönnun, gæði, fyrsta flokks mekanísk úrverk og falleg armbönd. Sérstaða úrana á íslenskum markaði ásamt persónulegri þjónustu og árangursríku markaðs- og kynningarstarfi hefur leitt til þess að úrin hafa orðið eftirsótt bæði hérlendis og erlendis. Áhugi á vönduðum armbandsúrum hefur aukist jafnt og þétt og sjálftrekt armbandsúr framleidd í dag eru betri og vandaðri en nokkru sinni fyrr. Kröfuharðir viðskiptavinir kjósa sér armbandsúr sem er ekki eingöngu tímamælir, heldur einnig fallegur skartgripur, smíðaður eftir aldagamalli hefð.

Þann 8. nóvember 2005 stofnuðu Grímekell Pétur Sigurþórsson, Sigurður Björn Gilbertsson og Júlíus Steinar Heiðarsson formlega JS Watch Co. Reykjavík. Stofnendur eru hönnuðir og hugmyndasmiðir úrana. Hugmynd fyrirtækisins var frá upphafi að framleiða klassísk tímalaus úr sem væru fullkomlega samkeppnishæf við þekkt erlend hágæða merki þar sem notagildi og gæði færu saman. Framleiðslan er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og fékk strax frá upphafi frábærar viðtökur.

### Úrsmiðameistari

Úrsmiðameistari og gæðastjóri JS er Gilbert Ó. Guðjónsson sem landsmenn þekkja fyrir vandaða þjónustu síðustu 50 ár. Hann er einnig einkasöluaðili JS Watch Co. Reykjavík á Íslandi. Hjá honum geta viðskiptavinir rætt við úrsmiðina sem framleiða úrin og fengið þannig einstakt tækifæri til að kynna úrinu sem þeir eða þeirra nánustu munu bera um ókomin ár. Hjá Gilbert úrsmið fást einnig hin vönduðu ARC-TIC Iceland úr sem hafa verið mjög vinsæl og eru hönnuð af sama teymi. ARC-TIC Iceland úrin eru vönduð klassísk rafhlöðuúr með svissnesku quartz gangverki fyrir bæði dömur og herra.

Gilbert byrjaði að læra úrsmíði árið 1967 og hefur rekið úra- verslanir á nokkrum stöðum en er búinn að vera á Laugaveginum í yfir 40 ár. Gilbert úrsmiður hefur í gegnum árin, ásamt fleirum, tekið ríkan þátt í að byggja upp verslun í miðbæ Reykjavíkur. Persónuleg þjónusta og góð vöru þekking er aðalsmerki verslunarinnar og þjónustustig er til fyrirmyndar þar sem viðskiptavinir eiga kost á að hitta framleiðendur, fá að sjá úrsmíði að störfum og koma með ábendingar varðandi samsetningu og útlit þeirra úra sem þeir hyggjast kaupa. Viðskiptavinir geta óskað eftir einkaheimsókn komist þeir ekki í verslunina á hefðbundnum opnunartíma. Heildstæð áferð og framúrstefnuleg ásýnd markaðs- og kynningarmála JS Watch co. Reykjavík hefur einnig vakið athygli bæði innanlands og utan.

Árið 2009 var Gilbert úrsmiður tilnefndur sem Iðnaðarmaður ársins og árið 2013 var



Handskorið munstur. / Ljós. Sigurður Gilbertsson.





Ljósm. Sigurður Gilbertsson.



Ljósm. Sigurður Gilbertsson.

honum afhentur Njarðarskjöldurinn sem viðurkenning Reykjavíkurborgar fyrir að vera ferðamannaverslun ársins.

### Sérstaða

Sérstaða úranna á íslenskum markaði ásamt persónulegri þjónustu og árangursríku markaðs- og kynningarstarfi hefur leitt til þess að úrin hafa orðið eftirsótt meðal heimsfrægra einstaklinga sem hafa komið til landsins. Meðal þekktra einstaklinga má til gamans nefna Gordon Ramsey, Ed Sheeran, Ben Stiller, Tom Cruise, Quentin Tarantino, Jude Law, Viggo Mortensen, Mads Mikkelsen, Tobey Maguire, Dennis Quaid, Elvis Costello, Ian Anderson, Yoko Ono, Sean Lennon, Dalai Lama, Katie Couric, Vinnie Jones og Constantine Grikklandskonung.

JS Watch Co. Reykjavík hefur einnig unnið með nokkrum af fremstu listamönnum þjóðarinnar þar sem þeir voru fengnir til að skreyta skífur glæsilegra úra ásamt öskjunni utan um úrin og skapa þannig glæsileg listaverk sem ekki eiga sér hliðstæðu hér á landi og bjóða þau upp til styrktar Krafti, stuðningsfélagi ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandenda þeirra og safna þannig peningum þar sem allur ágóði af uppboðinu runnu óskert til Krafts. Boðin hafa verið upp úr sem skórtuðu listaverkum eftir Erró, Eggert Pétursson, Tolla og Línu Rut og er því um afar sérstaka skartgripa að ræða sem munu án efa vekja eftirtekt og aðdáun um ókomna tíð.

Einnig hafa verið framleidd úr í takmörkuðu upplagi fyrir ýmsa viðburði á Íslandi og má þar nefna EM úrið sem var framleitt árið 2016 sérstaklega fyrir strákana í íslenska landsliðinu í fótbolta þegar þeir tryggðu sig inn á stórmót í fyrsta skipti í sögu Íslands og síðan HM úrið í framhaldinu þegar þeir tryggðu sig í fyrsta skipti inn á heimsmeistaramótið í fótbolta árið 2018.

### Framtíðin

Það má því segja með sanni að síðustu ár hjá Gilbert úrsmið og JS Watch Co. Reykjavík hafi verið einstaklega áhugaverðir tímar og úrvalið af íslenskum úrum aldrei verið meira að ógleymdum öllum þeim spennandi verkefnum sem eru á teikniborðinu fyrir framtíðina.



Ed Sheeran í versluninni hjá Gilbert úrsmiði. / Ljósm. Eva María Sigurðardóttir.



Ljósm. Sigurður Gilbertsson.



Ljósm. Sigurður Gilbertsson.



Starfsfólk Globus. Frá vinstri: Karl Finnbogason, Þorleifur Sigurbjörnsson, Kári Ellertsson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Sveinbjörn Allansson, Guðjón Tómasson og Óðinn Jóhannsson.

## Globus



Árni Gestsson.

Globus hf. var stofnað 11. janúar árið 1947. Stofnandi fyrirtækisins ásamt fleirum var Einar Egilsson og veitti hann því forstöðu fyrstu árin, en seldi síðan fyrirtækið til Heklu hf. Viðskipti Globus fyrstu árin byggðust fyrst og fremst á sölu á ýmsum snyrtivörum eins og t.d. Gillette rakvörum, en fyrirtækið hafði umboð fyrir það fyrirtæki í nærri 60 ár.

### Sagan

Árið 1956 kaupir Árni Gestsson ásamt fjölskyldu allt hlutfé í Globus hf. en Árni hafði um árabíl unnið hjá Heklu. Árni varð forstjóri félagsins frá þeim tíma og allt til ársins 1988, en gerðist þá stjórnarformaður félagsins. Á fyrstu árum félagsins var reksturinn ekki stór í sniðum. Aðallega voru fluttar inn vörur frá Gillette, en snemma var hafinn innflutningur á ýmsum landbúnaðartækjum og varð fyrirtækið fljótlega leiðandi í því að kynna nýjungar á því sviði fyrir bændum.

Árið 1969 stofnuðu forráðamenn Globus hf. fyrirtækið Íslensk-tékkneska verslunarfélagið (Ístékk) með það að markmiði að flytja inn vörur frá Tékkóslóvakíu þar á meðal Zetor dráttarvélar, en þær urðu á fáum árum langvinsælastu dráttarvélarar á Íslandi.

Globus hf. var í upphafi rekið í 50 fm húsnæði við Hverfisgötu, en með vaxandi umsvifum voru fest kaup á 200 fm húsnæði við Vatnsstíg og var fyrirtækið þar til húsa til ársins 1966 þegar flutt var í nýbyggingu fyrirtækisins að Lág múla 5. Það hús var byggt í nokkrum áföngum og var síðasti hlutinn, sem hósti verkstæði og varhlutalager tekinn í notkun árið 1982.

Fyrirtækið stækkaði ört og varð með tímanum einnig umfangsmikill innflytjandi á bifreiðum. Árið 1973 var hafinn innflutningur á Citroen bílum og árið 1987 bættist SAAB við og loks Ford árið 1990. Þegar rekstur Globus hf. var umsvifamestur á síðari helmingi níunda áratugarins og í byrjun þess tíunda unnu um 100 manns hjá fyrirtækinu og var það rekið í 6 deildum: Heildsöludeild, búvörudeild, vinnuvéladeild, bíladeild, verkstæði og varahlutadeild og loks áfengis- og tóbaksdeild.

### Reksturinn

Í byrjun tíunda áratugarins breyttist efnahagsástandið til hins verra og fór Globus hf. ekki varhluta af því. Var brugðist við miklum samdrætti í sölu á vörum fyrirtækisins með því að draga saman seglin og voru bíla og búvörudeildir seldar sem og verkstæði og varahlutadeildir. Loks var heildsöludeildin seld árið 2006. Húsnæðið að Lág múla 5 var síðan selt í áföngum. Í kjölfar endurskipulagningar er kjarnastarfsemi félagsins sala á áfengi og tóbaki og er Globus hf. í dag einn umsvifamesti innflytjandi á því sviði á Íslandi.

Sala fyrirtækisins hefur aukist ár frá ári og nam árið 2020 tæplega fjórum milljörðum króna. Góður hagnaður hefur verið af rekstri mörg undanfarin ár.

Heimasíða félagsins er: [www.globus.is](http://www.globus.is) þar sem eru greinagóðar lýsingar á öllum þeim gæðavinum, sem fyrirtækið flytur inn frá öllum heimsálfum.

---

### Mannauður

Globus hf. hefur átt því láni að fagna að hafa haft í þjónustu sinni einvala lið starfsfólks, sem sumir hverjir hafa unnið hjá fyrirtækinu í áratugi.

### Eigendur og stjórnendur

Framkvæmdastjóri félagsins er Börkur Árnason, en hann tók við því starfi árið 1995. Globus hf. er enn í dag fjölskyldufyrirtæki í eigu barna og afkomenda Árna Gestssonar og konu hans Ástu Jónsdóttur.

#### Stjórn félagsins skipa nú eftirtaldir:

Pétur Guðmundarson, formaður

Gestur Árnason, ritari

Börkur Árnason, meðstjórnandi

Ásta Árnadóttir, meðstjórnandi

Arna Kristjánsdóttir, meðstjórnandi

### Aðsetur

Félagið hefur verið til húsa að Skútuvogi 1f í Reykjavík frá árinu 1996.



*Fjölskyldumynd. Frá vinstri: Lís Lotta Reynis Andersen, Hrannar Árni Barkarson, Elva Björk Barkardóttir, Börkur Árnason og hundurinn Mia.*



Afhending vélar.



Frá vélasýningu í Hegas.

## Hegas



Axel Eyjólfsson.

HEGAS var stofnað árið 1988 af Axel Eyjólfssyni og fjölskyldu en Axel kaupir síðan aðra hluthafa út árið 2005.

### Starfsemin

HEGAS er heildsölu fyrirtæki sem sérhæfir sig í þjónustu og innflutningi á hráefnisvörum fyrir tréiðnaðinn. Með árunum hefur vöruúrval verið aukið til muna og segja má að í dag bjóði það uppá allt frá litlum skrúfum uppí tölvustýrðar vélasamstæður.

### Aðsetur

Fyrst um sinn fór starfsemin fram í 180 fm leiguhúsnæði að Smiðjuvegi 16, í Kópavogi, en flutti 1993 í rúmlega 425 fm eigið húsnæði að Smiðjuvegi 8. Þann fyrsta maí 2000 flutti svo starfsemin í núverandi húsnæði að Smiðjuvegi 1. Upphaflega átti HEGAS hluta af húsnæðinu, en það er nú alfarið í eigu HEGAS u.þ.b. 3000 fm þar sem öll starfsemi fyrirtækisins fer fram.

### Mannauður

Í dag vinna 15 starfsmenn hjá HEGAS og hafa flestir margra ára reynslu og þekkingu á vörum fyrirtækisins, auk þess sækja reglulega námskeið hjá birgjum til að hafa sem besta þekkingu á vörum og vöruþróun.

### Framúrskarandi fyrirtæki

Þrátt fyrir þær svifingar sem verið hafa í þjóðfélaginu þau rúm 30 ár sem fyrirtækið hefur starfað, hefur HEGAS verið í hóp þeirra fyrirtækja sem uppfylla skilyrði Creditinfo sem Framúrskarandi fyrirtæki frá upphafi þeirra skráningar. HEGAS er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði með áherslu á framúrskarandi þjónustu við íslensk fyrirtæki í tréiðnaði, þar sem fagmennska á öllum sviðum rekstrar og þjónustu er höfð að leiðarljósi.



Starfsmenn að störfum.



Sigurður og Kristjana ásamt dætrum sínum Sólborgu Sumarrós, Berglindi og Steinunni Camillu.

## Gull og Silfur

Gull og Silfur er ein elsta skartgripaverslun og gullsmíðavinnustofa landsins. Fyrirtækið hefur starfað í meira en 50 ár og ef horft er til sögunnar þá má segja að gullsmíði hafi verið í fjölskyldunni í 70 ár.

Gull og silfur var stofnað árið 1971 af Sigurði G. Steinþórssyni gullsmíðameistara. Hann nam listina af föður sínum Steinþóri Sæmundssyni gullsmíðameistara sem var af vestfirsku bergi brotinn sem hafði lagt fyrir sig nám í gullsmíði hjá Aðalbirni Péturssyni gullsmíðameistara á Siglufirði.

Steinþór flutti suður til Reykjavíkur að loknu sveinsprófi og árið 1952 stofnaði hann ásamt Jóhannesi Leifssyni fyrirtækið Gullsmiðir - Steinþór og Jóhannes sem þeir ráku saman í 20 ár. Þeir Steinþór og Jóhannes kenndu sonum sínum iðnina.

### Sjálfstæður

Upp úr 1970 fór Sigurður Steinþórsson að þreifa fyrir sér um eigin rekstur og kom þá til álita að festa húsnæði við Laugaveg 35. Það þurfti að ráðast í lagfæringar á húsnæðinu en það átti eftir að smíða allt skartið sem til stóð að selja viðskiptavinum svo það var byrjað að hanna og smíða. Í apríl 1971 var svo verslunin Gull og Silfur opnuð. Handbragð Sigurðar vakti strax athygli og urðu trúlofunarhringar og giftingahringar frá Gulli og Silfri fljótt vinsælir.

Ári eftir opnunina átti eiginkona Sigurðar, Kristjana Ólafsdóttir leið upp á Laugaveg í kringum jólavertíðina en mikið var um að vera hjá Gulli og Silfri. Þá var Kristjónu ýtt fram í búið til að aðstoða viðskiptavinina. Hún hefur verið verslunarstjóri og meðeigandi síðan. Bróðir Sigurðar, Magnús Steinþórsson kom til starfa hjá Gulli og Silfri og sömuleiðis faðir þeirra. Magnús var í tuttugu ár en fluttist af landi brott. Steinþór starfaði hjá Gulli og Silfri til 1984 og kona hans Sólborg Sumarrós stóð einnig innan við afgreiðsluborðið um tíma. Sannkölluð gullsmíðafjölskylda, því nú er þriðja kynslóð gullsmíða farin að láta að sér kveða. Sólborg S. Sigurðardóttir, elsta barn þeirra hjóna Sigurðar og Kristjónu starfar nú sem gullsmíðameistari á verkstæðinu við hlið föður síns.

### Breytingar

Gull og Silfur fluttu sig um set árið 2005. Verslunin og verkstæðið voru færð upp á Laugaveg 52. Sigurður og Kristjana hafa í gamni sagst bera ábyrgð á þúsundum para og hjóna og varla verður tölu á það komið hve marga hringa hann hefur smíðað á þeim 50 árum sem hann hefur starfað í greininni. Hann er stoltur af verkum sínum, fær nýjar hugmyndir daglega og er metnaðarfullur í sinni sköpun. Hver gripur er sveipaður listrænu handbragði. Hlýleg og persónuleg þjónusta hjá Gulli og Silfri hefur skapað vinsældir og velvild á markaðnum.



Sigurður G. Steinþórsson, gullsmíðameistari.





Stjórn Haga árið 2020 ásamt Finni Oddssyni forstjóra.

## Hagar

Hagar hf. er leiðandi verslunaryrirtæki á íslenskum matvöru-, sérvöru- og eldsneytismarkaði og var félagið stofnað í núverandi mynd árið 2003. Í lok árs 2020 starfrækti félagið 39 matvöruverslanir undir vörumerkjum Bónus og Hagkaups, 26 Olís þjónustustöðvar, 43 ÖB stöðvar, tvær birgðaverslanir, tvö apótek, þrjár sérvöruverslanir, tvö vöruhús og tvær framleiðslustöðvar. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu. Hagar hafa á síðasta áratugi einnig rekið fjölda sérvöruverslana sem að boðið hafa lífsstíls- og tískutengdar vörur.

Velta Haga fyrir rekstrarárið 2020 til 2021 voru um 119 milljarðar króna. Árið 2011 var Hagar skráð á aðallista NASDAQ OMX Iceland. Höfuðstöðvar Haga eru til húsa í Holtagörðum, Holtavegi 10, og starfsmannafjöldi í samstæðu Haga í árslok 2020 var um 2470 manns. Rekstrareiningar Haga eru reknar sem sjálfstæð fyrirtæki með ólík rekstrarform og menningu. Öll fyrirtækin leggja þá áherslu á hagkvæman rekstur, góða þjónustu og gott vöruúrval. Helsta hlutverk Haga er að veita þessum fyrirtækjum skýrt aðhald og aðstoða þau við reksturinn á eins hagkvæman hátt og unnt er. Gildi Haga eru þjónustulund, samvinna, hagkvæmni og framsækni. Hagar búa yfir áralangri þekkingu á viðskiptum og smásölu og hafa áunnið traust viðskiptavina um langt árabíll.

### Matvöruverslanir Haga

Bónus er stærsta einstaka rekstrarfélagið innan Haga. Bónus er keðja lágvöruverðsverslana sem frá stofnun árið 1989 hefur boðið viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Hönnun Bónusverslana miðar öll að því að halda rekstrarkostnaði í lágmarki. Áhersla er lögð á lítinn íburð í verslunum, stöðugt kostnaðaraðhald og mikinn veltuhraða birgða. Bónus hefur lagt áherslu á einfaldleika í rekstrinum og stefnumarkandi vöruval fyrir lágvöruverðsverslun. Eitt af leiðarljósum Bónus hefur ávallt verið að láta viðskiptavininn njóta hluta ábatans af því þegar nást hagstæðir innkaupasamningar með lágrí álagningu. Einnig hefur Bónus alltaf haft sama verð í öllum verslunum á landinu. Árið 2020 voru verslanir Bónus 31 talsins um land allt og hjá fyrirtækinu störfuðu um 880 starfsmenn.

Hagkaup var stofnað árið 1959 og á starfsemi fyrirtækisins djúpar rætur í samfélaginu enda verið órofinn hluti af verslunarsögu landsins í rúm 60 ár. Í upphafi var Hagkaup rekið sem póstverslun sem sendi vörur beint frá birgðageymslu upp að dyrum kaupandans. Fyrsta Hagkaupsverslunin var opnuð við Miklatorg árið 1967 og árið 1970 opnaði Hagkaup verslun sína í Skeifunni, sem er eitt helsta flaggskip starfseminnar enn þann dag í dag. Hagkaup býður breitt úrval af vörum til daglegra þarfa í matvöru, fatnaði, snyrtivöru, húsbúnaði og tómstundavöru. Hagkaup leggur sérstaka áherslu á þjónustu og gott aðgengi að vörum og kappkostað er að gera verslunarferðina eins skemmtilega og hagkvæma fyrir viðskiptavininn og mögulegt er. Í árslok 2020 voru verslanir Hagkaups 8 talsins og starfsmenn um 740.

### Þjónustu- og bensinstöðvar

Olís var stofnað 1927 og er því elsta fyrirtækið í samstæðu Haga, en Hagar keyptu allt hlutfé í Olís árið 2018. Olís sérhæfir sig í sölu og þjónustu með eldsneyti og aðrar olíuvörur, auk skyndibita, ýmissa nauðsynjavara fyrir bílæigendur, vörum til útivistar og ferðalaga ásamt fjölbættri þjónustu við sjávarútvegs-, verkta- og flutningafyrirtæki um land allt. Grunnrekstur Olís hefur ávallt verið eldsneytissala, en með nýtingu á dreifinetti fyrirtækisins og sérfræðþekkingu hefur aukist sala á öðrum vörum, líkt og smurolíum, efnavörum, rekstrarvörum, gasi og nýlenduvörum. Árið 2020 rak Olís 69 þjónustu- og bensinstöðvar undir merkjum Olís og ÖB. Hjá fyrirtækinu starfa um 490 starfsmenn.

### Vöruhús

Árið 1993 stofnuðu Bónus og Hagkaup sameiginlegt innkaupafyrirtæki undir nafninu Baugur ehf., en fyrirtækið fékk nafnið Aðföng fimm árum síðar. Aðföng er innkaupa- og dreifingarmiðstöð á smásölu- og stórnotendamarkaði en starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir verslanir Bónus, Hagkaups og Olís. Innkaup Aðfanga felast annars vegar í viðskiptum við innlenda birgja og hins vegar innflutningi og vöruþróun eigin vörumerkja í samstarfi við matvörukeðjurnar. Aðföng flytur einnig inn áfengi sem selt er í verslunum ÁTVR og söluinni stýrt í gegnum félagið Vínföng. Markvisst hefur verið unnið að uppbyggingu í vöruflokknum síðastliðin ár.



Hagkaup



Bónus



Aðföng



Olís

Framhald á næstu opnu →

Aðföng er eitt stærsta og tæknivæddasta vöruhús landsins. Þar er lögð mikil áhersla á stærðarhagkvæmni og er nýjasta tækni nýtt við rekstur vöruhússins hvar sem því verður við komið. Vöruhús Aðfanga er því sem næst pappírslaut og öflug tölvukerfi halda utan um feril vara frá upphafi til enda. Aðföng reka einnig alla starfsemi Ferskra Kjötvara sem að vinnur kjöt úr nauti, lambi og grís. Ferskar Kjötvörur leggja mikla áherslu á ferskleika, gæði og rekjanleika vara. Ferskar Kjötvörur sjá verslunum Hagkaups og Bónus fyrir kjöti og selja einnig til veitingahúsa og annarra aðila. Hjá Aðföngum starfa um 150 starfsmenn.

Banar ehf. var stofnað árið 1955 og er næst elsta fyrirtækið í samstæðu Haga. Banar er stærsti dreifingaraðili á fersku grænmeti og ávöxtum á Íslandi og jafnframt eitt stærsta innflutningsfyrirtæki landsins. Eins og nafnið gefur til kynna voru fyrstu starfsár fyrirtækisins helguð innflutningi og þroskun banana. Síðan þá hafa áherslur breyst og í dag býður fyrirtækið upp á mikið og gott úrval af bæði íslensku og erlendu grænmeti og ávöxtum allan ársins hring. Vörum er dreift til viðskiptavina sex daga vikunnar, þar af til verslana Bónus og Hagkaups. Viðskiptavinir Banana samanstanda af verslunum, veitingahúsum, sjúkrahúsum, skólum, leikskólum, mötuneytum o.fl. Starfsmenn fyrirtækisins voru um 80 talsins árið 2020.

### Sérvöruverslanir og önnur starfsemi

Árið 2020 ráku Hagar tvær sérvörukeðjur undir vörumerkjum Útílífs og Zara. Auk þess áttu Hagar 90% hlut í Reykjavíkur Apóteki sem rekur tvö apótek undir vörumerki sínu.

### Hagar og eigin vörumerki

Í heimi verslunar leitast menn við að skapa sérstöðu með ýmsum hætti. Þekkt leið er m.a. að bjóða upp á mesta úrvalið, vera með lægsta verðið eða bestu þjónustuna. Þegar kemur að vöruúrvali og vörumerkjum hafa verslanir í auknu mæli lagt áherslu á að hafa sérstöðu á því sviði. Hagar hafa því aukið framleiðslu á eigin vörum á síðustu árum. Eigin vörumerkjum Haga má skipta í tvo flokka; eigin merki (e. private label) og merki hússins (e. house brand). Munurinn á þessum tveimur flokkum er annars vegar merki sem búið er til frá grunni af Högum og hins vegar eru merki hússins vörumerki sem Hagar hafa umboð fyrir og gera að sínum vörumerkjum.

Bónusmerktar vörur eru líklega sterkasta eigin merki Haga. Bónus vörurnar hafa allt frá stofnun tryggt sérstöðu á markaði og mikið virði í hugum viðskiptavina. Hagkaup hefur einnig framleitt töluvert af eigin vörum með góðum árangri, má þar til dæmis nefna Hagkaups hamborgarhrygginn sem hefur lengi verið sá mest seldi fyrir jólin á Íslandi.

Á síðustu árum hafa fyrirtæki Haga skipulega unnið að því að fjölga eigin vörumerkjum. Eitt sterkasta vörumerkið sem að Hagar hafa búið til í seinni tíð er lífræna merkið Himneskt. Þar unnu starfsmenn Haga að vörubrúun í samvinnu við Sólveigu Eiríksdóttur að lífrænni vörulínu. Vörulínan hefur notið mikilla vinsælda meðal viðskiptavina Hagkaups og Bónus. Ítalía er hágæða vörumerki skapað af Hagkaup en vörurnar eru framleiddar í Toscana héraði á Ítalíu og fluttar beint frá bónda. Annað dæmi um vörumerki sem að Hagar hafa þróað er Heima. Býður vörumerkið ódýra valkosti á algengum heimilisvörum, t.a.m plastpokum, kaffi, kexi, hrísgrjónum o.fl. Íslandsnaut og Íslandslamb eru vörumerki framleidd og markaðssett af Ferskum Kjötvörum. Vörumerkin hafa náð góðri fótfestu á markaðnum þar sem að neytendur kunna vel að meta vörur með 100% kjöti frá íslenskum bændum.

Smæð íslenska markaðarins gerir það oft að verkum að ekki er möguleiki að láta sérframleiða fyrir verslanir Haga heilu vörulínurnar. Í slíkum tilfellum hafa Hagar náð góðum samstarfssamningum þar sem Hagar fá leyfi til að gera vörumerkið að sínu. Þetta eru iðulega vörumerki sem hafa sterka stöðu á öðrum mörkuðum. Euroshopper er stærsta vörumerkið í þessum flokki.

Vinnan við vörubrúun hjá fyrirtækjum Haga hefur verið líflæg síðasta áratuginn og í raun stoppar aldrei leitina að nýjum vörum á góðu verði. Hagar eru stoltir af þeirri vinnu sem unnin hefur verið á síðustu árum þar sem að vörumerkin hafa tryggt sérstöðu á markaði og fært neytendum fjölbreytta valkosti.



Bónus Garðatorgi.



Matarkarfan er oftast ódýrust í Bónus.

## Bónus

### Bónus

Feðgarnir Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson opnuðu fyrstu Bónusbúðina í 400 fm húsnæði við Skútuvog laugardaginn 8. apríl 1989. Jóhannes sagði í DV við þetta tækifæri: „Verslunin nefnist Bónus og dregur nafn sitt af þeim afslætti sem veittur verður af öllum vörum.“ Ekki þarf að fara mörgum orðum um viðtökur landsmanna. Þær voru í einu orði sagt frábærar enda vöruverð strax miklu lægra í nýju versluninni. Salan varð strax þrefalt meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og um mitt sumar 1989 var ráðist í að opna aðra Bónusverslun, í Faxafeni 14. Ári síðar, 1990, var svo þriðja verslunin opnuð að Reykjavíkurvegi 72 í Hafnarfirði og öðru ári seinna sú fjórða, að Smiðjuvegi í Kópavogi. Sama ár var opnað í Iðufelli og á árinu 1992 á Seltjarnarnesi.



Guðmundur Marteinnsson, framkvæmdastjóri Bónus.

### Kaflaskil í stjórnun

Guðmundur Marteinnsson, núverandi framkvæmdastjóri Bónus, byrjaði árið 1992 sem almennur starfsmaður og var kunnugur öllum störfum, frá því að sópa, vera í kerrum, yfir í að vera á kassa og síðan verslunarstjóri árið 1993. Á árunum 1995-1997 starfaði Guðmundur sem aðstoðamaður Jón Ásgeirs og tók síðar við sem framkvæmdastjóri Bónus árið 1998 og hefur stýrt fyrirtækinu í gegnum mestu vaxtaár þess. Skrifstofur Bónus hafa alltaf verið á sama stað, fyrir ofan fyrstu verslun Bónus að Skútuvogi 13 þar sem að ævintýrið hófst fyrir 32 árum.



Mikið úrval af allskonar grænmeti.

### Sérstaða Bónus

Bónus hefur allt frá stofnun lagt höfuðáherslu á að bjóða viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Fyrir stofnun Bónus fóru rúmlega 23% af ráðstöfunartekjum neytenda í matarinnkaup en með tilkomu Bónus lækkaði hlutfallið verulega, lægst niður í 13%. Hönnun verslana Bónus miðar að því að halda kostnaði í lágmarki. Áhersla er lögð á lítinn íburð og með einföldum innréttingum og snjöllum lausnum, eins og opnum göngukælum undir ferskvöru, er hægt að halda rekstrarkostnaði og vinnu við áfyllingu á vörum í lágmarki. Opnunartími verslana er einnig takmarkaður til þess að lámarka kostnað. Bónus hefur frá fyrstu tíð kappkostað að bjóða neytendum algengustu vöruflokkana en með breyttum neyslunum hefur vöruval aukist til muna. Vöruframboðið spannar allar meginþarfir heimilishaldsins en auk þess býður Bónus úrval af sérvöru, eins og grunnvöru í fatnaði og árstíðabundnar vörur.



Bónus nýbakað á hverjum degi.

### Bónus í hnotskurn

Bónus telur mjög mikilvægt að standa undir því trausti sem að almenningur hefur sýnt verslunarkeðjunni í gegnum árin. Bónus hefur ávallt lagt áherslu á að láta neytendur njóta ávinningsins sem að næst með lægri kostnaði og hagstæðum innkaupasamningum með lágmarks álagningu, sem að skilar sér í lægra vöruverði. Einnig hefur Bónus lagt áherslu á að bjóða viðskiptavinum sama verð hvar sem er á landinu og er því sama lága verðið í öllum verslunum Bónus.





Rúmgóðar og aðgengilegar verslanir.



Mikið úrval af ávöxtum er í verslunum Bónus.

Framhald á næstu opnu →

### Bónus árið 2020

Í dag rekur Bónus 30 verslanir víðsvegar um landið en 18 eru á höfuðborgarsvæðinu og 12 á stórum þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni. Hjá Bónus starfa rúmlega 400 manns í föstu starfi en um eitt þúsund starfsmenn í heildina með hlutastörfum. Starfsmenn á skrifstofu sem hægt væri að skilgreina sem yfirbyggingu hafa haldist nær óbreyttir frá stofnun þrátt fyrir mikinn vöxt fyrirtækisins. Bónus tekur virkan þátt í samfélagslegum verkefnum og hjá fyrirtækinu starfa 45 einstaklingar með skerta starfsgetu við hin ýmsu verslunarstörf. Eitt stærsta samfélagsverkefni Bónus frá stofnun hefur verið að bjóða sama lága verðið um land allt en auk þess hugar keðjan vel að umhverfisvernd og takmarkar sóun eins og kostur er enda miklir hagsmunir í húfi. Bónus gerir sér grein fyrir ábyrgðinni sem fylgir rekstri stórrar verslanakeðju og áhrifunum sem slíkur rekstur getur haft á umhverfið. Síðastliðin ár hefur Bónus því lagt aukna áherslu á að stuðla að verndun umhverfis og náttúru með góðri og virkri umhverfisstefnu. Hjá Bónus er rekstur allra verslana kolefnisjafnaður, sorp er flokkað vandlega og fjöldi verkefna sem stuðla að minni plastnotkun og matarsóun. Til að mæta breyttum neysluvenjum viðskiptavina hefur vöruúrval Bónus tekið breytingum með hverju ári. Í dag er Bónus með hátt í 4500 vörunúmer í stærstu verslunum sínum. Vöruúrvalið er því fjölbreytt en hnitmiðað og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í hillum Bónus. Þrátt fyrir aukið vöruúrval hefur Bónus aldrei kvikað frá upprunalegu hugmyndafræði sinni þ.e að koma vörum frá framleiðendum til neytenda með sem minnstum tilkostnaði fyrir neytendur og það hafa neytendur kunnað vel að meta.


### Samfélagsleg ábyrgð er Bónus hjartans mál

Bónus hefur ávallt lagt mikla áherslu á umhverfismál og flokkað plast, pappa og annan úrgang í fjölda ára í öllum verslunum. Verslunin var til að mynda fyrst allra íslenskra matvöruverslana til að kolefnisjafna rekstur sinn á árinu 2018. Verslunin hefur verið leiðandi í umhverfismálum á Íslandi og hætti til að mynda sölu á hefðbundnum plastpokum í október 2018 og hóf að bjóða viðskiptavinum sínum upp á 100% lífnidurbjótanlega poka í stað þeirra. Sömuleiðis reynir verslunin að sporna við hvers kyns matarsóun eftir fremsta megni með góðum árangri. Lýðheilsumál hafa einnig verið ofarlega í huga Bónus og styður verslunin við fjölda íþróttafélaga á Íslandi og hefur jafnframt aldrei selt tóbak. *Andaðu léttar með Bónus* - Við vitum að góð og markviss umhverfisstefna getur skipt sköpum þegar kemur að þeim aðgerðum sem fyrirtæki leggja til að ná settum markmiðum í umhverfis- og samfélagsmálum. Upp á síðkastið höfum við starfað undir stefnunni *Andaðu léttar* þegar kemur að umhverfismálum okkar, sem og mikilvægum áherslum hvað varðar lýðheilsu. Sú stefna endurspeglar vel þær aðgerðir sem við höfum á síðustu árum lagt áherslu á og höfum unnið markvisst að eftirfarandi málefnum innan þeirrar stefnu með góðum og mælanlegum árangri. Málaflokkarnir fjórir sem snúa að umhverfismálum eru: Kolefnisjöfnun, flokkun sorps, saman gegn matarsóun og minna plast.

### Framtíðarsýn

Bónus hefur gengið í gegnum óvenjulega tíma á síðustu misserum. Kórónuveirufaraldurinn hefur geysað af miklum þunga og haft í för með sér mikið álag á starfsfólk og stjórnendur Bónus. Öryggi starfsfólks og viðskiptavina hefur verið í fyrirrúmi og við höfum leyst margar áskoranir til að tryggja öryggi sem best í takt við samkomutakmarkanir og sóttvarnir. Stjórnendur og starfsfólk hefur sýnt á síðustu misserum að með þrautsegu og lausnamiðuðu hugarfari getur fyrirtækið brugðist við mjög erfiðum aðstæðum og erum við því full bjartsýni og staðráðin í að gera enn betur en áður. Sjálfsafgreiðslulausnir hafa notið mikilla vinsælda hjá okkar viðskiptavinum á síðustu árum og munum við halda áfram að þróa slíkar tæknilausnir á komandi árum. Með innleiðingu á sjálfsafgreiðslustöðvum fór fjöldi afgreiðslukassa í verslunum úr 167 í 300 á rúmlega tveimur árum. Þessi þróun hefur aukið afköst við afgreiðslu verulega og stýtt raðir mikið, það má því segja að sjálfsafgreiðslan hafi verið ein mesta tækniþróunin sem hefur orðið hjá Bónus á síðustu árum.

Í dag er Bónus ekki með netverslun en hin lága álagning Bónus gerir það ekki mögulegt án þess að velja þeim kostnaði sem netverslun útheimtir út í verðlagið. Leiðarljós Bónus er að leita allra leiða til þess að halda kostnaði í lágmarki svo að hægt sé að bjóða lágsta vöruverðið. Stjórnendur Bónus eru hinsvegar sífellt að skoða tækniþróunina í netverslunarlausnum og tækifærum tengdum þeim. Fyrirtækið mun halda áfram að fylgjast vel með þróun netverslunar sem og öðrum möguleikum með snjallri nýtingu á tækni án þess að gefa eftir grunngildi félagsins, að halda kostnaði í lágmarki og skila neytendum lágsta vöruverðinu á öllu landinu.



Framkvæmdastjórn Hagkaups. Frá vinstri: Ísak Pálmason, fjármálastjóri, Svanberg Halldórsson, rekstrarstjóri verslana, Arndís Arnarsdóttir, starfsmannastjóri, Brynjar Helgi Ingólfsson, rekstrarstjóri innkaupa- og markaðs sviðs og Sigurður Reynaldsson, framkvæmdastjóri.

## Hagkaup

### Hagkaup

Hagkaup var stofnað árið 1959 og á starfsemi fyrirtækisins djúpar rætur í íslensku samfélagi, enda verið órofinn hluti af verslunarsögu landsins í rúm 60 ár. Upphaflega var Hagkaup aðeins póstverslun sem sendi vörur beint frá birgðageymslu til viðskiptavina. Árið 1967 var brotið blað í sögu félagsins þegar fyrsta verslunin opnaði á Miklartorgi. Fyrsti stórmarkaður Hagkaups opnaði síðan árið 1970 í Skeifunni og er sú verslun enn þann dag í dag vinsælasta Hagkaupsverslunin. Í árslok 2020 rak Hagkaup átta verslanir, þar af sex á höfuðborgarsvæðinu, eina á Akureyri og eina á Selfossi. Tvær verslanir, Skeifan og Garðabær voru opnar allan sólarhringinn.

Hagkaup býður breitt úrval af vörum til daglegra þarfa í matvöru, fatnaði, snyrtivöru, húsbúnaði og tómstundavöru. Hagkaup leggur sérstaka áherslu á þjónustu og gott aðgengi að vörum og kappkostað er að gera verslunarferðina eins skemmtilega og hagkvæma fyrir viðskiptavininn og mögulegt er.

Árið 2020 störfuðu um 740 starfsmenn hjá Hagkaup og framkvæmdastjóri var Sigurður Reynaldsson.

### Fjölbreytt vöruúrval og netverslun

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að fyrsta verslunin leit dagsins ljós og hefur rekstur Hagkaups aðlagð sig í gegnum árin að síbreytilegu neyslumynstri landsmanna. Breytt vöruúrval hefur alltaf verið sérstaða Hagkaups og býður félagið upp á yfir 60.000 vöruliði. Hjá Hagkaup fá viðskiptavinir allt í einni ferð og spara sér því ferðir í margar ólíkar verslanir. Í upphafi árs 2020 endurvakti Hagkaup vefverslun sína og hóf sölu á leikföngum og matvöru á netinu. Hagkaup hefur kappkostað við að byggja upp vefverslun með fjölbreyttu úrvali og aðlagð sig að breyttu umhverfi á markaðnum. Upplifun viðskiptavinarins er í fyrsta sæti og rík áhersla er lögð á samþættingu upplifunar á stafrænum miðlum sem og í verslunum. Hjá Hagkaup starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram við að veita viðskiptavinum góða þjónustu. Starfsmenn eru sífellt á höttunum eftir einstökum vörum sem að mæta nútíma þörfum viðskiptavina. Hagkaup styður vel við nýsköpun og vinnur náið með smáframleiðendum sem vilja koma vörum sínum á framfæri. Einnig framleiðir Hagkaup fjölda vara undir eigin vörumerki. Ber þar helst að nefna Origami Sushi, California salöt og vefjur, brauðsalöt, pizzur og grillsósir.

### Með umhverfið að leiðarljósi

Hagkaup hefur undanfarin ár unnið eftir skýrri umhverfisstefnu í allri starfsemi félagsins. Meginmarkmið stefnunnar er að fyrirtækið leggi sitt af mörkum í þágu sjálfbærrar þróunar og samfélagslegrar ábyrgðar. Umhverfisstefnan nær til allrar starfsemi Hagkaups og eru stjórnendur og annað starfsfólk hvatt til að kynna sér stefnuna, framfylgja henni og hafa frumkvæði til umbóta í umhverfismálum. Hagkaup tekur mið af umhverfisvernd við meðferð





Framhald á næstu opnu →

á söluvörum, förgun úrgangsefna, sóun, flokkun og endurnýtingu umbúða, vöruþróun og vali á rekstrarvörum.

Markvisst hefur verið unnið að því í starfsemi fyrirtækisins að draga úr orkunotkun. Á síðustu árum hefur félagið náð verulega auknum orkusparnaði innan verslana með umhverfsvænni lausnum. Kælimiðlum í verslunum hefur verið skipt úr freon yfir í kolsýru, sem er umhverfsvænni kælimiðill. Markmið Hagkaups er að skipta út öllum freon kælimiðlum fyrir lok ársins 2024. Stöðugt er unnið að því að minnka notkun á plasti innan verslana Hagkaups. Árið 2018 hættu allar verslanir sölu burðarpokum úr plasti og hófu sölu á lífrænum pokum og hvetja viðskiptavinum til notkunar á fjölnota pokum. Allar umbúðir í Bakaríum Hagkaups voru endurskoðaðar og notkun á plastbökkum hætt. Með því að hætta að nota plastbakka í framleiðslu minnkaði Hagkaup notkun plasts um 90% sem samsvarar um 12 tonnum árlega. Hagkaup hefur einnig lagt sérstaka áherslu á umhverfsvænar vörur. Mikil aukning hefur verið í vöruflokkum tengdum vegan- og grænmetisfæði sem er liður í því að auka sölu á vörum með jákvæðari umhverfisáhrifum. Einnig hefur Hagkaup stóraukið sölu á leikföngum sem eru umhverfsvænni, t.d. bangsar sem framleiddir voru úr endurunnum plastflöskum og viðarleikföngum.

Eitt af meginmarkmiðum Hagkaups er að lágmarka sóun í virðiskeðjunni og þar með matarsóun. Því hefur félagið innleitt öfluga tæknilausn sem að hjálpar við að besta innkaupa- og sölufarla til að hámarka nýtingu og lágmarka sóun. Einnig veitir Hagkaup viðskiptavinum sérstakan afslátt á ferskvörum eins og kjöti, sushi, grænmeti og ávöxtum sem að nálgast síðasta sölundag, til þess að draga úr sóun.

Hagkaup hefur síðustu ár kolefnisjafnað rekstur sinn í samvinnu við Kolvið með bindingu jarðvegs og auðgun á gróðurvístkerfi með skógrækt.





Hraðhleðslustöð Olís við Álfrheima.

## Olís



ÓB



„Ég er afskaplega stoltur,” sagði Jón Ólafur Halldórsson, forstjóri Olís, er hann undirritaði þriggja ára samstarfssamning Olís, HSÍ og Sýnar ásamt Guðmundi B. Ólafssyni, formanni HSÍ og Heiðari Guðjónssyni, forstjóra Sýnar, í september 2020.

### Olís

Olís ehf. var stofnað 1927 og er elsta fyrirtækið í samstæðu Haga með yfir 90 ára sögu, en Hagar eignuðust allt hlutfé í Olís síðla árs 2018. Olís sérhæfir sig í sölu og þjónustu með eldsneyti auk ýmissa nauðsynjavara fyrir bílæigendur, vörum til útvistar og ferðalaga ásamt fjölbættri þjónustu við sjávarútvegs-, verktaka- og flutningafyrirtæki um land allt. Olís á 40% hlut í Olíudreifingu ehf. en Olíudreifing sér m.a. um birgðahald og dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir Olís.

Árið 2020 rak Olís 69 þjónustu- og bensinstöðvar undir merkjum Olís og ÓB. Hjá fyrirtækinu störfuðu um 490 starfsmenn og framkvæmdastjóri var Jón Ólafur Halldórsson.

### Samfélagi og umhverfi til góðs

Olís hefur í áratugi lagt ríka áherslu á umhverfisvernd og stuðning við verkefni sem auðga og efla samfélagið. Verkefni hafa verið fjölbreytt í gegnum árin og má til að mynda nefna stuðning við verkefni til manúðarstarfs, landræktunar og uppbyggingar menningar og íþróttar. Viðskiptavinir Olís hafa einnig tekið þátt í að styrkja fjölda verkefna með fjáröflunaráttakinu Gefum og gleðjum. Meðal verkefna sem hlotið hafa góðs af fjáröfluninni eru Krabbameinsfélagið, Stígamót, Landsbjörg, Samhjálp, Geðhjálp og fjöldi annarra verkefna. Olís hefur einnig verið í samstarfi við Pieta samtökin sem berjast gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða. Olís er einn aðalstyrktaraðila Landsbjargar og hefur verið samfleytt frá árinu 2012. Fyrir utan beinan styrk Olís er eldsneytisverð til Landsbjargar mun lægra en gengur og gerist. Haldnir eru sérstakir fjáröflunardagar þar sem hluti af sölu eldsneytis rennur til Landsbjargar. Með þessu vill Olís tryggja að björgunarsveitir landsins séu vel búnar til að aðstoða Íslendinga og erlenda ferðamenn á ferð um landið. Olís hefur að auki boðið björgunarsveitum sérstaka neyðaraðstoð. Olís opnar afgreiðslustöðvar sínar að kvöld- og næturlagi ef björgunaraðgerðir eru í gangi svo björgunarsveitir hafi aðgang að eldsneyti og öðrum búnaði á öllum tímum sólarhringsins.

Olís er stoltur styrktaraðili úrvalsdeildar karla og kvenna í handknattleik. Samstarf Olís og HSÍ um deildina hófst árið 2013 og hefur verið farsælt alla tíð síðan. Samkomulagið var síðast endurnýjað í september árið 2020. Eitt af markmiðum samningsins er að efla handboltann á Íslandi og fjölga iðkendum. Allt sem stuðlar að hreysti, heilbrigði og heilnæmari lífsstíl fellur vel að stefnu fyrirtækisins.

Stórt skref var stigið árið 1995 þegar Olís, fyrst olíufélagi á Íslandi, mótaði sér viðamikla umhverfisstefnu. Umhverfisstefna Olís nær til allra starfsmanna Olís og sjálfstæðra aðila sem starfa fyrir félagið. Tekið skal mið af umhverfisvernd við meðferð á söluvörum, förgun úrgangsefna, endurnýtingu umbúða, vöruþróun, byggingu mannvirkja og val á rekstrarvörum. Olís telur nauðsynlegt að standa vörð um náttúru landsins og fyrirtækið leggur sitt á vogarskálarnar til að hver kynslóð skili landinu og auðlindum þess í betra horfi til þeirrar næstu.



Vinahópur Olís.



Jón Ólafur Halldórsson, forstjóri Olís og Jón Svanberg Hjartarson, framkvæmdastjóri Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, við undirritun styrktarsamningsins á þjónustustöð Olís Klöpp í desember 2020.



Kolefnisjöfnun Olís og Landgræðslunnar.

### Nýjar umhverfsvænni vörur og þjónusta

Síðustu áratugi hefur Olís lagt sérstaka áherslu á umhverfsvænni vörur. Olís var fyrst oliufélagi til að kynna á markað nýja umhverfsvæna díselolíu, VLO. Olían var einstök þar sem hún var vetnismeðhöndluð og allar framleiðsluaðferðir mun umhverfsvænni.

Árið 2010 kynnti Olís stefnu sína í fjölgun hraðhleðslustöðva fyrir rafbíla. Var það liður í markmiði Olís um bætt aðgengi að umhverfsvænum og endurnýjanlegum orkugjöfum. Fyrsta hraðhleðslustöð Olís fyrir rafbíla opnaði á þjónustustöð Olís á Selfossi árið 2014. Olís rak þá þegar tvær metan-afgreiðslur í Reykjavík og stöð á Akureyri í samstarfi við Norðurorku. Síðan hefur félagið markvisst unnið að fjölgun hraðhleðslustöðva um allt land.

Árið 2019 undirritaði Olís samning við Landgræðsluna um að kolefnisjafna allan rekstur félagsins. Olís hafði þá um árabíl verið stærsti einstaki styrktaraðili landgræðslu á Íslandi þar sem að verkefnið var viðamikl. Áburði og fræjum var dreift úr flugvélum yfir stór svæði örfoka lands og gróðurauðna og þannig hafa þúsundir hektara lands verið græddir upp. Viðskiptavinir Olís hafa val um að kolefnisjafna eldsneytiskaupin með lágmarks tilkostnaði. Olís leggur til helming kostnaðarinnar á móti og náttúran, land og loftslag, nýtur ávinningins.

### Aukin áhersla á veitingasölu og sjálfsafgreiðslu

Olís hefur síðustu árin lagt aukna áherslu á veitingasölu og þægindi til áningar á þjónustustöðvum Olís um allt land. Á þjónustustöðvunum má finna fjölbreytta flóru veitinga og veitingastaðinn Grill66 sem er fyrir alla fjölskylduna. Á matseðli Grill66 eru girnilegir og safaríkir réttir, alvöru hamborgarar, samlokur, pizzur og fleira gómsætt. Einnig rekur Olís veitingastaðinn ReDi sem er skyndibiti sem vísar til ReDi flatbrauða með margvíslegu góðgæti til fyllingar.

Olís hefur síðustu árin fjölgað sjálfsafgreiðslustöðvum félagsins um allt land. Fyrsta sjálfsafgreiðslustöð ÓB, dótturfyrirtækis Olís, var opnuð við Fjarðarkaup í Hafnarfirði árið 1996. Markmið ÓB stöðvanna er að fjölga valkostum í eldsneytissölu á Íslandi en jafnframt að koma til móts við óskir viðskiptavina sem gjarnan vilja dæla sjálfir gegn lægra verði. Í hverjum mánuði eru nokkrar stöðvar í boði þar sem viðskiptavinir njóta 15 krónu afsláttar á hverjum lítra. Handhafar ÓB-lykils njóta allskyns fríðinda auk afsláttar á bensíni og sértílboða á þjónustu og vörukaupum hjá Olís, Max 1 og Poulsen svo dæmi séu nefnd.





Ljósmyndir af húsgögnum, Hrönn Thorarensen.



## Heimahúsið



Málfríður Vilhelmsdóttir og Kristján S. Thorarensen.

Stofnendur Heimahússins ehf. er Kristján S. Thorarensen og Málfríður Vilhelmsdóttir. Heimahúsið er stofnað á grunni verslunar og verkstæðis frá 1986 sem bæði flutti inn og framleiddi sín eigin húsgögn undir forystu Kristjáns sem er bólstrari að mennt. Var eigin framleiðsla aðallega sófar og sófasett. Var verslunin á upphafsárum sínum í Síðumúla undir nafni Öndvegis ehf. en flutti síðan í Ármúla 8 árið 2012 þar sem það er enn í dag. Framkvæmdarstjóri Heimahússins er Klara Sigríður Thorarensen og verslunarstjóri er Valur Bjarni Valsson. Félagið er enn í eigu fjölskyldunnar.

### Breytingar

Á þessum árum hefur margt breyst, framleiðsla eigin húsgagna er ekki lengur hagkvæm og því ekki samkeppnishæf við fjöldaframleidd húsgögn sem mörg hver koma frá svæðum þar sem laun eru mun lægri en við þekkjum á Íslandi.

### Birgjar

Í dag kaupir Heimahúsið til jafns húsgögn og gjafavöru frá Evrópu og Asíu og hefur í samstarfi við spænskan framleiðanda framleitt vörur hannaðar í samvinnu við Heimahúsið sem fékk því nafnið Islandia. Mikilvægur partur af því að reka húsgagnaverslun sem lifir tiskubreytingar af er að fylgjast mjög vel með straumum og stefnum og fara á sölusýningar um allan heim þannig erum við með framleiðendur frá Ítalíu til Balí, Indónesíu, Danmörku og Kína og allt þar á milli.

### Netverslun

Á síðastliðnum árum hefur Heimahúsið fjárfest meira í netverslun sinni sem hefur verið vel tekið af viðskiptavinum okkar, sem margir hverjir versla á netinu. En við finnum það samt að þegar það kemur að stærri húsgögnum, þá vill fólk fá að sjá og prófa að sitja í stólum og sófum. Þessa upplifun getur netverslunin aldrei keppt við þó að vissulega styðji hún við söluferlið. Verslunin er opin mánudaga til fimmtudaga frá 11-18, föstudaga frá 11-17 og laugardaga frá 11-15. Netverslunin er alltaf opin og reynum við að þjóna okkar stóra kúnnahópi með því að setja myndir reglulega inn á Instagram og Facebook

### Starfsfólk

Heimahúsið er fjölskyldufyrirtæki, þar sem í dag vinna þrjár kynslóðir hlið við hlið.



Kristján S. Thorarensen að bólstra.





Pálmi Jónsson, framkvæmdastjóri.

## Heimkaup

Heimkaup er framsækin íslensk netverslun og jafnframt sú stærsta sem starfar hérlendis. Heimkaup var stofnað 2010 með það fyrir augum að auðvelda viðskiptavinum innkaup á ýmis konar sérvöru en smám saman hefur vöruúrvalið orðið meira og fjölbreyttara; en viðskiptavinir dagsins í dag hafa möguleika á að versla í öllum vöruflokkum sem þekktir eru í nútímaverslun. Með öðrum orðum þá er hægt að fá svo að segja allt milli himins og jarðar hjá Heimkaup.

Netverslun á Íslandi hefur aukist mjög á undanförunum árum og miðaðist að miklu leyti við verslanir og þjónustuaðila erlendis, en Heimkaup hefur komið sterkt inn á markaðinn með sína verslun og þjónustu við viðskiptavini sem hafa brugðist vel við og hafa á skömmum tíma náð að tileinka sér nýja verislunahætti. Verslunin tók t.a.m. stóran kipp í COVID-bylgjunni en nú er fólk farið að fara aftur út í búð. Þrátt fyrir það er rífast gangur hjá Heimkaup enda er einkar hagkvæmt og þægilegt að geta setið fyrir framan tölvuna og gefið sér tíma til að skoða vöruúrvalið og gera verðsamanburð. Með einum smelli á takka er hægt að ganga frá innkaupum, stórum sem smáum og sækja vörurnar á einn og sama staðinn eða fá þær sendar upp að dyrum. Heimkaup er t.a.m. eina verslunin býður upp á kaup á áfengi alla daga vikunnar svo það getur verið einkar hentugt ef að þyrfti að skipuleggja matarboð með skömmum fyrirvara; þá er hægt að fá allt sem þarf til þess og velja af kostgæfni það sem á að vera boðstólum.

Heimkaup hefur á þessum tólf ára vaxtatíma farið í gegnum ýmsar breytingar og heimasíðan er í stöðugri þróun. Kostirnir við netverslun eru gagnsæi, auðvelt að gera samanburð og allar verðbreytingar eru auðveldar í framkvæmd. Hægt er að ganga í vildarklúbb eða vera í áskrift hjá Heimkaup sem býður þeim sem þess óska upp á afslætti og alls kyns tilboð. Allt miðar að því að gera innkaupin einföld; ekkert ráp á milli verslana sem er sömuleiðis umhverfisvænt og bjóða hagstæðasta verð hverju sinni.

Heimsendingarþjónustan hefur mælst sérstaklega vel fyrir og kemur sér afar vel fyrir þá sem eiga t.d. erftitt um vik að ferðast heiman að frá sér. Það er einnig hægt að sækja vörurnar á staðinn í vöruhúsið á Smáratorgi þar sem Heimkaup hefur aðsetur. Þá er búið að pakka öllu saman og ekkert annað eftir en að bera pokana út í bíl.

Það er ekki hægt að segja að það sé bara einhver einsleitur hópur sem nýtur þjónustunnar hjá Heimkaupum. Viðskiptavinirnir endurspeglar allt samfélagið í raun að sögn Pálma Jónssonar framkvæmdastjóra sem tók við starfinu í byrjun þessa árs (2022). En hann hefur staðið í rekstri á fyrirtækjum tengdum smárvörumarkaðnum og vefsölu til fleiri ára. Auk þess að hafa staðið í rekstri á fyrirtækjum tengdum smárvörumarkaðnum til fleiri ára. Ávinningurinn af netverslun felst að miklu leyti í því að spara tíma. Á meðan hægt er að ýta á einn takka og gera samskonar innkaup og áður sparast sá tími sem annars hefði farið í búðarferðina og ekki nóg með það, heldur væru innkaupapokarnir komnir upp að dyrum. Tími er peningar þegar kemur að þessum þætti hins daglega lífs og allir þurfa að borða. En þess utan er allt annað í boði líka. Raftæki, snyrtivörur, vín og bjór, búsáhöld, fatnaður og svo mætti lengir áfram telja. Bara svona rétt eins og gamla góða kaupfélagið nema bara á netinu og næstum alltaf opið. Þeir sem búa t.d. á höfuðborgarsvæðinu geta pantað með klukkutíma fyrirvara. Heimkaup er opið frá 08.00 til 22.00 alla daga.

Heimkaup er bæði í smásölu, heildsölu og innflutningi á vörum. Þótt einstaklingar séu stór hluti af viðskiptavinum þá er algengt að fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir nýti sér þjónustuna hjá Heimkaup.

### Mannauður og framtíðarsýn

Heimkaup er í miklum vexti og framtíðin er björt. Þar starfa rúmlega 50 manns við hin ýmsu störf; en vinna við tölvuforritun, hugbúnað og hönnun á kerfum er fyrirferðarmest. Síðan má nefna innkaupasvið, markaðssvið og fjármálasvið. Starfsmenn eru kostum þrygdir og hjá Heimkaup er mikill erill alla daga en þar er góður liðsandi sem speglast ef til vill best í gildum fyrirtækisins sem eru m.a. frumkvæði, þjónusta, liðheild og traust milli samstarfsfélaga. Hverjum og einum er treyst fyrir þeim verkefnum sem þeim ber að sinna út frá þeim gildum sem Heimkaup hafa sett sér. Pálmi Jónsson spáir því að eftir áratug verði netverslun orðinn þriðjungur af allri smásöluverslun.





Eigendur og starfsmenn IBH fyrir utan húsnæði fyrirtækisins að Vagnhöfða 21. Myndin er tekin 2018.

## IBH

IBH ehf. var stofnað 19. desember 1998. Stofnendur voru Ingimundur Guðmundsson ásamt fyrirtækinu Formax ehf. Tilurð félagsins var sú að Formax var að fara í gegnum skipulagsbreytingar, þar sem eigendurnir ákváðu að skipta upp rekstrinum. Formax var í framleiðslu á fiskvinnsluvélum og einnig sölu á íhlutum í færribönd. Formax héldi sig við framleiðslu á fiskvélum og að stofna nýtt félag um sölu á búnaði og íhlutum. Formax gekk til samninga við Ingimund um stofnun nýs félags sem annaðist sölu búnaðar og íhluta í fiskvinnsluvélar og færribönd. IBH var upphaflega staðsett í Faxaskála í sama húsnæði og Formax þar sem Harpa tónlistarhús Þjóðarinnar er staðsett núna. Árið 2003 keypi Ingimundur og fjölskylda alla hluti í félaginu. Upp úr því flutti félagið í eigið húsnæði að Dugguvogi 10. Árið 2013 fluttist IBH í stærra húsnæði að Bíldshöfða 18. Árið 2016 þurfti aftur að sækja við húsnæðið og þá fluttist félagið í núverandi húsnæði að Vagnhöfða 21, mjög rúmgott og hentugt húsnæði til rekstursins.

### Sérhæfð þjónusta við sjávarútveginn

Aðalmerki félagsins hefur verið í trommlumótorum og færribandareimum og ýmsum öðrum sérhæfðum lausnum fyrir matvælavinnslu sniðnar af þörfum markaðarins. IBH hefur haft að markmiði að bjóða upp á bestu þjónustu sem völ er á í samsetningu og viðgerðum á trommlumótorum frá BDL í Þýskalandi og síðar með Interroll leiðandi framleiðanda, eftir að Interroll og BDL sameinuðust. Einnig sölu og samsetningu á færribandareimum frá Habasit, einum stærsta færribandaframleiðanda í heimi. Með þessum birgjum varð IBH leiðandi á þessum markaði á Íslandi. Frá upphafi var sú stefna tekin að vera með samsetningu á trommlumótorum og færribandareimum hér á landi. Með þessu tókst að bjóða upp á einstaka þjónustu, mikla breidd og vöruúrval. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á skamman afgreiðslutíma og hagstæð verð.

### Stefna félagsins og framtíð

Markmið IBH hefur alltaf verið að vera í nánu samstarfi við hönnuði og framleiðendur vélbúnaðar á Íslandi. IBH hefur aðlagð og útfært sínar vörur að þörfum þeirra, þar má t.d. nefna fyrirtæki eins og Marel, Völku, Skaginn3X og fleiri hönnunar- og framleiðslufyrirtæki. Með samsetningu á trommlumótorum hér á landi og einstaklega góðri viðgerðarþjónustu óx notkun trommlumótora hér á landi mjög hratt. Áhersla hefur verið lögð á að uppfylla þarfir markaðarins og aðalmerki IBH hefur verið skjót og góð þjónusta. Þessi stefna hefur reynst IBH einstaklega vel og hefur félagið verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja s.l. 6 ár á lista Creditinfo. Hjá IBH hefur ríkt góður starfandi og hefur starfsmannavelta verið mjög lítil. Þegar fyrirtækið var stofnað voru starfsmennirnir tveir en árið 2019 voru þeir orðnir átta, þar af 5 starfsmenn á verkstæði í samsetningu og viðgerðum. Í ágúst 2019 eftir 20 farsæl ár gengu eigendur IBH frá samningi um sölu á rekstri trommlumótora og færribandareima fyrirtækisins. Interroll vildi styrkja stöðu sína hér á Ísland og tók því við rekstri mótoralutans, þar sem þeir eru með ýmsar aðrar spennandi vörur til að markaðsetja.



Sýningarbás IBH á Sjóvarútvegssýningunni Icesfish 2017 í Smáranum.



Ingimundur Guðmundsson og Oddný S. Magnúsdóttir eigendur IBH.



Sérsmíðaður trommlumótur fyrir innmötun u.þ.b. 3 m langur.



Herrahúsið, Ármúla 27.

## Herrahúsið



Sverrir Bergmann, eigandi Herrahússins og Guðgeir Þórarinnsson, samstarfsmaður hans um langt árabíl og einn af stofnendum Herrahússins, í Herrahúsinu Laugavegi 47 rétt eftir aldamótin.



Herrahúsið var á Laugavegi 47 í rúm 32 ár, frá 1987 til 2019.



Fyrsta verslun Herrahússins var í Aðalstræti 4 en verslunin í Bankastræti var númer tvö.

Herrahúsið var stofnað 8. ágúst 1965 og fagnar því 55 ára afmæli sínu á þessu ári. Aðalsmerki Herrahússins frá upphafi hefur verið að bjóða afbragðs herrafatnað af ýmsum stærðum og gerðum. Að auki er leitun að verslun sem býður svo mikið úrval herrafatnaðar í yfirstærðum. Kjölföt og smókingföt eru einnig meðal ségreina Herrahússins og hefur það m.a. séð meðlimum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og félögum í Frímúrarareglunni og Oddfellow fyrir klæðnaði við hæfi um langt árabíl. Stærsti viðskiptavinahópurinn frá upphafi er hins vegar „maðurinn af götunni“ - og þeir menn eru á öllum aldri. Konur eru líka tíðir gestir, stundum í fylgd eiginmannsins eða kærastans, en stundum einar og þá er erindið að kaupa fallega gjöf handa einhverjum karlmanni sem þeim þykir vænt um. [www.herrahusid.is](http://www.herrahusid.is)

### Framleiddi og seldi hin landsfrægu Kórónaföt

Herrahúsið var í upphafi systurfyrirtæki Sportvers hf., sem framleiddi sportfatnað og annan fatnað úr íslenskri ull og var frumkvöðull á því sviði. Sportver framleiddi m.a. hin landsfrægu Kórónaföt – sem eiga ekkert skylt við Kórónaveiruna alræmdu sem setti heiminn á hliðina árið 2020! Þess má geta að Bessi Bjarnason leikari gerði Kórónafötin landsfræg í fyrstu sjónvarpsauglýsingunni á Íslandi haustið 1966. Sportver framleiddi einnig hinar þekktu Lee Cooper gallabuxur og fleiri gæðavörur. Stofnandi Sportvers var Margrét Árnadóttir, oft kennd við Hánefsstaði í Seyðisfirði. Þorvarður bróðir hennar kom svo að stofnun Herrahússins með henni árið 1965, ásamt fleirum. Fyrsta verslunin var opnuð í Aðalstræti 4, önnur í Bankastræti 7 og sú þriðja á Laugavegi 47, en það var sérverslun fyrir ungt fólk og fékk nafnið Adam. Þegar mest var störfuðu um 100 manns hjá Sportveri og Herrahúsinu.

### Flutti úr 101 Reykjavík eftir 54 ára samfellda sögu

Árið 1987 bauðst Herrahúsinu að kaupa verslunarhúsnæði í Kringlunni, sem þá var í smíðum, en ákveðið var að byggja frekar yfir starfsemi fyrirtækisins að Laugavegi 47. Þar var Herrahúsið með verslun sína í 32 ár – og þar með samfellt í 101 Reykjavík í 54 ár. Í mars 2019 urðu svo þau miklu þáttaskil í rekstrinum að verslunin var flutt í glæsilegt húsnæði í Ármúla 27 þar sem Herrahúsið hefur verið síðan og verður væntanlega um ókomna tíð... Þess ber að geta að árið 1990 keypti Sverrir Bergmann kaupmaður rekstur Herrahússins af Þorvarði Árnasyni og félögum. Sverrir byggði upp Herraríki á sínum tíma, sem var í eigu Sambands Íslenskra samvinnufélaga og rak þegar mest var 4 verslanir á höfuðborgarsvæðinu, auk þess sem Sverrir rak heildverslun með herrafatnað um nokkurra ára skeið. Hann þekkir því vel til á þessu sviði. Sverrir hefur rekið Herrahúsið með miklum myndarbrag allar götur síðan, eða í 30 ár.

### Blómstrar sem aldrei fyrr í Ármúlanum

Sverrir segir ákvörðunina um að flytja verslunina úr póstnúmerinu 101 yfir í Ármúla 27, sem er í póstnúmeri 108, hafa verið „þvingaða“. „Borgarstjórnin í Reykjavík, með Dag B. Eggertsson



Verslunin í Ármúla 27 er stór og björt, á einni hæð, og gjaldfrjáls bílastæði við innganginn.

fremstan í flokki, hefur þrengt jafnt og þétt að kaupmönnum við Laugaveg og annars staðar í gamla miðbænum. Borgaryfirvöld lokuðu götum og fækkuðu bílastæðum ár eftir ár. Loks var svo komið að ég sá mér ekki annað fært en að flytja Herrahúsið af Laugaveginum. Það var sárt í ljósi langrar og glæstrar sögu verslunarinnar í pósthúsi 101 en eftir á að hyggja er þetta langbesta rekstrarákvörðun sem ég hef tekið á ævinni," segir Sverrir.

Hann segir Herrahúsið blómstra sem aldrei fyrr í Ármúlanum. „Gamli viðskiptavinir, sem gáfust upp á bílastæðaskorti og þrengslum á Laugaveginum, hafa snúið aftur. Og svo hafa fjölmargir nýir bæst í hópinn, ekki síst úr þessu stóra og vaxandi viðskiptahverfi hér í nágrenninu," segir Sverrir.

Verslunin í Ármúla 27 er á einni hæð, í stað þriggja á Laugaveginum, og gjaldfrjáls bílastæði við innganginn. Sverrir segir ólíku saman að jafna og í raun hafi Herrahúsið öðlast nýtt og enn betra líf við flutninginn.

### Landsfrægar auglýsingar

Herrahúsið hefur líka markað sín spor í sögu auglýsinga á Íslandi. Sem fyrr segir var auglýsingin um Kórónafötin fyrsta íslenska sjónvarpsauglýsingin. Þá voru stjórnur á borð við Valgeir Guðjónsson, Stuðmann; Gísli Rúnar Jónsson, leikara og þúsundþjalasmið, Kristinn Sigmundsson, stórsöngvara og Prösti Leó Gunnarsson, leikara fyrirsetur í blaðaauglýsingum Herrahússins og Adam á árum áður.

Enn fremur má nefna að „útsöluþing" Herrahússins er löngu orðinn landsfrægur en hann hefur prýtt hverja einustu útsöluauglýsingu verslunarinnar frá árinu 1970, eða í 50 ár! Auglýsingin kom á sínum tíma frá Kristínu Þorkelsdóttur og hennar fólki á Auglýsingastofu Kristínar, AUK. „Blessaður útsöluþinginn minn. Ég held mig við hann sem jafnan fyrr, enda er hann hluti af ímynd fyrirtækisins og klikkar aldrei!" segir Sverrir.

### Gott orðspor er besta auglýsingin

Herrahúsið er tvímælalaust ein þekktasta og virtasta herrafataverslun landsins og eldist ákaflega vel. En hver er leyndardómurinn á bak við velgengnina í öll þessi ár?

„Lykillinn að því að verslun vaxi og dafni eru ánægðir viðskiptavinir. Við kappkostum að bjóða úrvalsvöru á sanngjörnu verði. Svo leggjum við mikinn metnað í að veita eins góða þjónustu og unnt er. Það eru gömul sannindi og ný að gott orðspor er besta auglýsing sem í boði er og segja má að það hafi verið „mottó" Herrahússins frá upphafi. Ég hef líka verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa frábæra samstarfsmenn í versluninni öll þessi ár – sem er auðvitað ómetanlegt," segir Sverrir Bergmann, hæstánægður með hina glæsilegu verslun Herrahússins í Ármúla á 55 ára afmæli fyrirtækisins.

Þessi karl hefur verið andlit auglýsinga Herrahússins í 50 ár – og geri aðrir betur!



Sverrir Bergmann, eigandi Herrahússins, að störfum í verslun sinni.



Auglýsingarnar frá ADAM á áttunda áratugnum vöktu athygli. Pröstur Leó Gunnarsson, Valgeir Guðjónsson og Kristinn Sigmundsson flottir í tainu.





Myndir úr verslun HILTI og vöruúrval.

Hilti



HAGI ehf. hefur verið Framúrskarandi fyrirtæki í rekstri hjá Creditinfo frá 2017 til 2021. Hér eru eigendurnir 2019 með viðurkenninguna. Frá vinstri: Kristján Ingi Óskarsson, Anna Guðmundsdóttir, Sóley Sigurjónsdóttir og Óskar Sigurðsson.

### Hugmyndafræði HILTI

Alveg frá upphafi hefur útbreiðsla HILTIvara byggst á beinni markaðssókn þar sem sérþjálfaðir sölumenn heimsækja væntanlega viðskiptavini og kynna fyrir þeim rétta meðhöndlun, umhirðu og notkunarmöguleika hvers verkfæris fyrir sig. Í því skyni er starfsfólk gjarnan sent utan á ítarleg starfsþjálfunarnámskeið. HILTI-vörurnar hafa orð á sér fyrir að vera mjög endingargóðar og vandaðar en þó dýrar enda er hugsunin sú að hér sé verið að fjárfesta í gæðum. Að sama skapi er öll þjónusta byggð á kunnáttu, þekkingu og reynslu og er henni miðlað dyggilega í reglulegum söluförðum hringinn í kringum landið. Við þetta skapast persónuleg tengsl við gæðavörur sem endast til langframa. Sama markaðssetning gildir ef HILTI vörur bjóðast í byggingavöruverslunum á meginlandi Evrópu eða í Bandaríkjunum. Við slíkar aðstæður eru þær aldrei fyrirbyggjandi nema í sérmerktum básum í hinum einkennandi rauða og hvíta lit eða því fyrirkomulagi sem nefnist „Shop in shop“. Þar geta viðskiptavinir ávallt leitað til sérþjálfaðs starfsmanns sem er til þjónustu reiðubúinn og þekkir sína vöru. Naglabyssur, borvélar, höggfleygar og stingsagir eru nærtæk dæmi um algenga fylgihluti flestra iðnaðarmanna. Til þess að gæta fyllsta öryggis í meðferð slíkra tækja, eru þau gjarnan kyrflega geymd í sérhönnuðum töskum með vörumerki viðkomandi framleiðsluaðila á áberandi stað. Eitt af þessum kunnulegu merkjum er HILTI sem dregur nafn sitt af þýska vélaverkfræðingnum Martin Hilti sem árið 1941 stofnaði lítið verkstæði í eigin nafni í borginni Schaan í smáriknu Liechtenstein. Þróun rekstrarins varð síðan á þann veg að HILTI umbreyttist í umsvifamikinn framleiðanda á fjölbættri flóru rafmagnsverkfæra með starfsemi á heimsvísu í yfir 140 löndum. Frá öndverðum sjöunda áratugnum hefur HILTI umboðið á Íslandi verið í höndum fjölskyldu Óskars G. Sigurðssonar. Í dag er fyrirtækið rekið undir nafninu Hagi ehf. og er aðsetur þess í rúmgóðu húsnæði að Stórhöfða 37 í Reykjavík. Þar er starfrækt verslun, vélaleiga og verkstæði. Hjá fyrirtækinu eru fimm fastráðnir starfsmenn.

### Upphafid

Óskar G. Sigurðsson er fæddur í Reykjavík árið 1939 og ólst upp í Þingholtunum. Kona hans er Sóley Sigurjónsdóttir (1938) en þau giftu sig árið 1959. Börn þeirra eru Ragnhildur, Birna, Sigurjón, Óskar og Kristján Ingi en þau hafa öll unnið hjá fyrirtækinu í langan eða skamman tíma. Í dag er Kristján Ingi framkvæmdastjóri Haga ehf. og að auki starfar bróðirinn Óskar þar sem sölufulltrúi. Þegar þetta er ritað eru barnabörnin orðin alls fimmtán talsins ásamt tveimur barnabarnabörnum. Upphafid að skipulegum innflutningi og sölu á vörum frá HILTI má rekja til ársins 1962. Þetta sama ár stofnaði Óskar G. Sigurðsson umboðs- og heildverslun með stjúpföður sínum Birni G. Björnssyni (1905-1999) en hann átti þá að baki farsælan feril sem einn eigandi og forstjóri Sænsk-íslenska frystihússins við Arnarhól. Umboðs- og heildverslun Björns G. Björnssonar sf. var að Skólavörðustíg 3a. Starfsemin fólst í innflutningi, umpökkun og heildsölu á búsáhöldum og gjafavöru frá Japan. Í júnímánuði árið 1963 birtist lítil auglýsing í Morgunblaðinu þess efnis að danska fyrirtækið



Nordisk Trading óski eftir „umboðsmanni til að selja, fyrir prósentur, nokkra góða framleiðsluhluti fyrir tré- og byggingariðnað“. Feðgarnir slógu til og þar með var markað upphafið á hraðri útbreiðslu á rafmagnstækjum frá HILTI á Íslandi. Reksturinn varð snemma mjög blómlegur og skákaði brátt japönsku búsaðhaldunum. Við upphaf ársins 1968 ákváðu þeir feðgar Óskar og Björn að einbeita sér eingöngu að HILTI og fluttu starfseminna í sérinnréttaðan bílskúrinn að heimili þeirra að Freyjugötu 43. Fyrstu innfluttu rafmagnstækin voru einfaldar borvélar ásamt nýmóðins naglabyssum sem í þá daga voru auglýst sem „hraðfestingatæki fyrir járn og steinsteypu“ en helsta slagorð fyrirtækisins var þessi grípandi setning: „Það hefst með HILTI“. Aukin umsvif starfseminnar á áttunda áratugnum áttu síðan eftir að brjóta sér leið út úr bílskúrnum og yfir í sérhannað atvinnuhúsnæði við Ármúlann, fyrst í húsi númer 23 og síðan í númer 26.

### Framgangurinn

Við upphaf níunda áratugarins kom að því að Óskar G. Sigurðsson keypti hlut stjúpföður síns, Björns G. Björnssonar, og móður sinnar, Ragnhildar Kristjánsdóttur Björnsson, í umboðs- og heildversluninni. Við þessar eignabreytingar var nafni fyrirtækisins breytt yfir í Hilti hf. og starfsemi þess flutt í Skeifuna 3 en þar var aðsetrið um 12 ára skeið. Á þeim tíma rak fyrirtækið stærstu vélaleigu landsins auk þess að flytja inn og selja vörur tengdar golfíþróttinni. Rekstur fyrirtækisins hefur ávallt rímað við þensluna í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Við upphaf tíunda áratugarins ríkti alvarleg kreppa á íslenskum byggingamarkaði og fór Hilti hf. ekki varhluta af því. Fyrirtækið hafði áætlað að flytja úr Skeifunni yfir í nýtt stórhúsi að Krókhálsi 10 en áður en yfir lauk varð byggingaraðilinn gjaldþrota í hálfkörüðu húsi. Þetta olli því að starfsemin varð óstarfhæf um tíma og átti sinn samastað í nokkrum vörugámum. Þessum rekstrarörðugleikum lauk árið 1993 þegar fyrirtækið Hagi ehf. var opinberlega stofnað af feðgunum Óskari og Kristjáni. Í beinu framhaldi var húsnæði við Malarhöfða 2 tekið á leigu og síðar keypt.

### Hágæða vörur - Traust þjónusta

Núverandi aðsetur Haga, að Stórhöfða 37, var tekið í notkun árið 2006. Þar er fyrirliggjandi mjög rúmgóður sýningarsalur, sem geymir þverskurðinn af fjölbreyttu vöruframboði HILTI enda er uppsetning hans samkvæmt staðli móðurfélagins. Í salnum er til reiðu geysilegt úrval meðfærligra rafmagnsverkfæra sem eiga það sammerkt að vinna sig í gegnum steypu eða stál á einn eða annan hátt. Þetta eru, t.d. naglabyssur, skrúfvélar, kjarnaborar, slípirokkar, stingsagir, demantssagir og höggfleygar og er þá fátt eitt nefnt. Einnig er um að ræða ýmsar tengdar vörur eins og almenn trésmíðaverkfæri. Múrfestingar, röraupphengjur og byggingavinklar. Öll tæki frá HILTI eru áletruð með „Lifetime service“. Þetta þýðir að notandi á rétt á 1-2 ára fríu viðhaldi og lífstíðar verksmiðjuábyrgð auk þess sem hann þarf ekki að standa straum af fullum viðgerðarkostnaði ef alvarleg bilun á sér stað. Boðið er upp á frítt lán á sambærilegu tæki á meðan viðgerð stendur yfir. Hagi ehf. býður upp á, auk áður nefndra vara frá HILTI, vörur fyrir brunapéttingar, lasermælingar, iðnaðarryksugur, batterisborvélar o.s.frv. Auk HILTI vörlínunnar hefur HAGI ehf. opnað 260m<sup>2</sup> vinnufata- og öryggisvöruverslun við hlið HILTI verslunarinnar. Þar er boðið upp á vinnuföt og öryggisvörur frá heimspektum framleiðendum á borð við Honeywell, UVEX, Heckel, Snickers, North, Howard Leight/Bilsom, Miller, Antec og margt fleira. [www.hilti.com](http://www.hilti.com)





Ljós. Spesi.

## Húsasmiðjan



Húsasmiðjan hefur verið leiðandi í sölu á heimilis- og byggingavörum í 65 ár. Í dag er Húsasmiðjan leiðandi í sölu á heimilis-, garð- og byggingavörum og býður upp á mjög breitt vöruúrval í 16 verslunum um land allt. Fyrirtækið leggur sem fyrr ríka áherslu á að bjóða upp á góðan vinnustað og nýta til hins ítrasta hæfni, frumkvæði og þekkingu samhents hóps um 500 starfsmanna. Húsasmiðjan rekur í dag 16 verslanir undir merkjum Húsasmiðjunnar, 6 útibú undir merkjum Blómavals og 4 verslanir undir merkjum Ískrafts, auk vefverslana fyrir þessi vörumerki.

### Mannauður

Fyrirtækið var stofnað árið 1956 af Snorra Halldórssyni byggingameistara. Fyrst í stað var fyrirtækið timburvinnsla og framleiddi m.a. einingahús. Ekki leið á löngu þar til Húsasmiðjan hóf sölu á timbri og tengdum vörum og á örfáum árum óx fyrirtækið og varð fljótlega nokkuð umfangsmikil starfsemi í kringum þjónustu við byggingariðnaðinn á Íslandi sem þá var í miklum vexti. Fyrirtækið var framsækið og virkt í ýmsum þróunarverkefnum á níunda áratugnum og þjónusta við byggingariðnaðinn og einstaklinga í framkvæmdum jókst hratt. Þessi þróun leiddi til opunar á fyrstu byggingavöruverslun fyrirtækisins í Súðarvogi og stuttu síðar opnaði stórverslun Húsasmiðjunnar í Skútuvogi. Á árunum sem fylgdu í kjölfarið fjölgaði verslunum Húsasmiðjunnar og opnuðu verslanir Húsasmiðjunnar m.a. í Hafnarfiðri árið 1991 og í Keflavík árið 1996. Verslunum Húsasmiðjunnar hélt áfram að fjölga m.a. með kaupum á byggingavöruverslunum SG, Steina hf. og hinum gamalgrónu byggingavöruverslunum KEA svo nokkur séu nefnd. Húsasmiðjan verður þannig á örfáum árum með verslanir um land allt þar sem boðið er upp á fjölbreytt úrval af heimilis- og byggingavörum.

Húsasmiðjan og Blómaval sameinast árið 1999 þegar fyrirtækið kaupir rekstur Blómavals í Sigtúni. Þar var markmiðið að styrkja Húsasmiðjuna enn frekar á neytendamarkaði og hjálpar það fyrirtækinu að sækja fram af krafti og bjóða upp á enn fjölbreyttara vöruúrval.

Á þessum árum er Húsasmiðjan þegar orðin mikilvægur þjónustuaðili á landsbyggðinni með fjölda verslana um land allt. Húsasmiðjan hefur það að markmiði að þjóna öllu landinu, ekki síst landsbyggðinni með flest það sem snýr að byggingu, viðhaldi og rekstri heimila.

### Eigendur

Fjölskylda Snorra Halldórssonar selur reksturinn árið 2002 og á árunum 2002-2011 verða nokkrar breytingar á eignarhaldi Húsasmiðjunnar. Árið 2011 kaupir svo danska byggingavörukeðjan BYGMA Húsasmiðjuna. Margt er líkt með sögu fyrirtækjanna. BYGMA er danskt fjölskyldu fyrirtæki með ríflega 60 ára sögu. Sama fjölskyldan hefur rekið fyrirtækið frá upphafi. Húsasmiðjan er hluti af BYGMA Group sem starfrækir BYGMA verslanir í Danmörku, Svíþjóð, Færeyjum, Grænlandi og Húsasmiðjuna á Íslandi. Má segja að fyrirtækið hafi aftur orðið fjölskyldufyrirtæki eftir þetta og nýtur þess í dag að hafa traustan bakhjarl með mikla





trú á framtíð fyrirtækisins. Eigendurinnir hafa það að markmiði að bjóða upp á góða þjónustu og gæðavörur fyrir íslenskan byggingariðnað og almenna neytendur. Með kaupum BYGMA á Húsasmiðjunni má segja að rekstrargrundvöllur fyrirtækisins hafi verið tryggður eftir nokkur erfið ár eftir efnhagshrunið og algjört hrun á byggingamarkaði árið 2008.


Árið 2017 opnaði Húsasmiðjan t.d. glæsilega Fagmannaverslun ásamt timbursölu í Kjarlavorgi 12-14, steinsnar frá stórverslun Húsasmiðjunnar og Blómavals í Skútuvogi. Verslunin er sett upp að fyrirmynd BYGMA í Danmörku þar sem fagmenn og byggingariðnaðurinn fær sérstaka verslun sérsniðna að sínum þörfum með tilliti til vöruúrvals og söluráðgjafar í stærri bygginga verkefnum. Frá árinu 2016 hefur Húsasmiðjan starfrækt vefverslun og hefur sala á vef farið vaxandi ár frá ári. Með aukinni þjónustu og sífellt stækkandi vöruvali hafa neytendur nýtt sér vefverslun í meira mæli en áður og er ljóst að vefverslun mun halda áfram að aukast mikið á næstu árum. Húsasmiðjan hefur kynnt ýmsar nýjungar í vefverslun og var til dæmis fyrsta byggingavöruverslunin á Íslandi sem bauð upp á kaup og heimsendingu á timbri árið 2019.

#### **Framkvæmdatjörn Húsasmiðjunnar árið 2020**

Árni Stefánsson forstjóri, Magnús Guðmann Jónsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs, Guðrún Tinna Ólafsdóttir framkvæmdastjóri verslanasviðs, Pétur Andrésson framkvæmdastjóri vöru-sviðs, Kenneth Breiðfjörð framkvæmdastjóri fagsölusviðs, Magnús Magnússon markaðsstjóri, Hinrik Arnar Hinriksson gæðastjóri og Brynjar Stefánsson framkvæmdastjóri Ískraft.

#### **Umhverfismál og umhverfisvæn byggingavara**

Mikil vakning hefur orðið í umhverfismálum undanfarin ár og er byggingamarkaðurinn engin undanteking. Húsasmiðjan hefur sett sér metnaðarfull markmið í umhverfismálum og leitast við að starfa í sátt við umhverfið, m.a. með því að minnka stöðugt vistspor rekstrarins og virðisikeðju fyrirtækisins með markvissum ákvörðunum og aðgerðum. Húsasmiðjan hefur verið hluti af Samfélagskýrslu BYGMA, móðurfélagsins í Danmörku, síðan 2017 ásamt því að gefa út samfélagsuppgjör fyrir Húsasmiðjuna og tengd fyrirtæki á Íslandi. Í samfélagsuppgjöri Húsasmiðjunnar fyrir árið 2020 kom fram að fyrirtækið minnkaði losun koltvísýringsgilda um 12% milli ára sem þótti sérstaklega góður árangur. Aukin áhersla hefur verið sett á að bjóða gott úrval af umhverfisvænum byggingavörum og lausnum sem henta m.a. í Svansvottaðar byggingar. Markvisst er leitast eftir samstarfi við birgja sem huga að umhverfinu, eru vottaðir og framleiða vörur með eins umhverfisvænum hætti og unnt er. Markmið Húsasmiðjunnar er jafnframt að kynna umhverfisvænar vörur markvisst, bjóða upp á nýjungar, tryggja sýnileika umhverfisvænna vara og lausna.





## Iðnver



Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri.

Fyrirtækið Iðnver ehf. var stofnað árið 2002 og þá undir nafninu Bakverk ehf. Pétur Blöndal er eigandi fyrirtækisins í dag en árið 2015 keypti hann rúmlega 60% hlut í félaginu og breytti nafni þess í Iðnver ehf. Það er svo árið 2017 sem hann eignast félagið að fullu.

### Starfsemin

Í tímanna rás hefur starfsemi fyrirtækisins breyst mikið. Það einbeitir sér nú að þjónustu við matvælageirann og stefnir að því að verða fremst fyrirtækja á því sviði. Iðnver ehf. er alhliða þjónustufyrirtæki auk þess að sinna heilðsölu. Boðið er upp á fjölbreyttar lausnir fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi, matvælaíðnaði og iðnaði almennt.

### Vörur

Hjá Iðnveri ehf. fást flestir íhlutir við gerð færibanda svo sem reimar, keðjur, legur, stillifætur, mótórar og gírar. Iðnver ehf. selur lágþrýst þvottakerfi, lausnir fyrir starfsmannaðastöðu fyrirtækja, mikið úrval allskonar rekstrar- og efnavöru, legur og stórsekki. Nýlega hóf fyrirtækið að bjóða vélbúnað fyrir hreinsun á hverskonar fráveituvatni. Í boði er fráveituhreinsibúnaður fyrir bæjarfélög, vinnslufyrirtæki, einstök hús, sumarbústaði o.fl. Frá WPL bjóðum við uppá lífrænan hreinsibúnað fyrir allt að 1PE til 10.000PE þriggja þrepa og frá Mellegard seljum við eins þrepa fráveituhreinsibúnað. LÍFRÆN fráveituhreinsistöð sem er fyriferðalítil fullkomin, sambyggð skolphreinsistöð, sem uppfyllir ítrustu kröfur um gæði hreinsunar. Engin rotþró eða siturlögn og 25 ára ábyrgð. Tæming seyru er á þriggja til fimm ára fresti. Engir hreyfanlegir hlutir. Mismunandi stærðir frá 6 til 10.000 persónueiningar.

### Starfsfólk og aðsetur

Hjá Iðnveri ehf. eru starfsmenn fjórir. Velta hefur farið vaxandi og tvöfaldast frá árinu 2017. Iðnver ehf. er til húsa að Tunguhálsi 10 í Reykjavík. Heimasíða [idnver.is](http://idnver.is).

### Framúrskarandi fyrirtæki og sérstaða

Iðnver ehf. hefur verið á lista Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki síðastliðin 8 ár. Sérstaða Iðnvers ehf. felst í þeirri þjónustu sem veitt er. Staða fyrirtækisins er gríðarlega góð að mati Péturs og það er á „góðri siglingu“ eins og hann orðar það. Á tímum heimsfaraldursins hefur Iðnver ehf. fylgt fyrirmælum Almannafráttanna um sóttvarnir og í upphafi plágunnar voru starfsmenn í hlutastarfi fyrsta mánuðinn.

### Samfélagsleg ábyrgð


Iðnver ehf. nýtir sér flesta miðla til að minna á sig. Fyrirtækið sýnir samfélagslega ábyrgð með því að styðja við nokkur ungmennafélög, má þar nefna kvennastarf Fjölnis og knattspyrnuna á Fáskrúðsfirði.







Michał Siwicki.





Stjórnendateymi IKEA á Íslandi telur 17 manns, tíu konur og sjö karla.



IKEA



Eldhús: Við vöruframleiðslu IKEA er leitað allra leiða til að fara sparlega með auðlindir jarðar. Þessar eldhúsframhliðar eru til að mynda framleiddar í verksmiðjum sem ganga fyrir endurnýjanlegri orku og plastfilman er úr endurunnum plastflöskum.



Hleðslustæði: IKEA býður upp á 60 stæði með fríri hleðslu fyrir rafbíla.

### Sænskar rætur í íslensku umhverfi

Svíinn Ingvar Kamprad stofnaði IKEA árið 1943 í Smálöndum Suður-Svíþjóðar. IKEA á Íslandi hóf starfsemi 1981 og hefur tekið miklum breytingum síðan verslunin opnaði á efri hæð Hagkaupa í Skeifunni. Eftir viðkomu í Húsi verslunarinnar og Holtagörðum flutti IKEA árið 2006 í nýtt húsnæði í Kaupþúni í Garðabæ sem er rúmir 22.000 fermetrar að stærð. Þar að auki starfrækir fyrirtækið tvö lagerhúsnæði, samtals um 8.000 fermetra. Starfsmönnum hefur fjölgað ört undanfarin ár og eru þeir nú um 450. Eigendur IKEA á Íslandi reka einnig IKEA í Litháen, Eistlandi og Lettlandi.

### Samfélagsábyrgð í IKEA

Kjarnastarfsemi IKEA er sala á húsbúnaði og í þeim rekstri hefur fyrirtækið ávallt lagt áherslu á sjálfbærni og samfélagsábyrgð. Það á rætur að rekja allt aftur til upprunans í Suður-Svíþjóð þar sem hefð er fyrir elju og ekki síst nýtni. Þannig eru þessir málaflokkar hluti af erfðæfni fyrirtækisins og sjálfbærni er ein fimm grunnstoða við hönnun á vörum IKEA. Það þýðir að við hönnun hverrar vöru er horft til sjálfbærra eiginleika hennar, hvort sem það á við um notkun, hráefni eða framleiðsluaðferð. Auk sjálfbærni eru grunnstoðirnar hönnun, gæði, notagildi og lágt verð. Lága verðið er stór þáttur í samfélagsábyrgð fyrirtækisins, sem má glögglega sjá í grunnhugmyndafræði IKEA; „Að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta“. Það eru um 440 IKEA verslanir í heiminum og í krafti stærðarinnar getur fyrirtækið haft mikil áhrif á umhverfi sitt á hverjum markaði. Allir birgjar IKEA þurfa að uppfylla kröfur IWAY, siðareglur birgja, og reksturinn þarf að uppfylla kröfur IConduct siðareglanna. IKEA á Íslandi var til að mynda fyrsta íslenska fyrirtækið til að fá svokallaða AEO vottun, en það var gert til að standast kröfur IConduct. Eins hefur IKEA haft mikil áhrif á hrávörumarkaði þar sem aðferðir við ræktun og öflun hráefnis verður sífellt skilvirkari og sjálfbærari.

### Innlend verkefni

IKEA á Íslandi hefur um árabíl sinnst samfélagsábyrgð af krafti og skilgreint nokkuð vítt hvað fellur undir þann hatt. Dæmi um staðbundin verkefni á því sviði er stuðningur við slysavarnir barna, styrkveitingar til innlendra málefna er snerta börn og eins hefur IKEA verið í fararbroddi í að bjóða upp á hleðslustöðvar fyrir rafbíla við verslunina þar sem gestir hafa getað hlaðið frítt síðan árið 2016.

### Stafræn og sjálfbær framtíð

IKEA á Íslandi hefur mælt kolefnisspor starfseminnar frá árinu 2015 með aðstoð hugbúnaðar frá fyrirtækinu Klöppum. Öll losun fyrirtækisins var kolefnisjöfnuð í gegnum Kolvið og Votlendissjóð árin 2017-2019. Frá 2020 er öll losun fyrir utan vöruflutning, kolefnisjöfnuð í gegnum Kolvið. Lögð er áhersla á að finna leiðir til að draga úr losun og sett hafa verið markmið um það til framtíðar. IKEA á Íslandi hefur, líkt og önnur fyrirtæki, orðið fyrir áhrifum af Covid-19 heimsfaraldrinum og nánasta framtíð snýst um að jafna sig á þeim aðstæðum á sama tíma og siglt er inn í nýja tíma; stafrænni framtíð þar sem veita þarf öfluga þjónustu á mörgum snertiflötum með sjálfbærni að leiðarljósi.



Fyrsta verslunin, að Laugavegi 70.



Jón Sigurjónsson, gullsmiðameistari og Óskar Óskarsson, úrsmiðameistari í fyrstu verslun sinni á Laugavegi 70.

## Jón & Óskar

Jón & Óskar úra- og skartgripaverslun opnaði litla verslun árið 1971 á Laugaveginum sem er þekktasta verslunargatan í Reykjavík. Hún er nú í töluvert stærra húsnæði við sömu götu, og í tveimur stærstu verslanamiðstöðvunum, Kringlunni og Smáralindinni. Þeir eru margir viðskiptavinirnir sem hafa komið inn um dyrnar og verslunin er nú fastur viðkomustaður fólks sem margt hvert hefur verslað þar áratugum saman.

### Upphafid og framgangurinn

Jón Sigurjónsson, gullsmiðameistari og Óskar Óskarsson, úrsmiðameistari eru æskuvinir frá 7 ára aldri. Saman opnuðu þeir verslun að Laugavegi 70, með það að augnamiði að selja gæðavöru og veita góða þjónustu, byrjuðu þeir með verkstæði og verslun í 50 fm húsnæði. Húsnæðið reyndist fljótlega of lítið og færðist reksturinn einnig yfir í næsta hús. Árið 1995 var verslunin flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði að Laugavegi 61 og varð þar með stærsta úra- og skartgripaverslun landsins. Árið 2007 stækkaði verslunin enn frekar með opnun í Kringlunni og Smáralindinni.

### Starfsemin í dag

Hjá fyrirtækinu starfa gullsmiðir og úrsmiðir ásamt sölufólki. Nú starfa um 11 starfsmenn í fullu starfi og 6 í hlutastarfi hjá fyrirtækinu.

Boðið er uppá vandaða og persónulega þjónustu á sérsmiði og viðgerðum.

Fagmenn fyrirtækisins hafa sérhæft sig í hönnun og framleiðslu skartgripa og er það sérstök ánægja að láta hugmyndir og drauma viðskiptavinnanna rætast.

Jón & Óskar er umboðsaðili fyrir fjölda vandaðra vörumerkja fyrir úr og skartgripi sem seld eru í verslunum fyrirtækisins.

### Hönnun og framleiðsla

Gegnum árin hefur verið lögð mikil áhersla á hönnun og framleiðslu skartgripa. Icecold skartgripalínan leit dagsins ljós árið 2000 og er stærsta og glæsilegasta gulllína Jóns & Óskars. Icecold er hönnuð og smíðuð af gullsmiðum fyrirtækisins og hefur stækkað og þróast gegnum árin. Hönnunin er innblásin af íslensku jöklunum og þeim fallegu ljósbrotum sem í þeim myndast. Skartinu er ætlað að endurspegla bæði kraft, grófleika og fínleika stórbrotinnar náttúrunnar. Icecold línan nýtur sérstakra vinsælda, bæði meðal Íslendinga og erlendra ferðamanna sem kunna að meta íslenska hönnun og smíði og tenginguna við íslenska náttúru og ís.

Þann 9. janúar 2021 fagnaði verslunin 50 árum og er ein af rótgrónustu úra- og skartgripaverslunum landsins.



Jón og Óskar í verslun sinni á Laugavegi 61.



Verslunin, að Laugavegi 61.



Verslunin, Laugavegi.



## ILVA



Saga ILVA nær til loka fimmta áratugarins, þegar Møbler og Tæpper A/S opnaði litla húsgagnaverslun í Kaupmannahöfn, en á þessum árum spruttu upp margar slíkar viðsvegar um borgina. Hugmyndir um stóra húsgagna- eða húsbúnaðarverslun eins og við þekkjum í dag voru ekki komnar upp á yfirborðið.

### Verslanirnar

Árið 1974 opnaði húsgagnaverslunin JL Møbler og Tæpper A/S í Ishøj, 10.000 fm að stærð. Verslunin í Ishøj varð ein stærsta verslun í Danmörku og var þar með brautryðjandi í verslun og markaðssetningu á vörum sínum. Húsgagnavörulistar urðu á þessum tíma hluti af daglegu lífi Dana. Árið 1977 var nafninu breytt í ILVA og 10 árum síðar var opnuð stór verslun í Århus og var sú verslun upphafið af spennandi framþróun ILVA. Stórt og spennandi skref var stigið þegar bygging á nýrri verslun hófst í Århus. Verslunin var tilbúin árið 1993. Húsið var byggt frá grunni af lítt þekktri arkitektastofu í Århus sem seinna meir varð mjög þekkt, Schmidt, Hammer & Lassen. Verslunin fékk verðlaun fyrir arkitektúr og hefur síðan verið talin ein sú flottasta í Norður Evrópu. Opnunin á versluninni á Jótlandi hafði miklar breytingar í för með sér markaðs- og hugmyndafræðilega fyrir ILVA og í kjölfarið urðu ILVA verslanir þekktar fyrir hágæða nútímalega hönnun, mikil vörugæði og framúrskarandi þjónustu. Þessi atriði hafa síðan verið hornsteinar í viðskiptastefnu ILVA verslananna. Árið 1996 var versluninni í Lyngby breytt í nútíma húsbúnaðarverslun og gagnger endurreisn og stækkun verslunarinnar varð til þess að verslunarreksturinn styrktist. ILVA varð nú þekktasta og nýttiskulegasta húsbúnaðarverslun í Danmörku. ILVA tekur enn eitt skref í áttina að verða ein sú stærsta húsbúnaðarkeðja með 22.000 fm vöru-, dreifingar- og stjórnunarmiðstöð í Greve árið 1997. Verslunin í Århus er stækkuð um rúma 2.000 fm árið 1999 til að fylgja eftir auknum vinsældum verslunarinnar og árið 2001 eru gerðar endurbætur og ILVA í Ishøj er tekin í gegn og stækkuð um 4.000 fm í samvinnu við Schmidt, Hammer og Lassen. ILVA í Ishøj er nú ein stærsta húsbúnaðarverslun í Norður Evrópu, alls um 16.000 fm. Árið 2003 kaupir fjárfestingarfélagið Advent International ILVA – sterkur fjárfestir sem hyggst útvíkka starfsemi ILVA á evrópskum markaði. 9. júní 2005 opnaði ILVA sína fyrstu verslun utan Danmerkur í Svågertorp, Malmö. Fyrsta verslunin í Englandi opnar í Lakeside, Thurrock 3. ágúst 2006. ILVA í Manchester opnaði nokkrum dögum seinna – eða 14. september, og svo þann 2. nóvember opnaði þriðja í Gateshead. ILVA lokaði verslunum sínum í Englandi árið 2007.

### Sameiningar

Árið 2007 eignast íslenskir aðilar ILVA, í ágúst 2007 kaupir Lagerinn ehf. meirihlutann í ILVA og yfirtekur daglegan rekstur fyrirtækisins og ári síðar opnar ILVA á Íslandi, þann 4. október 2008. Árið 2009 sameinast ILVA og IDE möbler en halda áfram sitthvorum rekstri, árið 2019 renna fyrirtækin alveg undir sama hatt og er nú rekið sem ILVA. Á árunum 2010-2012 voru



opnaðar þrjár verslanir til viðbótar í Danmörku og eru nú sex ILVA verslanir þar í landi. Jysk Group er eigandi ILVA í Danmörku en Lagerinn ehf. er eigandi ILVA á Íslandi.

### Framtíðin

ILVA sér fram á meiri stækkun og útbreiðslu í framtíðinni og er unnið að opnun nýrrar verslunar á Akureyri í júní 2021. Sú verslun er 1.000 fm að stærð og verður staðsett við Austursíðu. Framtíðarsýn ILVA er að halda áfram að framleiða vandaða og fallega hönnun og bjóða viðskiptavinum upp á klassíska danska hönnun í bland við smávörur sem eru í tísku hverju sinni. Mikil áhersla er lögð á að fylgja stefnum og straumum lífðandi stundar og vera nútímaleg í innkaupum.

### Starfsmenn

Í ILVA eru starfandi 40 starfsmenn og mikið er lagt upp úr góðri fyrirtækjamenningu og unnið er af virðingu og vinsemd í því að bæta þjónustu og daglegan rekstur í sameiningu með flottu teymi starfsmanna.

### Umhverfisstefna

Umhverfisstefna ILVA er í stöðugri þróun og eru stjórnendur og starfsmenn meðvitaðir og upplýstir. Áhersla er lögð á flokkun og endurvinnslu og reynt er að lágmarka plast eins og kostur er. Einnig eru þessi gildi höfð í huga þegar pantað er frá birgjum og skiptir ILVA höfuðmáli að merkin sem seld eru í versluninni séu vönduð og með virka umhverfisstefnu.





Starfsmenn Innnes á HappINNes deginum 2016.

## Innnes



Magnús Óli Ólafsson, forstjóri Innnes.

Innnes er eitt stærsta matvæla-innflutningsfyrirtæki landsins. Fyrirtækið er að byggja nýtt hátæknivöru- og skrifstofuhúsnæði í Korngörðum 3 og hyggst fljótlega taka það að fullu í notkun. Þegar þetta er skrifað í nóvember 2021, á einungis eftir að taka skrifstofuhlutann í notkun en öll lagerstarfi Innness er þegar flutt inn í húsnæðið.

### Sagan

Saga fyrirtækisins má segja að sé allt að því ævintýraleg og vöxtur þess frá stofnun hefur verið gríðarlegur. Allt hófst þetta með því að þrír ungir menn úr Hafnarfirði, Magnús Óli Ólafsson, Ólafur Björnsson og Guðmundur Rafn Bjarnason tóku þá ákvörðun að stofna innflutningsfyrirtæki með áherslu á matvörur frá Bandaríkjunum. Þeim félögum þótti fremur lítið af slíkum vörum á markaðnum á Íslandi svo það varð úr að Innnes var formelga stofnað 25. mars 1987. Nafngiftin var sótt í rammíslenskt örnefni með tilvísun til landsvæðis sem markast frá Kjalarnesi að Hvaleyrarholti og kallast einu nafni Innnes, auk þess sem bær uppi á Skipaskaga ber heitið Innnes. Þeir félagar stöðjuðu á tvær stórar matvælasýningar í Bandaríkjunum vorið 1987. Önnur var í Seattle á vesturströndinni en hin við vötnin miklu í Chicago. Frá sýningunni í Chicago höfðu þeir upp úr krafnsinu nokkur vörumerki frá Hunts-Wesson fyrirtækinu en í septemberbyrjun komust þeir í kynni við viðskiptamann af enskum ættum, Chris Clarke að nafni sem búsettur hafði verið í Bandaríkjunum um margra ára skeið en var í nýlega byrjaður í starfi hjá Hunt-Wesson. Sá komst á snoðir um fyrirtælan ungu manna frá Íslandi og ákvað að koma við á Íslandi á leið sinni til annarra viðskiptaerinda í Evrópu. Hann hitti þá féлага á fundi í Reykjavík og eftir opið og einlægt samtal tók hann þá ákvörðun að fara í viðskipti með nokkur vörumerki sem hann hafði upp á vasann eftir að hafa fullvissað sig um að þeir félagar mundu fylgja vörunum úr hlaði og tryggja þeim gott gengi á matvælamarkaðnum á Íslandi. Þessi ágæti maður studdi vel við starfsemi Innness og má að miklu leyti þakka honum það að Hunts-vörurnar náðu því flugi sem raun varð á. Með auknum vexti og velgengni Innness fékk fyrirtækið fleiri umboð fyrir matvörumerki bæði frá Evrópu og Bandaríkjunum. Eitt þessara vörumerkja er t.a.m. Filippo Berio sem er þekkt fyrir ólífuolíur; en einmitt árið 2019 átti Innnes 30 ára viðskiptaafmæli við það þekkt ítalska fyrirtæki og að sögn á Innnes á Íslandi lengsta viðskiptasögu við Filippo Berio. Árið 2022 verður Innnes ehf. 35 ára og verður haldið upp á það með pompi og prakt þegar þar að kemur.



Þróstur Guðmundsson, Chris Clarke frá Hunts og Magnús Óli Ólafsson á 25 ára afmæli Innnes 2012.



Starfsmenn Innnes á hugarflugsfundi.

### Starfsemin

Innnes hefur vaxið jafnt og þétt á þeim árum sem það hefur starfað. Vörur þess hafa notið vinsælda meðal neytenda og kaupmenn víðast hvar tekið inn þær vörur sem það hefur upp á að bjóða. Þeir hjá Innnes hafa verið nokkuð séðir þegar kemur að því að velja vörur sem talið er að geti fallið í kramið hjá íslenskum neytendum. Einkum hafa tómatvörur og pasta verið með því allra vinsælasta á borðum landsmanna um langa hríð.

Á sínum tíma hafði Innnes frumkvæði um eitt og annað sem flestum þykir sjálfsagt að koma auga á í hillum stórverslana í dag. Ákveðin kaflaskil urðu í rekstri Innnes árið 1997 þegar Íslensk-ameríska keypti helmingshlut í fyrirtækinu og starfsemin flutti upp á Tunguháls, en þremur árum síðar gengu kaupin til baka. Magnús Óli hafði selt sinn hlut og Guðmundur



Hátæknivöruhús Innres, Korngörðum 3, tekið í notkun í nóvember 2020.

Rafn sömuleiðis svo Ólafur Björnsson var orðinn einn eigandi í félaginu. Þannig að 24. maí 2001 flutti Innres frá Tunguhálsi upp í Fossaleyri þar sem starfsemin fór fram næstu 19 árin eða þar til hún flutti niður í Korngarða. Það hefur þótt hagkvæmt að hafa starfsemina þarna við bakkann þar sem skipin leggja að með gámana, vöruhús viðskiptavina í næsta nágrenni og ekki of langt að aka með aðföng til veitingahúsa í miðbæ Reykjavíkur. Svo þjónustan gagnvart viðskiptavinum er örugg, góð og hröð. Upp úr aldamótum var farið að bæta í hina fjölbreyttu flóru matvæla sem Innres flutti inn og má þar t.d. nefna ýmsar frystivörur svo sem pítsur og brauðmeti ýmis konar. Á sama tíma sótti fyrirtækið inn á veitingamarkaðinn og má segja að þriðjungur af veltunni í dag komi úr veitingageiranum. Árið 2014 fór Innres að höndla með grænmeti og ávexti bæði frá útlöndum og eins í góðu samstarfi við íslenska grænmetisbændur en svo fljótlega upp úr því bættist við frosið kjöt, úrvals kjúklingur frá Danmörku og fleira þess háttar. Í dag getur Innres státað af því að vera með flest þau matvæli sem heimili eða veitingahús þurfa á að halda.

### Sérstaða

Magnús Óli, sem gegnir nú starfi forstjóra Innress rífaði upp þá daga þegar hann starfaði sem sölumaður hjá fyrirtækinu og þurfti þá sjálfur að setja upp svuntu og standa inni í stórmörkuðum að kynna vörurnar með því m.a. að leyfa fólki að smakka. Hann segir að með því hafi hann komist að því hvað það var sem hinn almenni neytandi kunni að meta. Það hafi verið hinn dýrmæti lærdómur hvað varðaði uppbyggingu fyrirtækisins og val á vörum til að flytja hingað til lands. Í því samkeppnisumhverfi sem ríkir á markaðnum í dag leggur Innres áherslu á að gera hlutina öðruvísi og hefur vakandi auga með því sem er að gerast og hvað það er sem fólki líkar. Í þeirri viðleitni er, svo dæmi sé tekið, haldið úti vefsíðu sem er nefnd: „Gerum daginn girnilegan“ en þar eru birtar uppskriftir og kynntar ýmsar hugmyndir í matargerð sem kynntar eru af fagfólki og er mikil umferð um þá síðu. Íslendingar eru meðvitaðir neytendur og með strangar kröfur um gæði þegar kemur að matvöru og stjórnendur og starfsfólk Innress vilja mæta þeim kröfum skilyrðislaust. Magnús Óli segir Innres brenna fyrir matargerð. Þar eru kokkar í vinnu að gera alls konar tilraunir í sérhönnuðu eldhúsi fyrirtækisins og fyrir vikið eru ávallt einhverjar nýjungar kynntar til leiks. Nýlegar hafa tekist samningar við írskt fyrirtæki um innflutning á úrvals steikum sem eru seldar í verslanir og veitingahús og búast má við fleiri nýjungum á þessu sviði þegar fyrirtækið flytur í nýja húsnæðið á næsta ári. Til að kóróna máltíðina er gott að reiða fram úrvals vín, en systurfyrirtæki Innress sem nefnist Vínnes sér fyrir því. Það hefur á boðstólum þekkt vörumerki bæði í bjór og vínunum.

### Mannauður og húsnæði

Innres ehf. er stórt deildaskipt fyrirtæki sem rekur skýra starfsmannastefnu þar sem áherslan er fyrst og síðast á gleði og fagmennsku, síðan er mikilvægt að hafa sveigjanleika, fjölbreytta menntun og reynslu. Eitt af því sem stjórnendur leggja áherslu á er að starfsmenn beri tilhlökkun í brjósti að mæta til vinnu og að verkefni séu þess eðlis að þeir vilji einlæglega leggja sig fram. Hjá Innres starfa um það bil tvö hundruð manns þegar afleidd störf og sumarafleysingar eru talin með.

Innres ehf. er með eitt stærsta vöruhús landsins sem er nánast algjörlega sjálfvirk hvar vélmenni sækja vörurnar upp í hæstu rekkana sem eru í tæplega þrjátíu metra hæð. Nýja húsnæðið er mjög tæknivætt en um leið sjálfbært og umhverfisvænt svo það eru spennandi tímar framundan hjá hinu framsækna matvælafyrirtæki sem vill þjóna viðskiptavinum sínum sem allra best og halda áfram að viðhalda almennum áhuga á matargerð. Til þess þarf að hafa úrvals hráefni og fyrir því verður séð á meðan Innres heldur sínu striki.



Korngarðar 3 í byggingu, myndin er tekin í september 2020.



Sýningarsvæði Innres á Stóreldhússýningunni í Laugardalshöll í október 2019.



Gjöf til Mæðrastyrksnefndar árið 2011 – Ólafur Björnsson, Haraldur Jónsson og Páll Hilmarsson ásamt Ríkey Ríkarósdóttur og Margrét Sigurðardóttur frá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur.



Jón Gunnar Valdimarsson og Karl Einarsson, Extra sölumenn.



Alls kyns smærri vörur.

## Inter



Starfsfólk Inter ehf.

Inter ehf. er fyrirtæki stofnað 4. júlí 1992 og hefur starfað við sölu og þjónustu á heilbrigðissviði síðan. Þorvaldur Sigurðsson, eini eigandi Inter og er upprunarlegur eigandi. Fram til 2003 var hann 50% hluthafi, eftir 2003 hefur hann verið 100% eigandi. Inter ehf er fjölskyldurekið fyrirtæki. Það hefur reynst okkur mikill kostur, m.a. við að styðja við viðskiptavinum þar sem allir vinna að sama markmiði. Inter ehf. er staðsett að Sóltúni 20 í Reykjavík.

### Starfsfólk

Sala: 5

Tæknimenn: Tæknimenn 3

Tæknimenn: Vélstjóri 1

Sala: Hjúkrunarfræðingur 1

Stjórnun / sala: Mannauður og stjórnun 1

Birgðir / útkeyrsla: 1

Bókhald: 1

### Inter ehf.

Við höfum mikla reynslu á læknaviði. Frá upphafi höfum við lagt mesta áherslu á þjónustu við viðskiptavinum. Það felur í sér að bregðast strax við beiðnum frá viðskiptavinum okkar og veita þeim tækniþjónustu og fræðslu þegar þörf er á. Starfsmenn Inter ehf. sækja reglulega námskeið og þjálfun til birgja. Við leggjum áherslu á vörukyningar og höfum þegar byggt upp mikið tengslanet innan heilbrigðiskerfisins sem reynst hefur okkur mikilvægt þegar leitað er til okkar vegna nýs búðaðar. Inter ehf. fylgir MDD leiðbeiningum og er ISO-9001 vottað.

### Umboð og starfssvið

Í upphafi var áhersla okkar á speglun en fljótlega fylgdi samstarf við önnur fyrirtæki. Fyrirtækið stækkaði hratt og í dag starfar það einnig innan almennra skurðlækninga, rafskurðlækninga, bæklunarlækninga, kvensjúkdóma, þvagfæraskurðlækninga, PH mælinga, hjartalínurita, endurlífgunar, rannsóknarvara og rekstrarvara til þeirra ásamt fleiru. Inter ehf. eru ma. fulltrúar; Arthrex, Bard, Barco, Corpak, Erbe, Lina Medical, Medisafe, MTP, Olympus, Sandhill, Schiller, Schmitz, Steris, Trumpf, US endoscopy, Zoll, Lohmann & Rauscher ásamt mörgum öðrum. Rannsóknarvörur: Radox, Snipe, Alfa Wassermann, Nerbe Plus, Dacos, Sartorius, Hettich, Sakura, Capp, Aidian, Boule, Labmodul, Avantor, Biooptic, Histolab, Histoline, Nova Biomedical, Advaced Instruments, Carl Zeiss og fleiri

Inter ehf. er fyrirtæki sem leggur áherslu á hágæðavöru og framúrskarandi þjónustu á besta fánlega verði.







Lager.

### Staða á markaði

Á stuttum tíma tókst Inter ehf. að ná mjög hárra markaðshlutdeild í speglun og skurðlækningum á Íslandi og að halda þeirri stöðu.

Síðustu tvö ár hefur okkur einnig tekist að ná mjög hárra markaðshlutdeild með Arthrex í bæklunarskurðlækningum.

Viðskiptavinir okkar eru m.a.; NLSH, LSH, sjúkrahús á Íslandi með skurðaðstöðu, heilbrigðisstofnanir, einkageirinn, einkaaðilar og rannsóknarstofur.

Velta hefur verið yfir USD 8.500.000 síðustu 5 ár.

Inter ehf. er með ISO9001 vottun.

Inter ehf. hefur verið á lista Creditinfo síðustu 10 árin yfir þá sterkustu á Íslandi, hófst árið 2010 og tilheyrir þeim 84 fyrirtækjum sem uppfylla þau skilyrði. Þetta samsvarar undir 2% íslenskra fyrirtækja.

[www.inter.is](http://www.inter.is)

Kennslustofa.





Aftari röð frá vinstri; Haraldur Ingi Kristmanns, Bjarki Brynjarsson, Daði Snær Ingason, Stefán Helgi Grétarsson, Hrafn Ágúst Egilsson, Egill Jóhannesson og Atli Guðvarðsson. Fremri röð frá vinstri: Ingi Már Kjartansson, Þóra Sigríður Ingimundardóttir, Kjartan Ágústsson, Lúðvík Aron Kristjánsson, Krzysztof Piotr Solecki og Jón Halldór Davíðsson

## Járn & gler



Kjartan Ágústsson, forstjóri.

Hlutafélagið Járn & gler hf. var stofnað 25. janúar árið 1942 og lögskráð 5. apríl sama ár. Hluthafar voru Axel Friðriksson, Guðmundur Árnason, Áslaug Sigurðardóttir, Jenný Ásmundsdóttir og Sigurður Ólason. Fyrstu árin var verslun fyrirtækisins staðsett á Laugavegi 70 og var verslað með ýmsan varning, enda mikill vöruskortur almennt á þessum árum. Ennfremur var starfrækt vinnustofa á Barónstíg, þar sem speglar og vinnsla þeirra var aðalgreinin. Árið 1962 keypti innflutningsverslun Guðmundar S. Guðmundssonar sig inn í Járn & gler hf. og endurskipulagði starfsemina í kjölfarið. Árið 1962 keyptu nýir aðilar stærstan hluta í Járn & gler hf. og endurskipulögðu til þess að starfa við hlið innflutningsverslunar Guðmundar S. Guðmundssonar sem þá var orðinn aðaleigandi og rak hann fyrirtækið nokkur ár. Árið 1966 réðst til starfa hjá Járn & gler hf. Þorgrímur Guðjónsson húsasmíðameistari og gerðist hann brátt framkvæmdastjóri þess. Eftir lát Guðmundar árið 1974 tók Þorgrímur Guðjónsson við stjórn félagsins og keypti það síðan af erfingjum í ársbyrjun 1975. Þorgrímur rak fyrirtækið til dauðadags í apríl 1986. Helstu starfsmenn Járn & gler hf. á þessum tíma ásamt Þorgrími voru Ásmundur Ásgeirsson og Þorsteinn Guðjónsson. Vorið 1979 réðst til starfa Kjartan Ágústsson sem strax varð meðeigandi og síðan árið 1986 aðalhluthafi og stjórnandi þess.

### Aðsetur

Fyrirtækið var fyrst starfrækt við Spítalastíg en síðan að Njálsgötu 37. Frá árinu 1964 var félagið til húsa á Njálsgötu 37 til ársins 1976, en þá flutti fyrirtækið starfsemi sína að Hverfisgötu 46. Árið 1980 fluttist fyrirtækið að Smiðjuvegi 18, Kópavogi. En þann 1. júní 1987 fluttist það í eigið húsnaði að Laufbrekku 16, Kópavogi. Það var síðan í febrúar 1993 sem starfsemin var flutt í Skútuvog 1 H, Reykjavík.

### Vörur

Helstu innflutningsvörur á fyrstu árum fyrirtækisins, voru ýmis handverkfæri og efni eins og til dæmis, þéttiefni og annað tilheyrandi dyra- og gluggabúnaði. Upp úr 1970 fór ramma-listainnflutningur að aukast. Árið 1975 fór innflutningur félagsins á ýmsum tegundum glers einnig vaxandi, meðal annars frá Pilkington. Ein af aðal innflutningsgreinum Járn & gler hf. hafa lengi verið vörur frá GEZE, sem eru kunnar af góðum gæðum. GEZE er stór þýskur framleiðandi á hurðarpumpum, rennibrautum, gluggaopunarbúnaði sem og sjálfvirkum glugga- og hurðopunarbúnaði. Sala, uppsetning og þjónusta á sjálfvirkum hurðaropunarbúnaði hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár, til að mæta kröfum um bætt og þægilegra aðgengi. Helstu lausnir eru sjálfvirk rennihurðardríf, rafdrifin hurðaropun og hringhurðir frá GEZE, hringhurðir og aðgangshlið frá Boon Edam, drifbúnaður fyrir iðnaðar rennihurðir frá Dictator, og gluggaopunarmótora frá Topp.

Sala á þéttiefnum hefur fylgt fyrirtækinu frá upphafi og selur fyrirtækið í dag þýska hágæðavöru frá Otto Chemie, sem hefur reynst mjög vel við íslenskar aðstæður.



Sævar Þ. Guðmundsson, framvæmdastjóri.



Fyrirtækið hefur gott úrval af hurðarhúnum, skráum og ýmsar baðvörur frá viðurkenndum framleiðendum eins og t.d. d-Line, JNF og Intersteel. Einnig annan búnað tilheyrandi gluggum og hurðum, frá t.d. GEZE, HAWA, ISEO, Topp. Árið 2015 gerðist fyrirtækið umboðsaðili fyrir glugga og álkerfi frá Aluprof, Póllandi og er stefnan að auka starfsemi í heildarlausnum frá þeim.

Sala á vörum til innrömmunar hefur verið frá árinu 1975. Nú sem sér deild undir nafninu Listalagerinn. **Má þar nefna gæða vörur undir eftirfarandi vörumerkjum:** Trönur frá Mabef, rammalista frá t.d. Savadori, Quadro, glampafrítt gler frá Groglas, karton frá Moorman, blindrammar frá Vindelev og striga frá Claessens. Vélar til innrömmunar eru frá Morsö, Cassese og Fletcher.

Weber umboðið fékk Járn og gler árið 1998, og hefur sala á þeim grillum og grillaukahlutum vaxið jafnt og þétt síðan. Weber grill eru ein mest seldu kola- og gasgrill í heiminum í dag.

Árið 2011 hófst innflutningur og sala á dönskum handverksbjór frá Mikkeler. Fleiri vörumerki hafa bæst við en þar ber helst að nefna, Brewdog og Founders. Sú starfsemi hefur vaxið jafn og þétt, og er sú starfsemi í dag rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu JG bjór ehf. Einnig rekur fyrirtækið JG Bjór ehf. sitt eigið brugghús og ölstofu, undir vörumerkinu „Malbygg“.

### Framúrskarandi fyrirtæki

Fyrirtækið starfar í samkeppni við önnur fyrirtæki, en styrkur þess hefur falist í góðri vöru og þjónustu. Járn og gler hefur fengið árlega viðurkenningu frá Credit Info fyrir að vera í hópi framúrskarandi fyrirtækja.

### Eigendur og starfsfólk

Póra S. Ingimundardóttir, stjórnarformaður, Kjartan Ágústsson, forstjóri, Sævar P. Guðmundsson, framkvæmdastjóri, Jón Halldór Davíðsson, sölustjóri byggingavörur, Egill Jóhannesson, sölustjóri Listalagers. Starfsmenn á árinu 2020 eru nú alls 16 og flestir með langan starfsaldur hjá fyrirtækinu. [www.jarngler.is](http://www.jarngler.is) - [www.weber.is](http://www.weber.is)






Örn Jónsson, forstjóri ásamt sonum sínum.  
Frá vinstri: Trygvi Fr. Arnarson, Jón Arnarson, Örn F. Jónsson og Örn Arnarson.



Fjölskylda Jóns Bergssonar. Frá vinstri: Guðbjörg Finnbogadóttir eiginkona Jóns Bergssonar, Bergur V. Jónsson, Örn F. Jónsson, Magnús R. Jónsson, Jón Bergsson og Jónína Jónsdóttir.

## Jón Bergsson



Örn F. Jónsson, forstjóri.



Jón Bergsson, stofnandi.

Jón Bergsson ehf. er með rótgrónustu fyrirtækjum landsins. Upphafid er hægt að rekja aftur til ársins 1927. Jón var verslunarskólalagenginn og hafði starfað sem sölumaður hjá Þjóðverja af gyðingaættum, Obenhaut að nafni sem höndlaði með skó, fatnað, álnavöru og búsaðöld. Þegar síðari heimsstyrjöldin braust út fór Obenhaut til Danmerkur þar sem fjölskylda hans var og setti rekstur fyrirtækis síns í hendurnar á Jóni. Eftir stríðið fór Jón til Danmerkur til að hafa upp á Obenhaut sem reyndist vera látinn. Jón gerði upp reikningana við fjölskyldu Obenhauts og hvarf að því búnu til Íslands til að halda rekstrinum áfram í sínu nafni. Jón hélt áfram á sömu braut, en opnaði síðan skóverslunina Skóinn, á horni Skólavörðustígs og Bankastrætis. Hún varð vinsæl og á ljósmyndum frá árunum eftir stríð má sjá langar raðir af viðskiptavinum sem bíða þess að verða hleypt inn. Mikil áhersla var á gúmmístígvél sem voru bylting fyrir íslenskan sjávarútveg og landbúnað. Að geta gengið þurrum fótum í íslenskum túnnum og mýrlendi var mikilsvert svo ekki sé minnst á mikilvægi stígvéla í sjósókn og fiskvinnslu. Enn þann dag í dag er Jón Bergsson ehf. stórbjónustuaðili fyrir sjávarútveginn hvað varðar öryggisskóbúnað og stígvél sem eru þægileg og örugg bæði til sjós og lands.

Við fráfall Jóns Bergssonar árið 1974 var fyrirtækinu skipt upp milli þriggja sona hans, Bergs, Magnúsar og Arnar. Örn Jónsson tók við Jóni Bergssyni ehf. en hinir bræðurnir fóru hvor um sig út í eigin rekstur. Jón Bergsson ehf. er rekið sem fjölskyldufyrirtæki. Þar starfa auk Arnar, sonur hans Jón, tengdadóttir, sonarsonur og sonardóttir svo starfsfólkið þekkist vel innbyrðis og er samhent.

### Starfsemin

Í dag er Jón Bergsson ehf. þekktast fyrir fjölbreytt úrval rafkynta nuddpotta auk potta fyrir hitaveitu. Allir pottarnir eru frá amerískum framleiðendum. Sala á heitum pottum hófst árið 2000 með pottum frá Softub. Þeir eru framleiddir úr einangrunarefni, eru einfaldir í uppsetningu og afar orkugrannir. Síðar bættust við pottar frá Hot Spring sem er stærsti framleiðandi heitra potta og um sama leyti Free Flow hitaveitupottar frá sama framleiðanda. Árið 2003 hóf fyrirtækið innflutning á yfirbyggingum úr áli og gleri fyrir heita potta, sólpalla, sumarhús og sem sérstakar viðbyggingar fyrir ýmsar gerðir húsa, einkum gisti- og veitingahús. Þær þykja vel hannaðar og eru afgreiddar eftir þöntunum og sérmáli. Jón Bergsson ehf. sér um uppsetningu og endanlegan frágang eða afgreiðir þær í hlutum til samsetningar. Mikil sala er í þessum glerskálum og yfirbyggingum. Afgreiðslutíminn er þrjú mánuðir frá því þöntun er frágengin en uppsetning og frágangur tekur þrjú daga.

### Aðsetur

Jón Bergsson ehf. er staðsett við Klettháls 15 í eigin húsnæði. Þar fer öll starfsemin fram.



## Kaupfélag Vestur-Húnavetninga

Kaupfélag Vestur-Húnavetninga svf. (KVH) er meðal elstu fyrirtækja á Íslandi, stofnað þann 20. mars 1909 á Hvammstanga. Félagssvæði þess er Húnaþing vestra. Félagið hét upphaflega Verzlunarfélag Vestur-Húnavatnssýslu en nafni þess var breytt í Kaupfélag Vestur-Húnavatnssýslu við sameiningu Verzlunarfélagsins og Sláturfélags Vestur-Húnavatnssýslu. Tilgangur félagsins er að; annast á sem hagfelldastan hátt viðskipti og þjónustu fyrir félagsmenn, efla atvinnulíf í héraðinu, viðhalda og útbreiða þekkingu samvinnuhugsjónarinnar við að leysa félagsleg viðfangsefni og að styrkja framtíð félagsins með því að treysta fjárhag þess. Fyrsti formaður félagsins var Guðmundur Sigurðsson frá Svertingsstöðum og var hann jafnframt fyrsti kaupfélagsstjóri. Aðrir stjórnarmenn kjörnir á stofnfundi voru, Tryggvi Bjarnason frá Kothvammi og Gunnar Kristófersson frá Valdarási.

### Starfsemin

KVH er samvinnufélag og hefur sem slíkt komið að mörgum mikilvægum verkefnum til eflingar atvinnu og byggð á þeim 111 árum sem það hefur starfað. KVH hefur rekið verslun frá upphafi og rak í áratugi sláturhús. Einnig stóð KVH fyrir stofnun Mjólkursamlags á Hvammstanga sem tók til starfa 1959 en starfsemi þess var hætt 2002. KVH hafði áður rekið rjómbú og haft með höndum smjörframleiðslu. KVH kom að stofnun Brauð- og kókugerðarinnar ehf. á Hvammstanga sem tók til starfa 1980, en starfsemi þess var hætt 2018. Þá stóð KVH fyrir útgerð og fiskvinnslu, rak flutningsdeild og innlánsdeild ásamt því að hafa komið að ótal öðrum verkefnum til eflingar atvinnu, menningar og byggðar á starfssvæði sínu.

Nú rekur KVH kjörbúð, byggingarvöruverslun og búvöruverslun. Auk þess hýsir KVH verslun Vínbúðarinnar og hefur með höndum afgreiðslu fyrir Vörumiðlun ehf. KVH á einnig og rekur fasteignir sem hýsa m.a. starfsemi Selaseturs Íslands, Fæðingarorlofsjóðs og veitingastaðarins Sjávarborgar. KVH á einnig hlut í nokkrum fyrirtækjum, m.a. 50% hlut í Sláturhúsi KVH ehf. (SKVH).

### Rekstur og mannauður

Rekstrategjur KVH á árinu 2019 námu um 864 milljónum og var hagnaður af rekstri samstæðunnar rúmar 50 milljónir króna. Heildareignir KVH námu um 728 milljónum króna og var eigið fé í árslok 2019 um 518 milljónir króna. Fjöldi ársverka hjá KVH eru 19 og eru félagsmenn nú 383 talsins í 6 félagsdeildum.

Kaupfélagsstjóri er Björn Líndal Traustason og formaður félagsins er Gunnar Þórarinnsson.

[www.kvh.is](http://www.kvh.is)



Díóðuljósaskreytingar.

## JS Ljósasmiðjan



Jón Guðbjörnsson, stofnandi fyrirtækisins.

Vélaverkstæði JG hóf störf árið 1997 á Dalvegi 26, í gamla frystihúsinu í Kópavogi. Aðal starfsemin var viðgerðir á sláttuvélum og öðrum minni vélum og bensínmótorum. Stofnandi fyrirtækisins er Jón Guðbjörnsson. Ýmsir starfsmenn störfuðu með Jóni yfir sumartíma, þar á meðal börn Jóns þau, Jón Arnar, Sigurður Arnar og Svana Björk. Árið 2000 byrjaði Sigurður Vilhjálmsson að starfa með Jóni og varð síðar annar eigandi fyrirtækisins. Fyrirtækið var síðan skráð sem ehf fyrirtæki árið 2001 og nafninu var breytt í kjölfarið í Vélaverkstæði JS. Fljótlega kom dóttir Sigurðar, Eva Arnet, til starfa í fyrirtækinu og hefur hún starfað þar meira og minna til ársins 2021. Í gegnum tíðina hafa ýmsir starfsmenn unnið yfir sumartímamann, með þeim Jóni og Sigurði, þegar mest er að gera. Þetta er mikið fjölskyldufyrirtæki og hafa yngri fjölskyldumeðlimir fengið sumarvinnu, þar á meðal sonarsynir Jóns, þeir Daníel Heiðar og Jón Karl Jónssynir.

### Starfsemin

Á þessum árum hefur mikil járnsmíðavinna farið fram hjá fyrirtækinu til dagsins í dag. Einnig hefur fyrirtækið framléitt díóðuljósakrossa fyrir leiði og ýmsar ljósaskreytingar fyrir bæjarfélög og fyrirtæki frá árinu 2003. Um þetta leyti var nafni fyrirtækisins breytt og heitir það JS Ljósasmiðjan í dag. Frá september og fram í janúar er ljósavinna aðalstarfsemi fyrirtækisins í dag.

### Aðsetur

Árið 2006 flutti vélaverkstæðið yfir í húsnæði í Garðabæ til ársins 2009. Þá flutti það á Skemmuveg 34 í Kópavogi og er það staðsett þar í dag.



Eva Arnet Sigurðardóttir.



Sigurður Vilhjálmsson.



Alls kyns sláttuvélar og orf.



Díóðuljósakrossar á leiði.



Díóðuljósajólkreytingar.



Jón Karl Jónsson.



Frá starfsemi mjólkursamlags.

## Kaupfélag Skagfirðinga



Þórólfur Gíslason, kaupfélagsstjóri.

Kaupfélag Skagfirðinga (KS) var stofnað þann 23. apríl 1889, þá komu saman tólf menn til fundar á Sauðárkróki eftir boði Ólafs Briem, alþingismanns frá Álfgaersvöllum, og stofnuðu nýtt félag sem þá fékk það nafn sem það hefur enn í dag; Kaupfélag Skagfirðinga. Er það meðal elstu fyrirtækja landsins. Fyrstu árin var starfsemi í formi pöntunarfélags en hún þróaðist svo með tímanum. Sláturhús starfsemi hófst upp úr aldamótunum 1900, mjólkursamlag 1934, verkstæðisrekstur 1947. Fiskvinnsla kom inn í starfsemi félagsins 1955 með Fiskiðju Sauðárkróks sem stofnuð var í samvinnu við Sauðárkrókskaupstað. Önnur starfsemi hefur svo bæst við síðan. Kaupfélag Skagfirðinga er samvinnufélag í eigu félagsmanna. Í árslok 2019 voru félagsmenn 1.529. Kaupfélagsstjóri er Þórólfur Gíslason sem gengt hefur því starfi frá 1988.

### Vinnulag og framleiðsluferli

Kaupfélag Skagfirðinga er fyrst og fremst matvælaframleiðslufélag sem skiptist í mjólkurvinnslu, kjötvinnslu og fiskvinnslu ásamt útgerð hjá dótturfélaginu FISK-Seafood ehf. Önnur starfsemi er, m.a. fóðurgerð fyrir bændur í gegnum dótturfyrirtæki félagsins Fóðurblönduna hf., Bústólpa ehf. og Fóðurfélagið ehf., verkstæðisrekstur í Kjarnanum Þjónustuverkstæði á Sauðárkróki. Í Kjarnanum er rekið bifreiðverkstæði, vélaverkstæði og rafmagnsverkstæðið Tengill ehf., KS rekur tvær dagvöruverslanir, Skagfirðingabúð á Sauðárkróki og útibú á Hofsósi, einnig sérhæfða bygginga- og rekstrarvöruverslun fyrir bændur í versluninni Eyrin. Starfsmenn hjá samstæðu KS voru um 1.000 á árinu 2019.

### Kjötafurðastöð

Kjötafurðastöð KS sérhæfir sig í slátrun sauðfjár, nautgripa og hrossa og úrvinnslu þeirra afurða. Kjötafurðastöðin er afkastamesta sauðfjársláturhús landsins. KS á helmingshlut í Sláturhúsi KVH og samanlagt er sauðfjárslátrun þessara tveggja afurðastöðva yfir þriðjungur af landsframleiðslu. KS á einnig Sláturhúsið á Hellu sem er sérhæft stórgripasláturhús. Með þeim kaupum árið 2014 fór hlutdeild KS í stórgripaslátrun í um þriðjung af landsframleiðslu. 2016 keypti KS kjötvinnsluna Esju Gæðafæði ehf. í Reykjavík þar sem unnið er kjöt fyrir verslanir, veitingahús og stóreldhús.

### Mjólkursamlag

Mjólkursamlag KS er sérhæft ostasamlag og framleiðir hefðbundna brauðosta, rifost og aðra sérosta. Starfsemi mjólkursamlags KS hefur aukist mikið undanfarin ár. Á síðustu 30 árum hefur hrámjólkurmagn sem tekið er á móti til vinnslu aukist úr 8 milljónum lítra í yfir 25 milljónir lítra á árinu 2019. Starfsemi Vogabæjar ehf. sem keypt var 2009 og framleiðir E.Finsson sósur, Voga ídýfur og ýmsar vörur undir vörumerkinu Mjólka, var flutt frá Hafnarfirði í húsnæði mjólkursamlagsins á Sauðárkróki 2016.





Drangey kemur til heimahafnar 2017.

Í október 2018 opnaði próteinverksmiðja Íslenskra Mysufurða ehf. sem er í helmingseigu KS og Mjólkursamsölnunnar ehf. í nýju húsnæði við hlið mjólkursamlagsins. Verksmiðjan vinnur árlega um 400 tonn af þurrkuðu mysupróteini úr ostamysu sem fellur til við ostagerð á Norðurlandi. Á árinu 2021 er svo áætlað að etanólframleiðsla hefjist á sama stað, þar sem framleiddir verða 1,5 milljónir lítra af etanóli á ári.

### Fiskvinnsla og útgerð

FISK Seafood ehf. (FISK) er eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki landsins. FISK hefur orðið til með kaupum á eða samruna nokkurra félaga á umliðnum áratugum. Með þeim kaupum hafa aflaheimildir félagsins aukist verulega. Á síðustu 30 árum hefur úthlutaður afli sem félagið hefur til veiða og vinnslu aukist úr 4.038 þorskígildum í 27.000 þorskígildi í árslok 2019.

FISK gerir út tvo ferskisktogara Málmei SK1 og Drangey SK2, frystitogarann Arnar HU1 og Togbátinn Farsæl SH30, en hann er gerður út frá Grundarfirði ástamt Sigurborgu SH sem Soffanías Cecilsson ehf. dótturfélag FISK gerir út. Frystihús FISK er staðsett á Sauðárkróki og saltfiskvinnsla hjá Soffanías Cecilsson ehf. í Grundarfirði.

### Kjarninn þjónustuverkstæði

Þjónustuverkstæðið Kjarninn var opnað árið 2009 á 120 ára afmælisári Kaupfélags Skagfirðinga. Húsnæðið er um 4.400 fm og mjög vel tækjum búið. Þar er í sama kjarnanum rekið bifreiðaverkstæði, vélaverkstæði og rafmagnsverkstæðið Tengill ehf. Í dag starfa í kjarnanum um 100 manns og mikill meirihluti þess iðnmenntað starfsfólk.

### Önnur starfsemi

Fóðurblandan hf. sem er 80% í eigu KS og Bústólpi ehf., dótturfélag Fóðurböndunar framleiða fóður fyrir landbúnað og fiskeldi ásamt því að flytja inn áburð og aðrar rekstrarvörur fyrir bændur.

Flutningastarfsemi hefur lengst af verið ríkur þáttur í starfseminni og var KS brautryðjandi í vöruflutningum með bifreiðum til og frá Sauðárkróki. Þessum flutningum er nú sinnt af dótturfyrirtæki félagsins, Vörumiðlun ehf.

Af öðrum félögum sem KS á að hluta eða öllu leyti má nefna, Trésmiðjan Borg ehf. (100%) Nýprent ehf. (100%), Protis ehf. (100%), Steinull ehf. (50%), Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum (32,88%) og Mjólkursamsalan ehf. (20%).

### Kaupfélag Skagfirðinga framtíðarinnar

Kaupfélag Skagfirðinga hefur komið víða við í Íslensku atvinnulífi, bæði innan héraðs og utan þess og er í dag stór og öflug fyrirtækjasamtæða með starfsemi víða um land. Góður rekstrarárangur undanfarinna ára hefur verið nýttur bæði til að styrkja efnahagslega stöðu félagsins, sem og til að sækja fram og skjóta fleiri stoðum undir rekstur þess.



Komatsu vinnuvélar.



Húsnæði Kraftvéla.

## Kraftvélar



Frá vinstri: Ævar Þorsteinsson, forstjóri Kraftvéla og Viktor Karl Ævarsson, framkvæstjóri sölu- og markaðssviðs Kraftvéla.

Saga Kraftvéla ehf. nær aftur til ársins 1989 er P. Samúelsson hf. tók við umboði Komatsu vinnuvéla og hóf sölu og markaðssetningu í samstarfi við V. Æ. S. vélaverkstæði hf., sem þá var m.a. í eigu Ævars Þorsteinssonar. V. Æ. S. vélaverkstæði hf. var með þjónustusamning við P. Samúelsson og sá V. Æ. S. um alla þjónustu varðandi viðgerðir og varahluti fram til ársins 1992, en þá ákvað P. Samúelsson hf. að yfirtaka viðgerðar- og varahlutaþjónustuna fyrir Komatsu og stofna nýtt fyrirtæki í kringum reksturinn, þar með urðu Kraftvélar ehf. til.

### Starfsemin

Kraftvélar hóf rekstur 1. júní árið 1992 með tvö vörumerki, Komatsu vinnuvélar og Toyota lyftara. P. Samúelsson hf. hafði verið með umboð fyrir Toyota lyftara fyrir stofnun Kraftvéla. Fyrirtækið hóf rekstur í leiguhúsnæði að Funahöfða 6, í Reykjavík með 7 starfsmenn. Það voru þrjú viðgerðamenn, sölumaður, varahlutastarfsmaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri. Af þessu hópi starfa enn þrjú hjá fyrirtækinu en það eru þau Olga Kristjánsdóttir, Gunnar Hrafn Jónsson og Ævar Þorsteinsson.

Fyrirtækið stækkaði ört og fljótlega varð öll aðstaða við Funahöfða of lítil fyrir starfsseminu og var því farið að huga að flutningi. Ákveðið var að byggja nýjar höfuðstöðvar fyrir Kraftvélar á Dalvegi 6-8 í Kópavogi og flutti fyrirtækið í nýbygginguna vorið 1998 og urðu þá mikil umskipti í rekstri fyrirtækisins. Húsnæðið stækkaði um tæpa 1.500 fm<sup>2</sup> ásamt stóru útisvæði og fjölgun starfsmanna um tæp 20 ný stöðugildi. Starfsmannafjöldinn varð mest tæplega 70 manns hér á landi árið 2007 en í dag starfa 40 starfsmenn hjá Kraftvélum.

Árið 2000 var ákveðið að auka við þjónustuna og var þá Kraftvélaleigan stofnuð. Það félag sérhæfir sig í útleigu á vinnuvélum, lyfturum og landbúnaðartækjum. Og hefur sá þáttur í rekstrinum farið vaxandi ár frá ári.

Árið 2010 færði félagið enn út kvíarnar og bætti við sig fleiri leiðandi vörumerkjum þegar Kraftvélar hóf starfssemi á landbúnaðarmarkaðnum, með New Holland og CaseIH dráttavélar. Loks var vöruúrvalið aukið enn frekar árið 2016 þegar Kraftvélar tók við umboði fyrir Grove bílkrana og Potain byggingarkrana. Allt frá stofnun fyrirtækisins hefur verið lögð höfuðáhersla á góða og persónulega þjónustu við viðskiptavinum. Góð þjónusta tryggir framtíðarvöxt og stöðugleika fyrirtækisins.

### Mannauður

Starfsmannavelta hefur verið lítil hjá fyrirtækinu í gegnum árin og mjög góður starfsandi. Kraftvélar var valið fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2010. Félagið er rekið af þeim feðgum Ævari Þorsteinssyni og Viktori Karli Ævarssyni.

### Framtíðarsýn

Vera leiðandi í sölu, leigu og þjónustu á hágæða tækjum og búnaði fyrir jarðvinnuarkað, vörumeðhöndlun og landbúnað á Íslandi og geta veitt viðskiptavinum okkar heildarlausnir.



Árshátíð Kraftvéla 2015 í Edinborg.



Guðmundur Marías Jenson og Björgvin Sveinsson, tæknimenn Lyru að störfum.



Maciej Krzysztof Zimoch og Ignacio Rojas García við uppsetningu á Cobas 8800.

## Lyra

Fyrirtækið Lyra ehf. var stofnað 27. júlí 1991 af feðgunum Höskuldi Höskuldssyni, lyfjafræðingi og Höskuldi Þórðarsyni, vélstjóra. Tilgangur Lyru við stofnun, var að bjóða sérhæfða og faglega þjónustu fyrir rannsóknastofur á heilbrigðisviði er varðar klínískar greiningar á blóðsýnum. Höskuldur Höskuldsson er framkvæmdastjóri Lyru og jafnframt eini eigandinn í dag. Í stjórn með Höskuldi er Aðalheiður Ríkarðsdóttir, kerfisfræðingur. Lyra veitir sérhæfða þjónustu í uppsetningu og viðhaldi læknisfræðilegra efnagreiningartækja sem er að finna á helstu rannsóknastofum heilbrigðisstofnana á Íslandi. Starfsmenn fyrirtækisins starfa þétt saman og hver og einn býr yfir sérhæfðri menntun og þekkingu sem nýtist við að uppfylla kröfur viðskiptavina um bestu mögulegu þjónustu. Fagleg vinnubrögð eru aðalsmerki fyrirtækisins og til að tryggja örugga og ábyrga þjónustu, þá er Lyra ISO vottað fyrirtæki. Helstu viðskiptavinir Lyru eru allar helstu rannsóknastofur landsins.

### Starfsemi

Starfsemi fyrirtækisins byrjaði smátt, enda starfsmaðurinn einungis einn. Markmiðið var að starfa á sviði klínískrar efnagreiningar og sú er raunin í dag. Lyra er heilðsöluvirkni sem annast þjónustu og viðhald á efnagreiningartækjum ásamt því að selja þær rekstrarvörur sem þarf til klínískra efnagreininga. Starfsemi Lyru er þrískipt; sala, vörudreifing og viðhaldsþjónusta. Lyra hóf starfsemi í litlu rými í Borgartúni 31 í Reykjavík. Aðstaðan bauð ekki upp á lagerhald og fyrirtækið flutti fljótlega í stærra og aðgengilegra húsnæði við Borgartún 23. Þaðan lá leiðin í Hlíðarsmára 4, Kópavogi þar sem Lyra starfaði í 14 ár. Frá árinu 2018 hefur starfsemi Lyru verið í Hádegismóum 4, í Reykjavík.

### Starfsmenn og samstarfsaðilar

Starfsmenn fyrirtækisins eru átta og starfa þétt saman. Starfsandi er góður og valinn maður í hverju rými. Helstu erlendu samstarfsaðilar Lyru eru: Roche Diagnostics, Sysmex og Stago.

### Gæða- og umhverfisstefna

Stefna Lyru ehf. er að bjóða viðskiptavinum sínum ávallt upp á faglega og sérhæfða þjónustu á sviði rannsókna. Fyrirtækið leitast við að koma á mótis við hvern og einn viðskiptavin sem framast er unnt og afhenda ávallt umsamin gæði án galla eða frábrigða. Lyra ehf. stefnir að því að viðhalda alþjóðlegri viðurkenningu á þeirri góðri þjónustu sem fyrirtækið veitir á sviði efnagreininga og lífefnagreininga.

Stefna Lyru ehf. er að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og á þau er lögð áhersla í daglegum rekstri. Áhersla er lögð á skapandi lausnir og að efla jákvætt viðhorf starfsmanna til umhverfismála. Markmiðið er að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi Lyru ehf. Fyrirtækið leggur sig fram um að hafa jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið. Lyra mun leggja áherslu að að lagalegar kröfur séu uppfylltar og unnið er að stöðugum umbótum á sviði umhverfismála. Lyra ehf. vinnur samkvæmt gæða og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfylla kröfur ISO staðla.



Höskuldur Höskuldsson, eigandi og framkvæmdastjóri.



Konrad Krzysztofak og Maciej Krzysztof Zimoch, tæknimenn Lyru við Cobas 8800.



Cobas 8800 veirugreiningartæki á Sýkla- og veirufræðideild LSH.



Oddur Gunnarsson, Áslaug Jónsdóttir, Jón Hjörtur Oddsson, Ingunn Egilsdóttir og Sólveig Erla Oddsdóttir.

## Líf&List



Það var um aldamótin að við hjónin, Áslaug Jónsdóttir og Oddur Gunnarsson stóðum á tímamótum þá 40 ára gömul. Við höfðum starfað í Húsgagnahöllinni frá tvítugsaldri en hún ásamt Intersport og fasteigninni að Bildshöfða 20 var að stærstum hluta í eigu foreldra Áslaugar, Jóns Hjartarsonar og Maríu Júlíu Sigurðardóttur. En einnig áttu Áslaug, systur hennar og eiginmenn hlut. Árið 2000 voru bæði fyrirtækin seld ásamt fasteigninni og nú gafst tækifæri til að finna sér nýjan og spennandi starfsvettvang.

### Sagan

Okkur lá ekkert á og sumarið 2002 fórum við í langt og gott frí þar sem við létum drauminn rætast og keyrðum um Evrópu og drukkum í okkur menningu, listir og sögu. Við keyrðum til Pontigny í Frakklandi til að skoða klaustur þar sem faðir Odds hafði dvalið á fjórða áratugnum og þaðan fórum við til Auxerre sem er mörg hundruð ára gamall bær þar rétt hjá. Þar gengum við um alveg heilluð af því sem fyrir augun bar. Þar sáum við meðal annars heimilisvöruverslun í margra alda gömlu húsi sem vakti áhuga okkar og við litum inn. Það má segja að þarna hafi verið upphafið að Líf&List. Áslaug sá svo fallegt matar- og kaffistell að hún varð að eignast það. Oddur var hinsvegar alls ekki til í að keyra um Evrópu þvers og kruss með matarstell í skottinu svo við fengum bækling. Það var einhver áhugi sem kviknaði þarna og við fórum að vera meira í búðum að skoða heimilisvörur en að skoða söfn og byggingar. Við byrjuðum að skrá hjá okkur vörumerki sem okkur þótti álitleg og voru áberandi í verslunum í mörgum löndum. Þegar heim var komið höfðum við skráð hjá okkur 19 eftirsóknarverð vörumerki og vorum komin með brennandi áhuga á að stofna heimilisvöruverslun.

Við komum heim í lok júlí og daginn eftir heimkomu óskuðum við eftir fundi með framkvæmdastjóra Smáralindar sem hafði opnað haustið áður. Úr varð að við festum okkur pláss, þó með þeim fyrirvara að okkur tækist að ná viðskiptasamningum við birgja, en við vorum þá alveg óþekkt í þessum bransa. Í byrjun ágúst fórum við á sýningu í Þýskalandi og okkur til mikillar gleði náðum við samningum við alla 19 birgjana sem voru efstir á óskalistanum okkar og fleiri til. Þegar heim var komið þá tók við mikið verk. Við vorum með 289m<sup>2</sup> fohelt pláss í Smáralind og við fengum aðstoð hjá VA Arkitektum við að hanna verslunina og á gamla góða íslenska máttann, þá opnuðum við Líf&List í Smáralind 16. nóvember 2002, rétt um 4 mánuðum eftir að hugmyndin fæddist. Ári seinna opnuðum við Líf&List-húsgögn í Ármúla og gekk sú verslun vel en við tókum þá ákvörðun að loka henni í efnahagshruninu þar sem útlitið var ekki bjart framundan og ákváðum að einbeita okkur að rekstrinum í Smáralind.

### Þróunin

Verslunin hefur tekið miklum breytingum. Eins og komið hefur fram þá vorum við nýgræðingar og áttum margt eftir ólært. Við höfum ávallt haft það að leiðarljósi að hlusta á óskir og þarfir viðskiptavinanna og sáum fljótlega að við gætum bætt okkur mjög mikið, ef við myndum bæta við skandinavískum vörumerkjum og hönnunarvörum. Og þá fóru veggirnir að þrengja að okkur, bara alls ekki nóg pláss fyrir allar hugmyndirnar. Auk þess togaði það alltaf í okkur



að selja vönduð húsgögn og höfðum við mestan áhuga á að selja húsgögn frá Skovby í Danmörku og Ekornes í Noregi. Við höfum stækkað verslunina nokkrum sinnum og erum núna að leggja lokahönd á 5. stækkunina og hefur þá verslunin stækkað úr 289m<sup>2</sup> í 958m<sup>2</sup>.

### Fjölskyldufyrirtæki

Þegar við opnuðum Líf&List vorum við með barn og unglinga á heimilinu og þetta var svona eins og gerist og gengur með fjölskyldufyrirtæki. Fjölskyldan er samheldin, vinnuferðum og fríi gjarnan slegið saman. Börnin komu með á vörusýningar og svo var farið í Tívolí, dýragarða og tónleika í útlöndum. Líf&List er dæmigert gamaldags fjölskyldufyrirtæki sem er í dag í helmings eigu okkar hjónanna og meðeigendur okkar eru börnin okkar þrjú. Sonur okkar Jón Hjörtur Oddsson er viðskiptafræðingur og er framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Kona Jóns Hjartar, Dórothea, er grafískur hönnuður og hefur lagt okkur mikið lið. Dóttir okkar María Björk Oddsdóttir er innanhússhönnuður. Hún býr í Englandi ásamt manni sínum, Freddie Carballido byggingatæknifræðingi og þremur dætrum. Þau reka sitt eigið fyrirtæki í fasteignabransanum en María Björk er einnig í hlutastarfi hjá Líf&List, þökk sé tækni nútímans. Yngsta dóttir okkar Sólveig Erla Oddsdóttir er lögfræðingur en hún tók þá ákvörðun að námi loknu að koma til starfa hjá fyrirtækinu. Jón Þór, eiginmaður Sólveigar er hugbúnaðarverkfræðingur og hann hefur lagt okkur lið í allskonar nútíma tæknimálum. Velgengni fyrirtækisins felst í því að við „þessi gömlu“ erum íhaldssöm og varkár en unga fólkið okkar er vel menntað, upplýst og framsækið. Þetta er fullkomin blanda stjórnenda ef þeir eldri halda ekki of fast um taumana. Unga fólkið er framtíðin og kann betur á nútímann.

### Mannauður

Auk fjölskyldunnar eru nú 14 starfsmenn í fullu starfi og 10 starfsmenn í hlutastarfi. Ingunn Egilsdóttir verslunarstjóri hefur unnið með okkur í 30 ár í haust og Eyjólfur Þórður Þórðarson lagerstjóri og Þórleif Sigurðardóttir útstillingarhönnuður og hafa bæði unnið með okkur í yfir 10 ár. Við höfum verið lánsöm með samstarfsmenn frá upphafi og eigum orðið fjöldan allan af föstum og góðum viðskiptavinum.



Dórothea Svavarsdóttir, Jón Hjörtur Oddsson, Sólveig Erla Oddsdóttir og Jón Þór Kristjánsson – fundað um markaðsmálin.



Systumar María Björk og Sólveig Erla velta möguleikum fyrir sér.



Uppskipun á Grundartanga.



Sölumaður Líflands á ferð.

## Lífland



Þórir Haraldsson, forstjóri Líflands.



Fóðrun hreindýra.

Lífland í 100 ár - Lífland hóf starfsemi sína 24. mars árið 1917 og hét þá Mjólkurfélag Reykjavíkur. Félagið var stofnað af bændum í Reykjavík og nærsveitum til að annast vinnslu og dreifingu mjólkur í Reykjavík. Jafnframt því hóf félagið að útvega bændum rekstrarvörur til búskapar. Afskiptum félagsins af mjólkurdreifingu lauk 1935 þegar umdeild mjólkursölulög tóku gildi og yfirtók Mjólkursamsalan í Reykjavík mjólkurstöð MR. Eftir það fór félagið að einbeita sér að sölu á rekstrarvörum til bænda og síðar fóðurframleiðslu. Fyrirtækið hefur tekið tölverðum breytingum frá því að það var stofnað fyrir rúmlega 100 árum síðan en hefur þó ætíð haldið tryggð við íslenskan landbúnað og er enn stór hluti starfseminnar tengdur þjónustu við bændur.

### Nafni félagsins breytt

Árið 2005 var nafni félagsins breytt úr Mjólkurfélagi Reykjavíkur í Lífland. Ástæðan var sú að nafnið þótti ekki eiga lengur við, enda umsýsla með mjólk og mjólkurafurðir ekki lengur hluti af starfseminni. Var þá valið nafn sem var í takt við það sem fyrirtækið vildi vera fyrir land og þjóð. Lífland - fyrir lífið í landinu varð þannig til og hefur okkur þótt þessi setning ná vel utanum það sem Lífland stendur fyrir.

### Eigendur og stjórn Líflands

Forstjóri Líflands er Þórir Haraldsson. Þórir er fæddur árið 1953 og ólst upp á Hvanneyri. Hann er menntaður verkfræðingur og hefur starfað hjá Líflandi frá árinu 2003. Og hefur hann gengt starfi forstjóra félagsins. Árið 2004 keypti Þórir ásamt Kristni Björnssyni hlut í félaginu og árið 2010 eignuðust þeir félagið 100%. Árið 2015 lést Kristinn. Árið 2017 keypti framtakssjóðurinn Horn III 50% hlut Kristins af konu hans Sólveigu Pétursdóttur. Stjórn félagsins skipa í dag þau Þórarinn V. Þórarinnson stjórnarformaður, María Steinunn Þorbjörnsdóttir meðstjórnandi og Steinar Helgason meðstjórnandi.

### Starfsemin

Hjá fyrirtækinu vinna um 75 manns í fjölbreyttum störfum og er mannauður fyrirtækisins einn af helstu styrkleikum þess. Það er gott að vinna hjá Líflandi og er starfsaldur hér frekar hár og því er mikil þekking og reynsla fólgin í því fólki sem hér starfar. Lífland rekur í dag tvær verksmiðjur ásamt fimm verslunum sem staðsettar eru í Reykjavík, Akureyri, Blönduósi, Hvolsvelli og í Borgarnesi. Auk þess á fyrirtækið húsnæði við Brúarvog þar sem skrifstofan og lagerinn er til húsa.

### Fullkomin fóðurverksmiðja á Grundartanga

Á Grundartanga er fóðurverksmiðja fyrirtækisins, þar sem framleitt er kjarnfóður fyrir landbúnað, en segja má að kjarnastarfsemi Líflands sé framleiðsla á kjarnfóðri fyrir flestar tegundir búfjár. Verksmiðjan var reist árið 2009 og er búin nýjustu tækni til framleiðslu fóðurs.

Mikil áhersla er lögð á gæði fóðursins og uppfyllir það stranga gæðastaðla hvað varðar næringargildi og hreinleika. Mikið er lagt upp úr vöruþróun og er fóðrið í stöðugri endurskoðun þar sem reynt er að bregðast hratt og örugglega við þörfum markaðarins.

Við bjóðum bændum upp á að taka heysýni og rannsaka fyrir þá hvaða efni vantar í fóðrið þeirra og veitum þeim ráðgjöf við val á fóðri út frá þeim niðurstöðum. Við höfum einnig reynt að vera í fararbroddi þegar uppfylla þarf nýjar kröfur sem koma með breyttum áherslum í landbúnaði eins og þær er varða nautaeldi, en bændur eru í meira mæli farnir að rækta nautkálfa. Við höfum þróað heildstæða vörulínu sem sérsniðnar eru að mismunandi aldurskeiðum kálfa, allt frá byrjun til loka eldistímans. Einnig hefur Lífland reynt að tileinka sér þróun í vistvænum landbúnaði og setti nýlega á markaðinn nýtt bætiefni sem við nefnum Vitsbót en hún er þeim eiginleikum gædd að minnka losun metans út í andrúmsloftið.

### Íslensk framleiðsla í Kornax

Í Korngörðum er Kornax, eina hveitimylla landsins, þar sem Lífland framleiðir íslenskt hveiti. Lífland tók við rekstri Kornax árið 2006 en verksmiðjan var reist árið 1987 og hefur hún því starfað í yfir 30 ár. Kornax hefur verið leiðandi vörumerki á Íslandi í mjöli fyrir bæði bakstursiðnaðinn og neytendamarkaðinn, þökk sé traustum viðskiptavinum.

Lífland hefur ætíð notað gott hráefni við framleiðslu í verksmiðjum sínum og leggur sig fram við að finna besta mögulega hráefni á hverjum tíma enda ráðast gæði vörunnar af gæðum kornsins.

### Verslanir Líflands

Lífland rekur fimm verslanir um landið ásamt vefverslun á netinu. Er þar að finna mikið úrval af landbúnaðarvörum en ekki síður vörum tengdum hestum og hestamennsku.

Lífland er stærsti söluaðili á Íslandi þegar kemur að hestavörum og leggur metnað í að hafa vöruúrvalið bæði vandað og glæsilegt, bæði hvað varðar fatnað og aðrar vörur sem tengjast reiðmennskunni.

### Styður við hestaíþróttina á Íslandi

Lífland hefur verið dyggur stuðningsaðili hestaíþróttarinnar á Íslandi og hefur undanfarin ár verið aðal styrktaraðili íslenska landsliðsins ásamt því að styðja við bakið á upprennandi knöpum í Meistaradeild Líflands og æskunnar auk fleiri viðburða í hestaíþróttum.

### Aukin þjónusta og breiðara vöruúrval

Á undanförunum árum hefur verið lögð aukin áhersla á að efla þjónustu við viðskiptavinum með því að breikka vöruúrvalið til muna. Má þar nefna aukið framboð á rekstrarvöru, sölu á áburði og sáðvöru. Einnig hefur Lífland hafið sölu á mjaltþjónum, innréttingum og heilfóðurkerfum frá framleiðendunum GEA og Big Dutchman, sem eru leiðandi í þróun og nýsköpun á búnaði fyrir landbúnað og matvælaframleiðslu í heiminum. Sú þjónusta hefur gengið vel og er nú fjöldi mjaltþjóna og annars búnaðar frá Líflandi komnir í notkun á búum um allt land.

### Lífland fyrir lífið í landinu

Fyrirtækið hefur verið samofið sögu íslensku þjóðarinnar og hefur tekið breytingum í takt við þjóðfélagsbreytingar í gegnum árin. Við erum á tánum og fylgjumst með nýjungum ásamt því að vera sveigjanleg í þjónustu gagnvart viðskiptavinum okkar og höfum þeirra hagsmuni og þarfir ávalt í huga. Við teljum að þessir þættir hafi ekki haft hvað síst áhrif á gott gengi félagsins hingað til og munum við því halda áfram að vinna að þeirra hag og lítum björtum augum til framtíðar.



Verðlaunahafar með Kornax mjöl.



Opnun nýrrar verslunar Líflands í Borgarnesi 11. des. 2020.



Landslið Íslands í hestaíþróttum.



Lyf & heilsa Kringlan, Kringlunni 8-12, Reykjavík.

## Lyf & heilsa

Lyf og heilsa hf. var stofnað þann 1. mars 1999 af Karli Wernerssyni og fleirum með samruna 11 lyfjaverslana. Lyfjaverslanirnar sem um ræðir voru Vesturbæjarapótek, Apótek Austurbæjar, Ingólfsapótek, Lyfjabúðin Kringlunni, Holtsapótek, Breiðholtsapótek, Hraunbergsapótek, Stjörnuapótek, Sunnuapótek Akureyri, Selfossapótek og Hveragerðis-apótek auk lyfjaútibús í Þorlákshöfn. Árið 2000 bættust þrjú ný apótek við keðjuna og voru þau þar með orðin 14 talsins. Miklar breytingar hafa átt sér stað á þessum 20 árum og eru lyfjaverslanirnar ásamt lyfjaútibúum nú orðnar 31 talsins.

Lyf og heilsa hf. rekur apótek undir merkjum Lyfja & heilsu og Apótekarans, ásamt framleiðsludeild Gamla apótekis, SA lyfjaskömmun og Augastað gleraugnaverslunum. Apótek Lyfja og heilsu eru nú fjögur, staðsett í Kringlunni, Granda, Firði og á Glerártorgi Akureyri. Apótek Apótekarans eru 26 talsins og eru víðsvegar um landið, á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesbæ, Akranesi, Suðurlandi og Norðurlandi.

### Lyf & heilsa

Lyf & heilsa leggur áherslu á heilsu og heilbrigði og er markmið keðjunnar að auka lífsgæði viðskiptavina sinni með því að bjóða lyf, aðrar heilutengdar vörur og barnavörur ásamt breiðu úrvali af snyrtivörum. Lyf & heilsa leggur sérstaka áherslu á forvarnir í átt að betri heilsu og mælingar eru meðal þjónustu sem boðið er upp á. Um er að ræða þrennskonar mælingar; blóðþrýstings-, blóðfitu- og blóðsykursmælingar.

### Apótekarinn

Apótekarinn leggur mikið upp úr persónulegri, öruggri og faglegri þjónustu þar sem áhersla er lögð á heilbrigðan lífstíl, bæði andlegan og líkamlegan. Apótekarinn leggur sérstaka áherslu á forvarnir í átt að betri heilsu og býður upp á allt að þrenns konar mælingar; blóðþrýstings-, blóðfitu- og blóðsykursmælingar, sem geta gefið vísbendingar um líkamsástand þitt til framtíðar. Mælingarnar eru mismunandi eftir apótekum. Í vöruvali er lögð áhersla á lyf, lausasöluþyfl og aðrar heilutengdar vörur á góðu verði.



Gamla apótekið, vörur.

### Gamla apótekið

Gamla apótekið er framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á kremum, áburðum, olíum og mixtúrum. Vörurnar eru byggðar á uppskriftum frá þeim tíma sem krem og áburðir voru framleidd í apótekum og má rekja fyrstu uppskriftirnar til ársins 1953 þegar apótek Austurbæjar var stofnað á Háteigsvegi. Framleiðslan fór fram á Háteigsveginum þar til í byrjun árs 2010 þegar hún var flutt í stærra húsnæði í Síðumúla, þar sem öll framleiðsla fyrirtækisins fer fram í dag. Vörur Gamla apótekisins má finna í öllum helstu apótekum landsins.





SA Lyfjaskömmtun, Skipholti 50b, Reykjavík.

Framhald á næstu opnu →

### Augastaður

Augastaður gleraugnaverslun er staðsett á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu, í Mjódd og Firði Hafnarfirði. Áherslan hjá Augastað er á framúrskarandi þjónustu þar sem öll fjölskyldan getur fundið það sem hentar hverjum fjölskyldumeðlim. Í boði er breitt úrval af gleraugnaumgjörðum fyrir allan aldur, glerjum og linsum á góðu verði. Boðið er upp á faglegar sjónmælingar og linsumátanir, sem framkvæmdar eru af sjóntækjafræðingum.

### SA lyfjaskömmtun

SA lyfjaskömmtun býður upp á tölvustýrða vélskömmtun lyfja í lyfjarúllur. SA lyfjaskömmtun býr yfir nýjum og fullkomnum vélum til skömmtunar á lyfjum. Með vélskömmtun lyfja má bæta meðferðarheldni, og hún hentar öllum þeim sem taka lyf að staðaldrí, hvort sem um er að ræða mörg lyf á ólíkum tímum dagsins eða eina töflu á dag. Hver poki er sérmerktur viðkomandi þar sem allar upplýsingar koma fram, s.s. nafn lyfja, nafn þess sem taka á inn lyfin, fjöldi taflna, dagsetning, inntökutími og fleira.

### Eigendur og stjórnendur

Lyf og heilsa hf. er að 99,56% hluta í eigu Faxa ehf. en endanlegur eigandi frá árinu 2014 er Jón Hilmar Karlsson. Jón Hilmar situr í stjórn Lyfja og heilsu, ásamt Önnu Guðnýju Aradóttur og Sigurði Ólafssyni stjórnarformanni.

Í framkvæmdastjórn Lyfja og heilsu eru fimm einstaklingar, þrjár konur og tveir karlar. Framkvæmdastjóri er Kjartan Örn Þórðarson, en hann er lyfjafræðingur að mennt og hefur starfað hjá fyrirtækinu frá árinu 2002 og hefur gegnt flestöllum störfum innan fyrirtækisins. Sölu- og markaðsstjóri er Aðalbjörg Eggertsdóttir, sem hefur starfað á mismunandi sviðum fyrirtækisins allt frá stofnun þess. Rekstrar- og mannauðsstjóri er Guðbjörg Stefánsdóttir, en hún hefur starfað hjá fyrirtækinu frá árinu 2018. Upplýsingatæknistjóri er Unnar Sigurðsson, hann hefur starfað frá árinu 2017 og aðalbókari er Sólveig Dagmar Erlendsdóttir, sem hefur starfað hjá fyrirtækinu frá árinu 2015.

### Markmið og sérsvið

Viðskiptalíkan og sérsvið félagsins byggir á heilsu og heilbrigði. Markmið félagsins er að auka lífsgæði viðskiptavina sinna með því að veita framúrskarandi þjónustu. Vöruframboðið tekur mið af ströngustu kröfum viðskiptavina og lögð er áhersla á að veita persónulega, örugga og faglega þjónustu. Með þessi markmið að leiðarljósi hefur starfsfólki Lyfja og heilsu tekist að byggja upp traust samband við viðskiptavinina sína.

Samkvæmt Íslensku ánægjuvöginni 2019 voru viðskiptavinir Apótekarans marktækt ánægðustu viðskiptavinir apóteka á Íslandi, auk þess sem Apótekarinn var meðal þriggja efstu fyrirtækja í flokki smávöruverslunar varðandi ánægju viðskiptavina. Þá voru viðskiptavinir Apótekarans einnig ánægðustu viðskiptavinir lyfjaverslana árið 2020, annað árið í röð.



Apótekarinn Selfossi, Austurvegi 3-5, Selfossi.

### Samfélag og umhverfi

Lyf og heilsa hf. starfar í sátt við samfélag og umhverfi. Með því að haga starfseminni á samfélagslega ábyrgan hátt stuðlum við að arðsemi, vexti til framtíðar og til hagsbóta fyrir samfélagið. Í gegnum árin hefur Lyf og heilsa hf. verið einn stærsti styrktaraðili Hjálparstarfs kirkjunnar og einn stærsti styrktaraðili Krafts - stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra.

Lyf og heilsa hf. hefur lagt áherslu á að styrkja einstaklinga, sjúklingasamtök, önnur minni félagasamtök og hópa sem minna mega sín í samfélaginu, en auk þess hefur Lyf og heilsa hf. styrkt starf íþróttafélaga víðsvegar um landið. Við ákvörðun styrkja til íþróttafélaga er horft til staðsetningar, stærðar og fjölbreytileika félagsins.

### Þróun

Gríðarleg framþróun hefur átt sér stað innan apóteka fyrirtækisins á undanfönum árum. Fyrirtækinu er mjög umhugað um starfsmenn sína, enda eru þeir undirstaðan að velgengni í rekstri fyrirtækisins. Á undanfönum árum hafa flest apótek félagsins verið endurinnréttuð með það að leiðarljósi að bæta starfsmannaaðstöðu, hagkvæmni og upplifun viðskiptavina. Þetta er vinna sem aldrei tekur enda og er markmið fyrirtækisins að viðhalda og þróa apótekin í takt við tímann.

Lyfjaverð á Íslandi hefur á undanfönum árum helmingast og lækkað meira en á Norðurlöndunum, þáttur apótekanna er þar gríðarlega mikilvægur. Þá hefur á síðastliðnum árum verið innleitt nýtt greiðsluþátttökukerfi sem er ætlað að jafna hlut sjúklings, nýtt lyfjauðkenniskerfi sem er ætlað að koma í veg fyrir að fölsuð lyf komist í sölu, pappírslaus viðskipti – þar með er lyfseðillinn í þeirri mynd sem við þekkjum hann ekki lengur til – og margt fleira.

Apótek landsins eru oftar en ekki fyrsti og jafnvel eini snertiflötur fólks við heilbrigðiskerfi landsins. Sú þjónusta sem veitt er í apótekum landsins verður að teljast algjörlega til fyrirmyndar, en á undanfönum árum hefur aðgengi fólks að þjónustu og ráðgjöf aukist til mikilla muna. Mikilvægt er að horfa til þess að styrkja apótekin enn frekar í því hlutverki sem þau hafa að gegna í heilbrigðiskerfinu og um leið víkka út starfsemi þeirra. Mannauður og þekking eru svo sannarlega til staðar og apótekin oftar en ekki betur til þess fallin að veita einfalda þjónustu í stað þess að gera það á mun dýrari stigum heilbrigðiskerfisins.

### Aðsetur

Höfuðstöðvar félagsins eru í Reykjavík. Hlutverk þeirra er að veita öllum starfsdeildum félagsins allan þann stuðning sem til þarf, til að halda uppi þeim þjónustumarkmiðum sem unnið er eftir.



Augastaður Mjódd gleraugnaverslun, Álfabakka 14, Reykjavík.

### Mannauður

Hjá fyrirtækinu starfa að meðaltali um 250 manns í um 140 stöðugildum. Þar af um 60 lyfjafræðingar. Margir starfsmenn fyrirtækisins hafa starfað hjá því frá upphafi og starfsaldur hjá stórum hluta starfsmanna er mjög hár, það er eitthvað sem við erum virkilega stolt af. Starfsfólk fyrirtækisins er á öllum aldri, með mismunandi menntun og sinnir mismunandi störfum. Allir starfsmenn vinna þó að sama markmiði; að veita framúrskarandi þjónustu. Lyf og heilsa hf. lauk jafnlaunavottun árið 2020 í samræmi við lög um jafna stöðu karla og kvenna.

### Velta

Frá því Lyf og heilsa hf. var stofnað árið 1999 hefur velta félagsins farið úr einum milljarði í rúmlega 10 milljarða.

### Framúrskarandi fyrirtæki

Lyf og heilsa hefur verið á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki frá árinu 2017 og var árið 2020 í 65. sæti yfir stærstu fyrirtæki landsins.

Stjórnendur. Frá vinstri: Unnar Sigurðsson upplýsingatæknistjóri, Guðbjörg Stefánsdóttir rekstrar- og mannauðsstjóri, Aðalbjörg Eggertsdóttir sölu- og markaðsstjóri, Kjartan Örn Þórðarson, framkvæmdastjóri og Sólvieg Dagmar Erlendsdóttir, aðalbókari. Ljós. Íris Dögg Einarsdóttir.





Lyfja Smáratorgi.



Lyfjaskilakassi Lyfju.

## Lyfja

**LYFIN HEIM AÐ DYRUM**

Í Lyfju appinu getur þú sótt um umboð til að versla fyrir aðra og fengið lyfseðilsskyld lyf send fritt heim að jafnaði innan klukkustundar á öllum stærstu þéttbýlissstöðum landsins. Í appinu getur þú einnig fengið ráðgjöf sérfræðings.

Sæktu Lyfju appið í App Store og Google Play.

Lyfju appið, fyrsta snjall-apótekið á Íslandi.

Lyfja er verslunarkeðja sem er jafnframt hluti af heilbrigðisþjónustu Íslendinga. Árið 2019 markaði upphaf breytinga hjá Lyfju í kjölfar stefnumörkunar og eigendaskipta. Síðan þá hefur verið unnið heildstætt að umbreytingu á Lyfju hvað varðar staðsetningar, staðfærslu, vöruval, þjónustu, kynningar og stafrænar lausnir. Umbreytingar á verslunum Lyfju hófust af fullum krafti árið 2020 þar sem áhersla er á upplifun viðskiptavina. Ný dreifileið, fyrsta persónusniðna snjall-apótekið, Lyfju appið, leit dagsins ljós árið 2020 og kynningar- og samfélagsstefnu fyrirtækisins var breytt.

### Sagan

Lyfja var stofnuð árið 1996 þegar ákvæði nýrra lyfjalaga sem tryggðu frelsi í stofnun og rekstri lyfjabúða tóku gildi. Lagabreytingin hafði mikil áhrif á markaðinn en áður höfðu yfirvöld úthlutað lyfsöluleyfum og apótekin skiptu með sér markaðssvæðum. Þann 11. apríl 1996 opnaði Lyfja fyrsta apótekið í Lágmúla þar sem lögð var áhersla á virka samkeppni, lágt lyfjaverð, aukið vöruúrval og góða þjónustu. Í dag rekur Lyfja 46 apótek og útibú allan hringinn í kringum landið og hjá Lyfju starfa um 350 starfsmenn. Frá síðustu aldamótum hefur lyfjaverð til neytenda út úr apótekum á Íslandi lækkað um helming að raunvirði samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Verð á lyfjum á Íslandi er svipað og á hinum Norðurlöndunum en Ísland sker sig frá hvað varðar þjónustu, hér á landi eru fleiri apótek pr. íbúa og fleiri starfandi lyfjafræðingar en á hinum Norðurlöndunum.

### Lágt lyfjaverð

Verðlagning lyfseðilsskyldra lyfja á Íslandi er ákveðin af Lyfjagreiðslunefnd, sem gefur mánaðarlega út lyfjaverðskrá þar sem kveðið er á um heildsöluverð og hámarksálagningu í smásölu. Það er stefna Lyfju að lækka lyfjakostnað neytenda, það gerir Lyfja meðal annars með áherslu á fræðslu um samheitalyf og kynningu þeirra.

### Betri staðsetningar

Lyfja leggur mikla áherslu á hentuga staðsetningu apóteka fyrir viðskiptavinum. Lyfja rekur í dag 46 apótek og útibú allan hringinn í kringum landið, það hefur verið stefna Lyfju að fjölga apótekum á stöðum sem hentar viðskiptavinum. Lyfja hefur á síðustu tveimur árum opnað tvö ný apótek, keypt þrjú apótek, sameinað tvö apótek og lokað tveimur apótekum.

### Breytt vöruval

Vöruval Lyfju endurspeglar áherslu á nútímalegt heilbrigði og vellíðan. Lyfja býður vítamín og bætiefni, hreinlætisvörur, snyrtivörur, hjúkrunarvörur og ýmis konar stoðvörur - áhersla er lögð á vörumerki sem eru líklegri til þess að auka heilbrigði og vellíðan. Heilsuhúsið hefur fengið sérstakan sess í apótekum Lyfju en viðskiptavinir geta nú fundið náttúrulegar og umhverfisvænar vörur í sérstökum „Heilsuhúsum“ í apótekum Lyfju.



Verslanir Lyfju eru um land allt.

### **Þjónusta og ráðgjöf**

Lyfja er eina apótekið á Íslandi sem býður viðskiptavinum upp á hjúkrunarþjónustu án þess að panta þurfi tíma. Hjúkrunarfræðingar Lyfju framkvæma heilsufarsmælingar, bólusetningar, aðstoða við umbúðaskipti, sprautugjafir og veita ráðgjöf við vöruval.

### **Lyfju appið - Persónusniðið sjallapótek**

Lyfja hefur tekið forystu í stafrænum lausnum með því að bjóða upp á Lyfju appið þar sem viðskiptavinir geta keypt lyfseðilsskyld lyf og fengið send heim án aukakostnaðar með öryggi og hraða sem ekki þekkist hér á landi. Lyfju appinu hefur verið tekið mjög vel og er það ofarlega á vinsældarlistum app markaðstorgana. Viðtökur viðskiptavina hafa verið framúrskarandi og er appið notað af tugum þúsunda Íslendinga. Lyfju appið býður jafnframt upp á notendavænar upplýsingar um öll skráð lyf á Íslandi, notkunarleiðbeiningar og aukaverkanir. Einnig er hægt er að spjalla við sérfræðinga Lyfju og fá ráð í gegnum Lyfju appið.

### **Sterkt vörumerki og góð þjónusta**

Lyfja er traust og sterkt vörumerki sem allir landsmenn þekkja samkvæmt vörumerkjakönnun Gallup, og reglulegar kannanir sýna að almenningur telur Lyfju framar öðrum apótekum þegar horft er til þjónustu, vöruúrvals, ráðgjafar og þekkingar starfsfólks.

### **Sjálfbærni og umhverfi**

Sjálfbærni og samfélag skiptir Lyfju miklu máli. Lyfja hefur einsett sér að „stuðla að heilbrigðu lífverni og vellíðan“ í takt við þriðja heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna og leggja sitt af mörkum hvað varðar umhverfismál.

### **Áskoranir á Íslandi**

Þær áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir hvað varðar heilbrigði og vellíðan eru breytt aldursamsetning, framboð og aðgengi að úrræðum og þjónustu eftir landsvæðum, langvinnir lífstíllsjúkdómar, framboð nýrra lyfja og ofnotkun sýklalyfja, útgjöld til heilbrigðismála og mönnum heilbrigðisþjónustu. Það sést því glöggst hvers vegna Lyfja hefur valið að leggja áherslu á heilbrigði sem lífstíl, vellíðan og forvarnir sem aðgreiningu. Lyfja á og rekur Lyfjabókina sem er aðgengileg fyrir almenning á netinu. Þar er hægt að nálgast upplýsingar um öll skráð lyf sem seld eru í apótekum á Íslandi. Lyfjabókin er mikið notuð en um 500 þúsund notendur flettu upp í henni í fyrra. Að auki eru upplýsingar úr bókinni beintengdar við lyfjaávisanir notenda í Lyfju appinu. Til að auka aðgengi að sérfræðingum geta viðskiptavinir Lyfju spjallað við þá í Lyfju appinu og á Lyfja.is. Að auki leggur Lyfja áherslu á viðburði þar sem sérfræðingar halda erindi á samfélagsmiðlum og svara spurningum í lokuðu netspjalli.

### **Styrktarsjóður Lyfju**

Árið 2020 fengu 11 félagasamtök úthlutun úr sjóðum og árið 2021 styrkti Lyfja 5 málefni sem öll eiga það sameiginlegt að vera heilsueflandi eða hafa forvarnargildi.

### **Jafnrétti**

Hjá Lyfju starfa um 350 starfsmenn og er óútskýrður launamunur kynjanna 0%. 86% starfsmanna Lyfju eru konur og Lyfja hefur sett sér það markmið að 25% starfsmanna verði annað kyn en konur fyrir lok ársins 2023.

### **Kolefnisjöfnun**

Lyfja heldur með kolefnisbókhald og á árinu 2020 gerði fyrirtækið samning við Kolvið sem felur það í sér að Kolviður gróðursetur árlega tré til móts við þau tonn af koldíoxíði sem starfsemi Lyfju losar.

### **Lyfaskilakassar**

Lyfja tók í notkun fyrsta lyfjaskilakassann á árinu 2020 sem staðsettur er á besta stað í apótekum Lyfju en örugg lyfjaskil eru eitt mikilvægasta framlag Lyfju til umhverfisverndar þar sem það mælast reglulega efni sem eru talin vera ógn við lífríki og vatnaumhverfi í sýnum Umhverfisstofnunar. Á hverju ári sendir Lyfja 8-9 tonn af lyfjum og sprautnállum í örugga eyðingu.



Bílaapótekið í Kópavogi sem er eitt stærsta apótek landsins og var stækkað í 7 lúgur árið 2018.

## Lyfjaval



Lyfjaval, Mjódd.

Árið 1996 tóku í gildi ákvæði nýrra lyfjalaga sem tryggðu frelsi í stofnun og rekstri lyfjabúða. Fyrir þessa breytingu höfðu apótekin skipt með sér markaðssvæðum og yfirvöld höfðu úthlutað lyfsöluleyfum. Þessi lagabreyting hafði mikil áhrif á lyfjamarkaðinn, í eldra umhverfinu var nánast engin samkeppni og lyfjaverð það sama í öllum lyfjaverslunum. Núverandi umhverfi og markaður býður upp á meiri fjölbreytni í þjónustu apótekanna og lyfjaverð hefur lækkað. Álagning á lyf í smásölu hefur lækkað um 40% frá því lyfjaverslun í smásölu var gefin frjáls. Fyrsta apótekið sem opnaði eftir að nýju lyfjalögin tóku endanlega gildi 15. mars 1996 var Apótek Suðurnesja, sem opnaði 8. apríl 1996. Apótek Suðurnesja var selt til Lyfju í október 2002. Í mars 2003 stofnuðu eigendur Apóteks Suðurnesja þau Þorvaldur Árnason og Auður Harðardóttir Lyfjaval.

### Apríl 2003 - Fyrsta apótek Lyfjavalis opnar í Mjódd

Í apríl árið 2003 var fyrsta apótek Lyfjavalis opnað í Mjódd, Lyfjaval í Hæðasmára opnaði árið 2005 og Lyfjaval í Álftamýri opnaði árið 2006. Meginmarkmið Lyfjavalis er að lækka lyfjaverð og veita viðskiptavinum sínum góða ráðgjöf og persónulega þjónustu. Það er stefna Lyfjavalis að starfsemi og þjónusta uppfylli ávallt væntingar viðskiptavina og að fyrirtækið skili ávallt umsömdum gæðum á þeim tíma sem um er samið. Lyfjaval leggur mikla áherslu á að þjónusta við viðskiptavini sé meiri en í hefðbundnum apótekum og gerir fyrirtækið þeim viðskiptavinum sínum sem eiga við hreyfiðrugleika að stríða kleift að sækja lyfin sjálf í apótekið og ræða persónulega við lyfjafræðing með tilkomu bílaapóteksins. Allir viðskiptavinir Lyfjavalis hafa greiðan aðgang að lyfjafræðingi þar sem hann getur veitt viðskiptavinum markvissar upplýsingar um val á lyfjum og um notkun þeirra. Lyfjaval býður einnig upp á ókeypis lyfjaskömmun fyrir einstaklinga sem þurfa að taka margar tegundir af lyfjum á dag.

### Febrúar 2005 - Bílaapótekið opnar

Lyfjafyrirtæki eru bundin ákveðnum böndum vegna reglugerða og ákvæða frá íslenska ríkinu. Því eiga þau erfiðara með að boða nýjungar í starfi eða skapa sér sérstöðu á markaðinum líkt og Lyfjaval hefur gert með tilkomu Bílaapóteksins í Hæðasmára. Bílaapótekið sem opnaði í febrúar 2003 er nýung í Evrópu en bílaapótek eru algeng í Bandaríkjunum. Hægt er að aka bílnum að lúgu og fá lyfin afgangið beint í bílinn. Bílaapótek hentar vel í nútímapjórðfélagi, ekki þarf að eyða tíma í að finna bílastæði og afgreiðslan er hröð. Með tilkomu bílaapóteksins vilja eigendur leggja meiri áherslu á þjónustu en gert er í hefðbundnum apótekum þar sem bílalúgann hentar vel þeim sem hafa lítinn tíma aflögu, fólki með ung börn og hreyfihömluðum. Nú geta allir sótt lyfin sín sjálfir í apótekið og rætt persónulega við lyfjafræðing um val á lyfjum og notkun þeirra.



Sigurður Valur Sverrisson.

## PingPong

PingPong ehf. er staðsett í rúmgóðu húsnæði að Síðumúla 35 (bakatil) í Reykjavík. Fyrirtækið flutti sumarið 2022 í rúmgott húsnæði þar sem öll vörulínan er aðgengilegi og sýnilegi en áður var. PingPong ehf. var stofnað 1999 en áður var það starfrækt sem einstaklingsfyrirtæki frá 1980 í nafni eigandans Sigurðar Vals Sverrissonar en var síðar breytt í S.V. Sverrisson heildverslun. Fyrsta vörumerkið sem var flutt inn var Butterfly borðtennisvörur frá Japan, sem er mjög þekkt á því sviði. Ýmislegt var prófað á fyrstu árunum, meðal annars íþróttafatnaður frá Svíþjóð, frjálsþóttaáhöld og búnaður fyrir íþróttavelli og íþróttahús. Á þeim tíma var aðaláherslan á að selja smávöruna í heildsölu og þær seldar í íþróttavörurverslanir, STIGA borðtennisvörumerkið frá Svíþjóð bættist við um 1989. Eftir 1990 var farið að leggja áherslu á að þjónusta félagsmiðstöðvar og vera með vörur fyrir þær. Þá var bætt við biljarðvörum, fótboltaspilum, þythokkíborðum og því sem fylgir því. Árið 1999 var stofnað fyrirtækið F&F kort sem sérhæfði sig í prentun á plastkortum, auðkenniskortum og þjónustu við félagsamtök og stofnanir. Fyrirtækið var í framhaldi sameinað S.V. Sverrisson heildverslun. Stofnuð var heimasíða sem nefnd var pingpong.is, þar sem allar auglýsingar og umfjallanir snerust um þessa heimasíðu, var ákveðið að leggja niður nafnið F&F kort og breyta rekstrarnafninu í PingPong ehf. Þá var bætt við vörulínuna allt fyrir pílukast, sem var lukkuspor fyrir fyrirtækið.

### Vöruúrval

Í dag býður félagið uppá mikla fjölbreytni frá hinum ýmsu merkjum. Í borðtennis; Butterfly, STIGA, DHS og JOOLA. Í billjarð; Riley, Buffalo og SAM billares, fótboltaspil frá Garlando og FAS. Í pílukasti; Bull's, Unicorn, Mckicks og Shot. Þythokkíborð frá sumum af áðunefndum merkjum. Einnig er boðið upp vörur fyrir póker, bridge og skák. Mörg af þessum fyrirtækjum bjóða upp á fjölbreytta vörulínu, ýmislegt smádót, körfuboltaspjöld og fótboltamörk.

### Framtíðarsýn

Með tilkomu nýja húsnæðisins stefnir fyrirtækið á að þjónusta viðskiptavini sína enn betur, en fyrirtækið hefur verið í stöðugum vexti síðastliðin ár. Við stefnum á að halda 15 til 20% vexti í fyrirtækinu árlega.

### Styrkur

Styrkur fyrirtækisins liggur ekki síst í að fyrirtækið býður upp á frábær vörumerki sem eru þekkt fyrir góð gæði og sterka stöðu á alþjóðamarkaði.





Hluti af starfsfólki Lyfjavers á samardeggi á 20 ára afmælisári.

## Lyfjaver



Stofnendur á bernskuárum Lyfjavers, Bessi Gíslason, Magnús Steinþórsson og Aðalsteinn Steinþórsson.

Lyfjaver var stofnað 11. september 1998 af Bessa Gíslasyni lyfjafræðingi og bræðrunum Aðalsteini Steinþórssyni viðskiptafræðingi og Magnúsi Steinþórssyni tölvunarfræðingi. Upphaflegt markmið með stofnun félagsins var að bjóða upp á tölvustýrða lyfjaskömmtnun fyrir stofnanir og apótek og nýttist samanlögð reynsla og þekking stofnendanna fyrirtækinu vel á upphafsárunum. Rekstur Lyfjavers hefur frá upphafi einkennst af framsýni og nýtingu á nýjustu tækni við lyfjaafgreiðslu. Fyrirtækið hefur verið leiðandi í lágu lyfjaverði frá stofnun. Starfsemin hefur frá upphafi verið rekin á einum stað að Suðurlandsbraut 22 í Reykjavík.

### Vélskömmtnun lyfja

Lyfjaver rekur í dag umfangsmikla vélskömmtnun lyfja og skammtar reglulega lyf fyrir um 6 þúsund einstaklinga. Meirihluti viðskiptavina í skömmtnun eru sjúkratryggðir einstaklingar utan stofnana svo þróunin hefur orðin önnur en upphafleg áform um að skammta eingöngu fyrir stofnanir og apótek, gerðu ráð fyrir. Lyfjaver er leiðandi fyrirtæki á sviði lyfjaskömmtnunar bæði fyrir stofnanir og einstaklinga. Við vélskömmtnunina er beitt nýjustu tækni sem fánleg er á hverjum tíma. Lyfjaver flutti inn fyrstu skömmtnunarvélina þegar fyrirtækið var stofnað og var fyrst á Íslandi til að innleiða rýnivélar (MDM) sem taka myndir af öllum skömmtnuðum töflum og bera þær saman við gagnagrunn. Sífelld er leitað nýrra leiða til að bæta rekjanleika og öryggi.

### Apótek

Lyfjaver rekur eitt stærsta apótek landsins. Sérstaða apóteksins hefur frá upphafi falist í lágu lyfjaverði. Apótekið er mjög tæknivætt og hefur í þjónustu sinni sérhæfðan lyfjaróbót, þann fyrsta og eina sinnar tegundar á Íslandi en hann nýttist mjög vel við lagerhald lyfja, eykur öryggi og hagkvæmni við lyfjaafgreiðslu og sparar tíma.

### Heilsuver

Við hlið apóteksins rekur Lyfjaver heilsuöverslunina Heilsuver. Þar fást vítamín, matvörur, bætiefni og fleiri heilsutengdar vörur á hagstæðu verði og hefur vegur þess vaxið mikið hin síðari ár.

### Heildsala og dreifing

Lyfjaver hefur heildsöluleyfi og leyfi til lyfjainnflutnings. Upphaflega var sótt um heildsöluleyfi til að flytja inn hentugar lyfjapakningar til lyfjaskömmtnunar en meirihluti markaðssettra lyfja á Íslandi er í þynnum sem losa þarf úr fyrir skömmtnun. Í gegnum tíðina hefur heildsala Lyfjavers farið ýmsar ótroðnar slóðir. Árið 2004 hóf Lyfjaver innflutning nikótínlyfja til að geta boðið lægra verð en áður hafði þekkt á Íslandi. Þá var heildsala Lyfjavers fyrst fyrirtækja á Íslandi til að samhliðaskrá lyf. Í dag dreifir Lyfjaver ýmsum sérhæfðum sjúkrahúslýfjum fyrir



Undirbúningur opunar á nýju apóteki 2008, Ásrún Einarsdóttir og Bessi Gíslason.





Heilsuver 2020, Madalina Iona Vasile, Ísak Máni Stefánsson og Thelma Björg Magnúsdóttir.

erlenda lyfjaframleiðendur og stundar auk þess innflutning á ýmsum vörum sem styðja við aðra þætti rekstrarins.

### Rafrænar lausnir í lyfjaumsýslu

Lyfjaver hefur um nokkurra ára skeið unnið að þróun á rafrænum lausnum lyfjafyrirmæla. Þessar lausnir eru forsenda framfara á sviði lyfjaumsýslu, ekki síst hvað varðar lyfjafyrirmæli heilbrigðisstofnana og hjúkrunarheimila. Með rafrænum lyfjafyrirmælum opnast óteljandi möguleikar til tækniframfara, s.s. við lyfjagjöf inni á heilbrigðisstofnunum. Miklar vonir eru bundnar við þessa þróun og mun árangur af þessu starfi líta dagsins ljós á næstu misserum og árum.

### Netapótek Lyfjavers

Á árinu 2020 opnaði Lyfjaver netapótek Lyfjavers. Mikil þróunarvinna felst í uppsetningu á fullkomnu netapóteki þar sem viðskiptavinir hafa aðgang að sínum lyfseðlum í lyfseðlagátt, geta séð endanlegt lyfjaverð og gert verðsamanburð. Þessi útvíkkun á starfsemi Lyfjavers er mikið framfaraskref sem færir Lyfjaver heim í stofu til allra landsmanna. Þessi þróun leiðir til þess að staðsetning apóteksins skiptir minna máli en áður og geta landsmenn nú pantað lyf á hagstæðu verði með einföldum hætti hvar sem þeir eru staddir á landinu og fengið þau send heim. Lyfjaver hefur áratuga reynslu af heimsendingu lyfja en frá upphafi hefur verið boðið upp á heimsendingu í tengslum við vélskömmun lyfja og var Lyfjaver frumkvöðull á sviði póstsendinga á lyfjum.

Næstu ár verður áfram unnið að þróun á rafrænum lausnum til að auka hagkvæmni og öryggi í lyfjaumsýslu. Aukin áhersla verður lögð á þróun netverslunar og heimsendinga og að bæta þjónustuna enn frekar og færa hana nær viðskiptavininum.

### Stjórn og eigendur

Hluthafar í Lyfjaveri eru Silfurberg ehf. og Eurogen Pharma. Í stjórn félagsins sitja Friðrik Steinn Kristjánsson, stjórnarformaður og meðstjórnendur eru Ingibjörg Jónsdóttir, Áshildur Friðriksdóttir og Sandeep Joshi.

### Mannauður

Lyfjaver hefur á að skipa reynslumiklu starfsfólki sem þjónar viðskiptavinum af metnaði og fagmennsku. Um 55 fastir starfsmenn starfa hjá félaginu auk lausafólks. Stjórnendahópin í dag skipa Hákon Steinsson framkvæmdastjóri, Aðalsteinn Ingvason fjármálastjóri, Ingibjörg Kolbeinsdóttir markaðsstjóri, Ragnheiður Gunnarsdóttir lyfsöluleyfshafi, Anna Hlíf Svavarsdóttir faglegur forstöðumaður lyfjaskömmunar, Lárus Freyr Þórhallsson leyfshafi heilsölu, Eva María Þórhallsdóttir gæðastjóri og Íris Dögg Sigurðardóttir verslunarstjóri.



Unnið í skömmunarrými, Sigbór Jóhannesson og Anna Hlíf Svavarsdóttir.



Bernskuár apóteksins Suðurlandsbraut 22, Sigurlaug Hauksdóttir og Ragnheiður Gunnarsdóttir.



Elvar Halldórsson, útkeyrsla og lager.



Darri Gunnarsson, lager og afgreiðsla.

## Málningarvörur



Karl Jónsson, framkvæmdastjóri.

Það er ekki augljós tenging á milli Málningarvara og Bílddals grænna bauna. En víða liggja þræðirnir. Athafna- og alþingismaðurinn Gísli Jónsson stofnaði fyrirtæki sem bar hans nafn árið 1946. Það er einmitt sama firmað og Karl Jónsson keypti ásamt fjölskyldu sinni 1988 og eignaðist að fullu ásamt eiginkonu sinni, Guðrínu H. Aðalsteinsdóttur u.þ.b. 10 árum síðar. Eitt af nafntogudum verkefnum Gísla Jónssonar á sinni tíð var að setja á laggirnar niðursuðuverksmiðju í heimabyggð sinni sem meðal annars vann hinar landsþekktu Bíldudals grænar baunir, sem eldri Íslendingar þekkja eflaust enn í dag.

### Starfsemin

Þegar fyrirtækið komst í eigu Karls og fjölskyldu varð það þekkt innflutningsfyrirtæki og má segja að Sikkens umboðið hafi þá verið orðið hryggjarstykkið í fyrirtækinu. Sikkens hefur verið og er enn, eitt þekktasta merki heims á sviði bílamállunar. Árið 2006 seldi Karl innflutningshluta fyrirtækisins sem ekki laut að bílaréttingum og bílasprautun. Frá því ári hefur hann rekið fyrirtæki sitt undir merkjum Málningarvara og þjónustað réttingar- og sprautverkstæði. Auk þess hefur sú deild sem sinnir bönstöðvum vaxið hryggur um fisk ár frá ári. Nú eru bön- og bílahreinsimerkin Concept og Meguiar's orðin landsþekkt og smásala þeim tengd í Lágmúla 9 hefur orðið æ umfangsmeiri með hverju ári sem líður. Þá er ótalin öll smá- og fylgivarar sem fylgir með eins og til dæmis gríðarlega öflugt og víðfemt úrval í slípvörum frá svissneska rísanum SIA. Aðrir helst birgjar Málningarvara eru: Rupes sem framleiðir massa og massavélar, Car-o-liner réttigabekkir og réttingatækni, Omia sprautuklefar, Carsystem, Raptor sérefni, Sumake verkfæri og fjöldi annara þekktra framleiðenda.

### Mannauður

En á baki fyrirtækis sem Málningarvörum er það samt mannaúðurinn sem skiptir mestu máli. Fyrirtækið hefur á að skipa vel menntuðum og öflugum kjarna starfsmanna sem gerir það að því sem það er og stendur fyrir á því herrans ári 2020. Án efa eitt öflugasta fyrirtæki á sínu sviði hér á landi. *Án starfsfólksins væru Málningarvörur ekki í hópi fyrirmyndarfyrirtækja Íslands, ár eftir ár.*



Kristján Þór Karlsson, sölumaður.



*Kristmann Ingi Karlsson, fjármál og bókhald.*



*Sveinbjörn Enoksson, sölumaður.*



*Þorbjörn R. Sigurðsson, sölumaður.*



*Steindór Valur Reykdal, þjónustustjóri.*



*Elías Örn Bergsson, innkaupastjóri.*



*Bjarni Hannes Kristjánsson, sölumaður.*



## MHG Verslun

Fyrirtækið MHG Verslun var stofnað síðla árs 2000, af Hilmarí Árnasyni, viðskiptafræðingi og Matthíasi Sveinssyni, rafmagnsiðnfræðingi. Þeir eru jafnframt núverandi eigendur ásamt Guðmundi Guðmundssyni, bifvélavirkja sem bættist í hóp eigenda árið 2001. Fyrirtækið MHG Verslun var stofnað á grundvelli eftirspurnar sem skapast hafði hér á landi eftir ýmis konar þjónustu við umhirðu golfvalla. Fyrirtækið náði því að festa sig í sessi frá upphafi og hefur átt mikilli velgengni að fagna á þeim vettvangi. MHG Verslun er nú stærsti innflutningsaðili landsins á golfvallarvélum. Jafnframt stendur fyrirtækið fyrir innflutningi á ýmis konar vinnuvélum, varahlutum og iðnaðarverkfærum. [www.mhg.is](http://www.mhg.is)

### Starfsemin

Helstu viðskiptaaðilar fyrirtækisins eru verktakar, sveitarfélög, sjávarútvegur og golf- og fótboltavellir og hefur MHG Verslun lagt sig fram við að mæta kröfum viðskiptavina sinna um heildarlausnir. Aðföng fyrirtækisins koma aðallega frá þekktum framleiðendum í Bretlandi, Bandaríkjunum, Austurríki, Þýskalandi, Hollandi og Skandinavíu. MHG Verslun sem hefur frá upphafi verið í fararbroddi í innflutningi á golfvallarvélum ásamt ýmsum verkfærum og tækjum til nota á golfvöllum, hefur meðal annars umbodð fyrir E-Z-GO golfbílum sem eru mest seldu golfbílur í heimi, golfvalla- og knattspyrnuvallavélar frá RANSOMES JACOBSEN og fræ og áburð frá GOLD CROP sem eru ein bestu fánlegu fræ og áburður sem völ er á fyrir golf og knattspyrnuvelli. Einnig selur verslunin Redexim Charterhouse sáningarvélur og annan tækjakost til jarðvinnslu, ásamt vélum til hreinsunar á gervigrasi frá sama framleiðanda. Einnig selur verslunin sanddreifara og vélar til hreinsunar á gervigrasi frá GKB. Ennfremur má nefna innflutning á steypusögum, sláttuvélum, kjarnaborvélum, kjarnaborum, demants steinsagarblöðum og öðrum iðnaðarverkfærum frá þekktum framleiðslufyrirtækjum á borð við Husqvarna, Tyrolit, Gardena og Briggs&Stratton mótora og varahluti. Ennfremur hefur fyrirtækið bætt við vörulínunum fyrir sjávarútveg svo sem Rafstöðvum, Bátavélum, Ljósbúnaði, Krönum og öðrum búnaði, Northern Lights Marine, Hella Marine, Roca Marine, Amco Veba Marine og Cummins.

### Þjónustan

MHG Verslun hefur lagt sitt af mörkum til að veita fullnægjandi þjónustu og hafa ávallt á boðstólnum nýjustu tæki sem völ er á fyrir verktaka, golf- og fótboltavelli, sveitarfélaga ásamt fyrirtækjum í sjávarútvegi.

Þjónusta fyrirtækisins hefur því mælst vel fyrir og hefur notið mikillar viðurkenningar, t.d. frá Credit Info sem fyrirmyndarfyrirtæki frá 2017-2020. Starfsmenn fyrirtækisins, sem eru sex talsins, hafa kappkostað við að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu til að standa undir fagmannlegum væntingum og kröfum þeirra. Fyrirtækið hefur átt mikilli velgengni að fagna undanfarin ár og hefur dafnað ár frá ári. MHG verslun hefur sett sér það markmið að vera í fremstu röð á sínu sviði hér á landi með því að bjóða viðskiptavinum sínum



hágæða vöru og þjónustu. Fyrirtækið hefur frá upphafi haft umhverfisvernd að leiðarljósi og yfirlýstan vilja til að styrkja góð málefni. MHG Verslun hefur aðsetur í 1000 fm húsnæði að Víkurhvarfi 8, 203 Kópavogi.

#### **Starfsfólk**

Matthías Sveinsson, stjórnarformaður, Hilmar Stefánsson, framkvæmdastjóri, Guðný Sigurðardóttir, fjármálastjóri, Guðmundur Guðmundsson, þjónustustjóri, Sverrir Karl Matthíasson, sölustjóri og Stefán Máni Ólafsson, vélvirki.





## Oddur Pétursson - Body Shop



Oddur Pétursson, eigandi.

Oddur Pétursson ehf. var stofnað árið 1991 af systkinunum Oddi og Ragnhildi ásamt fyrrverandi eiginkonu Odds. Áður hafði Oddur rekið verslanir bæði á Laugavegi og í Kringlunni og í innkaupaferðum sínum til London tók hann eftir verslunum The Body Shop. Vakti þessi verslun áhuga hans, kannski aðallega vegna umhverfisstefnu þeirra sem samræmdest hugmyndum hans. Þetta er alþjóðleg keðja snyrtivöruverslana sem selur umhverfissvænar snyrti-, farða-, hár- og dekurvörur. En mikil áhersla er lögð á að vörur Body Shop séu náttúrulegar og umhverfissvænar.

### Body Shop

Það eru reknar meira en 3.000 Body Shop verslanir í 69 þjóðlöndum en saga Body Shop hófst árið 1976. Þegar stofnandi merkisins hóf að útbúa eigin vöruhegundir út frá þeirri hugmynd að viðskipti gætu verið afl til þess að breyta heiminum og starfar Body Shop enn í þeim anda.

### Verkefni

Árið 1987 var Body Shop fyrst í snyrtivöruíðnaðinum til þess að koma af stað verkefni sem var nefnt Trade not aid, betur þekkt í dag sem Fair trade. Í dag eru birgjar Body Shop staðsettir í rúmlega 23 löndum um heim allan og með aðferðum sem hafa verið þróaðar í gegnum kynslóðirnar þá afla þeir framúrskarandi innihaldsefna sem eru nýtt í framleiðsluna. Allar vörur sem framleiddar eru eru ekki prófaðar á dýrum, en Body Shop hefur í áraraðir barist gegn rannsóknum á dýrum í snyrtivöruíðnaðinum meðal annars með því að safna undirskriftum um heim allan og afhenda Alsherjarþingi Sameinuðu þjóðunum.

### Samfélagsmál

Oddur Pétursson og The Body Shop styrkir og styður við ýmis samfélagsverkefni og axlar þannig samfélagslega ábyrgð. Body Shop keðjan hefur skuldbundið sig til að styðja samfélags- og umhverfismálefni og nýtur góðs af fjölda staðsetninga verslana sinna um heim allan til að vekja athygli á og tala fyrir langtímabreytingum á mörgum málum, þar á meðal mansali, heimilisofbeldi, loftslagsbreytingum og eyðingu skóganna.

### Fyrirmyndarfyrirtæki

Oddur Pétursson hefur verið fyrirmyndarfyrirtæki 11 ár í röð 2011-2021.

### Verslanir

Fyrsta verslun The Body Shop á Íslandi var opnuð í Kringlunni árið 1991 og eru í dag reknar tvær verslanir á höfuðborgarsvæðinu og ein á Akureyri ásamt vefverslun.







Birgðastöðin í Örfirisey Rvk.

## Olíudreifing



Nafngift Keilis í Shanghai 23.09.2002, Fanný Gunnarsdóttir.



Sjösetning eldri Keilis í Shanghai 31.01.2002.

Olíudreifing var stofnuð 2. júní 1995 af Olíufélaginu hf. (60% hlutur) og Olíuverslun Íslands hf. (40% hlutur). Við stofnun félagsins gegndi Geir Magnússon stöðu forstjóra í Olíufélaginu og Einar Benediktsson var forstjóri Olís. Þeir skipuðu svo fyrstu stjórn félagsins ásamt Þórólfi Árnasyni og Thomasi Möller. Knútur G. Hauksson var fyrsti framkvæmdastjóri félagsins og gegndi því starfi fyrstu fimm starfsárin. Í árslok árið 2000 tók Hörður Gunnarsson við starfi framkvæmdastjóra sem hann gegnir enn í dag. Megin tilgangur stofnunar félagsins var að lækka kostnað og auka öryggi við móttöku, geymslu og dreifingu eldsneytis.

### Núverandi stjórn og lykilstarfsmenn

Stjórn Olíudreifingar skipa Már Sigurðsson formaður, Ólafur G. Sigurðsson, Martha Eiríksdóttir og Guðný Rósa Þorvarðardóttir. Lykilstarfsmenn eru Hörður Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gestur Guðjónsson öryggis- og umhverfisfulltrúi, Hulda Björk Pálsdóttir fjármálastjóri, Grétar Mar Steinarsson forstöðumaður dreifingar sviðs, Jónas Þór Kristinsson forstöðumaður þjónustusviðs og Ari Elísson forstöðumaður tæknisviðs.

### Aðsetur

Höfuðstöðvar Olíudreifingar eru til húsa í eigin húsnæði félagsins við Hólmaslóð 8-10 í Reykjavík við hlið birgðastöðvarinnar í Örfirisey. Þar er skrifstofa félagsins sem og þjónustudeildin en félagið rekur starfsemi á 16 stöðum á landinu.

### Þróun

Strax í byrjun starfseminnar var hafist handa við að sameina og einfalda dreifikerfi félaganna og mynda eitt öflugt félag. Í byrjun störfuðu um 200 manns hjá Olíudreifingu, að langmestu leyti fyrrum starfsmenn frá móðurfélagunum, en í dag eru starfsmenn félagsins 130. Það sama má segja um birgðastöðvar, þær voru 72 talsins á 54 stöðum við upphaf starfseminnar en eru núna 16 talsins á 16 stöðum. Í upphafi starfseminnar var allt eldsneyti flutt inn til Reykjavíkur og flutt þaðan út á land með skipum eða bílum en í dag er beinn innflutningur mögulegur á 6 stöðum á landinu.

Á upphafsárunum starfseminnar sáu 125 eldsneytisflutningabílar um dreifinguna en frá þeim tíma hefur þeim fækkað mikið og eru þeir nú 45 talsins. Nýting ökutækja hefur aukist mjög mikið og eru nú mun færri eknir km á bak við hvern fluttan m<sup>3</sup> eldsneytis en áður. Í byrjun rak Olíudreifing þrjá afgreiðslubáta, Héðinn Valdimarsson, Lágafell og Bláfell og olíuflutningaskipið Stapafell ásamt samrekstri á Kyndli með Skeljungu. Þessi floti var allur aflagður eða seldur og nú rekur félagið eitt nýtt flutningaskip, Keilir, sem siglir við strendur landsins ásamt því að annast afgreiðslu til skipa. Keilir er annað skip Olíudreifingar sem ber þetta nafn en eldri Keilir var smíðaður í Kína og afhentur árið 2002 og seldur til Danmerkur 2008. Hann var fyrsta Íslenska kaupskipið sem sigldi undir færeyskum fána frá 2003. Nýr Keilir,





Vígsla gufusöfnunarbúnaðar í Örfrisey 2004, Sif Friðleifsdóttir umhverfisráðherra.



Nafngift nýja Keilis 15.02.2019, Eva Bryndís Helgadóttir þáverandi stjórnarformaður Olíudreifingar ehf.

sem tók við af Laugarnesinu, er vel búið 750 m<sup>3</sup> skip smíðað í Tyrklandi og afhent í byrjun árs 2019. Við hönnun Keilis er lítið til framfara í öryggismálum sem felast í því að í skipnu eru tvær aðalvélar með tveimur stýrum og tveimur skrúfum auk þess sem botn og birðingur eru tvöfaldir. Einnig býr nýja skipið yfir meiri afkastagetu, s.s. stóruaknum ganghraða ásamt auknum dæluafköstum og burðargetu.

### Öryggis- og umhverfismál

Í stefnu Olíudreifingar kemur m.a. fram að öryggi mannlífa kemur frammar öllu öðru sem og að umhverfisvernd er lykilatriði í rekstri félagsins. Til þess að tryggja sem best að þessum markmiðum verði náð hefur starfsemi félagsins verið tekin út og vottuð af British Standard Institute í Bretlandi. Félagið er vottað samkvæmt gæðastaðlinum ISO-9001, umhverfisstaðlinum ISO-14001, öryggisstaðlinum ISO-45001 og jafnlaunastaðlinum IST-85. Olíudreifing hlaut forvarnarverðlaun VÍS og Vinnueftirlitsins 2016 fyrir árvekni í öryggismálum. Samstarf við Umhverfisstofnun hefur ávallt verið náð og gott. Olíudreifing er hluti af viðbragðsteymi stofnunarinnar þegar fást þarf við mengun í sjó. Olíudreifing hefur komið að allmörgum mengunarslysum síðustu ár þar með talið stórum ströndum, s.s. þegar Víkartindur strandaði við Suðurströndina 1997, Wilson Muuga við Hvalsnes 2006 og Green Freezer í Fáskrúðfirði 2014, ásamt mörgum öðrum slysum.

Olíudreifing sér um söfnun á úrgangsolíu á landsvísi samkvæmt samningi við Úrvinnslusjóð. Hluti af þessum úrgangi er enduruninn í starfsstöð félagsins í Reykjavík og nýtt sem eldsneyti fyrir fiskmjölsverksmiðjur.

### Dótturfélög

Árið 1997 keypti Olíudreifing heildsöluna G. Hannesson og hefur rekið það félag síðan. Fyrirtækið er umboðsaðili og heildsala fyrir margvíslegan afgreiðslubúnað fyrir bensínstöðvar og aðra sérhæfða vöru til meðhöndlunar og sölu á eldsneyti.

Árið 2009 stofnaði Olíudreifing hlutfélagið Icelandic Tank Storage (ITS) með Scandinavian Tank Storage (STS) í Svíðþjóð og á Olíudreifing helmings hlut í ITS. Hlutverk félagsins er að eiga og reka birgðarstöðvar til útleigu.

### Framtíðarsýn

Olíudreifing mun eins og kostur er fylgjast með og taka þátt í þeirri öru þróun sem nú er að verða á eldsneytismarkaðnum vegna orkuskipta. Félagið hefur þegar komið að samnorrænu verkefni sem snýst um að þróa rafhvarfaeldsneyti til notkunar, m.a. á skip og stærri bíla. Jafnframt hefur Olíudreifing haft með höndum sölu og uppsetningu á rafhleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla. Að öðru leyti mun Olíudreifing kappkosta að fylgjast vel með nýjungum á sviði dreifingar og geymslu á eldsneyti, tryggja sem best öryggi og vinna að hagræðingu.



Tankaniðursetning á bensínstöð.



Flutningur geyma úr Laugarnesi í Örfrisey.



Verslunarstjórinn Friðrik H. Hreinsson og starfsmaður í verslun, Halldóra R. Hermannsdóttir sýna fram á grímuskyldu á COVID-19 tímum.

## Orka



Starfsemi á verkstæði. Fjær: Davíð Björgvinsson, nær: Páll H. Jóhannesson.

Fyrirtækið Orka ehf. var upphaflega stofnað árið 1944 og því byggir Orka ehf. á gömlum og grónum grunni. Fyrirtækið var upphaflega stofnað til þess að annast boranir eftir heitu vatni, byggingarstarfsemi og verslunarrekstur. Orka ehf. hefur meðal annars séð um innflutning og sölu á búnaði og efnum til orkuframleiðslu fyrir virkjanir, verið með umboð fyrir Jagúar á Íslandi, annast innflutning sænsku rekstrarvaranna frá Skandex, séð um innflutning og viðhald ísskápa, veghefla, hjólastólalýftna, jarðvegsdúka og svo lengi mætti áfram telja. Nafnið á fyrirtækinu á því rætur að rekja til orkuframleiðslu en eins og sjá má hefur starfsemi fyrirtækisins verið síbreytileg í gegnum árin. Á tímabili var Orka ehf. meðal stærstu fyrirtækja landsins. Stjórnendur fyrirtækisins hafa því eins og gefur að skilja verið margir og fjölbreyttir síðastliðin 76 ár. Meðal þeirra má nefna Sigurð Helgason sem var framkvæmdarstjóri Orku en er þekktastur fyrir stjórnarsetu í Loftleiðum hf. og fyrir forstjórastörf hjá Flugleiðum hf. Þar má einnig nefna Davíð Sigurðsson, sem var með einkaumboð á FIAT héraendis þegar FIAT bílarnir voru mest seldu bílarnir í Evrópu, og Valfellsbræður sem voru á sínum tíma við stjórnvölinn hjá Steypustöðinni.

### Starfsemin

Rétt fyrir aldamót 21. aldar sameinaðist starfsemi Orku ehf. fyrirtækinu Snorri G. Guðmundsson ehf. Eftir sameiningu var innflutningur og dreifing á framrúðum á bíla helsti tekjustraumur fyrirtækisins. Tiltölulega stuttu eftir sameiningu var fyrirtækið selt í heild sinn. Páll Helgi Guðmundsson, Jóhann G. Hermannsson og Jón Arnar Hauksson endurstofnuðu Orku árið 2005 í þeirri mynd sem við þekkjum fyrirtækið í dag. Bílrúðulager var byggður upp fyrir verkstæði Orku og með tímanum settur á laggirnar einn stærsti og sérhæfðasti bílrúðulager landsins. Fyrirtækið leggur áherslu á að eiga allar helstu framrúður til á lager sem skilar sér í góðri og snöggri þjónustu til viðskiptavina. Í gegnum árin hefur Orka fengið til sín birgja í þeim tilgangi að vera með alhliða þjónustu fyrir réttingar- og sprautuverkstæði landsins. Vöruúrval hefur aukist til muna í gegnum árin og má þá meðal annars nefna bílrúður frá nokkrum stærstu og þekktustu framleiðendum heims á borð við AGC, Guardian og ABC. Bílalökk frá PPG og MIPA, sprautukönnur frá SATA, rekstrarvörur fyrir verkstæði frá Indasa og MP, bón og hreinsivörur frá Roar og Kent, juðara og verkfæri frá Dynabrade og Serenco, suðuvélar og könnupvottavélar frá ProSpot og RosAuto, sprautuklefa frá ítalska framleiðandanum Termomeccanica og kitti og efni frá SIKA.

### Eigendur og starfsfólk

Eigendur Orku ehf. í dag eru þeir Páll H. Guðmundsson, Jóhann G. Hermannsson, Jón A. Hauksson, Guðlaugur Pálsson og Páll H. Guðlaugsson. Í stjórn fyrirtækisins sitja Páll H. Guðmundsson, Jóhann G. Hermannsson og Jón A. Hauksson. Hjá Orku ehf. er lögð áhersla á traust sambönd starfsfólks innan veggja fyrirtækisins sem stjórnendur telja lyklatríði til þess að viðhalda traustum kúnnahóp, línulegum vexti fyrirtækisins og ánægju viðskiptavina með



Sigt í Faxaflóanum með starfsfólki Orku ehf.



1954, Ford F 800 sendibifreið merkt Pétur og Valdimar hf. bílnúmer A 257. Myndataka merkt Orka hf. Myndin er tekin fyrir utan vélaverslun og varahlutaverslun fyrirtækisins, við Laugaveg 166 / Ljósmynd. ©Sigurhans Vignir, Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

þjónustuna sem fyrirtækið veitir. Starfsmenn Orku eru með fjölbreytt reynslu og leggja allir sitt af mörkum, þar má m.a. finna fagmenn með áratuga reynslu af þjónustu í bílageiranum, menntaða meistara í bifreiðasmíði og bílamálun og bílrúðu- og lakk sérfræðinga sem hafa sótt námskeið viðsvegar um Evrópu.

### Aðsetur

Höfuðstöðvar Orku eru á Stórhöfða 37 í Reykjavík þar sem verslun, skrifstofur, lager og eitt stærsta og sérhæfðasta rúðuverkstæði landsins er að finna. Þar sem starfsemin hefur vaxið jafnt og þétt var þörf á viðbótum og nýlega var sett upp annað rúðuverkstæði í götunni og lagerinn stækkaður.

### COVID-19 og framtíðin

Eftir uppgjör 2020 má þá helst taka fram að áhrif COVID-19 heimsfaraldurins hefur sannarlega sett sitt mark á söguna og fyrirtækjarekstur. Starfsemi Orku ehf. á árinu hefur þó farið fram úr björtustu vonum vegna samstöðu starfsfólks fyrirtækisins sem gerði fyrirtækinu kleift að veita góða þjónustu á þessum erfiðu og ófyrirsjáanlegu tímum. Fyrir það eru stjórnendur Orku gríðarlega þakklátir. Þar sem lítið var hægt að ferðast eða aðhafast þótti starfsfólki Orku gaman að sjá að bílaeigendur gáfu sér tíma til þess að heimsækja verslun Orku, báðu um ráðleggingar og keyptu lakk og aðra bílavörur til þess að gera við bílana sjálfir. Sumir voru að ráðast í slík verk í fyrsta sinn sem gekk iðulega vel upp. Margar fyrirspurnir bárust í um vefverslun þar sem margir hverjir kjósa að nota vefinn í stað þess að heimsækja verslanir á meðan heimsfaraldurinn geisar enn. Þess vegna var ráðist í það verk að setja upp vefverslun, sem finna má á slóðinni bilurudur.is. Gaman verður að fylgjast með hvernig viðskiptavinir taka í vefverslunina og fylgjast með hvernig hún mun þróast í nánustu framtíð.

Orka ehf. leggur mikið upp úr því að leita sífellt leiða til þess að bæta starfsemi sína í takt við tímann með þarfir viðskiptavinna að leiðarljósi. Markmið Orku ehf. er að veita sífellt framúrskarandi þjónustu eftir því sem þekking þess frábæra starfsfólks sem starfar hjá fyrirtækinu leyfir.



Stofnendur Orku ehf. á opnunarkvöldi við stækkun húsnæðis árið 2012 ásamt söngfluglinum Geir Ólafssyni. Frá vinstri: Jón A. Hauksson, Geir Ólafsson, Páll H. Guðmundsson og Jóhann G. Hermansson.



U.þ.b. 150 manns samglöddust með Orku ehf. það kvöldið.



Orka ehf er staðsett á Stórhöfða 37, 110 Reykjavík.



Stofnendur Ormsson bræðurnir Eiríkur og Jón Ormssynir.



HTH innréttingar, eldhús.

## Ormsson



Kjartan Örn Sigurðsson, forstjóri.

### Frumkvöðlarnir

Bræðurnir Ormsson, eða Ormsson eins og það heitir í dag, er með rótgrónustu fyrirtækjum landsins. Saga þess hefst árið 1922 þegar Eiríkur Ormsson rafvirkjameistari opnaði lítið rafvéla- og rafvæðingahúsið í herbergi á jarðhæð í húsinu við Óðinsgötu 25. Elliðaárvirkjun hafði verið gangsett og rafvæðing hafin í bæjum og þorpum landsins. Tildrög þess að Eiríkur hóf þessa starfsemi á sér nokkra sögu sem of langt mál yrði að rekja hér, en athygli vekur þó að þeir bræður Jón og Eiríkur Ormssynir voru með nýtt sveinspróf upp á vasann í skósmíði og trésmíði áður en þeir fóru að vinna við rafmagn. Það mun hafa atvikast þannig að Halldór Guðmundsson raffræðingur tók að sér að rafvæða Vík í Mýrdal þegar búið var að virkja Víkurá og þeir bræður Jón og Eiríkur unnu hjá honum sem aðstoðarmenn. Eftir það varð ekki aftur snúið og þeir sneru þeir bræður sér að rafmagninu sem var mesta tæknibylting þessa tíma. Jón gerðist meðeigandi Eiríks í verkstæðinu og næstu árin unnu þeir mikið saman. Samstarf bræðranna var með þeim hætti að Jón sá um nýlagnir í hús og skip á meðan Eiríkur hafði umsjón með verkstæðinu. En þegar mikið lá við þá gengu þeir saman í verkin þegar um var að ræða stærri verkefni við virkjanir út um land og fleira þess háttar. Árið 1932 skildi leiðir með þeim bræðrum og Jón fór út í eigin rekstur. Eiríkur hélt hins vegar áfram rekstrinum undir nafninu Bræðurnir Ormsson.

### Hugvit og áráðni

Eftir því sem umsvif fyrirtækisins urðu meiri var orðin þörf fyrir betra húsnæði undir starfsemi. 1. október 1936 voru fest kaup á hentugu húsnæði við Vesturgötu 3 sem þá var í alfaraleið. Eftirspurn eftir rafmagnsvinnu var talsverð auk þess sem þarna voru smíðaðar ljósavélar sem gátu gengið fyrir vind og vatnsorku. Ormsson þjónustar enn í dag þennan markað og hefur um árabíl verið umboðsaðili fyrir Fuji Electric sem framleiða rísa túrbínur í háhitavirkjanir hjá Landsvirkjun og HS Orku.

Á árunum fyrir heimsstyrjöldina var fyrirtækið komið á góðan rekspól og innflutningur orðinn drjúgur hluti af rekstrinum. Það var einkum varningur frá Þýskalandi. En þegar stríðið braust út lokuðust flutningsleiðir og erfitt var að fá nauðsynlega hluti til viðhalds og viðgerða að utan. Þá reyndi á hugvitið og tekið var til við að smíða stærri vélar og nýta til þess það sem til féll hverju sinni. En að stríðinu loknu fór allt að glæðast á ný og fyrirtækið hóf að vaxa hratt. Á Íslandi fóru nú að rísa stór verslunarhús og fyrirtæki byrjuðu að færa út kvíarnar. Þýska stórfyrirtækið Bosch sem Bræðurnir Ormsson voru umboðsaðilar fyrir ýtti undir það að fyrirtækið myndi stækka. Árið 1959 var gert samkomulag um að sonur Eiríks, Karl Eiríksson yrði framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Hann varð síðar forstjóri. Hann starfaði hjá fyrirtækinu í 44 ár.

### Stórhugur og metnaður

Árið 1963 var hafist handa við byggingu á horni Háaleitisbrautar og Lág múla. Starfsemi fyrirtækisins var nú orðin mun fjölbreyttari og margar deildir innan þess. Á þessum 100 árum hefur félagið alltaf verið með höfuðstöðvar í Reykjavík og samtals verið með fjögur lögheimili innan borgarmarkanna.





Ormsson, Lágmúla 8 í Reykjavík.

Eins og áður sagði voru Bræðurnir Ormsson umboðsaðilar fyrir Bosch og við bættist AEG sem er þekktur raftækjaframleiðandi en áður hafði félagið flutt inn AEG túrbínur þannig að samtals hafa AEG og Ormsson starfað saman í 99 ár. Vörur þessara fyrirtækja eru þekktar fyrir gæði og endingu og njóta gríðarlegra vinsælda í dag.

Flutt var inn í nýja húsnæðið í Lágmúla 9 árið 1966. Árið 1967 var boðið út allt rafmagnsverk fyrir Álverið í Straumsvík. Bræðurnir Ormsson í samvinnu við danskt fyrirtæki landaði samningi um að leggja allt rafmagn í verksmíðjuna og það verk öðrum þræði varð til þess að hægt var að standa straum af kostnaði við byggingu hússins við Lágmúla. Allar götur síðan hefur fyrirtækið vaxið, bætt við vörumerkjum og farið í gegnum alls kyns þróun og breytingar. Fyrirtækið var dreifingaraðili fyrir Becks þegar bjórinn var leyfður á Íslandi árið 1989, Ormsson seldi Polaris vélsleða, KONE lyftur og rúllustiga m.a. í Kringlunni þegar hún var byggð.

### **Strauhvörf**

Í dag stendur Ormsson á tímamótum og fagnar 100 ára afmæli á þessu ári. Þetta rótgróna fjölskyldufyrirtæki sem Reykvikingar og landsmenn allir þekkja svo vel hefur sérhæft sig á undanförunum árum í sölu raftækja og smávöru til heimila og fyrirtækja jafnt í smásölu sem heildsölu. Ormsson eru umboðsaðilar heimsþekktra vörumerkja eins og Samsung, Bang og Olufsen, Pioneer, Sharp, Nintendo fyrir utan þau sem þegar hafa verið nefnd hér að ofan. Annar stór þáttur í starfsemi fyrirtækisins er hönnun innréttinga fyrir eldhús, baðherbergi og þvottahús fyrir HTH sem er danskur innréttingaframleiðandi, en Ormsson eru umboðsaðili fyrir HTH. HTH innréttingar hafa verið seldar hér á landi síðan 1979 er annað stærsta vörumerki í eldhúsinnréttingum á markaðnum í dag. Sala á innréttingum og tækjum til verktaka er stór hluti af rekstrinum í dag.

Árið 2021 varð sú breyting á rekstrinum að vörumiðlunarfyrirtækið SRX keypti upp allt hlutafé í Ormsson ehf. og var samantöðvöld velta þessara félaga um 6 milljarðar á því ári. Félagið rekur í dag verslun í Reykjavík, á Akureyri, vefverslun auk verslunar með HTH innréttingar. Ormsson rekur einnig öfluga heildverslun og er með samstarfsaðila víða um landið. Ormsson á í harðri samkeppni á markaðnum en hefur sterka stöðu, ekki síst í ljósi langrar sögu og fyrir þær gæðavörur og þjónustu sem þeir bjóða viðskiptavinum sínum. Ormsson stendur fyrir fagmennsku, þjónustu, upplifun og gæði. Ormsson vill bjóða einstaklingum og fyrirtækjum hágæða lausnir í raftækjum, tækniþjónu og innréttingum á verði sem er samkeppnishæft; veita persónulega þjónustu þar sem fagmennska situr í fyrirrúmi og sérfræðingar gefa góð ráð.

Forstjóri Ormsson í dag er Kjartan Örn Sigurðsson sem segir framtíðarsýn Ormsson eigi að birtast í því að aðstoða fólk við að skapa draumarymið með hágæða innréttingum og raftækjum fyrir fólk til að njóta góðrar upplifunar og þæginda. Þannig tekst að fjölga gæðastundum hins daglega lífs. Nýtt slagorð fyrirtækisins er **Sköpum drauma heima**.

Hann segir breytinguna á yfirbragði fyrirtækisins hafa tekist vel. Ormsson sker sig úr og heldur sinni sérstöðu með áherslu á þjónustu og upplifun. Viðbrögð viðskiptavina benda öll til þess að þau áform sem lagt var af stað með hafi heppnast.



Fyrsta starfsstöð Ormsson við Óðinsgötu í Reykjavík. Teikning Árni Elvar.



Höfuðstöðvar Ormsson frá árinu 1936 við Vesturgötu 3. Teikning Árni Elvar.



Ormsson reisti nýjar höfuðstöðvar í Lágmúla 9 árið 1966. Teikning Árni Elvar.



Myndir úr sýningarsal okkar.

## Parket & gólf



Elías H. Melsted, framkvæmdastjóri.

Parket & Gólf hefur verið starfrækt í rúm 30 ár og er orðið ansi vel þekkt vörumerki hér á landi í gólfefnabransanum. Starfsemi okkar felst í innflutningi og sölu á gólfefnum frá viðurkenndum framleiðendum víða í Evrópu og Bandaríkjunum. Stærstu vöruliðirnir eru parket og gólfteppi. Parket & Gólf hefur einnig sérhæft sig í sölu á íþróttagólfum. Starfsemi Parket & Gólf er í u.þ.b. 650 fm húsnæði að Ármúla 19 í Reykjavík. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði 8 starfsmenn sem vinna þétt saman og hafa góða samvinnu sín á milli. Fagmennska, þekking og reynsla starfsmanna fær með sönnu að njóta sín.

### Bakgrunnur og framgangur fyrirtækisins

Parket & Gólf var stofnað árið 1988 og var megin rekstur félagsins innflutningur og sala á parketi. Stepp ehf. sem á og rekur verslunina í dag, var stofnað árið 2000 af Þorgeiri Björnssyni. Stepp sérhæfði sig í innflutningi og sölu á gólfteppum og gólfdukkum. Árið 2009 voru þessar tvær verslanir sameinaðar undir einu þaki og eru reknar í dag undir nafninu Parket & Gólf. Verslunin er staðsett í Ármúla 19, 108 Reykjavík. Núverandi framkvæmdastjóri Parket & Gólf er Elías H. Melsted.

Öll þessi ár hefur Parket & Gólf einbeitt sér að því að veita fyrst og fremst persónulega þjónustu og hefur vöruúrvalið og þekking starfsmanna vaxið með ári hverju. Við höfum leitast við að fylgjast með því nýjasta í stefnu og straumum hverju sinni með því að sækja sýningar og námskeið jafnt erlendis sem og innanlands.

### Starfsemin í dag

Vöruúrval er fjölbreytt og býður Parket & Gólf t.d. upp á viðarparket í öllum stærðum og gerðum hvort sem um gegnheilt eða spónlagt er að ræða. Harðparket í nokkrum stærðum og þykktum sem henta vel hinum ýmsu álagsflötum. Disano parket sem er 100% umhverfisvænt gólfefni frá Þýskalandi og hentar á öll rými, líka votrými. Veggjaglæðningu með áföstu lími sem auðveldar ásetningu til muna. Gólfteppi eru í öllum þykktum og gerðum, jafnvel sérofin gólfteppi með munstri eru engin fyrirstaða. Nærri 2.000 mismunandi gerðir teppaflísa eru í boði. Slitsterkur ofinn vinyldúkur frá Svíþjóð. Vandað vinyl veggfóður á alla vegg. Mottur í stöðluðum stærðum eða sérsniðnar eftir þörfum viðskiptavina. Dreglar í mörgum litum sem og margar gerðir af íþróttagólfum er aðeins brot af því sem Parket & Gólf býður upp á. Helstu viðskiptavinir Parket & Gólf koma úr röðum fyrirtækja, verktaka, sveitarfélaga, íþróttafélaga, húsfélaga og einstaklinga víðs vegar um landið. Auk þess höfum við verið í nánú samstarfi við hina ýmsu hönnuði og arkitekta til margra ára. Allar nánari upplýsingar um vörur Parket & Gólf má nálgast inn á vefsíðunni [www.pog.is](http://www.pog.is)



*Teppaflisar og teppi.*





Verslun og skrifstofur Parka að Dalvegi 10-14.

## Parki



Frá vinstri: Hallgeir S. Pálmason, Gústaf B. Ólafsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Geir Hafsteinsson, stjórnarformaður.



Dalvegur 10-14, Kópavogi.

Það var árið 2005 að fyrirtækið Bitter ehf. en það er eigandi Parka ehf. var stofnað. Eigendur eru Júlíus G. Hafsteinsson, Gústaf B. Ólafsson, Hallgeir S. Pálmason og Smári V. Grétarsson. Aðalstarfsstöð Parka hefur verið á Dalvegi í Kópavogi frá árinu 2003, fyrst að Dalvegi 18 en árið 2006 flutti fyrirtækið í nýtt og glæsilegt húsnæði að Dalvegi 10-14 í Kópavogi. Eigendur fyrirtækisins sem allir vinna þar höfðu sterkan og góðan bakgrunn að fenginni reynslu víða af markaðnum.

### Vörur

Viðskiptavinir Parka koma alls staðar að, jafnt einstaklingar sem verktakar, fyrirtæki og stofnanir. Verslun fyrirtækisins hlaut nafnið Parki sem flestir landsmenn kannast orðið við í kjölfar markvissrar markaðsetningar. Frá upphafi hefur verið verslað með innflutt gólfefni og hurðir en ýmsir vöruflokkar hafa bæst við í tímans rás.

### Helstu vöruflokkar sem fást hjá Parka:

**Gólfefni:** Flísar-harðparket-viðarparket-stigahúsateppi-mottur og vinylgólfefni

**Annað:** Kerfisloft, dúkaloft, hurðir, veggfóður og innréttingar.

**Fylgihlutir:** Allt sem þarf til frágangs og uppsetningar, viðhalds og þrifa í öllum vöruflokkum okkar.

Parki vinnur náið með fjölda framúrskarandi birgja og með þekkt gæðavörumerki. Við flytjum inn allar okkar vörur sjálfir að undanskildum þeim sem keyptar eru af íslenskum framleiðendum. Parki ehf. hefur staðið í mikilli samkeppni á markaðnum frá upphafi en náð að auka markaðshlutdeild sína hægt og bítandi og má nú teljast eitt stærsta fyrirtæki sinnar tegundar hérlendis.

### Mannauður

Í byrjun starfseminnar voru starfsmenn alls 4 en eru nú orðnir rúmlega 30. Starfsfólk Parka býr að umfangsmikilli þekkingu og reynslu á þeim vörum sem til boða standa. Viðskiptavinir geta verið öruggir um að fá vandaða og faglega ráðgjöf um allt er lítur að innréttingum hílþýla, jafnt heimila sem verslana, skrifstofuhúsnæðis og annars konar húsnæði. Við höfum ráð undir rífi hverju.

### Leiðarljós og stefnan í rekstri Parka ehf.

Að bjóða upp á framúrskarandi vörur og þjónustu á sviði innréttinga húsnæðis á sanngjörnu verði. Bitter ehf. á aðild að samtökum verslunar og þjónustu SVP og sat framkvæmdastjóri Bitter ehf. Gústaf B. Ólafsson í stórn SVP kjörtímabilin 2017-2018 og 2018-2019.

Bitter hefur verið í hópi Framúrskarandi fyrirtækja í vali Creditinfo fyrst 2012 og síðan aftur 2018 og 2019, jafnframt hefur fyrirtækið verið í hópi Fyrirmyndafyrirtækja í vali Keldunnar og Viðskiptablaðsins nú síðast 2018 og 2019.





Úr starfsmannferð til Edinborgar.

### COVID-19

Kórónaveirfaraldurinn hefur óneitanlega sett strik í reikninginn hjá Parka ehf. Reglur almannavarna vegna COVID-19 hafa haft áhrif hjá okkur á þann veg að endurskipuleggja þurfti starfsframlag og viðveru starfsmanna.

### Velta og stjórnendur

Velta Parka hefur vaxið stöðugt frá upphafi og fyrirtækið skilað hagnaði.

Stjórnendur Bitter ehf. stjórnarformaður Júlíus G. Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Gústaf B. Ólafsson.

Meðal fyrirtækja sem Bitter ehf. hefur keypt og sameinað Parka síðastliðin ár eru: JP-innréttingar, Persía, Teppabúðin og Litaver.



Framúrskarandi fyrirtæki 2019, á myndinni eru frá vinstri: Júlíus Geir Hafsteinsson Stjórnarformaður, Gústaf B. Ólafsson Framkvæmdastjóri og Hallgeir S. Pálmason..



Starfsmenn verslunarinnar í Skeifunni 2.

## Poulsen



Eigendur og stjórn Poulsen.  
 Lovísa Matthíasdóttir, Baldvin Smári Matthíasson og  
 Ragnar Matthíasson.  
 Stjórnaformaður er Lovísa Matthíasdóttir og Ragnar  
 Matthíasson er framkvæmdastjóri.

Ekki eru þau mörg íslensku fyrirtækin sem geta státað af því að hafa náð 100 ára aldri hvað þá 110 ára aldri en eitt þeirra er verslunin Poulsen ehf. sem hélt upp á aldarafmæli sitt árið 2010. Reksturinn nær inn á mörg svið en frá upphafi hefur þungamiðja starfseminnar legið í innflutningi og sölu á varahlutum í bifreiðar og iðnvélar. Eftir sameiningu við fyrirtækið Orka – Snorri G. Guðmundsson hf. árið 2005 hefur bæst við umsvifamikilið starfssvið rúðuísætninga, bílaréttinga og bílasprautunar. Hjá Poulsen ehf. starfa í dag um 40 manns.

### Saga Poulsen

#### 1910 - Poulsen stofnað

Valdimar Poulsen, danskur járnsteypumeistari, stofnaði fyrirtækið árið 1910. Hann kom hingað upphaflega til að starfa að uppbyggingu Járnsteypu Reykjavíkur en hóf einnig viðskipti með eldfastan leir og ýmsa málma.

#### 1926 - Smásöluverslun að Klappartíg 29

Valdimar opnar smásöluverslun að Klappartíg 29 en þar var boðið upp á alls kyns vélar og varahluti ásamt ýmsum smíðaverkfærum.

#### 1946 - Nýr aðaleigandi

Nokkrum árum eftir andlát Valdimars árið 1946 kom Ingvar Kjartansson, kaupmaður, inn í reksturinn og keypti þar helmingshlut. Hann varð síðar forstjóri fyrirtækisins til margra ára og aðaleigandi þess frá árinu 1963 og til dauðadags árið 1990.

#### 2001 - Nýir eigendur

Frá árinu 2001 hefur Poulsen ehf. verið í eigu hluta af fjölskyldu Matthíasar Helgasonar og Elínar Ragnarsdóttur. Hún hafði þá rekið fyrirtækið Bílanaust í tæp 40 ár.

#### 2001 - Poulsen fer í Skeifuna

Eftir eigendaskiptin fluttist reksturinn í núverandi húsnæði að Skeifunni 2 í Reykjavík en gólfplötur þess er um 4000 fermetrar. Fram til þess tíma höfðu baðinnréttingar verið fyrirferðamiklar en sá hluti var seldur út úr fyrirtækinu þar sem hann samrýmdist illa öðrum þáttum starfseminnar.

#### 2005 - Kaup á Orka-Snorri G. Guðmundsson (OSG)

Óhætt er að segja að umfangsmesta fjárfestingin, að því leyti, hafi átt sér stað árið 2005 þegar gengið var frá kaupum á fyrirtækinu Orka-Snorri G. Guðmundsson (OSG). Með því bættust við um 20 starfsmenn ásamt nýjum starfsviðum, t.d. innflutningi á Pilkington bílúðum 3M slípivörum, DuPont bílalökkum sem síðar breyttist í Spies Hecker ásamt fjölbreyttri flóru varahluta og verkfæra.



Aron Ragnarsson, deildarstjóri bílrúðudeildar.



Ólafur Örn Arnarson, verslunarstjóri.

### 2005 - Kaup á rekstur Framrúðunnar

Í beinu framhaldi keypti Poulsen síðan rekstur Framrúðunnar að Viðarhöfða 2 og með því bættist við nýr þjónustuliður bílúðusetninga. Meðfram öllu þessu hefur Poulsen ehf. einnig flutt inn og selt heita potta, spa-potta og litlar sundlaugar, en sá þáttur er aðeins lítil hluti rekstrarins. Ísetningar og vörumóttaka fyrir bílúður ásamt sýningarsal fyrir heita potta er með aðsetur að Grensásvegi 3.

### 2010 - Poulsen 100 ára

Ekki eru þau mörg íslensku fyrirtækin sem geta státað af því að hafa náð 100 ára aldri en eitt þeirra er verslunin Poulsen ehf. sem hélt upp á aldarafmæli sitt árið 2010. Reksturinn nær inn á mörg svið en frá upphafi hefur þungamiðja starfseminnar legið í innflutningi og sölu á varahlutum í bifreiðar og iðnvélar.

### 2020 - Poulsen 110 ára – COVID-19

Á árinu 2020 fagnar Poulsen 110 ár afmæli sínu við einar þær óvæntustu og einkennilegustu aðstæður sem upp hafa komið í íslensku samfélagi allt frá stofnun fyrirtækisins. COVID-19 kórónuveirufaraldurinn hefur sett daglegt líf flestra úr skorðum og haft gifurleg efnahagsleg áhrif. Á þessu merka ári 2020 setti Poulsen nýja vefsíðu, [www.poulsen.is](http://www.poulsen.is) í loftið sem er vefverslun ásamt því að gefa góðar upplýsingar um vöru og þjónustu.



Björgvin Ragnarsson, sölu- og markaðsstjóri.



Kristján Orri Ágústsson, innkaupstjóri.



Starfsmenn bílúðuverkstæðis.



Þorsteinn Pálmar Einarsson, lagerstjóri.



Húsgagnahöllin, Bildshöfða.



Dorma Smáratorgi.

## Radix



Reynir Sigurðsson, annar stofnenda.



Valgeir verslunarstjóri, Egill og Gauti gefa fæðingardeild Landsspítalans 15 Lazyboy stóla.



Egill og Gauti Reynissynir, eigendur.

Radix ehf. var stofnað austur á Egilsstöðum árið 1994. Tilgangur félagsins var að flytja inn nýjar og byltingarkenndar heilsuvörur sem voru að ryðja sér til rúms á markaði. Vörur þessar voru hannaðar og þróaðar af NASA geimvísindastofnun Bandaríkjanna og höfðu menn tröllatrú á þessum vörum.

### Sagan, stofnendur og eigendur

Stofnendur félagsins voru félagarnir Reynir Sigurðsson og Guttormur Brynjólfsson. Guttormur var við nám á þessum tíma í Svíþjóð og kynntist vörunni þar í tengslum við nám sitt við Doctor of Naprapathy í Svíþjóð. Í skólanum var kynning á nýjum heilsukoddum og dýnum sem hétu Tempur, efnið lagaði sig að hita og þrýstingi líkamanns. Þetta þótti þeim félögum vera spennandi og fengu þeir umboðsleyfi fyrir vörunna á Íslandi og hófu þar með innflutning og sölu á vörunni í gegnum félag sitt Radix ehf. Fyrstu árin voru eins og gengur fremur kröfuhörð, það tók sinn tíma að markaðsetja vöruna hér heima og byggja upp trúverðugleika og var það mjög krefjandi og tímafrekt verk. Breyting hefur verið á eignarhaldi Radix ehf. Þegar Guttormur dró sig út úr rekstrinum og Reynir síðar og eiga því bræðurnir Guðmundur Gauti Reynisson, Egill Fannar Reynisson ásamt konu Egils, Huldu Rós Hákonardóttur fyrirtækið í dag. Fyrsta verslun Radix var opnuð á Grandavegi og seldi hún eingöngu Tempur vörur og nú var markaðssetningin farin að skila sér og salan jókst dag frá degi og þurfti því að stækka verslunina og bæta við vöruframboði svo sem rúmum o.fl. fyrir svefnherbergið. Flutt var upp á Grensásveg árið 1996 í stærra og betra rými og veltan jókst jafnt og þétt og stórhuga maðurinn Guðmundur Gauti sem þá var kominn inn í reksturinn vildi stækka meira og auka vöruframboðið enn meir, var þá flutt í Faxafeni 5 árið 1998 og versluninni gefið nafnið Betra Bak. Þar starfaði fjölskyldan fyrst um sinn, þeir Reynir, Gauti, Egill og Anna Heiður. Betra Bak er enn í Faxafeni og dafnar þar vel með sitt góða vöruúrval. Félagið stækkaði svo við sig með því að opna tvær nýjar Dormaverslanir. Sú fyrri opnaði árið 2009 í Holtagörðum og sú síðari á Smáratorgi árið 2016. Verslanir þessar eru reknar á sama grundvelli en með ódýrari vöruflokka. Einnig var opnuð verslun á Ísafirði 2006 undir nafninu Betra Bak og starfar hún þar enn.

### Húsgagnahöllin

Árið 2012 náðust samningar við Norvik um kaup á Húsgagnahöllinni. Verslunin var vel þekkt en komin á slæman stað eftir efnahagshrunið. Radix réðst í gríðarmikið uppbyggingarstarf og miklar endurbætur á versluninni. Verslunin var stækkuð mikið og færð til nútímans með nýjum línunum og breyttu vöruúrvali. Radix opnaði síðar útibú á Akureyri árið 2016 en þar er einnig að finna verslanir Betra Baks, Húsgagnahallarinnar og Dorma undir sama þaki. Radix rekur jafnframt heildsölu í dag sem selur talsvert til hótela, gistiheimila og í aðrar verslanir. Árið 2019 tókum við við umboði Hästens á Íslandi og er það komið inn í verslun Betra Baks í Faxafeni 5.



Mikið að gera í Húsgagnahöllinni.

### Birgjar

Birgjar Radix eru margir og vörurnar koma víða að frá Evrópu, Ameríku og Asíu. Vöruhús Radix heitir Rekkar vöruhótel, það þykir einstakt og framúrstefnulegt í birgðahaldi og stýringu. Það er staðsett að Korputorgi og er um 6500fm<sup>2</sup>. Alls eru birgjarnir á annað hundrað. Mikil og góð sambönd við birgja og framleiðendur hafa skapast með áralöngum farsælum viðskiptum og trausti. Helstu vöruflokkar eru rúm, sófar og stólar en vörunúmerin í heild eru tæplega 15000. Radix sérhæfir sig í svefnherbergisvörum og stofuhúsgögnum en úrvalið er breitt í allskyns húsbúnaði. Einnig tekur Radix þátt í vöruþróun ásamt framleiðendum með hönnun og þróun varnings sem henta viðskiptavinum á íslenskum markaði.

### Sérstaða

Töluverð samkeppni ríkir á markaðnum en sérstaða Radix er afar sterk í rúmunum og sófum. Lagt er mikið upp úr því að miðla allri þekkingu og reynslu til starfsfólks til þess að veita góða þjónustu og vænlega upplifun viðskiptavina Radix. Í Dorma er markmiðið að ná til markhóps sem er að kaupa sitt fyrsta og/eða sitt annað rúm. Betra Bak og Hästens eru sérhæfðari verslanir með markhóp sem er kröfuharðari. Í Húsgagnahöllinni er mikið úrval alls konar húsgagna og húsbúnaðar þar sem lagt er mikið upp úr vönduðum og fallegum munum fyrir heimilið.

### Mannauður og velta

Í heild eru um 60 fastráðnir starfsmenn hjá Radix og 25 hlutastarfsmenn. Á skrifstofu Radix eru 15 manns að störfum á markaðssviði, innkaupsviði, fjármálasviði og í þjónustuveri. Velta hefur farið vaxandi í gegnum tíðina og nemur nú rúmunum 4, milljörðum króna (2020). Radix hefur margfaldað veltu Húsgagnahallarinnar frá 2012. Heimsfaraldurinn leiddi til þess að aukin áhersla var lögð á netsölu með því að bjóða fría sendingu hvert á land sem var. Nam vefverslun suma mánuði nærri 30 til 50% af veltunni. Fylgt var ráðum Almannafróðunar um sóttvarnir og hafði það óneitanlega áhrif.

### Framúrskarandi fyrirtæki

Fyrirtækið hefur verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja á lista Ccreditinfo.

### Markaðsmál

Radix er stór aðili á auglýsingamarkaði og eru með eigin markaðsdeild og frumkvöðlar í markaðsmálum.

### Samfélagsleg málefni og framtíðarsýn

Fyrirtækið styrkir ýmis góð málefni ár hvert og hefur verið ötull bakhjarl við æskulýðs og íþróttastarf.

Farsæld hefur fylgt Radix ehf. frá upphafi og hefur starfsemin verið gæfurík og gjöful.



Rekkar, vöruhús.



Verslunin Betra Bak, Faxafeni.



Ágúst Einarsson, framkvæmdastjóri.

## Rafver



Mynd úr verslun Rafvers.

Rafverktakafyrirtækið Rafver hf. var stofnað í maí 1956. Stofnendur voru 6 talsins.

Í upphafi var fyrirtækið til húsa í bílskúr við Holtsgötu í Reykjavík. Það flutti síðan í Einholt árið 1959 en þaðan í eigið nýbyggt húsnæði að Skeifunni 3e árið 1964. Ágúst Einarsson er aðaleigandi og framkvæmdastjóri Rafvers.

### Starfsemi

Starfssvið fyrirtækisins allt frá stofnun hefur verið við raflagnir, hvort heldur við nýlagnir eða endurbætur á eldri raflögnum. Rafver er löggiltur rafvertaki. Í dag er Rafver einnig sölu- og umboðsaðili á vélum, verkfærum, hreinsitækjum og hreinsibúnaði.

### Verslun með vélar og verkfæri

Árið 1984 urðu kaflaskipti í starfsemi Rafvers er hafin var innflutningur og sala á háþrýstidælum og ýmis konar hreinsivélum frá Kärcher í Þýskalandi. Var af þessu tilefni opnuð verslun í húsnæði Rafvers í Skeifunni 3e-f. Hefur vöruflokkum síðan stöðugt fjölgað og er Rafver í dag með mikið úrval af vélum og verkfærum fyrir iðnað og útgerð. Fyrirtækið hefur lagt áherslu á að bjóða eingöngu upp á vandaðar vörur frá viðurkenndum framleiðendum. Í gegnum tíðina hefur vöruvalið orðið sífellt fjölbreyttara.

### Starfsfólk

Á fyrstu árum fyrirtækisins voru stofnendur einu starfsmenn fyrirtækið en þegar frá leið fjölgaði starfsmönnum og hafa að meðtali verið á bilinu 11 til 13 þótt flestir hafi þeir orðið 24 þegar mikil verkefni bárust að tímabundið.

### Framúrskarandi fyrirtæki

Rafver er aðili að SA og Félagi löggiltra rafvirkja. Það er í hópi framúrskarandi fyrirtækja á lista Creditinfo.

### Velta

Velta fyrirtækist hefur aukist jafnt og þétt í gegnum árin og afkoman verið góð. Rafver nýtur þess að margir viðskiptavinir hafa haldið tryggð við fyrirtækið í áraðir.





Verslunin Sportvörur, Dalvegi.



Eyþór Ragnarsson, framkvæmdastjóri.

## RJR

Fyrirtækið RJR var stofnað árið 1946 af Ragnari Jóhannessyni en hét þá R. Jóhannesson og var fyrst og fremst í innflutningi á vörum einkum stáli og járnvörum frá gömlu Tékkóslóvakíu (Tékklandi). Nokkrir aðilar voru með honum í upphafi en hann endaði sem eini eigandinn og upp úr því spratt fyrirtæki sem nefndist Tékkneska Bifreiðambóðið sem síðar varð Jöfur. RJR var alltaf til en þegar Ragnar veiktist kom sonur hans, Ragnar J. Ragnarsson flugmaður hjá Loftleiðum, inn í fyrirtækið til aðstoðar og fór aldrei til baka. Hann byggði meðal annars upp Jöfur sem var með umboð fyrir Skoda, Jeep, Peugeot og Alfa Romeo. Jöfur var síðar selt til hóps fjárfesta. Meðan á þeim rekstri stóð hélt Ragnar áfram að flytja inn stál fyrir ýmsa aðila þar til árið 1992 að hann tók til við að endurvekjja RJR með það að markmiði að flytja inn og versla með stál. Á meðan var sonur hans, Eyþór Ragnarsson í námi í tæknifræði og þegar Ragnar þurfti á sjúkrahús í smávægilega aðgerð steig Eyþór inn til aðstoðar, ekki ósvipað og átti sér stað þegar faðir hans steig inn í fyrirtækið hjá afa hans á sínum tíma. Eyþór hafði ekki haft í hyggju að starfa hjá föður sínum en atvikin höguðu því þannig að Eyþór er enn starfandi hjá RJR og er eigandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins í dag.

Ennþá er RJR að versla með stál til iðnaðar og annarra nota hér á landi sem og erlendis. Meira að segja er enn verið að flytja inn stál frá ýmsum af þeim framleiðendum í Tékklandi sem afi Eyþórs verslaði við forðum tíð.

### Starfsemin

Eyþór hóf að þreifa fyrir sér meðal framleiðenda á unnum stálvörum í Asíu og flutti þær til landsins. Það gekk með miklum ágætum lengi vel. Í kjölfar efnahagshrunsins varð hlé á ýmsum stórfamkvæmdum svo nokkur lægð myndaðist í verslun með stál. Þá fór Eyþór að skima eftir íþróttavörum í tengslum við þau viðskiptasambönd sem hann hafði komið sér upp í Asíu. Það varð ofan á að íþróttavörurnar hófu að yfirskyggja stálinnflutninginn svo í dag er RJR orðinn leiðandi í sölu á íþróttavörum. Má þar nefna tæki til íþróttaiðkunar eins og hlaupabretti, ketilbjöllur, lyftingastangir og lóð ásamt skóm, fatnaði og öllu sem tilheyrir hvers kyns íþróttaiðkun.

RJR þjónustar m.a. líkamsræktarstöðvar, íþróttafélög, einstaklinga og félagasamtök margs konar. Umfangið var orðið gríðarlegt svo á einhverjum tímapunkti þótti skynsamlegt að skipta fyrirtækinu upp í tvo hluta. Annars vegar þann hluta sem verslar með íþróttavörur (Sportvörur) og hins vegar það sem lýtur að stálinu (RJR-stál). Eyþór fékk Hilmar Magnússon góðan féлага sinn til margra ára til að sjá um stálvörurnar en sjálfur einbeitir hann sér að íþróttavörunum. Kveikjan að öllu saman var þegar Eyþór sá tækifæri á að koma með ketilbjöllur á markaðinn á hagstæðu verði þar sem hann, vegna reynslu sinnar af verslun við stálframleiðendur, vissi hvert verðgildi einnar ketilbjöllu var. Hann fór strax út í smásölu á íþróttavörunum og verslunin er í dag til húsa að Dalvegi 32a en þar er hátt til lofts og vítt til veggja og vöruúrvalið með afbrigðum gott.

### Fyrirtækið í dag

RJR hefur einnig með höndum heildsölu til annarra verslana, fyrirtækja, sveitarfélaga og félagasamtaka eins og fram hefur komið. Ýmsar vörur eru merktar RJR sem margir halda að standi fyrir alþjóðlegt vörumerki en eru einungis upphafsstafirnir í nafni Ragnars J. Ragnarssonar. RJR leggur áherslu á vandaðar vörur framleiddar undir þekktum og góðum vörumerkjum og þjónustan í versluninni er afar góð og persónuleg. 15 manns starfa hjá fyrirtækinu í dag sem telst meðalstórt. Veltan er í kringum einn milljarð samanlagt hjá báðum hlutum RJR. Eyþór Ragnarsson hefur þá sannfæringu að til að ná árangri í fyrirtækjarekstri sé nauðsynlegt að hafa kjark til að gera breytingar, ekki bíða of lengi með að koma sér út úr lélegum viðskiptum og síðan þarf maður að hafa einstaklega gaman af þessu öllu saman.



Skrifstofan á Höfðabakka 9.

## Reki

Um mitt ár 1988 komu saman nokkrir atorkusamir menn og ákváðu að stofna fyrirtæki sem þjónaði sjávarútveginum. Það var niðursveifla í efnahagslífinu en menn töldu að rekstur sem þyrfti að takast á við og lifa erfiðleika mögru árunna hlyti að njóta þess þegar betur áraði. Stofnendur voru 6 en fljótlega fækkaði í hluthafahópnum í 3, sem enn eru eigendur fyrirtækisins. Þeir eru Björn H. Jóhannesson, Kristinn Jónsson og Ragnar G. Gunnarsson. Fyrirtækið hlaut nafnið Reki ehf.

### Starfsemin

Starfsemin hófst í 25 fm húsnæði á Fiskislóð 90, 101 Reykjavík (annað húsnúmer í dag). Í upphafi var einn starfsmaður en fljótlega bættist annar við. Megináhersla var lögð á þjónustu við smábátasjómenn. Þungamiðja starfseminnar fyrstu árin laut að sölu og þjónustu á hinum þekktu SABB bátavélum frá Noregi auk ýmiss annars búnaðar fyrir bátana. Reki ehf. tók líka þátt í nýsmíðaaævintýrinu í kringum 1990 og lét fyrirtækið smíða 5 og 10-12 tonna plastbáta hjá SELFA bátsmiðjunum í Þrándheimi. Áður en yfir lauk voru fluttir inn um 20 bátar.

Aukin umsvif kölluðu á stærra húsnæði og í árbyrjun 1992 var flutt á Grandagarð 5 einnig í 101. Fyrst á neðri hæðina en síðan var allt húsið yfirtekið. Þáttaskil urðu í rekstrinum á árunum 1992-3. Með síauknum fjölda þjónustufyrirtækja í smábátageiranum og augljósri fækkun þessarra báta var ákveðið að færa út kvíarnar og lögð aukin áhersla á þjónustu við stærri skip og báta. Það gekk eftir og var sérstök áhersla lögð á vélarúmið og búnaði tengdum því. Fyrirtækinu tókst að ná góðum viðskiptatengslum við birgja víða um heim og skapa sér gott nafn bæði á markaði hér og eins meðal birgja.

### Sérhæfing

Þegar liða tók að aldamótum var ljóst að markaðurinn kallaði á aukna sérhæfingu. Reki ehf. svaraði því kalli með aukinni áherslu á ákveðna vörubætti án þess þó að kasta öðrum fyrir róða. Árið 2000 var gerður samningur við hinn þekktu síuframleiðanda Donaldson um dreifingu á framleiðslu þeirra á íslenskum markaði. Donaldson er í fararbroddi í í hönnun og framleiðslu síubúnaðar, sérstaklega loftsíubúnaði fyrir atvinnutæki og iðnað. Þessi samningur kallaði á stærra og hentugra húsnæði og 2001 var flutt í húsnæði á Fiskislóð 57-59. Samstarfið við Donaldson hefur gengið mjög vel allt til þessa dags og vegna góðs árangurs hlaut Reki ehf. sérstök verðlaun sem veitt voru árlega einungis 3 fyrirtækjum (af um 150). Verðlaunin heita Dedication to Excellence Award, og var fyrirtækið nefnt Authorized Distributor of the Year 2004. Fljótlega bættust við fleiri þekktir birgjar í síum, þar á meðal Fleetguard (síudeild Cummins) og Mahle. Það leiddi til stækkunar á viðskiptavinahópi Reka ehf. Því síur eru nauðsynlegar í flestum geirum atvinnulífsins. Nú komu mikilvægir viðskiptavinir úr flutningaþjónustu, ferðaþjónustu, iðnaði, verktakastarfsemi og landbúnaði auk sjávarútvegs.

2011 hóf Reki ehf. samstarf við ISRINGHAUSEN, sem er án efa þekktasti framleiðandi í heimi á sætum fyrir atvinnubíla. Og 2016 bættist United Seats við, en þeir framleiða sæti fyrir minni



Lager.





Björn H. Jóhannesson tekur við viðurkenningu úr hendi Anite Briké, aðstoðarforstjóra Donaldson í Evrópu



Afhending á 5 bátum frá SELFA.

vélar og tæki. Auk ofangreinds býður Reki ehf. einnig upp á sjófittings, sjósiur, kolpétti fyrir dælur, rúðupurrkur frá Exalto, dælur fyrir smurefni, olíur og vatn frá MARCO, sjódælur frá IFP og Liverani svo eitthvað sé nefnt.

### Aðsetur

Þegar leið á annan áratuginn var ljóst að staðsetning fyrirtækisins var ekki lengur hentug fyrir viðskiptavinina. Árið 2015 flutti Reki ehf starfsemi sína í tæplega 700 fm húsnæði á Höfðabakka 9, 110 Reykjavík. Þar er gott aðgengi og rúmgóð aðstaða.

### Stefna

Í dag hefur Reki ehf. skapað sér sterka stöðu á markaði, sérstaklega í síum og síubúnaði fyrir skip, atvinnutæki, atvinnubíla og iðnað. Grunnurinn er stór lager og mikil þekking. Ennfremur er sérhæfing í bílstjórasetum, kolpéttum og ýmsum búnaði fyrir skip og báta.

Í stefnumótun fyrirtækisins er þungamiðjan áhersla á staðfest gæði þess búnaðar og varahluta sem boðið er upp á. Þjónusta og þekking er í öðru sæti ásamt lagasetningu og í þriðja sæti er áherslan á að bjóða framangreindan búnað á sem bestu verði.

Stefna fyrirtækisins hefur skilað því ráðandi stöðu á sínum geira markaðarins. Þeim sem reka atvinnutæki er mest í mun að þau starfi eins og þeim er ætlað með sem minnstum frátöfum vegna bilana eða þjónustuhléa. Þeir þurfa að geta treyst því að rekstrarhlutir séu af þeim gæðum sem framleiðandi tækisins gerir kröfu um. Eins þarf aðgengi að rekstarhlutum að vera með þeim hætti að ekki valdi óþarfa rekstrarhléi.

### Mannauður

Mjög lítil starfsmannaveita er hjá Reka ehf. Nú eru þrír starfandi í fyrirtækinu og hafa verið lengi. Starfmenn eru: Björn H. Jóhannesson, framkvæmdastjóri, Kristinn Jónsson, vélfræðingur og Tryggvi Kárason, vélfræðingur.



Kristinn, Tryggvi og Björn.



Lager.



## Rolf Johansen & Company



Ásgeir Johansen, framkvæmdastjóri.

Rolf Johansen & Company ehf. (RJC) var stofnað af Rolf Johansen (f.1933 – d.2007) árið 1957. Rolf var aðeins 24 ára þegar hann stofnaði fyrirtækið í kringum Bridgestone umboðið. Áður hafði hann reynt fyrir sér með eitt og annað en reksturinn tók við sér þegar sala hófst á Bridgestone hjólbörðum. Fyrst var RJC til húsa að Laugavegi 178 en árið 1987 flutti fyrirtækið í núverandi húsnæði að Skútuvogi 10a.

### Eigendur og stjórn

Stjórnarformaður og aðaleigandi RJC er Kristín Á. Johansen, ekkja Rolfs, með 70% eignarhlut. Framkvæmdastjóri og minnihlutaeigandi með 30% eignarhlut er Ásgeir Johansen sonur þeirra.

### Vörur og þjónusta

Fyrstu árin verslaði fyrirtækið nánast eingöngu með Bridgestone dekk. Síðar hófst innflutningur á annars konar vörum, t.a.m. snyrtivörum frá Lancome, L'Oreal og Vichy. Félagið var einnig með öflugan innflutning á ýmsum matvörum. Má þar m.a. nefna Oreo kex, Ritz Bits, Planters, El Marino kaffi, Oscar krafta, en vörumerkin voru talsvert fleiri. RJC hóf snemma innflutning á tóbaksvörum frá R.J. Reynolds Tobacco og Nobel Cigars. Þekktar tegundir eru m.a. Winston, Camel, Salem og Gold Coast sígarettur sem og Bagatello, Cigill, Fauna, Café Creme og London Docks vindlar. Síðar bættust við fleiri birgjar og vörutegundir eins og Davidoff, Cohiba, Montecristo, Prince Albert, Half&Half, Sweet Dublin, Zippo og fleiri. Yfir 150 vörutegundir eru í vöruflokknum tóbak og tengdar vörur. RJC þjónustar alla anga markaðarins, s.s. matvælaferlanir, bensínstöðvar, söluturna, hótél- og veitingastaði, fríhafnir, flugfélög og skipaferlanir.

### Kaflaskil

Árið 1999 voru matvöru- og snyrtivörudeildirnar seldar og ákveðið var að einblína á áfengis- og tóbaksvörur. Í vöruflokknum Áfengi og glös eru yfir 500 vörutegundir. Árið 2012 hóf RJC að framleiða eigin drykkjarvörur. Í dag selur fyrirtækið Klaka, kolsýrt vatn, og Leppin íþróttadrykki auk þess að flytja inn og selja þó nokkuð af óáfengum drykkjarvörum. Á undanföllum árum hefur RJC hafið innflutning á ýms konar dagvöru.

### Mannauður

Samkeppni er umtalsverð á markaðnum en RJC og leggur félagið áherslu á að veita góða þjónustu til sinna viðskiptavina. Lagerhaldi og dreifingu er úthýst og er flest starfsfólk því að sinna sölu- og markaðsstarfsemi. Þegar mest var unnu 40 manns hjá RJC en starfsfólki fækkaði eftir breyttar áherslur. Í dag starfa 15 manns hjá fyrirtækinu auk verktaka.

### Velta

Velta hefur aukist hóflega jafnt og þétt ár frá ári en stóð þó í stað árið 2019 frá fyrra ári.



### Aðild

RJC hefur verið aðili að Félagi atvinnurekenda, sem áður hét Félag íslenskra stórkaupmanna (FÍS) alla tíð. RJC er einnig aðili að Viðskiptaráði Íslands. Fyrirtækið hefur verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja bæði hjá Creditinfo og VR.

### COVID-19

Heimsfaraldurinn kallaði ekki á sérstakar ráðstafanir hjá RJC en fólk var þó gert kleift að stunda sín störf að heiman. Á meðan COVID-19 bylgjur gengu yfir var starfshópnum skipt í tvennt til að minnka líkur á smiti og til að forða félaginu frá því að missa mögulega allt starfsfólk í sóttkví á sama tíma. Ekki þurfti að grípa til uppsagna né að nýta hlutabótaleiðina.

### Auglýsingar

RJC hefur undanfarna tvo áratugi verslað með vörur sem flestar má ekki auglýsa. Á næstunni má ætla að auglýsingar á vörum félagsins verði meira áberandi þar sem talsverð aukning hefur verið í vörutegundum vara sem má auglýsa.

### Samfélagsmál

RJC hefur alla tíð lagt talsvert af mörkum til góðgerðarmála og einnig stutt ýmis konar félagasamtök með fjárstyrkjum. Í lok hvers árs er ákveðið hvaða félög eða samtök skuli hljóta stuðning og leggur félagið áherslu á að gera það án sérstakra opinberra tilkynninga.

### Markmið

Meginmarkmið RJC er að verða fyrsti valkostur sem samstarfsaðili, hvort sem er meðal viðskiptavina, birgja eða starfsmanna. Stjórnendur félagsins telja að slíkum markmiðum megi ná með því að bjóða upp á gæðavörur og þjónustu á sanngjörnum verðum, bjóða upp á heilbriggt og vandað starfsumhverfi og með því að halda á lofti ákveðnum lífsgildum eins og fagmennsku, áreiðanleika og trygð. Þau gildi voru sett fram af stofnenda félagsins og hefur m.a. leitt til þess að RJC hefur átt í áratugalöngum vinnusamböndum við sína samstarfsaðila. Einnig hefur þessi stefna leitt af sér mjög lága starfsmannaveltu.

### Framtíðarsýn

Framtíðarsýnin er að auka áherslu á eigin framleiðslu alls konar en þó fyrst og fremst á drykkjavöru næstu árin.

Árið 2012 hóf RJC að framleiða eigin drykkjavörur, m.a. Klaka, kolsýrt vatn.





Garminbúðin tekur þátt í fjölda sýninga, þarna á 4X4 sýningunni 2018.

## RS Import / Garminbúðin



Í þá gömlu góðu daga, Sigmundur Karl, faðir Ríkarðs og Sæmundur Sævarsson í stórférd 4X4 1997 sem var styrkt af R. Sigmundssyni, umboðsaðila Garmin á Íslandi í þá daga.



Í þá gömlu daga, snjósleði árið 1999 í eigu Benedikts Bragasonar. Þarna eru þrjú Garmin tæki, tvö með skjá og svarta loftnetið sem er leiðréttingartæki sem jók nákvæmni umtalsvert á þessum tíma þegar GPS kerfið var „ruglað“, gert ónákvæmara vegna varnamála Bandaríkjamanna.



Í þá gömlu daga, fyrsta 4X4 sýningin þar sem Garmin var til sýnis haustið 1993. Garmin hefur verið á öllum 4X4 sýningum síðan þá. Birgir Már Georgsson og Ríkarður Sigmundsson.

RS Import er umboðs- og dreifingaraðili Garmin á Íslandi og rekur Garminbúðina í Ögurharfi 2, Kópavogi. Garminbúðin er í grunnin eins og nafnið gefur til kynna, sölu- og þjónustuaðili fyrir Garmin vörur ásamt snjóflóðaöryggisvörum fyrir snjófarendur frá ARVA, RAM festingakerfum fyrir GPS, farsíma, tölvur og annað, ferðarafhlöður og sólarþeglar frá Powertraveller ásamt ýmsu öðru.

### Garmin

Garmin var stofnað af Gary Burrell og Min H Kao árið 1989 (Gary og Min - Garmin) því þeir sáu tækifæri að búa til vörur sem byggja á GPS tækninni fyrir almenning, báðir voru þeir verkfræðingar og höfðu byggt upp feril sinn að mestu hjá King Radio fram að því. Garmin vakti strax athygli fyrir tækin sín og óx hratt í heimabæ þeirra, Olathe í Kansas, USA, þar sem þeir eru enn með höfuðstöðvar. Garmin byrjaði á tækjum fyrir sjómenn og flugmenn ásamt því að hægt var að nota þau í útivist. Seinna þróaðist þetta í sér deildir og í dag er Garmin í grunninn skipt í bátavörur, flugvélavörur, bílavörur, íþróttavörur og útivistarvörur. Hér á landi eru útivistar, íþróttar og bílavörurnar fyrirferðamestar, svo koma bátavörurnar og flugvélavörurnar reka lestina.

### Sagan

Ríkarður Sigmundsson, stofnandi RS Import, kynntist fyrstu Garmin tækjunum í gegnum föður sinn í sameiginlegum jeppaferðum, og svo enn betur þegar Ríkarður byrjaði að vinna hjá R. Sigmundssyni ehf. árið 1994, fjölskyldufyrirtæki föður hans og systkina hans. Afí hans og nafni, Ríkarður Sigmundsson eldri, stofnaði R. Sigmundsson 1955 og byggði það á grunni frá 1923 er Guðmundur Sigmundsson, bróðir Ríkarðs eldri, byrjaði viðskipti með innflutning á rafmagns og siglingatækjum. Árið 1994 var R. Sigmundsson búinn að vera með umboð fyrir Garmin í þrjú ár og um áramótin 94/95 var slökkt á Loran staðsetningarkerfinu hér á landi, sem var eina staðsetningarkerfið sem sjómenn og almenningur hafði aðgang að, og þá sprakk út GPS áhugi hjá sjómönnum og útivistarfólki, og ekki síst hjá jeppa- og vélsleðafólki ásamt björgunarsveitum. Síðan þá hefur verið stöðugur vöxtur í sölu á GPS tækjum frá Garmin eins og allstaðar annarsstaðar í heiminum. Árið 1994 kynnti Garmin handtækið „GPS 45“ sem var í áður óþekktri smæð og sáu skotveiðimenn og aðrir fjallafarar sér leik á borði að þarna var komið öryggistæki sem hægt var að bera á sér og rata eftir í öllum veðrum. Útivistaráhugi Ríkarðs small þarna saman með vörunni og næstu 14 árin byggði hann upp Garmin vörukerfið sem vinsælasta GPS tækið á Íslandi og viðskiptahópurinn breikkaði með auknu vöruúrvali frá Garmin. Árið 2008 markaði tímamót er Garmin Europe ákvað að stofna útibú á Íslandi og réð Ríkarð til þess að stofna það og reka. Garmin Europe, útibú á Íslandi, var fundinn staður í Ögurharfi 2, Kópavogi, í janúar 2008 og svo kom bankahrunið um haustið. Það var því um vorið 2009 að Garmin tjáði Ríkarði að þeir vildu loka skrifstofunni og að Ríkarður héldi sölu í verslanir áfram með skrifstofu heima hjá sér. Þetta var ómögulegt að



Sniðflóðanámskeið í Garminbúðinni.

mati Ríkarðs og eftir stutta umhugsun bauðst hann til að kaupa skrifstofuna af Garmin og fá umboðið í staðinn. Var þetta samþykkt og 1. júlí 2009 tók RS Import við Garmin umboðinu á Íslandi, en RS Import er í eigu Ríkarðs og Írisar Hafsteinsdóttur eiginkonu hans. RS Import hefur vaxið úr fjögurra manna fyrirtæki í tíu manna fyrirtæki á þessu tímabili, fyrst og fremst vegna Garmin en einnig vegna annara vörumerkja.

„Mikil þekking á vörum okkar og ekki síður mikil þekking á væntingum viðskiptavina er einn stærsti þáttur þess að Garmin hefur orðið jafn vinsælt og raun ber vitni á Íslandi ásamt framúrskarandi þjónustu á vörunum, bæði innan og utan ábyrgðartíma“ segir Ríkarður Sigmundsson framkvæmdastjóri og stofnandi RS Import.

### Starfsemin

RS Import er heildsala og rekur einnig smásöluverslunina Garminbúðina með vörur sínar í Ögurharfi 2, Kópavogi. Við erum stolt af háu þjónustustigi og þeim umsögnum sem viðskiptavinir okkar hafa gefið okkur. Hár starfsaldur starfsmanna á stóran þátt í velgengni okkar og hafa starfsmenn mikinn áhuga á vörunum sem og samskiptum við viðskiptavini okkar til að finna lausnir sem þeim hentar. Eigendur og stofnendur eru hjónin Ríkarður Sigmundsson og Íris Hafsteinsdóttir og taka þau bæði virkan þátt í rekstrinum.

### Mannauður

Starfsmenn RS Import í dag eru Ríkarður Sigmundsson framkvæmdastjóri, Ólafur D. Ragnarsson sölustjóri, Finnur Þór Práinsson, Sæþór Steingrímsson, Jóhann Mar Ólafsson, Aron Ingi Jóhannesson, Steinar Magnússon og sumarstarfsmaðurinn Kristján Uni Jensson sjá um almenna sölu og þjónustu, bæði í smásölu og heildsölu. Íris Hafsteinsdóttir er fjármálastjóri og Linda S. Ríkarðsdóttir, föðursystir Ríkarðs, sér um bókhald.



Í þá gömlu daga, ein af fyrstu jeppaferðunum með Garmin GPS 75 ásamt Magnavox GPS tæki veturinn 1993.



Ríkarður og Dan Bartle, President of Sales World Wide hjá Garmin, í 70 ára afmæli hjá Dan í Olathe, Kansas.



Starfsfólk og makar á árs hátíð RS Import 2021 í Borgarnesi.



Saltuppskera í Túnis.

## Saltkaup



25 ára afmæli 2015. Frá vinstri: Hilmar Þór (eldri) framkvæmdastjóri Saltkaupa hf. Kristján Loftsson, forstjóri Hvals hf. og Hilmar Þór (yngri) núverandi framkvæmdastjóri Saltkaup Nordic ehf.

Saltkaup hf. var stofnað 30. janúar 1990 í þeim tilgangi að flytja inn og selja salt og var Jón Rúnar Halldórsson fyrsti framkvæmdastjóri félagsins. Stofnfundurinn var haldinn að Hótel Sögu og á fundinn mættu 30 saltfiskframleiðendur. En skv. fundargerðarbók þá voru stofnendur félagsins 20 talsins.

### Sagan

Fyrsta starfstöð Saltkaupa hf. var í Keflavík í samvinnu við Skipafgreiðslu Suðurnesja en árið 1991 voru höfuðstöðvar fyrirtækisins fluttar til Hafnarfjarðar og hafa verið þar síðan.

Í mars 1990 kom fyrsta skipið á vegum félagsins til landsins og gengu fyrstu tvö rekstrarárin nokkuð vel og var almenn ánægja með starfsemi félagsins og útkomu en í september 1991 kom upp kopargula hjá einum framleiðanda og sú uppákoma reyndist félaginu erfið fjárhagslega. Næstu 2 árin skiptust á skin og skúrur en rektstrarumhverfið var almennt erfið og gjaldprot í greininni settu strik í reikninginn. Í byrjun árs 1994 var tekið kauptilboði frá SÍF hf – Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda hf. í allt hlutafé félagsins að undanskildum hlut Jóns Rúnars Halldórssonar framkvæmdastjóra. Í október 1996 var gerður samningur við Marine Salt trading Company um innkaup á salti og hefur sá samningur verið endurnýjaður reglulega. Gerður var samningur um flutning á öllu lausu salti við Nesskip hf. árið 1997.

Saltkaup í eigu SÍF óx ásmegin og mikil breyting varð á rekstri félagsins þann 1. júlí 1999 þegar Saltkaup tók yfir öll umbúðamál og íbæti efni sem SÍF og Íslandssíld sáu um áður. Árið 2000 þá tók Saltkaup yfir sölu og innkaup á umbúðum fyrir frystar afurðir sem áður höfðu verið undir merkjum Íslenskra Sjávarafurða. Árið 2004 var stofnað að frumkvæði Saltkaupa hf. fyrirtækið Saltkeyþ sp/f en megin tilgangur þess var að selja salt í Færeyjum. Árið 2005 verður samruni félaganna Saltkaup hf., Salta ehf. og Hlér ehf. undir formerkjum Saltkaupa hf. Aðaleigendur eftir þann gjörning voru Jón Rúnar Halldórsson og Guðmundur Ásgeirsson. Byggð var skemma undir umbúðalager félagsins að Cuxhavengötu 3 í Hafnarfirði á sama athafnasvæði og saltrekstur félagsins sem keyptur var af Hafnarbakka ehf. Athafnasvæði félagsins á suðurbakka Hafnarfjarðarhafnar er 12.902 fm. Breytingar urðu á eignaraðild um mitt ár 2007 er eignarhaldsfélag Saltkaupa ehf. keypti alla hluti í félaginu. Eigendur eignarhaldsfélagsins (síðar EHS ehf.) voru Guðmundur Ásgeirsson, Pétur Björnsson, Hilmar Þór Hilmarsson og Ólafur Steinarsson. Jón Rúnar Halldórsson hætti störfum sem framkvæmdastjóri í árslok 2007 eftir 18 ára starf í þágu félagsins. Björn Ingi Knútsson tók við starfi framkvæmdastjóra 1. janúar 2008 og gegndi því starfi til 1. desember árið 2009 þegar núverandi framkvæmdastjóri Hilmar Þór Hilmarsson hóf störf. Gunnhildur Ólafsdóttir skrifstofustjóri hætti störfum árið 2012 eftir 17 ára starf hjá félaginu.

Á árinu 2017 keypti norska félagið GC Rieber Salt AS allt hlutafé í Saltkaupum ehf. GC Rieber Salt AS hefur á undanförunum áratugum tryggt sér mjög sterka stöðu í sölu og dreifingu á salti bæði í Noregi og Danmörku og því þótti þeim áhugavert að sameina krafta sína í þessum löndum við Ísland. Ári eftir kaupin þá var tekin ákvörðun um að allur umbúðarekstur yrði



Stofnendur skv. fundargerðarbók.



Saltdreifingarbill til hákuvarna.



Losun á fiskisalti frá Túnis í Grindavík.

seldur frá félaginu í félagið Saltkaup Nordic ehf. sem hóf starfsemi 1. janúar 2019 undir framkvæmdastjórn Hilmars Þórs Hilmarssonar yngri sem hafði verið starfsmaður Saltkaupa um árabil. GC Rieber heldur á þriðjungi í því félagi á móti norskum kjölfestu fjárfesti Nordic Embalasje AS. Árið 2020 fagnar Saltkaup því 30 ára afmæli. Félagið hefur verið í góðum rekstri til langs tíma og verið valið sem fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri samkvæmt styrkleikamati Creditinfo hvert ár frá árinu 2013 eða samtals 8 ár.

Síðustu tvö ár hafa áherslur færst yfir á þjónustu við saltfiskverkendur og umferðar öryggi á vegum landsins. Má því með sanni segja að félagið sé komið aftur á þann grunn sem það var stofnað á árið 1990.

Aðalstarfsemi er enn í Hafnarfjarðarhöfn en einnig er félagið með geymslur í Grindavík og á Grundarfirði. Allt salt kemur til landsins í heilförmum og þegar mest var flutti félagið inn yfir 80.000 tonn af salti á ári. Fiskisalt kemur í dag alfarið frá Zarsiz í Túnis en vegasalt mestmegnis frá Torrevieja á Spáni. Síðustu ár hefur þjónusta við fiskverkendur færst að hluta til yfir í pokað salt í tonnasekkjum.

Samhliða því að saltfiskverkun hefur færst á færri staði þá hafa hafnarviðkomur minnkað verulega á landinu. Á árum áður fóru flutningaskip á vegum Saltkaupa inn á fjölmarga staði allt í kringum landið þar sem losuð voru 50-300 tonn á hverjum stað. Í dag koma skip félagsins helst við auk Hafnarfjarðar á Grundarfirði, Patreksfirði, Dalvík, Húsavík, Djúpavogi, Höfn í Hornafirði, Vestmannaeyjum og Grindavík. Að jafnaði þurfa að vera til í landinu talsverðar birgðir af salti til þess að mæta kröfum fiskverkenda, bæjar- og sveitarfélaga ásamt Vegagerð. Fjárhagslegur styrkur Saltkaupa og viðskiptasambönd núverandi eigenda þess gefur félaginu afburðar stöðu á markaðinum.

### Samfélagsleg ábyrgð

Samfélagsleg ábyrgð Saltkaupa ehf felst fyrst og fremst í því að standa við sínar skuldbindingar varðandi öruggar greiðslur til þess opinbera og gæta þess að starfsmenn, birgjar og viðskiptavinir njóti þess sem þeim ber. Markmið að standa við alla gerða samninga. Saltkaup ehf. leggur mikla áherslu á að starfa að heilindum með langtíma hagsmuni að leiðarljósi fyrir fyrirtækið og viðskiptavini.

### Stjórnendur og starfsfólk

Styrkur Saltkaupa ehf. hefur ekki síst falist í sérþekkingu afburða starfsfólks og má geta þess að í dag starfa tveir starfsmenn með yfir 20 ára starfsaldur hjá félaginu en það eru þau Elínborg Sigvaldadóttir bókarari og Flosi Þórir Jakobsson sölustjóri .

Guðmundur Ásgeirsson gjarnan tengdur við Nesskip var einn af aðaleigendum félagsins frá 2005-2017 og hefur á sama tíma setið í stjórn þess sem stjórnarformaður frá 2005-2007 en sem meðstjórnandi frá 2007 fram á daginn í dag.



Hluti starfsmanna Saltkaupa ehf. á 25 ára afmæli félagsins árið 2015.

### Fyrsta aðalstjórn félagsins var skipuð eftirfarandi:

- Magnús Magnússon, Neskaupstað
- Karl Njálsson, Garði, varaformaður
- Ólafur Rögnvaldsson, Hellissandi
- Gunnar Tómasson, Grindavík, formaður
- Ingvi Þorkelsson, Þorlákshöfn, ritari

### Varastjórn:

- Eðvarð Júlíusson, Grindavík
- Elvar Einarsson, Höfn
- Tryggvi Finnsson, Húsavík

### Félagslegir endurskoðendur:

- Sigurður Einarsson Vestmannaeyjum
- Soffanías Cecilsson Grundarfirði

### Löggiltur endurskoðandi:

- Gunnar Örn Kristjánsson Hagskil hf.



Iceland Airwaves teymið 2018.  
(mynd tekin á opunarpartíi Iceland Airwaves 2018),  
Sindri Ástmarsson, Will Larnach-Jones, Ísak Bjarnason  
Agnes Wild Þorkelsdóttir, Ísleifur Thorhallsson, Móheiður  
Guðmundsdóttir, Jón Þór Eypórsson, Sawako Nevin,  
Anna Ásthildur Thorsteinsson, Egill Tómasson og  
María Einarsdóttir. / Ljós. Mummi Lú.

Sena



Opnun Smárabíó MAX júní 2017 - viðurkenning frá Barco fyrir fyrsta kvikmyndahúsið á Íslandi til að setja upp Laser varpa. Frá vinstri: Ásta María Harðardóttir rekstrarstjóri kvikmyndahúsanna, Atli Már Sigurjónsson tæknistjóri kvikmyndahúsanna, Jón Diðrik Jónsson, Kristján Magnússon (Exton), Mark Leahy (Barco), Lilja Ósk Diðriksdóttir markaðsstjóri. / Ljós. Mummi Lú.

Sena er upplifunarfyrirtæki sem sérhæfir sig í hágæða viðburðum og afþreyingu fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

#### Starfsemin

Starfsemi Senu skiptist í tvö grunnsvið:

**Viðburði og afþreyingu.** Undir viðburðasviðið heyrir annars vegar lifandi viðburðir fyrir almenning, svo sem tónleikar, uppistönd og Iceland Airwaves og hins vegar sérsniðnar fyrirtækjaviðburðir, svo sem ráðstefnur, hvataferðir og árshátíðir.

**Undir afþreyingarsviðið** heyrir dreifing kvikmynda, Playstation og rekstur Smárabíós, Háskólabíós og Borgarbíós.

Sena er skráð ferðaskrifstofa og DMC og hefur í fjölda ára aðstoðað innlend og erlend fyrirtæki að upplifa Ísland á einstakan hátt.

#### Starfsemi Senu skiptist í 5 svið

**Kvikmyndir** - Sena er umboðs- og dreifingaraðili fyrir Sony Pictures á Íslandi. Sena vinnur einnig mjög náið með flestum íslenskum kvikmyndagerðarmönnum, t.d. RVK Studios, Zik Zak, Kisi og margir fleiri.

**Kvikmyndahús** - Sena rekur kvikmyndahús á þremur stöðum: Smárabíó í Kópavogi, Háskólabíó í Reykjavík og Borgarbíó á Akureyri.

**Tölvuleikir** - Sena er umboðsaðili PlayStation og Electronic Arts, Sony Computer Entertainment, Konami, Actavision, Take 2 Interactive, THQ, Atari, Sega og Vivendi Games.

**Lifandi viðburðir** - Sena hefur fengið mörg stærstu nöfn roksins til að koma hingað auk poppstjarna og meistara klassískrar tónlistar, sem og stórtónleika með íslenskum stjörnum, viðburði og uppistönd.

**Fyrirtækjaviðburðir** - Sena býr yfir mikilli sérhæfingu og þekkingu á öllu því sem tengist ráðstefnuhaldi og sérsniðnum hvata- og lúxusferðum. Sena sér einnig um skipulagningu á árshátíðum og stærri fyrirtækjaviðburði þar sem höfuðáhersla er lög á framúrskarandi og alhliða þjónustu.

#### Eigendur, stjórnendur

Jón Diðrik Jónsson á 95% hlutfjár í gegnum Draupni fjárfestingafélag, aðrir eigendur eru Konstantín Mikaelsson, Sólveig Þórarinsdóttir, Lilja Ósk Diðriksdóttir, Lára B. Pétursdóttir, Ólafur Þór Jóelsson, Sindri Ástmarsson og Ásdís Eva Diðriksdóttir.

#### Starfsfólk

Starfsfólk Senu er með mikla starfsreynslu og þekkingu á sínu sviði. Mjög gott félagslíf ríkir á skrifstofunni. Sem dæmi um viðburði eru árlegt gólfmót, jólahlaðborð með jólaleynivini og reglulegar bíóferðir. Skrifstofa Senu er í Smáralind, Hagasmára 1 í Kópavogi.





Mynd úr verslun Siglósports.

## Siglósport

Um miðjan júlí 2014 keypti fyrirtækið L-7 ehf. Siglósport, gamalgróna verslun, sem hafði verið starfrækt síðan 1992. Fyrst sem íþróttavöruverslun en síðan aðallega sem almenn fataverslun ásamt tískuvörum bæði fyrir konur og karla.

Í dag er lögð rík áhersla á fjölbreytt úrval tískufatnaðar, íþrótt- og útivistafatnaðar ásamt því að þjónusta íþróttafélögin í Fjallabyggð.

### Viðskiptavinir

Viðskiptavinir koma víða að úr nágrennabyggðum og sveitum, eins er mikið um að ferðafólk, innlent og erlent. Og að sjálfsgöðu eru Siglufirðingar líka duglegir að versla í versluninni, íþróttafélög bæjarins og fyrirtækin en Siglósport tekur að sér að merkja fatnað bæði fyrir fyrirtæki í bænum sem og íþróttafélögin.

### Eigendur

Rut Hilmarsdóttir er verslunarstjóri og eigandi ásamt eiginmanni sínum Brynjari Harðarsyni. Þau horfa björtum augum til framtíðar og hlakka til að halda áfram að taka vel á móti viðskiptavinum sínum og þjónusta þá eftir bestu getu.

Vegna COVID-19 er búist við að Íslendingar ferðist mikið innanlands í sumar og hlakkar Rut til að taka vel á móti þeim.

### Aðsetur

Siglósport er við Aðalgötu 32 b, Siglufirði.



Rut Hilmarsdóttir, eigandi og verslunarstjóri.





Stöð Orkunnar, Vesturlandsvegi.

## Skeljungur



Skeljungur er fjölkorkufélag sem starfar á þremur landfræðilegum mörkuðum, á Íslandi, í Færeyjum og á N-Atlantshafinu. Dótturfélög Skeljungs eru sjö. Basko, Tollvörugeymsla Skeljungs ehf., Barkur ehf., Íslenska Vetnisfélagið ehf. og Bensínorkan ehf. ásamt P/F Magn og P/F Demich með starfsemi í Færeyjum. Starfseminni má skipta í fimm megin flokka: **Orkugjafar; jarðefnaeldsneyti, vetni, metan, oliur og tengdar vörur - Rekstur fasteigna, birgðastöðva og dreifingar - Smásala - Útleiga fasteigna - Aðrar vörur.**

Skeljungur er framsækið og sveigjanlegt þjónustu- og verslunaryfirtæki með starfsemi á yfir 100 stöðum á landinu. Hlutverk Skeljungs er að þjóna orkuþörf einstaklinga og fyrirtækja á hagkvæman og öruggan máta í sátt við samfélagið og umhverfi sitt.

Höfuðstöðvar Skeljungs eru staðsettar að Borgartúni 26 í Reykjavík en hjá fyrirtækinu starfa um 89 manns.

### Aðdragandi og upphaf

Hlutfélagið Skeljungur hefur verið starfrækt, í núverandi mynd, síðan 9. desember 1955.

Aðdragandinn að stofnuninni hófst um þremur áratugum fyrr eða árið 1925 þegar einkaleyfi Landverslunar með olívörur var afnumið. Þremur árum síðar, nákvæmlega þann 14. janúar 1928 komu fimm íslenskir athafnamenn saman og stofnuðu nýtt fyrirtæki, HF Shell á Íslandi, en undanfari þess, Olíufélagið, hafði þá verið starfrækt um hálfis árs skeið. Þessir stofnendur voru læknirinn Björgúlfur A. Ólafsson, konsúllinn Gísli J. Johnsen, hæstaréttarlögmaðurinn Magnús Guðmundsson ásamt stórkaupmönnum Hallgrími Benediktssyni og Hallgrími A. Tulínus. Samanlagt fóru þeir með 51% hlutafjár í hinu nýja fyrirtæki á 49% eign Shell samsteypunnar. Skeljungur var í Kauphöll Íslands frá árinu 1994 til 2003 og snéri aftur á skráðan hlutabréfamarkað þann 9. desember árið 2016. Meðal stærstu hluthafa félagsins eru lífeyrissjóðir, bankar og fjárfestingafélög. Forstjóri Skeljungs er Árni Pétur Jónsson. Aðstoðarforstjóri er Mór Erlingsson. Framkvæmdarstjórn félagsins skipa þau: Gróa Björg Baldvinsdóttir, Karen Rúnarsdóttir, Ólafur Þór Jóhannesson og Þórður Guðjónsson.

### Fyrstu árin

Á stofnárinu 1928 lauk framkvæmdum við fyrstu olíustöðina í Skerjafirði en þaðan hófust líka siglingar á 223 tonna tankskipi, Skeljungu I, sem félagið lét sérsníða fyrir sig. Í beinu framhaldi var hafist handa við að byggja olíugeyma víðsvegar utan Reykjavíkur. Allar þessar nýjungar áttu eftir að valda byltingu í dreifingu eldsneytis á Íslandi sem fram að þessu hafði farið fram, með mikilli fyrirhöfn, í handkeyrðum tunnum og fötum. Á árunum um og eftir seinna stríð átti vöxtur og viðgangur HF Shell eftir að verða samofin því mikla framfaraskiði og uppbyggingu sem þá ríkti í íslensku atvinnulífi. Fyrsta aðsetur fyrirtækisins var í húsi við Thorvaldssensstræti en árið 1943 fluttu aðalskrifstofunnar inn í hið nýbyggða Hamarshús við Tryggvagötu 4-6. Þegar líða fór að miðbiki aldarinnar jókst bifreiðafjöldinn á þjóðvegnum og í réttu hlutfalli tóku bensíndælar, á vegum félagsins, að spretta upp víðsvegar um landið.



Fyrsta birgðastöð Skeljungs í Skerjafirði.



Bensín ferjað á pramma.

Árið 1948 opnaði í Lækjarhvammi fyrsta nútíma bensinstöð HF Shell á höfuðborgarsvæðinu en þar var jafnframt í fyrsta skipti afgreidd dieselolía á farartæki hér á landi. Þess ber að geta að á sama stað er í dag Laugavegur 180 og þar er enn rekin bensinstöð á vegum Skeljungs undir nafni Orkunnar en fyrir nokkrum árum þjónaði hún sem sögusvið hinna vinsælu sjónvarpsþátta um Næturvaktina.

### Nýtt og öflugt íslenskt fyrirtæki

Eins og fyrr er frá greint hóf hið alíslenska fyrirtæki, Skeljungur, starfsemi í desember árið 1955. Í sama mund keypti nýstofnað félagið upp alla lausafjármuni HF Shell hér á landi og tók jafnframt við allri sölustarfsemi þess. Um þetta leyti hafði fyrirtækið gengið frá mjög hagstæðum viðskiptasamningi um innkaup á olíuvörum frá Sovétríkjunum. Þau viðskipti áttu eftir að skjóta enn styrkari stöðum undir reksturinn og standa óslitið fram yfir 1990. Núverandi eldsneytisbirgjar Skeljungs eru Equinor í Noregi og BP. Árið 1961 flutti Skeljungur úr Hamarshúsinu yfir í nýtt átta hæða háhýsi að Suðurlandsbraut 4. Þar fór starfsemin fram til margra ára enda byggingin miklu betur þekkt sem sjálft „Skeljungshúsið“. Tilkoma þess var í raun órætt tákni um hraða uppbyggingu fyrirtækis sem treysti undirstöður samfélagsins með öruggri og úthugsaðri miðlun eldsneytis þvert um landið og miðin. Undir lok sjöunda áratugarins hafði birgðastöð Skeljungs í Skerjafirði sinnt dyggilega hlutverki sínu um 40 ára skeið. Á þeim tímamarki hafði byggðapróunin á svæðinu orðið með þeim hætti að ekki þótti öruggt, í ljósi almannahagsmuna, að starfsemi olíufélags færi fram í næsta nágrenni við íbúðahverfi. Árið 1970 var Skeljungur úthlutað lóð undir nýja olíustöð út í Örfirisey. Í dag hefur sama svæði tekið miklum stakkaskiptum og þjónar í raun sem sameiginleg birgðastöð allra olíufélaganna á Íslandi. Út frá því liggur einhver stærsta olíuhöfn landsins en hún var tekin í notkun árið 2000. Árið 2004 fluttu höfuðstöðvar Skeljungs út í Örfirisey þar sem félagið var til loka árs 2011 þegar starfssemin fluttist að Borgartúni 26.

### Eldsneytið og umhverfið

Á langri vegferð hefur Skeljungur unnið mikið uppbyggingarstarf á ýmsum sviðum, til góða fyrir íslenskt samfélag. Fyrirtækið hefur lagt ríka áherslu á að ganga vera ávallt í fararbroddi hvað varðar þjónustu við viðskiptavini. Leitast er við að bjóða upp á eldsneyti sem í senn nýtir orkuna og sparar hana í leiðinni. Sala á 98 oktana bensíni hófst árið 1986 og með því í fyrsta skipti boðið upp tvær tegundir á stöðvum félagsins. Árið 1991 kom á markaðinn 95 oktana blýlaust bensín sem þá þótti mikil nýlunda. Með þessu var slegin ferskur tónn í umhverfisstefnu Skeljungs þar sem kynnt var til sögunnar ný breidd eldsneytis með fjölvirkum bætiefnum sem stuðluðu að hreinni bruna, betri nýtingu og minni mengun umhverfisins. Í kjölfarið áttu síðan eftir að fylgja sífellt þróaðri og fullkomnari bensíntegundir en þar munaði þó mestu um Shell V-Power sem kom á markaðinn árið 2001 og aftur í endurbættri samsetningu árið 2007. Árið 2010 kynnti Skeljungur Shell V-Power 95 oktana bensín og hætti jafnframt að bjóða upp á hefðbundið bensín á Shellstöðvum.

### Fjölorka og kolefnisjöfnun

Árið 1999 gerðist móðurfyrirtækið Shell International, fyrir milligöngu Skeljungs, stofnaðili að nýju félagi sem hafði að markmiði að auka notkun vetnis sem eldsneytis á Íslandi. Þessi samvinna leiddi til þess að árið 2003 var gangsett fyrsta vetnisstöðin í heiminum sem starfrækt er á almennri bensinstöð en henni var valinn staður á Shellstöðinni við Vesturlandsveg. Stöðin var í sameiginlegri eigu Íslenskrar Nýorku og Skeljungs en reksturinn var hluti af Ectos strætisvagnaverkefninu sem styrkt var af Evrópusambandinu til að rannsaka kosti vetnis sem vistvæns orkugjafa á Íslandi. Miklum áfanga var náð síðar á árinu þegar þrjár vetnisvagnar hófu akstur á vegum Strætó bs. á höfuðborgarsvæðinu. Á meðal þekktra alþjóðlegra fyrirtækja sem komu að verkefninu eru Shell Hydrogen, Daimler Chrysler, Norsk Hydro auk Vistorku sem er samstarfsvettvangur íslenskra fyrirtækja og stofnana um hagnýtingu vetnis sem orkugjafa. Árið 2004 hlaut Skeljungur umhverfisviðurkenningu Reykjavíkurborgar. Fram kom í rökstuðningi úthlutunarnefndar að Skeljungur hafi unnið lofsvert starf í umhverfis- og öryggismálum, m.a. með þátttöku í vetnisverkefninu og samfélagsverkefnum ásamt því að

Framhald á næstu opnu →



Skeljungur 1, sérsmiðað 223 tonna tankskip.



Bensíni dælt á flugvél á Reykjavíkflugvelli.



Bensíni dælt á sjóflugvél.



Orkustöðin við Hagasmára.

hafa í gangi öflugt starf í öryggismálum. Skeljungur eignaðist vetnisstöðina að fullu árið 2010 en stöðinni var síðan lokað árið 2011. Þróunarverkefnið hélt þó áfram og þann 14. júní árið 2018 var vetnisstöðin við Vesturlandsveg opnuð á ný. Enduroppunin var unnin í samstarfi við Nýorku og þáttur í verkefni á vegum Evrópusambandsins er nefnist H2ME-2. Verkefnið var styrkt af Fuel Cells and Hydrogen Joint Undertaking og uppbyggingin unnin í samstarfi við norska fyrirtækið Nel ASA sem sá um framleiðslu stöðvanna. Ári síðar, þann 15. maí árið 2019, opnaði Skeljungur undir nafni Orkunnar, fyrstu fjölorkustöð landsins. Stöðin er staðsett við Miklubraut, en þar geta viðskiptavinir, auk hefðbundins jarðefnaeldsneytis, keypt metangas frá urðunarstað Sorpu í Álfsnesi, vetni frá Orku náttúrunnar sem framleitt er með rafgreiningu í Hellisheiðarvirkjun og notast við hraðhleðslur fyrir rafmagns- og tengivinnbíla. Fjölorkustöðvar sem þessi eru vandfundnar á heimsvísu. Hálfum mánuði síðar, þann 30. maí, 2019, hrinti Skeljungur af stað einu stærsta átaki sem ráðist hefur verið í á Íslandi til að draga úr losun gróðurhúsalofttegundum hér á landi, þegar félagið bauð viðskiptavinum sínum upp á þann valkost að kolefnisjafna eldneystiskaup sín í gegnum Votlendissjóðinn. Verkefnið fékk gríðarlega góðar móttökur en á fyrsta ári verkefnisins höfðu u.þ.b 6.500 viðskiptavinir Orkunnar skráð sig í kolefnisjöfnuð viðskipti hjá félaginu.

### Sjálfsafgreiðslustöðvar

Skeljungur hefur ávallt aðlagð sína starfsemi að breyttu neytendamynstri hverju sinni. Í dag gera viðskiptavinir meiri kröfur um hraða, lágt verð, gott aðgengi og snyrtilegt umhverfi ásamt því vilja neytendur að fyrirtæki sýni af sér samfélagslega ábyrgð. Árið 2017 voru allar bensínstöðvar í eigu Skeljungs færðar undir nafn Orkunnar og þjónusta útistarfsmanna við áfyllingu eldsneytis, rúðuvökva, frostlög, smurólú ásamt þurrkublaðaskiptingum lögð niður. Flestum stöðvum Orkunnar fylgja þvottaplön þar sem öllum geta þrífð bifreiðar sínar. Á bensínstöðvum Orkunnar grundavallast vöruval bæði í bílavöru og almennri neytendavöru en megináherslan er þó á eldsneytisölu, í sjálfsafgreiðslu á lægra verði. Árið 1997 fór Skeljungur af stað með nýja tegund af þjónustustöðvum undir nafninu Select. Þar var opnunartíminn töluvert lengri en á öðrum Shellstöðvum og byggði fyrirkomulagið á einskona snyrtilegum samruna bensínstöðvar, kjörbúðar og skyndibitastaðar þar sem þjónustan er alltaf snögg og alúðleg. Vöruvalið byggði á ferskri fjölbreytni þar sem boðið var upp á nýbakað brauðmeti og pylsugrill ásamt kaffi- og hollustuhorni. Árið 2011 kynnti Skeljungur svo til sögunnar nýja veitingasölu undir nafninu Stöðin þar sem lögð var áhersla á gæðakaffi og skyndibita. Skeljungur og Basko gengu til samstarfs um verslanarekstur við stöðvar Skeljungs á höfuðborgarsvæðinu, Akranesi og í Keflavík árið 2014. Verslanirnar voru til ársins 2018 reknar undir vörumerki 10-11 en frá árinu 2018 undir vörumerki Kvikk on the go, þar sem áhersla er lögð á sveigjanlegri opnunartíma, ferskt og fjölbreytt vöruúrval fyrir alla, ásamt þægindum og skjótri þjónustu. Skeljungur festi á árinu 2019 kaup á öllu hlutfélagi Basko og horft er til frekari uppbyggingar í verslanarekstri félagsins. Árið 1992 var hrint af



Barkur Præmmi.



Olíubíll Skeljungs.

stað einstakri nýjung í sögu fyrirtækisins en þá hófst útgáfa sérstakra krítarkorta Skeljungs, ásamt uppsetningu á fyrstu kortasjálfsólunum á bensinstöðvum þess. Á þeim tímapunkti var lagður grunnurinn að fyrstu sjálfsafgreiðslustöðvum Orkunnar ehf. en sá rekstur hófst árið 1995 á vegum Skeljungs, í samstarfi við eignarhaldsfélög Hagkaups og Bónus. Í dag er þetta vörumerki alfarið í eigu Skeljungs og eru í þess nafni reknar 64 stöðvar sem allar hafa að markmiði að bjóða upp ódýrt eldsneyti á landinu. Samfara þessu hefur kortaþjónusta Skeljungs eflst og dafnað. Viðskiptavinir gátu þar með safnað sér alls kyns vildarpunktum og afsláttarkjörum sem hægt er að afla sér upplýsinga um inn á sérstökum þjónustuvef á heimasíðunni: [www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is) og [www.orkan.is](http://www.orkan.is)

### Fyrirtækjaþjónusta

Pungamiðjan í starfsemi Skeljungs frá upphafi er öflug þjónusta við athafnalíf þjóðarinnar. Þar gildir einu hvort um að ræða útgerðir, flugrekstur, verkatakastarfsemi, landbúnað eða iðnað. Hjá fyrirtækjaþjónustu Skeljungs er kappkostað við að stuðla að hagkvæmum lausnum til handa íslensku atvinnulífi og er þar byggt á traustum tengslum, sérhæfðri þekkingu og áratuga reynslu. Umsjónarmenn olíudreifingar Skeljungs eru staðsettir víðsvegar um landið og má nálgast nánari upplýsingar um þá inn á heimasíðu eða í gegnum þjónustuver fyrirtækisins í síma 444 3100. **Sjávarútvegsþjónusta:** Íslenskur sjávarútvegur hefur ávallt verið stórnotandi eldsneytis og því hefur þjónusta honum tengd skipað mikilvægan sess hjá félaginu. Mikil áhersla hefur verið lögð á að byggja upp virkt þjónustunet til útgerðafyrirtækja og vinnlustöðva og einnig til fiskiskipa á miðunum umhverfis landið. Skeljungur ásamt Skipaþjónustu Íslands festu kaup á fyrsta olíupramma Íslendinga og nefnist pramminn Barkur. Olíuprammin tekur um 1000 rúmmetra af eldsneyti í fargeyma sína sem samsvarar farmi 30 olíubíla. Með prammanum hefur Skeljungur náð að draga úr sem samsvarar u.þ.b. 1.100 ferðum olíubifreiða um vesturbæ Reykjavíkur og miðborgina árlega. **Flugþjónusta:** Flugvélar eru eldsneytisfrekustu samgöngutækin og því skal engan furða að flugfélög séu meðal stærstu viðskiptavina Skeljungs í dag. Samhliða opnun Leifsstöðvar árið 1987 hófst starfsemi afar fullkominnar afgangslustöðvar fyrir flugvélaeldsneyti í Keflavík. Þar býður Skeljungur bæði upp á þotueldsneyti (Jet A-1) og flugbensín (Avgas 100LL) á flestum stærri flugvöllum landsins en framböð þessara vara er einfaldlega háð eðli og stærð þeirra véla sem fara um hvern völlu fyrir sig. **Verktaka- og flutningaþjónusta:** Þetta svið er ætlað öllum þeim sem ráða yfir vinnutækjum og iðnvélum. Þjónustan felst í alhliða ráðgjöf um rétta notkun eldsneytis og smurefna ásamt gerð smurkorta. Fyrirtækjasvið Skeljungs útvegar sérhæfð tæki og búnað sem nauðsynleg eru við afgangslu og notkun eldsneytis, auk þess að bjóða upp á ýmsar rekstrarvörur. **Efnavara:** Skeljungur býður fjölbreytt úrval efnavara til iðnaðar og matvælaframleiðslu. Starfsmenn miðla af uppsafnaðri þekkingu sinni á sviði framleiðslu og vörubrúnar. Ráðgjöfin fer fram í nánu samstarfi við erlenda birgja. Boðið er upp á skjóta og örugga afhendingu hvar sem er á landinu.



Jón Sigurðsson, eigandi og framkvæmdastjóri.

## Skrifstofuvörur



Prenthyliki.

Skrifstofuvörur ehf. var stofnað undir nafninu Gallerí.is ehf. þann 3. ágúst 2005 af hjónunum Jóni Sigurðssyni og Sigríði Jónsdóttur. Félagið hóf starfsemi sína með rekstri listmunaverslunar undir nafninu Gallerí Lind og var verslunin til húsa í Bæjarlind í Kópavogi en henni var lokað á haustdögum 2008. Þann 9. ágúst 2009 kl. 23:20 var vefverslunin [www.prentvorur.is](http://www.prentvorur.is) opnuð. Félagið starfaði þá frá heimili eigenda og engar vörur voru til á lager. Viðskiptavinum var lofuð afhending á prenthylkjum á innan við viku frá pöntun. Fyrsta pöntunin barst kl. 00:34 þann 10. ágúst 2009, eigendum til mikillar ánægju. Vefverslunin gekk mjög vel og í mars 2010 voru eigendur farnir að skoða möguleika á að opna hefðbundna verslun. Í byrjun apríl 2010 var verslun opnuð að Skútuvogi 1 í Reykjavík. Verslunin starfaði að Skútuvogi 1 þar til í maí 2015 en þá flutti verslunin í núverandi húsnæði að Skútuvogi 11.

Vöruúrval félagsins breikkaði með árunum. Ritföng, pappírstætarar, innbindivélar o.fl. bættust í vöruframboðið. Prentvörur voru því ekki mjög lýsandi nafn á vöruframboði félagsins. Um áramótin 2017 og 2018 var nafni félagsins breytt í Skrifstofuvörur ehf. og þar með tekin stefna til framtíðar.

### Skipulag og sérstaða

Árið 2018 fór í að þróa ýmsa rafræna viðskiptaferla til að lágmarka fjárfestingu í lager um leið og vöruframboð er hámarkað. Aðaláhersla er lögð á vöruúrval í vefverslun félagsins [www.skrifstofuvorur.is](http://www.skrifstofuvorur.is). Vefverslunin er beintengd birgjum bæði hérlendis og erlendis. Viðskiptavinir geta séð áætlaða vöruafhendingu við pöntun miðað við stöðu lagers í verslun félagsins, hjá innlendum birgja eða erlendum. Með tilkomu vefverslanna þá hafa söluaðilar rýmri tíma til að afhenda vörur, Skrifstofuvörur ehf. nýta sér þetta og bjóða viðskiptavinum sínum betra vöruverð þar sem lítil fjárfesting er í lager og einnig er rýmun í lágmarki.

### Mannauður og starfsmannafjöldi

Skrifstofuvörur ehf. er fjölskyldufyrirtæki og starfa að jafnaði 3-5 starfsmenn hjá félaginu.

### Framtíðarsýn

Framtíðarsýn eigenda Skrifstofuvara ehf. er áframhaldandi nýting á rafrænum ferlum og að félagið verði leiðandi hér á landi í sölu á búnaði til reksturs fyrirtækja, allt frá blýanti til flókinna hug- og vélbúnaðarlausna.



Verslunin Skrifstofuvörur, Skútuvogi 11, Reykjavík.



Efri mynd: Halldór Fannar Halldórsson vörustjóri, Þórir Sigurgeirsson framkvæmdastjóri og Kristmann Kristmannsson innkaupastjóri með viðurkenningu frá Kessel fyrir 25 ára farsælt samstarf. Neðri mynd: Stofnendur Tengis, hjónin Anna Ásgeirsdóttir og Sigurjón G. Sigurjónsson.

Efri mynd: Starfsfólk Tengis í Kópavogi árið 2020 með viðurkenningu frá VR sem fyrirtæki ársins. Neðri mynd: Höfuðstöðvar Tengis að Smiðjuvegi 76 í Kópavogi.

Sýningarsalur Tengis í Kópavogi.

20 ára starfsafmæli hjá Tengis. Halldór Vilbergsson, Jón Ari Eypórsson og Magnús Snæbjörnsson.

## Tengi

Tengi ehf. er leiðandi fyrirtæki í innflutningi og sölu á hreinlætistækjum og pípulagningaefni. Fyrirtækið er starfrækt á 2 stöðum, í 3000 fm húsnæði að Smiðjuvegi 76 í Kópavogi annars vegar og í 600 fm húsnæði að Baldursnesi 6 á Akureyri hins vegar. Frá upphafi hefur verið lögð mikil áhersla á gott samstarf með hönnuðum, arkitektum, pípulagningamönnum, byggingaverktökum og öðrum fagmönnum í byggingariðnaðinum ásamt hinum almenna viðskiptavinum. Markmið Tengis hafa frá byrjun verið að bjóða góða og viðurkennda vöru á hagstæðu verði frá þekktum framleiðendum þar sem byggt hefur verið áralengt og traust samband. Hlutverk Tengis er að auðvelda viðskiptavinum val á gæðavörum á sviði hreinlætistækja og lagnaefnis, sem studdar eru af framúrskarandi þjónustu. Meðal þekktra vörumerkja hjá fyrirtækinu má nefna blöndunartæki frá Mora, Vola, Dornbracht og Hansa, hreinlætistæki frá Ifö, Geberit og Alape, gólfniðurföll frá Unidrain og Kessel, lagnaefni frá Uponor og dælur frá Grundfos. Reksturinn í gegnum árin hefur fylgt efnahagssvelflum og framkvæmdum á byggingamarkaðnum eins og gefur að skilja. Mikill uppgangur var fram að efnahagshruninu 2008, þá tóku við 3 erfið ár, en sem betur fer var félagið vel státt til að takast á við þær hremmingar. Síðan hefur leiðin legið upp á við, byggingaframkvæmdir hafa aukist ár frá ári, hótélverkefni sprottið upp víðs vegar um landið og íbúðabyggingar stórukist. Árið 2020 hefur verið merkilegt ár svo ekki sé meira sagt. Kórónuveiran hefur haft mikil áhrif á heimsbyggingu og þar með talið Ísland. Áhrifin hérlendis hafa verið lamandi fyrir ferðaþjónustuna, en framkvæmdaglegi fyrir fólk sem hefur ákveðið að fjárfesta í nýju húsnæði eða gera endurbætur á núverandi húsnæði í stað þess að ferðast til útlanda. Tengis hefur í gegnum árin náð að selja í mörg krefjandi og gefandi verkefni, stór sem smá á þessum árum sem of langt er að telja upp hér. Hjá fyrirtækinu starfa í dag 43 starfsmenn.

### Sagan

Fyrirtækið Tengis var stofnað í desember 1981 af hjónunum Sigurjóni G. Sigurjónssyni og Önnu Ásgeirsdóttur. Reksturinn var fyrstu árin sem aukabúgrein, en óx svo fiskur um hrygg og það má segja að þáttaskil hafi orðið í rekstrinum þegar Tengis hóf innflutning á Mora blöndunartækjum árið 1985. Þórir Sigurgeirsson, tengdasonur hjónanna bættist við skömmu síðar og störfuðu þau þrjú við reksturinn framan af. Tengis er fjölskyldufyrirtæki og hefur starfsemi fyrirtækisins alltaf verið í Kópavogi. Eins og í mörgum góðum fyrirtækjum byrjaði reksturinn smátt, var fyrstu árin í bílskúrnum, en árið 1988 var tekin sú ákvörðun að flytja að Nýbýlaveg 18 þar sem fyrirtækið var í 7 ár. Vöxturinn var alltaf upp á við á hverju ári, fleiri starfsmenn bættust við og ný vörumerki til að styrkja flórana sem fyrir var og ekki leið á löngu þar til húsnæðið var orðið alltof lítið og tími til kominn að færa sig. Árið 1995 var húseignin Smiðjuvegur 11a keypt og þar hófst annar kafli í sögu Tengis og fyrirtækið dafnaði vel. Eftir 10 farsæl ár var ákveðið að ráðast í að byggja nýtt og glæsilegt húsnæði að Smiðjuvegi 76 og var starfsemin flutt þangað 25. júlí 2005. Haft var að leiðarljósi að húsið væri sýningarhús fyrir þær vörur sem Tengis er með í sölu og allar lagnir í húsinu væru sem sýnilegastar. Sigurjón náði því miður ekki að sjá þennan draum sinn rætast, en hann féll frá í maí 2005. Starfsmenn Tengis á þessum tíma voru 22. Í janúar árið 2007 var reksturinn útvíkkaður með opnun nýrrar verslunar að Baldursnesi 6 á Akureyri og hefur sá rekstur gjörbreytt aðstöðu fyrirtækisins á því svæði og verið mjög vaxandi. Þar eru nú starfandi 5 starfsmenn. Árið 2021 er áætlað að opna nýja og glæsilega verslun á Selfossi. Tengis hefur verið svo lánsamt að hafa á að skipa frábæru starfsfólki. Margir þeirra eru með langa starfsreynslu og hafa gríðarlega reynslu og þekkingu á hreinlætistækjum og pípulagningaefnum. Tengis mun áfram leitast eftir því að vera leiðandi fyrirtæki og framtíðarsýnin er að vera fyrsti valkostur þeirra viðskiptavina sem kunna að meta gæðavörur og framúrskarandi þjónustu.

### Stefna Tengis

Þessum upp á það sem við höfum, fylgjumst með því sem er að gerast, sækjum varlega og yfirvegað fram, byggjum á góðum vörum og framúrskarandi þjónustu, og styrkjum samheldni og hugarfar hópsins. Framkvæmdastjóri Tengis er Þórir Sigurgeirsson og stjórnarformaður er Anna Ásgeirsdóttir. Allar upplýsingar um Tengis má finna á: [www.tengi.is](http://www.tengi.is)



Úr heimilistækjaverslun.

## Smith & Norland



Jón Norland, forstjóri.

Árið 2020 voru liðin 100 ár (já, segjum og skrifum: heil öld!) frá því að símaverkfræðingurinn Paul Smith stofnaði innflutningsfyrirtæki undir eigin nafni og hóf að flytja inn rafmagnsvörur. Þetta var brautryðjandastarf enda fyrirtækið hið fyrsta á landinu sem einbeitti sér að innflutningi og sölu rafbúnaðar. Paul Smith starfaði óslitið til ársins 1956 þegar því var breytt í hlutafélagið Smith & Norland. Þá var Sverrir Norland rafmagnsverkfræðingur genginn til liðs við Paul Smith og starfaði hann sem forstjóri Smith & Norland frá upphafi til dánardags árið 2007 eða í 51 ár. Undir forystu hans stækkaði fyrirtækið svo að um munaði. Paul Smith hóf starfsemi sína í Eimskipafélagshúsinu, flutti hana svo í Hafnarhúsið við Geirsgötu. Þar breyttist fyrirtækið í Smith & Norland. Starfsemin fluttist árið 1962 í H. Ben.-húsið við Suðurlandsbraut 4 og loks Þjóðhátíðarárið 1974 í eigið húsnæði að Nóatúni 4 sem stækkað hefur jafnt og þétt í árunna rás. Hagnýting raforku myndar starfsgrundvöll Smith & Norland hf. því að fyrirtækið flytur inn og selur rafbúnað af margvíslegum toga, allt frá vöflujárni til virkjunar eins og stundum hefur verið haft á orði. Flestir þekja Smith & Norland sem Siemens-umboðið á Íslandi en auk þess á það í viðskiptum við mörg önnur fyrirtæki í ýmsum Evrópulöndum og Bandaríkjunum.

### Vöruval

Vöruval Smith & Norland er margbreytilegt. Rekin er sérhæfð söludeild með vörur fyrir rafbúnaðarmenn, s.s. rafstrengi, lagnarennur, almennt raflagnaefni, töflu-, lýsingar- og lágspennurofabúnað. Heimilistækjaverslun fyrirtækisins er glæsileg og er þar lögð áhersla á Siemens, Bosch og Gaggenau heimilistæki. Tæknideildin starfar í náinni samvinnu við erlenda birgja og veitir viðskiptavinum fyrirtækisins ráðgjöf um þær vörur sem í boði eru. Má hér til að mynda nefna röntgen-, sneiðmynda- og segulómtæki fyrir heilbrigðisstofnanir, umferðarstjórnubúnað, vopnaleitartæki fyrir flugvelli, búnað fyrir veitu- og orkufyrirtæki, iðntölvur og lýsingarbúnað af ýmsu tagi. Smith & Norland rekur þjónustuverkstæði í Borgartúni 22 þar sem heimilistækjaviðgerðir eru í brennidepli. Aðrar deildir eru vöruafgreiðsla og skrifstofa, en á henni er sinnt innflutningi, bókhalds- og gjaldkerastörfum, fjármálastjórn, markaðs- og upplýsingamálum, starfsmannahaldi og almennri stjórn fyrirtækisins.

### Nýjungar

Hjá tæknifyrirtæki á borð við Smith & Norland verða menn óhjákvæmilega að fylgjast mjög vel með öllum breytingum og nýjungum á þeim sviðum sem starfað er á. Í því skyni er farið í heimsóknir til erlendra samstarfsfyrirtækja og vörusýningar sóttar. Sömuleiðis koma fulltrúar þessara sömu fyrirtækja reglulega til Íslands og kynna búnað sinn fyrir starfsmönnum Smith & Norland og viðskiptavinum. Meðal kunnra samstarfsfyrirtækja Smith & Norland má, auk Siemens, nefna BSH (Siemens, Bosch og Gaggenau heimilistæki), Voith Hydro, Smiths Heimann, Rittal, OBO Bettermann, Hensel og SSS Siedle í Þýskalandi, Nexans í Noregi og Fagerhult í Svíþjóð.



Halla Norland, stjórnarformaður.





Slegið upp fyrir nýbyggingu Smith & Norland í Nóatúni 4 árið 1983.



Smith & Norland, Nóaatúni 4.

### Frá rafljósum til fjórðu iðnbyltingar

Langt er liðið frá því að kveikt var á fyrstu rafljósumum á Íslandi í húsi Ísafoldarprentsmiðju í Austurstræti 8 rétt fyrir aldamótin 1900. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og hluti þess snúið hverflum í sífellt öflugri vatnsaflsvirkjunum Íslendinga og stuðlað þannig að bættum lífskjörum hér á landi. Smith & Norland (áður Paul Smith) hefur verið hluti þessarar sögu í 100 ár og lætur ekki nú frekar en endranær nokkurn bilbug á sér finna á tímum gervigreindar og fjórðu iðnbyltingar.

### Stjórnendur

Stjórn Smith & Norland skipa Jón Norland, Halla Norland, stjórnarformaður og Kristín Norland. Framkvæmdastjóri er Halldór Þ. Haraldsson og forstjóri fyrirtækisins er Jón Norland.

*Séð inn á vörulager.*





## Tösku- og hanskabúðin



Tösku- og hanskabúðin var stofnuð 3. október 1961 af Ingibjörgu Jónsdóttur og Þórgrími Brynjólfssyni og var þá til húsa á horni Skólavörðustígs og Bergstaðastrætis í Reykjavík. Eigendur fyrirtækisins í dag eru þær mæðgur Sigríður Gréta Oddsdóttir, Puríður Linda Auðunsdóttir og Sæunn Auðunsdóttir, sem jafnframt starfa í versluninni. Auk þeirra starfar skólafólk þar um helgar og í sumarafleysingum. Vorið 2015 var verslunin flutt að Laugavegi 103.

### Vöruúrval

Í Tösku- og hanskabúðinni er eitt mesta hanskaúrval landsins. Árið 1971 var byrjað að sérsauma hanska fyrir verslunina í Bretlandi en síðar var sú framleiðsla flutt til Ungverjalands þar sem nú er ein stærsta hanskaferksmiðja í heimi. Framleiðsla þeirra er úr besta fánlega hráefni og er leðrið handskorið og elt og eru hluti af hönskum ennþá framleiddir þar fyrir verslunina. Allt frá stofnun búðarinnar hefur markmiðið verið að bjóða fjölbreytt úrval af bæði dömu- og skjalatöskum úr gæðafnum. Ferðatöskur hafa verið stór hluti varanna sem í boði eru í versluninni. Þá er einnig mikið og gott úrval af seðlaveskjum við allra hæfi í versluninni. Mörg þekkt vörumerki er þar að finna eins og ADAX frá Danmörku, Monte frá Svíþjóð og ferðatöskur frá MARCH í Hollandi.

### Netverslun og framtíðarsýn

Sú breyting sem átt hefur sér stað undanfarin ár og sú sem horft er mest til í nánustu framtíð er stóraukin verslun í gegnum netið. Tösku- og hanskabúðin setti upp vefsíðuna [www.th.is](http://www.th.is) fyrst árið 2007 og er sú síða í stöðugri þróun. Verslunin á netinu hefur aukist mikið síðan þá. Það var í fyrstu aðalega fólk úti á landi sem verslaði á netinu en undanfarandi hefur fólk á höfuðborgarsvæðinu einnig farið þessa leið og verslað á netinu og valið að fá vörurnar sendar í pósthús í sínu hverfi.







Bill sagaður í vennt með sverðsög á Milwaukee hátíðinni 2019. Frá vinstri: Thomas Husum og Marteinn Guðberg Þorláksson.



Hópmýnd eftir Milwaukee hátíðina í júní 2017.

## Verkfærasalan



Milwaukee hátíðin í Reykjavík í júní 2020.

Verkfærasalan ehf. var stofnuð í september árið 1997 af Þorláki Marteinsyni og opnaði þá 200 fm verslun í Síðumúla 11. Aðaláhersla verslunarinnar er að selja vönduð rafmagns- og handverkfæri og sinna viðgerðum og þjónustu þeirra.

### Sagan

Árið 2006 var ráðist í það að tvöfalda verslunina og þakti hún nú alla jarðhæð Síðumúla 11. Jafnt og þétt stækkaði starfsemin og haustið 2016 opnaði Verkfærasalan nýja verslun í Hafnarfirði. Í byrjun árs 2018 opnaði síðan verslunin á Akureyri. Sama ár flutti verslunin í Reykjavík úr Síðumúla 11 í næsta hús númer 9 sem stækkaði starfsemina enn frekar, en sú verslun er 750 fm til viðbótar við lager, skrifstofu og verkstæði.

### Mannauður

Í Verkfærasölunni starfa yfir 30 manns í verslunum, lager, verkstæði, skrifstofu og útisölu. Þorlákur Marteinsson er framkvæmdastjóri. Verkfærasalan hefur hlotið viðurkenningu „Framúrskarandi fyrirtæki“ frá Creditinfo.

### Markmið

Markmið Verkfærasölnnar er að bjóða upp á gæða vörur og persónulega þjónustu. Hluti af þjónustunni fer fram í gegnum útisölumenn sem heimsækja fyrirtæki og kynna vöruúrvalið. Milwaukee, Ryobi, Wera, Gedore og Telwin eru meðal vörumerkja sem fást í versluninni sem eiga það öll sameiginlegt að vera leiðandi á markaði.

### Milwaukee hátíðin

Hápunktur ársins hjá Verkfærasölunni er án ef Milwaukee hátíðin. Ár hvert kemur til landsins sýningarbíll sem kallast „Red Devil“. Hann er fullbúinn með allri nýjustu rafmagnsverkfæralínu Milwaukee ásamt aukahlutum. Sölumenn á vegum Verkfærasölnnar hafa farið á bílum hringinn í kringum landið og stoppað í hinum ýmsu sveitarfélögum og fyrirtækjum. Hefur þá verið blásið til hátíðar við verslanirnar með tilboðum og veitingum. Þá gefst viðskiptavinum tækifæri til þess að prófa nýjustu rafmagnsverkfærin ásamt því að ræða við sérfræðinga frá Milwaukee sem koma til landsins fyrir þessa daga.

Vorið 2018 fékk Verkfærasalan til sín sinn eigin Milwaukee sýningarbíll sem er nýttur í útisölumennsku og er hér allt árið.



Ryobi rafmagnsverkfæri í úrvali.



Verkfærasalan, Síðumúla 9.



Milwaukee billinn á ferðinni um landið.



Ryobi veggurinn í Síðumúla 9.

### Stefna og framtíðarsýn

Það er stefna Verkfærasölnunnar að mæta þörfum viðskiptavina og finna leiðir til að auka þjónustu og var því opnuð netverslun árið 2018. Í netversluninni er mikið vöruúrval og hún útbúin með innri vef fyrir viðskiptavini þar sem þeir geta klárað pöntunarferlið og fengið vöruna senda til sín. Vefverslunin er í stöðugri þróun og geta allir nýtt sér hana jafnt einstaklingar sem og fyrirtæki.



Svartur föstudagur í Verkfærasölnunni.



Wera verkfær.



Björn V. Sveinsson framkvæmdastjóri frá 2013.

## Vélar og verkfæri

### Vélar & verkfæri - 4 ættliðir

Árið 1942 voru Vélar og verkfæri hf. stofnuð af Guðmundi Jónssyni af Akranesi í félagi við son og tengdasoni en Guðmundur hafði stofnað verslunina Brynju á Laugavegi árið 1919. Upphaflegt markmið hins nýja fyrirtækis var verksmiðjurekstur. Ekkert varð úr þeim áformum en aftur á móti óx umboðs- og heildverslunin í kjölfar komu Breta í maí 1940 og Bandaríkjamanna í júlí 1941 í síðari heimsstyrjöldinni sem brotist hafði út í september 1939.

### Ótroðnar slóðir með sjö fingur

Verslunarrekstur, umboðs- og heildverslun var ekki sá starfsvettfangur sem stofnandinn, Guðmundur Jónsson, hafði valið sér sem ungur maður. Hann hafði hafið trésmíðanám í Völundi og farið til náms árið 1914 í húsgagnasmíði í Noregi þar sem hann missti þrjá fingur í vinnuslysi. Hann hafði ekki látið slysið stöðva sig ákveðinn í að hasla sér völl á nýjum vettvangi. Í nóvember 1919 stofnaði hann Brynju með verkfæri og byggingavöru á þremur fermetrum í bakhúsi við Laugaveg 24. Þar var þröng á þingi í ört vaxandi bæ. Guðmundur flutti fyrst að götunni þar sem Fálkinn reisti síðar stórhýsi en árið 1929 keypti hinn ungu kaupmaður Laugaveg 29 þar sem Brynja hefur verið allar götur síðan.

### Viðskiptaferðin mikla í Kreppunni miklu

Guðmundur Jónsson hafði náð góðum tókum á norsku og var líka ágætur í þýsku hinu alþjóðlega viðskiptamáli síns tíma þrátt fyrir litla formlega menntun. Hann fór götur sem fáir í viðskiptum á eyjunni við ysta haf höfðu farið við fyrirtæki utan Danmerkur. Í Kreppunni miklu fór frumkvöðullinn í sex mánaða viðskiptareisu til Skandinavíu, Þýskalands og Bretlands árið 1933 og tók að bjóða vöru meðal annars frá hinu þekktu sænska framleiðanda ASSA sem landsmenn þekkjá. Guðmundur fékk fjölmörg önnur þekkt merki í reisunni og seldi Brynju árið 1937. Augu hans beindust annað. Árið 1942 stofnaði Guðmundur Vélar & verkfæri með syni og tengdasonum.

**II ættliður** - Guðmundur rak Vélar & verkfæri allt til dauðadags árið 1955, en þá tók við kyndlinum sonur hans Guðmundur S. Guðmundsson (1918-1974) kunnur skákmaður. Guðmundur var fyrstur Íslendinga til þess að taka þátt í alþjóðlegu skákmóti erlendis þegar hann tefldi á Hastings á Englandi 1946-7 og hafnaði í þriðja sæti á eftir kunnum skákmeisturum. Hann tefldi í Amsterdam 1950 og varð Skákmeistari Íslands 1954 og tefldi í skáklandsliðum en mjög dró úr skákiðkun eftir að hann tók við framkvæmdastjórn.

**III ættliður** - Sveinn H. Björnsson tók við keflinu árið 1963, 21 árs aldri. Hann var framkvæmdastjóri samhliða námi, útskrifaðist úr Menntaskólanum í Reykjavík 1962 og viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1969. Sveinn var framkvæmdastjóri í 50 ár og er nú stjórnarformaður.

**IV ættliður** - Björn V. Sveinsson – fjórði ættliður – tók við keflinu árið 2013 og hefur líkt og Sveinn faðir sinn helgað líf sitt fyrirtækinu. Tólf ára var Björn mættur á vaktina á sumrin og fullt starf frá 1989.



Guðmundur Jónsson (1888-1955) stofnandi Véla og verkfæra.



Guðmundur S. Guðmundsson (1918-1974) framkvæmdastjóri 1955-1963.

## Öflug þjónusta

Mjór er mikils vísir frá viðskiptaferðinni miklu í Kreppunni miklu forðum tíð. Vélar & verkfæri ehf. eru einn alöflugasti innflytjandi landsins í verkfærum, hurða- og gluggabúnaði, öryggisvöru sem og margvíslegri heimilis-, fyrirtækja- og hótelvöru; bjóða svo mikið sem – svo fáein dæmi séu tekin – stormjárn, skóburstamaskínur, lasertæki og allt upp í öflug aðgangskerfi fyrir stærstu byggingar landsins.

## Fjarstýringar, höfuðlykar og Assa Cliq

Vélar & verkfæri bjóða fjarstýringar til að opna hurðir og hlið, kveikja ljós eða slökkva á öryggiskerfum; háþrúð höfuðlyklakerfi og aðgangskerfi. Assa Cliq Remote lyklakerfi með margvíslegar uppfærslur, breytingar og stækkanir. Jafnvel eftir mörg ár í notkun og stöðugt flæði nýrra leigjenda, starfsmanna eða breytinga á vinnustað er öryggi stöðugt til staðar og óbreytt. Kerfið nýtir eiginleika aðgangskerfis og mekaníks höfuðlyklakerfis svo hentar vel fyrirtækjum sem eru á mörgum stöðum. Cliq Remote veitir aðgang – hvar sem er í heiminum – að byggingu; hurðar eru valdar og lengd aðgangs. Rafeindastýrð og tölvutengd aðgangskerfi með miðstýringu.

## Handlesarar, augnlesarar, línulaserar

Nettengdir og þráðlausir lesarar, handlesarar og augnlesarar eru í boði. Hágæða mynddyrasímar sem sýna og segja vafningalaust frá þeim er dyra knýr. Eftirlitsmyndavélakerfi fyrir allar aðstæður, auðveld í uppsetningu og rekstri.

Laserverkfæri og margvísleg mælitæki; snúningslaserar, línulaserar, punktalaserar, hallamál, málbönd, sentrimetrastokkar og stafræn hallamál; rakamælar, hitamælar, multimeter mælar og myndavélar í gegnum snúru; snúningslaserar, línulaserar og punktalaserar mæla allt að 200m vegalengd af mikilli nákvæmni og með margvíslegri gagnvirkni.

Bílskúrshurðaopnarar fyrir allar gerðir hurða, fjarstýrðir, kröftugir og hljóðlátir. Öxulmótórar fyrir bílskúrshurðir og iðnaðarhurðir með utanálggjandi og innfelldum stjórnkerfum. Búnaður fyrir neyðarútganga og flóttahurðar; hurðarhúnar, hurðaslár með myndavélakerfi fyrir allar aðstæður. MyQ búnaður sem nettengir opnara svo sjá má opinn eða lokaðan bílskúr hvar og hvenær sem er í tölvu eða appi fyrir snjallsíma. Öxulmótórar fyrir bílskúrs- og iðnaðarhurðir með utanálggjandi og innfelldum stjórnkerfum.

## Optískir og jónískir reykskynjarar

Reykskynjarar; optískir eða jónískir eða hvoru tveggja tæknin. Jónískir reykskynjarar nema reykagnir og eru næmir fyrir reyk sem myndast við opinn eld en henta síður í raka, hita og brælu. Jónískir skynjarar skynja vel kaldan og sýnilegan reyk sem myndast við bruna rafmagnstækja og raflagna en optískir í eldhúsum og þvottahúsum.

Handverkfæri fyrir fagmenn jafnt sem leikmenn eru í boði fyrir iðnfyrirtæki, flugrekstraraðila og bílaverkstæði. Verkfæraskápar. Rammgerðir og sterkir verðmætaskápar sem forðum voru kallaðir peningaskápar fyrir heimili og fyrirtæki. Hengilásar og gámalásar af öllum stærðum og gerðum. Lyklaskápur með snertiskjá eða á krókum. Lyklabox með talnalás hentug í sumarbústaði með kóða, póstkassar. Hjálpartæki til stuðnings fólki með skerta hreyfigetu; griphöldur, handföng, sæti og slár til að styðjast við, glæsileg hönnun sem gleður augað og nærir sál. Sturtusæti, hurðarhúnar og höldur á allar hurðar; handsteyptir hurðarhúnar í mörgum stíltegundum frá Skandinavíu og Þýskalandi. Þýskir lampar, franskir lampar, breskir lampar sem lýsa upp tilveruna. Hönnun sem hefur markað spor í evrópska hönnunarsögu og staðist tímans tönn. Fjölverkfæri sem skera, saga, skrúfa og gera við, án þess að grípa þurfi til verkfærakassa. Hnifar fyrir útivist, iðnað eða veiði. Höfuðljós við vinnu eða íþróttaiðkun, eða sem öryggistæki við veiðar og útivist, vasaljós fyrir fagmenn og leikmenn. Rafhlöður. Skóburstamaskínur. Handþurrkublasarar, hvers kyns snagar, ruslafötur af öllum stærðum og gerðum. Hjartastuðtæki sem getur skilið milli lífs og dauða.

Vélar & verkfæri eru til húsa í Skútuvogu 1c. Um tuttugu manns starfa hjá fyrirtækinu.

[www.vv.is](http://www.vv.is)



Guðmundur S. Guðmundsson við skákbörð.



Umfjöllun um Guðmund og Brynju í tímaritinu Fálkanum alþingisárið 1930.



Auglýsing frá Brynju: ... stærsta, fullkomnasta og beztu iðnaðarefnaverzlun landsins...



Flísahellur.



Flísar á baðherbergi.

## Vídd



Árni Yngvasson, framkvæmdastjóri.

Vídd ehf. er flísa-/byggingavöruverslun sem var stofuað árið 1992 af hjónunum Árna Yngvasyni og Sigrúnu Baldursdóttur. Fyrirtækið opnaði fyrst á Suðurlandsbraut 6 í Reykjavík og var staðsett þar til það flutti árið 1996 að Nýbýlavegi 30 í Kópavogi. Árið 1999 flutti verslunin í núverandi húsnæði, Bæjarlind 4 Kópavogi. Í kringum aldamótin ákváðu Sigrún og Árni að færa út kvíarnar og opnuðu því útibú á Akureyri árið 2001.

### Gildi Víddar eru gæði

Vídd flytur því inn einungis fyrsta flokks vörur sem standast hæstu gæðastaðla. Vídd flytur inn flísar aðallega frá Ítalíu, má þar nefna þekktu ítalska framleiðendur eins og Mirage, Atlas Concorde og CE.SI. Samhliða innflutningi á flísum og tilheyrandi vörum, þá hefur fyrirtækið verið einnig í innflutningi á sænskum ál- og viðargluggum, frá stærsta framleiðanda þar í landi. Gluggarnir hafa verið notaðir í fjölmargar stofnanir og íbúðarhúsnæði.

### Nýjungar

Miklar breytingar og þróun hafa átt sér stað í flísageiranum síðustu 20 árin. Vídd hefur verið leiðandi á íslenskum markaði í nýjungum er koma að flísum. Þegar Vídd var stofnað má segja að stærðin 30x30cm hafi verið ríkisstærðin á gólfflísum. Einnig tók við á tímabili „mósaík bylgju“ á milli skápa og á baðherbergi. Í dag hinsvegar fást flísar í öllum stærðum og gerðum. Nýjungar eins og marmaraflísar og parketflísar hafa litið dagsins ljós þar sem flísin er alveg eins og náttúrusteinn eða parket en með gæði flísarinnar að vopni. Þar að segja, með slitþol flísarinnar, þolir bleytu og kulda, eru lokaðar og blettast því ekki, og eru því tilvaldar á votrými, svosem baðherbergi og þ.h. Vídd hefur einnig verið leiðandi á því sviði undanfarin ár að koma risaflísum, sem eru allt frá 120 x 120 cm. að 160x320 cm. málum. Þessi nýjung opnar því fleiri víddir og verksvið sem meðal annars snertir borðplötur.

Nýjasta byltingin í flísageiranum eru flísahellur. Flísahellur eru flísar í 20 mm þykktum. Þessar flísar sameina kosti flísa annars vegar og garðhellna hinsvegar. Flísahellurnar er lausn sem er hægt að leggja eins og flísar, eða sem garðhellur, eða á sérstakar plaststöðir án límingar fyrir svalir, verandir, garða og önnur útisvæði. Flísahellurnar hafa opnað nýjar víddir með tilliti til garðhönnunar.

### Verkefni

Í uppsveiflunni útfrá aukingu ferðamanna mætti segja að Vídd hafi náð mörgum áhugaverðum hótelvefnum, en þar má sérstaklega nefna Hilton Konsulat hótelið í Hafnarstræti, hannað af ThG arkitektum, þar sem sérstakt mósaík mynstur með tilvísun í lopapeysumynstur var sérstaklega vel heppnað. Önnur skemmtileg verkefni sem Vídd fékk að vera með voru til að mynda Sjóböðin á Húsavík og VÖK böðin hjá Egilsstöðum. Vídd skar sig örlítið frá samkeppninni með því að vera ekki mikið inn á verktakamarkaðinum þar sem mesta samkeppnin og uppgangurinn var í sambandi við nýbyggingar á fasteignamarkaði, en þó var eitt stórt



Vídd, Bæjarlind 4, Kópavogi.





Vaskar / innréttingar.



Flísar í alrými.



Alhliða lausnir bæði úti og inni.

verkefni á þeim markaði sem skar sig alveg út. Vídd var sérstaklega fengin að byggingum við Austurhöfn í Reykjavík, sem var gríðarlega stórt verkefni. Sænsku álguggarnir voru settir í turna ásamt granítklæðningu á ytra byrði bygginganna. Einnig voru notaðar risaflísar á anddyri, en það var nýjasta vörulínan frá ítölsku flísaframleiðendum.

### Framtíðarsýn

Framtíðarsýn fyrirtækisins 2020 er að vera leiðandi í öllu sem snertir flísar og flísalagnir. Stjórnendur eru þó einnig með augastað á að færa út kvíarnar inn á öðrum sviðum.



Marmarafflísar.



Álguggar.



Parkettflísar.



## Vogue



### Stiklur úr sögu Vogue „fyrir heimilið“

Vogue allt til sauma var stofnað í mars 1952 af hjónunum Hólmmfríði Eyjólfsdóttur og Jóni Einarssyni, tilgangur var að reka textilverslun og saumastofu. Jón var atkvæðamikill í viðskiptalífi landsins á þessum tíma, einn af forsprökkum K.R.O.N., stofnandi ORKU, Tryggingar hf. og forstjóri beggja félaganna. Á tímum innflutningshafta voru vefnaðarvöruverslanir tískuverslanir þess tíma og kjörorð Vogue var: „Allt til sauma“. Í fyrstu var höfuðáhersla lögð á þjónustu við hverskyns heimasaum, en auk þess var veitt þjónusta við útsaum í blússur, hnappar yfirdekkir, búin til belti og efni plíseruð.

### Sagan

Vogue hefur verið rekið á nokkrum stöðum á landsbyggðinni, á Akureyri, Selfossi og í Keflavík. Nokkur fjöldi verslana hefur verið rekinn á ýmsum stöðum í gegnum tíðina á höfuðborgarsvæðinu, en flestar voru verslanirnar sex auk heildverslunar. Fyrsta verslunin var til húsa að Bergstaðarstræti 28 og voru starfsmenn fyrirtækisins fjórir, en þegar fyrirtækið var stærst voru yfir fjórtíu starfsmenn starfandi við lok níunda áratugar seinustu aldar. Árið 1954 var verslunin flutt á Skólavörðustíg 12, 1960 var opnuð verslun í Hafnarfríði, 1962 var opnuð verslun á Laugavegi 11, 1966 var opnuð verslun á Háleitisbraut og verslunin Gimli yfirtekin og sameinuð rekstri Vogue. Langt mál væri að fara yfir allar staðsetningar verslana Vogue á seinustu 62 árum, en aðalverslanir Vogue voru á Skólavörustíg, Kringlunni og í Skeifunni. Eftir sameiningu við Lystadún-Snæland og Marco fluttist verslunin í Mörkina og svo í Síðumúla 30 þar sem hún er nú hluti af Vogue fyrir heimilið.



Jón Einarsson lést árið 1968, en Hólmmfríður hélt rekstri fyrirtækisins áfram auk barna þeirra Jóns; Eyjólf, Bjargar, Magnúsar og Einars. Magnús tók við sem framkvæmdastjóri félagsins að föður sínum látnum og síðar Eyjólfur.

Pétur Snæland hf. var stofnað árið 1949 af Pétri V. Snæland og konu hans Ágústu P. Snæland. Upphaflegt verksemi fyrirtækisins var verktakastarfsemi, þ.e. útgerð á trukkum, jarðytum, kranabílum o.s.frv. og var fyrirtækið stórtækt á sínu sviði með 50-60 starfsmenn þegar mest var. Árið 1950 var gangsett verksmiðja til framleiðslu á ýmsum vörum úr latexsvampi. Þessi verksmiðja var ein af fyrstu latexsvamp-verksmiðjum í Evrópu. Helstu framleiðsluvörur voru rúmdýnur og hráefni til bólstrunar á húsgögnum. Þar við bættist síðan framleiðsla á leikföngum, vinnuhönskum úr gúmmí og blöðrum. Samhliða Latexframleiðslunni var rekin saumastofa og stórt þjónustuverkstæði til úrvinnslu á svampi og framleiðslu á rúmum og rúmdýnum. Árið 1967 var framleiðsla á latexvörum hætt vegna mjög hækkaðs heimsmarkaðsverðs á hrálatexi, en í staðinn var opnuð fyrsta polyuretan svampverksmiðja á Íslandi. Þar voru framleiddar margar gerðir af bólstrunar- og dýnusvampi sem notaður var af flestum húsganaverkstæðum á Íslandi. Svampframleiðslan var í rekstri til ársins 2000, en þá hafði innflutningur á tilbúnum húsgögnum og rúmdýnum þrengt svo að rekstrarumhverfi húsgagnaiðnaðarinnar á landinu að sárafáir framleiðendur voru eftir. Þá tók innflutningur



á svampi frá danska svampframleiðandanum Carpenter við og er enn í dag okkar aðal svampbirgir. Samhliða svampframleiðslunni voru reknar verslanir í Síðumúla 34 og Skeifunni 8, þar sem framleiðsluvörur fyrirtækisins, þ.e. svefnsófar, raðsófar, heilsurúm og heilsudýnur voru seldar auk heilsurúma frá svissneska fyrirtækinu Lattoflex.

Lystadún var stofnað árið 1956 af fyrirtækinu Halldóri Jónssyni hf. Grunnrekstur fyrirtækisins var úrvinnsla og sala á svampi bæði til húsgagnaframleiðenda, húsgagnaverslana og almennings. Upphaflega var fluttur inn polyuretansvampur frá danska framleiðandanum Lysthager en síðar var skipt yfir til enska fyrirtækisins Dunlopillo sem bæði framleiddi plastsvamp og latexvörur, þ.e. heilsudýnur og koddar. Síðar varð Lystadún stærsti einstaki viðskiptavinur Péturs Snæland hf. Þegar Lystadún hóf að kaupa óunnar svampblokkir frá P. Snæland hf. Fljótlega eftir inngöngu Íslands í EFTA 1970, fór að bera á rekstraörðugleikum í húsgagna-iðnaðinum sem endaði með sí minnkandi sölu á svampi til þeirra. Til að bregðast við þessum breytingum á markaðnum var tekin ákvörðun í október 1991 að sameina Lystadún og Pétur Snæland hf. og úr varð Lystadún-Snæland ehf. Árið 2001 kaupir Lystadún-Snæland ehf. nú Vogue fyrir heimilið, Marco húsgögn en það fyrirtæki sérhæfði sig í amerískum húsgögnum. Árið 2011 kaupir Vogue svo S. Ármann Magnússon en það félag sérhæfði sig í textíl. Árið 2002 kaupir Valdimar Grímsson og Grímur Valdimarsson reksturinn og nokkru seinna kaupir Valdimar Grím út úr rekstrinum. Valdimar Grímsson er rekstartækniþæðingur og hefur alla tíð frá kaupum verið virkur stjórnandi í félaginu. Vogue, Snæland, Lystadún og Marco eru allt gömul félög með mikil viðskiptasambönd og hefur Vogue fyrir heimilið haft það að markmiði að sinna öllum sínum viðskiptavinum eftir bestu getu. Fyrirtækið starfar á smásölumarkaði sem og fyrirtækjamarkaði, þar sem mörg af stærstu fyrirtækjum landsins eru í reglubundnum viðskiptum, hvort heldur sem er gluggatjöld, dýnur eða húsgögn fyrir sjúkrahús, hótél, veitingastaði eða skrifstofur. Þá erum við einnig stórir í rekstrarvöru til hótela ásamt því að vera í góðri samvinnu við flesta arkitekta landsins. Því skal þó haldið til haga að öll sérstaða sem félögin höfðu myndað sér í framleiðslu er að mestu viðhaldið enn í dag. Við reukum enn okkar saumastofu þar sem gluggatjöld og dýnuver eru saumuð, erum með svampskurð fyrir bólrara jafnt sem aðra. Þá höfum við þróað frábærar heilsudýnur þar má helst nefna Sædísí, dýnu sjómannsins og Mediline línuna sem gengur út á það að sérhanna dýnu fyrir hvern og einn. Klæðskerasniðinn lausn á viðráðanlegu verði. Í dag er Vogue fyrir heimilið í 4000 fm húsnæði í Síðumúla 30 þar sem framleiðsla, lager og glæsileg 1440 fm verlsun eru til húsa. Vöruframboð Vogue eru fata- og áklæðisefni, gluggatjöld, svampur, heilsurúm, gjafavara og mikið úrval húsgagna. Þá rekur Vogue útibú á Akureyri í Hofsbót 4.

### Starfsfólk

Eftir að Valdimar tók við rekstri félagsins þá hafa sumir fyrrverandi eigenda og niðjar Vogue, Lystadún-Snælands og S. Ármann Magnússonar haldið áfram störfum við fyrirtækið, sem verður að teljast fátítt við slíkar sameiningar en hefur reynst farsælt, auk þess að starfsmannavelta fyrirtækjanna hefur verið mjög lág í gegnum áratugina. Í dag eru 28 starfsmenn hjá félaginu og meðalstarfsaldur yfir 13 ár. Mikið er lagt upp úr félagslífi og hjá okkur er virkt starfsmannafélag, því grunnurinn að góðum rekstri er starfsfólkið.

Til að viðhalda rekstri áratugum saman, er nauðsynlegt að reksturinn taki breytingum og lagi sig að breyttum tíðaranda. Okkar nýjasta útspil er glæsileg ný stórverslun í Síðumúla 30 sem rekin er undir kjörorðinu: „**Vogue allt fyrir heimilið**“.





Starfsfólki liður vel hjá Würth og nær jafnan háum starfsaldri, hér er Haraldur Leifsson ásamt Jóhanni Rúnari Guðbjarnasyni (t.v.) sem fagnar 30 árum hjá Würth og Braga Val Egilssyni (t.h.) sem fagnar 25 árum.



Reinhold Würth var mjög ánægður með nýja aðstöðu fyrirtækisins.

## Würth á Íslandi



Reinhold Würth kom til landsins til þess að vera viðstaddur formlega opnun nýrra höfuðstöðva Würth árið 2016.

Würth á Íslandi ehf. var stofnað árið 1988 og hefur þar af leiðandi sinnt viðskiptavinum sínum í 33 ár. Fyrirtækið sérhæfir sig í gæðavörum fyrir iðnaðarmenn og er með um 10.000 vörutegundir á skrá hér á landi. Helstu framleiðsluvörur fyrirtækisins eru efnavara af ýmsum toga, s.s. límkítti, fituhreinsir og smurefni. Auk þess er boðið upp á breiða línu af vinnufatnaði, rafmagnsverkfærum, handverkfærum, festingum, rafmagnsvörum og fleira. Fyrirtækið hefur yfir að ráða þaulvönnum og úrræðagóðum söluráðgjöfum sem eru ráðgefandi um faglegar lausnir á hverjum vöruflokki fyrir sig. Þegar Würth á Íslandi var stofnað árið 1988 einbeitti fyrirtækið sér eingöngu að þjónustu við bifreiðaverkstæði og málm- og timburiðnað, en með auknu umfangi bættust fleiri atvinnugreinar við. Framkvæmdarstjóri Würth á Íslandi ehf. er Haraldur Leifsson.

### Mannauður

Starfsmannafjöldi Würth á Íslandi í dag er 35 manns, þar af eru 17 söluráðgjafar sem heimsækja viðskiptavinum sína um allt land, ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði, suma tvisvar í viku eða eftir samkomulagi hvers og eins.

„Fagfólk velur Würth“ eru kjörorð fyrirtækisins á Íslandi, en fyrirtækið leggur mikla rækt við að halda uppi háu gæða- og þjónustustigi með persónulegu tengslaneti. Söluráðgjafar fyrirtækisins nýta hvern dag í reglulegar heimsóknir til viðskiptavina þar sem ýmsar nýjar vörur eru jafnan kynntar, ráðleggingar veittar eða fyllt á þá vöru-flokka sem fyrir eru. Hver sölumaður er með um 70-150 fyrirtæki á sínum snærum sem telja um 10-15 heimsóknir á dag að meðaltali. Mikil áhersla er lögð á að afgreiða hverja pöntun eins fljótt og auðið er eða helst innan sólarhrings frá því að hún berst. Faglegar kröfur eru gerðar til söluráðgjafa fyrirtækisins, en á sama hátt er lögð mikil áhersla á það að þeim líði vel í vinnunni og að starfsumhverfið sé notalegt.

### Aðsetur

Fyrirtækið flutti höfuðstöðvar sínar árið 2016 úr Garðabæ í Norðlingaholt, Würth á Íslandi byggði sínar nýju höfuðstöðvar að Norðlingabraut 8, húsið er um 2.735 m<sup>2</sup> og þar til húsa eru skrifstofur, stór lager og verslun. Aðrar verslanir fyrirtækisins eru staðsettar að Bíldshöfða 16 í Reykjavík og Tryggvabraut 24 á Akureyri. Fyrirtækið er einnig með öflugra vefverslun sem er nokkuð ný af nálinni, þar getur þú skráð þig, séð allar vörur sem Würth á Íslandi býður upp á, auðvelt og einfalt er að panta og á opnunartíma fer pöntunin beint í tiltekt á lager og eins fljótt af stað úr húsi og auðið er.

### Stefna

Viðskiptamódel Würth er nokkuð sérstætt. Á þessum bæ er algert grundvallaratriði að eiga fyrir hlutunum. Arðsemiskrafan er hófstíll frá hendi samsteyppunnar og ekki er leyfilegt að taka einhverja sénsa í rekstrinum. Haraldur Leifsson, framkvæmdarstjóri Würth á Íslandi er



Haraldur Leifsson gengur um lager Würth ásamt Reinhold Würth.

Verslun Würth í Norðlingaholti.

í hópi með framkvæmdastjórum hjá Würth frá átta mismunandi löndum og hittast þeir á um það bil þriggja mánaða fresti. Þá er verið að fara yfir mál hvers lands fyrir sig, bera saman bækur og skoða hvað gengur vel og hvað síður, ef eitthvað er.

### Vörur Würth

Vöruþróun er enn fremur snar þáttur í starfsemi Würth og sífellt er verið að þróa nýjar lausnir. Þúsundir nýrra vörunúmera eru kynntar á hverju ári og svo þarf að velja úr það sem hentar íslenskum markaði og aðstæðum. Skrúfa er til dæmis ekki það sama og skrúfa. Sumar þurfa átak og fyrirhöfn til að vera skrúfaðar í tré en aðrar geturðu skrúfað á sinn stað á augnabliki. Þetta sparar bæði tíma og afl. Það tekur í þegar þú þarft að skrúfa hundruð eða þúsundir af skrúfum í stóru verki. Sama er með kítta. Kíttað okkar er jafnan talið með betra kítta á markaðnum og það heldur einstaklega vel. Það lekur ekkert sem hefur verið kíttað með Würth-kítta. Það er kannski freistandi fyrir byggingaraðila að spara og kaupa ódýrt kítta fyrir gluggana í heilu fjölbýlishúsi. Sá sparnaður fer hins vegar fyrir lítið þegar þú þarft svo kannski að skipta út og laga alla gluggana. Þegar allt kemur til alls eru það gæðin sem gilda, og Würth berst ekki endilega á lágvöruverðsgrundvelli. Það er öll áhersla lögð á gæðin.

### Bakgrunnur

Bakgrunnur Würth á Íslandi er sá að það er hluti af Würth samsteypunni sem er upprunalega þýsk og er með höfuðstöðvar sínar í Künzelsau í Þýskalandi. Fyrirtækið var stofnað þar árið 1945 af Adolf Würth, en um tíu árum síðar tók sonur hans Reinhold Würth við stjórnartaumunum, í dag sinnir Bettina Würth, dóttir Reinhold Würth daglegri stjórnun samsteypunnar. Reinhold Würth situr í dag í sem formaður stjórnar Würth grúppunnar.

Á heimsvísu eru rekin um 400 Würth fyrirtæki í 80 löndum, í öllum byggðum heimsálfum. Heildarstarfsmannaföldi er um 78.000 manns sem telja hundruðir þúsunda heimsókna söluráðgjafa um allan heim, dag hvern. Tekjur samsteypunnar árið 2020 eru áætlaðar um 14,3 billjónir evra af 125.000 vörunúmerum.



Höfuðstöðvar Würth á Íslandi við Norðlingabraut 8 í Reykjavík.



Frá vinstri: Daniel Þór Þorgrímsson, Þorgrímur Þór Þorgrímsson og Baldvin Elíasson.

## Þ. Þorgrímsson og Co



Þorgrímur Þór Þorgrímsson, forstjóri.



Stofnandinn: Þorgrímur Þorgrímsson, f. 1924 - d. 2012 og eiginkona hans Jóhanna Kjartansdóttir f. 1927 - d. 2015.

Byggingavöruverslunin Þ. Þorgrímsson & Co. ehf. var stofnuð 26. júní 1942 af Þorgrími Þorgrímssyni stórkaupmanni (f.1924 - d. 2012) og hafði aðsetur í litlu leiguherbergi á 3ju hæð við Ægisgötu 7, 101 - Reykjavík.

### Starfsemin

Fyrstu rekstrarárin voru mjög erfið vegna seinna stríðsins þar sem erlendur gjaldeyrir var af skornum skammti og allur innflutningur háður leyfum frá hinu opinbera. Þorgrímur greip tækifærin þegar aðrir gátu ekki leyst út vörur og fann kaupendur fyrir vörunar og seldi, vöruúrvalið var þar af leiðandi mjög fjölbreytt eða allt frá tituprjónum upp í vélskóflur og skipakrana sem voru seldir til margra bæjarfélaga um land allt.

Þegar komið var fram á sjötta áratuginn þá var reksturinn orðinn nokkuð vel mótaður hvað varðaði sölu og innflutningsstefnu fyrirtækisins, en áherslan var lögð á byggingavörur, s.s. kork, húsa- einangrunarplötur frá Armstrong fyrirtækinu sem voru með verksmiðjur bæði í Bandaríkjunum og Suður-Evrópu. Þetta var lengi vel aðal söluvara fyrirtækisins þar til Þorgrímur setti upp sína eigin verksmiðjuframleiðslu á Polystyrene einangrun (VARMA plast 1957-1985) sem er enn þann dag í dag notað til húsa-einangrunar aðallega í grunna og gólf. Árið 1963 hóf fyrirtækið innflutning á Morris bifreiðum frá Bretlandi og einnig MG sportbifreiðum sem voru aðallega seldar til bandarískra hermanna í herstöðinni í Keflavík, en þeir tóku bílana með sér heim til Bandaríkjanna þegar herþjónustu lauk á Miðnesheiði, en við seldum yfir 200 sportbíla til ársins 1972. Vöruframboð hjá ÞP&CO hefur þróast og breyst eftir því sem árin hafa liðið, en áherslan er enn í dag allskyns byggingaplötur utansem innanhúss, sem og lofta-, gólf-, og innréttingaefni fyrir allar tegundir húsbýgginga. Einangrunarefni bæði fyrir hljóð, hita og kulda, skipa enn mikilvægan sess í vöruúrvalinu en það hefur verið ein af sérgreinum fyrirtækisins um margra áratuga skeið.

Byggingavöruverslunin Þ. Þorgrímsson & Co. ehf. hefur í árunna rás stækkað og þróast og leggur nú áherslu á meiri sérhæfingu með það fyrir augum að leysa vandamál og bjóða þar með upp á byggingarefni sem eiga að leysa ákveðin vandamál vegna einangrunar hljóðs og bruna, þ.e.a.s. vörur með sérstaka eiginleika. Wicanders kork gólfefni frá Amorim í Portugal kannast margir við og hefur Þ. Þorgrímsson & CO selt þetta einstaka náttúrulega gólfefni síðan 1957.

### Húsakostur

Árið 1962 þegar ÞP&CO átti 20 ára afmæli byggði Þorgrímur verslunar-, skrifstofu- og lagerhúsnæði að Suðurlandsbraut 6 sem átti að hýsa starfsemi fyrirtækisins til framtíðar, en fyrirtækinu óx fiskur um hrygg og 1973 flutti fyrirtækið í nýtt húsnæði að Ármúla 16, þar sem Varma Plast einangrunarverksmiðjan og byggingavöruverslunin voru sameinaðar undir einu þaki. Árið 1984 keypti ÞP&CO byggingavöruverslun Páls Þorgeirssonar í sömu götu í þeim tilgangi að ná þar góðum viðskiptasamböndum sem hafa reynst mjög happadrjúg.



Húsnæði P. Þorgrímssonar, Ármúla 29.

En árið 1985 þurfti enn og aftur að stækka verslunina og lagerhúsnæðið og festi hann því kaup á 3.400 fm lóð við Ármúla 29, þar sem hann lét byggja nýja og stóra verslun ásamt rúmgóðum lagerum. Lagerar fyrirtækisins eru núna á þremur stöðum í Reykjavík, auk þess sem að fyrirtækið stendur nú fyrir byggingu á nýju lagerhúsnæði í Hafnarfirði sem á eftir að stórbæta aðstöðu fyrirtækisins og þá um leið þjónustuna við viðskiptavini.

### Eigendur og stjórnendur

Árið 1988 fór Þorgrímur Þorgrímsson að draga sig smátt og smátt í hlé til þess að geta sinnt betur áralöngum áhugamálum sínum sem voru tónlist, menningarmál og tungumál, þar með lét hann daglegan rekstur í hendur Baldvins Elíassonar fjármálastjóra sem hóf störf hjá ÞB&CO árið 1973, og sýni sínum Þorgrími Þorgrímssyni yngri og núverandi forstjóra og hefur fyrirtækið dafnað í þeirra höndum síðan. P. Þorgrímsson & Co. ehf. hefur ávallt verið í eigu fjölskyldu Þorgríms Þorgrímsson, og nú hefur 3ja kynslóð bæst í hópinn en það er Daníel P. Þorgrímsson sem annast markaðs- og sölumál hjá fyrirtækinu.



Verslun og sýningarsalur að Ármúla 29.



## Z-Brautir og gluggatjöld



Sögu Z-brauta & gluggatjalda má rekja aftur til 1964 þegar Theodór S. Marinósson hóf innflutning á þýskum gluggatjaldabrautum sem í daglegu tali kallast Z-brautir. Fyrirtækið hóf göngu sína í bílskúr við Rauðalæk og markaðssetning með því móti að Theodór bankaði upp á hjá nýbökudum fasteignaeigendum með sýnishorn af gardínubrautum. Theodór var brautryðjandi á sínu sviði en fyrir þetta höfðu einungis tíðkast amerískar járnstangir og rimlagluggatjöld. Fyrsta verslun fyrirtækisins var opnuð árið 1966 í Síðumúla þar sem framleiddar voru gardínubrautir. Umfangið jókst með árunum og hófu Theodór og eiginkona hans, Magdalena S. Elíasdóttir, að flytja inn gluggatjaldaefni og þegar flutt var í húsnæði að Skúlagötu árið 1969 bættist gluggatjaldaverslun við. Árið 1975 opnuðu Z-brautir & gluggatjöld glæsilega verslun í Ármúla 42 þar sem fyrirtækið hafði svo aðsetur í 13 ár eða fram til ársins 1988 þegar fyrirtækið flutti í núverandi húsnæði að Faxafeni 14.

### Eigendur

Árið 2016 urðu eigendaskipti á fyrirtækinu en þá tók dóttir þeirra Theodórs og Magdalenu, Guðrún Helga, við rekstri fyrirtækisins ásamt eiginmanni sínum, Jóni. Er fyrirtækið því enn fjölskyldurekstur.

### Þjónusta

Z-brautir & gluggatjöld hafa í gegnum tíðina áunnið sér virðingarvert og gott orðspor fyrir einstaka þjónustu á sínu sviði. Boðið er upp á „heilðarlausnir“ fyrir heimili og fyrirtæki. Dæmigert ferli slíkrar þjónustu gæti falist í því að senda tölvupóst og panta máltöku eða ráðgjöf. Að öðrum kosti getur viðskiptavinur komið í verslun og fengið ráðleggingar og svör við spurningum. Þegar viðskiptavinur hefur valið sína lausn er boðið upp á að þjónustuaðilar frá verslun komi á staðinn og mæli fyrir gardínum auk þess að bjóða upp á faglega ráðgjöf. Gluggatjöldin eru svo útbúin í húsnæði verslunarinnar, en öll framleiðsla fyrirtækisins er íslensk. Að lokum eru gluggatjöldin hengd upp hjá viðskiptavini ef þess er óskað. Þegar kemur að heildarlausnum fyrir stærri aðila, þá hefur hin langa og sérhæfða reynsla fyrirtækisins komið að góðum notum. Þannig hafa Z-brautir & gluggatjöld haft hönd í bagga með gluggatjaldauppsetningum á fjölmörgum fyrirtækjum, s.s. hótelum, ríkisstofnunum, skólum o.s.frv. Í verslun Z-brauta & gluggatjalda er að finna gríðarlegt úrval af öllum tegundum gluggatjalda en helstu nýjungar síðustu ára eru rafdrifin gluggatjöld og hafa framfarir á þeim verið gríðarlegar síðustu ár.

### Mannauður og framtíðin

Í Z-brautum & gluggatjöldum eru 17 starfsmenn sem samanstanda af sérhæfðu afgreiðslufólki, saumakonum og framleiðslufólki sem gerir fyrirtækinu kleift að halda framleiðslunni 100% íslenskrí. Nýir eigendur horfa björtum augum á framtíðina eftir metár 2020 og stefna að því að einfalda afgreiðslumöguleika og lífga enn frekar upp á verslunarrými fyrirtækisins.







Listmunasalan.



Smiði stálparta.

## Dentalstál

Það voru Eggert Kristinsson og Anna Viggósdóttir sem stofnuðu Dentalstál sf. í október árið 1986. Fyrirtækið var þá til húsa að Borgatúni 29 í Reykjavík. Reksturinn var í formi sameignarfélags fyrstu árin. Eggert kaupir síðan hlut Önnu og heldur rekstrinum áfram í sama formi. Upp úr 1990 er keypt húsnæði að Hverfisgötu 105 í Reykjavík og 1994 er félaginu breytt í einkahlutafélag.

### Starfsemin

Starfsemi Dentalstáls ehf. felst í tannsmíðavinnu, gerð stálparta og skyldri starfsemi. Frá örófi alda hefur tannheilsa skipt okkur mennina miklu máli bæði heilsufarslega og hvað útlit snertir. Menn hafa því langa tíð fengist við að lappa upp á tennur í munni manna. Í aldanna rás hefur tannsmíði tekið stórstígum framförum og er þar ekkert lát á. Sérhæfðir tannsmiðir standa á bak við tannlækna þegar kemur að gerð tanna og góma.

Stálpartagerð er nokkuð sérhæfð og var til skamms tíma ekki kennd á Íslandi. Þau Eggert og Anna lærðu stálpartasmíðina hjá Dieter Lucas á Tannsmíðaverkstæðinu ehf. sem var brautryðjandi í stálpartagerð á Íslandi. Dieter Lucas var á þessum tíma fremstur í stálpartasmíði og tannsmíði hérlendis. Tannlæknar um allt land hafa átt viðskipti við Dentalstál í gegnum tíðina meðal annars vegna sérhæfingar fyrirtækisins í stálpartagerð. Stálpartar eru stálgómar sem krækjast á eigin tennur sjúklings ef þær eru enn til staðar eða sem festing á innplönt. Co-Cr er uppistaðan í stálpörtum en það er efni sem reynst hefur feykisterkt og stöðugt. Efnið hefur engin áhrif á líkamstarfsemi og ofnæmi af völdum málmisins er afar sjaldgæft.



Stálgómur.



Stálhringur CRCO.

### Aðsetur og starfsfólk

Í gegnum tíðina hefur verið nóg að gera hjá Dentalstál ehf. og starfsmenn hafa verið tveir til fjórir allt eftir stöðu verkefna. Árið 2019 flytur félagið starfsemi sína að Laxalæk 36, Selfossi.

### Reksturinn

Dentalstál ehf. og EM heimagallerí, sem er listmunasala, slá sér þá saman og eru eitt og sama fyrirtækið í dag. Þróunin er sú að listmunasalan er orðin stór hluti af rekstri fyrirtækisins og er daglegur rekstur gallerísins aðallega í höndum Maríu Ólafsdóttur.



María Ólafsdóttir, myndlistarkona.



Gaman í vinnunni. Frá vinstri: Nejla, Sejla og Einar Karl.



Strákarnir að brjóta saman þvott. Frá vinstri: Viktor, Einar Karl og Guðni.

## Efnalaug Dóru



Hjónin Halldóra Ingólfssdóttir og Einar Karlsson, eigendur.

Árið 1996 í janúar, keyptum við hjónin tæki af Jaspis ehf. til þess að opna efnalaug. Starfsemina byrjuðum við í bílskúrnum heima hjá okkur. Tækjakosturinn samanstóð af þurrhreinisvél, 23 kg þvottavél, strauborði og gínu.

### Starfsemin

Til að byrja með voru þetta aðallega almennir þvottar fyrir fyrirtæki hér á staðnum, ásamt mottu- og dúkaleigu, sem við bjóðum enn uppá í dag. Um sumarið gerðum við svo okkar fyrsta samning við hótél um þvott á rúmfötum og handklæðum. Á sama tíma réðum við starfsmann, en fram að þeim tíma hafði Dóra séð um starfsemina. Árið 1997 var orðin meiri eftirspurn eftir þvotti fyrir hótél, svo við fórum að líta eftir húsnæði til þess að stækka við okkur. Þá byggðum við hús ásamt systur Dóru, sem var að stækka líkamsræktarstöð sem hún rak í húsinu. Í ágúst sama ár fluttum við þar inn í 110 fm, og við fyrirtækið störfuðu þrír starfsmenn. Á árunum 1997-1998 jókst þvottur fyrir hótél til muna og meðal annars keyrðum við með þvott út í Öreafi eða 130 km hvora leið. Ýmist þvoðum við lín sem hótelinu áttu sjálf, en að stórum hluta var línið leigt hjá okkur. Á þessum tíma gerðum við líka samning við heilbrigðisstofnunina á staðnum og þvovum enn þann dag í dag allan þvott fyrir þau og fatnað af vistmönnum þar. Umsvifin héldu áfram að aukast og í kringum árið 2000 vorum við farin að þvo 800-1000 rúmföt á dag, á svipuðum tíma keyptum við stóran sendibíl til þess að flytja þvott á milli, og keyrðum á þeim tíma m.a. í Kirkjubæjarklaustur sem er 200 km akstur frá okkur. Við fjárfestum líka í tveimur strauvélum sem brutu sængurverin saman að hluta til, það auðveldaði vinnuna mikið og var mikill kostur. Á þessum tíma voru við með 10-15 starfsmenn í vinnu allt árið um kring. Árið 2002 keyptum við stærri hluta í húsnæðinu sem við vorum í og opnuðum þar verslun með fatnað, skó, vefnaðarvöru og fleira. Verslunina rákum við með góðum árangri til ársins 2019, en þá ákváðum við að hætta verslunarrekstri og einbeita okkur að rekstri Efnalaugarinnar. Árið 2015 höfðu umsvifin enn aukist og segja má að húsnæðið hafi sprungið utan af okkur, við vorum komin með gáma fyrir utan þvottahúsið til þess að geyma þvott. Þá fórum við að skoða möguleika á byggingu nýs húsnæðis.



Stelpurnar í þvottahúsinu. Frá vinstri: Sabina og Ewa Anna.

Í mars árið 2016 byrjuðum við á byggingu 360 fm stálgrindarhúss og 1. október sama ár fluttum við inn, á sama tíma bættum við tækjakost okkar með nýjum þvottavélum, þurrkurum og strauvél sem brýtur sængurverin saman og skilar þeim í bunka, og fullkominni þurrhreinisvél. Húsið er byggt eftir ströngustu sóttvarnarreglum, og það kemur sér vel á COVID tímum. Allur óhrein þvottur kemur inn í sér rými og hreinn þvottur er í öðru rými og er gegnið frá honum þar og hann afgreiddur út þaðan.

### Framtíðarsýn

Í dag starfar fyrirtækið með allt öðru sniði en venjulega, eins og víðar hefur COVID-19 mikil áhrif. Starfsmannafjöldinn hefur farið úr 8 starfsmönnum í 100% starfshlutfalli í 4 starfsmenn og í 50% starfshlutfall. Þar sem allur rekstur er með allt öðru sniði en venjulega og hefur minnkað um 90% vegna COVID-19. Við látum þetta ástand þó ekki hafa nein áhrif á okkur og horfum bjartsýn til ársins 2021.



Strákarnir í þvottahúsinu. Frá vinstri: Jacek, Ingólfur og Einar.



Starfsfólk. Frá vinstri: Léttadregurinn Guðmundur Óli, eigandinn Guðrún Kristín, Jón Páll Eggertsson, Sigríður Pálsdóttir og Elísabet Ósk Arnardóttir.



Ella og Sigga að taka úr þurrkara.

## Efnalaugin og þvottahúsið

Efnalaugin og þvottahúsið að Borgarflöt 1 á Sauðárkróki. Starfsemi efnalaugar hér á Sauðárkróki er um hálfra aldar gömul. Í maí 1996 keypti Guðrún Kristín Kristófersdóttir rekstur Efnalaugarinnar ásamt neðri hæð hússins að Aðalgötu 14. Hefur hún, ásamt manni sínum Guðmundi Óla Pálssyni, rekið fyrirtækið síðan á sinni eigin kennitölu. Árið 2005 flutti starfsemin í rúmlegt húsnæði að Borgarflöt 1.

### Starfsemin

Þvottur er hryggjastykkið í starfseminni. Stærsti viðskiptavinurinn er Heilbrigðisstofnum Norðurlands á Sauðárkróki. Ferðapjónustuaðilar á svæðinu, margir hverjir, hafa ekki nýtt sér þjónustuna og skipt við fagaðila utan héraðs. Því hafði „veirufaraldurinn“ og fækkun ferðamanna nú í ár minni áhrif en ella á starfsemina. Hins vegar hrykkti allverulega í fyrir um áratug þegar „hrunið“ varð.



Guðrún Kristín og léttadregurinn Guðmundur Óli.



Jón Páll við samanbrot.



Frá vinstri: Kristinn Guðjónsson og Kristinn Kristinsson.

## Efnalaugin Björg

Starfsemi Efnalaugarinnar Bjargar hófst þegar Magnús Kristinsson ungur maður frá Vestmannaeyjum festi kaup á efnalaug árið 1953. Fyrstu árin var starfsemin í húsnæði á Sólvallagötu 74 og síðar með útibú í Barmahlíð 6. Árið 1967 festi Magnús kaup á húsnæði í Miðbæ við Háaleitisbraut 58-60 og hefur starfsemin verið þar æ síðan. Árið 1984 kom tengdasonur Magnúsar, Kristinn Guðjónsson inn í reksturinn og ári síðar hinn tengdasonurinn Sigurður Jónsson en Ágústa dóttir Magnúsar hafði þá lengi starfað með föður sínum. Nú hafa orðið kynslóðaskipti í annað sinn og þriðja kynslóð tekið við rekstri beggja fyrirtækjanna og þykir það nokkuð einsdæmi hér á landi. Nú hefur Kristinn Kristinsson, afabarn Magnúsar til dæmis tekið við Björg á Háaleitisbrautinni og Guðrún einnig afabarn Magnúsar tekið við rekstri Mjóddarinnar.

### Starfsemin

Þegar borgin stækkar er nauðsynlegt að ná til fleiri viðskiptavina og árið 1987 festu eigendur kaup á verslunarhúsnæði að Álfabakka í Mjódd og settu upp fullkomna efnalaug þar en Breiðholtið var orðið ansi stórt úthverfi í Reykjavík og vildum við þjóna þeim á viðeigandi hátt. Þessar tvær efnalaugar voru svo reknar saman þar til undir aldamót þegar ákveðið var að hvor aðili um sig sæi um sína rekstrareiningu. Í framhaldi af þessari uppskiptingu hóf Háaleitisbrautin að setja upp þvottahús sem hafði áður verið utan ramma hennar. Viðskiptavinir vildu nýta sér dúkþvott og einnig heimilis- og skyrtuþvott. Á þessum árum var mikill uppgangur í viðskiptalífnum og þjónusta við viðskiptalífnið fór vaxandi. Jafnt og þétt jukust viðskipti í þvottahúsinu og fjárfest var stöðugt í meiri og betri búnaði og svo var komið að festa þurfti viðbótar húsnæði á Háaleitisbraut til þess að koma auknum vélbúnaði fyrir. Þá má geta þess að við höfum leigt út dúka og servíettur og þjónað ýmsum veitingastöðum í bænum með þeim hætti.

Góður vélbúnaður og gott starfsfólk er það sem heldur fyrirtæki gangandi á hverjum tíma sama hvernig árar í þjóðfélaginu. Við höfum þar haft láni að fagna og haldist vel á starfsfólki gegnum árin. Hin síðari ár höfum við fengið til vinnu hjá okkur æ fleiri Víetnama sem hefur reynst okkur afar vel. Einnig höfum við haft að leiðarljósi að endurnýja og viðhalda vélum og tækjum eins og kostur er á hverjum tíma. Þá höfum við sótt námskeið og nýjungar erlendis með reglubundnum hætti til þess að fylgja nýrri tækni og meðhöndlun viðkvæmra efna af fremsta megni. Margir sem ekki þekkja til halda að þurrhrensun fari fram á þurran hátt en svo er alls ekki. Þurrhrensun er aðeins þýðing á „dry cleaning“ en þar er átt við að flíkin fer í vélina þurr og kemur þurr út aftur. Flíkurnar blotna eins og í þvottavél en án dropa af vatni. Vökvinn nýtist aftur eftir að vélin hreinsar hann og er því þessi aðferð nokkuð vistvæn þar sem ekkert fer út í andrúmsloftið. Vélbúnaðurinn er nokkuð flókinn og góðar vélar vinna vel eins og í flestum öðrum tilfellum. Hins vegar er mannhöndin nauðsynleg í frágangi og það er þar sem aðal vinnan fer fram, straujun, pressun, eftirlit og yfirferð á hverri flík. Þess vegna er mikill kostnaður við hverja flík því, hún fer milli margra handa í hverri umferð.



### Gæði - þekking - þjónusta

Kjörorð okkar hefur lengi verið: „Gæði – þekking – þjónusta“. Við það viljum við standa og veita okkar viðskiptavinum faglega þjónustu að öllu leyti. Til þess að viðhalda og auka þekkingu erum við einnig í alþjóða samtökum LCI (Laundry and drycleaning International) og fáum þaðan aukna reynslu og miðlun upplýsinga um hin ólíklegusut mál sem upp geta komið.

### Umhverfismál

Umhverfismál eru okkur einnig hugleikin og langt er síðan við byrjuðum að flokka rusl hjá okkur og farga á viðeigandi hátt. Þá höfum við einnig tekið þátt í „plastlausum september“ og hafa okkar viðskiptavinir tekið vel undir þá viðleitni en þeir koma víða að frá nærliggjandi bæjarfélögum.

### Ánægðir viðskiptavinir

Rekstur fyrirtækis er aldrei spretthlaup en alltaf langhlaup. Við viljum hafa viðskiptavini ánægða og fá þá aftur til okkar og vera traustvekjandi. Það hefur ávallt verið hugsunin hjá okkur að við erum með verðmæti annara í höndunum og verðum ávallt að gæta þess. Oft og tíðum er um viðkvæma hluti að ræða sem ekki verða lagaðir ef út af ber. Þessi hugsun hefur ávallt verið ráðandi og vonandi hafa viðskiptavinir okkar fundið það og treyst okkur gegn um árin með sín mál. Fagleg þekking og reynsla eru nauðsynlegir þættir í svona rekstri og á það höfum við alltaf lagt ríka áherslu.





Úr þvottasalnum.



Endurvottun Svansins. Frá vinstri: Eðvald Garðarsson rekstrarstjóri, Lára Eiríksdóttir eigandi og framkvæmdastjóri, Björgvin Erlendsson framkvæmdastjóri og Helga Leifsdóttir bókhaldari

## Fjarðarþrif



Lára Elísabet Eiríksdóttir framkvæmdastjóri og eigandi.

Fjarðarþrif ehf. er austfirskt fjölskyldufyrirtæki með aðsetur að Strandgötu 46c á Eskifirði. Fyrirtækið veitir alhliða hreingerningaþjónustu og rekur einnig þvottahús og fatahreinsun á staðnum.

### Sagan

Fyrirtækið var stofnað í apríl árið 2003 af Láru Elísabetu Eiríksdóttur en það varð að einkahlutafélagi árið 2005. Í byrjun var fyrirtækið stofnað til að halda utan um aukavinnu Láru sem var þá eini starfsmaður fyrirtækisins en fljótlega bættust fleiri við, þegar verkefnum fjölgaði, meðal annars með tilkomu stóriðju á Austurlandi.

### Mannauður

Í dag eru starfsmennirnir orðnir 37 en starfsfólk Fjarðarþrifa kemur frá nokkrum löndum innan Evrópu, flestir koma frá Póllandi, nokkrir eru frá Rúmeníu, Hvíta-Rússlandi, Lettlandi og svo auðvitað Íslandi. Starfsmannavelta er lítil en þeir sem hafa lengst unnið hjá fyrirtækinu hafa verið í 14 -15 ár.

### Stjórnendur

Framkvæmdastjórar eru Lára og eiginmaður hennar Björgvin Erlendsson en tvær dætur þeirra hjóna vinna einnig í fyrirtækinu. Rekstrarstjórar eru Eðvald Garðarsson og Þórunn Sif Friðriksdóttir og skifstofustjóri er Helga Leifsdóttir.

### Umhverfismál

Fjarðarþrif ehf. er með Svansvottun og var fyrsta ræstipjónustan á landsbyggðinni til að hljóta hana. Býður fyrirtækið viðskiptavinum sínum upp á umhverfsvæna ræstingaþjónustu með því að nota minna magn af efnavöru sem er umhverfsvæn, minna magn af plastpokum og rekur einnig umhverfsvænni bíla samkvæmt kröfum Svansins.

### Framtíðarsýn

Fjarðarþrif hefur stækkað töluvert frá því að Lára byrjaði ein að ræsta en fyrirtækið þjónustar fyrirtæki og stofnanir um allt austurland. Þvottahús og fatahreinsun er staðsett að Strandgötu 46c en þar er þveginn þvottur og fatnaður hreinsaður fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Nýlega voru keypt lín og tæki í þvottahús Fjarðarþrifa ehf. til að geta boðið aukna þjónustu við hótél og gististaði.



Björgvin Erlendsson framkvæmdastjóri og eigandi.




Hólmatindurinn, ekki amalegt út um skrifstofugluggann.



Hluti af þurrkurum.



Lára að merkja lín.



Frógangur á líni.



Starfsstöð Fjarðapriða Strandgata 46c.



Sjálfvirkur og afkastamikill tækjabúnaður.



Ari Guðmundsson, eigandi og framkvæmdastjóri ásamt starfsfólki Fannar.

## Fönn

Myndir frá starfsemi.



Fönn ehf. sem er alhliða þvottahús og efnalaug, hefur verið starfrækt frá árinu 1960 og átti því 60 ára starfsafmæli á árinu 2020. Fyrirtækið er nú stærsta einkarekna þvottahús landsins og hefur yfir að ráða fullkomnum, sjálfvirkum og afkastamiklum tækjabúnaði ásamt reynslumiklu starfsfólki.

### Sagan

Slagorð fyrirtækisins „Fannhvítt frá Fönn“ má rekja til upphafsins árið 1960 en þá stofnaði Guðmundur Arason lítið skyrtuþvottahús í kjallara að Fjólugötu 19b með eina þvottavél og þrjá starfsmenn. Starfsemin gekk vel og óx hratt sem kallaði á aukinn tækabúnað og stærra húsnæði. Árið 1967 flutti Fönn á Langholtsveg 113 og síðan í Skeifuna 11 árið 1982. Örlagadagur í sögu Fannar var 6. júlí árið 2014 þegar húsnæðið í Skeifunni brann til kaldra kola og nánast allt sem í því var. Starfsemin hélt þó áfram með góðri aðstoð og þrotlausri vinnu og Fönn flutti að Kletthálsi 13 í Árbæ þar sem fyrirtækið starfar í dag.

### Starfsemin

Viðskiptavinir Fannar eru fjölbreyttur hópur og enginn viðskiptavinur er of lítill eða of stór. Þar á meðal eru einstaklingar og fyrirtæki, hótél, veitingahús, húsfélög og stofnanir ýmis konar sem geta fengið allan sinn þvott þveginn eða hreinsaðan hjá Fönn, hvort sem um er að ræða lín, handklæði, skyrtur, vinnugalla, jakkaföt, kjóla, sængur, teppi og gluggatjöld. Athafnasvæði Fannar er að mestu á höfuðborgarsvæðinu en nær einnig til Selfoss og Akraness. Auk þessa er Fönn með leigubjónustu sem felur í sér að leigja út lín, þ.m.t. rúmfatnað og handklæði til hótela og gististaða, einnig borðdúka og sérvéttur til einstaklinga og veitingastaða. Fönn leigir einnig út gólfmottur til fyrirtækja og húsfélaga sem skipt er út eftir þörfum viðskiptavinarins. Motturnar henta vel á svæðum þar sem margir ganga um og gæta þarf hreinlætis. Húsnæðið og tækjabúnaður Fannar er sérhannaður fyrir starfsemiina með það fyrir augum að stytta vinnslutíma og auka sveigjanleika og afköst. Starfsmenn Fannar eru um 40 og hafa margir unnið hjá fyrirtækinu í meira en 15 ár.

### Eigendur og sérstaða

Núverandi eigandi og framkvæmdastjóri Fannar er Ari Guðmundsson sem árið 2004 keypti fyrirtækið af föður sínum. Sérstaða fyrirtækisins felst í sveigjanleikanum, því að geta þjónað jafnt stórum sem smáum viðskiptavinum. Lögð er áhersla á að viðskiptavinir geti treyst því að fá þvottinn sinn hreinan á umsömdum tíma og að gæðin uppfylli væntingar þeirra. Árið 2020 komst Fönn í hóp „Framúrskarandi fyrirtækja“ hjá Creditinfo og áfram er stefnt á að uppfylla einkunnarorð Fannar sem eru: **GÆÐI - TRAUST - SVEIGJANLEIKI**  
[www.thvottur.is](http://www.thvottur.is)





Filmumerkingar gefa viðskiptavinum færi á að hjúpa ýmsa hluti og farartæki með markaðstengdri grafík sem gripur augað.



Verkstæði Logoflex er sannkölluð sköpunargryfja þar sem fjölbreytt framleiðsla lítur dagsins ljós.

## Logoflex

Árið 2002 stofnuðu feðgarnir Guðmundur Baldursson og Baldur Guðmundsson skiltagerðina Logoflex ásamt Jakobi Líndal Jóhannessyni og Bóasi Bóassyni. Tók Guðmundur að sér framkvæmdastjórn félagsins. Með stofnun félagsins sameinuðu fjórmenningarnir áratuga reynslu sína úr greininni og úr varð framsækin skiltagerð með næmt auga fyrir þeirri öru framþróun sem blasti við skiltagerðaiðnaðinum við upphaf nýrrar aldar. Rétt rúmu ári síðar bættist svo Steingrímur Þorgeirsson í eigendahópinn. Frá upphafi hefur rík áhersla verið lögð á það nýjasta í tækjabúnaði, efnum og aðferðum, áhersla sem hefur haldið félaginu í fararbroddi á markaðnum fram til dagsins í dag. Í dag er Logoflex ómissandi hluti að sýnileika nútíma markaðshagkerfis og eru merki um það um allt land, bókstaflega. Logoflex hefur í gegnum tíðina starfað með öllum helstu fyrirtækjum og stofnunum landsins og hefur reynt ómissandi samstarfsaðili fyrirtækja, auglýsingastofa, listafólks, arkitekta, hönnuða og frumkvöðla við að koma hugmyndum þeirra í efnislegt form. Vaxandi kvikmyndaíðnaður hér á landi hefur notið síaukinnar liðsinnis Logoflex við ýmiskonar leikmuna- og sviðsmyndasmíð. Lausnamiðuð nálgun og kjarkur til að takast á við það óreynda er eitt að kennimerkjum starfseminnar og er sú viðleitni lykillinn að stöðugri framþróun fyrirtækisins í framleiðslu sem og aukinni hæfni starfsfólks í lifandi og frjóu starfsumhverfi.

### Þjónusta og vöruframboð

Logoflex er í grunninn skiltagerð og sem slík tekur að sér hönnun, smíði og uppsetningu á hverskyns skiltum og merkingum fyrir viðskiptavinum sína. Auk skiltagerðarinnar, sem samanstendur af verkstæði, prent/fólíu og uppsetningardeild. Góður húsa- og tækjakostur félagsins gerir því kleift að annast alla nauðsynlega framleiðsluþætti innahúss, undir eigin merkjum, allt frá risastórum ljósaskiltum niður í litla límmiða. **Verkstæðið** annast alla smíði og er mannað einvala hópi starfsmanna. Tækjakostur félagsins gerir því kleift að bjóða viðskiptavinum sínum uppá heildstæða lausnir í hverskyns smíði, allt frá hráefni að fullunninni vöru. Prentverk og filmumerkingar hafa, frá upphafi, verið einn af stærstu einstöku framleiðsluþáttum félagsins. Prentverkefni félagsins eru gríðarlega fjölbreytt og spanna allt frá hágæða prentun fyrir listafólk, heilmerkingum á bíla upp í risaprent á segldúka sem hjúpa heilu byggingarnar. **Prentdeildin** er mönnum einvala hóp tæknifólks og grafikera sem annast jafnt framleiðslu og undirbúning verkefna sem og uppsetningu og afhendingu til viðskiptavina. **Útdeildin** annast svo alla uppsetningu og frágang á skiltum og annarri smíði félagsins ásamt viðgerðum og hverju því sem upp getur komið í íslenski veðráttu.

**Plastsdeildin** sinnir sérsmíði úr plexígleri ásamt ótal framleiðsluvörum undir nafni Logoflex. Má þar meðal annars nefna póstkassalausnir fyrir heimili og húsfélög, afhliðuljósakrossa á leiði, ásamt úrvali blaðarekka og vörustanda ýmissa. **Pakgluggar** hafa verið framleiddir til fjölda ára hjá Logoflex. Þetta eru kúptir pakgluggar úr áli og plexígleri. Þannig má svo sem segja að Logoflex sé ekki „bara“ skiltagerð.



Logoflex hefur til fjölda ára framleitt hágæða pakglugga fyrir íslenskan byggingariðnað.



Logoflex annast alla skiltatengda þjónustu, jafnt smíði og uppsetningu sem og eftirlit og viðhald.



Aðsetur Logoflex að Smiðshöfða 9 í Reykjavík.



Myndir frá starfseminni.

## Grand þvottur



Grand þvottur, Freyjunesi 4, Akureyri.

Grand þvottur ehf. var stofnað 18. Júlí 2007. Stofnendur voru Preben Jón Pétursson með 50% hlut, Haraldur Helgason með 25% hlut og Arnar Helgi Kristjánsson með 25% hlut. Í árslok 2008 keyptu hjónin Preben og Halla Björk Reynisdóttir allt hlutafé í félaginu. Preben hefur verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins frá upphafi en Halla Björk er stjórnarformaður þess. Félagið hóf reyndar starfsemi í nóvember 2006. Var þá áætlað að fjárfesta og byggja upp bílapvottastöðvar um land allt. Hlutirnir ætluðust þó þannig að keypt var þrotabúið Mjallhvít þvottahús og fatahreinsun, sem staðsett var í leiguhúsnæði að Austursíðu 2 á Akureyri. Grand þvottur ehf. er nú til húsa í eigin fasteign, sem er tæpir 800 fm, að Freyjunesi 4, Akureyri en þangað var starfsemin flutt í janúar 2009.

### Starfsemin

Starfsemin felst í fatahreinsun, þvotti og saumaviðgerðum og hefur verið með sama sniði frá upphafi þótt reksturinn hafi verið einfaldaður og straumlínulagaður eftir föngum. Áhersla er lögð á persónulega og trausta þjónustu. Við höfum einbeitt okkur að því að þvo lín og starfsmannafatnað viðskiptavina okkar en töluverð þróun hefur verið í útleigu á líni fyrir hótél og gistiheimili. Í apríl 2019 tók Grand þvottur við umboði fyrir hreinlætisvörur frá Tandri. Hefur sá hluti orðið töluverður og vaxandi þáttur í rekstrinum.

### Markaðssvæði

Markaðssvæðið hefur náð frá Mývatni og Húsavík til og með vestur til Blönduóss en stærstur hluti viðskipta er á Eyjafjarðarsvæðinu. Þar erum við í samkeppni við aðrar fatahreinsanir og þvottahús.

### Mannauður

Í gegnum tíðina hefur starfsmannafjöldi verið svipaður eða 15 til 20 stöðugildi en þó árstíðabundið og flestir hafa starfsmenn orðið 35 yfir hásumarið.

### Framtíðarsýn

Við erum bjartsýn á framtíðina. Við erum að sérhæfa okkur í þjónustu við heilbrigðisstofnanir, matvælaíðnað og ferðaþjónustu en langmestur hefur vöxturinn verið í þjónustu við hótél og gistiheimili.

### Reksturinn og COVID-19

Jöfn og góð veltuaukning hefur verið eða um 10% vöxtur árlega. Heimsfaraldurinn hafði töluverð áhrif á starfsemi okkar og þurfti að skipta fyrirtækinu upp í svæði til að lágmarka hættu á að missa allt starfsfólkið í sóttkví á sama tíma og grípa til lokunar ef smit kæmi upp. Grípa þurfti til sérstakra ráðstafana því að við vorum að taka á móti COVID-smituðum þvotti frá sjúkrahúsinu. Einnig þurfti að gera umtalsverðar ráðstafanir til að tryggja starfsöryggi og



Grand þvottur er einnig með umboð fyrir hreinlætisvörur frá Tandri.



Þvottur flokkaður.

þjónustu við viðskiptavini, s.s. að semja við samkeppnisaðila og vera viðbúin því að flytja starfsemina úr húsi með skömmum fyrirvara eða kalla inn nýtt fólk. Grand þvottur hefur reglulega styrkt ýmis félagasamtök og íþróttafélög.

### Eldur

Fyrirtækið komst í fréttir þegar Slökkviliðið á Akureyri var kallað út vegna elds í húsnæði Grand þvottar í Freyjunesi á Akureyri þann 2. desember 2020 kl. rúmlega 8. Í frétt um atvikið sagði: „Ekki hefur náðst í slökkvilið en samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Akureyri er mikill fjöldi viðbragðsaðila á staðnum“. Gatan Freyjunes er í norðanverðum bænum.

Uppfært 8:24: Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliði Akureyrar voru slökkviliðsmenn fljótir að ná tökum á eldinum og er nú unnið að reykkræstingu. Öll vaktin hafi verið kölluð út, alls sex manns. Útkallið hafi komið klukkan 8:0. Engum sögum fer af bruna þessum eða hvort mikið tjón varð hjá Grand þvotti.



Fyrirtækið er vel tækjum búið.



Sreingrímur Hermannsson, forsætisráðherra kaupir fyrsta lottómiðann 22. nóvember 1986 í verslunarmiðstöðinni Holtagörðum að viðstöddum stjórn og starfsfólki Íslenskrar Getspár.

## Íslensk getspá



Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri.

### LOTTÓ - leikurinn okkar - Hvernig byrjaði þetta?

Leitin að fjármagni til rekstrar félagasamtaka og hreyfinga hefur verið nær þrotlaus um áratuga skeið, það þekkja þeir sem láta sig slík mál varða. Róðurinn er gjarnan þungur og fjárskortur oftast ekki undirliggjandi stef í mikilvægu starfi. Á níunda áratug síðustu aldar höfðu forsvarsmenn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) annars vegar og Íþróttasambands Íslands (ÍSí) hins vegar hafð að skoða möguleikann á svokölluðum talnagetraunum til stuðnings starfsemi samtakanna. Í því sambandi horfðu þeir út í heim þar sem algengt var orðið að talnaleikir væru reknir af fyrirtækjum sem veittu styrki út í samfélagið. Forsvarsmenn ÖBÍ höfðu kynnst lottói í Bandaríkjunum og sáu sóknarfæri í að fylgja þessari alþjóðlegu þróun. Að tilstuðlan Steingríms Hermannssonar, sem þá gegndi embætti forsætisráðherra, settust þessir aðilar niður til að ræða möguleikann á samstarfi um getraunaleik í því skyni að fjármagna reksturinn. Fulltrúar Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) komu skömmu síðar að borðinu og fundahöld samtakanna þriggja leiddu til þess að stofnað var sameiginlegt félag, Íslensk getspá. Fyrirtækið hafði og hefur enn það eitt markmið, að stuðla að hagnaði eigenda sinna sem verður til með þátttöku íslensku þjóðarinnar. Íslensk getspá er alfarið í eigu samtakanna þriggja. ÍSí (46,67%) sem hefur meðal annars það markmið að efla, samræma og skipuleggja íþróttastarfsemi í landinu. ÖBÍ (40%) sem eru heildarsamtök hagsmuna og mannréttinda fatlaðs fólks og UMFÍ (13,33%) sem hefur það meginmarkmið að efla lýðheilsu íslensku þjóðarinnar. Hagnaður starfsemi ÍG skiptist eftir eignarhluta og hver eigandi hefur sínar eigin reglur um hvernig hagnaði er varið innan sinna vébanda. Tilurð og tilgangur Íslenskrar getspár er eins og áður segir, að styðja við stærstu félagsmálasamtök landsins þar sem hagnaðurinn rennur óskertur í hendur eigenda þess.

### Stórt skref

Ekki leið langur tími frá því forsvarsmenn samtakanna sátu við fundarborðið fyrripart árs 1986 og þar til fyrst var dregið í Lottó 5/32 á Íslandi laugardaginn 22. nóvember sama ár. Steingrímur Hermannsson keypti fyrsta miðann og þar með var lottóævintýrið hafið. Viðtökur almennings reyndust miklu betri en bjartsýnustu menn höfðu þorað að vona og ljóst að forsvarsmenn ÍSí, ÖBÍ og UMFÍ höfðu, með aðstoð annarra, stigið stórt skref í átt að því að styðja við, hlúa að og jafnvel tryggja samtökunum lífæð til að geta sinnt mikilvægu starfi. Með tilkomu Íslenskrar getspár hefur tekjugrunnur eigenda styrkst verulega og munar um minna í stærstu fjöldahreyfingum landsins. Það er í raun dálítið sérstakt að rekstur fyrirtækis snúist ekki um að hagnaður þess rati í hendur örfárra aðila, heldur deilist hagnaður af rekstri Íslenskrar getspár á ótal marga.

ÍSí nýtir arðinn til stuðnings við sérsambönd sín, íþróttabandalögin, héraðssamböndin og íþrótt- og ungmennafélögin í landinu. Hluti arðsins fer einnig í Afrekssjóð ÍSí. ÖBÍ nýtir sinn arð til reksturs bandalagsins. Auk þess renna verulegir fjármunir til Brynju hússjóðs ÖBÍ,

sjálfseignarstofnunar sem á og rekur leiguhúsnæði fyrir öryrkja og fatlað fólk um allt land. Öruggt og gott húsnæði hefur mikla þýðingu fyrir sjálfstæði fatlaðs fólks. UMFÍ nýtir arðinn til stuðnings sambandsaðila sinna. Arður af rekstri Getspár rennur því beint í samfélagsleg uppbyggingaverkefni til hagsbóta fyrir alla landsmenn.

### Bætt við og breytt

Þótt rekstrargrundvöllur ÍG sé frábrugðinn öðrum, þá er hann ekki undanskilinn breytingum sem eiga sér stað á 35 ára tímabili. Þar mætti fyrst nefna aðgengi Lottóspilara til að næla sér í miða. Á bernskuárum ÍG lögðu Lottóspilar leið sína í verslun af einhverju tagi til að merkja tölurnar sínar inn á þar til gert blað með gamla góða blýantinn sér í hönd, oftan en ekki um leið og matarinnkaupin voru gerð. Árið 1998, eða tólf árum eftir að Lottó hóf göngu sína var fólk gert kleift að gerast áskrifendur að „sínunum tölum“. Þannig mátti komast hjá því að gera sér ferð í búð til að tryggja sér miða, nú eða losna við stressið sem fylgir því að uppgötva seinnipart laugardags að Lottómiðinn er ekki kominn í hús. Í dag fer 60-70% af sölunni fram rafrænt, í gegnum heimasíðu eða snjalltæki og nýjasta viðbótin er smáforrit sem gerir spilurum kleift að klára miðakaupin heima í sófa, eða bara hvar sem er. Söluassarnir standa þó enn fyrir sínu, staðsettir á 220 stöðum víðsvegar um landið – blað og blýantur á vísun stað. Tækninýjungar eru hins vegar ekki einu breytingarnar á starfsemi ÍG heldur hefur bæst í framboðið með fleiri möguleikum fyrir spilara. Á 35 árum hefur Lottótölunum fjölgað, í skrefum, úr 32 í 38 og loks 40 auk bónustölu. Jókerinn mætti til leiks árið 1998 sem gefur möguleika á 2 milljónum og er dreginn út í öllum leikjum. Íslensk getspá hefur alla tíð átt mjög gott samstarf við önnur norræn lottó- og getraunafyrirtæki og í því sambandi er vert að nefna að ÍG tók, ásamt öðrum Norðurlöndum, þátt í stofnun Víkingalottós sem hóf göngu sína 1993. Víkingalottóið hefur gengið ágætlega á Íslandi, þátttaka er stöðug og stórir vinningar hafa fallið Íslenskum lottóspilurum í skaut. Enn fjölgaði valkostum spilara og árið 2013 bættist EuroJackpot við leikjaflórana þar sem Ísland ásamt 17 öðrum Evrópulöndum tekur þátt.



Lottó-appið.

### Fjármálaráðgjöf

Vinningsupphæðir yfir fimm milljónir eru sóttar á skrifstofu ÍG við Engjaveg og framvísa þarf vinningsmiðanum. Mikil ánægja er að hitta vinningshafa og þeir ófár sem enn hafa ekki meðtekið að fullu þá óvæntu staðreynd að fjárhagurinn vænkaðist á einni nóttu. Stórum vinningi fylgir mikil gleði en það getur líka verið býsna flókið þegar landslag fjármála gjörbreytist á einu augnabliki. Því býður ÍG þeim sem vinna háar fjárhæðir upp á fjármálaráðgjöf hjá sérfræðingi virts endurskoðunarfyrirtækis. Flestir vinningshafar þiggja ráðgjöfina fegins hendi.

### Horft til framtíðar

Íslensk getspá hefur starfað samfelld frá árinu 1986 og alltaf að sama marki. Árin 2020 og 2021 voru góð rekstrarár. Árið 2020 greiddi ÍG tæpa þrjú milljarða í vinninga og tveir milljarðar runnu í arðgreiðslur til félagasamtakanna. Þjóðin styður vel við bakið á starfsemi og horft er með björtum augum til framtíðarinnar.

Saga Íslenskrar getspár er ánægjuleg saga og uppbyggileg. Allt frá því þegar hugsjónamenn hittust á níunda áratug síðustu aldar til skrafs og ráðagerða í því skyni að finna leið til að styðja við bakið á öryrkjum og íþróttahreyfingu landsins. Íslenska þjóðin hefur síðan 1986 sameinast og glaðst, ýmist yfir eigin heppni, annarra og/eða framlagi hennar sjálfrar til mikilvægra málefna með því að taka þátt. Stefið í auglýsingaherferðum Íslenskrar getspár lýsir þessu ákaflega vel: „Lottó, leikurinn okkar“.





## Merking



Frá vinstri: Hilmar H. Eiríksson, framleiðslustjóri og Pétur Ingi Arnarson, framkvæmdastjóri.

Merking var stofnuð árið 1979 og hefur verið leiðandi á sínu sviði allar götur síðan. Við erum stolt af okkar viðskiptamannahópi og ekki síður af starfsfólki okkar. Merking er alhliða skiltagerð, plexigler, ljósaskilti, umferðamerki, sýningar og margt fleira. Einnig framleiðum við fjöldan allan af ýmsum vörum. Þar með talið vörustanda og álíka lausnir fyrir verslanir, fyrirtæki og einstaklinga. Fallega merkt fyrirtæki vekur athygli. Hvort sem um er að ræða gluggamerkingar, bílamerkingar, ljósaskilti, auglýsingaskilti innan- eða utandyra þá finnur þú lausnina hjá Merkingu.

### Starfsfólk

Í merkingu starfa að jafnaði um 40 - 50 manns allt árið, fagfólk með áratuga reynslu sem leggur metnað sinn í vandaða vinnu og faglegar lausnir. Framkvæmdastjóri er Pétur Ingi Arnarson og framleiðslustjóri er Hilmar Eiríksson.

### Starfsemin

Þú pantar og við framleiðum og afhendum ýmist uppsett eða ekki, allt eftir þínum óskum. Umferðamerki, umhverfismerkingar hverskonar og öryggismerkingar er eitt af sérsviðum okkar. Þær eru framleiddar ýmist eftir sérþöfum hvers og eins eða þeim stöðlum sem við eiga hverju sinni. Á heimasíðunni er hægt að finna upplýsingar um nánast allar slíkar merkingar og hægt að panta þar. Ljósmyndadeildin er vaxandi hluti af okkar starfsemi. Þar getur þú valið um myndir límdar á ál, foam, MDF eða plexigler. Einnig getum við prentað beint á ál, striga eða önnur efni ef við á.

### Öflugur tækjakostur og blandaðar lausnir

Á málmsmíðaverkstæðinu okkar smíðum við hvers kyns ljósaskilti sem og önnur skilti. Einnig starfrækjum við öflugt plastverkstæði þar sem við nýtum okkur cnc tölvuskurðar tækni eins og laserskurð og tölvufræsara til að framleiða vörur úr plexigleri, krossvið, áli meðal annars. Það er ekki sama hvernig efni er notað í framsetningu hvort sem um er að ræða timbur, ál, plast, mdf eða önnur efni. Okkar ráðgjöf og reynsla miðast við að finna bestu lausn hverju sinni. Að auki bjóðum við upp á umhverfisvænar lausnir sem alltaf eru að aukast. Við nálgumst hvert verkefni út frá greinagóðri þarfagreiningu sem tekur mið af viðeigandi hönnun, endingartíma og nýtingu. Síðast en ekki síst ræður Merking yfir fimm öflugum prentvélum, en sú stærsta getur prentað á allt að 5 metra breiðan flöt í einu.



Sýnishorn af verkum okkar.





Hópurinn, efri röð: Hafsteinn Helgi Jóhannsson, Sigurjón Óli Vignisson, Andri Týr Kristleifsson, Birna Rut Ragnarsdóttir, Sara Svavarsdóttir, Kristleifur Gauti Torfason og Óliver Magnússon. Fremri röð: Arndís Hulda Auðunsdóttir og Mélanie Molière. Ljós. Sigurður Ólafur Sigurðsson.

## Rakarastofan Herramenn



Þrjár kynslóðir rakara. Frá vinstri: Kristleifur Gauti Torfason, Torfi Guðbjörnsson og Andri Týr Kristleifsson. Ljós. Gunnar Kr. Sigurjónsson.

Rakarastofan Herramenn var stofnuð 9. desember árið 1961 af Torfa Guðbjörnssyni hárskera og rakarameistara. Frá fyrsta degi hefur rakarastofan verið í hjarta Kópavogs, fyrst að Neðstuturöð 8, þar sem hún tók undir sig sífellt stærra hluta hússins, en árið 2017 fluttist stofan í Hamraborg 9 í töluvert stærra húsnæði sem þá var orðið nauðsynlegt. Árið 1978 bættist önnur kynslóð við þegar Gauti, sonur Torfa, fylgdi í fótspor föður síns. Gauti lauk námi árið 1981 og hefur unnið alla tíð síðan á stofunni. Þriðja kynslóðin slóst í hópinn árið 2003 þegar sonur Gauta, Andri Týr, byrjaði að nema fagið. Í eitt ár unnu kynslóðirnar þrjár saman á rakarastofunni en Torfi lést árið 2004. Núorðið sér Andri Týr að mestu um rekstur fyrirtækisins.

### Þróun

Í grunninn má segja að það að klippa hár breytist lítið en nýjar tískubylgjur kalla svo sannarlega á nýja nálgun í klippingum. Rakarastofan leggur áherslu á að fylgjast vel með því sem er að gerast í hártískunni og hluti af því er að fara reglulega á námskeið bæði innanlands og erlendis. Rakarastofan sérhæfir sig í snyrtingum fyrir herra menn, klippingum, skeggsnyrtingum og ekki síst rakstri. Skeggrakstur með hnif hefur staðið höllum fæti undanfarna áratugi hér á landi og því mikilvægt að viðhalda þekkingu á þessu sviði sem og fræðslu fyrir viðskiptavinum um hvernig eigi að raka sig heima. Frá upphafi hefur verið lagður metnaður í að vera með góðar og fjölbreyttar vörur fyrir viðskiptavinum og hefur úrvalið aukist og breyst jafnt og þétt, ekki síst í húðvörum sem verða sífellt vinsælli meðal karlmanna.

### Herramenn í dag

Rakarastofan hefur tekið miklum breytingum á þeim tæplega 60 árum sem hún hefur verið starfrækt frá því að Torfi var einn að vinna og starfshópurinn vaxið. Í dag vinna sex fullnuma rakarar hjá fyrirtækinu, þar af þrír meistarar, ásamt tveimur nemum og starfsmanni á skrifstofu. Viðskiptavinirnir eru tryggir og fjórða kynslóð viðskiptavina er farin að mæta í stólinn.



Skeggrakstur með hnif.



Af stofunni. / Ljós. Sigurður Ólafur Sigurðsson.





Skilti við andapoll.



Skilti á Reyðarfirði.

## Skiltaval

Skiltaval ehf. var stofnað í Reykjavík í janúar 2002 af Sigfúsi Heiðari Ferdínandssyni og Steingrími Þorgeirssyni. Þeir félagarnir byrjuðu með ýmis konar skiltiþjónustu, þ.á.m. að skipta um myndir í veltiskiltum fyrir Dengsa ehf. Þeir þjónustuðu einnig mörg önnur fyrirtæki, t.d. Logoflex; þar sem þeir sáu um alla uppsetningu skilta. Sumarið 2004 eignaðist Guðrún Linda Hilmarsdóttir hlut Steingríms.

### Viðskiptavinir

Fyrirtækið flutti austur á Reyðarfjörð og byrjaði að þjónusta Austfirðinga. Samningur var gerður við Alcoa-Fjarðaál sem fól í sér alla skiltaframleiðslu fyrir fyrirtækið. Sá samningur er enn í gildi. Aðrir stórir viðskiptavinir eru m.a. Fjarðabyggð, Launafi, Vegagerðin og Rubix. Viðskiptavinir Skiltavals eru flestir á svæðinu frá Hornafirði til Akureyrar, en þó eru nokkrir á höfuðborgarsvæðinu, þ.á.m. Icelandair.

### Starfsemin

Skiltaval framleiðir hvers konar skilti og merkingar; bílamerkingar, bátamerkingar, álskilti, umferðarskilti, fatamerkingar, sandblástursfilmur, gluggamerkingar, sólarfilmur, prentanir á myndum svo eitthvað sé nefnt. Fyrirtækið er mjög vel tækjum búið í alls konar skiltaframleiðslu, með hágæða prentun upp í 160 cm breidd, plöstunarátt upp í 160 cm breidd, skurðavél upp í 130 cm breidd, fatapressu, áklippur og fleira.

### Starfsfólk og aðsetur

Í fyrirtækinu starfar einn starfsmaður, Sigfús Heiðar, sem einnig er framkvæmdarstjóri. Hann hefur starfað í greininni síðan 1992. Skiltaval ehf. er til húsa að Leiruvogi 4 á Reyðarfirði, í 200 fm húsnæði. Þar hefur fyrirtækið verið staðsett frá því árið 2007.

### Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Skiltavals er að efla fyrirtækið og byggja það enn frekar upp sem og að standa sig vel í þjónustu við viðskiptavini.



Bílamerking fyrir Terra.



Bílamerking fyrir björgunarsveit.



## Útfararstofa Reykjavíkur

Í júlí 2015 hóf Ísleifur Jónsson rekstur Útfararstofu Reykjavíkur ehf. ásamt eiginkonu sinni Steinunni Stefanie Magnúsdóttur. Ísleifur Jónsson hefur starfað sem útfararstjóri um áratuga skeið og er því með mikla reynslu sem nýtist í starfi hans. En áður starfaði hann í 2 áratugi sem framreiðslumaður, veitinga- og ráðstefnustjóri hjá Hótel Loftleiðum og eitt ár sem veitingastjóri á Hótel Íslandi. Frá 1993 var hann útfararstjóri hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma og Útfararstofu kirkjugarðanna. Steinunn hefur starfað við hin ýmsu þjónustustörf og meðal annars við hárgreiðslu og snyrtingu um árabíl, bæði hérlendis og víða erlendis. Hún leggur sig fram við að ásýnd hins látna sé smekkleg, virðuleg en látlaus og í stíl við persónuleika hins látna. Reynsla þeirra við útfararþjónusta sýnir að þessi atriði skipta aðstandendum miklu máli er þeir líta ásýn ástvarnar í hinsta sinn.

### Þjónusta

Útfararstofa Reykjavíkur annast útfarir á höfuðborgarsvæðinu og veitir aðstandendum mikilvæga aðstoð við undirbúning og framkvæmd útfararinnar. Útfararstjóri er með aðstandendum allt ferlið - *allt frá fyrsta viðtali að greftrun hins látna*. Útfararstofa Reykjavíkur annast alla þætti sem aðstandendur óska eftir.

Útfararstjóri sýnir aðstandendum fullan trúnað og er bundinn þagnarskyldu um allt það sem fram fer í starfi hans. Lögð er áhersla á fagmennsku og persónulega þjónusta sem einkennist af nærgætni, hlýju og virðingu.

### Mannauður

Hjá Útfararstofu Reykjavíkur er jafnkynjahlutfall stafsmanna við allar þeirra athafnir. En sömu tveir starfsmennirnir sinna allri þjónustu, allt frá því hinn látni er sóttur og þar til útför lýkur.



Útfararbill.



Ísleifur Jónsson.



Steinunn Stefanie Magnúsdóttir.



Kirkjugarðurinn á Naustahöfða.



Í líkhúsinu er falleg kapella sem gjarnan er notuð við kistulagningabætur og fámennar útfarir.

## Útfararþjónusta Kirkjugarða Akureyrar

Útfararþjónusta Kirkjugarða Akureyrar var stofnuð árið 1997 samhliða því að nýtt líkhús var tekið í notkun við kirkjugarðinn á Naustahöfða á Akureyri. Tilkoma líkhússins og kapellunnar sem í húsinu er var mikið framfaraskref fyrir samfélagið en rétt þótti á þessum tímamarki að færa þjónustu í kringum útfarir í sérstakt fyrirtæki og því var Útfararþjónusta Kirkjugarða Akureyrar ehf. stofnuð. Starfsemi hennar og skrifstofa er í húsinu á Naustahöfða og eru fastráðnir starfsmenn þír.

### Víðtæk þjónusta við andlát og útför

Útfararþjónusta KGA annast alla þjónustuþætti fyrir aðstandendur við andlát en breytilegt er hvaða þætti aðstandendur vilja annast sjálfir og hvaða verkefni þeir fela starfsfólki Útfararþjónustu KGA. Mikil áhersla er lögð á persónuleg og fagleg vinnubrögð enda býr starfsfólk að langri reynslu í samskiptum við aðstandendur á þessum viðkvæma tímamarki. Starfsmenn Útfararþjónustunnar veita ráðgjöf um þau verkefni sem þarf að inna af hendi þegar andlát ástvína ber að garði, s.s. hvað varðar andlátstilkynningar og undirbúning útfarar. Hjá Útfararþjónustunni eru líkkistur til sýnis og sölu, líkklæði, leiðiskrossar og annað sem huga þarf að þegar að útför og greftrun kemur. Sama gildir um aðkomu að útförum og greftrunum þegar líkbrennslu er óskað en í þeim tilvikum annast Útfararþjónustan flutning kistu til brennslu í Reykjavík og flutning duftkers á greftrunarstað.

Starfsmenn Útfararþjónustunnar búa um látna í kistu og undirbúa kistulagningarathafnir en algengt er að bæna- og kveðjustundir nánustu aðstandenda séu í fallegri kapellu líkhússins á Naustahöfða. Í sumum tilfellum er kistulagning í kirkju fyrir útför og annast starfsfólk Útfararþjónustunnar undirbúning þeirrar athafnar, ef óskað er.

Þegar kemur að útförinni sjálfri stendur aðstandendum til boða að Útfararþjónusta KGA aðstoði við allan undirbúning hennar, t.d. umsjón með gerð sálmaskrár, blómaskreytingar, umsjón með tónlistarflutningi við útför, útfarartilkynningar og fleira.

### Þjónustan nær til alls Norðurlands

Útfararþjónusta KGA á og rekur tvo líkbíla og annast alla flutninga að og frá líkhúsi, eftir því sem aðstandendur óska. Þjónustusvæði Útfararþjónustunnar nær í raun til alls Norðurlands þó að stærstur hluti verkefna tengist Akureyri og næsta nágrenni.

Á árinu 2019 voru um 144 greftranir í gördum Kirkjugarða Akureyrar. Miðað við aldursamsetningu þjóðarinnar er fyrir séð að útförum mun fjölga umtalsvert á komandi árum.

[www.kirkjugardur.is/utka](http://www.kirkjugardur.is/utka)



Líkbílar Útfararþjónustu Kirkjugarða Akureyrar ehf. við líkhúsið á Naustahöfða.



Guðný Hildur Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri.

## Útfararþjónusta Kirkjugarðanna



Ellert Ingason, sálmaskrár.

Fyrir flestum okkur á það fyrir að liggja að kveðja ástvin einhvern tímann á lífsleiðinni. Á þeirri stundu vakna oft spurningar hjá aðstandendum um hvernig útförinni skuli háttað. Kveðjustundin er gjarnan skipulögð með það í huga að hún endurspegli líf hins látna. Til þess að það takist vel til skiptir miklu máli að útfararstjórinn hlusti af athygli og næmni á óskir aðstandenda og aðstoði þau við að uppfylla þær eftir því sem mögulegt er. Við segjum gjarnan að þegar kemur að kveðjustundinni sé í raun ekkert rétt eða rangt. Hvort sem fjölskyldan kys að hafa sálmasöng eða rokktonlist, hvíta kistu eða hárauða, jarðsetningu eða öskudreifingu, er aðalatriðið að kveðjustundin uppfylli óskir aðstandenda um hvernig þau vilja kveðja. Hjá Útfararstofu Kirkjugarðanna starfa 8 starfsmenn með víðtæka menntun og reynslu. Við leggjum okkur fram um að vera aðstandendum innan handar við útförina og skipulagningu hennar. Við erum til húsa í Vesturhlíð 2, við hlið Fossvogskirkju. Áhersla er lögð á hlýlega og opna móttöku, á útfararstofunni eru þrjú viðtalsherbergi og sýningarherbergi með kistum, duftkerjum og leiðismerkingum. Við bjóðum aðstandendum velkomna á skrifstofuna til að skipuleggja útförina með faglegri aðstoð útfararstjóra, eða ef aðstæður eru þannig getur útfararstjóri einnig komið í heimahús. Prestar, forstöðumenn trúfélaga eða lífskoðunarfélaga er einnig velkomni að nýta herbergin til að ræða við fjölskyldur.

### Tímarnir breytast og mennirnir með

Kirkjugarðarnir stofnuðu útfararþjónustu árið 1949 og árið 1994 var útfararþjónustan gerð að sjálfstæðu fyrirtæki. Frá upphafsárunum hafa orðið töluverðar breytingar á útförum. Bálfarir hafa aukist mikið á höfuðborgarsvæðinu og eru þær nú um 50% athafna. Færri kjósa að hafa eingöngu sungna sálma í útförunum, algengt er tónlistin sé blanda af bæði sálmu og dægurlögum. Þá hefur færst í aukana að einstaklingar fylli út bækling um sína hinstu ósk.



Hinrik Norðfjöld, umsjón útfara.



Útfararstofa Kirkjugarðanna, Fossvogi.



Emília Jónsdóttir, félagsráðgjöf.



Lára Árnadóttir, skrifstofustjóri.



Helga Guðmundsdóttir, skrifstofa.

Mikil hjálp er fyrir aðstandendur í því að sá látni hafi gert grein fyrir óskum sínum fyrir andlátíð. Oftast snúa óskirnar að afstöðu til bálfarar, ósk um ákveðinn legstað, klæðnað og tónlistarval. Slíka bæklinga er hægt að nálgast hjá Útfararstofu Kirkjugarðanna eða á heimasíðu okkar [www.utfor.is](http://www.utfor.is). Útfararstofa Kirkjugarðanna gefur útfararþjónustu fyrir börn að 18 ára aldri. Einnig er það markmið okkar að allir fái virðulega útför óháð efnahag. Við lítum á þessa þætti sem samfélagslega ábyrgð okkar.

### Ástvinur fellur frá

Þegar andlát verður flytja starfsmenn útfararstofunnar hinn látna í líkhúsið í Fossvogi. Því næst hitta aðstandendur útfararstjóra sem leiðbeinir þeim með skipulagningu útfararinnar. Útfararstofan sér um að bóka kirkju fyrir kistulagningu og útför, hafa samband við prest og tónlistarfólk, panta blómaskreytingar, bóka erfidykkju, útbúa sálmaskrár og leiðsmerkingu ásamt því að sjá um að klæða og snyrta hinn látna.

Mikil hjálp er fyrir aðstandendur í því að sá látni hafi gert grein fyrir óskum sínum fyrir andlátíð. Oftast snúa óskirnar að afstöðu til bálfarar, ósk um ákveðinn legstað, klæðnað og tónlistarval.

### Andlát utan heimalands

Einn þáttur í starfi Útfararstofu Kirkjugarðanna er að þjónusta fjölskyldur þegar andlát verður utan heimalands. Það á hvort tveggja við þegar Íslendingar falla frá erlendis og þegar erlendir ríkisborgarar deyja á Íslandi. Þegar Íslendingur deyr erlendis leiðbeinir útfararstjórinn aðstandendum með flutning á hinum látna til Íslands og getur einnig verið þeim innan handar við að komast í samband við útfararstofu erlendis. Þegar erlendir ríkisborgari fellur frá á Íslandi sér útfararstjórinn um að afla allra nauðsynlegra vottorða og skipuleggja flutning til heimalands viðkomandi. [www.utfor.is](http://www.utfor.is)



Guðmundur Baldvinsson, umsjón útfara.



Líkbílar fyrir framan aðsetur Útfararstofu Kirkjugarðanna.



Magnús Sævar Magnússon, umsjón útfara.

## Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar



Rúnar Geirmundsson, framkvæmdastjóri og útfararstjóri.



Rúnar Geirmundsson við fyrsta líkbilinn sem var Cadillac.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar er stofnuð árið 1990 og er elsta starfandi útfararþjónustan á höfuðborgarsvæðinu. Rúnar hefur alla tíð veitt fyrirtækinu forstöðu sem framkvæmdastjóri þess og útfararstjóri. Útfararþjónustan er í eigu Rúnars og eiginkonu hans, Kristínar Sigurðardóttur, og starfa synir þeirra Elís og Sigurður þar ásamt föður sínum. Fyrirtækið hefur yfir þriggja áratuga reynslu við að annast alla þætti útfararþjónustu. Hægt er að hafa samband allan sólarhringinn alla daga ársins. Fyrirtækið leggur mikið uppúr því að vera með fallegar kistur á góðu verði sem standast ströngustu kröfur um umhverfisvernd. Algengastar eru hinar hefðbundnu hvítu kistur og höfum við í áratugi átt í samstafi við danskan kistuframleiðanda með yfir 100 ára reynslu. Í fyrsta sinn á Íslandi hefur Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar nú látið hanna og smíða íslenskar kistur úr íslenskum við í samstarfi við Þorstein B. Jónmundsson trésmið. Kisturnar eru úr viði sem er unninn og þurrkaður í Hallormsstaðaskógi.

### Vinnulag og þjónustuferli

Við andlát ættingja verða þáttaskil sem marka spor í líf fólks. Eðlilega vakna margar spurningar um hvaða ferli taki nú við. Best er að hafa sem fyrst beint samband við Útfararþjónustuna og fá ráðleggingar um næstu skref. Í samráði við aðstandendur og starfsfólk á viðkomandi heilbrigðisstofnun sér Útfararþjónustan um að flytja þann þann látna í líkhús. Fljótlega eftir andlát er gott að aðstandendur og útfararstjóri mæli sér mót og ræði næstu skref. Hægt er að hafa slíkan fund hvar sem aðstandendum hentar best og er algengast er að útfararstjóri komi heim til aðstandenda og fari yfir undirbúning og skipulag útfarar.

Aðstandendur velja þann sem þau óska að taki að sér útförina. Útfararþjónustan aðstoðar aðstandendur við að komast í samband við prest, athafnastjóra eða forstöðumann trúfélags sé þess óskað. Ákveða þarf hvar og hvenær athöfnin skuli fara fram. Algengt er að kistulagningar fari fram á sama stað og sama dag og útför og þá gjarnan um einni til tveimur klukkustundum fyrir útförina. Einnig er hægt að hafa kistulagningu nokkrum dögum fyrir útför sé þess óskað. Algengast er þá að kistulagning fari fram í Fossvogskappellu. Útfararþjónustan sér um að bóka kirkju fyrir kistulagningu og útför í samráði við aðstandendur.

Í samráði við óskir hins látna ákveða aðstandendur hvort fram fari bálför eða jarðarför. Útfararþjónustan sér um að afla tilskilinna leyfa fyrir bálför sem aðstandendur þurfa að undirrita. Bálför er að öllu leyti eins nema að ekki er farið með kistu í kirkjugarð. Útfararþjónustan sér svo um að flytja kistuna í Bálstofuna við Fossvogskirkjugarð eftir athöfn. Brennslan sjálf fer svo fram nokkrum dögum seinna. Eftir bálför er askan varðveitt í duftkeri hjá Bálstofunni þar til duftkerið verður jarðsett.

Útfararþjónustan sér um öll samskipti við kirkjugarða fyrir aðstandendur. Við aðstöðum við að fá úthlutað legstæði hvort sem er fyrir kistur eða duftker og öflum tilskilinna leyfa. Í samráði við aðstandendur tökum við frá grafarstæði við hlið hins látna sé þess óskað.

### Smá sögulegur bakgrunnur atvinnugreinar

Fyrirkomulag útfararþjónustu á Íslandi er þannig að á fyrrihluta síðustu aldar var útfararþjónusta og líkkistusmíði samtvinnuð og nokkuð blómleg atvinnugrein. Árið 1899 var fyrsta



Rúnar Geirmundsson og Elís Rúnarsson.

líkkistusmíðastofan og útfararþjónustan stofnuð. Sá sem það gerði hafði farið til Danmerkur og lært kistusmíði þar og kom heim til Íslands með þá þekkingu. Fram undir 1940 voru 3-4 fyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu í samkeppni hver með sínar kistur og þjónustu. Þá var ferlið þannig að andlát átti sér oftast stað í heimahúsi. Á heimilinu var búíð um hinn látna í líkkistu og haldin húskveðja. Síðan var líkið látið standa uppi heima í nokkra daga áður en farið með hann í kirkju þar sem athöfn fór fram. Á fimmta áratug sl. aldar vildi páverandi borgarstjóri í Reykjavík og ráðamenn að þessum húskveðjum yrði hætt og byggð væri aðstaða, fyrir peninga skattborgara í Reykjavík, í nýjum kirkjugarði með líkhúsi, kapellu og brennsluofni, þeim eina sem til er á Íslandi. Var það gert og allir látnir einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu frá því fluttir þangað og kistulagðir þar og svo jarðaðir frá þeirri kirkju eða frá sóknarkirkjum í borginni og nágrenni. Árið 1983 var Rúnar Geirmundsson ungur maður í atvinnuleit. Honum bauðst starf hjá útfararþjónustu Kirkjugarða Reykjavíkur og starfaði þar til ársins 1990 er hann stofnaði sitt eigið fyrirtæki með fjölskyndu sinni. Í dag er Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar því 31 árs og rekur Rúnar hana enn og starfar þar með sonum sínum og eiginkonu. Rúnar er ákaflega stoltur af því að hafa geta rekið fjölskyldufyrirtæki í rúmlega þrjú áratugi með góðum árangri og alltaf veitt persónulega og góða útfararþjónustu.



Elís Rúnarsson.

### Formaður Félags íslenskra útfararstjóra

Ásamt daglegum störfum við hefðbundna útfararþjónustu er Rúnar Geirmundsson formaður Félags íslenskra útfararstjóra. Félagið hefur verið starfrækt í yfir tvo áratugi og hefur Rúnar verið formaður þess allt frá upphafi. Aðal tilgangur félagsins er skapa vettvang til að halda utan um siðreglur útfararstjóra. Starf formanns felst aðallega í því að halda utan um fundastarf og framfylgja reglum og samþykktum aðalfunda. En einnig sækir hann fundi erlendis enda á félagið í talsverðum erlendum samkiptum. Siðareglur evrópskra útfararstjóra eru til að mynda grunnur íslensku siðareglanna. Ekki er lagaskylda fyrir útfararstjóra að vera í félaginu en nánast allir starfandi útfararstjórar eru þó félagsmenn og hafa undirritað siðareglur félagsins.

### Starfsmenn

Rúnar Geirmundsson hefur starfað við útfararþjónustu frá árinu 1983. Rúnar hefur alla tíð veitt fyrirtækinu forstöðu sem framkvæmdastjóri þess og útfararstjóri. Ásamt daglegum störfum við hefðbundna útfararþjónustu er Rúnar Geirmundsson formaður Félags íslenskra útfararstjóra. Elís Rúnarsson hefur yfir tuttugu ára starfsreynslu hjá fyrirtækinu. Hann hóf ungur störf við fyrirtækið, þá við að þrifa bíla og annast einföld viðvik. Hann hóf síðan að taka meiri þátt í daglegum störfum með föður sínum og Sigurði eldri bróðurnum. Undanfarin áratug hefur Elís svo starfað daglega við hlið föður síns við útfararþjónustu og allan almennan rekstur fjölskyldufyrirtækisins. Sigurður Rúnarsson hefur starfað hjá útfararþjónustunni allt frá stofun fyrirtækisins ári 1990. Bæði í fullu starfi sem og meðfram námi og öðrum störfum. Sigurður er menntaður kerfisfræðingur og hefur hann m.a. haldið utan um tölvu- og tæknimál Útfararþjónustunnar ásamt því að starfa við hefðbundna útfararþjónustu.



Sigurður Rúnarsson.



Guðjón Sigmundsson og Sigríður Guðmarsdóttir eigendur Vasks ehf.



Hafþór Valur Guðjónsson.

## Vaskur

Hraðhreinsun Austurlands var stofnuð í september 1989 og starfaði í leiguhúsnæði í Fellabæ fyrstu þrjú árin. Starfsemin var í fyrstu almenn fatahreinsun og lítilsháttar þvottur. Árið 1992 kaupir fyrirtækið 66 fm eigið húsnæði í Miðvangi 2 Egilsstöðum og flutti starfsemi sína þangað og þá var starfsemin orðin meiri í þvottaþjónustu þá aðallega fyrir hótél og fyrirtæki.

Í maí 2001 var flutt í 390 fm nýtt iðnaðarhúsnæði að Miðási 7, þá bættist við verslun með hreinlætis og rekstrarvörur, aðallega fyrir hótél og fyrirtæki.

2009 var nafninu á fyrirtækinu breytt í Vaskur ehf. í takt við að þjónusta fyrirtækisins sem var ekki lengur einungis fatahreinsun.

Árið 2014 var ákveðið að leggja enn meiri áherslu á verslunarrekstur en áður og einnig var afkastageta þvottahúss aukin til að anna mikilli aukningu í þvottaþjónustu til ferðaþjónustunnar. Afkastageta þvottahússins er nú mjög mikil og árið 2014 var verslunin færð í 550 fm húsnæði með sama aðsetur og þvottahúsið við Miðás 7.

### Eigendur, stjórnendur og starfsmenn

Stofnendur og eigendur fyrirtækisins eru Sigríður Guðmarsdóttir og Guðjón Sigmundsson. Þau hafa unnið við fyrirtækið frá upphafi og hafa bæði staðgöða reynslu í fyrirtækjarekstri og er Guðjón menntaður vélvirkjameistari og með verslunarpróf og Sigríður stundaði nám á viðskiptabraut í menntaskóla ástamt Brautargengi, námskeiði í fyrirtækjarekstri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Guðjón er framkvæmdastjóri félagsins og Sigríður er stjórnarformaður og hefur unnið við bókhald frá upphafi, einnig starfa börnin þeirra tvö og tengdasonur hjá fyrirtækinu. Hafþór Valur Guðjónsson verkstjóri ásamt að sjá að hluta um innkaup og sölu og Tinna Björk Guðjónsdóttir og Guðmundur Þór Þórðarson sjá um innkaup og sölustjórn ásamt markaðssetningu. Fastir starfsmenn eru 8 og á álagstímum í rekstrinum er bætt við lausráðnu fólki og starfsmenn hafa verið allt að 24 þegar mest er.

### Núverandi starfsemi

Starfsemi Vasks byggir í dag á eftirfarandi rekstrarþáttum:

**Verslun:** Stór verslun með fjölbreytt úrval af vöruflokkum. Hannyrðir, skíði, reiðhjól, leikföng, hljóðfæri og búsaðhöld eru dæmi um vöruflokka sem Vaskur býður upp á. Markaðssvæði er allt Austurland og með nýstofnaðri vefverslun er allt landið orðið að markaðssvæði.

**Fyrirtækjþjónusta:** Sala á rekstrarvörum til ræstinga og hreinsunar ásamt einnota vörum til fyrirtækja og stofnana á svæðinu.

**Þvottur:** Þvottaþjónusta við fyrirtæki og ferðaþjónustuaðila á svæðinu. Útleiga á líni, dúkum og mottum ásamt allri almennri þvottaþjónustu við fyrirtæki og einstaklinga.

**Fatahreinsun:** Almenn fatahreinsun fyrir íbúa á svæðinu.





Verslun Vask.

Ýmsar áskoranir hafa verið í starfsemi Vask á árinu 2020. Heimsfaraldurinn hefur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir markaðsumhverfi Vask á margan hátt. Á vormánuðum var ljóst að straumur erlendra ferðamanna til landsins yrði einungis brot af því sem verið hefur undanfarin ár. Það var því ljóst að mikil óvissa yrði um rekstur þvottahúss sem þjónustar aðallega ferðaþjónustuaðila. Þrátt fyrir að innlend ferðamennska yfir hásumarið hafi verið töluverð þá dróst starfsemi þvottahúss mikið saman frá árinu 2019. Sveigjanleiki í rekstri Vask er þónokkur, á meðan þvottahúsrekstur dróst saman þá varð meiri áhersla á verslunarhlutann til þess að höggið vegna heimsfaraldurs yrði ekki mjög þungt. Verslun Vask naut góðs af fjölda innlendra ferðamanna á ferðalagi um Austurland og aukinnar verslunar í heimabyggð, sérstaklega í útivistar og hannyrðavörum. Vaskur nýtur einnig góðs af að vera í nálægð einnar hagkvæmstu flutningsleiðar á vörum til Íslands, sem eru ferðir Norrænu til Seyðisfjarðar. Beinn innflutningur á ýmsum vörum hefur stóruaukist, og hefur þessi flutningsæð til Austurlands opnað margvíslega möguleika á hagkvæmum innflutningi á vörum frá erlendum birgjum. Helstu styrkleikar fyrirtækisins eru þeir að geta breytt áherslum í rekstrinum allt eftir markaðsaðstæðum. Ennþá er óvissa vegna heimsfaraldurs og mun líklega vera áfram næstu misseri og mun Vaskur leggja áherslu á að laga sig að því og bregðast við þeirri óvissu með aukinni þjónustu og vöruúrvali fyrir heimamarkaðinn, ásamt aukinni þjónustu við innlenda ferðamenn. Eins mun netverslun Vask auka möguleika fyrirtækisins að koma einstöku vöruúrvali sínu á framfæri til allra landsmanna.



Heiður Ósk Helgadóttir, starfsmaður í verslun.



Tinna Björk Guðjónsdóttir og Guðmundur Þór Þórðarsson.



Lupe og Dögg, starfsmenn í þvottahúsi.



Vilhelm, bílstjóri og ýmislegt annað.

## Þvottabjörn



Birna Guðmundsdóttir og Þorvaldur Aðalsteinsson, eigendur.

### Upphaf starfseminnar var 4. júlí 1982

Fyrirtækið Þvottabjörn ehf. var stofnsett 1982 af þeim Birni Þór Jónssyni og Bryndísi Steinþórsdóttur og var starfsemin til að byrja með á neðri hæðinni heima hjá þeim að Heiðarvegi 10 á Reyðarfirði.

Björn sá um störfin að mestu til að byrja með en Bryndís kom fljótlega einnig til starfa. Grunnurinn að starfseminni voru nokkrir stórir fastir viðskiptavinir, en því til viðbótar margir minni aðilar, allt breytilegt eftir árstíðum og árum, enda starfstíminn orðinn langur.

### Starfsemin

Starfsemin óx og var um tíma í stærra húsnæði að Nesbraut 7, en frá 2002 hefur hún verið að Búðareyri 25, lengi vel í 400 fm en síðar þegar umsvif minnkuðu aftur fór rýmið í 275 fm. Með tilkomu álversins Alcoa - Fjarðaáls og samningi við þá í sambandi við þvott á vinnugöllum og mottuþjónustu varð mikil breyting hjá Þvottabirni og þurfti að fjölga fólki og fá meira rými. Þetta tókst og var séð um þvott fyrir þá í um sjö ár eða fram í apríl 2014, en eftir þann tíma hefur eingöngu verið um mottuþjónustu að ræða fyrir Alcoa. Stærstur hluti starfseminnar í dag er þvottur á vinnufötum fyrir verktaka sem vinna að mestu fyrir álverið og þvottur fyrir Síldvarvinnsluna í Neskaupstað sem segja má að sé elsti viðskiptavinurinn og sá sem mestu hefur skipt í gegnum tíðina.

### Mannauður

Fastir starfsmenn í dag eru þrír, en núverandi eigendur halda utanum reksturinn. Þegar mest var voru fastir starfsmenn sjö til átta. Fjöldi starfsmanna hefur verið breytilegur eftir verkefnum á þeim 38 árum sem Þvottabjörn hefur verið starfandi.

### Verkefni

Helstu verkefni eru fólgin í þvotti á fatnaði fyrir matvælafyrirtæki, grófarí vinnufata þvotti og viðgerðum á þeim, þvotti á rúmfatnaði fyrir gistiheimili, dúkaleiga og útleiga á mottum og dreifingu og þrifum á þeim. Einnig er talsverð þjónusta við einstaklinga, fatahreinsun og fleira. Tækjabúnaður er ágætur til þeirrar starfsemi sem framkvæmd er og gæti afkastað mun meiru ef verkefni væru í boði. Þó svigrúm sé til meiri afkasta, er starfsemin í góðu jafnvægi eins og hún er.

### Eigendur

Á árinu 2017 urðu straumhvörf hjá Þvottabirni, þegar fyrirtækið var selt til núverandi eigenda Birnu Guðmundsdóttur og Þorvaldar Aðalsteinssonar. Þau eru jafnframt eigendur að því húsnæði sem starfsemin er í.

# Rafbílar

Jón Kristján Sigurðsson og Runólfur Ólafsson

Framhald á næstu opnu →

## Upphafid og umskiptin yfir í vélknúna flutninga

Rafbílar komu fyrst fram á þriðja og fjórða áratug 19. aldar með tilraunum frumkvöðla við að knýja hestvagna áfram með vélarafl. Skoski uppfinningamaðurinn Robert Anderson smíðaði fyrsta rafbílinn árið 1837. Rafmagnid kom úr galvanískum sellum sem ekki voru endurhlaðanlegar (frumstæð rafhlaða).

Straumhvörf urðu árið 1859 með uppfinningu franska eðlisfræðingsins Reymonds Gastons Plantés á endurhlaðanlegum blýsýrurafgeymi. Landi hans, vísindamaðurinn Camille Alphonse Faure, endurbætti hönnun og afkastagetu rafgeymisins verulega árið 1881.

Talið er að franskur uppfinningamaðurinn og rafmagnsverkfræðingurinn Gustave Trouvé hafi ekið fyrsta raffólksbílnum um götur Parísar í apríl 1881. Trouvé bætti skilvirkni lítills Siemens-rafmótors og setti hann, með endurbættum Faure-rafgeymi, í enskt þríhjól. Ökuferðin gekk vel en Trouvé tókst ekki að fá einkaleyfi á uppfinningunni og snéri sér að því að gera færanlegan bátamótor og til varð fyrsti utanborðsmótorinn.

Árið 1888 smíðaði þýski uppfinningamaðurinn Andreas Flocken bíl sem er almennt talinn fyrsti fjöldaframleiddi rafbíllinn í heiminum. Bíllinn bar nafnið Flocken Elektrowagen. Árið 1899 var slegið hraðamet á landi á rafbíl. Belginn Camille Janatzy hannaði bílinn La Jamais Contente (aldrei ánægður) og náði hann 106 km hraða á klukkustund.

Upp úr aldamótunum 1900 voru rafbílar og bensínbílar í samkeppni um hylli neytenda. Árið 1900 voru um 8.000 rafknúnir bílar í Bandaríkjunum eða um 38% af bílaflotanum. Gufuknúnir bílar voru um 40% og bensínbílar um 22% af framleiddum bílum.

Talsmenn rafbíla tíndu til kosti þeirra, s.s. titringslausan gang, lyktarlausan akstur, minna viðhald og auðveldari rekstur, en horfðu framhjá takmarkaðri drægni. Rafbílar voru sérstaklega taldir höfða til kvenna þar sem ekki þurfti að snúa rafbílnum í gang eða skipta á milli gíra í akstri. Samhliða aukinni rafvæðingu bandarískra heimila jókst áhugi á rafbílum snemma á 20. öldinni.

Uppbygging vegamannvirkja, skortur á hleðsluvalkostum og takmörkuð drægni dró úr vinsældum rafbíla. Stóraukin framleiðsla á bensíni og lækkað verð ruddi öðrum orkugjöfum úr vegi. Lítil rafmótor sem Henry Leland hannaði, startari sem snéri bensínvél í gang, jók enn á forskot bensínbíla. Þróaðri skiptingar gerðu bensínbíla hraðskreiðari. Sprengihreyfillinn varð ofan á og bensínbílar urðu almenningsseign með fjöldaframleiðslu.

## Rafbílar 1915–1970

Eftir yfirtöku sprengihreyfilsbíla varð lítil þróun í hönnun og framleiðslu rafbíla í marga áratugi. Rafknúin farartæki urðu vinsæl til ákveðinna nota þar sem takmörkuð drægni var ekki fyrirstaða. Rafmagnslyftarar voru kynntir af Yale-fyrirtækinu 1923. Í Bretlandi var stór hluti mjólkurdreifingarbíla knúinn rafmagn. Rafknúnir golfbílar komu í framleiðslu hjá Lektro og E-Z-GO árið 1954. Eitthvað var um framleiðslu á litlum fjölnotabílum sem voru byggðir á svipuðum grunni og golfbíllinn. Litlir framleiðendur reyndu fyrir sér ekki voru margir



Rafknúna þríhjól Gustave Trouvé





bílar framleiddir. Stóru bílaframleiðendurnir komu lítið að rafbílaframleiðslu á þessu tímabili þegar olíuverð var lágt og lítil hvati til breytinga.

### Aukinn áhugi á rafbílum 1970–2003

Hátt olíuverð, sem náði nýju hámarki í olíukreppunni 1973, jók áhuga á að kanna nýja orkugjafa. Bílaframleiðendur könnuðu nýja valkosti við eldsneytisbíla, m.a. rafbíla. NASA hjálpaði til við þróunina með tunglbílum Lunar Roving Vehicle (LRV) sem var með einn rafmótor við hvert hjól. Fjórir bílar voru smíðaðir og taldir mest framandi bílar síns tíma. LRV var fyrsta mannaða farartækið á tunglinu. Fyrsta ferðin til tunglsins var með Apollo 15 leiðangrinum 1971.

Gallar rafbíla voru ennþá miklir í samkeppni við eldsneytisbíla, s.s. takmörkuð drægni og lítill hámarkshraði. Neytendur voru ekki áhugasamir. Þetta aftraði ekki vísindamönnum og verkfræðingum frá því að þróa og breyta m.a. með rafmagnsbreytingum á vinsælum bílum. Settur var aukinn kraftur í að bæta rafhlöður og hanna ökutæki sem væru samkeppnishæfari við hefðbundna brunahreyfilsbíla.

Hátt olíuverð og hertar kröfur um minni útblástursmengun neyddi bílaframleiðendur til að koma með raunhæfar lausnir varðandi umhverfissvænni bíla til fjöldaframleiðslu. Kaliforníuríki í Bandaríkjunum setti lög þar sem bílaframleiðendur voru skyldaðir til að bjóða upp á eyðslugranna bíla. Framleiðendur þurftu að bjóða „græna“ bíla til sölu en ekki voru gerðar kröfur um sölu á lágmarksfjölda bíla. Markmiðið var að 2% allra bíla í Kaliforníu væru lausir við koltvísýring frá og með 1998.

Bæði Toyota og General Motors komu með rafbíla á markað á þessum tíma. Toyota bauð Rav4 rafknúinn en aðeins takmarkaðan fjölda. GM hannaði frá grunni rafbíllinn EV1 sem varð fyrsti fjöldaframleiddi nútíma rafbíllinn frá stórum bílaframleiðanda. Bíllinn var framleiddur frá 1996 til 1999 og eingöngu seldur í rekstrarleigu.

Mikil tímamót urðu þegar Toyota kynnti fyrst Prius 1997 en hann varð fyrsti fjöldaframleiddi tvinn-rafbíllinn í heimi.

### Rafbíllinn á nýrri öld

Raunveruleg þáttaskil urðu árið 2003 þegar tveir frumkvöðlar, Martin Eberhard og Marc Tarpenning, sáu tækifæri og stofnuðu Tesla Motors árið 2003. Þeir höfðu kynnst möguleikum litiumjónarafhlaðna í fyrri verkefnum. Árið 2008 kom Tesla Roadster á markaðinn. Hann var byggður á Lotus Elise og gaf honum lítið eftir í aksturseiginleikum. Akstursdræginn var langt umfram aðra hreina rafbíla eða um og yfir 320 km. Sportlegur bíllinn vakti athygli og áhuga neytenda. Verðið var hátt um 100.000 bandaríkjadalir en margir réðu við það. Í sumum ríkjum stóð neytendum til boða frádráttur frá skatti eða niðurgreiðsla við kaup á umhverfissvænum bíl. Bíllinn var búinn litiumjónarafhlöðum svipuðum þeim sem notaðar voru í fartölvum. Rafbíllinn var endurfæddur.

Margir forvígismenn hjá stóru bílaframleiðendum hafa lýst því yfir að Tesla Roadster hafi verið hvati til að fara í frekari þróun rafbíla.

Mitsubishi i-MiEV var í boði til fyrirtækja í Japan frá 2009 og til neytenda frá 2010. Bíllinn var einnig seldur í endurmerktri útgáfu í Evrópu sem Peugeot iOn og Citroën C-Zero.

Árið 2010 byrjaði Nissan að selja Leaf sem var byltingarkenndur rafbíll á þeim tíma. Bíllinn var ekki jafn svalur og Tesla Roadster en bæði hagkvæmur og notendavænn fimm dyra hlaðbakur til daglegra nota. Í Bandaríkjunum var hægt að kaupa Nissan Leaf fyrir rúmlega 25.000 bandaríkjadali með alríkisafslætti og hann var með yfir 100 km drægni. Nissan Leaf var lengi mest seldi rafbíll heims þar til Tesla Model 3 fór fram úr árið 2020.

Núna eru allir helstu bílaframleiðendur heims að bjóða upp á úrval rafbíla. Framboðið eykst ár frá ári og tækniþróunin er ör. Framleiðslukostnaður og þar með útsöluverð rafbíla hefur lækkað verulega frá fyrsta áratug aldarinnar. Samkeppnin er mikil og neytendur hafa tekið rafbílum fagnandi sem sýnir sig í stóru aukinni sölu.

### Rafbílavæðingin á Íslandi

Óstaðfestar heimildir eru um að raffólksbíl hafi verið ekið á Íslandi í seinna stríði. Steinn Sigurðsson hugvitsmaður hannaði yfirbyggingu á tveggja manna rafbíl sem hann ók fyrst um götur Reykjavíkur 1976. Bíllinn var kallaður RAFSI og voru í honum níu 12 volta rafgeymar. Bíllinn var 500 kg á þyngd.

Í september 1979 keypti Háskóli Íslands rafknúinn bíl að frumkvæði Gísla Jónssonar prófessors í rafmagnsverkfræði. Bíllinn var keyptur frá Texas og var kallaður Electra Van 500 en var að grunni til Subaru 500 (bitabox) með 16 blýrafgeymum sem vógu 435 kg. Á vegum Háskólans voru í 4 ár gerðar aksturstillraunir á bílnum til að meta hvernig hann hentaði íslenskum aðstæðum. Verkefnið vakti athygli en náði ekki að yta frekar undir nýtingu rafbíla í umferð. Gísl sagði síðar að áhuginn hafi verið alls staðar nema hjá stjórnvöldum.

Árið 1992 var fluttur inn rafbíll af gerðinni El-jet frá Kewet Industries í Danmörku. Umhverfisráðherra Íslands vígði þann bíll formlega við danska sendiráðið. Stjórnvöld skipuðu nefnd í framhaldinu um mögulega rafbílanotkun á Íslandi. Árið 1998 komu nokkrir Peugeot 106 rafbílur til landsins og var Rafmagnsveita Reykjavíkur á meðal kaupenda og notkunaradila þeirra. Eiginþyngd var 1.087 kg og bíllinn var búinn 20 blýsýru- og 6 volta rafgeymum. Eitthvað var um verkefni einstaklinga um að breyta bensínbíl í rafbíl næstu árin. Upp úr aldamótunum 2000 voru í gangi þreifingar hjá nokkrum aðilum varðandi mögulega framleiðslu á rafbílum, hleðslustöðvum og rafgeymum á Íslandi. Háskólinn í Reykjavík var með rafbíla verkefni fyrir nemendur frá 2009 sem stóð með hléum til 2016. Verkefnið snerist um breytingu á bensínbíl í rafbíl sem búinn var rafgeymum og einnig hvernig gengi að nýta svona bíl í hefbundinni borgarumferð. Í Háskóla Íslands hófst nemendaverkefni 2010, Team Spark, sem snerist um smíði á litlum rafknúnum kappakstursbíl. Þetta verkefni hefur staðið yfir síðan og bílar nemenda hafa tekið þátt í nemendakeppnum erlendis.





Árið 2009 komu fyrstu indversku REVA L-ion bílarnir til Íslands. Bílarnir voru sagðir fyrstu fjöldaframleiddu litíumjónarafhlöðubílar heims. Fyrirtækið Northern Lights Energy kynnti stórhuga áform um innflutning á Tesla og REVA rafbílum til Íslands 2010. Stefnan var að rafbílavæða Ísland.

Árið 2012 hóf Hekla sölu á Mitsubishi i-MiEV rafmagnsbílum hér á landi. Stór straumhvörf urðu í almennri rafbílavæðingu þegar BL og fleiri hófu sölu á Nissan Leaf í ágúst 2013.

Uppbygging innviða er lykilatriði í rafbílavæðingunni og þar hafa stjórnvöld víða um heim og hér heima verið að veita styrki til uppsetningar hleðslustöðva. Sumir framleiðendur eins og Tesla hafa einnig komið á fót neti hleðslustöðva.

Mjög víða hafa neytendur notið opinberra fyrirgreiðslna við kaup á rafbílum. Markmiðið er orkuskipti og minni umhverfismengun. Á Íslandi eru ekki lagðir tollar eða vörugjöld á rafbíla og þeir bera ekki virðisaukaskatt upp að 6 m.kr. viðmiðunarfjárhæð.

### Aukning

Rafbílavæðing landsmanna hefur tekið mikinn kipp á síðustu árum. Fjöldi rafbíla og tengiltvinnbíla hér á landi fór úr tæpum 12 þúsundum árið 2020 og í 17 þúsund ári seinna. Það sem af er árinu 2022 hefur sala í rafbílum verið góð og stefnir í að þeir verði orðnir um 20 þúsund í árslok. Þetta er til marks um hraða breytingu á síðustu árum en einungis fimm rafbílar voru hér á landi fyrir rúmum áratug. Árið 2014 voru aðeins 94 rafbílar og 3 tengiltvinnbílar skráðir á Íslandi. Nær 80% raf- og tengiltvinnbíla voru í eigu heimila í ágúst 2021.

### Stórstígar framfarir í framleiðslu rafbíla

Ástæðurnar fyrir þessum vinsældum rafbíla eru margþættar og má þar nefna hertar reglur Evrópusambandsins um útblástursmagn bíla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti en þær hafi ýtt mjög við bílaframleiðendum. Rekstur á rafbíl er enn fremur töluvert lægri í samanburði við bíl sem knúinn er jarðefnaeldsneyti. Spár gera ráð fyrir stórstígum framförum í framleiðslu rafbíla og eftir 2–3 ár verði rafmagnsbílar umtalsvert ódýrari en þeir eru í dag. Tölur á þessu ári sýna að langflestar nýskráningar fólksbifreiða er í sölu á nýorkubílum og fjölgunin er enn meiri en upphaflegu spánnar gerðu ráð fyrir.

Það er mjög jákvætt að sjá þau umskipti sem eru að verða í samgöngum. Mikil aukning í nýskráningum á rafbílum á þar stóran þátt. Við sjáum enn fremur að sífellt fleiri treysta sér til að eiga rafbíl. Framboðið á þessum bílum er alltaf að verða meira svo að almenningur hefur úr meiru að velja en áður.

### Íslendingum gengur vel í innleiðingu á rafmagnsbílum

Bílaumboðin leggja stöðugt meiri áherslu á að velja rafbíla frá eigin byrgjum. Það er ótrúlega fróðlegt og spennandi að sjá hvað framleiðendur eru að gera í þessum efnum. Til dæmis má nefna að bílaverksmiðjur víða um heim eru margar keyrðar á 100% endurnýtanlegri orku

---

sem segir sína sögu í þessum efnunum. Íslendingum gengur vel í innleiðingu á rafmagnsbílum og eru í öðru sæti í Evrópu en Norðmenn eru þar fremri.

Jákvæð skref hafa verið tekin í rafbílavæðingunni en betur má ef duga skal. Stjórnvöld verða að koma að þessu máli með kröftugri hætti með það að leiðarljósi að létta undir með fólki í kaupum á rafbílum. Norðmenn hafa tekið á þessum málum með ýmsum ívilnunum og getum við lært margt af þeim í þessum efnunum. Framsýnin á að vera með beittari hætti en gert hefur verið fram að þessu.

Stjórnvöld hafa um tíu ára skeið fellt niður virðisaukaskatt á hreinum rafbílum og tengiltvinnbílum til að liðka fyrir orkuskiptum í samgöngum. Aðgerðin er liður í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem valda loftslagsbreytingum á jörðinni. Mest getur ívilnunin lækkað verð á rafbíl um rúma eina og hálf milljón króna. Verð á rafbílum gæti hækkað um allt að eina og hálf milljón á næstu mánuðum þegar fjöldakvóti fyrir skattaívilnanir stjórnvalda klárast.

### Íslendingar búa við einstakt umhverfi

Til lengri tíma litið og í náninni framtíð er ljóst að framleiðsla á þessum ökutækjum er ekki hlutfallslega dýrari en hefðbundinna sprengihreyfilsbíla. Þá verði ekki sérstök þörf fyrir sértækar skattaívilnanir. Íslendingar búa við það einstaka umhverfi hér á landi að vera með umhverfisvæna orku varðandi rafmagn. Þar höfum mikið forskot miðað við aðra. Hér á landi er nánast öll raforka endurnýjanleg framleiðsla. Nú þegar er til næg raforka í landinu til að fullnægja orkuþörf alls bifreiðaflota landsmanna. Rafbíllinn hentar íslenskum orkubúskap mjög vel, sérstaklega í ljósi frekari framþróunar rafbíla og rafhlaðna. Allt þetta gefur Íslandi mikla möguleika á að verða með fyrstu löndum í heimi sem nýtir næstum eingöngu endurnýjanlega orkugjafa í samgöngum og til húshitunar.



### Heimildir:

*Verktækni*, 2. tbl. 8. Árgangur 1991, bls. 21-25.

Ágúst Brynjar Danielsson, *Rafbílavæðing á Íslandi, kostir og gallar*. BS ritgerð, Háskólinn á Bifröst 2014.

*Car and Driver*, *Worth the Watt: A Brief History of the Electric Car, 1830 to Present*, 15.03.2018

*Lifevire*, *Electric Vehicles: A Short History Lesson* 27.09.2021

*Wikipedia*. *History of the electric vehicle*.



Hin árlega Jeppa- og jeplingiferð Suzuki 2019.

## Suzuki bílar



Þorbergur Guðmundsson og Úlfar Hinriksson, eigendur Suzuki bíla hf.



Höfuðstöðvar Suzuki, Skeifunni 17 árið 1991.

**SUZUKI**  
**SÁ SPARNEYTNASTI**

**Prefaldur sigurvegari**  
í Sparaksturskeppni B.I.K.R. 17. maí 1981

|                               |                          |
|-------------------------------|--------------------------|
| 1. sæti SUZUKI SS80F          | Eyðsla 4.40 l pr. 100 km |
| 2. sæti SUZUKI SS80F          | Eyðsla 4.44 l pr. 100 km |
| 3. sæti SUZUKI SS80 Sendibíll | Eyðsla 4.47 l pr. 100 km |
| 4. sæti Daihatsu Charade      | Eyðsla 4.60 l pr. 100 km |

Keppnin var höluð á erfiðleika keppningarástíð sem nefnd hefur verið í Sparaksturskeppni Íslands hl. Þrátt fyrir leiðtömur var meirihlutfærð og afgangurinn skýr á mótavegi af verslu gætt.

Suzuki sá sparneytnasti! Prefaldur sigurvegari í Sparaksturskeppni B.I.K.R 17. maí 1981 / Mbl. 24.05.1981.

Suzuki var stofnað í Japan árið 1909 af Michio Suzuki. Fyrirtækið átti vefstóla sem ófu silki, en silkivefnaður er stór atvinnugrein í Japan. 1920 var stofnað hlutfélag um reksturinn Suzuki Loom Company. Á fyrstu þrjátíu árunum einbeitti Suzuki sér að þróun og framleiðslu vefstóla og fékk yfir 120 einkaleyfi á vefstólum. Það var svo árið 1955 sem fyrsti bíll Suzuki var framleiddur, Suzulight, og hófst þar með bílaframleiðsla Suzuki.

### Starfsemin

Árið 1981 hóf Þórir Jónsson, þáverandi eigandi Sveins Egilssonar hf., innflutning á Suzuki bílum til Íslands. Viðtökur markaðarins voru strax ágætær og hélst svo fram á síðari hluta þess áratugar. Segja má að Suzuki hafi komist endanlega á blað á árunum 1987 og 1988 með tilkomu fólksbílsins Suzuki Swift GTI. Bíllinn fékk mjög góða dóma hjá íslenskum kaupendum. Salan jókst verulega í kjölfarið og seldust um 500 bílar á ári. Í lok níunda áratugarins var efnahagsleg lægð á Íslandi og lentu mörg bílaumboð í erfiðleikum, þeirra á meðal var Ford umboðið Sveinn Egilsson hf. sem einnig flutti inn Suzuki og Fiat. Til að bregðast við því var ákvæðið að skipta upp fyrirtækinu. Suzuki umboðið var selt til tveggja starfsmanna, þeirra Úlfars Hinrikssonar og Þorbergs Guðmundssonar sem stofnuðu nýtt fyrirtæki; Suzuki bíla hf. Þeir fluttu starfsseminu yfir í gamla Ford-húsið í Skeifunni 17 þar sem fyrirtækið er starfrækt enn í dag. Suzuki bílar hf. hefur frá upphafi verið rekið sem fjölskyldufyrirtæki með áherslu á jákvæða og persónulega þjónustu. Þrátt fyrir mikinn og góðan vöxt fyrirtækisins hefur tekist að viðhalda þeim sérkennum. Gott starfsfólk er stærsti auður hvers fyrirtækis, Suzuki bílar hf. hefur verið mjög farsælt frá stofnun fyrirtækisins, starfsmannavelta er afar lág sem skapar traust á markaði.

Árið 2008 jók Suzuki bílar hf. starfsemi sína með kaupum á Suzuki umboðinu ehf. (mótorhjól, utanborðsmótorar, auka-varahlutir) sem þá var staðsett í Hafnarfirði en fluttist þar með í Skeifuna 17. Árið 2011 keyptu Suzuki bílar hf.- Semoco ehf. (Suzuki verkstæðið) og yfirtóku reksturinn.

### Eigendur, stjórnendur og starfsfólk

Í dag starfa 24 starfsmenn hjá Suzuki bílum hf. og er öll starfsemin í Skeifunni 17. Úlfar og Þorbergur eiga enn meirihluta í fyrirtækinu en meðeigendur eru Þráinn Þorvaldsson, Sigurbjörn Fanndal og Gunnar Helgason og skipa þessir aðilar einnig stjórn fyrirtækisins. Úlfar starfar sem framkvæmdastjóri, sölustjóri er Ólafur J. Kolbeins, markaðsstjóri er Sonja G. Ólafsdóttir og Kristján Jóhannsson, verslunarstjóri varahlutadeildar.

### Uppákomur og viðburðir

Suzuki bílar hf. leggja mikið uppúr ánægju viðskiptavinarins, m.a. með því að standa fyrir skemmtilegum uppkomum og viðburðum þar sem eigendur og áhugafólk um Suzuki bíla og mótorhjól getur gert sér glaðan dag og borið saman bækur sínar.





Hin árlega Jeppa- og jepplingaferð Suzuki 2019.



Jólagleði í Suzuki 2015. Birgir Halldórsson, Kolbeinn Pálsson, Kristján Jóhannsson, Baldvin O. Kristjánsson, Jóhann A. Kristjánsson, Sonja G. Ólafsdóttir, Páll Gíslason, Ísak K. Pétursson og Gylfi F. Guðmundsson.

Meðal viðburða er árlegur **Hjóladaður Suzuki** í Skeifunni 17. Hayabusa-klúbburinn á Íslandi, Gaflarar, Raftarnir og fleiri mótórhjólaklúbbar mæta þá á svæðið með sín hjól, sum hver gömul Suzuki-hjól. Þegar sem mest er eru um 40 mótórhjól á planinu og er stemningin gífurleg. **Miðnæturlaup Suzuki** hefur verið haldið á Jónsmessunótt undanfarin 27 ár. Hlaupið nýtur mikilla vinsælda og er nú orðið annað stærsta hlaup á Íslandi, á eftir Reykjavíkumaraþoninu. Árið 2019 var nýtt þátttökumet slegið með 3015 þátttakendum. Þá hefur Suzuki bílar hf. verið styrktaraðili í Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka í áratugi og sett upp skemmtistöð með tónlist, góðgæti fyrir hlaupara og góða skapið alltaf í fyrirrúmi. Þá var fyrsta **Jeppa- og jepplingaferð Suzuki** haldin 2019. Þá söfnuðust eigendur slíkra bíla saman og óku Krísvíkurlinginn í Reykjanesfólkvangi í dásendar veðri undir forystu starfsmanna Suzuki. Mætingin var mjög góð og frábær stemning. Ökuleiðin er fær bæði jeppum og jepplingum. Á áfangastað, við Kleifarvatn, sá Grillvagninn um að elda gómsæta hamborgara og franskar ofan í þátttakendur í boði Suzuki. Í lok ferðar voru þátttakendur kvaddir með Suzuki glaðningi. Þessi fyrsti Jeppa- og jepplingadagur var svo vel heppnaður að þátttakendur bíða í ofvæni eftir næstu ferð.

### Markmið og framtíðarsýn

Sem fyrr segir er markmið Suzuki bíla hf. að veita viðskiptavinum sínum persónulega, góða og faglega þjónustu á öllum sviðum. Gildi fyrirtækisins eru: **Virðing, samvinna, áreiðanleiki og persónulegt viðmót**. Framtíðarsýn fyrirtækisins er að viðhalda þeim góða árangri sem náðst hefur og byggja undir traust viðskiptavina á vörumerkinu. Framundan eru spennandi tímar með nýjum tegundum bíla, s.s. hybrid, rafmagni og aðra mögulega vistvæna aflagjafa.



Hinn árlegi Hjóladaður Suzuki, Skeifunni 17.



Hið árlega Miðnæturlaup Suzuki.



Starfsmenn verkstæðis að störfum. Frá vinstri: Sveinbjörn Jónsson, Zbigniew Parzyck, Ólafur Finnur Jóhannsson og Kristján Sigurðsson.

## Toyota á Akureyri



Bílasala, frá vinstri: Örn Traustason, Fjölur Unnarsson, Valdemar Valsson, Haukur Ármannsson og Rut Hauksdóttir.

Vörumerki Toyota er flestum á Íslandi sem og annarstaðar vel kunnugt enda Toyota um þessar mundir stærsti bílaframleiðandi heims og hefur verið umsvifamikill í áratugi. Velgengni Toyota, bæði á Íslandi sem og annarstaðar má fyrst og fremst rekja til þess að fyrirtækið framleiðir áreiðanlega og endingargóða vöru. Orðspor Toyota á Íslandi er sérlega gott og markaðshlutdeild með þeim hætti sem gerast. Toyota umboð eru nú rekin á fjórum stöðum um landið, Akureyri, Garðabæ, Reykjanesbæ og Selfossi. Toyota umboðið á Akureyri er staðsett í glæsilegri byggingu við Baldursnes 1 og er vonandi eitt það fyrsta sem grípur augað þegar keyrt er inn í bæinn norðanmegin. Þar eru seldir bæði nýjir og notaðir bílar sem og boðið upp á alla almenna viðgerðar- og varahlutaþjónustu. Starfsmannavelta hjá fyrirtækinu hefur frá stofnun verið merkilega lítil og að jafnaði starfa þar um 20 manns sem allir leggja sig fram eftir fremsta megni að veita góða þjónustu.

### Upphafid og bakgrunnurinn

Toyota-umboðið á Akureyri hefur verið starfrækt í að verða 40 ár. Allan þann tíma hefur Haukur Ármannsson haldið þar um tauma sem framkvæmdastjóri en hann er jafnframt stofnandi fyrirtækisins. Haukur er fæddur á Akureyri árið 1961, að loknu verslunarprófi í gagnfræðiskólanum, þá 19 ára gamall réðst hann til starfa í víxla- og skuldabréfdeild Iðnaðarbankans og varð síðar útibústjóri hjá sömu stofnun aðeins 22 ára gamall. Samfara því fór Haukur að sinna ýmsum sjálfstæðum viðskiptum á hliðarlínunni og fór svo að bankastörfin voru endanlega gefin upp á bátinn. Árið 1984 fjárfesti hann í bílasölu Stórholti sem enn í dag er nafnið á einkahlutafélaginu sem rekur Toyota umboðið og þar með var lagður grunnur að farsælum rekstri.

### Framgangurinn og uppbyggingin

Fyrsta aðsetur Stórhólts árið 1985 var við Hjalteyrargötu 2, sem allt var tekið í gegn og málað í hinum alkunnu rauðu og hvítu litum hins sígilda vörumerkis. Í góðu samstarfi við aðalumboðið P. Samúelsson eh. í Kópavogi, hóf Haukur Ármannsson þarna umboðssölu fyrir nýjar Toyota bifreiðar og þá í húsnæði sem rúmaði 10-12 bifreiðar innandyra en athafnasvæðið í heild sinni náði yfir um 350fm. Umboðið var rekið á þessum stað til ársins 1991 en þá var flutt í mun stærra athafnasvæði eða 650fm húsnæði í nýju iðnaðar- og verslunarhverfi að Öseyri 4. Sú staðsetning þótti heppilegri og meira í alfaraleið. Innandyra var gott rými með sýningarsal sem rúmaði 20-30 nýjar bifreiðar. Þegar líða tók á áratuginn átti aukið þjónustustig eftir að skila sér í 30-40% markaðshlutdeild Toyota á Akureyri og ekki óalgengt að um 100-140 bifreiðar skiptu um eigendur í gegnum umboðið í hverjum mánuði.

### Stórhýsi rís

Ekki leið að löngu þar til góður árangur Toyota á Akureyri tók að vekja athygli aðalumboðsins fyrir sunnan. Árið 1997 var ákveðið að reisa umboðinu fyrir norðan veglega aðstöðu á góðum



Verkstæðismóttaka og varahlutalager. Frá vinstri: Halldór G. Hauksson, Sólveig Ólafsdóttir, Símon Geir Sveinbjörnsson og Gunnar Rafnsson.



Toyota Akureyri, Baldursnesi 1.

stað í bænum. Mikil áhersla var lögð á að með nýju húsnæði myndi öll þjónusta vera undir einu þaki, þar með talið verkstæði og varahlutalager. Farið var af stað með hönnunarsamkeppni en þar hlaut brautargengi tillaga Fanneyjar Hauksdóttur hjá Arkitektastofu Hauks Haraldssonar á Akureyri. Hönnunin er í heild sinni mörkuð af mikilli hugkvæmni og hvert smáatriði hugsað út frá þeirri starfsemi sem í húsinu átti að vera, sem er nokkuð sem ekki margar bílasölur eða umboð geta státað sig af. SS byggir tók að sér að reisa þetta glæsihýsi sem er í heild 1.280fm. Innandyra er sýningarsalur sem rúmar vel 14 bifreiðar en á útisvæði er gert ráð fyrir smekklegrri uppröðun á um 150 bifreiðum, þó í dag séu þar oft mun fleiri bifreiðar en sem því nemur. Húsnæðið er í raun tvískipt og í öðrum helmingnum er verkstæði og varahlutalager á meðan í hinum helmingnum er sýningarsalur og bílasala. Bæði á sjálfri lóðinni og í formi byggingarinnar má sjá að þar ráða sporöskjulaga útlínur Toyota merkisins ríkjum. Í byggingunni sjálfri eru bogalagaðir veggir sérlega áberandi og ef horft er á lóðina úr lofti má sjá að athafnasvæðið í heild sinni hefur nákvæmlega sömu lögun og Toyota merkið sem má svo finna í grilli flestra bíla á planinu. Þegar kom að því að velja plöntur á útisvæði fannst sölumanninum Hauki Ármannssyni auðvitað ekki annað koma til greina en að þar væru Reynir og Selja mest áberandi. Formleg vígsla stórhýsis Toyota umboðsins á Akureyri fór síðan fram þann 17. júní árið 2000.

### Framtíðin

Eftir góð fyrri ár er ekki annað hægt en að horfa björtum augum til framtíðar. Í kjölfar fjármálakreppunnar 2008 komu vissulega nokkur mögurr ár en sökum hófsems sem ávallt hafði verið gætt og sterkrar eiginfjárstöðu kom fyrirtækið vel undan henni. Í gegn um tíðina hefur ýmslegt tekið stakkaskiptum hjá fyrirtækinu og starfsemin þróast, um tíma var starftækt samhliða umboðinu bónstöð, hjólbarða og dekkjaverkstæði sem og umboð fyrir snjósleða og bifhjól. Í dag nær starfsemin ekki í aðra byggingu utan Baldursness 1 þar sem þungamiðjan er bílasalan sem selur nýjar og notaðar Toyota bifreiðar, ásamt verkstæði og varahlutalager sem síðan þjónusta þessar sömu bifreiðar.

Hvað varðar framtíð vörumerkisins þá hefur Toyota líkt og aðrir framleiðendur lagt mikið í þróun á vistvænari bifreiðum án þess þó að gefa eftir í þeim atriðum sem hafa gert vörumerkið jafn vinsælt hjá viðskiptavinum og raun ber vitni. Hybrid tækni Toyota sem sífellt verður þróaðari er vinsæl meðal þeirra sem vilja taka þátt í að minnka kolefnissporið sitt. Þegar þetta er skrifað eru um 56% þeirra bifreiða sem í boði eru Hybrid, seldar sem slíkar og til stendur að hægt verði að fá allar tegundir framleiðandans í þeirri útfærslu á allra næstu árum. Bæði á verkstæði og í bílasölu er séð til þess að allir fái þjálfun í að umgangast þessar bifreiðar og kemur þar endurmenntunarstefna Toyota sterk inn.



Starfsmenn á verkstæði taka við viðurkenningu fyrir að hafa lokið Toyota Technician námskeiði í Toyota skólanum. Eftir röð frá vinstri: Ólafur Finnur Jóhannsson, Halldór G. Hauksson, Bjarki Már Hauksson, Zbigniew Parzyck. Neðri röð frá vinstri: Sveinbjörn Jónsson, Nanna Pórey Bjartmarsdóttir og Kristján Sigurðsson.



Frá afhendingu umhverfisverðlauna atvinnulífsins 2018. Frá vinstri: Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi og annar eigenda, Ágústa Steingrimsdóttir, umhverfis- og öryggisstjóri Toyota á Íslandi, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Bjartur Máni Sigurðsson, umhverfis- og öryggisstjóri Toyota á Íslandi, Ragna Sara Jónsdóttir, formaður dómnafndar og Kristján Þorbergsson, fjármálastjóri Toyota á Íslandi og annar eigenda.

## Toyota á Íslandi



Höfuðstöðvar Toyota á Íslandi, Kaupþúni 6, Garðabæ.

Rekstur Toyota á Íslandi hófst árið 1965 þegar fyrsti Toyotabíllinn var seldur hér á landi. Páll Samúelsson stofnaði fyrirtækið sem óx jafnt og þétt eftir því sem japanskir bílar unnu sér sess á Íslandi. Strax frá byrjun var góð þjónusta sett á oddinn og er þessi stefna stofnandans enn þá leiðarljós í allri starfsemi fyrirtækisins. Lengst af var starfsemin til húsa við Nýbýlaveg í Kópavogi en með vaxandi umsvifum bættust við starfsstöðvar á öðrum stöðum. Með árunum óx þörfin fyrir hagkvæmt húsnæði og aðstaðan á Nýbýlavegi dugði ekki lengur ef fyrirtækið átti að þróast eðlilega. Árið 2012 var tekin ákvörðun um að flytja alla starfsemina á einn stað og varð Kaupþún 6 í Garðabæ fyrir valinu. Húsið hentaði vel og auðvelt var að aðlaga aðstöðuna að þörfum Toyota. Hér gafst einstakt tækifæri til að færa alla starfsemina undir eitt þak og mæta kröfum samtímans um góða aðstöðu fyrir viðskiptavinum og starfsfólki. Toyota á Íslandi er umboðsaðili fyrir Toyota- og Lexus bifreiðar, auk varahluta og aukahluta. Eigendur eru Úlfar Steindórsson, forstjóri og Kristján Þorbergsson, fjármálastjóri. Þeir eru einnig eigendur að stærsta viðurkennda sölu- og þjónustuaðilanum sem er Toyota Kaupþúni. Í Kaupþúni er einnig til húsa viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili fyrir Lexus. Aðrir viðurkenndir sölu- og þjónustuaðilar eru Toyota Reykjanesbæ, Toyota Selfossi og Toyota Akureyri. Að auki eru 8 önnur bílaverkstæði víða um land viðurkenndir þjónustuaðilar Toyota. Í Kaupþúni er starfrækt standsetning þar sem bílar eru gerðir tilbúnir fyrir kaupendur, þar er einnig fullkomnið verkstæði með 47 lyftum, málningar- og rétttingaverkstæði, vara- og aukahlutalager, verslun með bílvörur og sýningarsalir fyrir nýja og notaða Toyota- og Lexusbíla.

### Gildin

Í allri starfsemi Toyota er tekið mið af svökölluðum Toyota Way gildum. **Gildin eru fimm og eru eftirfarandi:**

**Áskorun.** Við tökum áskorun fagnandi. Toyota notar orðið áskorun í mun víðara samhengi en bara einföld áskorun. Við erum að tala um viðhorf en ekki hugarástand. Við greinum og metum þróun yfir lengra tímabil, höfum sýn til allt að næstu 10 ára.

**Stöðugar framfarir (Kaizen).** Margir ferlar stöðugra framfara í rekstrinum sem beinast ávallt að nýjungum og framþróun. Kaizen þýðir að gagnrýna og skoða þau kerfi sem fyrir eru og að allir séu tilbúnir að gagnrýna og skora á núverandi kerfi. Sköpunargleði er lykillinn - við getum náð meiri árangri án þess að auka fjármagn eða mannafla.

**Þekkingarleit (Genchi Genbutsu).** Felst í því að við leitum að uppsprettunni og kynnum okkur staðreyndir. Að við skiljum vandamálið og greinum uppsprettuna, náum í allar staðreyndir og komum með bestu lausnina.

**Virðing.** Felst í einlægum og heiðarlegum samskiptum og að bera virðingu fyrir öllum sem að málum koma. Gagnkvæmt traust og ábyrgð.

**Samvinna.** Við háværkum árangur einstaklingsins og hópsins. Skuldbinding við fræðslu og framfarir. Virðing fyrir einstaklingnum og skilningur á styrk okkar sem hóps.

### Umhverfisstefna Toyota á Íslandi

Umhverfismál hafa verið nátengd starfsemi Toyota á Íslandi um langt skeið. Stofnandinn, Páll Samúelsson var ötull skógræktarmaður og hann lagði grunn að stuðningi fyrir-



Toyotaskógur í Brynjúdal.

Framhald á næstu opnu →

tækisins og samvinnu við Skógræktarfélag Íslands sem nú hefur staðið óslitið í rúm 30 ár. Toyota á Íslandi vill vera í fararbroddi fyrirtækja á sviði umhverfismála hér á landi og til að ná því höfum við tekið upp ISO 14001 staðalinn fyrst bílaumboða hér á landi.

#### Boðorðin okkar eru:

- Við tökum tillit til umhverfismála í allri starfsemi okkar og vinnum í anda sjálfbærrar þróunar. Þannig stuðlum við að betra umhverfi.
- Tryggjum að öllum lagakröfum á sviði umhverfismála verði fullnægt og munum setja okkur strangari kröfur þar sem við á.
- Förmum að kröfum ISO 14001 staðalsins og bætum stöðugt virkni umhverfisstjórnunarkerfisins.
- Leggjum okkur fram við að efla umhverfissvitund starfsfólks og áhuga þeirra á mikilvægi umhverfismála með reglulegri þjálfun.
- Einsetjum okkur að vera í fararbroddi fyrirtækja í öryggis og umhverfismálum.
- Leggjum áherslu á góða umgengni við umhverfið, endurnota og endurvinna það sem fellur til í rekstri eins og hægt er en farga öðru á viðeigandi hátt.
- Rýnum umhverfisstjórnkerfi okkar árlega og setjum okkur ný markmið í framhaldinu til að þróa og bæta umhverfismál okkar.
- Nýta rafrænar lausnir til að minnka notkun á pappír.
- Sem einn stærsti bílaframleiðandi heims telur Toyota það skyldu sína að þróa leiðir til að draga úr þeim áhrifum sem framleiðsla og bifreiðanotkun hefur í för með sér. Toyota hefur nú þegar brugðist við þeim umhverfisvanda sem við stöndum frammi fyrir með tvíþættum hætti. Annars vegar nýtir fyrirtækið sér þá þekkingu sem það býr yfir til að framleiða bíla sem minnka álagið á umhverfið og ganga ekki frekar á auðlindir jarðarinnar en orðið er. Hins vegar heldur fyrirtækið áfram þróun sinni á hátækni og rannsóknum á nýjum orkugjöfum sem nýtast munu komandi kynslóðum.

ISO 14001 staðallinn er öflugt stjórnkerfi sem notað er í allri starfsemi fyrirtækisins. Umhverfismál eru samofin starfsemi og eru ávallt höfð til hliðsjónar í öllum þáttum rekstrarins. Það var okkur því mikil viðurkenning er Samtök atvinnulífsins útnefndi Toyota á Íslandi sem Umhverfisfyrirtæki ársins 2018. Samhljómur er með stefnu móðurfyrirtækisins í Japan og starfsemi Toyota á Íslandi þegar kemur að umhverfismálum því Toyota hefur sett sér metnaðarfull markmið fyrir starf fyrirtækisins á heimsvísu. Framtíðarsýnin er skýr eins og kemur fram í markmiðum sem ná á fyrir árið 2050. Umhverfisáskorun okkar fyrir árið 2050 var kynnt árið 2015 og hún samanstendur af sex ólíkum áskorunum sem ná til allra þátta fyrirtækisins, vöru- og tækniþróunar á okkar vegum og hlutverks okkar að auðvelda einstaklingum og samfélögum að fræðast um náttúruna og leggja sitt af mörkum í umhverfisvernd.

#### Áskorun 1 - Engin losun koltvísýrings úr nýjum bílum

Áskorunin „Engin losun koltvísýrings úr nýjum bílum“ snýr um að minnka losun koltvísýrings í bílum okkar um 90% fyrir árið 2050, miðað við losunina árið 2010. Þetta gerum við með því að gera hefðbundna orkugjafa sparneytnari og hvetja til þróunar á bílum með litla eða



Sýningarsalur Toyota, Kaupþúni 6, Garðabæ.



Verkstæði Toyota, Kaupþúni 6, Garðabæ.



Kasthúsatjörn Álftanesi, til hægri sést endurheimt votlendi.

enga kolefnislosun, þar á meðal Hybrid, Plug-in Hybrid, rafmagnsbílum og vetnisbílum. Bílar sem nota hreina og umhverfisvæna orkugjafa fara aðeins að hafa veruleg áhrif þegar almenningur byrjar að nota þá í stórum stíl. Þess vegna vinnum við að því að auka framboð þeirra og hvetja til þróunar og uppbyggingar innviða sem styðja við notkun þeirra, svo sem áfyllingar- og hleðslustöðva.

### **Áskorun 2 - Engin losun koltvísýrings á endingartíma bíla**

Með áskoruninni „Engin losun koltvísýrings á endingartíma bíla“ viljum við gera meira en að minnka koltvísýringslosun við framleiðslu bílanna sjálfra og akstur viðskiptavina okkar. Við viljum draga úr losun koltvísýrings við framleiðslu efna og hluta sem við notum og sem hlýst af aðgerðum okkar við vörustjórnun og förgun og endurvinnslu ökutækja að loknum endingartíma þeirra. Þetta gerum við með því að vinna að umhverfisvænni hönnun sem notar kolefnissnauðari hráefni og færri efnishluta. Við munum nota endurnýjanleg náttúruleg efni í ríkarí mæli og auðvelda sundurhlutun og endurvinnslu ökutækja okkar.

### **Áskorun 3 - Engin losun koltvísýrings frá verksmiðjum Toyota**

Losun koltvísýrings er ekki einungis bundin við aksturinn; hún á sér einnig stað við framleiðslu bíla í verksmiðjum. Til að vinna gegn loftslagsbreytingum höfum við gert áætlun um hvernig við getum náð að losa engan koltvísýring í verksmiðjum okkar og einblínt á að bæta þá tækni sem við notum og skipta yfir í umhverfisvænni orkugjafa. Við munum gera framleiðsluferli okkar skilvirkari og styttri til að minni koltvísýringur myndist. Starfsstöðvar okkar verða orkunýtnari og við munum skipta yfir í endurnýjanlega orkugjafa, svo sem sólarorku og vindorku, og orkugjafa með litla kolefnislosun, til dæmis vetnisorku.

### **Áskorun 4 - Vatnsnotkun lágmörkuð og vatnsnýting hámarks**

Vatnsþörf heimsins fer sífellt vaxandi og því er afar mikilvægt að sparla sé farið með hráefnin, til dæmis með því að minnka efnisnotkun við framleiðslu og endurnýta eins mikið og hægt er. Við höfum þegar byrjað að safna regnvatni á framleiðslustöðum til að verksmiðjur okkar gangi ekki jafn mikið á grunnvatn og vatnsveitur. Einnig höfum við þróað aðferðir til að hreinsa vatn til að við getum notað vatnið oftar en einu sinni eða skilað því öruggu aftur í vatnsveitukerfin. Þar sem mikill munur er á vatnskerfum á mismunandi svæðum gætum við þess að aðgerðir okkar séu lagaðar að þörfum hvers staðar fyrir sig.

### **Áskorun 5 - Uppbygging samfélags og ferla á grunni endurvinnslu**

Fólksfjöldun, aukin hagsæld og krafan um þægilegan lífsstíl ganga frekar á náttúruauðlindir en áður og allt þetta leiðir til aukinnar sóunar. Við viljum byggja upp samfélag sem er til fyrirmyndar hvað varðar auðlindanýtingu og endurvinnslu með því að einblína á fjögur lykilatriði: að nýta umhverfisvæn efni í auknum mæli, hanna og nota hluta sem endurheimt við förgun bíla þegar nýir bílar eru framleiddir. Við búum yfir meira en 40 ára reynslu af nýsköpun og hugmyndavinnu á þessu sviði og erum staðráðin í að ná enn betri árangri í framtíðinni.



Nýtt bílaplan Toyota lagt úr mottum úr endurunnu plasti.

### Áskorun 6 - Uppbygging framtíðarsamfélags í samhljómi við náttúruna

Til að vernda náttúruna og bæta umgengni okkar við hana þurfum við að vernda skóglendi og önnur mikilvæg vistkerfi. Ýmis verkefni, stór og smá og á öllum stigum fyrirtækisins, styðja markmið okkar um að bæta lífsskilyrði með endurræktun skóga, gróðursetningu, grænum borgaráætlunum og öðrum átaksverkefnum, bæði á starfsstöðvum og utan þeirra. Við munum nýta innsýn okkar í þetta málefni til að taka virkan þátt í að bæta menntun og vitund um umhverfismál til að byggja upp samfélag þar sem fólk býr í samhljómi við náttúruna.

### Aðgerðir í umhverfismálum

**Skógrækt** - Toyota á Íslandi hefur stutt Skógræktarfélag Íslands óslitið frá árinu 1990. Toyota útvegar félaginu bíla til starfseminnar auk fjárframlags. Sérstakir Toyotaskógar eru á 6 stöðum á landinu. Í Brynjudal, við Esjuhlíðar, í Kjarnaskógi, í Reyðarfirði, við Sanda í Dýrafirði og við Varmaland í Borgarfirði. Með stuðningi við skógrækt vill Toyota leggja sitt af mörkum til að minnka áhrif losunar gróðurhúsalofttegunda.

**Blái herinn** - Blái herinn er heiti á grasrótarstarfi sem unnið er undir stjórn Tómasar J. Knútssonar, frumkvöðuls í umhverfismálum. Hann starfaði sem kafari og sá við vinnu sína hvernig umhorfs var á sjávarbotni í höfnum landsins. Hann ákvað að hefja hreinsun hafnanna og strandlengjunnar, aðallega á Reykjanesi. Toyota hefur stutt Bláa herinn með því að leggja til pallbíl til starfseminnar frá 2005.

**Endurheimt votlendis** - Toyota á Íslandi hefur stutt við tvö verkefni við endurheimt votlendis í Garðabæ, við Kasthúsastjörn 2016 og við Urriðavatn 2017.

**Hybridbílar** - Bílgreinin hefur lagt mikla áherslu á endurbætur á nýjum bílum þannig að þeir séu umhverfsvænni en áður. Fjöldi nýrra lausna hefur komið fram og ekki er ljóst núna hver hagkvæmasta lausnin til framtíðar verður. Þó er ljóst að orkugjafar í bílum og öðrum samgöngum verða fjölbreyttari í framtíðinni en verið hefur. Mismunandi orkugjafar munu verða notaðir eftir stærð og hlutverki ökutækisins Toyota kynnti Hybridtæknina með Prius árið 1997. Síðan þá hefur Hybridtæknin verið kynnt í stórum hluta vörulínu Toyota og Lexus. Hybridbílar eyða minna eldsneyti en sambærilegir bílar því þeir endurheima orku sem annars færi til spillis, t.d. þegar bremsað er og breyta henni í raforku sem notuð er í akstrinum. Þá er fyrsti vetnisknúni billinn frá Toyota, Mirai kominn í nortkun á Íslandi.

### Stöðugar umbætur

Umhverfismál eru samofin allri starfsemi fyrirtækisins og alltaf er leitast við að taka ákvarðanir í rekstrinum með hag umhverfisins í huga. Markvisst er unnið að því að flokka sorp og árið 2018 var aðeins 12,6% sorpsins óflokkað. Þá eru sprautuklefar á málningarverkstæði Toyota í Kaupþúni hitaðir með hitaveituvatni í stað olíu áður og nýtt bílaplan var lagt mottum úr endurunnu plasti.



Blái herinn að störfum.



FÍB aðstoð að skipta um sprungið dekk.

## FÍB

Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) var stofnað 1932 og er í dag stærstu frjálsum neytendasmátök landsins með um 18 þúsund félaga. FÍB er hagsmunafélag bifreiðaeigenda og viðurkennt sem slíkt af stjórnvöldum. Fulltrúar FÍB eiga setu- og tillögurétt í nefndum á vegum hins opinbera og félagið fær til umsagnar frumvörp, tillögur og reglugerðir frá löggjafar- og framkvæmdarvaldinu. Félagið fylgist með samráðsgátt stjórnvalda og setur inn ályktanir og athugasemdir ef þurfa þykir. FÍB veitir hagnýta tækni- og lögfræðiráðgjöf og fjölbreytta þjónustu til félagsmanna. FÍB er aðili að FIA alþjóðasamtökum bifreiða- og ferðafélaga. Samstaða bifreiðaeigenda í einu neytendafélagi eflir og styrkir áhrifamátt þeirra.

### FÍB félagsmenn hafa aðgang að FÍB Aðstoð vegajónustu 365 daga ársins

FÍB Aðstoð er með sólarhringsvakt alla daga ársins og svarar í síma 5 112 112. FÍB Aðstoð er aðgengileg í öllum helstu þéttbýliskjörnum landsins.

#### Rafmagn

Ef bíllinn verður straumlaus er veitt aðstoð við að koma bílnum í gang.

#### Eldsneyti

Ef bíllinn er eldsneytisláus fæst aðstoð og brúsi með 5 lítrum af bensíni eða dísilólíu. Nóg til að komast á næstu bensínstöð.

#### Dekk

Ef dekk springur og dekkjaskipti eru vandamál, t.d. ef vantar tjakk eða felgulykil, kemur aðstoðin til hjálpar við að skipta.

#### Dráttarbill

Félagsmaður á rétt á einum dráttarbil frítt á aðildarári í dagvinnu innan þjónustusvæðis. Ef þjónusta dráttarbíls er veitt utan dagvinnu þá greiðir félagsmaður yfirvinnuálag.

#### Hleðsluflutningur

Verði rafbíllinn straumlaus þá geta FÍB félagar fengið bíllinn fluttan að næstu hleðslustöð eða að heimili félagsmanns, eftir því hvort er nær. Ef rafbíll er fluttur utan dagvinnu þá greiðir félagsmaður yfirvinnuálag. Starfsmenn FÍB Aðstoðar veita einnig ráðgjöf ef koma þarf biluðu ökutæki til þjónustu- eða fagaðila.

#### Tæknimaður FÍB

veitir félagsmönnum aðstoð og ráðgjöf varðandi bifreiðatæknileg atriði, svo sem um viðgerðarkostnað, gæði viðgerða og varahluta, galla í nýjum bifreiðum o.fl.

#### Lögfræðiráðgjafi FÍB

er sérfróður um algengustu vandamál varðandi galla eða svik í bifreiðaviðskiptum, ófullnægjandi viðgerðum og sakarskiptingu við tjónauppgjör.

#### Lögfræðingur FÍB

tekur ekki að sér málarekstur heldur veitir ráðgjöf.

#### Eldsneytisafsláttur

hjá Atlantsólíu. Með dæluþykki fá FÍB félagar 16 krónur í afslátt af lítraverði eldsneytis á





FÍB aðstoð á sjöunda áratug síðustu aldar.

dælustöðvum AO og 18 krónur ef teknir eru 150 lítrar eða meira á mánuði. Undanskildar eru þær stöðvar AO sem eru með fastan afslátt.

#### **Afslættir og sérkjör af vörum og þjónustu**

FÍB rekur öflugan afsláttarklúbb sem skilar félagsmönnum ríkulegum hlunnindum og sparnaði um land allt. FÍB félagar hafa einnig aðgang að einum öflugasta afsláttarklúbbi heims Show your Card!. Tugþúsundir fyrirtækja og þjónustuaðila gefa afslátt.

#### **Þjónustuskrifstofa og vefverslun FÍB**

er við Skúlagötu 19, 101 Reykjavík. FÍB selur ýmsar öryggis- og ferðavörur með verulegum afslætti til félagsmanna. Starfsfólk félagsins veitir félagsmönnum fjölpættar upplýsingar varðandi eign og rekstur heimilisbilsins auk fræðslu um ferða- og samgöngumál.

#### **Federation Internationale de l'Automobile – FIA**

FÍB er aðili að FIA, alþjóðasamtökum bifreiða- og ferðafélaga. FÍB og önnur bifreiða-eigendafélög víða um heim hafa með sér gagnkvæma samvinnu varðandi margs konar aðstoð og fyrirgreiðslu við félagsmenn á ferðalögum, s.s. vegaaðstoð, ferðaupplýsingar, afslætti og lögfræðiráðgjöf.

#### **Alþjóðlegt ökuskríteini**

er gefið út hjá á skrifstofu FÍB. Félagsmenn borga 600 krónur fyrir skríteinið en aðrir 2.600 krónur.

#### **Alþjóðlegt tjaldbúðaskríteini CCI**

er oft forsenda dvalar á tjaldsvæðum erlendis og tryggir dvöl án þess að láta eigið vegabréf af hendi. CCI tjaldbúðaskríteini FÍB veitir allt að 40% afslátt frá skráðu gjaldi á 3150 tjaldstæðum í 40 löndum.

#### **Á vegbot.is**

er hægt að tilkynna um holur eða önnur frávik á götum og umferðarmannvirkjum. Hægt er að notast við staðsetningarbúnað snjalltækis eða velja handvirkt af korti.

#### **FÍB-blaðið**

kemur út þrisvar á ári. Efnið í blaðinu er upplýsandi og fræðandi fyrir félagsmenn.

Af öðru efni blaðsins má nefna bílaprófanir, innlendar og erlendar fréttir tengdar

bílum umferð og umferðaröryggismálum.

FÍB blaðið er einn af kostum félagsaðildar

að FÍB og er dreift til félagsmanna þeim

að kostnaðarlausu.



FÍB félagar fá ýmis fríðindi.



Gæðabjónusta með bros á vör.



AB varahlutir hafa hlotið titilinn Framúrskarandi fyrirtæki.

## AB varahlutir



Starfsfólk.



Brugðið á leik.

Fyrirtækið AB varahlutir var stofnað árið 1996 af Jóni S. Pálssyni. AB sérhæfir sig í sölu bílavarahluta ásamt vandaðri bókgagnrýni. Hugmyndin um stofnun fyrirtækisins kom upp á fundi Almenna Bókaklúbbsins, eða AB. Áhersla AB er að bjóða upp á breitt vöruúrval og beitta gagnrýni. Fyrirtækið var í upphafi staðsett að Bildshöfða 18 en flutti undir lok árs 2011 í núverandi höfuðstöðvar sínar á Funahöfða 9.

### Þjónustan

Fyrirtækið leggur sig fram við að bjóða gæða þjónustu við viðskiptavinum þar sem hið persónulega er haft í öndvegi. Enginn fer þó varhluta af þeim djúpstæða hugmyndafræðilega ágreining sem er í fyrirtækinu um bækur Nietschze. Eilíf togstreita milli yin og yang sem einkennir aðeins snillinga.

Helsti birgi AB varahluta er Borg&Beck, sem er eitt elsta merkið í bransanum. Borg&Beck er staðsett í Banbury á Bretlandi og byrjaði að framleiða kúplingar árið 1903, en í dag býður það upp á flest alla almenna varahluti. AB varahlutir eru þó með yfir 40 erlenda birgja í heildina. „Okkar aðalsmerki er að eiga hlutina til á lager, aðlaga okkur snögg að breyttum aðstæðum og bjóða samkeppnishæf verð,“ segir Loftur Guðni Matthíasson framkvæmdastjóri AB varahluta. AB varahluti er í dag að finna á fimm stöðum á landinu, það er í Reykjavík, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og Reykjanesbæ. Allar eru verslanirnar vel þekktar þeim sem eru kunnugir staðháttum. Að meðaltali vinna um 40 manns samtals hjá AB.

### Eigendur og vörur

Fyrirtækið var svo selt til Kostgæfni ehf. í nóvember 2016, en það er í eigu nokkurra starfsmanna fyrirtækisins. Síðan nýir eigendur tóku við hefur vöruúrvalið stóraukist, og bjóða AB varahlutir upp á töluvert fleira en varahluti í dag. Þá má helst nefna Boxo verkfæri, Britax barnabílstóla, Glasurit bílalakk og aðrar bílamálingarvörur, Förch efna- og rekstrarvörur, Eurol olíur, Continental reimar, GS rafgeyma, Velyen bílalyftur, Osram bílaperur og svo má lengi telja. Í heildina má finna um 150 vöruflokkar í AB með um 55.000 vörunúmerum.

AB varahlutir þjónusta hvort heldur sem er bifreiðaverkstæði og almenning og hafa það að markmiði að vera „þinn hagur í bílavarahlutum.“



## Bifreiðaverkstæði Muggs

Bifreiðaverkstæði Muggs í Vestmannaeyjum var að nafninu til stofnað árið 1984 af Guðmundi Pálssyni sem er betur þekktur undir nafninu Muggur. Hann er Vestmannaeyingur í húð og hár, atorkumikill eins og önnur ættmenni hans, en hann er sonur hins þekhta ferðamálafrömuðar Páls Helgasonar sem nefndur hefur verið faðir ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum. Enda fór það svo að til margra ára var Muggur starfandi við hlið föður síns við að þjónusta þá ferðamenn sem lögðu leið sína til Eyja.

Í byrjun áttunda áratugar síðustu aldar hóf Muggur nám í bifvélavirkjun. Í Vestmannaeyjum er tíminn stundum skilgreindur á tvennan hátt: „Það sem átti sér stað fyrir gos og það sem gerðist eftir gos.“ Muggur hóf sumsé að læra „fyrir gos“ en þegar gosið hófst fór Muggur til Bandaríkjanna þar sem hann lifði nokkuð viðburðaríku lífi um tíma en þegar til stóð að skikka hann til herþjónustu þá sá hann sér þann kost vænstan að koma sér heim til Eyja. Fljótlega kynntist hann konunni sem hann átti eftir að kvænast. Hann vann við bílaviðgerðir, kláraði sveinspróf og meistaraþróf í bifvélavirkjun en tók sér smá hlé frá faginu til að aðstoða foreldra sína við ferðaþjónustu sem var í örur vexti.

### Starfsemin

1984 hóf Muggur sjálfstæða starfsemi og opnaði verkstæði við annan mann, en þegar þeir báðir misstu hvor um sig annað foreldra sinna þá skildu leiðir og síðan hefur Muggur rekið verkstæðið einn síns liðs fyrir utan eiginkonu sína Sigurbjörgu Vilhjálmisdóttur, sem hefur stutt við bakið á honum alla tíð og sér um alla bókhalds- og pappírsvinnu. Þegar mest var að gera voru 5 til 6 karlar starfandi á verkstæðinu en samkeppnin lét ekki á sér standa í sístækkandi Vestmannaeyjabæ svo að á endanum urðu þeir tveir á verkstæðinu og höfðu meira en nóg að gera. Muggur er einn af þeim sem er ávallt boðinn og búinn til að hjálpa þegar eitthvað fer úrskeiðis og þá skiptir litlu máli hvaða dagur er eða hvað klukkan slær; hann er mættur og bjargar málunum. Bifreiðaverkstæði Muggs hefur í mörgu að snúast og sinnir öllum nauðsynlegum viðgerðum á flestum gerðum og stærðum bifreiða. Allt frá því að taka upp vélar og gírkassa í fólksbílum eða rútum, niður í smávægilegasta viðhald eins og bremsuklossaskipti, eða að koma fyrir nýrri víftureim. Réttingar og sprautun er eitt af því sem Muggur hefur dregið sig út úr en hann er fyrstur manna á staðinn þegar eitthvað kemur upp á. Enda sinnir hann þjónustu fyrir FÍB og neyðarþjónustu fyrir Sjóvá.

Verkstæðið er til húsa að Strandvegi 65a í Vestmannaeyjum. Það er vel staðsett og vel sýnilegt og kann Muggur vel við sig í þessu rúmlega 350 fm húsnæði. Það er oft mikið um að vera þegar stóru knattspyrnumótin eru haldin á sumrin og þúsundir flykkjast til Eyja; en þá þarf oft á tíðum að hjálpa til þegar eitthvað bílar, hvort sem það eru bílar eða hjólhýsi. Muggur telur ekki eftir sér að ganga í þau verk sem þarf að sinna. Hann reddar málunum. Það eru hans einkunnarorð og bjartsýni er það sem drífur hann áfram þótt hann hafi óljósan grun um að það sé kominn tími til að slaka á og njóta ávaxtanna af öllu saman.



Guðmundur Pálsson, eigandi.





Færanleg skoðunarstöð Aðalskoðunar.



Sigfús Jóhannesson.

## Aðalskoðun



Ómar Þorgils Pálmason, eigandi Aðalskoðunar.

### Saga Aðalskoðunar og einkarekinna skoðunarstöðva

Bifreiðaeftirlit ríkisins var sérstök stofnun á vegum ríkisins sem starfaði samkvæmt umferðarlögum og annaðist skoðun og eftirlit ökutækja ásamt því að sinna framkvæmd og prófdómgæslu við ökukennslu. Bifreiðaeftirlitið tók til starfa árið 1932. Stofnunin var síðan lögð niður árið 1988-1989 og Bifreiðaskoðun Íslands hf stofnuð.

Starfsemi Bifreiðaeftirlitsins var lengst af í Borgartúninu í Reykjavík. Aðstaðan fyrir skoðun ökutækjanna var löngum undir berum himni við ófullkomnar aðstæður. Bifreiðum var t.a.m. ekið upp á palla úr timbri úti á malarplani þar sem allt allt var opið fyrir veðri og vindum. Þeir sem unnu við skoðunina voru lítt varðir fyrir rigningu, snjókomu og ryki sem þyrtaðist upp í strekkingnum. Tækin sem notuð voru til skoðunar voru vökvatjakkar á hjólum sem rennt var undir bílinn sem var lyft upp svo hægt væri að skoða hjólabúnað og hemlaprófin voru framkvæmd með því þeysa um á moldarplani og nauðhempla til að sjá hvaða hvort þeir virkuðu.

Árið 1960 kom fyrsti vísir að einkarekinni bifreiðaskoðunarstöð þegar Bílaskoðun og Stilling í Skúlagötu var stofnuð af þeim Pálma Friðrikssyni og Gylfa Hinrikssyni. Sú tilraun fékk ekki brautargengi fyrr en nokkrum áratugum síðar, nánar tiltekið 1994-1995 þegar ríkið rauf loksins einokun á bifreiðaskoðunum.

Aðalskoðun var stofnuð þann 13. september 1994 með það að markmiði að setja á fót hlutlausu skoðunarstofu á sviði skoðunar ökutækja. Skoðun ökutækja á vegum Aðalskoðunar hf. hófst í janúar 1995. Fest voru kaup á húsnæði og tækjum fyrir starfsemina að Helluhrauni í Hafnarfirði.

Þorsteinn Pálsson, dómsmálaráðherra, vígði stöðina í Hafnarfirði að viðstöddu miklu fjölmenni. Í ágúst mánuði 1995 veitti viðskipta- og iðnaðarráðherra fyrirtækinu faggildingu á sviði ökutækjaskoðunar.

### Starfsemin

Aðalskoðun hf. var vel tekið strax frá byrjun og hefur markaðshlutdeild þess í skoðun ökutækja aukist jafnt og þétt á höfuðborgarsvæðinu, en fyrirtækið er nú með 4 skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu; Skeifunni 5 og Grjóthálsi 10 í Reykjavík og Skemmuvegi 6 í Kópavogi ásamt skoðunarstöðinni við Helluhraun í Hafnarfirði. Aðalskoðun rekur einnig skoðunarstöð í Reykjanesbæ og á landsbyggðinni heldur fyrirtækið einnig úti skoðunarstarfsemi í Grundarfirði, á Ólafsfirði og á Reyðarfirði.

Þann skugga bar á starfsemina frá upphafi að ýmsir einkaleyfisþættir varðandi bifreiðaskráningar- og skoðanir sem Aðalskoðun hf. fékk ekki leyfi til að framkvæma gerðu fyrirtækinu erfiðara um vik að veita þá þjónustu sem fyrirtækið vildi veita neytendum. Aðalskoðun hf. beitti sér kröftuglega fyrir því í orði og riti að einkaleyfin yrðu lögð niður. Gríðarlega mikil vinna fór fram vegna þess enda lífspursmál fyrir fyrirtækið að geta tekið þátt í samkeppni til jafns við aðra aðila á markaði. Árið 1997 ákvað dómsmálaráðherra að fela einkavæðingarnefnd ríkisins



Pálmi Hannesson.



Ragnar Jónatansson.



að sjá um sölu á eignarhlut ríkisins í Bifreiðaskoðun Íslands hf. og kljúfa það fyrirtæki í minni einingar. Þar með var enn einum áfanga náð.

### Stofnendur

Þeir frumkvöðlar sem stofnuðu Aðalskoðun voru þeir Gunnar Svavarsson og Bergur Helgason, Síðar keyptu þeir Jafet Ólafsson fjárfestir, Eyjólfur Árni Rafnsson, núverandi formaður SA og Kristján Gíslason fjárfestir Aðalskoðun.

Árið 2016 kaupir Ómar Þorgils Pálmason fv.lögreglumaður og stofnandi arekstur.is félagið af þeim Jafet, Eyjólfri Árna og Kristjáni.

Á þeim tíma hefur Aðalskoðun vaxið töluvert og aukið við búnað sinni. M.a. færarlega skoðunarstöð og opnað útibú á Kópaskeri og nú síðast nýja og glæsilega skoðunarstöð á Eyurvegi 51 á Selfossi.

### Mannauður

Hjá Aðalskoðun starfa í dag 21 skoðunarmaður og 8 starfsmenn við afgreiðslu og aðra umsjúlu. Mannauðurinn er mikill og langur starfsaldur þeirra sem starfa hjá Aðalskoðun er eitt af því sem einkennir fyrirtækið.



Ragnar Jónatansson.



Frá vinstri: Sigurjón Bjarnason, Ragnar Jónatansson og Magnús Þorgeirsson.





Eigendur Rúnar Jónsson, Jón R. Ragnarsson og Baldur Jónsson.

## Bílahöllin - Bílaryðvörn



Lykill að góðri ryðvörn er góður undirvagnsbvottur.



Ryðvarinn undirvagn.

Upphaflega hét fyrirtækið Bílaryðvörn hf. og var til húsa í Skeifunni 17. Það var stofnað í júlí 1970 af Jóni Rúnari Ragnarssyni, Birni Jóhannesyni og fleirum. Tilgangur þess fólst í nafninu, það sá um að ryðverja bíla og sú starfsemi er enn grundvallarþáttur í rekstrinum og hefur lítið breyst.

### Starfsemin

Til að byrja með var ryðvarið með efni sem hét Tectyl, en í byrjun 9. áratugarins var skipt yfir í sænskt efni sem heitir Dinitrol, það eru úrvals hágæða efni og því hefur fyrirtækið haldið sig við það síðan. Af því eru fjórar tegundir fitu og vaxefna notaðar eftir því hvort efnið fer inn í lokuð holrými eins og hurðir, dyrastafi, vélahlíf og eða yfir botna sem verða fyrir ágjöf frá veginum. Ef vel á að vera þurfa bílar á Íslandi ryðvörn á þriggja til fjögurra ára fresti. Bílahöllin bílasala hefur verið með öflugri bílasölum landsins og er þekkt fyrir vönduð, heiðarleg og góð vinnubrögð. Einnig er fyrirtækið stærst á markaði er kemur að heithúðun palla á pallbílum.

### Eigendur

Framkvæmdastjórinn á þeim tíma, Jón Rúnar, er rakarameistari í grunninn og hélt affram að starfa við það fag fyrstu árin sem hann rak Bílaryðvörn, en hártísku karlmanna á þeim tíma var rökurum ekki hliðholl t.d. á þessum tíma Bítlæðis, og þar kom að hann sneri sér alfarið að rekstri fyrirtækisins.

Fyrsta áratug þessarar aldar keyptu Jón Rúnar og synir hans, Rúnar og Baldur, sem báðir hófu störf hjá fyrirtækinu er þeir voru á fermingaráldri, og á síðustu árum hafa þeir feðgar verið að kaupa aðra hluthafa út úr rekstrinum og eru nú eigendur fyrirtækisins. Nú er Jón Rúnar stjórnarformaður Bílahallarinnar - Bílaryðvörn og synirnir Rúnar og Baldur framkvæmdastjórar. Fyrirtækið varð fimmtugt árið 2020 og er elsta fyrirtæki í bílaryðvörn á Íslandi.

### Aðsetur og mannaúður

Árið 1990 flutti Bílaryðvörn úr Skeifunni í eigið húsnæði að Bíldshöfða 5, þar sem starfsemin er í dag. Fyrirtækið byggði húsnæðið það stórt að það rúmaði meira en ryðvörnina. Þá kom bílasalan til sögunnar og nafnið breyttist í Bílahöllin-Bílaryðvörn en hélt sömu kennitölu. Í dag eru 14-16 manns sem vinna þar í báðum deildum. Fyrirtækið hefur verið heppið með starfsmenn og tekist vel að halda í þá. Dæmi eru um þeir hafi verið í 40 ár, eða til loka starfsævi. Kjarninn er sterkur og þegar mesta törnin er í ryðvörninni á sumrin koma ungir menn í skólafríum og láta muna um sig.

Spyrja má hvað sé gert til að halda mannskap. Svarið er að reyna að gera aðeins betur við hann í launum en taxtarnir gera ráð fyrir og búa vel að honum. Liður í því er skapa góða aðstöðu á staðnum, ekki veitir af í þessum bransa því vinnan við ryðvörnina er óþrífaleg.



## Bílapartar

Bílapartar ehf. er lítið fjölskyldufyrirtæki í hjarta Mosfellsbæjar. Það voru hjónin Ásgeir Jamil Allansson og Bára Einarsdóttir sem hófu rekstur fyrirtækisins í júní árið 1989 að Rauðavatni í þeirri mynd sem það er í dag. Sögu fyrirtækisins má þó rekja lengra aftur en það var Ali Allan Jamil Shwaiki faðir Jamils sem hóf rekstur á jörðinni árið 1977 ásamt eiginkonu sinni Sigurlaugu Ásgeirsdóttur. Í fyrstu starfræktu þau þar hænsnabú og þá síðar Bílapartasöluna að Rauðavatni og má því segja að þar séu fyrstu skref fjölskyldunnar að rekstrinum tekinn. Ali faðir Jamils sá um rekstur Bílapartasölnnar til ársins 1986 þar til hann missti heilsu og rekstur fjölskyldunnar var settur á bið í um þriggja ára skeið eða þar til Jamil og Bára hófu þar rekstur aftur, sama ár og Ali lést eftir veikindi, langt fyrir aldur fram. Það væsti ekki um partasöluna á Rauðavatni þó svo að reksturinn hafi að mestu farið fram í gömlu úpphituðu útihúsi og því oft á tíðum kalt fyrir hjónin að standa vaktina á partasölnni. Lítið mátti hafast við á jörðinni þar sem jörðin sem útihúsið stóð á tilheyrði vatnsverndarsvæði. Mikið vatn hefur þó runnið til sjávar síðan þá og í dag stendur stór hluti Norðlingaholts á jörðinni.

### Aðsetur og umhverfismál

Árið 2004 fluttist reksturinn búferlum til Mosfellsbæjar frá Rauðavatni og var það stórt stökk að koma sér fyrir í nýju húsnæði í Grænumýri 3. Fyrst um sinn voru Bílapartar ehf. nokkurn veginn útaf fyrir sig en stuttu síðar reis íbúðarbyggð við hlið partasölnnar. Því hefur mikið kapp verið lagt á það að halda umhverfismálum fyrirtækisins í góðu lagi og hlutu Bílapartar ehf. til að mynda Umhverfisverðlaun Mosfellsbæjar árið 2011.

### Starfsemin

Í fyrstu voru það allskonar tegundir bíla sem komu í portið til niðurrifs en sú stefna breyttist fljótt þar sem Jamil og Bára vildu geta haldið betur utan um rekstur fyrirtækisins. Í dag sérhæfa Bílapartar ehf. sig í sölu á notuðum varahlutum í Toyota bifreiðar ásamt því að taka við bifreiðum til úrvinnslu fyrir úrvinnslusjóð. Árið 2011 var farið út í það að nútímavæða varahlutalagerinn og frá þeim tíma hafa allir varahlutir fyrirtækisins verið skráðir inn í sérstakan varahlutagagnagrunn upp á rekjanleika.

### Mannauður

Rekstur fyrirtækisins hefur vaxið og dafnað með árunum. Í fyrstu voru það einungis Jamil og Bára sem stóðu vaktina í portinu en í dag starfa þau ásamt fjórum starfsmönnum við afgreiðslustörf partasölnnar, þeirra á meðal starfa nú synir þeirra tveir þeir Atli Jamil, Andri Jamil og Ágústa tengdadóttir þeirra. Má því með sanni segja að áhugi á bifreiðum sé ekki langt undan í fjölskyldunni.



## Bílalökkun Kópsson



Brynjar Smári Þorgeirsson, framkvæmdastjóri og eigandi.  
Ljós. B&B Kristinsson photography.

Bílalökkun Kópsson ehf. er umhverfsvænt málningar- og réttingaverkstæði staðsett að Völuteigi 11, 270 Mosfellsbæ. Fyrirtækið Bílalökkun var stofnað í janúar 1973 og var í eigu sömu fjölskyldu alla tíð eða þar til 2004 þegar núverandi eigandi keypti reksturinn. Hélt hann áfram því góða starfi sem unnið hafði verið, ásamt því að uppfæra og bæta húsa- og tækjakost til muna. Fyrirtækið var alla tíð starfrækt í Smiðjuhverfi í Kópavogi, fyrstu áratuginu að Skemmuvegi 6 og svo einnig með viðbótarhúsnæði sökum mikilla anna að Smiðjuvegi 68 Kópavogi. En breyting varð þar á í lok árs 2019 þegar reksturinn flutti í byrjun árs 2020 inn í kjarna Mosfellsbæjar. Árið 2020 var allur tækjakostur fyrirtækisins einning endurnýjaður ásamt því að fjárfest var í nýju stærra og stórglæsilegu húsnæði að Völuteig 11 í Mosfellsbæ. Fyrirtækið er því gríðarlega vel tækjum búið í dag þar sem einnig var kappkostað að gera það eins umhverfsvænt hægt var. Sem dæmi þá notum við nú nýja fullkomna og vatnskynta málningarklefa ásamt því að öll lýsing, hvort sem að utan og eða innanhúss er nú LED vædd. Þá voru tveir nýjir réttigabekkir frá Car-Oliner teknir í notkun. Allt sorp og úrgangur hverskonar fer í gegnum flokkun eftir ströngustu gæðakröfum með tilliti til minkandi mengunnar.

### Starfsemin

Fyrirtækið hefur í seinni tíð verið ansi stórtækt í hverskonar Custom breytingum á bifreiðum jafnt og á jeppum og skapað sér gott nafn og mikla sérstöðu á þeim markaði. Mikið er lagt uppúr innflutningi á varahlutum og öllu öðru er viðkemur aukahlutum og varahlutum allmennt, ásamt felgum og dekkjum er varða breytingar bifreiða sem í vinnslu er hverju sinni.

### Umhverfismál

Fyrirtækið er í farbroddi þegar kemur að annarsvegar húsakosti, tækjakosti og hin stranga umhverfisstefna sem unnið er eftir, með tilliti til mengunar enda unnið eftir ströngum gæðakröfum með náttúruna og verndun hennar að leiðarljósi.

### Eigandi og starfsfólk

Framkvæmdastjóri og eigandi er Brynjar Smári Þorgeirsson, sem er bæði með sveinspróf og meistararéttindi í bílamálun sem og bifreiðasmiði og hefur hann unnið við fagið óslitið, sem og rekstur verkstæða síðan snemma árs 1996. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 8 manns og eru allir faglærðir, bæði bifreiðasmiðir og bílamálarar, ásamt nemum í greininni, verðandi reynsluboltar í bransanum.

### Vottanir

Bílalökkun Kópsson er í dag bæði með 5 stjörnu vottun Sjóvá Almennra og BGS vottun Bílgreina-sambandsins ásamt því að vera meðlimur í FRM félagi réttingar- og málningarverkstæða. Þjónusta er við öll tryggingarfélag landsins ásamt nokkrum af stærri bílaumboðum landsins.









Afkastamikil sjálfvirk svampvottastöð sem getur þvegið 50-60 bíla á klukkustund.

## Bílaþvottastöðin Lindin



Róbert Reynisson, framkvæmdastjóri.

Bílaþvottastöðin Lindin tók til starfa um áramótin 2012-2013. Róbert Reynisson ásamt Þórði Má Jóhannessyni keyptu stöðina sem áður hét Löður, af fyrri rekstraraðila. Róbert hafði áður verið rekstrarstjóri þar. Hann þekkti vel reksturinn eftir 13 ára reynslu af bílaþvottapjónustu. Hann sá tækifæri í því að halda áfram og jafnvel að auka umsvifin.

### Þjónustan

Fólk gerir meira af því að láta þrifa bílana fyrir sig í stað þess að gera það sjálf á bílaþvottaplani eins og tíðkaðist. Bílaflotinn fer stækkandi og aukin þörf er fyrir þessa þjónustu. Róbert leggur áherslu á að halda í kúnnahópinn sem hefur vaxið frá því hann tók við rekstrinum. Styrkur fyrirtækisins liggur í hraða þjónustunnar. Viðskiptavinir þurfa ekki að bíða lengi og þrifin ganga hratt og vel fyrir sig. Mannskapurinn er samhentur, vélarnar öflugar, hraðvirkar og vinna vel á þeim óhreinindum sem bílar jafnan safna á sig. Helsta nýjungin í þjónustu Lindarinnar eru hraðþrif sem felast í því að þegar bíll hefur farið í gegnum þvottastöðina þá getur viðskiptavinurinn komið með bílinn inn á öðrum stað og fengið þrif á innanverðum bílnum á 10 mínútum. Þessi þjónusta hefur mælst afar vel fyrir. Verðinu er stillt í hóf svo margir nýta sér að láta ryksuga, þrifa mottur og innréttinguna og fá sér kaffibolla á meðan. Vert er að benda á sjálfþjónustuna sem hefur verið á efra planinu frá upphafi. Þar eru 6 básar með tækjum og réttum hreinsiefnum. Auk þessa er boðið upp á alþrif og bón eftir nánari pöntun. Allt upp í 500 bílar hafa farið í gegnum þvottastöðina sama daginn. Meðaltalið er í kringum 200 bílar á dag. Vélakosturinn er frá amerískum framleiðanda sem er einn stærsti framleiðandi bílaþvottavéla í heiminum. Vélarnar eru öflugar, hafa lága bílanatíðni og vinna vel á óhreinindum. Það er einungis svampur sem snertir bílana svo lítil hættu er á skemmdum. Mikil áhersla er lögð á að þjónusta viðskiptavinina vel. Ef bíllinn er ekki nógu hreinn eftir eina umferð í gegnum vélarnar þá fer hann bara aftur í gegn.



Hraðþrifþjónusta, ódýrari þjónusta þar sem bíllinn er þrifinn á 10-15 mín. Fyrir þá sem vilja alltaf hafa bíllinn hreinan.

### Mannauður og framtíðarsýn

Til að ná að þjónusta svona marga á bíla er mikilvægt að vera með góðan og öflugan mannskap í vinnu. 6 fastráðnir starfsmenn eru hjá Lindinni en í heildina koma 20 manns að bílaþrifunum. Opnunartíminn er frá 8-19 virka daga en 10-18 um helgar. Þessi langi opnunartími skapar rými fyrir breytilegan vinnutíma eða vaktaskipti. Unnið er eftir bónuskerfi sem er hvetjandi og hefur t.a.m. skólafólk komist í uppgrip vegna þessa. Starfsmenn halda nokkurri tryggð við fyrirtækið. Fastur kjarni starfsfólks hefur myndast og starfað lengi. Starfsmannastefnan er sú að skapa góðan anda og að allir séu samvinnufúsir. Róbert stjórnar daglegum rekstri og hefur gaman af starfinu þótt því fylgi erill og mátulega mikið stress. Tvisvar á ári gerir starfsfólkið sér dagamun með því að fara á jólahlaðborð og vorfagnaðurinn er ávallt tilhlökkunarefni. Lindin stefnir á að opna fleiri stöðvar á næstu árum.



Bónstöð, þar er bíllinn þrifinn hágt og lágt að innan sem utan.



Nýjar Honda bifreiðar til afhendingar í maí 2015.



Starfsmenn 2020. Frá vinstri: Guðbjartur Steinar Magnússon, Magnús Viggó Jónsson, Jose Daniel Santos, Reynir Sigurbjörnsson og Magnús Bára Guðmundsdóttir.

## Bílver

Bílver var stofnað á Akranesi árið 1985 sem sameignarfélag af bræðrunum Reyni Sigurbjörnssyni bifvélavirkja og Guðmundi Sigurbjörnssyni bílamálunarmeistara ásamt Guðmundi Árnasyni bifvélavirkjameistara. Tóku þeir við rekstri Bílaverkstæðis Ríkarðs Jónssonar og leigðu húsnæðið að Ægisbraut 23. Hjá þeim starfaði Sigurbjörn Guðmundsson bílamálari. Tóku þeir að sér almennar bílaviðgerðir, réttingar og bílasprautun auk þess að vera með sölu og þjónustuumboð fyrir Jöfur hf. sem seldi Chrysler-, Jeep-, Dodge-, Peugeot- og Skodabifreiðar.

### Sagan

Árið 1988 hætta þeir rekstri að Ægisbraut 23, Guðmundur Sigurbjörnsson og Guðmundur Árnason snúa sér að öðrum störfum en Reynir heldur áfram rekstri Bílvers og fær aðstöðu hjá Hjólbardaviðgerðinni sf að Dalbraut 14 fyrir sölu og þjónustu fyrir Jöfur hf.

Í nóvember 1991 kemur Guðmundur Sigurbjörnsson aftur inn í félagið og Bílver festir kaup á húsnæði að Akursbraut 11c af HB og Co hf. Húsnæðið hafði lengi verið notað sem geymsla undir salt og síldarmjöl. Ráðist var í miklar lagfæringar á húsnæðinu utan sem innan, það standsett sem verkstæði og settur var upp fullkomin sprautuklefi. Eftir endurbætur hófst starfsemin 11. apríl 1992. Guðmundur Árnason og Sigurbjörn Guðmundsson hófu aftur störf ásamt Leó Viðari Björnssyni bifvélavirkja. Seinna bættust m.a. við þeir Haukur Kristjánsson bílamálari og Marías Hjalmar Guðmundsson bílamálari. Hjá Bílver störfuðu að jafnaði 5-7 manns. Starfsemin var sem fyrr bílaviðgerðir, réttingar og bílasprautun, sölu og þjónustuumboð fyrir Jöfur hf. og frá 1995 Honda og Peugeot bifreiðar fyrir Bernhard ehf. Guðmundur Sigurbjörnsson hættir á árinu 1997. Magnús Bára Guðmundsdóttir eiginkona Reynis kemur inn sem eigandi og starfsmaður á skrifstofu, þá var fyrirtækinu breytt í eignarhaldsfélag. Árið 2002 festir Bílver kaup á húsnæðinu Akursbraut 13 sem er áfast fyrra húsnæði og þar var sett upp sýningaraðstaða fyrir nýja bíla. Í desember 2005 er húsnæðið að Akursbraut 11c selt, sem og rekstur réttinga- og sprautuverksæðisins. Í janúar 2006 er hafist handa við að byggja 1000 m<sup>2</sup> húss að Innnesvegi 1 í samstarfi við bílaumboðið Bernhard ehf. Þann 09.12. 2006 flytur Bílver í nýja húsnæðið þar sem 600 m<sup>2</sup> eru nýttir undir sýningarsal fyrir nýja Honda og Peugeot bifreiðir og verkstæði fyrir viðgerðir og þjónustu. 400 m<sup>2</sup> eru leigðir út fyrir m.a. verslun N1 til 7 ára. Kallabakarí ehf. eru núverandi leigjendur.

Samstarf við Bernhard ehf. lauk í nóvember 2019. Bílaumboðið Askja ehf, keypti Honda umboðið og Bílver hóf samstarf við Öskju ehf. um áframhaldandi sölu- og þjónustu á Honda bifreiðum. Stefnt er að því að bæta við fleiri bílategundum í komandi framtíð.

Guðmundur Árnason lét af störfum í desember 2019 og hafði þá unnið í 31 ár hjá fyrirtækinu, Leó Viðar Björnsson og Sigurbjörn Guðmundsson störfuðu hjá Bílver í um 15 ár og vann Jörgen Páll Úlfarsson einnig um árabíl. Starfsmenn árið 2020 eru fimm talsins, Reynir Sigurbjörnsson framkvæmdarstjóri og sölumaður, Magnús Bára Guðmundsdóttir forstjóri og bókhald, Magnús Viggó Jónsson bifvélavirkjameistari, Jose Daniel de Almeida Santos bifvélavirki og Guðbjartur Steinar Magnússon nemi í bifvélavirkjun.



Stofnendur Bílvers 1985. Frá vinstri: Sigurbjörn Guðmundsson, Guðmundur Sigurbjörnsson, Guðmundur Árnason og Reynir Sigurbjörnsson.



F.v.: Sigurbjörn Guðmundsson og Guðmundur Árnason 1999.



Framnúðuskipti. F.v.: Magnús Viggó og Jose Daniel Santos.



T.v.: Leó Viðar Björnsson og Haukur Kristjánsson.



Bilaverkstæðið Múlatindur.

## Bilaverkstæðið Múlatindur



Bilaverkstæðið Múlatindur á fyrstu árunum.

Að loknu sveinsprófi á Akureyri flutti Magnús Sigursteinsson, nýlega orðinn sveinn í bifvélavirkjun og konan hans Kristjana Sigurjónsdóttir ásamt syni þeirra Sigurjóni, eins og hálfis árs, til Ólafsfjarðar. Guðni Aðalsteinsson, sem lauk sveinsprófi í bílasmíði, hafði flutt frá Reykjavík og hafið störf, nokkrum mánuðum fyrr, á bilaverkstæði Ólafsfjarðar sem Svavar Gunnarsson tengdasonur Sigurðar Baldvinssonar útgerðamanns í Ólafsfirði stofnaði. Var það von Magnúsar að fá starf hjá Svavari en ekki gekk það eftir. En þetta þróaðist þannig að Magnús fékk fjölmargar beiðnir um að gera við bíla, bæði smá og stór verk. Fékk hann að vera inni í fiskimjölsverksmiðjunni þegar ekki var vinnsla í gangi. Þróaðist þetta svo þannig að Magnús og Guðni ákváðu að fara út í rekstur og var bilaverkstæðið Múlatindur stofnað í ársbyrjun 1961.

### Starfsemin og húsnæði

Starfssviðið var bílaviðgerðir og bílasmíði ásamt viðgerðum á vinnuvélum og landbúnaðartækjum. Bílasmíðin fólst aðallega í yfirbyggingum á Willis jeppum. Magnús tók að sér að gera upp vél í Ford vörubíl fyrir Eggert Pálsson, bíllinn var geymdur í stórum beitningaskúr norðantil í frystihúsi Magnúsar Gamalíesar. Magnús lofaði þeim að vera með viðgerðaraðstöðu þar á meðan á byggingu verkstæðishúss þeirra stóð yfir. Byrjunarörðugleikar voru margir, ótal ljón í veginum. Á sjómannadaginn 1961 hófst bygging hússins, sem sagt að grafa fyrir sökklinum og vitanlega með haka og skóflu, því engin skurðgrafa var til í bænum. Steypumölin var sótt í fötur í fjörunni sunnan og neðan við Brimnes og unnið var sleitulaust um kvöld og helgar þar sem þeir voru ákveðnir í að koma húsinu upp fyrir veturinn. Nutu þeir aðstoðar fjölmargra góðra aðila við byggingu hússins og þegar það kom að þakinu þá kom Ásgeir Ásgeirsson í fyrirtækið með okkur og sá um reikninga og bókhald. Eins aðstoðaði hann við bygginguna. Í byrjun október var húsið orðið fohelt og þó svo að húsið væri óklárað innandyra þá var strax byrjað að vinna við bílaviðgerðir. Það var sár þörf á tekjum að halda, því lánsfé lá ekki á lausu á þessum tíma. Veturinn var svo nýttur í að ganga frá innandyra um kvöld og helgar. Ásgeir hættir í fyrirtækinu í kjölfarið og snýr sér að stærra verkefni og gerist bæjargjaldkeri Ólafsfjarðar. Í gegnum tíðina hefur oft þurft að stækka húsið og aðlaga það að breytingum í bílageiranum og aukinni tækni í viðgerðum og tækjabúnaði. Árið 2009 var byggt fullkomið sprautuverkstæði.

### Mannauður

Í dag eru 7 starfsmenn, fjórir karlmenn og þrjár konur. Hjördís sér um skrfstofustörf, bókhald og varahlutapantanir, Bergdís er með sveinspróf í bílamálun, Emillía vinnur ýmist við viðgerðir eða málningarundirbúning, Sigursteinn, bifvélavirkjameistari, sér um verkstjórn og viðgerðir, Jón, sveinn í bifvélavirkjun, Sigurbjörn, sveinn í bifvélavirkjun og Baldur sér um ýmis störf sem vinna þarf við verkstæðið. Í dag eru hluthafarnir þrír, Magnús Sigursteinsson, Sigursteinn Magnússon og Sigurjón Magnússon.



Í upphafi voru stafs menn 4-5 en í dag eru þeir 13. Þetta er þéttur hópur sem hefur starfað saman lengi og er því starfsmannavelta lítil. Meiri hluti starfsmanna nú eru frá Póllandi en samstarf og samvinna hefur gengið mjög vel. Sumir þessara pólsku starfsmanna haf lært ágætis íslensku sem auðveldar öll samskipti.



Sverrir í nýju húsnæði Nýsprautunar árið 2019. / Ljós m. Pket.

## Nýsprautun

Nýsprautun ehf. er bílaverkstæði sem annast almennar bílaviðgerðir, bílaréttingar, bílasprautun og hefur einnig með höndum bílasölu. Félagið var stofnað 1999 af þeim Sverri Gunnarssyni og Magnúsi Inga Jónssyni, en frá 2001 hefur Sverrir Gunnarsson verið einn eigandi félagsins. Í upphafi keypti Nýsprautun áhöld og tæki af BG Bílakringlu og tók á leigu rúmgott húsnæði þess félags, en um var að ræða fullbúið réttingar- og málningarverkstæði sem þótti bylting á sínum tíma. Árið 2005 flutti Nýsprautun úr Grófinni að Fitjum, eða Njarðarbraut 15 í Reykjanebæ, en þá hafði félagið fest kaup á viðkomandi fasteign og sett upp fullbúið réttingar- og sprautuverkstæði. Fyrirgreindar breytingar lutu að því að gera reksturinn markvissari og skilvirkari.

### Vinnulag og framleiðsluferli

Vinnuáferðir hafa breyst á þessum árum og eru viðgerðir orðnar flóknari, tæknilegri og krefjast því enn meiri sérhæfingar og tæknimenntunar. Þar má nefna aukna hlutdeild rafmagnsbíla en í viðgerð slíkra bíla þá þarf að aftengja í þeim allt rafmagn vegna háspennu, áður en unnið er við burðarvirki. Þá hefur kostnaður við viðgerðir aukist, þar sem allur búnaður bifreiða er nú dýrari en áður var vegna aukinna gæða- og öryggiskrafna. Nýir verkferlar hafa því verið innleiddir með nýjum tækjum og eignum. Þá er reynt að nýta alla þá endurmenntun og námskeið sem bjóðast, þótt vissulega megi alltaf gera betur. Þörf væri á aukinni fræðslu frá umboðunum þegar nýir bílar koma á markað til að stuðla að bættri þjónustu.

### Velta og hagnaður

Fyrsta árið var velta félagsins 47 milljónir, en 2020 var veltan komin í um 295 milljónir að bílasölu milli ára. Veltuaukning milli ára 2019-2020 var þannig 59,5% en velta hinnar nýju einingar, bílasölu kemur þar sterk inn í myndina. Covid hefur haft talsverð áhrif á rekstur Nýsprautunar eins og önnur fyrirtæki en félagið hefur ekki þurft að nýta sér rekstrarleg úrræði stjórnvalda, eins og fjölmörg fyrirtæki hafa þurft að gera. Covid tímabilið hafði í för með sér gríðarlega fækkun tjóna sem, m.a. hafði áhrif með þeim hætti á rekstur Nýsprautunar.

### Framtíðin

Viðfangsefnið framundan eru fjölbreytt í takt við þróun bifreiða og þær nýjungar sem henni fylgja. Stefnir er að því að auka þjónustuna enn frekar og gera hana skilvirkari með stafrænum hætti svo sem með innleiðingu fleiri gæðakerfa og staðla, m.a. í samstarfi við Bílgreinasambandið, en Nýsprautun hefur frá upphafi verið aðili að þeim samtökum. Rafbílavæðingin er nú í næstu framtíð helsta áskorunin, en jafnframt er horft til bíla sem nota aðra orkugjafa, s.s. metanbíla. Áskorun framtíðarinnar er eins og svo oft áður háð óvissunni í þróun tækni og búnaðar en því er nauðsyn að efla endur- og símenntun starfsmanna, fylgja tækniþróun í tækjum og búnaði þannig að Nýsprautun verði sem best undirbúin undir þær áskoranir sem framtíðin ber í skauti sér.



Árið 2019 bættust við 1000 fermetrar þegar fyrirtækið festi kaup á húsnæði Heklu hf. að Njarðarbraut 13 og flutti hluta starfsemi sinnar þangað, ásamt því að opna þar fullbúna bílasölu. Umsvif fyrirtækisins hafa aukist tölvert ár frá ári bæði í tengslum við fjólföldun á Suðurnesjum, aukinnar starfsemi bílaleiga á svæðinu, sem og með aukinni markaðshlutdeild félagsins.



Frá opnun Nýsprautunar í Heklu. / Ljós m. Pket.



Þetta eru þeir sem hlotið hafa menntun í rafmagnsbílum. Frá vinstri: Jón Arnar Magnússon, Þorsteinn Sigurðsson, Ívar Logi Birgisson, Brynjar Steinn Magnússon, Halldór Þ. Ásmundsson verkstjóri, Helgi Rúnar Halldórsson, Aron Sigurbórsson og Viggó Smári Pétursson.

## Bílson



Bjarki Harðarson, framkvæmdastjóri.



Það komu allskonar bílar til okkar í stillingu í gamla daga, þessi mynd er frá 1994.



Forgreining.

Bílson verkstæðið er stofnað 2. nóvember 1984 af Guðmundi Loga Óskarssyni og Hilmari Harðarsyni. Það var fyrst til húsa í 80 fm húsnæði sem leigt var af Bæjarleiðum að Langholtsvegi 115 í Reykjavík. Bjarki Harðarson ásamt Jóni Erni Valsyni kaupa svo helminginn af rekstrinum í apríl 1985 af Hilmari. Ári síðar í apríl 1986 kaupa þeir Bjarki og Jón Örn hinn helminginn af Guðmundi Loga. Bjarki kaupir svo Jón Örn út 1988. Jón kom aldrei að daglegum rekstri.

### Sagan

Fyrstu árin var lagt upp með að sinna eingöngu véla-, hjóla- og ljósastillingum á öllum bifreiðum. Á árinu 1988 vorum við farnir að sinna almennum viðgerðum á öllum tegundum bifreiða. Fljótlega urðu starfsmenn þeir og á endanum fjórir þannig að við unnum kappklæddir, því ekki var hægt að loka dyrunum út. Nýting á húsnæði var fullnýtt. Á þessum árum breyttist bílaframleiðsla mikið og tölvuvæðingin yfirtók allar stýringar í ringum allan vélbúnað. Þetta urðu þung ár vegna skorts á þekkingu. Þá var ekkert net og ekki hægt að vafra um netið í leit að upplýsingum. Námskeið voru af skornum skammti og sú þekking á nýjum bifreiðum kom eingöngu í gegnum bílaumboðin. Á þessum árum höfðum við verkefnið en engar upplýsingar. En bifvélavirkjar á Íslandi tókust á við þessa nýju veröld með eingöngu áráðni og kjark að vopni. Seinna komu til námskeið í gegnum Bílgreinasambandið.

Um áramótin 1989-1990 flutti fyrirtækið aðsetur sitt í leiguhúsnæði að Ármúla 15, í 250 fm húsnæði með möguleika á stækkun sem endaði í 400 fm. Gerður var þjónustusamningur við Heklu 1991 um þjónustu við öll þeirra vörumerki, Volkswagen, Audi og Mitsubishi. Starfsmenn urðu fimm. Skoda bættist svo við 1998. Þá var orðinn aðgangur að öllum tækninámskeiðum. Við festum kaup á húsnæðinu 1996. Húsnæðið var stækkað í 400 fm og starfsmönnum fjölgað í 8. Starfsemin er í Ármúlanum til ársloka 2012 en þá var keypt húsnæði að Kletthálsi 9 og starfsemin flutt þangað í 1.400 fm húsnæði. Starfsmenn urðu 18. Byggð var forgreining þar sem sýnileiki er á öll verk úr móttöku og eins úr forgreiningu fram í aðalsal. Gæðæftirlit er framkvæmt á öllum bifreiðum áður en þær eru afgreiddar út.

### Þróun og menntun starfsmanna

Áfram heldur þróun bílgreinarinnar. Starfsmenn tóku fyrstu rafbílanámskeiðin 2014. Á árinu 2015 hættum við að sinna Mitsubishi og erum eingöngu í VW og Skoda í dag. Þekkingin er orðin mjög breið í þeim vörumerkjum. Sex starfsmenn hafa þegar þetta er skrifað lokið námskeiðum í rafmagnsbílum og hafa nafnbótina „Master Technician“. Fyrirtækið er að standast alla staðla framleiðenda bæði hvað varðar þekkingu, aðstöðu og tækjabúnað. Í dag er allur búnaður tölvustýrður en það á við bæði vél, skiptingar og drifbúnað. Breytingin á starfsgreininni hefur verið í þá veru að bifvélavirkjar þurfa að vera bæði snjallir kunnáttumenn í tækni jafnt sem handverksmenn. Námið er þannig að grunnurinn er kenndur í skólanum en þekkingin kemur svo með endalausum námskeiðum og reynslu. Námi bifvélavirkjans lýkur aldrei, þróunin er mjög kvik og breytingar á samgöngutækjum í stöðugri þróun. Við höfum alltaf tekið nema í starfsþjálfun eftir skóla og skilað þeim í gegnum sveinspróf. Margir



Húsnæði Bilson, Kletthálsi 9.

af þessum einstaklingum hafa svo unnið hjá okkur á annan áratug og margir þeirra eru enn við störf hjá okkur. Elsti starfsmaðurinn fyrir utan Bjarka hætti störfum í lok árs 2021 eftir rétt tæp 30 ár hjá Bilson. Það er tækniamaðurinn Sveinn Tómasson. Á síðasta ári misstum við móttökumanninn okkar, Hauk Skæringsson sem varð bráðkvaddur. Var í vinnu á föstudegi en dó á sunnudagsmorgni. Hann var búinn að vinna hjá okkur á annan áratug. Hans er sárt saknað. Yfirverkstjóri er Halldór Þ. Ásmundsson sem starfað hefur hjá okkur frá 2006.

### Viðurkenningar

Bilson hefur hlotið viðurkenningu Credit Info s.l. 4 ár sem fyrirmyndarfyrirtæki. Þegar forvarnarverðlaun VÍS voru fyrst veitt 2010 þá hlotnaðist Bilson sá heiður að fá viðurkenningu fyrir góðan árangur í öryggis og forvarnarmálum áhættumati, atvikaþráningu, innbotavörnum, brunavörnum og umgengni. Fyrirtækið hefur verið athugasemdalest í úttekt Vinnueftirlitsins frá upphafi. Bilson hefur einnig staðist gæðaúttekt BÍlgreinasambandsins alla tíð. Verkstæðið hefur haft heimild til endurskoðunar bifreiða eftir aðalskoðun frá því að sú heimild var fyrst veitt til verkstæða 1988 að undangenginni gæðaúttekt.

### Framtíðarsýn

Við vinnum í öllum mögulegum aflagjöfum, s.s. bensín, diesel, metan og rafmagnsbílum. Tæknivinna og ábyrgðarviðgerðir eru margvíslegar. Við erum alltaf endastöð í tæknimálum þar sem við höfum fullan aðgang að öllum tækniupplýsingum framleiðenda. Einnig erum við að standa alla staðla sem okkar framleiðendur gera sem snúa að öllum gæðamálum. Framtíðin í greininni fyrir okkur er mjög björt. Búið er að búa í haginn fyrir næstu ár, því það sem komið hefur út úr rekstrinum alla tíð hefur verið varið í að byggja upp innviði fyrirtækisins. Í dag er allur tækjabúnaður og menntun til að sinna rafmagnsbílum til staðar í húsinu ásamt hleðslu og hraðhleðslustöðvum. Það er skrytið til þess að hugsa að það tekur einn mannsaldur að byggja upp gott fyrirtæki en um leið horfir maður um öxl og hugsar hvað það væri gaman að vera 30 árum yngri með tækifærið í höndum sem búið er að skapa.

„Á fyrstu árunum þegar ekki var nóg að gera, þá fór maður út á verkstæðisbílum í mikilli úrkomu og dró til sín bilaða bíla sem lágu ógangfærir í vegkantinum. Í dag er svo mikið að gera að við komumst ekki út úr húsi á opnunartíma. Grunntónninn í rekstrinum er, vertu góður við alla sem þú mætir á leiðinni upp, því þegar upp er komið, þá er bara ein leið, niður, þá mætir þú þeim öllum aftur,“ segir Bjarki.



Bjarki Harðarson tekur við Forvarnarverðlaunum VÍS árið 2010.



Bjarki Harðarson og Halldór Þ. Ásmundsson með viðurkenninguna Framúrskarandi fyrirtæki 2019.



Rafbílaþjónusta, Aron Sigurbórsson og Helgi Rúnar Halldórsson.



Stjórnin 2020. Frá vinstri: Kristdór Þór Gunnarsson, Fjóla Sigurðardóttir, Gunnar Kristdórsson, Elín D. Gunnars Völjaots og Þorgeir Jóhannesson. / Ljósmyndari. Auðunn Ljósmyndari.



Gunnar Kristdórsson í Dekkjahöllinni í júní 1988. / Ljósmyndari. Gylfi Kristjánsson.

## Dekkjahöllin



Kristdór Þór Gunnarsson og Stefán Gunnarsson í kringum 1995.

Dekkjahöllin var stofnuð af Gunnari Kristdórssyni og er nú í eigu hans og fjölskyldu hans. Konan hans, Fjóla Sigurðardóttir, starfar einnig í fyrirtækinu, sem og þrjú börn hans, Elín Dögg, Kristdór Þór og Stefán. Barnabörnin taka jafnvel til hendi ef þörf er á, sannkallað fjölskyldufyrirtæki.

### Sagan

Gunnar Kristdórsson opnaði fyrst hjólbarðapjónustu í bílskúrnunum heima hjá sér á Akureyri haustið 1982. Tveimur árum seinna var byggt húsnæði fyrir reksturinn í Draupnigötu 5 og þá fékk fyrirtækið nafnið Dekkjahöllin. Þar er ennþá starfsrækt þjónustumiðstöð og aðalskrifstofur fyrirtækisins. Húsnæðið sem Gunnar byggði í Draupnigötu var talið ágætlega stórt á sínum tíma, 6 þjónustubil, en ekki leið á löngu þar til það dugði ekki til og var þá byggt við árið 1991. Eftir það var húsnæðið orðið tæpir 650 m<sup>2</sup> að flatarmáli og samtals 10 þjónustubil. Árið 1993 var ákveðið að bæta við þjónustugreinum og smurþjónusta og bílapvottur urðu fyrir valinu.

Árið 1998 var ákveðið að fara í útrás á önnur landsvæði og var þá Hlébarðinn ehf. í Fellabæ á Austurlandi keyptur. Markaði þetta fyrstu skref fyrirtækisins á Austurlandi, en árið 2002 var rekstur Sóldekkis í Þverkleppum 2 á Egilsstöðum einnig yfirtekin og þar hefur verið byggt upp úrvals þjónustuverkstæði fyrir Austfirðinga, með hjólbarða- og smurþjónustu. Á þessum árum jókst umfang fyrirtækisins enn frekar og það kallaði á stækkun húsnæðis. Hluti af Draupnigötu 3 var keyptur og byggt tengibygging milli húsa árið 2000. Árið 2004 var síðan byggt við á Egilsstöðum.

Fyrsta þjónustuverkstæði fyrirtækisins í Reykjavík var opnað árið 2008 í Skeifunni 5. Fjórum árum síðar, vorið 2012, var opnað annað verkstæði í Skútuvogi 12. Aukin þjónusta, sala og innflutningur hefur kallað á enn frekari stækkanir fyrirtækisins. Á Egilsstöðum var húsnæði að Þverkleppum 3 keypt og síðan Draupnigata 1 á Akureyri. Í dag er reksturinn í 6400 fm, þar af er um 75% í eigin eigu. Þjónustubílin eru um 30 talsins. **Vefsíða: dekkjahollin.is**

### Vörur og þjónusta

Í Dekkjahöllinni hefur ávallt verið lögð rík áhersla á fljóta og góða þjónustu. Jafnframt er áhersla á að selja úrval af vönduðum og góðum dekkjum fyrir kröfuharða ökumenn. Fjórar þjónustustöðvar eru nú í rekstri, á Akureyri, Egilsstöðum og tvær í Reykjavík. Dekkjahöllin er auk þess innflutningsfyrirtæki og flytur inn dekk fyrir flestöll farartæki, t.d. fólksbíla, jeppa, sendibíla, vörubíla og ýmsar búvélar. Jafnframt flytur fyrirtækið inn tengdar vörur sem tengjast rekstrinum, s.s. felgur, loftskynjara og margvíslegar rekstrarvörur.

Að síðustu má nefna að fyrirtækið er söluaðili fyrir tvo vandaða evrópska kerruframleiðendur. Upp úr aldamótum hófst vinna við að finna gæðakerrur til að selja, en í gamla daga hafði Gunnar smíðað og selt kerrur og taldi það passa vel með öðrum þjónustugreinum fyrirtækisins. Í dag selur fyrirtækið samsettar kerrur í flestum stærðarflokkum.





Haraldur H. Guðbrandsson og Guðjón B. Ásmundsson fyrir framan Dekkjahöllina í Skútuvogi 12 í Reykjavík.



Dekkjahöllin á Akureyri, fólksbílalalur um 200.5

### Framúrskarandi og til fyrirmyndar

Gunnar er frumkvöðull sem leggur mikla áherslu á fljóta og góða þjónustu en hann hefur einnig lagt áherslu á ábyrgan rekstur. Miklu máli skipti að greiða reikninga á réttum tíma og halda skuldum í lágmarki. Því kom það ekki á óvart þegar fyrirtækið fékk útnefningu sem Framúrskarandi fyrirtæki frá Credit-info, strax árið 2010 þegar þeir hófu að veita slíkar viðurkenningar og hefur fengið þær alla tíð síðan. Jafnframt hefur fyrirtækið fengið árlega útnefningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri frá Viðskiptablaðinu og Keldunni síðan 2017.

### Mannauður

Mannauður fyrirtækisins er verðmætur og fjölmargir starfsmenn hafa fylgt fyrirtækinu í áratugi. Uppsöfnuð reynsla starfsmanna er gríðarleg. Til gamans má nefna að samanlagður starfsaldur þeirra 27 fastráðnu starfsmanna í lok árs 2020 eru tæp 275 ár eða 10 ár að meðaltali. Í félags- og framkvæmdastjórn í árslok 2020 eru eftirfarandi: Gunnar Kristdórsson, Fjóla Sigurðardóttir, Elín Dögg Gunnars Völjajots, Kristdór Þór Gunnarsson og Þorgeir Jóhannesson.



Kristdór Þór Gunnarsson í Dekkjahöllinni á Egilsstöðum.



Stefán Jónsson, Stefán Gunnarsson, Elín Dögg Gunnars, Fjóla Sigurðardóttir, Þorgeir Jóhannesson og Jóhann Jónsson í afgreiðslu Dekkjahallarinnar á Akureyri. / Ljósmynd. Auðunn ljósmyndari.



## Frumherji



Frumherji hf. hefur veirð rekinn í núverandi mynd frá árinu 1997. Það ár voru um 50 starfsmenn hjá fyrirtækinu og starfaði eingöngu á einu sviði, bifreiðaskoðun. Nú er fyrirtækið með rúmlega tvöfalt fleiri starfsmenn og starfar á mörgum sviðum. Þennan tíma hefur ýmislegt drifið á daga fyrirtækisins og er því lýst hér í stuttu máli. Þann 4. febrúar 1997 varð til fyrirtæki úr uppskiptingu Bifreiðaskoðunar Íslands hf. í tvö félög. Annað fékk nafnið Bifreiðaskoðun hf. og tók við bifreiðaskoðunarhlutanum og hitt fékk nafnið Skráningarstofan hf. og tók við ökutækjaskránni og stjórnsýsluhlutverkinu. Bifreiðaskoðun hf. skipti um nafn ári síðar og heitir nú Frumherji hf. Skráningarstofan hf. heitir nú Samgöngustofa (áður Umferðarstofa). Fyrstu eigendur Frumherja hf. voru þeir sömu og átt höfðu Bifreiðaskoðun Íslands hf., þ.e. íslenska ríkið átti helmingshlut á móti ýmsum aðilum, flestum úr bilgreininni. Stærstu hlutarnir voru í eigu tryggingafélaganna. Ríkið tók þó fljótlega ákvörðun um að selja sinn hlut.

Fyrstu stjórnendur Frumherja hf. komu úr starfslíði Bifreiðaskoðunar Íslands hf. og varð Óskar Eyjólfsson fyrsti framkvæmdastjóri félagsins.

### Starfsemin

Fyrirtækið setti sér strax þá stefnu að vera leiðandi á sviði skoðana og prófana hér á landi. Strax árið 1997 var **Lögmælisviðið** stofnað, sem gengur nú undir nafninu Prófunarstofan, utan um löggildingar á vogum og eldsneytisdeilum. Þessi starfsemi hafði áður verið hjá Löggildingastofu áratugum saman og keypti Frumherji hf. allan búnað frá stofunni eftir útboð og réði til sín þá þrjá starfsmenn. Árið 1997 voru keypt tvö félög á sviði rafmagnsskoðana og nýtt svið, **Rafmagnssviðið**, stofnað. Þetta voru félagin Skoðun hf. og Skoðunarstofan hf. Bæði höfðu þau starfað á markaði í nokkur ár og mikil og góð reynsla hjá þeim 5 starfsmönnum sem unnu hjá félagunum. Árið 1997 var jafnframt keypt fyrirtæki á sviði matvælskoðana í sjávarútvegi, Nýja skoðunarstofan ehf. Þetta félag var rekið áfram sem sjálfstætt dótturfélag Frumherja hf. í nokkur ár. Íslenska ríkið seldi helmingshlut sinn í Frumherja strax á árinu 1997 og átta starfsmenn m.a. kost á að kaupa. Félagið var fljótlega skráð á Vaxtarlista Verðbréfabings Íslands hf. en var afskráð árið 2001 vegna þess að stjórn þess taldi að væntingar um virk viðskipti með bréf félagsins hefði ekki gengið eftir. Í framhaldinu var félagið skráð á tilboðsmarkað Verbréfabingsins og var þar til loka árs 2002, en þá afskráð. Framkvæmdastjóri Frumherja hf., Óskar Eyjólfsson, keypti svo félagið síðla árs 2002 og átti það til 2007.

Í lok árs 2000 ákvað Orkuveita Reykjavíkur að bjóða út sölu á búnaði og þjónustu vegna notkunarmælinga á raf- og hitaorku, heitu- og köldu vatni. Frumherji hf. gerði hagstæðasta boð og stofnaði **Orkusviðið** fyrir þessa starfsemi árið 2001. Prófanir á mælitækjum fóru þó undir hatt Prófunarstofunnar. Hluti húsnæðis á Hesthálsi 6-8 voru teknar undir þessa starfsemi og m.a. smíðaðar tvær nýjar prófunarstofur og nýir prófunarþekkir keyptir til að sinna prófunum á rafmagns- og vatnsmælum. Árið 2006 var samningurinn framlengdur um eitt ár og svo var verkefnið boðið út á ný vorið 2007. Frumherji hf. var aftur með hagstæðasta





tilboðið og nýr samningur var undirritaður um þjónustu til 7 ára. Verkefnið stóð allt til ársins 2015 þegar síðari samningurinn rann út og Orkuveitan ákvað að sjá sjálf um rekstur mælanna á ný. Frumherji á og rekur þó enn mælasöfn fyrir allmargar veitur um allt land.

Árið 2001 var framkvæmd ökuþrófa boðin út af ríkisvaldinu. Frumherji hf. átti hagstæðasta boð og réð til sín stóran hluta af þeim prófdómurum sem störfuðu um land allt. Verkefnið var upphalega til þriggja ára en með ákvæðum um framlengingar. Það var síðan ekki fyrr en árið 2017 að verkefnið var boðið út að nýju og aftur tryggði Frumherji sér samninginn.

Árið 2003 var **Matvælasviðið** stofnað þegar Nýja skoðunarstofan ehf., dótturfélag Frumherja hf., rann inn í félagið. Starfsmenn voru 5 á þessum tíma. Árið 2004 var **Skipaskoðunarsviðið** stofnað. Þá hafði verið ákveðið að færa stærstan hluta skipaskoðana sem sinnt hafði verið af Siglingastofnun Íslands yfir til faggiltra skoðunarstofa. Frumherji hf. hóf starfsemina með 5 þalværum starfsmönnum sem verið höfðu hjá Siglingastofnun Íslands og byggði þjónustu sína þannig á traustum grunni. Árið 2006 urðu framkvæmdastjóranskipti þegar Orri Hlökkversson tók við af Óskari Eyjólfssyni sem settist í stjórn. Árið 2007 seldi Óskar Eyjólfsson Frumherja hf. og var kaupandinn Spector ehf.

Sama ár réðist fyrirtækið í kaup á norska bílabjörgunarfyrirtækinu Viking. Um var að ræða gamalgróið fyrirtæki, eitt af þremur stórum aðilum á norska bílabjörgunarmarkaðinum. Þetta fyrirtæki var svo selt þremur árum síðar. Árið 2010 var **Bílahjálparsviðið** stofnað. Hugmyndin fæddist eftir kynni stjórnenda af Viking í Noregi. Markmiðið var að þróa svipaðan bílabjörgunarmarkað og var í Noregi. Árið 2014 var starfsemin seld til Króks ehf.

Árið 2011 var **Fasteignaskoðunarsviðið** (síðar byggingadeild) stofnað. Byggingadeild býður upp á ástands- og sölukoðanir fasteigna fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Ennig býður deildin upp á úttektir á gæðakerfum í byggingariðnaði.

Snemma á árinu 2013 var Matvælasviðið lagt niður, en þá hafði hið opinbera ákveðið að færa matvælaschoðanir aftur inn til ríkisins.

Í lok árs 2013 lauk fjárhagslegri endurskipulagningu Frumherja hf., en hún hafði staðið yfir frá efnahagshruni. Eftir endurskipulagninguna átti Íslandsbanki 80% hutaþjár í Frumherja á móti 20% hlut sem Orri Hlökkversson og Ásgeir Baldurs áttu í gegnum félög sín.

Í beinu framhaldi var félagið sett í söluferli sem lauk í júní 2016 þegar gengið var frá kaupum SKR1 ehf. á öllu hlutafé Frumherja hf. Eigandi SKR1 ehf. er Tiberius ehf. (95%) og Álfhvarf ehf. (5%).

Í kjölfar eigendakiptanna árið 2016 var ákveðið að selja höfuðstöðvar Frumherja hf. að Heshálsi. Skrifstofur félagsins voru fluttar að Þarabakka 3 í kjölfarið á sölunni og á móti skoðunarstöðinni sem starfrækt var á Heshálsi voru opnaðar tvær nýjar stövar í Reykjavík. Á sama tíma var ráðist í endurskoðun á þjónustuneti bifreiðaskoðunar á höfuðborgarsvæðinu sem lauk um mitt ár 2020.





Klettur hefur unnið með hjólbarða í marga áratugi og er meðal elstu umboðsaðila Goodyear í Evrópu.

Hjá Kletti er mikið lagt upp úr góðri þjónustu og hefur það verið lykilinn að farsæld félagsins í gegnum tíðina, Ingimundur Jónsson.

## Klettur - sala og þjónusta



Eigendur frá vinstri: Knútur G. Hauksson forstjóri, Bjarni Arnarson framkvæmdastjóri sölusviðs, Sveinn Símonarson framkvæmdastjóri þjónustusviðs, Birgir Sigurðsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs.

Saga Kletts - sölu og þjónustu og forvera félagsins nær aftur til 1947 og er því óhætt að segja að félagið byggi á traustum grunni sérhæfðar þekkingar og reynslu. Árið 2010 markaði nýtt upphaf en þá hófst starfsemi Kletts sem tók yfir allan rekstur vélasviðs Heklu. Allar götur síðan hefur Klettur verið leiðandi í sölu og þjónustu sem nær yfir breiða línu vinnuvéla, aflvéla, rafstöðva, lyftara, rafgeyma, hleðslukrana, hjólbarða, vöruflutninga- og hópferðabíla, gíra og skrúfubúnaðar. Klettur býður einnig upp á ýmsan hliðarbúnað og fylgihluti frá þekktum vörumerkjum.

### Starfsfólk og mannauður

Helstu styrkleikar Kletts liggja í mannauðnum en félagið hefur á að skipa metnaðarfullu og hæfileikaríku starfsfólki sem býr yfir áralangri reynslu og mikilli sérþekkingu sem nýtist á hverjum degi. Hjá Kletti eru ríflega hundrað starfsmenn í fjölbreyttum störfum. Á fimmta tug bifvéla- og vélvirkja starfa hjá félaginu og tæplega þrjátíu við hjólbarðaðþjónustu. Önnur starfsgildi eru sérfræðistörf í tæknimálum og fjöldi starfa á þjónustusviði, við sölu, á lager, á skrifstofu og í yfirstjórn félagsins. Hjá Kletti er mikið lagt upp úr menntun starfsmanna. Til að mynda njóta starfsmenn verkstæðisins símenntunar sem er fólgin í fjölda námskeiða hjá helstu birgjum félagsins. Klettur er í eigu Knúts G. Haukssonar forstjóra, Birgis Sigurðssonar fjármálastjóra, Bjarna Arnarsonar sölu- og markaðsstjóra og Sveins Símonarsonar þjónustustjóra.

### Starfsstöðvar, samstarfsaðilar og gæðavottanir

Starfsstöðvar Kletts eru 6 talsins. Húsnæði félagsins í Klettagörðum 8-10 er stærst en það er sérhannað fyrir starfsemina og þá úrvalþjónustu sem Klettur státar af. Klettur Norðurland opnaði á Akureyri árið 2018 en þar er rekin varahlutaverslun og þjónustuverkstæði. Hjólbarðaverkstæði Kletts eru í Klettagörðum, Suðurhrauni Garðabæ, Lynghálslí og í Hátúni og hjólbarðalager í Holtagörðum. Viðskiptavinir í öðrum landshlutum koma ekki að tómunum kofanum hjá Kletti því félagið er í samstarfi við þjónustuaðila víða um land auk þess sem Klettur hefur á að skipa sérútbúna þjónustubíla 11 talsins þar af einn best búna smurþjónustubíl sem völ er á tilbúna að þjónusta viðskiptavinum hvar sem er á landinu. Klettur starfar samkvæmt ströngustu kröfum helstu birgja félagsins. Þannig hefur starfsemi Kletts til að mynda hlotið hæstu mögulegu einkunnir hjá Caterpillar fyrir þætti sem snúa að hreinlæti, mengunarvörnum og meðhöndlun spilliefna, auk þess sem hún er með fulla vottun frá Scania sem staðfestir gæði og hátt þjónustustig (Dealer Operating Standard – DOS).

**Sölusvið** - Klettur er m.a. umboðsaðili fyrir Caterpillar og Scania á Íslandi. Caterpillar er eitt stærsta og þekktasta vörumerkið í vinnuvélaheiminum og varla er sú stórfamkvæmd sem hefur verið ráðist í hér á landi sem hefur ekki haft Caterpillar eða Scania á vinnusvæðinu. Viðskiptasamband Kletts og helstu birgja félagsins nær marga áratugi aftur í tímann sem skipar Kletti sess meðal elstu umboðsaðila þeirra vörumerkja í Evrópu. Stoðirnar í sölu Kletts eru vörur frá Scania síðan 1995 (vörubílar, bátavélar, strætisvagnar og rútur), vörur frá Caterpillar síðan 1947 (vinnuvélar, bátavélar, skipavélar rafstöðvar), aðrar vörur frá Caterpillar síðan 1992 (lyftarar og vöruhúsatæki) og vörur frá IR síðan 1980 (loftpressur og loftkerfi). Markmið Kletts er að vera leiðandi í sölu á tækjum og búnaði til aðila í þeim mörgu atvinnugreinum



Starfsfólk Kletts býr yfir áralangri reynslu og mikilli sérþekkingu sem nýtist á hverjum degi, Ólafur Eir Ásgerðarson.



Scania metan vörubílum og strætisvögnumfer fjölgandi hér á landi.



Hjá Kletti eru ríflega hundrað starfsmenn í fjölbreyttum störfum, Guðmundur Oddgeir Indriðason.

sem félagið þjónustar. Þannig hefur Klettur t.a.m. útvegað lausnir sem snúa að verktöku, flutningum, vörumeðhöndlun, landbúnaði, vetrarþjónustu og vélbúnaði fyrir varafll og sjávarútveg. Undanfarin 19 ár hefur félagið verið leiðandi á markaðnum í flokki stórra vörubíla sem eru 16 tonn og yfir. Nánast allir bílarnir eru afhentir fullútbúnir til notkunar með hvers konar ábyggingu. Mætti þar helst nefna vörukassa frá SKAB og Närko, HIAB hleðslukrana, gámakróka frá Joab og Multilift og loks efnispalla, malarvagna, vélarvagna og sérútbúna steypueiningavagna frá Sörling, Zetterbergs og Langendorf.

**Þjónustusvið** - Klettur þjónustar meðal annars fagaðila í jarðvinnu, vöruflytningum og vörudreifingu ásamt því að sinna iðnfyrirtækjum og verkstæðum. Klettur býður jafnframt upp á alhliða þjónustu og smur fyrir fólksbíla, vörubíla, rútur, vinnuvélar, krana, bátavélar, gíra, loftpressur, landbúnaðartæki og almenn atvinnutæki. Klettur býr yfir einu fullkomnasta verkstæði landsins með 26 innkeyrsluhurðum í Klettagörðum í Reykjavík og 11 þjónustubifreiðum, þar af einum sérútbúnum smurþjónustubíl sem getur mætt á verkstað viðskiptavina hvert á land sem er og skipt um olíu, ásamt því að taka til baka alla úrgangsolíu. Einnig er Klettur með velútbúið verkstæði og smurstöð á Hjalteyrargötu á Akureyri ásamt 4 þjónustubifreiðum sem þjóna norðaustur hluta landsins. Hjá Kletti er mikið lagt upp úr góðri þjónustu og hefur það verið lykilinn að farsæld félagsins í gegnum tíðina. Útkallsþjónusta er í boði allan sólarhringinn og er vörubíla- og smurstöðin að jafnaði opin til klukkan 23:30 á kvöldin. Með því fyrirkomulagi er hægt að lágmarka vinnutap viðskiptavina vegna bílana og viðhalds og veita þeim nauðsynlega þjónustu þegar þeir þurfa mest á að halda. Mikil ánægja hefur verið meðal viðskiptavina með útkomuna og mun Klettur halda áfram að aðlaga og þróa þjónustu sína frekar að þörfum viðskiptavina í síbreytilegu umhverfi.

**Gæða- og tæknisvið** - Hlutverk sérfræðinga gæða- og tæknisvið Kletts er að miðla mikilvægum tæknilegum upplýsingum til eigenda og þjónustuaðila vegna þeirra bifreiða og tækja sem félagið hefur umboð fyrir. Tæknisvið sér einnig um fjargæslu og bilanagreiningar í gegnum netið sem gerir tæknimönnum oft kleift að undirbúa viðgerðir áður en farið er á staðinn. Kvörðunardeild Kletts fellur einnig undir gæða- og tæknisvið. Hlutverk kvörðunardeildar er að annast prófun á öllum mælitækjum sem notuð eru af Kletti og umboðsaðilum félagsins um land allt. Öll sérverkfæri Kletts eru skráð í tækjaskrá sem gerir það mögulegt að innkalla þau og yfirfara á réttum tíma. Þannig tryggir Klettur að öll vinna sem fram fer sé eins nákvæm og mögulegt er.

**Hjólbarðasvið** - Hjólbarðasvið Kletts býður upp á alhliða þjónustu þegar hjólbarðar eru annars vegar. Félagið hefur unnið með hjólbarða í fleiri áratugi og er meðal elstu umboðsaðila Goodyear í Evrópu. Auk Goodyear eru helstu vörumerki Kletts í hjólborðum Hankook, Nexen, Maxam, Sava, Dunlop og Fulda. Einnig býður Klettur upp á vinsælu Best Grip naglana sem hægt er að skrúfa undir flestar tegundir af skóm ásamt nöglum sem skrúfuð eru í dekk. Hjólbarðaðjónustan fer fram í starfsstöðvum Kletts í Klettagörðum, Suðurhrauni, Lynghálasi og Hátúni ásamt verkstæðum Sólningar og þar geta allir fengið aðstoð við hæfi, hvort sem málið varðar fólksbíla, jeppa, vörubíla, vagna, lyftara, dráttarvélar, vinnuvélar eða mótórhjól. Klettur rekur einnig dekkjahótel sem er mikill kostur fyrir viðskiptavini.



Hjólbarðaverkstæði Kletts eru í Klettagörðum, Suðurhrauni Garðabæ, Lynghálasi og í Hátúni og hjólbarðalager í Holttagörðum, Þórður Þrastarson.




Klettur er brautrygjandi þegar kemur að heildarlausnum varðandi útfærslu á fullútbúnum bílum hvort heldur sem um er að ræða dráttarbíla eða bíla með ábyggingum.



Frá byggingu verkstæðis Kraftbíla.

## Kraftbílar



Vörubíla verkstæði.

Kristján B. Jónsson stofnaði fyrirtækið Kraftbíla ehf. árið 2013 í þeirri mynd sem það er rekið í dag. Saga Kraftbíla nær aftur til ársins 1996 þegar Kraftur hf. stofnaði útibú á Akureyri. Kristján er framkvæmdastjóri og eini eigandi fyrirtækisins. Fyrirtækið var þá fyrst til húsa að Draupnigötu 6 á Akureyri en flutt var í nýtt og glæsilegt eigið húsnæði að Lækjarvöllum 3-5 í október 2018. Kraftbílar reka alhliða þjónustuverkstæði fyrir vörubíla, vinnuvélar og búvélar að Lækjarvöllum 3-5 Hörgársveit. Við rekum sérhæfða varahlutaverslun fyrir þau umboð sem Kraftbílar er þjónustuaðili fyrir, sem eru: Brimborg/Veltir, Askja, Kraftur, og Kraftvélar.

### Vörubíla verkstæði

Helstu þjónustuumboð eru fyrir Brimborg/Veltir, Öskju, Kraft, og Kraftvélar. Einnig þjónustum við öll stærri tæki fyrir mörg önnur umboð. Á vörubíla verkstæði Kraftbíla er boðið uppá viðgerðir á vörubílum, rútum, vinnuvélum, lyfturum, iðnaðarvélum, landbúnaðartækjum o.s.frv. Starfsmenn eru vel menntaðir viðgerðarmenn með langa starfsreynslu.

Markmið Kraftbíla hefur ávallt verið að bjóða viðskiptavinum sínum góða þjónustu hvenær sem þeir þurfa á henni að halda. Kraftbílar er eina verkstæðið á landsbyggðinni sem hefur réttindi til að rétta og mæla upp vörubílagrindur, aftanávagna og snjótennur og er verkstæðið búið nýjum og öflugum tækjum til þess. Lögð er áhersla á að starfsmenn sækji námskeið til kynningar á þeim tækjum og bílum sem verkstæðið þjónustar og einnig er varðar endurmenntun í bilgreininni. **Einnig sjá Kraftbílar um kennslu hjá Verkmenntaskóla Akureyrar (VMA) í bóklegum og verklegum hluta náms í bifvélavirkjun er tengist stórum bílum og tækjum.**

### Verkstæðið

Verkstæðið er vel tækjum búið og tilbúið að takast á við flóknu verk hvort sem um er að ræða rafmagnsviðgerðir eða hefðbundnar vélaviðgerðir. Einnig erum við sérhæfðir í vökvaviðgerðum og vel búnir tækjum.

**Hönnun**, burðarreiknum og byggjum undir palla, krana vörukassa, krókheysi o.fl.

**Lengjum** og stytum vörubíla samkvæmt kröfum framleiðenda og ábygggingagerð.

### Við önnumst meðal annars:

Mótorviðgerðir

Gírkassaviðgerðir

Tjónaviðgerðir

Grindarétting og mæling

Hjólastillinga- og burðarvirkisvottorð fyrir skráningu tjónabíla

Kælivélaviðgerðir

Rafmagnsviðgerðir



Kraftbílar, húsið fullbyggt.

Löggilding ökurita og hraðatakmarka  
 Drif- og bremsuviðgerðir  
 ABS bremsukerfi vagna  
 Smurstöð  
 Vinnuvélaviðgerðir  
 Lyftarviðgerðir  
 Dráttarvélaviðgerðir

#### Reksturinn

Velta fyrirtækisins hefur vaxið jafnt og þétt frá stofnun. Sama á við hvað varðar fjölda starfsmanna og eru 21 starfsmaður á launaskrá í árslok 2020. Verkefnastaða er góð og hjá Kraftbílum horfa menn björtum augum til framtíðar.

Kraftbílar ehf. er aðili að Bílgreinasambandinu.

Árið 2020 var starfsemin skert um 50% í tvo mánuði vegna fjöldatakmarkana af völdum heimsfaraldursins.

*Kraftbílar sýna samfélagslega ábyrg og styðja við ýmis félög á starfsvæði sínu.*



Vörubílaverkstæði.



Frá vinstri: Kristján B. Jónsson eigandi og framkvæmdastjóri  
 Þorvaldur Sigurpálsson verkstjóri, Ingimar Loftsson verkstjóri  
 og Arnþór Örylgsson forstöðumaður verkstæðis.



Frá vinstri; Magnús Arnarson framkvæmdastjóri Mítra og Þórður Guðni Sigurvinsson stjórnarformaður.

## Mítra

Mítra var stofnað sem samvinnufélag (sf.) af Magnúsi Arnarsyni og Hjördísi Þórhallsdóttur og hóf starfsemi sína í byrjun árs 1996. Nafnið var fundið í alfræðiorðabók og skýringin á nafninu eftirfarandi: „Míþras Mítra, Míthras: ævaforin íransk-arískur guð, vinsæll í Rómaveldi hjá Aríum ljós- og himinguð, velviljaður verndari réttvísi og samninga“.

### Aðsetur

Fyrstu árin var aðsetur Mítra á heimili Magnúsar og Hjördísar og í Tollvörugeymslunni. Fyrirtækið flutti síðan í Suðurhraun 2 í Garðabæ og var þar til síðla árs 2011 þegar flutt var í Súðavog í Reykjavík. Á þessum árum stækkaði fyrirtækið ört og í mars 2014 flutti fyrirtækið á Tunguháls 15 í Reykjavík. Hluthafar og fleiri keyptu þá eign sem er samtals um 1650 fm. Í upphafi á Tunguhálsinum var rætt um hvort hægt væri að leigja út hluta af húsnæðinu en þegar þetta er skrifað í febrúar 2020 þá er húsnæðið að verða of lítið.

### Starfsemin

Í upphafi stóð til að flytja inn og selja alls konar hluti sem hjólbarðaverkstæði nota eins og t.d. viðgerðarefni, verkfæri, ventla, slöngur, jafnvægisstillingarlóð o.fl. Fljótlega kom í ljós að það var ekki nóg og var því byrjað á að flytja inn hjólbarða. Fyrst var byrjað á Colway, sóluðum hjólbörðum frá Englandi og fljótlega bættust við nýir hjólbarðar.

Eftir nokkur ár var ákveðið að fá inn nýja hluthafa því mikið fjármagn þarf til að byggja upp lager af hjólbörðum. Árið 1999 var farið í að fá inn hluthafa. Þá komu inn sem hluthafar með þeim Magnúsi og Hjördísi; Þjónustustöðin ehf. Þorlákshöfn (Þórður Guðni Sigurvinsson og Hildur Þ. Sæmundsdóttir), Smur- og hjólbarðaðjónusta Björns og Þórðar Keflavík (Björn Marteinson og Þórður Ingimarsson), Hjólbarðaverkstæði Grindavíkur, (Hallgrímur Bogason). Í dag eru enn hluthafar, Magnús og Hjördís, Þjónustustöðin ehf., (Þórður G. Sigurvinsson og Hildur Þ. Sæmundsdóttir), Björn Marteinson og Þórður Ingimarsson.

Í upphafi var lögð mikil áhersla á að heimsækja hjólbarðaverkstæðin á sendibíl með alla smávöruna og selt úr bílnum. Einnig var farið um landið en í dag er mun minna um þetta, en þó farið um landið af og til. Á fyrsta áratug þessarar aldar flutti Mítra inn Milestone hjólbarða og seldi þá til hjólbarðaverkstæðanna. Í byrjun árs 2005 byrjaði svo Mítra að flytja inn hjólbarða frá Hercules USA og þá aðallega jepplinga og jeppahjólbarða.

Svo kom hrúnið fræga 2008. Sem betur fer gekk vel með flesta birgja erlendis en þó lokaðist fyrir einstaka fyrirtæki því tryggingafélög neituðu sum að selja til Íslands. Mítra er að flytja inn frá um 15 fyrirtækjum í 7 löndum.

Vegna takmarka tryggingafélaga þurfti Mítra að fara á stúfana og finna önnur fyrirtæki varðandi hjólbarða og í framhaldi á því var byrjað að flytja inn Sailun hjólbarða sem eru kínverskir. Núna þegar þetta er skrifað árið 2020 er Mítra enn að selja Sailun með góðum árangri. Margir hafa verið á móti kínverskum vörum og þar á meðal hjólbörðum en metnaðurinn hjá Sailun er gríðarlegur og má segja að hann hafi komið fram í gæðunum hjá þeim.





Starfsmenn Mitra ehf. í maí 2020.  
Frá vinstri: Magnús Arnarson framkv.stjóri,  
Henry Aclipen, Sæmundur Þór Þórðarson,  
Gunnar Vagnsson og Marteinn Björnsson.

### Mannauður

Undanfarin ár hafa stöðugildin hjá Mitra verið fjögur til fimm. Fyrirtækið hefur verið mjög heppið með starfsmenn og flestir starfað lengi hjá fyrirtækinu. Sem dæmi þá má nefna að af fjórum starfsmönnum núna eru þrír með yfir 10 ára starfsaldur. Ekki nóg með það þá eru þessir þrír starfsmenn með yfir 100 ára starfsreynslu við hjólbarða. Magnús Arnarson sem hefur verið framkvæmdastjóri frá upphafi og Gunnar Vagnsson hafa starfað við hjólbarða síðan á áttunda áratugnum.

### Afkoma

Afkoman hefur verið þokkaleg og Mitra ehf. verið Framúrskarandi fyrirtæki hjá Creditinfo síðan 2016. Hin síðari ár hefur vöxturinn í ferðaþjónustunni aukið viðskiptin með hjólbarða. Þetta kemur til þar sem bílaleiguflokkurinn hefur stækkað ört. Samkeppnin í sölu hjólbarða hefur alltaf verið mikil sem sést kannski best í sameiningum í greininni og fyrirtæki hafa komið og farið. Mitra er eitt af mjög fáum fyrirtækjum í hjólbarðageiranum á Íslandi sem ekki rekur sjálft hjólbarðaverkstæði. Þróunin á Íslandi eins og víða annars staðar eru keðjur, þ.e.a.s. að hjólbarðafyrirtæki reka mörg verkstæði og sölustaði.

### Framtíðarsýn

Framtíðin er björt fyrir Mitra. Viðskiptavinirnir er mjög margir bæði litlir og stórir. Það er ótrúlegt hvað margir eru í því að umfelga og gera við hjólbarða. Rútuþjónustur, lítil og stór, verktafar, golfklúbbar, bílaleigur og mjög margir einstaklingar eru í viðskiptum og versla smáhlutina, þ.e.a.s. annað en hjólbarða. Um 15% af veltu Mitra eru annað en hjólbarðar. Óteljandi möguleikar eru á stækkun, t.d. hefur Sailun verið að þrýsta á Mitra að hefja sölu á vörubílahjólborðum en það hefur ekki verið gert. Hingað til hefur fjármagnið ráðið hversu hratt félagið hefur stækkað og útlit fyrir að það ráði áfram för.

Hluti af lager Mitra ehf.





Ósal varahlutaverslun, Tangarhöfða 4, Reykjavík.

## Ósal varahlutaverslun



Óskar Alfreðsson, stofnandi Ósals.

Varahlutaverslunin Ósal hefur verið starfandi frá árinu 1978 og hefur sérhæft sig í varahlutabjónustu fyrir vörubíla og tengivagna frá stofnun. Stofnandi Ósal ehf. er Óskar Alfreðsson frá Útkoti á Kjalarnesi, og af honum er nafnið dregið eða tveir fyrstu stafirnir í nafni og föðurnafni. Óskar stofnar fyrirtækið vegna þess að á þeim tíma var engin varahlutabjónusta fyrir tengivagna. Sérhæfði hann sig fyrst og fremst í tengivögnum til að byrja með en vörubílnir fylgdu fast á eftir.

### Aðsetur

Ósal hefur frá upphafi verið staðsett á Tangarhöfða 4, 110 Reykjavík. Fyrstu árin var verslunin staðsett í kjallara byggingarinnar eða til ársins 1999 þegar aðalhluti hússins var tilbúin til notkunar þá fluttist verslunin upp í rýmra húsnæði sem rúmaði þar að auki skrifstofu, lager, snyrtingu og kaffistofu. Kjallaranum var breytt í lager fyrir stærri og þyngri varahluti.

### Starfsemin

Frá stofnun hefur Ósal verið með þekkt vörumerki frá þýskum framleiðendum eins og vagnöxla frá BPW og dráttarstóla og aðrar vörur frá Jost og dráttarkróka frá Rockinger. Eignig loftloka frá Wabco-Knorr og Haldex. Vörubíla- og vagnafjaðrir frá Schomacker seldust hér áður en loftpúðar frá Continental hafa yfirtekið þann vöruflokk að mestu.

### Eigendur

Varahlutaverslunin Ósal hefur vaxið jafnt og þétt frá stofnun, enn árið 2006 fannst Óskari Alfreðssyni nóg komið og lét af störfum. Seldi hann fyrirtækið starfsmönnum Ósal, og núverandi eigendur af Ósal ehf. eru Gaukur Pétursson og Þórður Gunnarsson.



Gaukur Pétursson.



Þórður Gunnarsson.



Starfsmenn Vélaverkstæðisins. Frá vinstri: Hilmar Hjartarson eigandi, Ævar Smári Marteinnsson, Jón Marel Magnússon, Friðbjörn Þórgrímsson, Sveinn Ingi Bragason, Jóhannes Jóhannesson og Hjörtur Geirsson sumarstarfsmaður og Myrkví Þór Viggósson, bifvélavirki.

## Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar

Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar á Hvammstanga var stofnað árið 1948. Fyrst um sinn rak Hjörtur verkstæðið einn en fljótlega hóf bróðir hans, Sigurður, störf hjá honum og varð síðar meðeigandi að verkstæðinu. Hjörtur lést árið 1988 og hefur sonur hans, Hilmar, séð um reksturinn síðan. Sigurður lét af störfum sökum aldurs í kringum árið 2000 og seldi Hilmar hlut sinn skömmu síðar.

### Þjónusta í yfir 70 ár

Hjörtur reisti 100 fm húsnæði undir starfseminna við íbúðarhús sitt, Valhöll, að Brekkugötu 8 stofnárið 1948. Keyptur var herskáli frá Reykjum í Hrutafirði og undir hann var verkstæðið byggt á einni hæð en skálinn sjálfur myndaði aðra hæðina með bogadregnu þaki. Er húsið í daglegu tali kallað Bragginn og er enn í dag kennileiti á Hvammstanga. Þar fór starfsemin fram til ársins 1989 þegar núverandi húsnæði við Búland var keypt. Er það alls um 525 fm og hefur Vélaverkstæðið yfir að ráða um 400 fm af því rými en einnig er Réttinga og sprautuverkstæði Guðmundar Jóhannessonar rekið í húsnæðinu. Vélaverkstæðið hefur frá stofnun mestmegnis sinnt öllum almennum bíla-, báta- og búvélavíðgerðum. Á fyrstu starfsárunum tók það einnig að sér ýmiss verkefni auk víðgerða á bifreiðum og tækjum. Til dæmis var töluverð vinna við púpalagnir hjá fyrirtækinu á þeim tíma sem verið var að skipta olíukyndingu út fyrir rafmagnskyndingu í íbúðarhúsum á Hvammstanga og nágrennasveitum. Í kringum 1990 var opnuð í Búlandi 3 vélsmiðja sem sinnir nýsmíði, svo sem innréttingar, t.d. í hesthús og fyrirtæki úr áli, rústfríu stáli og járni, hlið o.þ.h. sem og önnur tilfallandi smíðaverkferni. Ávallt hefur verið lagt kapp á að þjónusta viðskiptavini sem best með hagkvæmum lausnum og samstarfi við aðra þjónustuaðila. Gott dæmi um það er víðgerðabíll Vélaverkstæðisins sem hefur verið haldið úti í áratugi. Bíllinn fer um sveitir og á milli bæja og gerir við landbúnaðartæki en dýrt og kostnaðarsamt getur verið fyrir bændur og rekstraraðila fyrirtækja að koma biluðum tækjum til víðgerðar um langan veg. Í meira en tvo áratugi hefur útibú Frumherja verið staðsett á Vélaverkstæðinu. Koma skoðunarmenn tvo daga í senn tíu sinnum yfir árið til að sinna aðalskoðun bifreiða. Hvort tveggja hefur mælst afar vel fyrir.

### Starfsmenn og aðsetur

Starfsmönnum fyrirtækisins hefur fjölgað jafn og þétt með auknum umsvifum og meira þjónustuframboði. Fyrstu árin störfuðu að jafnaði 2-4 starfsmenn við Vélaverkstæðið. Um 1965 hóf Hilmar Hjartarson núverandi eigandi störf hjá fyrirtækinu. Þegar húsnæðið að Búlandi 1 var keypt og starfsemin flutt þangað fjölgaði starfsmönnum og voru þá 6 starfandi við fyrirtækið. Í dag eru 7 fastráðnir starfsmenn hjá Vélaverkstæðinu og er það með stærri einkareknu vinnustöðunum í Húnaþingi vestra. Hjá Vélaverkstæðinu starfa Hilmar Hjartarson eigandi, Jóhannes Jóhannesson vélvirki, Sveinn Ingi Bragason bifvélavirki, Myrkví Þór Viggósson bifvélavirki, Friðbjörn Þórgrímsson, Ævar Smári Marteinnsson og Jón Marel Magnússon.



Hilmar Hjartarson, eigandi.



Hjörtur Geirsson sumarstarfsmaður við vinnu sína.



Kristján og afkomendur, börnin hans þrjú sem eiga fyrirtækið í dag og Róbert sem rekur það.

## Rafgeymasalan



Ármann Sigurðsson.

### Fagmennska og góð þjónusta í 70 ár

Rafgeymasalan ehf. er eitt elsta fyrirtækið í Hafnarfirði, en sögu fyrirtækisins má rekja aftur til árunna í kringum 1950 þegar framleiðsla íslenskra rafgeyma hófst í Hafnarfirði. Í dag er Rafgeymasalan eitt sérhæfðasta fyrirtækið á sínu sviði, þar sem öll áhersla er lögð á fyrsta flokks rafgeyma, ábyrga og örugga starfsemi og persónulega þjónustu. Fram undir 1950 voru allir rafgeymar fluttir inn til landsins, en með aukinni bíla- og vélaveign landsmanna jókst eftirspurn eftir rafgeymum. Til að mæta aukinni eftirspurn risu hér á landi tvær rafgeymaverksmiðjur upp með stuttu millibili, þ.e.a.s. Rafgeymir hf. í Hafnarfirði og Pólar hf. í Reykjavík og síðar sú þriðja, Tækniver hf. á Hellu. Á þessum tíma voru sett innfutningshöft á rafgeyma og ýmsar vörur og samhlíða því náðu þessar verksmiðjur að eflast og styrkjast og fullnægja nánast allri þörf innanlandsmarkaðar fyrir rafgeyma. Stofnendur fyrirtækisins Rafgeymir hf. voru Jón Magnússon og Axel Kristjánsson ásamt fleiri aðilum. Jón hafði aflað sér þekkingar á framleiðslu rafgeyma í Danmörku þar sem hann hafði dvalið vegna náms og starfs. Fyrirtækið var í upphafi starfrækt í litlu rými í húsi við Lækinn í Hafnarfirði eða við Lækjargötu, sem í daglegu tali var kallað Steinullarhúsið, en þar var einnig framleidd steinull.

### Starfsemin

Rafgeymar fyrirtækisins voru seldir undir vörumerkinu KENTAR og auglýstir sem kraftmiklir og endingargóðir geymar fyrir ljós, talstöðvar, dýptarmæla og „start“. Rafgeymarnir voru búinir til nánast frá grunni. Undirstöðuhræfnið sem er blý var flutt til landsins í 50 kg. stykkjum frá Evrópu. Hráblýið var steyppt í plötur sem voru smurðar með blýdufti, rafmagnaðar og þurrkaðar. Plöturnar voru síðan lóðaðar saman í plús og mínus „sellur“ og síðan var sérstakt einangrunarefni notað til að einangra þær. Þær voru að því loknu settar í geymsluhylkið og því lokað og þá var geymirinn tilbúinn til hleðslu.

Á fyrstu árum sjöunda áratugarins flutti starfsemin úr húsinu við lækinn þegar Jón Magnússon stóð að byggingu hússins við Dalshrauni 1 sem þótti á þeim tíma vera stórbygging. Starfsemin hjá Rafgeymi hf. fluttist í hluta af því húsi árið 1962.

Upp úr 1966 er slakað á innflutningshöftum á Íslandi og í kjölfarið jókst innflutningur á erlendum rafgeymum. Innlendu framleiðendurnir héldu til að byrja með nokkuð góðri markaðslutdeild, en heldur fór róðurinn þó að þyngjast með tilkomu innfluttra geyma úr plasti og á endanum stóðst innlend framleiðsla ekki samkeppni við þessa nýju tegund rafgeyma og framleiðslu á rafgeymum hér á landi var hætt. Þegar best lét hafði framleiðsla innlendra rafgeyma veitt 5-6 mönnum atvinnu í Hafnarfirði, en almennt eru litlar heimildir til um þessa starfsemi hér á landi og þeir sem störfuðu við þá framleiðslu eru nú fallnir frá. Í atvinnusögu landsmanna verður kaflinn um rafgeymaframleiðslu þannig fremur stuttur, en enn eru þó til einn KENTAR rafgeymir sem var búinn til hér á landi og er varðveittur og til sýnis í Rafgeymasölnunni. Megináhersla í starfsemi Rafgeymasölnunnar ehf. síðustu áratugina hefur verið á innflutning fyrsta flokks rafgeyma, fagmennsku og góða og örugga þjónustu.



Myndir frá starfseminni.

Fyrirtækið hefur ævinlega kappkostað að bjóða upp á hágæðarafgeyma. Fyrstu árin var það í formi eigin framleiðslu og síðan rafgeyma frá öflugum framleiðendum eins og Varta, Berga og Danbrit. Lögð er áhersla á að bjóða upp á fjölbreytt úrval af bílageymum, neyslugeymum, lyftarasellum, hleðslutækjum og startköplum til að mæta ólíkum þörfum fjölbreytts hóps viðskiptavina. Á verkstæði fyrirtækisins að Dalshrauni 17 er hægt að fá á einum stað rafgeyma fyrir öll farartæki, fólksbíla, jeppa, vörubíla, rútur, sendibíla, bifhjól og báta. Einnig er boðið upp á geyma fyrir vinnuvélar og atvinnutæki eins og vinnulyftur, lyftara og gólfþvottavélar, frístundatæki eins og golfbíla og golfkerrur og loks geyma fyrir öryggiskerfi og tölvu-varaafli. Rafgeymasalan ehf. býður einnig upp á sólarrafhlöður, en það var með fyrstu fyrirtækjunum hér á landi til að hefja innflutning á sólarrafhlöðum.

### Eigendur, stjórnendur og starfsmenn

Árið 1982 keypti Ármann Sigurðsson rekstur Rafgeymis hf. en hann hafði komið að starfsemi fyrirtækisins frá upphafi. Hann gaf fyrirtækinu nafnið Rafgeymasalan ehf. og hefur það verið rekið undir því nafni síðan. Fyrirtækið var með rekstur að Dalshrauni 1 í yfir 35 ár, en árið 1998 flutti fyrirtækið starfsemi sína í núverandi húsnæði að Dalshrauni 17. Þar er öll aðstaða fyrir starfseminni til fyrirmyndar, lögð er áhersla á góða aðkomu viðskiptavina og aðstaða starfsmanna mætir vel nútímakröfum. Húsið sem hýsti fyrirtækið að Dalshrauni hefur nú verið rífið og nýtt og glæsilegt skrifstofu- og verslunarhúsnæði verið byggt í staðinn.

Eftir fráfall Ármanns Sigurðssonar árið 2016 keypti sonur hans Kristján Ármannsson fyrirtækið. Hann hafði tekið þátt rekstri fyrirtækisins lengi ásamt föður sínum eða í á þriðja áratug. Á vormánuðum 2019 tók Kristján Ármannsson þá ákvörðun að láta af störfum og láta eignarhald sitt og eiginkonu Aðalheiðar Jóhönnu Björnsdóttur í hendur barna sinna. Eigendur Rafgeymasölunnar ehf. í dag eru því Guðfinna Sigríður Kristjánsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir og Theodór Kristjánsson sem jafnframt er stjórnarformaður. Daglegur rekstur fyrirtækisins er í höndum Róberts Theódórssonar, sonar Theódórs.

Starfsmenn Rafgeymasölunnar eru þekktir fyrir framúrskarandi þjónustu, en hjá þessu gamalgróna fjölskyldufyrirtæki hefur alla tíð verið lögð áhersla á fagmennsku, gæði og persónulega þjónustu þar sem sveigjanleiki og öryggi viðskiptavina er í forgrunni. Að auki er alltaf heitt á könnunni og oft hefur kaffistofunni í Dalshrauni 17 verið líkt við félagsmiðstöð í Hafnarfirði. Á verkstæðinu geta viðskiptavinir komið og látið mæla eða hlaða upp geyma og ástandsmeta. Lögð er áhersla á að skipta ekki út geymum nema þörf sé á og að geymirinn sé þannig fullnýttur. Í Dalshrauni er einnig tekið á móti ónýtum geymum til endurvinnslu og þar er einnig rekið rafgeymahótel þar sem hægt er að geyma rafgeyma. Þessar áherslur frá stofnun hafa skilað því að Rafgeymasalan ehf. heldur í dag stöðu sinni sem leiðandi þjónustufyrirtæki fyrir rafgeyma, enda eina fyrirtækið hér á á landi sem byggir nánast alla sína starfsemi einvörðungu í kringum þá vöru. Sú sérstaða, samhlíða traustri, góðri og langri sögu, gerir Rafgeymasöluna að farsælu hafnirsku fjölskyldufyrirtæki sem er stolt af faglegri og persónulega þjónustu við viðskiptavinum sína í 70 ár.



Skorri, Bildshöfða 12.

## Skorri



Lárus Björnsson, rekstrarstjóri.



Örn Johnson.



Skorri ehf. var stofnað í apríl 1978 af Erni Johnson og enn þann dag í dag er fyrirtækið rekið á sömu kennitölu. Í upphafi seldi Skorri miðstöðvarofna og aðra fylgihluti til húsbýggjenda sem vildu spara fé með því að fullgera ofnana sjálfir. Einnig seldi fyrirtækið rafgeyma af gerðinni TUDOR frá fyrsta degi. Skorri var í upphafi til húsa í Ármúla 28 og fluttist svo síðar í Skipholti 35 og þaðan yfir á Laugarveg 180. Árið 1988 fluttist svo starfsemin alfarið að Bildshöfða 12 þar sem fyrirtækið starfar enn í dag. Síðan þá hefur sölu miðstöðvarofna verið hætt og fyrirtækið einbeitt sér að rafgeymum og fleiru.

### Starfsemin

Skorri ehf. varð fyrst til að bjóða upp á sólarrafhlöður hér á landi árið 1988. Fæstir höfðu þó trú á því að slíkt gæti virkað hér en helstu kaupendur voru sumarbústaðareigendur sem vildu losna við aðra birtugjafa eins og kertaljós og olíulampa. Áhyggjurnar reyndust óþarfar og hefur ennþá enginn kaupandi óskað eftir endurgreiðslu vegna óánægju með reynsluna. Síðan þá hefur bæst við fjölbreytt úrval af tengdum vörum sem hægt er að nota í sumarhúsum og öðrum afskekktum húsum eins og fjallaskálum sem ekki eru tengd við rafveitur. Má þar helst nefna ýmsar gasvörur eins og gas-kæliskápar, 12v kæliskápar með pressu, gas-vatnshitara, gas-eldavéla-hellur og gasskynjarar með 15 ára rafhlöðu. Einnig allur tengibúnaður og leiðslur fyrir þessar vörur. Sólarrafhlöður eru líka notaðar til að hlaða inná rafgeyma við ýmiskonar aðstæður, t.d. við jarðskjálftamælingar, í fjarskiptatækjum og jafnvel í myndavélum upp á fjöllum eða jöklum. Sólarrafhlöðurnar hafa líka breyst og stækkað og afköstin aukist. Stærstu sólarrafhlöðurnar sem Skorri seldi fyrst voru 35 wött en stærstu í dag, árið 2021, er 350 wött. Hleðslustýringar hafa líka breyst mikið og er jafnvel hægt að tengja þær við síma eða internet.

Enn í dag er rafgeymasalan stærsti hluti fyrirtækisins og má finna fjölda tegunda á lager daglega eða um og yfir 220 stærðir. Nýjast á því sviði eru sérstakir rafgeymar fyrir bíla með svokölluðum „stop-start“ búnaði og lithium rafgeymar fyrir mótörhjól. Sem dæmi má nefna að fyrir 20 árum voru aðeins til 15 stærðir af rafgeymum á lager fyrir mótörhjól, en núna eru þær yfir 70. Einnig eru sérstakir rafgeymar fyrir húsbíla, hjólhýsi og önnur ferðatæki sem þola hæga afhleðslu. Á Bildshöfða rekur fyrirtækið hraðþjónustu þar sem fólk getur komið með bílana sína í rafgeymamælingu og skiptingu á rafgeymum. Þessi þjónusta er mjög vinsæl þar sem í flestum tilvikum þarf ekki að panta tíma fyrirfram. Fyrir utan rafgeyma í bíla er fjöldi gerða í önnur tæki eins og fyrir gólfþvottavélar, auk ýmiskonar varaafsbúnaðar. Einnig hefur fyrirtækið boðið upp á sérpantanir á stórum varaafs rafgeymasettum fyrir orkuver og rafveitur. Tudor vörumerkið hefur verið aðalsmerki fyrirtækisins frá upphafi en einnig hafa bæst við nýttisku hleðslutæki frá CTEK, Exide og Mascot sem vernda og viðhalda hleðslu rafgeyma.

### Vefverslun

Árið 2020 opnaði Skorri ehf. vefverslun á heimsíðu sinni skorri.is. Viðskiptavinir kunna vel að



Rafgeymalager.

meta hana enda færast öll verslun sífellt meira á vefinn. Þar eru nú yfir 430 vörunúmer til til sölu. Með fjölgandi vöruframboði hefur velta fyrirtækisins tvöfaldast á síðustu 12 árum. Stefna fyrirtækisins er að vera ávallt í fararbroddi í sínu fagi, bjóða uppá framúrskarandi þjónustu og að starfsmenn þess séu sérfræðingar á sínu sviði, enda eru einkunnarorð fyrirtækisins: „Sérfræðingar í rafgeymum“.

#### Eigendur og stjórnendur

Árið 2007 skipti fyrirtækið um eigendur, en þá kaupir Magnús Kristinsson útgerðamaður í Vestmannaeyjum fyrirtækið. Þá tók Lárus Björnsson við sem rekstrarstjóri og hefur hann rekið Skorra ehf. óslitið síðan. Hann hefur starfað hjá fyrirtækinu frá 1984. Árið 2012 kaupa núverandi eigendur fyrirtækið sem þá var komið í eigu Landsbankans eftir bankahrunið 2008 í gegnum félag sitt UK fjárfesting ehf. en eigendur þess eru Úlfar Steindórsson og Kristján Þorbergsson eigendur Toyota á Íslandi. Í dag starfa fjórir starfsmenn hjá Skorra ehf. í fullu starfi. Þeir eru: Lárus Björnsson rekstrarstjóri, Björn Finnbogason, Axel Ólafur Pétursson og Kári Gunnar Stefánsson.



Sólarrafhlöður í verslun okkar.



Verkstæðið.



Gastæki í verslun okkar.



**DIESEL**.IS  
www.diesel.is

☎ 879 5252  
🌐 diesel.is







## Transporter / Diesel

Kolbeinn Blandon rekur bílasölu Diesel að Kletthálsi 15 í Reykjavík. Ferill hans sem bílasali hófst fyrir margt löngu að sögn. Hann segist hafa verið á ferð í Þýskalandi að þreifa fyrir sér um bíla kaup fyrir sjálfan sig. Hann keypti sér bíl þar og skömmu síðar keypti hann bíla fyrir aðra í fjölskyldunni og þegar fram liðu stundir var hann farinn að kaupa bíla fyrir hina ýmsu aðila sem hann var kunnugur og orðinn bílasali án þess beinlínis að það hafi verið ásetningur hans í upphafi. Kolbeinn hefur verið í þessum bransa allar götur síðan eða í tuttugu og fimm ár.

### Sagan

Diesel hefur starfað síðan 2003 en Kolbeinn rak einnig fyrirtækið Bílar og List við Vegamótastíg en hann hefur sinnt umboðssölu fyrir ýmsa myndlistarmenn meðfram bílasölu. Kolbeinn hefur marga fjöruna sopið og þá hafði ekki síst hrúnið afgerandi áhrif á allt starfsumhverfi og rekstur en hann náði með herkjum að halda sjó. Innflutningur nýrra og notaðra bíla hafði verið meginuppistaðan í rekstri fyrirtækisins. Hann byrjaði með litla bílasölu eftir hrúnið og hefur gengið vel allar götur síðan.

### Starfsemin

Kolbeinn elskar bíla og hefur gaman af því sem hann er að gera. Það felst einkum í því að hitta margt fólk, kynna því og vera í góðum samskiptum við það. Það fer ekki framhjá neinum sem leggur leið sína upp að Kletthálsi að þar um kring úir og grúir af bílasölu. Samkeppnin er gríðarlega hörð og bíla kaupendur eru duglegir að fara á milli til að kanna verð og gæði enda þekkt hvað Íslendingar hafa mikið dálæti á bílum. Umhverfið í sölu á notuðum bílum hefur gjörbreyst á síðustu árum með tilkomu samfélagsmiðla þar sem bílar ganga kaupum og sölu í gegnum netsíður og kannski sumpart gamaldags að kíkja á bílasölu og hitta bílasalana að máli en þau samskipti kunna að vera mörgum mikilvæg. Bílasalar eru að sýsla með fjármuni annarra og það krefst fagmennsku, ábyrgðar og heiðarleika í viðskiptunum. Á hinn bóginn hefur internetið gert mönnum kleift að stunda bíla kaup og bílasölu sín á milli á mjög einfaldan og skilvirkan hátt. Má vera að þegar verð bílsins er farið að skipta einhverjum milljónum að það þyki gott að hafa heiðarlegan og faglegan bílasala til að hafa milligöngu um viðskiptin. Innflutningurinn er engu að síður kjölfestan í rekstri Diesel.

### Listin

Athygli vekur að tilkomumikil málverk prýða marga veggja bílasölu en Kolbeinn hefur einmitt verið að selja málverk fyrir valinkunna listamenn og haft gaman af allar götur frá því hann var með Bíla og List. Kolbeinn hefur gaman af því sem hann er að gera og er ástríða hans fyrir því að kaupa og selja lítill takmörk sett. Rétt eins og kaupmennska sé honum í blöð borin og þá er ekki verið að tala um að telja peninga heldur þá skemmtun að eiga samtöl og samskipti við fólk því maður er manns gaman eins og sagt er.

*Á bílasölu Diesel eru þrjú fastir starfsmenn og starfsandinn með allra besta móti. Kunnarnir vilja flestir eiga samskipti við Kolbein sjálfan og þykir honum stundum nóg um þótt oftast sé gaman í vinnunni. Það er eftirtektarvert hversu mikið flæði er af fólki inn og út en þó er það að stærstum hluta karlmennt. Það er engu lagið um það að afar fáar konur leggja það fyrir sig að selja bíla. Enn er bílasala sá heimur sem tilheyrir körlum; að mestu.*



Kolbeinn Blandon, eigandi.



Jósef Smith.



Margeir Jóhannsson.

## Nafnaskrá

|                                |             |                                       |     |
|--------------------------------|-------------|---------------------------------------|-----|
| <b>Nafn</b> .....              | <b>Bls.</b> |                                       |     |
| 1912.....                      | 88          | Festi.....                            | 120 |
| A. Wendel.....                 | 92          | Félag kvenna í atvinnulífinu FKA..... | 10  |
| AB varahlutir.....             | 290         | Fiskbúðin Hafberg.....                | 130 |
| Aðalskoðun.....                | 292         | FIB.....                              | 288 |
| Apótek Vesturlands.....        | 94          | Fjarðarþrif.....                      | 254 |
| Áman.....                      | 96          | Flügger.....                          | 132 |
| Ásafn.....                     | 98          | Frumherji.....                        | 306 |
| Ásbjörn Ólafsson.....          | 100         | Fönn.....                             | 256 |
| Bernharð Laxdal.....           | 102         | G.Á. Húsgögn.....                     | 134 |
| Bestseller.....                | 104         | Gilbert úrsmiður.....                 | 136 |
| Bífreiðaverkstæði Muggs.....   | 291         | Gildi - lífeyrissjóður.....           | 64  |
| Birgisson.....                 | 106         | Globus.....                           | 138 |
| Bílahöllin - Bílaryðvörn.....  | 294         | Gólfefnaval.....                      | 133 |
| Bílalökkun Kópsson.....        | 296         | Grand þvottur.....                    | 258 |
| Bílapartar.....                | 295         | Gull og Silfur.....                   | 141 |
| Bílaverkstæðið Múlatindur..... | 300         | Hagar.....                            | 142 |
| Bílaþvottastöðin Lindin.....   | 298         | Hagkaup.....                          | 146 |
| Bílson.....                    | 302         | Hegas.....                            | 140 |
| Bilver.....                    | 299         | Heimahúsið.....                       | 150 |
| Bónus.....                     | 144         | Heimkaup.....                         | 152 |
| Brú - lífeyrissjóður.....      | 60          | Herrahúsið.....                       | 154 |
| BYKO.....                      | 108         | Hilti.....                            | 156 |
| Dekkjahöllin.....              | 304         | Húsasmiðjan.....                      | 158 |
| Dentalstál.....                | 249         | IBH.....                              | 153 |
| Dún og fiður.....              | 112         | Iðnver.....                           | 160 |
| Dýrheimar.....                 | 114         | IKEA.....                             | 162 |
| Efnalaug Dóru.....             | 250         | ILVA.....                             | 164 |
| Efnalaugin Björg.....          | 252         | Innes.....                            | 166 |
| Efnalaugin og þvottahúsið..... | 251         | Inter.....                            | 168 |
| Egilsson.....                  | 116         | Íslandsbanki.....                     | 14  |
| Eins og fætur toga.....        | 117         | Íslandssjóðir.....                    | 18  |
| Eirberg.....                   | 118         | Íslensk getsþá.....                   | 260 |
| Ergo.....                      | 16          | Íslensk verðbréf.....                 | 20  |
|                                |             | Járn & gler.....                      | 170 |
|                                |             | Jón & Óskar.....                      | 163 |
|                                |             | Jón Bergsson.....                     | 172 |
|                                |             | JS Ljósasmiðjan.....                  | 174 |
|                                |             | Kaupfélag Skagfirðinga.....           | 176 |
|                                |             | Kaupfélag Vestur-Húnavetninga.....    | 173 |
|                                |             | KEA.....                              | 54  |
|                                |             | Klettur - sala og þjónusta.....       | 308 |
|                                |             | Kraftbílur.....                       | 310 |
|                                |             | Kraftvélar.....                       | 178 |
|                                |             | Kringlan.....                         | 84  |
|                                |             | Kvika banki.....                      | 22  |
|                                |             | Kvika eignastýring.....               | 26  |
|                                |             | Landsbankinn.....                     | 28  |
|                                |             | Landsbréf.....                        | 32  |
|                                |             | Landssamtök lífeyrissjóða.....        | 56  |
|                                |             | Líf&List.....                         | 180 |
|                                |             | Lífeyrissjóður Rangæinga.....         | 68  |
|                                |             | Lifland.....                          | 182 |
|                                |             | Lífsverk - lífeyrissjóður.....        | 70  |
|                                |             | Logoflex.....                         | 257 |
|                                |             | LSR - lífeyrissjóður.....             | 72  |
|                                |             | Lyf & heilsa.....                     | 184 |
|                                |             | Lyfja.....                            | 188 |
|                                |             | Lyfjaval.....                         | 190 |
|                                |             | Lyfjaver.....                         | 192 |
|                                |             | Lyra.....                             | 179 |
|                                |             | Málningarvörur.....                   | 194 |
|                                |             | Merking.....                          | 262 |
|                                |             | MHG Verslun.....                      | 196 |
|                                |             | Mitra.....                            | 312 |
|                                |             | Nasdaq Iceland - Kauphöllin.....      | 34  |
|                                |             | Nýsprautun.....                       | 301 |
|                                |             | Oddur Pétursson - Body Shop.....      | 198 |
|                                |             | Olis.....                             | 148 |

|                                  |     |  |     |
|----------------------------------|-----|--|-----|
| Oliudreifing.....                | 200 | Toyota á Íslandi.....                      | 284 |
| Orka.....                        | 202 | Transporter / Diesel.....                  | 321 |
| Ormsson.....                     | 204 | Tösku- og hanskabúðin.....                 | 234 |
| Ósal varahlutaverslun.....       | 314 | Útfararstofa Reykjavíkur.....              | 266 |
| Parket & gólf.....               | 206 | Útfararþjónusta Kirkjugarða Akureyrar..... | 267 |
| Parki.....                       | 208 | Útfararþjónusta Kirkjugarðanna.....        | 268 |
| PingPong.....                    | 191 | Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar..... | 270 |
| Poulsen.....                     | 210 | Valitor.....                               | 50  |
| Radix.....                       | 212 | Vaskur.....                                | 272 |
| Rafgeymasalan.....               | 316 | Verkfærasalan.....                         | 236 |
| Rafver.....                      | 214 | Vélar og verkfæri.....                     | 238 |
| Rakarastofan Herramenn.....      | 264 | Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar.....     | 315 |
| Reki.....                        | 216 | Vidd.....                                  | 240 |
| RJR.....                         | 215 | Vogue.....                                 | 242 |
| Rolf Johansen & Company.....     | 218 | Vörður tryggingar.....                     | 80  |
| RS Import / Garminbúðin.....     | 220 | Würth á Íslandi.....                       | 244 |
| Saltkaup.....                    | 222 | Z-Brautir og gluggatjöld.....              | 248 |
| SaltPay.....                     | 40  | Þ. Þórgrímsson og Co.....                  | 246 |
| Seðlabanki Íslands.....          | 42  | Þvottabjörn.....                           | 274 |
| Sena.....                        | 224 |  |     |
| Síglósport.....                  | 225 |  |     |
| Sjóvá - Almennar tryggingar..... | 74  |  |     |
| Skeljungur.....                  | 226 |  |     |
| Skiltaval.....                   | 265 |  |     |
| Skorri.....                      | 318 |  |     |
| Skrifstofuvörur.....             | 230 |  |     |
| Smáralind.....                   | 86  |  |     |
| Smith & Norland.....             | 232 |  |     |
| Stuðlaberg heilbrigðistækni..... | 119 |  |     |
| Suzuki bílar.....                | 280 |  |     |
| T Plús.....                      | 48  |  |     |
| Tengi.....                       | 231 |  |     |
| TM.....                          | 76  |  |     |
| Toyota á Akureyri.....           | 282 |  |     |

## Heildarnafnaskrá - Bækur 1-6

| <b>Nafn</b>                     | <b>Bók.</b> | <b>Bls.</b> |   |   |     |
|---------------------------------|-------------|-------------|---|---|-----|
| 101 fasteignasala               | 5           | 305         | Austurverk                              | 5 | 22  |
| 112 Neyðarlínan                 | 1           | 60          | AVH arkitektúr - verkfræði - hönnun     | 2 | 277 |
| 1912                            | 6           | 88          | Ap Prif                                 | 5 | 326 |
| 701 Hotels                      | 3           | 300         | Á. Guðmundsson                          | 4 | 90  |
| A. Wendel                       | 6           | 92          | ÁF hús / Leigugarðar                    | 5 | 24  |
| A2F arkitektar                  | 2           | 276         | ÁK smíði                                | 5 | 26  |
| Aalborg Portland Íslandi        | 5           | 10          | Áltak                                   | 5 | 28  |
| AB varahlutir                   | 6           | 290         | Áman                                    | 6 | 96  |
| Advania                         | 2           | 326         | Árneshreppur á Ströndum                 | 1 | 223 |
| Aðalbakari                      | 4           | 220         | Árni Helgason                           | 5 | 30  |
| Aðalskoðun                      | 6           | 292         | Ás fasteignasala                        | 5 | 306 |
| Aðalvík                         | 5           | 12          | Ásafi                                   | 6 | 98  |
| AFL Starfsgreinafélag           | 2           | 184         | Ásbjörn Ólafsson                        | 6 | 100 |
| Aftak                           | 5           | 14          | Átak                                    | 5 | 260 |
| AH pípulagnir                   | 5           | 16          | Áveitan                                 | 5 | 32  |
| Airport Associates              | 3           | 184         | B&S Restaurant                          | 3 | 302 |
| Akrahreppur                     | 1           | 234         | B. Markan pípulagnir                    | 5 | 23  |
| Akureyrarbær                    | 1           | 242         | B. Sturluson                            | 3 | 188 |
| Alcoa Fjarðaál                  | 4           | 86          | B.E. Húsbyggingar                       | 5 | 34  |
| Aldan stéttarfélag              | 2           | 186         | Bakameistarinn                          | 4 | 224 |
| Aleflí                          | 5           | 18          | Barki                                   | 4 | 92  |
| Alhliða pípulagnir              | 5           | 17          | Barnaverndarstofa                       | 1 | 62  |
| Alma                            | 5           | 324         | Basalt arkitektar                       | 2 | 286 |
| Alþingi                         | 1           | 18          | Batterið arkitektar                     | 2 | 288 |
| Alþrif hreingerningarpjónusta   | 5           | 323         | Bautinn                                 | 3 | 304 |
| Alþýðusamband Íslands           | 2           | 188         | Báran stéttarfélag                      | 2 | 190 |
| Annata                          | 2           | 328         | Bergur                                  | 3 | 12  |
| Apótek Vesturlands              | 6           | 94          | Bernharð Laxdal                         | 6 | 102 |
| Arctic Protein                  | 3           | 146         | Bestseller                              | 6 | 104 |
| Arkitektastofan Zeppelin        | 2           | 278         | Betri vörur                             | 4 | 221 |
| Arkís arkitektar                | 2           | 280         | BG þjónustan                            | 5 | 328 |
| Arkþing - Nordic                | 2           | 282         | BHM                                     | 2 | 192 |
| Arna                            | 4           | 222         | Bifreiðastöð PPP                        | 3 | 189 |
| Arnarlax                        | 3           | 136         | Bifreiðaverkstæði Muggs                 | 6 | 291 |
| ASK arkitektar                  | 2           | 284         | Bikun                                   | 5 | 36  |
| Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun | 1           | 32          | Biobú                                   | 4 | 226 |
| Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga  | 1           | 236         | Birgisson                               | 6 | 106 |
| Auðbert & Vigfús Páll           | 3           | 186         | Biskupsstofa                            | 1 | 64  |
| Auðlindagarðurinn / HS Orka     | 4           | 14          | Bílahöllin - Bílaryðvörn                | 6 | 294 |
| Austfirskir verktakar           | 5           | 20          | Bíalökkun Kópsson                       | 6 | 296 |
| Austurbrú SES                   | 1           | 259         | Bílapartar                              | 6 | 295 |
|                                 |             |             | Bílaverkstæði Múlatindur                | 6 | 300 |
|                                 |             |             | Bílaþvottastöðin Lindin                 | 6 | 298 |
|                                 |             |             | Bílgreinasambandið                      | 2 | 178 |
|                                 |             |             | Bílson                                  | 6 | 302 |
|                                 |             |             | Bilver                                  | 6 | 299 |
|                                 |             |             | Bjarnarhöfn                             | 3 | 272 |
|                                 |             |             | Bláa Lónið                              | 3 | 262 |
|                                 |             |             | Blikk- og tækniþjónustan                | 5 | 38  |
|                                 |             |             | Blikkrás                                | 4 | 91  |
|                                 |             |             | Blikksmiðja Guðmundar                   | 4 | 94  |
|                                 |             |             | Blikksmiðjan Vík                        | 4 | 96  |
|                                 |             |             | Blikksmiðjurn                           | 4 | 98  |
|                                 |             |             | Bliktækni                               | 5 | 39  |
|                                 |             |             | Blönduósbær                             | 1 | 225 |
|                                 |             |             | Boðleið                                 | 2 | 360 |
|                                 |             |             | Bolungarvíkurkaupstaður                 | 1 | 212 |
|                                 |             |             | Borg fasteignasala                      | 5 | 308 |
|                                 |             |             | Borgarholtsskóli                        | 2 | 36  |
|                                 |             |             | Borgarleikhúsið - Leikfélag Reykjavíkur | 2 | 116 |
|                                 |             |             | Bólstursmiðjan                          | 4 | 95  |
|                                 |             |             | Bónus                                   | 6 | 144 |
|                                 |             |             | Bragi Guðmundsson                       | 5 | 40  |
|                                 |             |             | Brim                                    | 3 | 14  |
|                                 |             |             | Brunavarnir á Austurlandi               | 1 | 261 |
|                                 |             |             | Brunavarnir Árnessýslu                  | 1 | 270 |
|                                 |             |             | Brunavarnir Rangárvallasýslu            | 1 | 274 |
|                                 |             |             | Brunavarnir Suðurnesja                  | 1 | 294 |
|                                 |             |             | Brú - lífeyrissjóður                    | 6 | 60  |
|                                 |             |             | Brú félag stjórnenda                    | 2 | 187 |
|                                 |             |             | Bruin                                   | 3 | 152 |
|                                 |             |             | Braður                                  | 3 | 153 |
|                                 |             |             | BSRB                                    | 2 | 194 |
|                                 |             |             | Búlandstindur                           | 3 | 20  |
|                                 |             |             | Bústólpi                                | 4 | 312 |
|                                 |             |             | Búvís                                   | 4 | 314 |
|                                 |             |             | Bygg Ben                                | 5 | 42  |
|                                 |             |             | Byggðasafn Árnesinga                    | 2 | 124 |
|                                 |             |             | Byggðasafn Skagafjarðar                 | 2 | 125 |
|                                 |             |             | Byggðasafnið í Görðum Akranesi          | 2 | 126 |
|                                 |             |             | Byggðastofnun                           | 1 | 66  |
|                                 |             |             | Byggið                                  | 2 | 196 |
|                                 |             |             | Byggingarfélag Gylfa og Gunnars         | 5 | 44  |
|                                 |             |             | Byggingarfélagið Bestla                 | 5 | 46  |
|                                 |             |             | BYKO                                    | 6 | 108 |
|                                 |             |             | Carbfix                                 | 4 | 60  |
|                                 |             |             | Cargo flutningar                        | 3 | 190 |
|                                 |             |             | Caruso                                  | 3 | 306 |
|                                 |             |             | CCP                                     | 2 | 330 |
|                                 |             |             | Coca-Cola Europacific Partners á Ísl    | 4 | 228 |
|                                 |             |             | Colas Ísland                            | 5 | 48  |
|                                 |             |             | Controlant                              | 2 | 334 |
|                                 |             |             | Curio                                   | 3 | 154 |
|                                 |             |             | Dalabyggð                               | 1 | 208 |
|                                 |             |             | Dalbær                                  | 1 | 342 |
|                                 |             |             | Dalvíkurbyggð                           | 1 | 248 |
|                                 |             |             | Danica Seafood                          | 3 | 156 |
|                                 |             |             | Dekkjahóllin                            | 6 | 304 |
|                                 |             |             | Deloitte                                | 2 | 260 |
|                                 |             |             | Dentalstál                              | 6 | 249 |
|                                 |             |             | dk hugbúnaður                           | 2 | 336 |
|                                 |             |             | Dohop                                   | 2 | 338 |
|                                 |             |             | Drangur                                 | 3 | 22  |
|                                 |             |             | Drifandi stéttarfélag                   | 2 | 198 |
|                                 |             |             | Dropi                                   | 3 | 147 |
|                                 |             |             | Droplaugarstaðir                        | 1 | 344 |
|                                 |             |             | DS lausnir                              | 5 | 43  |
|                                 |             |             | Dún og fiður                            | 6 | 112 |
|                                 |             |             | Dverghamrar                             | 5 | 52  |
|                                 |             |             | Dýrheimar                               | 6 | 114 |
|                                 |             |             | E.G. Jónasson                           | 5 | 262 |
|                                 |             |             | Eðalfiskur                              | 4 | 230 |
|                                 |             |             | Efnalaug Dóru                           | 6 | 250 |
|                                 |             |             | Efnalaugin Björg                        | 6 | 252 |
|                                 |             |             | Efnalaugin og þvottahúsið               | 6 | 251 |
|                                 |             |             | Egersund Ísland                         | 3 | 158 |
|                                 |             |             | Egilsson                                | 6 | 116 |
|                                 |             |             | Eignaborg fasteignasala                 | 5 | 309 |
|                                 |             |             | Eignamiðlun                             | 5 | 310 |
|                                 |             |             | Eignarhaldsfélagið Ögur                 | 5 | 304 |
|                                 |             |             | Eik fasteignafélag                      | 5 | 296 |
|                                 |             |             | Eimskipafélag Íslands                   | 3 | 192 |
|                                 |             |             | Einhamar Seafood                        | 3 | 24  |
|                                 |             |             | Eining - lða                            | 2 | 200 |
|                                 |             |             | Einingaverksmiðjan                      | 5 | 54  |
|                                 |             |             | Eins og fætur toga                      | 6 | 117 |

|   |          |   |          |                                    |          |   |          |
|---|----------|---|----------|------------------------------------|----------|---|----------|
| Eir hjúkrunarheimili.....               | 1... 346 | Fiskbúðin Hafberg.....                  | 6... 130 | Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ..... | 2.....48 | Grímsnes- og Grafningshreppur.....          | 1... 278 |
| Eirberg.....                            | 6... 118 | Fiskeldi Austfjarða.....                | 3... 138 | Framkvæmdasýsla ríkisins.....      | 1.....74 | Grímur kokkur.....                          | 4... 244 |
| Ektafiskur.....                         | 3.....26 | Fiskkaup.....                           | 3... 36  | Framrás.....                       | 5.....63 | Grímur vélaverkstæði.....                   | 4... 110 |
| Eldheimar.....                          | 2... 127 | Fiskmarkaður Íslands.....               | 3... 122 | Framsóknarflokkurinn.....          | 1.....24 | Grundarfjarðarbær.....                      | 1... 206 |
| Elding hvalaskoðun.....                 | 3... 274 | Fiskmarkaður Norðurlands.....           | 3... 124 | Framsýn stéttarfélag.....          | 2... 207 | Grundarheimilin.....                        | 1... 340 |
| Elektro Co.....                         | 5... 263 | Fiskmarkaður Snæfellsbæjar.....         | 3... 129 | Freyja.....                        | 4... 236 | Gröfutaekni.....                            | 5... 79  |
| Element.....                            | 5.....56 | Fiskmarkaður Suðurnesja.....            | 3... 126 | Friðrik Jónsson.....               | 5.....64 | Gröfupjónusta Tryggva Einars.....           | 5... 82  |
| Elkem Ísland.....                       | 4... 100 | Fiskmarkaður Vestfjarða - FMVEST.....   | 3... 130 | Frosti.....                        | 3.....40 | GT verktakar.....                           | 5... 84  |
| Eltech.....                             | 5... 264 | Fiskmarkaður Vestmannaeyja.....         | 3... 132 | Frumherji.....                     | 6... 306 | Guðmundur Tyrfingsson.....                  | 3... 275 |
| Emmessis.....                           | 4... 227 | Fiskmarkaðurinn / Grillmarkaðurinn..... | 3... 310 | Fræðslumiðstöð atvinnulífsins..... | 2.....86 | Gull og Silfur.....                         | 6... 141 |
| Endurhæfing þekkingarsetur.....         | 1... 354 | Fiskvinnslan Íslandssaga.....           | 3... 38  | Fræðslusetrið Starfsmennt.....     | 2.....89 | Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri.....        | 2... 129 |
| Endurskoðun Vestfjarða.....             | 2... 264 | FÍB.....                                | 6... 288 | Fúsi Sértak.....                   | 5.....66 | Gúmmisteypa Þ. Lárusson.....                | 4... 114 |
| Endurvinnslan.....                      | 4... 316 | Finpússning.....                        | 5... 59  | Fönn.....                          | 6... 256 | Hafnarfjarðarbær.....                       | 1... 184 |
| Enor.....                               | 2... 266 | Fjallabyggð.....                        | 1... 232 | G. Hjálmarsson.....                | 5.....68 | Hafnarfjarðarhöfn.....                      | 3... 210 |
| Ergo.....                               | 6.....16 | Fjallalamb.....                         | 4... 232 | G.Á. Húsgögn.....                  | 6... 134 | Hafrannsóknastofnun.....                    | 1.....76 |
| Eskja.....                              | 3.....28 | Fjallasýn Rúnars Óskarssonar.....       | 3... 278 | G.V. Gröfur.....                   | 5.....70 | Hagar.....                                  | 6... 142 |
| Espilföt.....                           | 4... 294 | Fjarðabyggð.....                        | 1... 266 | Gamla spýtan.....                  | 5.....72 | Hagblíkk.....                               | 4... 111 |
| Express.....                            | 3... 198 | Fjarðalagnir.....                       | 5... 62  | Garðabær.....                      | 1... 180 | Hagkaup.....                                | 6... 146 |
| Eyja- og Miklaholtshreppur.....         | 1... 198 | Fjarðarþrif.....                        | 6... 254 | Garðræktarfélag Reykhverfinga..... | 4... 302 | Hagvangur.....                              | 2... 316 |
| Eyjablíkk.....                          | 4... 104 | Fjármála- og efnahagsráðuneytið.....    | 1.....40 | Garðvík.....                       | 5.....74 | Hampiðjan.....                              | 4... 116 |
| Eyjaftarbarsveit.....                   | 1... 246 | Fjársýsla ríkisins.....                 | 1.....72 | Garðyrkjustöðin Reykás.....        | 4... 304 | Happdrætti Háskóla Íslands.....             | 2.....16 |
| Fagtækni.....                           | 5... 266 | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra..... | 2.....38 | Garðyrkjustöðin Silfurtúni.....    | 4... 306 | Hafell.....                                 | 5.....86 |
| Fangelsismálastofnun ríkisins.....      | 1.....68 | Fjölbrautaskóli Snæfellinga.....        | 2.....40 | Geislataekni.....                  | 4... 106 | Háskólasetur Vestfjarða.....                | 2.....32 |
| Farice.....                             | 2... 362 | Fjölbrautaskóli Vesturlands.....        | 2.....42 | Geisli.....                        | 5... 268 | Háskóli Íslands.....                        | 2.....20 |
| Fasteignafélagið Íþaka.....             | 5... 298 | Fjölbrautaskólinn við Ármúla.....       | 2... 44  | Geitey.....                        | 4... 238 | Háskólinn á Bifröst.....                    | 2... 24  |
| Fasteignamarkaðurinn.....               | 5... 312 | Fjöruborðið.....                        | 3... 312 | Genís.....                         | 1... 336 | Háskólinn í Reykjavík.....                  | 2... 26  |
| Fasteignasalan Hákot.....               | 5... 315 | Fjöruráin.....                          | 3... 315 | GG Verk.....                       | 5.....76 | Hefilverk.....                              | 5... 88  |
| Fasteignasalan Miklaborg.....           | 5... 316 | Flóra garðyrkjustöð.....                | 4... 296 | Gilbert úrsmiður.....              | 6... 136 | Hegas.....                                  | 6... 140 |
| Fastland ehf.....                       | 2... 274 | Flugakadema Íslands.....                | 2... 98  | Gildi - lífeyrissjóður.....        | 6.....64 | Heilbrigðiseftirlit Austurlands.....        | 1... 262 |
| Faxaflóahafnir.....                     | 3... 200 | Flugfélagið Ernir.....                  | 3... 206 | Gísl Jónsson.....                  | 5.....67 | Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra..... | 1... 240 |
| Faxaverk.....                           | 5.....58 | Flugfreyjufélag Íslands.....            | 2... 206 | GK Bakarí.....                     | 4... 240 | Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.....         | 1... 276 |
| Ferðamálastofa.....                     | 1.....70 | Flúgger.....                            | 6... 132 | Globus.....                        | 6... 138 | Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.....         | 1... 296 |
| Ferðaskrifstofa Íslands.....            | 3... 276 | Flugsafn Íslands.....                   | 2... 128 | Glófaxi.....                       | 4... 108 | Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.....         | 1... 210 |
| Ferðaþjónustan Mjóeyri.....             | 3... 308 | Flugvirkjafélag Íslands.....            | 2... 208 | Gosi Trésmiðja.....                | 5... 336 | Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.....        | 1... 194 |
| Festi.....                              | 6... 120 | Flúðajörfi.....                         | 4... 298 | Gott.....                          | 3... 316 | Heilbrigðisráðuneytið.....                  | 1... 46  |
| Félag heilbrigðisgagnafræðinga.....     | 2... 199 | Flúðasveppir.....                       | 4... 300 | Góa.....                           | 4... 242 | Heilbrigðisstofnun Austurlands.....         | 1... 312 |
| Félag iðn- og tæknigreina.....          | 2... 204 | Fold fasteignasala.....                 | 5... 314 | GÓK húsasmíði.....                 | 5.....78 | Heilbrigðisstofnun Norðurlands - HSN.....   | 1... 314 |
| Félag íslenskra flugumferðarstjóra..... | 2... 202 | Forsætisráðuneytið.....                 | 1... 44  | Gólfefnaval.....                   | 6... 133 | Heilbrigðisstofnun Suðurlands.....          | 1... 316 |
| Félag kvenna í atvinnulífinu FKA.....   | 6.....10 | Foss Distillery.....                    | 4... 234 | GPG Seafood.....                   | 3.....42 | Heilbrigðisstofnun Vesturlands.....         | 1... 320 |
| Félagsmálaráðuneytið.....               | 1.....38 | Foss stéttarfélag.....                  | 2... 210 | Grand þvottur.....                 | 6... 258 | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins.....       | 1... 322 |
| Finnur.....                             | 5.....60 | Fraktlausnir.....                       | 3... 208 | Grindavíkurbær.....                | 1... 304 | Heilsustofnun NLFÍ.....                     | 1... 356 |
| FISK Seafood.....                       | 3.....32 | Framhaldsskólinn á Laugum.....          | 2... 46  | Grindin.....                       | 5.....80 | Heimabakarí.....                            | 4... 241 |

|                                     |          |                                      |          |  |          |                                  |          |
|-------------------------------------|----------|--------------------------------------|----------|--|----------|----------------------------------|----------|
| Heimahúsið.....                     | 6... 152 | Höfuð-Verk.....                      | 5... 100 | JGK Tech.....                                | 4... 65  | Kræsingar.....                   | 4... 252 |
| Heimavellir.....                    | 5... 330 | IBH.....                             | 6... 151 | JÓ lagnir.....                               | 5... 112 | K-Tak.....                       | 5... 124 |
| Heimkaup.....                       | 6... 150 | Iceland Pro Travel.....              | 3... 285 | Jómfrúin.....                                | 3... 328 | Kvarnir.....                     | 5... 126 |
| Helgafellssveit.....                | 1... 201 | Icelandair Group.....                | 3... 214 | Jón & Margeir.....                           | 3... 222 | Kvennaskólinn í Reykjavík.....   | 2... 50  |
| Herrahúsið.....                     | 6... 154 | Íðan fræðslusetur.....               | 2... 90  | Jón & Óskar.....                             | 6... 163 | Kvika banki.....                 | 6... 22  |
| Héðinn.....                         | 4... 120 | Íðnaðarmannafélagið í Reykjavík..... | 2... 212 | Jón Bergsson.....                            | 6... 172 | Kvika eignastýring.....          | 6... 26  |
| Héraðsverk.....                     | 5... 90  | Íðnsveinafélag Skagafjarðar.....     | 2... 213 | Jón Ingi Hinriksson.....                     | 5... 114 | Kvikmyndaskóli Íslands.....      | 2... 52  |
| Hilti.....                          | 6... 156 | Íðnver.....                          | 6... 160 | Jónsmenn.....                                | 5... 113 | Kynniserðir.....                 | 3... 286 |
| Hitaveita Egilsstaða og Fella.....  | 4... 16  | IKEA.....                            | 6... 162 | JS Ljósasmíðjan.....                         | 6... 174 | KÞ lagnir.....                   | 5... 123 |
| Hitaveitufélag Hvalfjarðar.....     | 4... 18  | ILVA.....                            | 6... 164 | K16.....                                     | 5... 116 | L-7 verktakar.....               | 5... 128 |
| Hjallastefnan.....                  | 2... 100 | Indian Curry House.....              | 3... 325 | Kaffi Hornið.....                            | 3... 330 | Lagnafl.....                     | 5... 130 |
| Hjartavernd.....                    | 1... 326 | Ingileifur Jónsson - U Landstak..... | 5... 102 | Kaffitár.....                                | 3... 329 | Lagnalind.....                   | 5... 132 |
| Hjálpræðisherinn.....               | 1... 365 | Innnes.....                          | 6... 166 | Kaldranashreppur.....                        | 1... 222 | Landbúnaðarháskóli Íslands.....  | 2... 30  |
| Hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð..... | 1... 349 | Inter.....                           | 6... 168 | Kambar.....                                  | 4... 132 | Landhelgisgæsla Íslands.....     | 1... 92  |
| Hlöllabátar.....                    | 3... 318 | Into the Glacier.....                | 3... 282 | KAPP.....                                    | 4... 166 | Landlæknisembættið.....          | 1... 94  |
| Hólmadrangur.....                   | 3... 46  | Invent Farma.....                    | 4... 124 | Katla byggingafélag.....                     | 5... 118 | Landmótun.....                   | 2... 290 |
| Hópfærdamiðstöðin Trex.....         | 3... 280 | Isavia.....                          | 1... 80  | Kaupfélag Skagfirðinga.....                  | 6... 176 | Landsbankinn.....                | 6... 28  |
| Hópsnes.....                        | 4... 318 | Iso Tækni.....                       | 4... 126 | Kaupfélag Vestur-Húnavatnina.....            | 6... 173 | Landsbréf.....                   | 6... 32  |
| Hótel Öðinsvé.....                  | 3... 320 | Íbúðir 60+ Mörkinni.....             | 1... 352 | KEA.....                                     | 6... 54  | Landsnet.....                    | 4... 26  |
| Hótel Selfoss.....                  | 3... 322 | Ísfélag Vestmannaeyja.....           | 3... 52  | Keilir.....                                  | 2... 34  | Lands samband lögreglumanna..... | 2... 216 |
| Hótel Varmahlíð.....                | 3... 324 | Ísgel.....                           | 3... 160 | Kennarasamband Íslands.....                  | 2... 214 | Landsamtök lífeyrissjóða.....    | 6... 56  |
| HP flutningar.....                  | 3... 191 | Íslandsbanki.....                    | 6... 14  | KFC á Íslandi.....                           | 3... 332 | Landsvirkjun.....                | 4... 30  |
| Hraðfrystihús Hellissands.....      | 3... 48  | Íslandshótel.....                    | 3... 326 | KG fiskverkun.....                           | 3... 56  | Langanesbyggð.....               | 1... 254 |
| Hringdu.....                        | 2... 365 | Íslandsþóstur.....                   | 1... 86  | Kjarnasögun.....                             | 5... 120 | Langbest.....                    | 3... 334 |
| Hringiðan.....                      | 2... 363 | Íslandsjóðir.....                    | 6... 18  | Kjarnavörur.....                             | 4... 246 | LARSEN hönnun og ráðgjöf.....    | 2... 275 |
| Hrunamannahreppur.....              | 1... 279 | Íslandsstofa.....                    | 2... 180 | Kjósarhreppur.....                           | 1... 190 | Laugafiskur.....                 | 3... 62  |
| HS Orka.....                        | 4... 20  | Íslensk erfðagreining.....           | 1... 338 | Kjörís.....                                  | 4... 248 | Launafl.....                     | 4... 136 |
| HS Veitur.....                      | 4... 22  | Íslensk getsþá.....                  | 6... 260 | Kjótöskan.....                               | 4... 250 | Laxar.....                       | 3... 140 |
| Huginn.....                         | 3... 50  | Íslensk verðbréf.....                | 6... 20  | Klettur - sala og þjónusta.....              | 6... 308 | Laxá Fiskafóður.....             | 3... 164 |
| Húnavatnshreppur.....               | 1... 226 | Íslenska gámafélagið.....            | 4... 320 | Klínikin Ármúla.....                         | 1... 328 | Léttitækni.....                  | 4... 138 |
| Húnaþing vestra.....                | 1... 224 | Íslenskar orkurannsóknir ÍSOR.....   | 4... 62  | Klofningur.....                              | 3... 58  | Lind fasteignasala.....          | 5... 318 |
| Húsagerðin.....                     | 5... 92  | Íslenskir aðalverktakar IAV.....     | 5... 104 | Kolibri.....                                 | 2... 340 | Lindabakarí.....                 | 4... 253 |
| Húsasmiðjan.....                    | 6... 158 | Ísloft blikk- og stálsmiðja.....     | 4... 128 | Konnasafn.....                               | 2... 131 | Linde Gas.....                   | 4... 140 |
| Húsheild.....                       | 5... 94  | Íslyft - Steinbock-þjónustan.....    | 3... 162 | Kopar & Zink.....                            | 4... 134 | Listasafn Íslands.....           | 2... 122 |
| Húsnæðis- og mannvirkjastofnun..... | 1... 78  | Ístak.....                           | 5... 108 | Kópavogsbær.....                             | 1... 176 | Lif&List.....                    | 6... 180 |
| Hússtjórnarskólinn í Reykjavík..... | 2... 102 | Ístex.....                           | 4... 130 | KPMG.....                                    | 2... 268 | Lífeyrissjóður Rangæinga.....    | 6... 68  |
| Húsvirki.....                       | 5... 96  | Íafnréttisstofa.....                 | 1... 90  | Kraftbílur.....                              | 6... 310 | Lifland.....                     | 6... 182 |
| Hvalasafnið á Húsavík.....          | 2... 130 | Jakob Valgeir.....                   | 3... 54  | Kraftvélar.....                              | 6... 178 | Lifsverk - lífeyrissjóður.....   | 6... 70  |
| Hvalfjarðarsveit.....               | 1... 196 | Jarðboranir.....                     | 4... 24  | Kranar.....                                  | 5... 119 | Limtré Virnet.....               | 4... 142 |
| Hvammur - heimili aldraðra.....     | 1... 351 | Jarðböðin.....                       | 3... 264 | Krappi.....                                  | 5... 122 | Ljósmaðrafélag Íslands.....      | 2... 218 |
| Hveragerði.....                     | 1... 280 | Já.....                              | 2... 366 | Kringlan.....                                | 6... 84  | Loðnvinnslan.....                | 3... 64  |
| Höfðavélar.....                     | 5... 98  | Járn & gler.....                     | 6... 170 | Kristinn Jón Friðþjófs/Sjávariðjan Rifi..... | 3... 60  | Loftorka Reykjavík.....          | 5... 134 |

|   |           |   |           |                                     |           |                                       |           |
|---|-----------|---|-----------|-------------------------------------|-----------|---------------------------------------|-----------|
| Logoflex .....                                  | 6.. 257   | Menntaskólinn á Ísafirði .....                  | 2... 62   | Náttúruminjasafn Íslands .....      | 2... 134  | Parket & gólf .....                   | 6.. 206   |
| Lota .....                                      | 2.. 296   | Menntaskólinn á Tröllaskaga .....               | 2... 66   | Náttúrustofa Norðausturlands .....  | 1... 118  | Parki .....                           | 6.. 208   |
| LS Retail .....                                 | 2.. 342   | Menntaskólinn í Kópavogi .....                  | 2... 68   | Náttúrustofa Suðausturlands .....   | 1... 120  | Pálmatré .....                        | 5.. 166   |
| LSR - lífeyrissjóður .....                      | 6..... 72 | Menntaskólinn í Reykjavík .....                 | 2... 70   | Náttúrustofa Vestfjarða .....       | 3... 148  | Persónuvernd .....                    | 1.. 132   |
| Lyf & heilsa .....                              | 6.. 184   | Menntaskólinn við Hamrahlöð .....               | 2... 72   | Nesbrauð .....                      | 4... 260  | PingPong .....                        | 6.. 191   |
| Lyfja .....                                     | 6.. 188   | Menntaskólinn við Sund .....                    | 2... 74   | Nesbræður .....                     | 5... 162  | PK Verk .....                         | 5.. 167   |
| Lyfjaval .....                                  | 6.. 190   | Merking .....                                   | 6... 262  | Nestak .....                        | 5... 161  | PMT - Plast, miðar og tæki .....      | 4.. 168   |
| Lyfjaver .....                                  | 6.. 192   | Meta .....                                      | 5... 146  | Netkerfi og tölvur .....            | 2... 378  | Polynorth .....                       | 4.. 165   |
| Lyra .....                                      | 6.. 179   | MHG Verslun .....                               | 6... 196  | Netorka .....                       | 2... 348  | Poulsen .....                         | 6.. 210   |
| Lýsi .....                                      | 4.. 254   | Miðás .....                                     | 4... 148  | Neytendastofa .....                 | 1... 122  | Premis .....                          | 2... 380  |
| Læknafélag Íslands .....                        | 2.. 220   | Miðflokkurinn .....                             | 1..... 26 | Nonni litli .....                   | 4... 262  | PricewaterhouseCoopers .....          | 2.. 272   |
| Læknavaktin .....                               | 1.. 330   | Miðstöð .....                                   | 5... 147  | Nora Seafood .....                  | 3..... 70 | Prófilstál .....                      | 5.. 168   |
| Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra . 1 ..... | 96        | Miðstöð .....                                   | 5... 148  | Norðurál .....                      | 4... 160  | Radix .....                           | 6.. 212   |
| Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra . 1 ..... | 98        | Miðstöðin .....                                 | 5... 148  | Norðurorka . 1 .....                | 4..... 34 | Rafal .....                           | 4.. 170   |
| Lögreglustjórinn á Suðurlandi .....             | 1.. 100   | Mikael .....                                    | 5... 150  | Norðurslóð .....                    | 2... 136  | Rafeining .....                       | 5.. 270   |
| Lögreglustjórinn á Vestfjörðum .....            | 1.. 104   | Minjasafn Austurlands .....                     | 2... 133  | Norðurstál .....                    | 4... 157  | Rafey .....                           | 5.. 272   |
| Lögreglustjórinn á Vesturlandi .....            | 1.. 102   | Minjastofnun .....                              | 1... 112  | Norðurvík .....                     | 5... 164  | Raffó .....                           | 5.. 274   |
| Löndun .....                                    | 3.. 167   | Mila .....                                      | 2... 368  | Norðurþing .....                    | 1... 250  | Rafgeymasalan .....                   | 6.. 316   |
| Malbikstöðin .....                              | 5.. 137   | Mitra .....                                     | 6... 312  | Norlandair .....                    | 3... 228  | Rafhörn .....                         | 5.. 276   |
| Malbikunarstöð Austurlands .....                | 5.. 138   | Mjólkursamsalan .....                           | 4.. 256   | Norlandia .....                     | 3..... 72 | Rafiðnaðarsamband Íslands .....       | 2.. 224   |
| Malbikunarstöðin Höfði .....                    | 5.. 140   | Mjöll-Frigg .....                               | 4.. 150   | Nova .....                          | 2... 370  | Raflagnabjónusta Selfoss .....        | 5.. 278   |
| Mannberg / Vélsmiðja Heiðars .....              | 4.. 127   | Mjólnir .....                                   | 4.. 152   | Nói - Sirius .....                  | 4... 264  | Rafmenn .....                         | 5... 280  |
| Mannverk .....                                  | 5.. 142   | Molta .....                                     | 4... 310  | Nýja kaffibrennslan .....           | 4... 266  | Rafmennt .....                        | 2..... 94 |
| Mannvit .....                                   | 2... 298  | MótX .....                                      | 5... 152  | Nýsprautun .....                    | 6... 301  | Rafmiðun .....                        | 5... 282  |
| Marel .....                                     | 4..... 66 | MSV .....                                       | 4... 154  | Oddi .....                          | 3..... 74 | Rafskaut .....                        | 5... 284  |
| Marz Sjávarafurðir .....                        | 3.. 168   | Múlakaffi .....                                 | 3... 338  | Oddur Pétursson - Body Shop .....   | 6... 198  | Raftaug .....                         | 5... 279  |
| Matarkjallarinn .....                           | 3.. 336   | Múlalundur vinnustofa SIBS .....                | 4... 156  | OHS verk .....                      | 4... 164  | Rafver .....                          | 6.. 214   |
| Matís .....                                     | 1... 106  | Múrey .....                                     | 5... 154  | Olís .....                          | 6... 148  | Rafverk Alberts Guðmundssonar .....   | 5... 292  |
| Matvís .....                                    | 2... 222  | Múrþjónusta Helga Þorsteinssonar .....          | 5... 155  | Oliudreifing .....                  | 6... 200  | Rafvolt .....                         | 5... 286  |
| Matvælastofnun .....                            | 1... 110  | MVA .....                                       | 5... 156  | Origo .....                         | 2... 350  | Ragnar & Ásgeir .....                 | 3.. 230   |
| Málmsteypa Þorgríms Jónssonar .....             | 4... 144  | Myllan .....                                    | 5... 158  | Orka náttúrunnar .....              | 4..... 36 | Rakarastofan Herramenn .....          | 6.. 264   |
| Málning .....                                   | 4... 146  | Mýflug .....                                    | 3... 224  | Orka .....                          | 6... 202  | Rangárþing eystra .....               | 1.. 284   |
| Málningarvörur .....                            | 6.. 194   | Mýrarholt .....                                 | 3... 47   | Orkubú Vestfjarða .....             | 4..... 38 | Rannsóknarnefnd samgönguslysa .....   | 1... 134  |
| Meitill GT Tækni .....                          | 4... 112  | Mýrdalshreppur .....                            | 1... 286  | Orkuþjónustun .....                 | 2... 372  | RARIK .....                           | 4... 52   |
| Meniga .....                                    | 2... 346  | Nanna .....                                     | 3... 226  | Orkusalan .....                     | 4..... 42 | Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ..... | 4... 284  |
| Menningarfélag Akureyrar .....                  | 2... 118  | Narfeyri .....                                  | 5... 160  | Orkustofnun .....                   | 1... 124  | Reginn .....                          | 5... 300  |
| Menningarmiðstöð Þingeyinga .....               | 2... 132  | Narfi .....                                     | 3... 68   | Orkuveita Húsavíkur .....           | 4..... 46 | Reiknistofa Fiskmarkaða .....         | 3.. 134   |
| Mennta- og menningamálaráðuneytið 1 .....       | 48        | Nasdaq Iceland - Kauphöllin .....               | 6... 34   | Orkuveita Reykjavíkur .....         | 4..... 48 | Reitir .....                          | 5... 302  |
| Menntaskóli í tónlist .....                     | 2..... 54 | Naust Marine .....                              | 4... 158  | Orkuvirki .....                     | 4..... 56 | Reki .....                            | 6.. 216   |
| Menntaskólinn að Laugarvatni .....              | 2..... 56 | Navis .....                                     | 2... 302  | Ormsson .....                       | 6... 204  | Rennsli .....                         | 5... 170  |
| Menntaskólinn á Akureyri .....                  | 2..... 58 | Náttúrufræðistofnun Íslands .....               | 1... 114  | Ó.K. gámaþjónusta - sorphirða ..... | 4... 322  | Reykholahreppur .....                 | 1... 209  |
| Menntaskólinn á Egilsstöðum .....               | 2..... 60 | Náttúruhamfaratrygging Íslands, NTÍ ... 1 ..... | 116       | Ósal varahlutaverslun .....         | 6... 314  | Reykjalundur endurhæfing .....        | 1... 358  |

|   |                            |                                     |                              |                                       |                                |                                    |          |
|---|----------------------------|-------------------------------------|------------------------------|---------------------------------------|--------------------------------|------------------------------------|----------|
| Reykjanesbær .....                              | 1... 300                   | Samtök verslunar og þjónustu .....  | 2... 176                     | Skógasafn .....                       | 2... 140                       | Stéttarfélagið Samstaða.....       | 2... 227 |
| Reykjavík.....                                  | 1... 164                   | SBA-Norðurléið.....                 | 3... 288                     | Skógræktin.....                       | 4... 282                       | Stjórnublastur - Stálstjörnur..... | 4... 192 |
| Reynir bakari .....                             | 4... 263                   | Securitas .....                     | 5... 332                     | Skóli Ísaks Jónssonar.....            | 2... 104                       | Stjórnblikk .....                  | 4... 194 |
| Rifós.....                                      | 3... 142                   | Seðlabanki Íslands.....             | 6... 42                      | Skrifstofuvörur.....                  | 6... 230                       | Stjórnumálun .....                 | 5... 204 |
| Rithöfundasamband Íslands .....                 | 2... 226                   | Seltjarnarnesbær.....               | 1... 174                     | Skútabergr.....                       | 5... 180                       | Stofnun Árna Magnússonar.....      | 2... 14  |
| Ríkiskaup .....                                 | 1... 136                   | Sementsverksmiðjan.....             | 4... 178                     | Skútustaðahreppur.....                | 1... 253                       | Stofnun múslima á Íslandi.....     | 2... 157 |
| Ríkissáksóknari .....                           | 1... 138                   | Sena.....                           | 6... 224                     | Sky Lagoon .....                      | 3... 268                       | Stólpi viðskiptalausnir .....      | 2... 356 |
| RJR.....  | 6... 215                   | Sendibilastöðin .....               | 3... 240                     | Sláturhús KVH.....                    | 4... 270                       | Stólpi.....                        | 5... 206 |
| Rolf Johansen & Company .....                   | 6... 218                   | Seyðisfjarðarkaupstaður.....        | 1... 264                     | Slippfélagið.....                     | 4... 182                       | Strandabyggð .....                 | 1... 220 |
| RS Import / Garminbúðin .....                   | 6... 220                   | Sérverk .....                       | 5... 176                     | Slippurinn Akureyri.....              | 4... 184                       | Strúctor Byggingaþjónusta .....    | 5... 208 |
| Rub23.....                                      | 3... 340                   | Síglóspórt.....                     | 6... 225                     | Slökkvilið Akureyrar.....             | 1... 238                       | Strætó bs .....                    | 3... 244 |
| Ræktunarsamband Flóa og Skeiða .....            | 5... 172                   | Sigurður Ólafsson.....              | 3... 84                      | Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins ..... | 1... 162                       | Stuðlaberg heilbrigðistækni.....   | 6... 119 |
| Safnahús Vestmannaeyja.....                     | 2... 137                   | Sigurgeir Svavarsson.....           | 5... 178                     | Smákranar .....                       | 5... 182                       | Stykkishólmsbær.....               | 1... 202 |
| SagaNatura .....                                | 4... 72                    | Sigurjónsbakari .....               | 4... 268                     | Smáralind .....                       | 6... 86                        | Suðurverk.....                     | 5... 210 |
| Salka Fiskmiðlun .....                          | 3... 73                    | Sildarminjasafn Íslands.....        | 2... 139                     | Smith & Norland .....                 | 6... 232                       | Suzuki bílar .....                 | 6... 280 |
| Saltkaup .....                                  | 6... 222                   | Sildarvinnslan .....                | 3... 86                      | Snaps.....                            | 3... 342                       | Súðavíkurhreppur .....             | 1... 214 |
| SaltPay.....                                    | 6... 40                    | Simenntunarmiðstöð Eyjafjarðar..... | 2... 96                      | Snókur verktakar.....                 | 5... 183                       | Súperlagnir .....                  | 5... 214 |
| Samband stjórnendafélaga .....                  | 2... 228                   | Sjálfsbjörg .....                   | 1... 360                     | Snókur þjónusta.....                  | 4... 183                       | Svalbarðshreppur.....              | 1... 255 |
| Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum 1... 292    | Sjálfstæðisflokkurinn..... | 1... 30                             | Sorpa.....                   | 4... 324                              | Svalbarðsstrandarhreppur ..... | 1... 247                           |          |
| Sameyki stéttarfélag í almannabj.....           | 2... 230                   | Sjávarlíftækni- og vafn.....        | 3... 150                     | Sólrún .....                          | 3... 96                        | Svalþúfa .....                     | 3... 98  |
| SAM-félagið .....                               | 2... 158                   | Sjóböð .....                        | 3... 266                     | Sólakógar .....                       | 4... 308                       | Sveitarfélagið Hornafjörður.....   | 1... 268 |
| Samfylkingin .....                              | 1... 28                    | Sjóferðir.....                      | 3... 290                     | Spira og Stá.....                     | 3... 344                       | Sveitarfélagið Skagafjörður .....  | 1... 230 |
| Samgöngu- og sveitarstjórnarráðun.....          | 1... 50                    | Sjómannafélag Íslands.....          | 2... 236                     | Spölnur .....                         | 3... 242                       | Sveitarfélagið Vogar .....         | 1... 298 |
| Samgöngumínjasafnið.....                        | 2... 138                   | Sjónlag.....                        | 1... 332                     | Spöng .....                           | 5... 184                       | Sveitarfélagið Ölfus.....          | 1... 282 |
| Samhentir - Kassagerð.....                      | 4... 174                   | Sjóvá - Almennar tryggingar .....   | 6... 74                      | SR Vélaverkstæði.....                 | 4... 172                       | Syndis.....                        | 2... 318 |
| Samherji.....                                   | 3... 76                    | Sjúkrahúsið á Akureyri.....         | 1... 334                     | SS Byggir.....                        | 5... 188                       | Sýn .....                          | 2... 374 |
| Samiðn .....                                    | 2... 232                   | Sjúkraliðafélag Íslands.....        | 2... 234                     | Stansverk.....                        | 4... 187                       | Sýslumenn .....                    | 1... 142 |
| Samkeppniseftirlitið .....                      | 1... 91                    | Sjúkratryggingar.....               | 1... 140                     | Starfsendurhæfing Norðurlands.....    | 1... 364                       | Sægreifinn .....                   | 3... 346 |
| Samorka.....                                    | 2... 167                   | Skaftárhreppur .....                | 1... 288                     | Starfsgræinasamband Íslands.....      | 2... 235                       | Sæplast Iceland .....              | 3... 172 |
| Samskip.....                                    | 3... 234                   | Skagabyggð.....                     | 1... 228                     | Stál og suða .....                    | 5... 190                       | Söfnin á Akureyri .....            | 2... 142 |
| Samsmiða.....                                   | 5... 174                   | Skagatrönd .....                    | 1... 227                     | Stálgæði.....                         | 5... 189                       | Söfnin í Fjarðabyggð .....         | 2... 144 |
| Samsýn.....                                     | 2... 355                   | Skaginn 3X .....                    | 4... 74                      | Stálsmiðjan - Framtak .....           | 4... 188                       | T Plús.....                        | 6... 48  |
| Samtök atvinnulífsins.....                      | 2... 162                   | Skalli .....                        | 3... 335                     | Stálsmiðjan Útrás.....                | 4... 200                       | Tandrberg .....                    | 3... 174 |
| Samtök ferðaþjónustunnar.....                   | 2... 168                   | Skálpi .....                        | 3... 292                     | Steinasafn Petru.....                 | 2... 141                       | Tandr Bretti.....                  | 4... 196 |
| Samtök fjármálafyrirtækja.....                  | 2... 170                   | Skeljungur .....                    | 6... 226                     | Steiney .....                         | 5... 192                       | Tanni Travel .....                 | 3... 296 |
| Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.....           | 2... 172                   | Skiltaval .....                     | 6... 265                     | Steinsteypir.....                     | 5... 194                       | Tálknafjarðarhreppur .....         | 1... 211 |
| Samtök iðnaðarins .....                         | 2... 172                   | Skinney - Þinganes.....             | 3... 92                      | Steinull .....                        | 4... 190                       | Te & Kaffi .....                   | 4... 272 |
| Samtök sveitarfélaga á Austurlandi .....        | 1... 258                   | Skipalyftan .....                   | 3... 170                     | Steypustöð Akureyrar .....            | 5... 196                       | Teknis .....                       | 4... 198 |
| Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsv 1... 160   | Skipavík .....             | 4... 180                            | Steypustöð Ísafjarðar .....  | 5... 193                              | Tempra .....                   | 3... 176                           |          |
| Samtök sveitarfélaga á Norðurl eystra. 1... 235 | Skorradalshreppur .....    | 1... 200                            | Steypustöð Skagafjarðar..... | 5... 198                              | Tengi.....                     | 6... 231                           |          |
| Samtök sveitarfélaga á Norðurl vestra. 1... 218 | Skorri.....                | 6... 318                            | Steypustöðin.....            | 5... 200                              | Tengill .....                  | 5... 288                           |          |
| Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.....         | 1... 192                   | Skóflan.....                        | 5... 171                     | Steypusögun Norðurlands.....          | 5... 203                       | Tengir .....                       | 2... 376 |



|   |           |  |         |   |           |                                     |         |
|---|-----------|--|---------|---|-----------|-------------------------------------|---------|
| Terra umhverfisþjónusta.....                  | 4.. 317   | Vagnar og þjónusta .....                       | 4.. 202 | Vélfag .....                                  | 4..... 80 | Þ.S. Verktakar.....                 | 5.. 250 |
| THG arkitektar.....                           | 2.. 292   | Valafell .....                                 | 3.. 103 | Vélsmiðja Ísafjarðar.....                     | 4.. 203   | Þarfaping .....                     | 5.. 252 |
| ThorShip .....                                | 3.. 246   | Valeska.....                                   | 3.. 178 | Vélsmiðja Suðurlands.....                     | 4.. 204   | Þekking .....                       | 2.. 322 |
| Tilraunastöð HÍ í meinafr. að Keldum .....    | 2..... 18 | Valhöll fasteignasala.....                     | 5.. 320 | Vélsmiðjan Altak .....                        | 4.. 206   | ÞG verk.....                        | 5.. 254 |
| Tjorneshreppur .....                          | 1.. 252   | Valitor.....                                   | 6.. 50  | Vélsmiðjan Ásverk .....                       | 4.. 208   | ÞH Blikk .....                      | 4.. 216 |
| TM .....                                      | 6..... 76 | Valka.....                                     | 4.. 78  | Vélsmiðjan Logi.....                          | 4.. 210   | Þingholt fasteignasala .....        | 5.. 322 |
| Toyota á Akureyri.....                        | 6.. 282   | Valur Helgason .....                           | 5.. 334 | Vélsmiðjan Þróstur Marsellusson.....          | 4.. 219   | Þingvangur .....                    | 5.. 256 |
| Toyota á Íslandi.....                         | 6.. 284   | Vaskur .....                                   | 6.. 272 | Véltækni .....                                | 5.. 240   | Þjóðgarðurinn á Þingvöllum .....    | 4.. 290 |
| Tónlistarskóli Árnesinga.....                 | 2.. 106   | Vatnajökull Travel .....                       | 3.. 298 | Vélvirki.....                                 | 4.. 209   | Þjóðleikhúsið.....                  | 2.. 120 |
| Tónlistarskóli Kópavogs.....                  | 2.. 108   | Vatnajökulsþjóðgarður.....                     | 4.. 286 | Vélvík.....                                   | 4.. 212   | Þjóðminjasafn Íslands .....         | 2.. 146 |
| Tónlistarskóli Rangæinga .....                | 2.. 107   | Vatnsverk Guðjón og Árni.....                  | 5.. 236 | Vilko.....                                    | 4.. 274   | Þjóðskjalasafn Íslands .....        | 1.. 158 |
| TPZ Teiknistofa Páls Zóphóníassonar .....     | 2.. 304   | Veðurstofa Íslands.....                        | 4.. 280 | Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum .....          | 3.. 106   | Þjóðskrá .....                      | 1.. 154 |
| Transporter / Diesel .....                    | 6.. 321   | Vegagerðin .....                               | 1.. 148 | Vinnueftirlitið .....                         | 1.. 150   | Þorbjörn .....                      | 3.. 114 |
| Traust verktak TVT.....                       | 5.. 216   | Verkalýðs- og sjómannafél. Bolungarv. 2... 238 |         | Vinnuálastofnun .....                         | 1.. 152   | Þórbergsson .....                   | 2.. 148 |
| Trésmiðja Heimis .....                        | 5.. 218   | Verkalýðs- og sjómannafél. Kef og nágr2 .. 239 |         | Vinnuvélar Eyþórs.....                        | 5.. 241   | Þórsberg .....                      | 3.. 119 |
| Trésmiðja Ingólfs.....                        | 5.. 215   | Verkalýðs- og sjómannafél. Sandgerðis2... 240  |         | Virk - Starfsendurhæfingaskóli.....           | 1.. 362   | Þórsnes.....                        | 3.. 120 |
| Trésmiðjan Borg.....                          | 5.. 220   | Verkalýðsfélag Akraness .....                  | 2.. 242 | Vidd .....                                    | 6.. 240   | Þröftækni .....                     | 5.. 38  |
| Trésmiðjan Rein.....                          | 5.. 222   | Verkalýðsfélag Grindavíkur.....                | 2.. 241 | Víðimelsbræður.....                           | 5.. 242   | Þrymur.....                         | 4.. 218 |
| Trésmiðjan Stígandi.....                      | 5.. 224   | Verkalýðsfélag Snæfellinga.....                | 2.. 244 | Víkingbátar .....                             | 4.. 214   | Þvottabjörn.....                    | 6.. 274 |
| Trésmiðjan Val.....                           | 5.. 225   | Verkalýðsfélag Suðurlands.....                 | 2.. 246 | Vísir .....                                   | 3.. 110   | ÖBÍ réttindasamtök.....             | 2.. 256 |
| Trésmiðjan Ýr.....                            | 5.. 226   | Verkalýðsfélag Vestfirðinga.....               | 2.. 248 | VM - Félag vélstjóra og málmteknim .. 2.. 254 |           | Ölgerðin Egill Skallagrímsson ..... | 4.. 276 |
| Trévangur .....                               | 5.. 228   | Verkalýðsfélag Þórshafnar.....                 | 2.. 249 | Vogabær .....                                 | 4.. 271   | Össur .....                         | 4.. 82  |
| Tréverk.....                                  | 5.. 230   | Verkalýðsfélagið Hlíf.....                     | 2.. 250 | Vogir og Lagnir .....                         | 5.. 290   |                                     |         |
| TRS .....                                     | 2.. 382   | Verkfræðistofa Suðurnesja .....                | 2.. 306 | Vogue.....                                    | 6.. 242   |                                     |         |
| Tungusilungur .....                           | 3.. 144   | Verkfræðistofan Stoð.....                      | 2.. 308 | Voltorka.....                                 | 5.. 293   |                                     |         |
| Tveir smiðir.....                             | 5.. 233   | Verkfærasalan .....                            | 6.. 236 | Vopnafjarðarhreppur .....                     | 1.. 256   |                                     |         |
| TVG-Zimsen.....                               | 3.. 248   | Verkhönnun.....                                | 2.. 320 | VSB verkfræðistofa.....                       | 2.. 312   |                                     |         |
| TV-verk.....                                  | 5.. 229   | Verkis.....                                    | 2.. 310 | VSÓ Ráðgjöf.....                              | 2.. 315   |                                     |         |
| Tækniskólinn .....                            | 2..... 76 | Verkmenntaskóli Austurlands.....               | 2.. 80  | Vök Baths.....                                | 3.. 270   |                                     |         |
| Tæknipjónusta Vestfjarða .....                | 2.. 305   | Verkmenntaskólinn á Akureyri .....             | 2.. 82  | Vörður tryggingar.....                        | 6..... 80 |                                     |         |
| Tösku- og hanskabúðin .....                   | 6.. 234   | Verkráð .....                                  | 2.. 307 | Vörn .....                                    | 5.. 337   |                                     |         |
| Umhverfis- og auðlindaráðuneytið .....        | 1..... 54 | Vermir .....                                   | 5.. 237 | Vörubílastöðin Þróttur .....                  | 3.. 254   |                                     |         |
| Uppsteypa.....                                | 5.. 234   | Verslunarmannafélag Skagafjarðar.....          | 2.. 253 | Vörubretti .....                              | 4.. 215   |                                     |         |
| Utánríksráðuneytið .....                      | 1..... 56 | Verzlunarskóli Íslands.....                    | 2.. 84  | Vörumiðlun.....                               | 3.. 252   |                                     |         |
| Úrvinnslusjóður.....                          | 1.. 146   | Vestfirskir verktakar .....                    | 5.. 238 | Wise lausnir.....                             | 2.. 358   |                                     |         |
| Útfararstofa Reykjavíkur.....                 | 6.. 266   | Vestmannaeyjar .....                           | 1.. 290 | Würth á Íslandi .....                         | 6.. 244   |                                     |         |
| Útfararþjónusta Kirkjugarða Akureyrar 6.. 267 |           | Vestri .....                                   | 3.. 104 | X-JB .....                                    | 5.. 244   |                                     |         |
| Útfararþjónusta Kirkjugarðanna .....          | 6.. 268   | Vesturbyggð.....                               | 1.. 216 | Ylur.....                                     | 5.. 246   |                                     |         |
| Útfararþjónusta Rúnars Geirmundss.....        | 6.. 270   | Vébjarnarnúpur.....                            | 3.. 105 | Yrki arkitektar.....                          | 2.. 294   |                                     |         |
| Útgerðarfélagið Otur / Siglunes.....          | 3.. 100   | Vélar og verkfæri.....                         | 6.. 238 | Z-Brautir og gluggatjöld .....                | 6.. 248   |                                     |         |
| Útvík.....                                    | 3.. 102   | Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar.....         | 6.. 315 | Þ. B. Borg.....                               | 5.. 248   |                                     |         |
| Vaðlaheiðargöng .....                         | 3.. 250   | Vélaverkstæði Þór .....                        | 3.. 180 | Þ. Þórgrímsson og Co.....                     | 6.. 246   |                                     |         |





